Þingsályktunartillögur samþykktar.

1. Samþykki til frestunar á fundum Alþingis.

Á deildafundum 19. des. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkv. 23. gr. stjórnarskrárinnar [109. mál] (A. 196).

Á 20. fundi í Sþ., 21. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 22. fundi í Sþ., 22. des., var till. tekin til einnar umr.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Í samráði við þingflokka hefur verið ákveðið að fresta fundum Alþingis frá því í dag, 22. des., þangað til 1. febr. á næsta ári, og er þessi till. til þál. til staðfestingar því. Þess skal getið, að ef sérstakar ástæður þykja til eða hentara þykir vegna starfa þingsins fyrri hluta næsta árs að kalla saman þingið fyrir 1. febr., mun svo verða gert með hæfilegum fyrirvara.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 37 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 230).

2. Skjólbelti.

Á deildafundum 10. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um ræktun skjólbelta [64. mál] (A. 71).

Á 11. fundi í Sþ., 12. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 12. fundi í Sþ., 18. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Oddur Andrésson): Herra forseti. Þegar vér lítum til sögunnar, sem segir, að í árdaga hafi landið verið víði vaxið milli fjalls og fjöru, eins og raunar rannsóknir allra síðustu tíma hafa sannað, þá undrumst vér, hvað það er í dag bert og blásið. En til þess liggja að sjálfsögðu ýmsar ástæður, og skulu þær ekki raktar hér. Fullvíst má telja, að ekki hefði landið verið fýsilegt til landnáms, ef það hefði verið svo nöturlega kalt og skjóllaust á landnámsöld sem það er í dag. En það var einmitt fyrir birkiskóginn, sem skýldi landinu, að landnámsmenn gátu haldið hér búskaparháttum og lífsvenjum sinna fyrri heimkynna og m. a. ræktað korn, auk þess sem búféð bjargaðist vetur sem sumar í skjóli skógarins.

Nú á síðari árum hefur verið tekin upp kornyrkja að nýju hér á ýmsum stöðum í landinu af mikilli bjartsýni og trú á landsins gæði. Sannarlega má telja það oftrú að hefja ræktun korns án þeirra frumskilyrða, sem þurfa að vera fyrir hendi til að hefta vinda um akurlöndin. Klemenz Kristjánsson á Sámsstöðum hefur verið fremstur í flokki kornræktarmanna, og hann hefur komið upp nokkrum skjólbeltum. Með samanburðartilraunum hefur hann sannað, að mjölvisaukning í byggi er frá 15 og allt upp í 60% við að njóta skjóls miðað við skjólleysi. Józkar tilraunir sýna enn fremur, að 20% meðalaukning uppskeru fæst við skjólbelti, og er þar eins og á Sámsstöðum ætíð mestur munur, þegar sumur eru köld og stutt.

Árið 1759 voru fluttar kartöflur inn til Íslands af séra Birni Halldórssyni í Sauðlauksdal. Síðan hafa þær verið ræktaðar hér, að vísu á fyrstu árunum í mjög smáum stíl, en síðan í æ vaxandi mæli og eru nú orðnar mjög þýðingarmikill liður í neyzlu þjóðarheildarinnar og allveruleg búgrein í ýmsum héruðum landsins. Nú er á hverju ári sáð niður ca. 10 þús. tunnum af kartöflum og með þeim borið a. m. k. 20 þús. sekkir af áburði. Að verðmæti er þetta um 11 millj.

kr. og þar að auki vinna, sem þarf til að koma þessu fyrir.

Í venjulegu eða meðalárferði má vænta ca. 100 þús. tunna uppskeru af þessu. Það er að verðmæti 65—70 millj. kr. Á síðasta ári, sem var mjög óhagstætt kartöfluræktinni, komu upp af þessu sáðmagni ekki nema ca. 50 þús. tunnur af kartöflum. Enn fremur má bæta því við, að nýting er miklum mun lakari, þegar sprettan er lítil, þannig að minni hlutur kemur fram af markaðshæfri vöru. Við sjáum af þessu, að það er geysilega mikið fjárhagsatriði að reyna að koma í veg fyrir slík áföll sem þetta í sumar. Ég veit að vísu, að það er ekki hægt að útiloka frost á köldum nóttum með skjólbeltum eða skógi. Hins vegar er það staðreynd, að skjólið flýtir vextinum á hinum hlýrri dögum, eykur meðalhitann. Þess vegna yrði vöxturinn kominn lengra á veg, þegar að hallandi sumri færi að verða hætta á næturfrostum. Þess vegna tel ég, að það sé mjög rík nauðsyn til þess að tryggja, að kartöfluræktin og landbúnaðurinn í heild verði ekki fyrir svo tilfinnanlegum skakkaföllum sem næturfrostin ollu í ágústmánuði s. l. sumar.

Með ræktun skjólbelta um akurlendin mætti mjög bægja frá þessari hættu. En vegna þess, hversu skógargróðurinn vex hægt og það er ekki hægt að búast við árangri af skjólbeltum fyrr en að nokkrum tíma liðnum, þá er ekki hægt að ætlast til þess, að bændurnir einir saman taki á sig allan þann kostnað, sem því fylgir, því að fyrst og fremst er allt slíkt unnið fyrir framtíðina.

Þáltill., sem hér liggur fyrir, kveður á um að fela hæstv. ríkisstj. að semja frv. um aukinn stuðning við ræktun skjólbelta í landinu. Hafís hefur á undanförnum árum ekki lagzt að landinu, og eldgos, þó að þau hafi verið nokkuð tíð, hafa lítinn usla gert og verið mest til skemmtunar landslýðnum, að því er manni hefur virzt. En við megum ekki gera ráð fyrir því, að saga fyrri tíma geti ekki endurtekið sig. Þess vegna getur farið svo, að það verði fyrir vaxandi þjóðfélag jafnvel lífsnauðsyn að tryggja það, að framleiðslan geti orðið sem jöfnust og orðið fyrir sem minnstum skakkaföllum af því, ef einhver hluti landsins yrði fyrir eldgosi eða hafísinn legðist upp að landi og árferði yrði kalt, sérstaklega á Norðurlandi, þar sem hann hefur alltaf mest áhrif.

Ég orðlengi þetta svo ekki frekar, en leyfi mér að leggja til við hæstv. forseta, að umr. um málið verði frestað og málinu vísað til hv. allshn. til umsagnar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 13. fundi í Sþ., 19. nóv., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 27. fundi í Sþ., 24. febr., var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Sþ., 3. marz, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 71, n. 247).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Þessi till. fjallar um það, að Alþingi álykti að skora á ríkisstj. að undirbúa og leggja fyrir næsta reglulegt Alþ. frv. til l. um stuðning við kerfisbundna ræktun skjólbelta í landinu. Till. þessari var vísað til allshn., og n. aflaði sér umsagnar þriggja aðila um till., þ. e. a. s. skógræktarstjóra, Stéttarsambands bænda og landnámsstjóra. Allir þessir aðilar mæltu með samþykkt till., og að fengnum þessum umsögnum varð það niðurstaða í n. að mæla einróma með því, að þessi till. hljóti samþykki.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 29. fundi í Sþ., 4. marz, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. samþ. með 47:1 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 307).

3. Radarspeglar á suðurströnd landsins.

Á deildafundum 5. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um uppsetningu radarspegla á suðurströnd landsins [47. mál] (A. 52).

Á 10. fundi í Sþ., 11. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 12. fundi í Sþ., 18. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Á þskj. 52 flyt ég svo hljóðandi þáltill.:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta nú þegar fara fram athugun á því, hvort unnt sé að auka öryggi sjófarenda við suðurströnd landsins með því að merkja hana með radarspeglum, þar sem hún er lægst. Reynist sú athugun jákvæð, verði slík radarmerki sett upp hið allra fyrsta.“

Þáltill. þessi skýrir sig sjálf. En eins og öllum er kunnugt, hefur jafnan verið leitazt við að gera hverjar þær ráðstafanir sem hugsanlegt er, að gætu orðið til þess að koma í veg fyrir slys á sjó og landi, og óhætt er að fullyrða, að um fátt eða ekkert er þjóðin eins samtaka og að efla slysavarnir svo sem frekast er unnt. Þjóð, sem stundar fiskveiðar norður á hjara heims, þar sem veðrátta er hvað umhleypingasömust í heim-

inum, og sækir sjóinn af svo miklu ofurkappi sem raun ber vitni, hefur að sjálfsögðu ekki komizt hjá því að verða fyrir því, að þessi harða sjósókn krefst fórna, krefst mannslífa og af henni hlýzt oft stórfellt eignatjón.

Það hefur löngum verið svo við sjósókn, að slysahættan er mest við ströndina. Þar er skipum og sjófarendum tíðum enn meiri hætta búin en úti á opnu hafi. Til þess að forða skipum frá grandi og til þess að leiðbeina þeim á siglingu hafa verið settir upp ljósvitar á ströndinni umhverfis landið. Lengst af voru þessir ljósvitar og önnur leiðarmerki á landi helzta öryggistækið, en nú hin síðustu ár hafa verið tekin í notkun ýmis önnur tæki, sem staðsett eru um borð í skipunum og koma að almennara haldi en ljósvitar fyrir þau skip, sem þessi tæki hafa, en það á við um allan flotann nema minnstu bátana. Er hér fyrst og fremst um að ræða radartæki, sem sýna stjórnendum skipa strandlínuna og önnur kennileiti í landi. Til þess að strandlínan komi fram í radar sem greinileg og óyggjandi ljósmerki, þarf hún að rísa nokkuð yfir sjávarflöt. En þar sem fjöruborð er lágt, jafnvel langar leiðir upp frá sjónum, koma radartæki ekki að sama haldi. Þetta á að sjálfsögðu fyrst og fremst við um sandana á suðurströnd landsins, en þar hafa orðið mörg skipströnd og mannskaðar, bæði fyrr og síðar. Til þess að strandlengjan komi greinilega fram í radar á þessum slóðum sem annars staðar, þyrfti að reisa við ströndina stengur með sérstökum málmspeglum, sem kæmu fram í radar, þótt ströndin sjálf geri það ekki. Þannig mun hafa verið farið að erlendis, þar sem þörf hefur verið talin á. En hér á Íslandi hafa slíkir radarspeglar ekki verið settir upp, þótt mikill hluti suðurstrandarinnar sé lág sandfjara með miklu aðgrynni. Ég hygg, að slíkir radarspeglar gætu komið að gagni við suðurströnd landsins og átt þátt í því að forða sjóslysum og auk þess orðið til almennrar leiðbeiningar við siglingu skipa og veiðar á þessum slóðum, og ég hef þar fyrir mér m. a. umsagnir reyndra starfandi fiskiskipstjóra.

Ég tel, að það sé a. m. k. sjálfsagt, að þetta mál verði kannað til hlítar, og því fjallar þáltill. þessi um það, að ríkisstj. láti nú þegar fara fram slíka athugun á notagildi radarspegla við suðurströndina, en ráðizt verði í framkvæmdir hið allra fyrsta, ef athugunin reynist jákvæð. Ég held, að slíkar framkvæmdir geti naumast verið kostnaðarsamar, og væri reyndar ástæða til framkvæmda, þótt svo væri, ef athugun um gildi radarspegla reyndist á annað borð jákvæð. Ég gæti vel ímyndað mér, að slysavarnadeildir á þeim slóðum, þar sem radarspeglarnir yrðu settir upp, mundu gjarnan taka að sér að annast eftirlit með þeim og kysu ekki síður að annast störf, sem miðuðu að því að hindra slys, en að fara á vettvang, eftir að slysin hafa orðið, svo sem einkum hefur verið hlutskipti þeirra og þær hafa getið sér mikið orð fyrir.

Þáltill. þessi var borin fram í þinglok s. l. vor og náði þá ekki afgreiðslu, en ég vil geta þess, að á þingi Slysavarnafélags Íslands, sem haldið var um þær mundir, var samþykkt áskorun á hv. Alþingi að samþykkja þessa þáltill.

Ég legg til, herra forseti, að umr. verði nú frestað og till. vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 13. fundi í Sþ., 19. nóv., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 28. fundi í Sþ., 3. marz, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 52, n. 267).

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hér er um að ræða till. til þál. um uppsetningu radarspegla á suðurströnd landsins, en flm. er hv. 10. landsk. þm. Allshn. hefur fengið þessa till. til athugunar og leitaði eftir umsögnum, í fyrsta lagi frá vita- og hafnarmálastjóra, í öðru lagi frá Alþýðusambandi Íslands, í þriðja lagi frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og í fjórða lagi frá Sjómannasambandi Íslands. Í umsögnum frá þessum 3 síðastnefndu launþegasamtökum er mjög eindregið mælt með samþykkt þessarar till. Afstaða er aftur á móti ekki tekin berum orðum í umsögn vita- og hafnarmálastjóra, en ég held ég megi segja, að hún sé nokkuð jákvæð. Hann segir, að mál þetta sé í athugun hjá vitamálastjórninni og líkur á, að niðurstöður fáist á næsta ári. Í bréfi hans segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Svo sem kunnugt er, eru sandarnir skaftfellsku eitthvert mesta hættusvæði skipa, sem fyrirfinnst með ströndum Íslands. Hefur því athygli vitamálastjórnarinnar fyrir löngu beinzt að þessu atriði, og hefur það verið til ýtarlegrar athugunar, hvað gera megi til aukins öryggis á þessum slóðum. Hættan við siglingar við suðurströndina fyrir skip búin radartækjum er sú, að þar geta skipin siglt af talsverðu dýpi fast inn að ströndinni og séð endurkast fjallanna, er liggja langt að baki strandarinnar, á sjónfleti ratsjárinnar, þótt ströndin hins vegar komi alls ekki fram. Geta því skipin, ef staðsetning þeirra er ónákvæm, siglt upp í brimgarðinn í vissu þess að vera í mikilli fjarlægð frá ströndinni."

Vita- og hafnarmálastjóri segir hins vegar, að nauðsynlegt sé og óhjákvæmilegt, að fjöldi radarspeglanna sé allmikill. Hann segir, að á s. l. sumri hafi verið gerðar nokkrar tilraunir með þessa spegla, m. a. einum komið fyrir í Kolbeinsey og hann gefið allgóða raun. Hins vegar segir hann, að til greina geti komið fleiri tæki, þ. e. a. s. svokallaðir radarvitar og jafnvel önnur leiðbeiningartæki fyrir radar, og beri að athuga það frekar. Einnig segir hann, að væntanleg sé alþjóðaráð-

stefna um tæknileg vitamál og sé réttast að bíða eftir niðurstöðu frá þeirri ráðstefnu.

Eins og ég sagði áðan, er umsögn vitamálastjóra jákvæð, og að þessum umsögnum athuguðum telur n. þarflegt, að till. nái fram að ganga, og mælir með því, að hún verði samþ., en gerir á henni lítils háttar breytingu, þannig að í staðinn fyrir að í till. sjálfri var fyrst og fremst miðað við að auka öryggi sjófarenda við suðurströnd landsins, þá er þetta atriði víkkað út og miðað við, að það sé alls staðar annars staðar, þar sem þörf kynni að vera á slíkum speglum, og einnig er minnzt á það í breytingunni, að önnur leiðbeiningartæki komi til greina. Breytingin er prentuð á þskj. 267, og eins og ég segi, með þeirri breytingu mælir allshn. með að till. verði samþ.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 29. fundi í Sþ., 4. marz, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Brtt. 267 (ný tillgr.) samþ. með 46 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 308).

4. Aðstoð við þróunarlöndin.

Á deildafundum 19. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um aðstoð við þróunarlöndin [21. mál] (A. 21).

Á 4. fundi í Sþ., 21. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 7., 8., 9., 10. og 12. fundi í Sþ., 28. okt., 4., 6., 11. og 18. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 14. fundi í Sþ., 25. nóv., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 21 till. til þál. um að skora á ríkisstj. að láta framkvæma athugun á því, á hvern hátt Ísland geti tekið virkari þátt en nú er í því að veita aðstoð hinum svokölluðu þróunarlöndum, og leggja niðurstöður þeirrar athugunar fyrir hv. Alþingi, þegar henni er lokið.

Ég hygg, hvað sem öðru líður, að enginn ágreiningur geti verið um, að það sé rétt, sem haldið er fram í grg. minni fyrir þáltill., að efnahagsvandamál þróunarlandanna eru eitthvert mesta vandamálið, sem mannkynið á nú við að etja. Útrýming hinnar sáru fátæktar, sem allur þorri fólks í þessum löndum á við að búa, hlýtur að vera eitthvert mikilvægasta mannúðarmál, sem nú er til úrlausnar. En málið hefur einnig sína stjórnmálahlið, því að á sama hátt og allt of ójöfn tekjuskipting milli þjóðfélagsstétta veldur jafnan ókyrrð og átökum innan einstakra þjóðfélaga, getur allt of mikill lífskjaramunur stofnað í hættu friðsamlegri sambúð þjóða. En þessi hlið málsins veit ég að er hv. þm. yfirleitt kunn, og ég sé ekki ástæðu til að ræða hana nánar.

En síðan till. þessi kom fram, hef ég hitt allmarga, fáeina innan þings, en fleiri þó utan, sem dregið hafa nokkuð í efa, að ástæða væri til þess fyrir okkur Íslendinga að láta þetta mál til okkar taka umfram það, sem leiðir af þátttöku okkar í starfi Sameinuðu þjóðanna og öðru alþjóðlegu samstarfi. Ég tel því rétt að fylgja till. þessari úr hlaði með því að ræða í sem stytztu máli þau meginsjónarmið, sem ég hef orðið var við, að því er snertir þessa hlið málsins.

Sumir hafa í fyrsta lagi spurt sem svo: Hvað er átt við með þróunarlöndum, og hlýtur ekki Ísland einmitt að teljast til þeirra? Nú er að vísu ekki til neinn einhlítur og óumdeildur mælikvarði á það, hvað sé þróunarland. En eins og getur í grg. minni fyrir þáltill., þá er langalgengast að miða í því efni við raunverulegar þjóðartekjur á mann, og þó að aftur megi þá deila um það, hvaða mark skuli miða við, þegar meta skal, hvort tiltekið land sé þróunarland eða ekki, þá kemur ekki til greina undir neinum kringumstæðum að telja land, þar sem raunverulegar þjóðartekjur á mann eru svo háar sem hér á landi, til þróunarlanda. Það er auðvitað rétt, að hér á landi er margt ógert og mikil þörf uppbyggingar og tækniframfara. En í þeirri merkingu eru öll lönd heimsbyggðarinnar þróunarlönd. Verðmæti þjóðarframleiðslu á mann mun nú nema hér á landi milli 1600 og 1700 dollurum á ári, en það er um það bil þrefalt verðmæti þjóðarframleiðslu í þeim þróunarlöndum, þar sem hún er mest. En er Ísland ekki aðili að Sameinuðu þjóðunum og ýmsum alþjóðastofnunum, sem reka hjálparstarfsemi fyrir þróunarlöndin? Svo er að vísu, og greiða Íslendingar til þeirrar starfsemi í samræmi við þær reglur, sem í gildi eru á hverjum tíma um framlög hverrar einstakrar þjóðar til slíkrar starfsemi. Þannig er t. d. í fjárlagafrv. því, er lagt hefur verið fyrir þetta þing, gert ráð fyrir 600 þús. kr. framlagi vegna tækniaðstoðar á vegum Sameinuðu þjóðanna, og sama framlagi var gert ráð fyrir á fjárlögum fyrir yfirstandandi ár. En minnst af þeirri efnahagsaðstoð, sem þróunarlöndunum er veitt, er þó á vegum þessara alþjóðastofnana, enda skiljanlega takmörk fyrir því, hvað mikil framlög fást til slíkrar starfsemi, ef hin einstöku lönd, sem leggja fé fram í þessu skyni, geta ekki haft nein áhrif á ráðstöfun þeirra, þannig að mest af þeirri aðstoð, sem þróunarlöndunum er veitt, er í þeirri mynd, að ein-

stök ríki skipuleggja starfsemi á þessum sviðum hvert á sinn kostnað.

Eins og við má búast, hafa Bandaríkin verið stórtækust allra einstakra landa á þessu sviði, enda eru þjóðartekjur á mann þar hærri en í nokkru landi öðru eða nær tvöfaldar á við þjóðartekjur Íslendinga, þó að munur lífskjara þar og hér sé ekki svo mikill sem nemur mun á þjóðartekjum vegna hás verðlags í Bandaríkjunum. Auk stórfelldra framlaga til efnahagsaðstoðar í þágu þróunarlandanna er þar í landi fjöldi stofnana og sérfræðinga, sem annast rannsóknir á því, hversu hjálp þessa megi veita, þannig að hún komi að sem mestum notum. En þó að það sé þannig, að Bandaríkin séu það land jarðarinnar, sem hefur hæstar þjóðartekjur á mann, mun þó marga hv. þm. vafalaust reka minni til þess, að í nýafstöðnum forsetakosningum í Bandaríkjunum var eitt af þeim málum, sem ofarlega voru á baugi í kosningabaráttunni, hvað miklum fjármunum Bandaríkin ættu að verja til útrýmingar fátækt þar í landi, og í öðru lagi má minna á það, að a. m. k. til skamms tíma, ef ekki enn í dag hafa ýmis einstök ríki og landssvæði í Bandaríkjunum verið talin vanþróuð. En þessar staðreyndir sýna, hve víðtækt það vandamál er, sem hér er um að ræða, þannig að það er jafnvel fyrir hendi í hinum auðugustu löndum.

En það eru ekki eingöngu lönd, sem eiga við svipaða auðlegð að búa og Bandaríkin, sem lagt hafa mikið af mörkum í þessu skyni. Eins og getið er um í grg. minni fyrir þessari þáltill., hafa öll Norðurlöndin með höndum umfangsmikla starfsemi á þessu sviði. En að undantekinni Sviþjóð eru þjóðartekjur á íbúa þó ekki hærri á hinum Norðurlöndunum en hér á landi. Þær eru svipaðar og hér í Danmörku og Noregi, en talsvert lægri í Finnlandi, enda verð ég að játa, að ég þekki minnst til þess, hvernig aðstoð við þróunarlöndin er hagað þar, en veit þó, að hún er töluverð. Sem dæmi um það, hversu t. d. Danir telja sér skylt að taka þessi mál föstum tökum, má nefna það, að vorið 1962 hitti ég í Kaupmannahöfn skólabróður minn frá námsárum mínum í Kaupmannahöfn, Poul Nyboe Andersen, prófessor við danska verzlunarháskólann og formann Sambands dönsku samvinnufélaganna, en prófessor Nyboe Andersen er einn af kunnustu hagfræðingum Dana. Sagði hann mér þá frá því, að hann hefði nýlega verið skipaður formaður í nefnd, er gera átti tillögur um skipulagningu aðstoðar Dana við þróunarlöndin, og var gert ráð fyrir því, að nefnd þessi ætti að starfa í 1—2 ár. Hafði þess jafnframt verið óskað, að prófessor Nyboe Andersen léti af báðum þeim störfum, sem hann þá gegndi, prófessorsstarfinu og formennsku í sambandi dönsku samvinnufélaganna, meðan á athuguninni stæði, þannig að hann gæti óskiptur helgað sig því starfi, sem þarna var um að ræða.

En það eru ekki eingöngu þjóðir, sem búa við svipuð og betri lífskjör en Íslendingar, sem taka þátt í aðstoð við þróunarlöndin. Þess munu ófá dæmi, að þau þróunarlönd, sem lengra eru komin á þróunarbrautinni, veiti aðstoð þeim þróunarlöndum, sem skemmra eru komin. Það má einnig nefna, að þjóðir eins og t. d. Japanir og Rússar veita mikla efnahagsaðstoð til þróunarlanda og munu hinir fyrrnefndu, eða Japanir, þó ekki hafa náð 500 dollara árstekjum á íbúa eða því marki, sem samkv. áður sögðu er algengast að miða við, þegar ákvarða skal, hvort ákveðið land skuli teljast þróunarland eða ekki. Og þjóðartekjur Rússa munu ekki vera mikið yfir þessu marki.

Með hliðsjón af því, sem nú hefur verið sagt, er það skoðun mín, að meira tómlætis hafi gætt af hálfu okkar Íslendinga í þessu mikilvæga alþjóðlega mannúðar- og menningarmáli en æskilegt er, og því er till. sú, er hér liggur fyrir, fram borin, því að siðferðileg skylda einstakra þjóða til að láta mál þetta til sín taka hlýtur að verða háð efnahag, ekki fólksfjölda. Það er eðlilegt, að gerðar séu í þessu efni meiri kröfur, t. d. til Svía og Svisslendinga, en jafnfjölmennra negra- eða indíánaríkja. Það er óvefengjanleg staðreynd, að Íslendingar eru í hópi þeirra 10% íbúa jarðarinnar, sem hæstar tekjur hafa. Ég tel okkur því siðferðilega skylt að athuga það, hvað hugsanlegt er, að við getum gert í þessu efni. Það er auðvitað hugsanlegt, þó að það sé að vísu að mínu áliti ekki líklegt, að niðurstaða slíkrar athugunar yrði neikvæð. en jafnvel þótt svo væri, teldi ég engu síður rétt, að slík athugun yrði gerð, því að þá gætum við a. m. k. haft betri samvizku á eftir.

Þó að ég fari ekki út í það sem neinu nemur að ræða, með hverju móti er hugsanlegt, að þátttaka okkar í aðstoð við þróunarlöndin geti orðið, þá tel ég þó rétt að benda á það, að fleira kemur til greina í því efni en fjárframlög til einhverra ákveðinna framkvæmda í þessum löndum. Hvað slík fjárframlög snertir, er mér ljóst, að varla getur þar verið um að ræða framlög af okkar hálfu, sem um munar. En það er fleira en fjármagnsskortur, sem hamlar efnahagslegri þróun þessara landa. Fáfræði almennings og öðru fremur skortur á verkkunnáttu eru ekki síður meðal mikilvægustu orsaka þess, að lönd þessi hafa dregizt aftur úr í efnahagslegu tilliti. Þegar ég tala um skort á verkkunnáttu, á ég ekki fyrst og fremst við skort á hámenntuðum sérfræðingum. Á því sviði erum við vissulega ekki heldur aflögufærir. Ég á við hitt, að almenn verkkunnátta í þessum löndum er gjarnan öldum á eftir því, sem er hér á landi og í nágrannalöndum vorum. Verkkunnátta, sem hér er almenn, gæti því, ef hún næði til þessara þjóða, gerbylt lífskjörum þeirra. Slíkri kunnáttu gætum við bæði miðlað þessum þjóðum með því að senda menn til þessara landa í því skyni að

kenna það, sem að gagni mætti koma þar, eða taka á móti fólki frá þróunarlöndunum til verklegs náms eða annars, sem að gagni mætti koma. Ég tel rétt einmitt í þessu sambandi að geta þess, sem ýmsum hv. þm. er kunnugt um, að það hafa að vísu nokkrir íslenzkir sérfræðingar starfað í þessum löndum á vegum Sameinuðu þjóðanna eða einstakra stofnana þeirra, svo sem alþjóðlegu matvælastofnunarinnar, en ég tel, að það geti ekki talizt aðstoð Íslands við þessi lönd, vegna þess að menn þessir eru algerlega kostaðir af þeim alþjóðlegu stofnunum, sem hlut eiga að máli. Hins vegar getur auðvitað þekking þessara manna, þegar þeir hafa horfið heim frá þessum störfum, verið okkur mikilvæg einmitt í sambandi við ráðstafanir, sem við kynnum að gera í þessum efnum. En fyrir utan þetta kemur einnig til greina margs konar leiðbeiningastarfsemi á öðrum sviðum, svo sem heilbrigðismála, kennslu og uppeldismála o. s. frv. Slík leiðbeiningastarfsemi gæti komið þessum löndum að miklum notum, en þarf ekki að kosta ýkjamikið þau lönd eða það land, sem hana getur látið í té. En hins má þó auðvitað ekki ganga dulinn, að þó að hjálpin væri eingöngu í þeirri mynd, sem nú hefur verið nefnd, kostar hún alltaf eitthvað, þannig að ef ekki kemur til greina að láta neina fjármuni af hendi rakna í þessu skyni, þá er að mínu áliti út í bláinn að ræða þetta mál frekar.

Aðstoð við þróunarlöndin er, eins og ég sagði áðan, fyrst og fremst menningar- og mannúðarmál, þannig að komi til greina að veita slíka hjálp, verður það að vera í þeim tilgangi einum að gera gott án bakþanka um viðskipti við þessar þjóðir síðar eða fjárhagslegan ávinning í einni eða annarri mynd. Nú er það vissulega svo, sem flestum hv. þm. mun kunnugt um, að við höfum allmikil viðskipti við sum þessara þróunarlanda. Skylt er auðvitað og nauðsynlegt að vinna að því að efla slík viðskipti, leita nýrra markaða o. s. frv., enda hafa á undanförnum þingum verið uppi hér á hv. Alþingi ýmsar till. um ráðstafanir í þeim efnum. Það er allt saman að mínu áliti mikilvægt og góðra gjalda vert, en því má ekki blanda saman við það málefni, sem hér er um að ræða.

En þrátt fyrir þetta má þó á það benda, að slík starfsemi kemur ekki einvörðungu að gagni þeim þjóðum, sem hennar njóta, heldur einnig þeim, er hana láta í té. Það er ekki vafi á því, að sú þekking og reynsla, sem fengizt hefur í sambandi við þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið til þess að efla hagvöxt í þróunarlöndunum, hefur komið að miklu gagni í sambandi við ráðstafanir, sem gera hefur þurft til þess að efla hagvöxt í þeim löndum, sem aðstoðina hafa veitt. Tel ég m. a. ekki vafa á því, að þetta hefur haft sín áhrif á það, hvaða markmiðum hefur þótt æskilegt að keppa að í efnahagsmálum, þannig að þar sem sá hugsunarháttur var ríkjandi fyrir stríð, að nægilegt væri að tryggja jafnvægi í efnahagsmálum, eins og það hefur verið kallað, er nú jafnhliða og ekki síður lögð áherzla á það að efla hagvöxtinn. Og þó að Ísland sé ekki þróunarland, þá eru efnahagsvandamál smáríkja, hvort sem þjóðartekjur þar eru meiri eða minni, á ýmsan hátt skyld efnahagsvandamálum þróunarlandanna. Má þar nefna sem dæmi skort á sérfræðingum, of einhliða uppbyggingu atvinnuveganna o. fl., þannig að þó að það geti verið lærdómsríkt fyrir hvaða land sem er að kynnast vandamálum þróunarlandanna og taka þátt í að leysa þau, þá á það af þessari ástæðu ekki sízt við um smáríkin eins og okkar land.

Þá má og nefna það, að enda þótt umrædda aðstoð beri, eins og ég sagði, að veita án bakþanka um markaðsöflun og þess háttar, þá höfum við á alþjóðlegum vettvangi margvísleg viðskipti við þróunarlöndin, þannig að velvilji þeirra getur orðið okkur mikils virði. En þátttaka í aðstoð við þau er líklegri til að glæða þann velvilja en kaupsýsluviðskipti einvörðungu, án þess að á nokkurn hátt skuli reynt að gera lítið úr mikilvægi hinna síðar nefndu. Ég er líka ekki fjarri því, að það kynni að sumu leyti að hafa bætandi áhrif á hugsunarhátt margra Íslendinga að kynnast því, hvað raunveruleg fátækt er, því að þótt fátækt sé vissulega vandamál einnig hér á landi og þjóðartekjum og þjóðarauði sé nokkuð misskipt, þá eru þau vandamál þó smávaxin í samanburði við hliðstæð vandamál þróunarlandanna, og felst það þó ekki í þessum orðum, að ekki beri að vinna að lausn þessara vandamála einnig hér. En eins og hv. þm. yfirleitt mun vera kunnugt, hafa opinberar skýrslur lengst af, allt frá því seinni heimsstyrjöldinni lauk, borið það með sér, að hagvöxtur hefur ekki verið eins ör hér á landi og í öðrum Vestur-Evrópulöndum. Til þess liggja auðvitað margar ástæður, sem ég sé ekki ástæðu til að rekja í sambandi við þetta mál, en eitt af fleiru, sem hindrað hefur, að hagvöxtur undanfarinna ára hafi verið svo mikill sem efni hefðu annars staðið til, er óraunhæf kröfugerð margs konar hagsmunahópa hér á landi á hendur þjóðarheildinni. Meiri almenn þekking á hinu alþjóðlega vandamáli fátæktarinnar gæti í senn að mínu áliti átt þátt í því að draga úr þessari orsök hægari efnahagsþróunar hér á landi en ella þyrfti að vera, jafnframt því sem sú þekking gæti komið að haldi við lausn slíkra vandamála, bæði að því er snertir einstakar þjóðfélagsstéttir og landshluta, sem kunna að hafa dregizt meira aftur úr en æskilegt má telja.

Ég hef af ásettu ráði ekki gert um það ákveðnar till., á hvern hátt sú athugun skuli fara fram, sem þáltill. mín leggur til að gerð verði. Það yrði eitt af viðfangsefnum þeirrar hv. n., sem mál þetta fær til meðferðar, að ræða það. Til greina hefði getað komið að leggja til, að kosin væri í þetta þingkjörin nefnd, og vissulega tel ég málið nægilega

mikilvægt til þess, að sú leið yrði farin. En það vill bara oft verða þannig með slíkar nefndir, að þær verða afkastalitlar, þó að auðvitað sé það komið undir þeim mönnum, sem í þær veljast. Ég mundi því telja, að ekki mundi síður vænlegt til árangurs, að t. d. þau ráðuneyti, sem telja má helzt að mál þessi heyri undir, fælu einhverjum af starfsmönnum sínum eða öðrum, sem ætla mætti að hefðu einhverja þekkingu á þessum málum, að framkvæma athugunina. En það atriði, á hvern hátt þessi athugun verður gerð, er látið opið í till., eins og hún er borin fram.

Ég hef einnig velt því nokkuð fyrir mér, af því að það getur verið álitamál, hvaða þn. ætti að fá þetta mál til meðferðar. Í fljótu bragði kynni að virðast, að eðlilegt væri að vísa málinu til hv. utanrmn., því að utanríkismál er þetta að vissu leyti. Þó hef ég nú litið svo á, að hlutverk hv. utanrmn. sé fyrst og fremst að fjalla um þau mál, sem snerta stjórnmálaleg viðskipti við aðrar þjóðir, en þetta mál er ekki þess eðlis. Þess vegna hefur það nú orðið niðurstaða mín, þó að ég telji það í sjálfu sér ekki neitt atriði, að eðlilegast væri, þegar öllu væri á botninn hvolft, að hv. allshn. fengi málið til meðferðar.

Herra forseti. Ég legg svo til, að umr. verði frestað og málinu vísað til hv. allshn.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að lýsa mikilli ánægju yfir þeirri till., sem hv. 10. þm. Reykv. hefur flutt hér, og ég vil taka mjög undir hans orð um, að okkur beri til þess siðferðileg skylda að reyna að hjálpa þeim þjóðum, sem nú eru að reyna að brjóta sér braut úr örbirgð fram til mannsæmandi lifnaðarhátta. Okkur ber því frekar skylda til þessa sem við höfum sjálfir þekkt hlutskipti þessara þjóða og þurfum skammt að líta til baka til okkar sögu til að standa á sama stigi og þær stóðu og standa nú margar. Ég álít þess vegna, að það sé alveg rétt hjá hv. 10. þm. Reykv., að Alþingi og íslenzka ríkinu beri siðferðileg skylda til þess að reyna að hjálpa að sínu litla leyti til þess að leysa vandamál þessara þjóða. Það er máske ekki stórt, sem við getum gert, sérstaklega ekki á því efnahagslega sviði, en við höfum e. t. v. vegna okkar sögu og okkar aðstöðu betri aðgang að mörgum þessara þjóða heldur en nokkur önnur Evrópuþjóð. Við erum ein af þeim fáu þjóðum Evrópu, sem sjálf hefur verið um langan aldur og lengri en nokkur af þessum þjóðum nýlenduþjóð. Við höfum sjálfir orðið að horfast í augu við það, að okkar þjóð væri næstum útrýmt af fátækt og kúgun, þannig að hún væri ekki lengur til. Og við getum þess vegna komið til þessara þjóða svo að segja sem hafandi verið ein af þeim, og við mundum ekki mæta neinni af þeirri tortryggni hjá þessum þjóðum, sem oft fylgir þeirri oft mjög riflegu efnahagslegu aðstoð, sem ýmis stórveldi láta þessum þjóðum í té. En við skulum bara muna eftir, að á sama tíma sem ýmsum þessum þjóðum eru nú látnir í té, skulum við segja, margir milljarðar króna frá ríkum þjóðum í Evrópu og Ameríku og mikið um þá hjálp talað, þá er á sama tíma margfalt stærri upphæð tekin af þessum þjóðum með því að lækka verðið á hráefnunum, sem þær selja úr landi, og hækka verðið á iðnaðarvörunum, sem eru seldar þangað. Það hefur ekkert af þessum stórveldum Evrópu, þar sem auðhringar ráða, veitt eins mikla aðstoð til þessara þjóða og samsvarar því, sem auðhringarnir í þessum löndum hafa á undanförnum árum aukið arðrán sitt á þessum þjóðum með, og menn þurfa ekki annað en líta í þær skýrslur, sem fulltrúar Sameinuðu þjóðanna hafa samið um rannsóknirnar í slíkum efnum.

Við Íslendingar ættum því, ef við gætum, að gera ofur lítið í þessa átt, sem hv. 10. þm. Reykv. leggur hér til. Við gætum áreiðanlega veitt þessum þjóðum nokkra hjálp. Það er rétt hjá honum, að í gegnum Sameinuðu þjóðirnar höfum við látið þarna nokkra sérfræðinga í té, og eitthvað gætum við máske gert á því efnahagslega sviði. En ég held, eins og hann sagði réttilega, að það langsamlega þýðingarmesta, sem við gætum gert á þessu sviði, sé að veita þeim þekkingu og kennslu. Við getum máske lítið gert að því að senda menn til þeirra, ekki sízt vegna tungumálanna, þó gætum við nokkuð gert að því, en hitt væri e. t. v. enn þá þýðingarmeira, að við gætum boðið fólki frá þessum þjóðum hingað heim til þess að læra. Við verðum að gá að því, hve óskaplega erfið skilyrði það eru, sem þetta fólk á við að stríða. Ég veit, að sumir hv. þm. muna eftir því, að fyrir nokkrum árum kom hingað sendinefnd frá frelsishreyfingu frá einu þessara landa. Það hét þá Nýasaland, sú brezka nýlenda, ég held, að það heiti nú Malaví, ef ég man rétt, eftir að það varð frjálst. Það var til þess að biðja Alþingi Íslendinga um aðstoð, til þess að reyna að fá dr. Banda, sem nú er forsrh. þess lands, leystan úr fangelsi Breta. Og þessir þm. töluðu hér við okkur, fulltrúa frá öllum flokkunum, og ég man eftir einni sögu, sem þeir sögðu okkur við kaffiborð hérna niðri í salnum, sögðu okkur frá því, að af því að það var enginn gagnfræða- eða menntaskóli til í þessu landi, þá höfðu nokkrir unglingar strokið burt frá Nýasalandi og gengið alla leiðina til Kairó, sem var um hálfs mánaðar ganga, til þess að komast þar í gagnfræða- og menntaskóla. Aðstaðan, sem hinir hvítu drottnar hafa búið þessum þjóðum í Afríku, er þannig, að þeir hafa haldið þeim niðri, þeir hafa ekki aðeins rænt þá þeirri menntun, sem þeir áður höfðu, heldur haldið þeim niðri og meinað þeim alla menntun, þannig að í sumum þessum ríkjum, sem nú voru að verða sjálfstæð, var hjá margra milljóna þjóð máske aðeins til einn einasti innfæddur læknir. Það er þess vegna

hægt fyrir okkur hér heima á fjölmörgum sviðum að gefa þessum fulltrúum þessara þjóða aðstoð til þess að fá þekkingu, — ég tala nú ekki um önnur eins svið og læknisfræði eða annað slíkt, sem kannske yrði fulllangt nám fyrir marga þeirra hér. En bara strax í okkar landbúnaði, í okkar járniðnaði, skulum við segja, ég tala nú ekki um í okkar sjávarútvegi, eru alveg stórkostlegir hlutir, það er eins og að koma á annan hnött fyrir fulltrúa þessara þjóða að koma hingað til Íslands til þess að kynnast því ástandi, sem hér ríkir í sjávarútvegi, landbúnaði, ýmsum iðnaði og öðru slíku. Það þyrftu ekki endilega að vera menn, sem gætu gengið hér á háskóla, þótt það væri líka æskilegt. Það gætu líka verið menn, sem hefðu kannske svo að segja enga menntun, og yrði að byrja á að kenna þeim að lesa og skrifa, því að þannig hefur nú verið skilið við þarna, að 90% af mörgum þessum þjóðum kann hvorki að lesa né skrifa. Við yrðum vafalaust að reyna að kenna þeim kannske í senn bæði ensku og íslenzku, til þess að þeir gætu haft gagn af slíkri dvöl hér, en það er ekki nema árs verk. En við gætum og það á mjög ódýran hátt fyrir okkur hjálpað þannig þessum þjóðum til þess að skapa sér menntaða menn og iðnaðarmenn og lærða bændur og sjómenn. Og það er það, sem þessar þjóðir frekar öllu öðru þurfa.

E. t. v. hafa sumir þm. lesið sumt af þeim sögum, sem ritaðar hafa verið um ýmsa þá efnahagsaðstoð, sem hefur verið veitt. Ég man eftir einni sögu, sem var fræg á sínum tíma, þar sem einn amerískur rithöfundur er að hæðast að aðstoð Bandaríkjamanna við vissar þjóðir á þeim skaga, sem áður var kallaður Indókína, þar sem þeir voru að leggja í stórkostlegar tæknilegar framfarir, en höfðu engan skilning á því að hjálpa þjóð sem var 95% landbúnaðarþjóð, við að koma upp t. d. betra hænsnakyni, þar sem hænur urpu kannske áður 30 eggjum á ári, kenna þeim að komast upp í 200. Frásögur eru af því, hvernig amerískir bændur, sem komu þarna, fóru að kenna þessum þjóðum, en amerísku skriffinnarnir af skilningsleysi ráku slíka menn heim.

Það er hægt að hjálpa til með stórkostlegri efnahagslegri byltingu hjá þessum þjóðum með aðferðum, sem við skulum segja Torfi í Ólafsdal og aðrir slíkir voru að byrja á hér fyrir mörgum tugum ára. Það er þess vegna engum efa bundið, að ef við leggjum okkur eftir því og athugum þetta raunverulega, getum við hjálpað þessum þjóðum einmitt fyrst og fremst með þeirri þekkingu og kennslu, sem við getum veitt þeim.

Það er líka annað, sem ég tel rétt að við athugum í þessu sambandi. Ef ýmsir frá þessum þjóðum, og sérstaklega er ég að hugsa þar um ýmsar þjóðir Afríku, kynntust Íslandi, okkar sögu og okkar atvinnulífi, þá mundu margar þeirra fá aukið sjálfstraust um, hvað hægt væri að gera hjá þeim, þegar þær fá að vita það, að við höfum á einni öld og raunar tæpri öld hafið okkur upp úr svipuðu ástandi og sumar þeirra lifa nú við, — það ástand er ákaflega mismunandi hjá þessum ýmsu þjóðum, — og upp til þess ástands, sem hv. frsm. var að lýsa. Það gæfi þessum þjóðum, ef þær kynntust slíku fordæmi, ákaflega mikla trú á, hvað þær gætu gert sjálfar. Af okkar fordæmi gætu þær þess vegna lært mjög mikið í þessum efnum. Og við gætum þannig veitt þeim andlega og mér liggur við að segja siðferðilega og pólitíska hjálp, sem er þeim ekki síður mikils virði en sú efnahagslega.

Ég veit ekki, hvað vel hv. þm. þekkja sögu þessara þjóða, en saga sumra þeirra er svo lík sögu okkar, að furðu sætir. Okkur var venjulega kennt, að þetta væru hálfgerðar villiþjóðir, en það er raunverulega fyrst á síðustu tveim til þrem áratugum, að sérstaklega brezkir fræðimenn hafa rannsakað sögu þeirra, þannig að hún er nú skrifuð á allt annan hátt en var, þegar við, sem erum að verða gamlir, vorum í barnaskóla eða jafnvel háskóla. Þjóðir, skulum við segja þær, sem byggja Ghana og ríkin þar í kring, lifðu við hámenningu á 10.—14. öld, á sama tíma sem við skópum einhverja merkilegustu menningu í Evrópu. Sú höggmyndalist, sem sköpuð var þá í þessum ríkjum, á sér enga líka í veröldinni nema þá grísku. Og þeir ferðamenn, sem komu til þessara landa þá, á staði eins og Timbuktu og aðra slíka, þeir fundu þar steinlögð stræti, glæsilegar hallir og hámenntaðar þjóðir. Ferðamenn, sem skrifa sína ferðasögu frá 14. og 15. öld, kunna þessa sögu að segja. Það, sem braut síðan niður menningu þessara þjóða, var þrælahaldið, þrælaveiðarnar, þrælaverzlunin, það, að kaupmennska Evrópu og Norður-Ameríku brauzt inn í þessi lönd, rændi þaðan þorra íbúanna og sérstaklega þeim yngstu og duglegustu og flutti þá burt og veitti þessum þjóðum slík ólífissár, að öll þeirra menning hrundi í rústir og hefur nú um 5 aldir verið þannig, að Evrópumenn hafa reynt að skapa þá hugmynd, að þarna væru raunverulega villiþjóðir, sem á allan hátt væru ekki til annars fallnar en að vera raunverulega þrælar.

Við erum ein af þeim fáu hvítu þjóðum, sem höfum orðið fyrir svipuðum örlögum og þessar þjóðir, séð okkar menningu brotna niður, okkar þjóð svo að segja útrýmt og megininu af okkar dýrgripum meira að segja stolið eða flutta úr landi á annan máta. Það er þess vegna ekki aðeins, að það sé svo margt sameiginlegt í okkar sögu og því, hvernig við höfum brotizt áfram á þessari síðustu öld, sem gæti orðið þessum þjóðum til uppörvunar. Það er líka eitt, sem ég vildi leyfa mér að benda á. Sumt af þessum þjóðum Afríku, — eins og ég tók fram, er þeirra þjóðfélagsstig mjög misjafnt, — en sumt af þessum þjóðum Afríku stendur enn þá á því frumstigi ættflokka, sem við stóðum á að nokkru leyti, þegar okkar land byggðist. Eitt

af þeim vandamálum, sem þessar þjóðir eru að glíma við, er að steypa þessum ættflokkum saman í þjóð. Og það er pólitískt atriði, sem leyst hefur verið á ýmsan máta í sögu þjóðanna. Sumar þjóðir reyna að leysa það að dæmi Haralds hárfagra í Noregi. Við Íslendingar erum ein af þeim fáu þjóðum veraldar, sem reynt hafa að leysa slíkt vandamál á friðsamlegan hátt. Sú þjóðfélagslega tilraun, sem hér var gerð hjá okkur á 10. og 11. öld, var að því leyti einstæð í veraldarsögunni, að það var gerð tilraun til þess að þróa ættflokka yfir í þjóð á friðsamlegan máta, og það sem merkilegra er, við erum ein af þeim fáu þjóðum, sem eiga til sögu um, hvernig þetta var gert, og þar að auki, sem einstakt er í öllum heiminum, við eigum til bókmenntir, þar sem þessi þróun er höfuðatriðið í þjóðfélagslýsingunni, Íslendingasögurnar, þannig að við höfum alveg einstaka aðstöðu til þess að geta kynnt þessum þjóðum með fordæmi okkar þjóðar að fornu og nýju, á hvern hátt slíkar smáar þjóðir, þjóðir, sem hafa verið nýlenduþjóðir, eða þjóðir, sem standa t. d. á ættflokkastigi, geta reynt að leysa sín mál á friðsamlegan máta. Það hafa að vísu fleiri þjóðir reynt þetta og um nokkurn tíma með árangri, eins og við gerðum á 11. og fram á 12. öldina, t. d. indíánar. Þeir eiga enga sögu til um þetta. Hjá þeim birtist þetta einvörðungu í þeirra goðsögn, sem Longfellow bjó til sitt fræga sögukvæði um.

M. ö. o.: aðstaða okkar Íslendinga vegna okkar framkvæmda nú á tímum, vegna okkar gömlu sögu er alveg einstæð til þess að kynna þessum þjóðum, ekki síst Afríku, hana. þannig að þær ekki aðeins gætu meðtekið frá okkur nokkra þekkingu á þeim sviðum, sem við nú búum yfir í atvinnugreinum, heldur og að okkar gamla fordæmi mætti verða þeim til nokkurrar leiðbeiningar um þá sögulegu þróun, sem þeir eru að reyna að ganga í gegnum. Hve margbrotin hún er, verður e. t. v. greinilegast, þegar menn hugsa út í það, að sumar af þessum þjóðum lýsa því yfir í dag, að þær ætli sér að reyna að skapa grundvöll fyrir sósíalisma í sínu landi, — þjóðir, sem jafnvel enn þá standa á ættflokkastigi. M. ö. o.: ef maður tæki þetta í mannkynssögustíl, þá væri það að leysa svo að segja sama verkefnið sem bæði Haraldur hárfagri og Lenin höfðu verið að glíma við. Þá sér maður bezt, hvílíkt óskaplegt verkefni það er, sem þessara þjóða bíður, og hve þekking, ekki aðeins á atvinnuvegum, heldur líka á sögu og þjóðfélagsþróun, er þeim nauðsynleg. Og þekking í þessum löndum er það, sem skortir hörmulegast af öllu, því að þótt Evrópuþjóðirnar, sem drottnuðu þarna, sæju rækilega um að halda þeim fátækum og kúguðum, þá sáu þær frekar öllu öðru um að halda þeim þekkingarlausum, gersamlega niðri í fáfræði, þannig að þeir fáu menn, sem nú eru forustumenn þessara þjóða, það eru menn, sem hafa venjulega brotizt kannske fyrst með því að komast á trúboðsskóla og síðan til Bretlands eða Bandaríkjanna og afla sér þekkingar og orðið síðan samsvarandi leiðtogar þessara þjóða og Jón Sigurðsson var hjá okkur, enda álíka trú og dýrkun á mörgum þeirra foringjum og er á honum hjá okkur.

Ég held þess vegna, að þau kynni, sem einstakir menn frá þessum þjóðum gætu haft af okkar landi, okkar núverandi atvinnugreinum, okkar reynslu um breytingu frá nýlenduþjóð og til tiltölulega velmegandi, þjargálna þjóðar, og kynni af okkar sögu og þjóðfélagsháttum gætu orðið þeim álíka mikil lyftistöng í þeirra glímu við þeirra erfiðu viðfangsefni eins og sú efnahagslega og tæknilega þekking, sem við gætum veitt þeim. Ég vil þess vegna alveg sérstaklega taka undir þessa till. hv. 10. þm. Reykv. og vonast til þess, að sú nefnd, sem fær hana til afgreiðslu, taki hans hugmyndir til greina um að gera þessa till. ýtarlegri um, hvernig frá þessu skuli ganga, tryggja það, að fé sé veitt til þessara framkvæmda.

Ég hefði að vísu verið þeirrar skoðunar, að það hefði verið eðlilegast, eins og hann gat um, að þessi till. færi til utanrmn. En ég þykist vita, að hann hafi, eins og við höfum margir fleiri, jafnvel þótt við séum í þeirri hv. n., nokkuð mikla vantrú á, að nokkuð komi aftur, sem til þeirrar n. fer. Það liggja öll spor inn í þann helli og ekkert út. En þó veit ég nú ekki, hvort ekki væri hugsanlegt, þegar annað eins mál er í veði og þetta, sem virðing okkar liggur við að við afgreiðum rausnarlega, að það væri hægt að vekja þá sofandi nefnd af sínum Þyrnirósarsvefni og fá hana til þess að afgreiða slíkt mál eins og þetta. Hún ætti að geta séð virðingu sína í því að taka þó einu sinni fyrir mál, utanríkismál, sem ég held að allir þm. ættu að vera sammála um. Við vitum, að það, hve mjög hún hefur lagzt á mál á undanförnum áratugum, hefur mjög stafað af því, að þangað hafa farið mörg mál, sem menn hefur mjög greint á um. Þegar nú einu sinni kemur mál, þar sem Ísland gæti bæði látið gott af sér leiða og um leið máske risið sem stærra og meira ríki og betra í augum margra þjóða heims, sem hjálpar þurfa við, þá held ég, að utanrmn. mundi finna til þess sóma síns að afgreiða svona mál vel og myndarlega.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Mig langar að segja aðeins örfá orð frá mínu brjósti um þetta mál.

Með till. þessari er hreyft athyglisverðu máli, sem ég man ekki til að hafi verið rætt sérstaklega á Alþingi fyrr en nú, en það eru þau margvíslegu vandamál, sem nýsjálfstæðar þjóðir og fyrrverandi nýlendur eiga við að stríða. Nú er það svo, að þessi mál eru mjög ofarlega á baugi hvarvetna þar, sem rætt er um alþjóðamál, svo sem hjá Sameinuðu þjóðunum og innan annarra alþjóðlegra

samtaka, þ. á m. samvinnuhreyfingarinnar, verkalýðshreyfingarinnar og ýmissa stjórnmála- og menningarlegra alþjóðasamtaka. Ómurinn af þessum umr. hefur endrum og eins náð til Íslands, þó að fremur hafi það verið áhugamál einstaklinga en samtaka að kynna sér málefni þróunarlandanna og taka afstöðu til þess, sem þar er að gerast. Einnig er vel skiljanlegt, þótt Íslendingar hafi verið seinir á sér til beinnar þátttöku í aðstoðinni við hin svonefndu þróunarlönd, því að sannast sagna erum við lítt aflögufærir um fé og mannafla, sem að notum kynni að verða, því að Ísland er um sumt lítið betur á vegi statt en þróunarlöndin, einkum að því leyti, hve hér er mikill skortur á tæknimenntuðu fólki til forustu- og aðstoðarstarfa í hinum ýmsu greinum atvinnulífs.

Við, sem sæti eigum í fjvn., höfum nú nýlega átt mjög ýtarleg viðtöl við ýmsa forstöðumenn rannsóknarstofnana í þágu atvinnuveganna, svo sem framkvæmdastjóra rannsóknaráðs, deildarstjórana í atvinnudeild háskólans og forstjóra rannsóknarstofu Fiskifélags Íslands, fiskimálastjóra, búnaðarmálastjóra og ýmsa fleiri. Niðurstaðan af þessum viðtölum virðist mér vera sú, að allar umræddar stofnanir liði svo fyrir skort á fé og starfsfólki, að þær skili vart nema hálfum afköstum og rannsóknarverkefni, t. d. í fiskifræði, hrúgist upp, án þess að hægt sé að vinna úr þeim vegna þess mikla skorts nauðsynlegrar aðstoðar og fjár, sem orkar lamandi á afköst þessara stofnana. Það er ekki hægt að loka augunum fyrir þessum staðreyndum, þegar það málefni, sem till. fjallar um, er til umr. Tillgr. er hins vegar svo hógværlega orðuð, að þar er ekki um neinar sérstakar ábendingar eða fyrirmæli að ræða um það, í hverju aðstoð Íslendinga við þróunarlöndin ætti að vera, heldur aðeins gert ráð fyrir, að ríkisstj. láti fara fram athugun á því, með hverju móti Ísland geti tekið virkari þátt í að veita þróunarlöndunum aðstoð til eflingar efnahagslegum framförum.

Ég felli mig vel við þetta hógværa orðalag út af fyrir sig, en hins vegar hefði ég talið eðlilegra, að kosin hefði verið sérstök nefnd, t. d. eftir tilnefningu þingflokkanna, sem hefði með þetta málefni að gera. Ríkisstj. gæti skipað einn mann til þess að tryggja meiri hl. sinn í n. Hér er að vísu um formsatriði að ræða, en frá lýðræðislegu og þinglegu sjónarmiði er nefndarskipun í þeim vanda, sem ég hef lýst, eðlilegri, þar sem hér er um að ræða nýtt málefni, sem lítið eða ekkert hefur verið rætt hér á landi og alls ekki vandalaust að taka afstöðu til.

Í till., eins og hún er orðuð, er rætt um aðstoð til eflingar efnahagslegum framförum í þróunarlöndunum. Sé orðið „efnahagslegur" skilið í mjög víðri merkingu, er ekkert við það að athuga, en sé hér einvörðungu átt við efnahagslega aðstoð í þrengri skilningi, þá vildi ég leyfa mér að stinga aðeins við fótum. Flm. till. hefur réttilega bent á hinar lágu meðaltekjur á íbúa í þróunarlöndunum, og hann hefur rætt um efnahagsvandamál þessara landa í því sambandi, sem rétt er, og þó að ég sé enginn sérfræðingur í málefnum þróunarlandanna og viti áreiðanlega miklu minna en margir aðrir, t. d. hv. flm., um þetta mál, þá hef ég þó reynt að fylgjast dálítið með þróuninni í þessum löndum, eins og fleiri, í gegnum almennar fréttir og frásagnir, sem birzt hafa í blöðum og bókum. Ég hef líka átt þess kost, eins og margir aðrir, að ræða við menn, sem tilheyra þróunarþjóðunum, og það er að mínu viti lærdómsríkara en flest annað. Af þeim þekkingarmolum, sem fallið hafa á mitt borð, hef ég fengið það á tilfinninguna, að vandamál þróunarlandanna séu svo margþætt, að erfitt sé að ákveða, hvar þörfin sé brýnust og hvar byrja skuli, þegar um úrlausn margra verkefna er að ræða. Þá hef ég einhvern veginn fengið það inn í mig, að erlend uppbyggingaraðstoð í þróunarlöndunum sé æríð oft byggð á miklum þekkingarskorti og skilningsleysi á háttum og högum þessa fólks, sem verið er að aðstoða. Það virðist oftast gengið út frá þeirri forsendu, að nauðsynlegt sé að ryðjast inn í þessi lönd með mikið fjármagn og stóriðjuframkvæmdir til þess að efla framleiðsluna, eins og það er kallað, og auka útflutning og hafa sem allra mestan hraða á iðnvæðingu. Hins vegar er lítill gaumur gefinn þeirri meginstaðreynd, að þjóðir þær, sem þessi lönd byggja, skortir í mörgum tilfellum frumskilyrði þess, sem iðnvæðingin verður að byggjast á, sem er menntun og helzt borgarmenning. Þær þjóðir, sem hér um ræðir, hafa svo að segja alla tíð byggt afkomu sína á landbúnaði, og kröfur þeirra um góð lífskjör eru að heita má aðeins þær að hafa matbjörg og húsaskjól og frið. Meginhluti smábændanna og leiguliðanna í Afríku og Asíu og — mætti kannske bæta við — rómönsku Ameríku á sér aðeins eina ósk, og það er, að hver um sig hafi til umráða hæfilega stóra jörð, þar sem hann getur framfleytt sér og fjölskyldu sinni á þeim afurðum, sem jörðin gefur af sér. Aðstæður í þessum löndum eru nefnilega svo frumstæðar, að menn eru ekki öruggir með að hafa til hnífs og skeiðar, nema þeir hafi jarðnæði og aðstöðu til þess að framleiða sinn eigin mat. Það, sem fólkið því biður um á þessu stigi þjóðfélagsþróunar, er ekki skjót iðnbylting, heldur aðeins réttlát skipting jarðeigna og trygging gegn arðráni og matarskorti. Sé hægt að fullnægja þessum frumþörfum, þá kemur af sjálfu sér að efla menntun og andlega menningu einstaklinga og þjóðarheildar. Og því meir sem þekkingunni fleygir fram, því fremur aukast möguleikarnir á því, að hægt sé að fjölga atvinnugreinum og koma af stað iðnþróun stig af stigi. Vandamál þróunarlandanna eru engan veginn sambærileg við vandamál Evrópumanna og Bandaríkjamanna. Þar er engu saman að jafna. Við þekkjum það af mannkynssögunni,

að þær þjóðir, sem lengst eru komnar í menningar- og tækniþróun, hafa gengið í gegnum ótal þróunarstig, sem ná yfir margar kynslóðir og margar aldir í ýmsum tilfellum. Það er því ofætlun, ef við krefjumst þess af hinum svo nefndu þróunarþjóðum, að þær stökkvi í einu stökki á örfáum árum út úr myrkri fornaldar eða miðalda það, sem tók aðrar þjóðir aldir og áratugi.

Það, sem ég hef sagt, má ekki líta á sem vantrú á getu og gáfur þróunarþjóðanna. Ég er sannfærður um, að þessar þjóðir standa að gáfum og eðlisgreind jafnfætis öðrum þjóðum, sem lengra eru komnar í menntun og verklegri þekkingu, enda hafa þeir tiltölulega fáu einstaklingar, sem notið hafa menntunar, m. a. í háskólum víða um heim, sýnt það með námsárangri sínum og þátttöku í félagsstörfum, að þeir eru engir eftirbátar annarra um andlega hæfileika. Enda mættum við gjarnan vita það, að þó að þessar þjóðir séu í þeim skilningi frumstæðar, að atvinnulífið er fábreytt og verkleg kunnátta lítil og menning með öðrum hætti en tíðkast í Evrópu, þá er mikil firra að halda því fram, að þær séu menningarlausar eða villiþjóðir. Margar þessara þjóða eiga sér einmitt mjög merkilega menningarleifð, sem geymd er í sögum, í myndlist, tónlist, dönsum og sérstakri siðfræði og ýmsum þjóðsiðum og raunar í hreinum bókmenntum og vísindum, margar hverjar.. Hugmyndir okkar hafa oftast byggzt á hleypidómum og villandi frásögnum Englendinga eða Frakka og annarra nýlenduherra, sem lengstum hafa bætt skilningsleysi og menningarhroka ofan á arðrán sitt í nýlendunum í skjóli betri tækni og vopnabúnaðar.

Upp úr síðari heimsstyrjöldinni fara viðhorfin gagnvart nýlenduþjóðunum að breytast, og hver þjóðin af annarri hefur hlotið sjálfstæði og innlenda stjórn. Það hefur þó alltaf bryddað á þeirri skoðun, að margar þessara þjóða hefðu hvorki menningar- né stjórnmálaþroska til þess að ráða sér sjálfar, og það mun víst rétt vera, að stjórnmálaástandi er víða sorglega áfátt í nýsjálfstæðum löndum. Og lýðræði í eiginlegum skilningi hefur ekki fest rætur í þessum löndum, og margir valdhafar hafa gerzt sekir um glæpsamlega valdníðslu og spillingu og þverbrotið allar reglur réttarríkis. En slík ósköp hafa víðar orðið, þ. á m. meðal menningarþjóða í Evrópu, og eru því ekkert einsdæmi, og ekkert verður af þeim ráðið, hvað framtíðin ber í skauti sínu. Ég fyrir mitt leyti er þeirrar trúar, að þessar þjóðir eigi framtíðina fyrir sér og fyrst og fremst framtíðina. Í því sambandi er mest um vert, að þær efli sig sjálfar með þroskandi viðfangsefnum og fái frið til þess að marka sér stefnu, sem er í samræmi við eigin þarfir og þjóðmenningu. Flestum þessara þjóða er það höfuðnauðsyn að bægja hungrinu frá dyrum sínum og að efla þá atvinnuvegi innanlands, sem líklegastir eru til þess, að svo megi verða. Þar er nýskipan landbúnaðarins efst á blaði. Ýmsir halda, að það sé hægt að slökkva hungrið með innfluttu gjafakorni og öðrum matvælum lengra að komnum, en það er misskilningur. Allar þjóðir eru vanafastar í mataræði og deyja fremur úr hungri en að leggja sér þá fæðu til munns, sem þeim er ókunn og ógeðfelld. Við þekkjum það, Íslendingar, af okkar eigin sögu, að fólk leið heldur heilagt hungur en að leggja sér til munns mat, sem það taldi vanhelgan og því bauð við. En jafnframt því sem hungrið er gert útlægt, þarf að byggja upp menntakerfi og koma upp viðhlítandi heilbrigðisþjónustu. Þegar þessu markmiði uppbyggingar er náð, er fyrst kominn grundvöllur undir verulega iðnvæðingu og tilflutninga fólks úr þorpum í borgir, svo að nokkru nemi. Ýmsir vel menntir og hugsandi menn úr Afríku- og Asíulöndum, sem ég hef haft persónuleg kynni af, hafa lýst fyrir mér þeim ægilegu harmsögum, sem gerzt hafa í löndum þeirra, þegar fákunnandi og staðfestulaust sveitafólk hefur hrakizt úr heimabyggðum sínum, að vísu frá hraklegum kjörum, í borgirnar, þar sem það gerði sér gyllivonir um atvinnu, en fékk ekki annað hlutskipti en sult eða beinan hungurdauða á götum framandi borga. Þetta hefur gerzt í löndum, sem notið hafa efnahagsaðstoðar flestra stórvelda um margra ára skeið. Efnahagsaðstoðin hefur venjulega byrjað á öfugum enda. Milljörðum dollara og rúblna er fleygt í alls konar risamannvirki, stórvirkjanir og stóriðjuver, sem að sjálfsögðu eru myndarleg á að líta og fyrirferðarmikil á efnahagsskýrslum, en þó af þeirri gerð, að þau hafa sáralítið þjóðhagslegt gildi að því leyti, að almenningur fer á mis við hagnað þeirra og nýtur yfirleitt einskis í framförum af því fjármagni, sem í þetta er lagt. Grundvallarþörfum lítilmagnans er ekki fullnægt. Fólkið sjálft verður útundan. Það er áfram sama hungraða mergðin, sem hvergi á höfði sínu að að halla. Frá þessu kunna að vera undantekningar, en yfirleitt mun þessi lýsing vera nokkuð sönn mynd af ástandinu.

Ef Íslendingar treystast til þess að leggja þróunarlöndunum eitthvert lið af sinni fátækt, þá vona ég, að þeir, sem veljast til forustu um slík mál, kynni sér sjálfstætt þarfir viðkomandi þjóða, en lesi ekki allt á annarra bækur eða gegnum annarra gler.

Að gerðum þessum aths. er ég fús til að styðja till., eins og hún liggur fyrir. Ég lít svo á, eins og hv. flm., að málefni þróunarlandanna séu okkur ekki óviðkomandi, og væri vel, ef þessi till. yrði til þess að vekja sem flesta til umhugsunar um vandamál þessara þjóða og leiða menn til rétts skilnings á högum þeirra og háttum.

Hvað sjálfan mig snertir, er mér einna efst í huga, að við slítum ekki menningar- og félagsleg vandamál þessara þjóða úr tengslum við efnahagsleg vandamál þeirra. Þess vegna álít ég, að það komi allt eins til greina,

sem einnig hefur komið fram hjá hv. flm., að við beinum aðstoð okkar, ef til kæmi, inn á þá braut að bjóða stúdentum eða öðrum námsmönnum frá þessum löndum til náms við háskólann, t. d. í læknisfræði, eða kynntum þeim félagslega uppbyggingu hér á landi, sem vel hefur gefizt, svo sem á sviði samvinnumála og verkalýðsmála, enda hygg ég, að það muni vera nokkur þáttur í menningar- og efnahagssamskiptum Norðurlanda við þróunarþjóðirnar og þannig um heppilegt fordæmi að ræða fyrir okkur Íslendinga. Eitt af því, sem ég hef heyrt menntaða Asíu- og Afríkubúa ræða um, er það, hvílík nauðsyn þjóðum þeirra sé á þjóðlegri menningarvakningu, þ. e. að rækja þjóðleg fræði, sögu sína og sagnir, þjóðkvæði og allt annað, sem tilheyrir menningu þeirra frá upphafi vega. Þeir hafa sagt, að ef hægt væri að vekja þjóðirnar til meðvitundar um sína eigin þjóðararfleifð, þá hefði það meira gildi fyrir framfarirnar heldur en milljónir dollara og tugir raforkuvera og heil herdeild af erlendum tæknifræðingum, eins og einn vinur minn frá Filippseyjum sagði við mig í fyrra. Ekki á ég von á því, að við Íslendingar getum komið þeim að miklu liði í þessu efni, en hins vegar ættum við að geta skilið, að í þessu er mikill sannleikur fólginn. Slík þjóðleg vakning hefur víðast hvar, og ekki sízt hér á landi, leyst úr læðingi þá orku, sem innra býr í mannshuganum og er án efa mikilvæg forsenda framtaks og framfaravilja. Þó að þetta atriði skipti okkur Íslendinga kannske ekki miklu máli vegna sýnilegrar vangetu í því að gerast þjóðlegir vakningapostular í Afríku eða Asíu, þá kann það að skipta t. d. nýlenduveldin fyrrverandi talsverðu máli, vegna þess að þau ráða miklu um fræðslumál þessara landa og hafa gert sig sek um að fara þar aftan að siðunum eins og í fleiru, m. a. með óviðeigandi kennslubókum, allt frá stafrófskveri og upp í mannkynssögu, sem sögð er að hætti stórþjóðanna, en ekki frá sjónarhóli nýlenduþjóðanna sjálfra.

Ég skal ekki hafa þessi orð mín fleiri, en tek undir till., eins og ég hef áður sagt, og legg áherzlu á nauðsyn þess, að við reynum að kynna okkur þessi mál sem allra bezt frá ýmsum hliðum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 15. fundi í Sþ., 26. nóv., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 32. fundi í Sþ., 17. marz, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 36. fundi í Sþ., 31. marz, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 21, n. 320).

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Utanrmn. hefur rætt till. á þskj. 221, um aðstoð við þróunarlöndin, og mælir einróma með samþykkt hennar. Telur n. nauðsynlegt, að upplýsinga verði aflað um það, á hvaða sviði Íslendingar geti lagt fram lið sitt til hjálpar þessum löndum og hvers konar aðstoð þeim sé sérstaklega þörf á. Það er einmitt öflun slíkra upplýsinga, sem till. stefnir fyrst og fremst að, þar sem lagt er til, að ríkisstj. láti fram fara athugun á því, með hverjum hætti Íslendingar geti veitt þróunarlöndunum aðstoð til eflingar framförum þar. Að þessari upplýsingasöfnun lokinni er gert ráð fyrir, að ríkisstj. leggi niðurstöður athugunarinnar fyrir Alþingi.

Í utanrmn. kom sú skoðun fram, að aðallega væri um 3 leiðir að ræða í þessum efnum. Í fyrsta lagi að styðja að dvöl fólks frá þróunarlöndunum hér á landi til þess að afla sér menntunar. Í öðru lagi, að Íslendingar sendi sérfræðinga héðan til þróunarlandanna. Í þriðja lagi, að Íslendingar veiti þá aðstoð, sem þeir geta í té látið, fyrir milligöngu alþjóðastofnana, sem við erum aðilar að.

Vitað er, að Norðurlandaþjóðirnar hafa allar beitt sér fyrir aðstoð á ýmsum sviðum við þjóðir hinna svokölluðu þróunarlanda. Norðmenn hafa t. d. haldið námskeið heima í Noregi fyrir námsfólk frá Indlandi. Við Íslendingar höfum einnig sent skipstjórnarmenn til Indlands á vegum Landbúnaðar- og matvælastofnunar Sameinuðu þjóðanna til þess að kenna indverskum fiskimönnum fiskveiðar. Þá má geta þess, að Rauði kross Íslands hefur nú tekið upp samvinnu við Rauða kross hinna Norðurlandanna um ýmiss konar mannúðar- og heilbrigðisaðgerðir í Nígeríu. Munu þessi samtök hafa í hyggju að beita sér fyrir hliðstæðum hjálparráðstöfunum í fleiri Afríkulöndum.

Allir hljóta að sjálfsögðu að viðurkenna og gera sér ljóst, að takmörkuð fjárráð íslenzku þjóðarinnar valda því, að ekki verður um að ræða víðtæka aðstoð af okkar hálfu við þjóðir þróunarlandanna. En við getum engu að síður sýnt lit á því, að við viljum vera með í því mikla uppbyggingar- og mannúðarstarfi, sem nauðsynlegt er að vinna meðal örsnauðra og fákunnandi þjóða, sem búa við frumstæðar aðstæður á flestum sviðum þjóðlífsins.

Kjarni þessarar till. er, að ríkisstj. láti fram fara athugun á því, hvaða leiðir séu færar í þessum efnum og á hvaða sviðum Íslendingar kynnu að geta látið í té sérþekkingu og aðra aðstoð, sem að gagni mætti koma í fyrrgreindum löndum. Á grundvelli þessarar skoðunar leggur utanrmn. einróma til, að þáltill. á þskj. 21 verði samþ. óbreytt.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins leyfa mér að þakka hv. utanrmn. fyrir greiða og jákvæða afstöðu, sem hún hefur tekið til afgreiðslu þessarar þáltill. Eins og

suma hv. þm. ef til vill rekur minni til, frá því að till. var fyrst til umr., var mér dálítið um það og ó að vísa till. til hv. utanrmn. Ég hafði á tilfinningunni, að sú n. væri dálítið seinvirk og vandséð um, að það, sem færi inn í skjalamöppu hennar, kæmi þaðan aftur, og lagði því til, að till. yrði vísað til annarrar n. En þegar hæstv. forseti benti mér á það, að samkv. ákveðinni gr. þingskapanna, sem hann sýndi mér, væri varla annað hægt en að vísa till. til utanrmn., þá beygði ég mig auðvitað fyrir því, og nú hefur reynslan sýnt, að þær efasemdir, sem ég hafði í garð n. í þessu efni, hafa ekki verið á rökum reistar, og ég vil aðeins endurtaka þakklæti mitt til hv. n. og formanns hennar og frsm.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 395).

5. Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins.

Á deildafundum 27. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um endurskoðun laga um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins [37. mál] (A. 38).

Á 7., 8., 9. og 12. fundi í Sþ., 28. okt., 4., 6. og 18. nóv., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 14. fundi í Sþ., 25. nóv., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Það er almennt talið, að fiskimiðin hér við Ísland séu meðal beztu fiskimiða í heimi. En fiskigöngur eru misjafnar og aflabrögð misjöfn frá ári til árs. Í draumi Faraós voru feitar og magrar kýr. Í íslenzkum sjávarútvegi og sjávarútvegi einstakra byggðarlaga hér á landi eru líka feit og mögur ár, aflaár og aflaleysisár. Þessar breytingar, þessi mismunandi ár og mismunandi árferði í sjávarútveginum skapa sveiflur í þessum atvinnuvegi, sem oft hafa orðið erfiðar fyrir þá, sem þennan atvinnuveg stunda, og fyrir þjóðarbúskapinn. Það er þess vegna langt síðan framsýnir menn fóru að hafa orð á því, að það þyrfti að gera ráðstafanir til þess að færa eitthvað af verðmætum frá góðu árunum yfir til hinna verri ára. Og ráðstafanir til framkvæmda í þessu efni voru gerðar með setningu laga um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins 1949. Það var meginatriði þessara laga frá öndverðu, að sjávarútvegurinn og þjóðfélagið myndaði sjóð, sem væri til þess að létta undir með útveginum, þegar afli bregzt. Með lögum um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins var lagt hlutatryggingagjald á útfluttar sjávarafurðir, og á móti skyldi koma framlag úr ríkissjóði.

Árið 1962 voru gerðar töluverðar breytingar á l. um hlutatryggingasjóð, og var nafni sjóðsins þá breytt, þannig að hann heitir nú aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, hét áður hlutatryggingasjóður bátaútvegsins. Voru l. þá jafnframt gefin út að nýju sem ný lög. Það, sem einkum fólst í hinum nýju breytingum í l. frá 1962, var það, að togaraflotinn, sem hafði verið utan við starfsemi hlutatryggingasjóðs, var nú tekinn inn í hlutatrygginguna, og einnig var gerð nokkur breyting á hlutfallinu milli aflatryggingagjalds og framlags ríkissjóðs. Samkv. l., eins og þau nú eru, skiptist sjóðurinn í fjórar deildir, síldveiðideild, almenna deild bátaflotans, almenna deild togaraflotans og jöfnunardeild, en hlutverk jöfnunardeildarinnar er, eins og segir í l., að veita hinum deildunum lán eða styrki, er svo stendur á. Í l. er svo ákvæði um það, hversu mikið hver deild skuli fá af tekjum sjóðsins, og er gert ráð fyrir, að þessi jöfnunardeild fái helminginn af tekjunum. En síðan er veitt fé úr henni, annaðhvort lán eða opinbert framlag, til hinna deildanna. Aflatryggingagjaldið, sem lagt er á útfluttar sjávarafurðir, er nú 1¼%, en framlag ríkisins ár hvert helmingurinn af tekjum sjóðsins af þessu gjaldi. Ég hygg, að það muni láta nærri, að tekjur sjóðsins, sem hann fær á þennan hátt, muni á þessu ári geta orðið 75—80 millj. kr. Þetta er raunar ágizkun, því að það liggur ekki fyrir enn þá, en tekjurnar skiptast milli deilda sjóðsins á þann hátt, sem ég nefndi áðan.

Nú er það svo, að þegar l. voru sett um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins fyrir 15 árum, skorti reynslu í þessum efnum, en framkvæmd slíkra trygginga er að sjálfsögðu mjög vandasöm. Það er ákaflega vandasamt verkefni að bæta upp aflatjón, hvenær það skuli gert og á hvern hátt það skuli gert, til þess að sú starfsemi nái tilgangi sínum. Og það væri ekkert undarlegt nú eftir 15 ár, að ástæða væri til, að fulltrúar Alþingis settust nú niður að nýju til þess að íhuga reynsluna af þessum málum, framkvæmd þessara mála og gera það upp við sig, hvort ekki væri ástæða til þess að breyta til. Enda er það svo, að á undanförnum árum hafa verið á ýmsum vettvangi uppi till. um, að rétt væri að breyta einu og öðru í sambandi við þessa tryggingastarfsemi. Ég vil í því sambandi leyfa mér að minna á ýmsar raddir, sem fram hafa komið í blöðum, fundarsamþykktir, sem gerðar hafa verið, meðferð málsins á fiskiþingi, þar sem komið hafa fram raddir um ákveðnar breytingar á vissum atriðum í löggjöfinni um aflatryggingar, og ég vil að lokum leyfa mér að minna á samþykkt,

sem nú alveg nýlega var gerð um það efni á þingi Alþýðusambands Íslands, þar sem talin er ástæða til þess, að fram fari athugun á því, eins og það er orðað, „hvort ekki sé hagkvæmast, að aflatryggingasjóður verði efldur með auknu ríkisframlagi og reglum um starfsemi sjóðsins verði breytt," svo að hann geti betur en nú þjónað þessu hlutverki, sem þar er um rætt, þ. e. a. s. koma í veg fyrir stöðvun sjávarútvegsins í einstökum byggðarlögum.

Með tilliti til þessa höfum við, sem stöndum að till., sem hér liggur fyrir á þskj. 38, talið rétt, að endurskoðun l. fari nú fram, og við leggjum til, að það verði gert á þann hátt, eins og segir í till., að Alþingi kjósi 7 manna mþn. til að endurskoða lög um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins og gera till. um breytingar á þeim, eftir því sem henni þykir ástæða til. Í till. segir, að í starfi sínu skuli n. hafa samráð við Fiskifélag Íslands, Alþýðusamband Íslands, Sjómannasamband Íslands, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Landssamband ísl. útvegsmanna og Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda. Enn fremur skuli hún sérstaklega gera sér far um að kynna sér skoðanir útvegsmanna og sjómanna í einstökum landshlutum varðandi málið og reynslu þeirra af starfsemi hlutatryggingasjóðs og aflatryggingasjóðs.

Við flm. teljum ekki tímabært nú, þegar við leggjum til, að kosin verði mþn. til þess að endurskoða l. um aflatryggingasjóð, að gefin verði fyrirmæli um það, hverjar breytingar skuli gerðar á l. Það mun koma í ljós, þegar n. tekur til starfa og hefur rannsakað málið, hvað það er, sem hún einkum telur ástæðu til þess að breyta. Ég vil þó leyfa mér, áður en ég lýk máli mínu, að minna á nokkur atriði, sem menn hafa borið í tal eða komið hafa fram í umr. um þetta mál á undanförnum árum. Ég vil nefna t. d. sem efnisatriði til athugunar í því sambandi hlutfallið, sem nú gildir milli tekna sjóðsins af aflatryggingagjaldi og framlags úr ríkissjóði, en þessu hlutfalli hefur verið breytt. Þá vil ég nefna skipun sjóðsstjórnarinnar og meðferð mála á vegum sjóðsins. Það er ekki örgrannt um, að ýmsum þyki sú aðferð, sem eftir l. þarf að viðhafa við ákvörðun bóta, nokkuð seinvirk. Ég skal ekki um það dæma, hvort svo sé, en þá skoðun hef ég heyrt og sýnist l. reyndar vera þannig úr garði gerð, að ætla megi, að þetta sé ekki að óþörfu mælt. Þá vil ég nefna það, að ýmsum þykir það orka nokkuð tvímælis, hvort aðstoð við togaraútgerðina, sem nauðsynlegt hefur reynzt að veita og veitt hefur verið vegna erfiðleika togaraflotans, eigi að vera á vegum aflatryggingasjóðs og á þann hátt veitt, sem l. nú gera ráð fyrir. Þetta er áreiðanlega ákvæði, sem ástæða er til þess að athuga gaumgæfilega og þá jafnframt ákvæði l. um hina svonefndu jöfnunardeild. En sú aðstoð við togaraflotann, sem fer fram á vegum aflatryggingasjóðs, fer í rauninni fram á vegum þessarar jöfnunardeildar. Þetta er sem sé eitt af þeim atriðum, sem nokkuð er um rætt um þessar mundir og gæti verið og án efa er ástæða til þess að athuga nánar. Og þá vil ég að lokum nefna reglurnar um svokallað meðalveiðimagn, sem úthlutun bótanna byggist á. Mér er kunnugt um, að þessar lagareglur og framkvæmdareglur um meðalveiðimagnið og viðmiðunina við það hafa sætt verulegri gagnrýni, t. d. á fiskiþingi, og verið uppi ákveðnar till. um að bæta þar um, sérstaklega úr vissum landshlutum. Og sumir telja, að hér eigi einnig að koma til önnur sjónarmið. Ég tel, að þetta sé eitt af þeim atriðum, sem væntanleg nefnd þurfi að athuga. Fleira mætti nefna til athugunar fyrir þessa nefnd eða til þess að gera grein fyrir þeim viðfangsefnum, sem væntanleg nefnd mundi væntanlega taka til meðferðar, en ég skal ekki telja fleira að sinni.

Ég vil svo að lokum aðeins minnast á það, að eins og ég sagði áðan, voru gerðar breytingar á l. um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins árið 1962 og þá um leið l. gefin út sem ný lög og nafni þeirra breytt, vegna þess að tryggingarnar voru færðar yfir á breiðari grundvöll, þegar togaraflotinn var tekinn inn í aflatrygginguna. Ég tel, og við flm. þessarar till., að einnig þær breytingar, — og ég hef reyndar komið að því áður, — sem gerðar voru 1962, séu þess eðlis, að þær út af fyrir sig þurfi endurskoðunar við, þótt ekki sé lengra síðan þær voru gerðar, og er ekkert óeðlilegt við það. En í öðru lagi teljum við, að þó að þessar breytingar væru gerðar á l. árið 1962, hafi í raun og veru í sambandi við þær ekki verið um að ræða þá almennu endurskoðun, sem eðlilegt sé að fram fari á löggjöf, sem í upphafi var nýmæli og búin er að gilda þetta lengi.

Ég legg til, herra forseti, að till. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 15. fundi í Sþ., 26. nóv., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 31 shlj. atkv. og til allshn. með 36 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Sþ., 31. marz, var till. tekin til síðari umr. (A. 38, n. 354).

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Till. til þál. á þskj. 38, um endurskoðun l. um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, hefur verið til meðferðar í allshn. um alllangan tíma. Dráttur sá, sem orðið hefur á afgreiðslu frá n. á þessu máli, stafar einkum af því, að töf hefur orðið á því, að þær umsagnir bærust n., sem hún hafði óskað eftir um þetta mál. En umsögn um málið hefur n.

fengið frá Fiskifélagi Íslands og Landssambandi ísl. útvegsmanna. Umsagnir beggja þessara aðila eru, eins og segir í nál. á þskj. 354, jákvæðar, en jafnframt er þar lagt til, að n. sú, sem gert er ráð fyrir í till. að vinni að endurskoðun laganna, verði að mestu skipuð samkv. tilnefningu þeirra aðila, sem getið er í till., en formaður stjórnskipaður. Um þessa breytingu varð samkomulag í n. að fengnum umsögnum, og n. leggur til, að till. verði samþ. með þeirri breytingu, sem fram kemur á sama þskj. og nál. og er í því fólgin að breyta til um skipan n. Hlutverk hennar samkv. brtt. er hins vegar hið sama og gert var ráð fyrir í till. Ég skal taka það fram, að n. leitaði einnig umsagnar stjórnar aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins um þetta mál, en sú umsögn barst ekki til n. og lá því ekki fyrir, þegar n. tók málið fyrir til afgreiðslu.

Á þessum fundi hafa þegar orðið nokkrar umr. um aflatryggingasjóð í sambandi við fyrirspurn, sem til umræðu var. Sú fyrirspurn og þær umr. staðfesta í raun og veru enn á ný þá nauðsyn, sem á því er að endurskoða l. Ég ætla ekki að fara nánar út í það mál, gerði það lítils háttar við fyrri umr. um till., en mér hefur þótt rétt í sambandi við framsögu þessa máls að fá hjá stjórn aflatryggingasjóðsins nokkrar upplýsingar um hag sjóðsins nú um síðustu áramót og um helztu niðurstöður í starfsemi hans, síðan l., sem nú gilda, voru samþ. 1962 og til síðustu áramóta. Þessar upplýsingar vil ég nú leyfa mér að láta koma fram.

Samkv. 3. gr. l. frá 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, skiptist sjóðurinn í fjórar deildir með aðgreindum fjárhag. Þessar deildir eru síldveiðideild, hin almenna deild bátaflotans, sem stundum hefur verið kölluð þorskveiðideild, hin almenna deild togaraflotans og hin svonefnda jöfnunardeild. Fyrstu heitin þrjú bera með sér, hvert sé verkefni hverrar deildar fyrir sig, en hlutverk jöfnunardeildar er samkv. sömu grein l. að „veita hinum deildunum lán eða styrki, þegar svo stendur á.“ Þær upplýsingar, sem ég hef fengið hjá stjórn sjóðsins, ef miðað er við síðustu áramót, eru þessar:

Í fyrsta lagi um eignir sjóðsins. Eignir bátadeildar voru um síðustu áramót 42.8 millj. kr., eignir síldveiðideildar 9.5 millj. kr., togaradeildar 0.5 millj. kr., þ. e. a. s. ½ millj., og eignir jöfnunardeildar 54.4 millj. kr. Þetta er ekki nettóeign, heldur brúttóeign. Hins vegar eru taldar skuldir deildanna. Bátadeildin skuldar ekkert, síldveiðideildin skuldar 19.8 millj. og togaradeildin skuldar 75.3 millj. Nú er, eins og kunnugt er, tekjuöflun sjóðsins þannig háttað, að hann fær tekjur sínar jöfnum höndum sem gjald af sjávarafurðum og hins vegar framlag úr ríkissjóði. Og þess er hér getið, að innstæða aflatryggingasjóðs í heild, þ. e. a. s. allra deildanna, hjá ríkissjóði hafi hinn 1. jan. 1965 numið 65.2 millj. kr.

Þá eru hér upplýsingar um tekjur einstakra deilda á þessum þremur árum, 1962—1964. Kem ég þá fyrst að hinni almennu bátadeild eða hinni almennu deild bátaflotans, eins og hún heitir í l. Tekjur hennar voru árið 1962 15.7 millj. kr., 1963 17.6 millj. og 1964 áætlaðar 20.6 millj. Tekjur síldveiðideildar voru árið 1962 9.6 millj., 1963 11.8 millj. og 1964 16.2 millj. Tekjur togaradeildar voru árið 1962 1.2 millj., 1963 3.9 millj. og 1964 3.2 millj. Tekjur jöfnunardeildar voru árið 1962 24.2 millj., árið 1963 33.4 millj. og árið 1964 40 millj., en samkv. l. fær jöfnunardeildin í sinn hlut 50% af tekjum af útfluttum afurðum og framlag til móts við það úr ríkissjóði. Mér er tjáð, að þessi skipting milli deildanna sé að vísu ekki alveg nákvæm af sérstökum ástæðum, en mun þó ekki miklu máli skipta.

Að lokum er svo yfirlit yfir bætur greiddar úr hinum einstöku deildum til veiðiskipa á árunum 1962—1964. Kemur þá í fyrsta lagi hin almenna bátadeild. Hún greiddi á árinu 1962 í bætur 8.5 millj., árið 1963 9.8 millj. og árið 1964 10.3 millj. Síldveiðideildin greiddi á árinu 1962 0.1 millj., 1963 28.6 millj. og 1964 10.5 millj. Togaradeildin greiddi á árinu 1962 19.6 millj., á árinu 1963 20.9 millj., en fyrir árið 1964 liggja skýrslur enn ekki fyrir um greiddar bætur úr togaradeildinni, en mér sýnist eftir líkum að dæma, að bætur það ár kunni að verða ekki fjarri þeirri upphæð, sem þær voru á árinu 1963, en þá voru þær nálægt 21 millj. kr. Um bætur úr jöfnunardeildinni er hér ekki rætt, sökum þess að hún greiðir ekki bætur til veiðiskipa, heldur eru viðskipti hennar við hinar deildirnar sem lán eða styrkur samkv. lögunum.

Þessar upplýsingar frá stjórn sjóðsins hef ég talið rétt að láta fylgja þessari framsögu, en ég endurtek fyrir hönd n., að hún leggur til, að till. á þskj. 38 verði samþ. með þeirri breytingu, sem gerð er grein fyrir á þskj. 354.

ATKVGR.

Brtt. 354 samþ. með 35 shlj. atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 396).

6. Vegáætlun 1965—68.

Á deildafundum 10. des. var útbýtt frá Sþ.: **Till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1965—1968** [100. mál] (A. 146).

Á 24. fundi í Sþ., 3. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ekki vannst tími til þess að ræða till. um vegáætlun fyrir þinghléið eða koma málinu til n. Það tók eðlilega nokkuð langan tíma að undirbúa málið og var það því ekki lagt fram hér í hv. Alþingi fyrr en 10. des. s. l.

Nú er í fyrsta sinn samin áætlun samkv. vegal. til 4 ára. Vegamálaskrifstofan hefur unnið mikið undirbúningsstarf í sambandi við þetta mál. Verður að telja, að till. sú til vegáætlunar, sem hér liggur fyrir og til umr., sé vel samin og tölulega vel undirbúin. Með því að lesa till., geta hv. þm. gert sér grein fyrir staðháttum og því máli, sem hér er um að ræða.

Með vegal. var lagður grundvöllur að bættum vinnubrögðum í vegagerð með því að taka upp skipulega áætlun í framkvæmdum til 4 ára í senn. Með því er mögulegt að draga upp heildarmynd fyrir stærri verk, sem unnin verða eftir fyrir fram gerðri áætlun fram í tímann. Er enginn vafi á því, að oft hefur vegafé notazt verr vegna þess, að ekki var til heildaráætlun yfir framkvæmdirnar, en unnið á hverjum stað fyrir aðeins litlar upphæðir í einu. Með því móti varð mikill kostnaður við flutning á vinnuvélum og vinnuflokkum, sem ætti að sparast að einhverju leyti með því fyrirkomulagi, sem nú verður upp tekið.

Með vegal. var fjármagn til vegagerðar verulega aukið. Hækkaði framlag til vegamála á árinu 1964 um rúml. 100 millj. kr. miðað við fjárlög 1963. Þrátt fyrir þessa hækkun, sem sýnist vera veruleg, mun vera auðvelt að færa rök fyrir því, að æskilegt væri að hafa enn meira fé til vegamála heldur en fyrir hendi er, miðað við þá till. til framkvæmdaáætlunar, sem hér er um að ræða. Á árinu 1965 er gert ráð fyrir, að tekjur vegasjóðs nemi 261.9 millj. kr. Á árinu 1968 er gert ráð fyrir, að tekjurnar nemi 278 millj. kr. miðað við sömu tekjustofna. En tekjustofnar vegasjóðs eru benzíngjald 170 millj. kr., tekjur af þungaskatti 42.5 millj. kr., tekjur af gúmmígjaldi 8.9 millj. kr., ríkisframlag 47.1 millj. kr., eftirstöðvar vegna ársins 1964, sem er óendurgreitt benzíngjald og þungaskattur, 14.9 millj. kr. Bráttótekjur árið 1965 verða því 283.4 millj. kr. Endurgreitt benzíngjald af þungaskatti 1965 nemur 21.5 millj. kr. Nettótekjur verða því 261.9 millj. kr., áætlaðar fyrir árið 1965. Tekjuliðirnir breytast lítið á áætlunartímabilinu og eru í samræmi við niðurstöðutölur fyrir árið 1968, sem áður var um getið. Endurgreiðslurnar á þungaskatti og benzíngjaldi eru að nokkru leyti af jeppabifreiðum, en aðallega vegna dráttarvéla og annarra heimilisvéla, sem ekki koma til með að slíta vegunum.

Eins og áður er á minnzt, er auðvelt að benda á nauðsyn þess að hafa meira fé til vegaframkvæmdanna. En það er á valdi Alþingis, hvenær horfið verður að því ráði að auka tekjur vegasjóðs.

Vegamálaskrifstofan hefur gert till. um skiptingu á því fé, sem til umráða er, og er þá fyrst að geta þess, að stjórn og undirbúningur vegamála nemur á árinu 1965 9 millj. 970 þús. kr., en á árinu 1968 10 millj. 870 þús. kr. Sú breyting hefur verið gerð að áætla í einu lagi kostnað við verkfræðilegan undirbúning framkvæmda, 2.5 millj. kr. á ári. Áður var verkfræðilegur undirbúningur færður eftir á á hvert verk, sem unnið var. Það fyrirkomulag, sem nú hefur verið upp tekið, er heppilegra að dómi vegamálastjóra, og sýnist ekki vera ástæða til annars en að fallast á hans sjónarmið í þessu efni. En af þessu virðist í fljótu bragði, að liðurinn stjórn og undirbúningur vegamála hafi hækkað meira en eðlilegt er. En eins og áður segir, er hér aðeins um bókhaldsatriði að ræða.

Viðhald þjóðvega var á árinu 1964 80 millj. kr. Gert **er ráð fyrir, að** til vegaviðhaldsins á árinu 1965 verði varið 90 millj. kr. og hækki um 5 millj. kr. árlega á áætlunartímabilinu. Enginn vafi er á því, að nauðsyn ber til að ætla ríflega til viðhalds vega. Gera má ráð fyrir, að viðhaldsféð geti orðið nokkru drýgra en stundum áður með endurnýjun á vélakosti vegagerðarinnar, sem nýtist mun betur en gömlu tækin.

Til vegmerkinga er gert ráð fyrir að verja 1 millj. kr. á ári. Það er mikil þörf á að setja upp vegmerki á ýmsum stöðum, sem eru hættulegir vegna umferðarinnar. Hefur mikið áunnizt í því efni síðari árin.

Til hraðbrauta er gert ráð fyrir að verja aðeins 10 millj. kr. á ári af fé vegasjóðs. En þess er rétt að geta, að unnið verður á næsta ári að því að ljúka við Keflavíkurveg, en að byggingu hans hefur verið unnið að mestu leyti fyrir lánsfé. Þegar Keflavíkurvegi er lokið, verður að hefjast handa með lagningu Vesturlandsvegar að Álafossi og Austurvegar með varanlegu slitlagi. Sama máli gegnir um vegakafla út frá Akureyri, sem mest umferð er á. Umferð er orðin það mikil á þessum vegum, að þeim verður trauðla við haldið með því að bera í þá sand og möl, sem rýkur burt og heldur ekki uppi hinum mörgu og þungu farartækjum. Að sjálfsögðu verður að afla fjár til þeirra framkvæmda með lántöku eða með því að auka tekjur vegasjóðs.

Til nýbyggingar þjóðbrauta er gert ráð fyrir að verja úr vegasjóði á árinu 1965 24.8 millj. kr. og á árinu 1968 24 millj. kr. Auk þess er gert ráð fyrir að vinna við Strákaveg og Múlaveg á árinu 1965 fyrir allt að 20

millj. kr., sem afla verður með sérstökum hætti. Er gert ráð fyrir, að lokið verði við Múlaveg á árinu, og er þá kominn góður vegur milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur. Mun það gerbreyta allri aðstöðu Ólafsfirðinga, sem hafa beðið eftir þessari vegagerð mjög lengi. Gert er ráð fyrir, að Strákavegi verði lokið á árinu 1966. Um þær framkvæmdir hefur verið mikið ritað og rætt og því ekki ástæða til að fara mörgum orðum um það að sinni. Það vita allir, að tæknilegum undirbúningi við lagningu Strákavegar var ekki lokið fyrr en á þessu ári og því ekki möguleiki á að hraða verkinu meira en gert hefur verið, þótt fé hefði verið fyrir hendi. Framkvæmdir við Keflavíkurveg, Strákaveg og Múlaveg geta því aðeins orðið, að aflað verði fjár til framkvæmdanna á þessu ári. Standa vonir til, að það megi takast.

Til landsbrauta er gert ráð fyrir að verja á árinu 1965 27.1 millj. kr., á árinu 1968 26.5 millj. kr. Ekki er gert ráð fyrir, að unnið verði að neinu ráði fyrir lánsfé við landsbrautir. Er að því stefnt, að greidd verði upp bráðabirgðalán, sem tekin hafa verið til vegaframkvæmda að undanförnu. Bráðabirgðalán lækkuðu á árinu 1964 um nærri helming frá því, sem var í árslok 1963. Eftirsókn eftir bráðabirgðalánum á vegum hreppsfélaga og sýslufélaga var mjög mikil af eðlilegum ástæðum, áður en vegalögin voru samþykkt og fjármagn aukið til vegamála.

Til fjallvega, reiðvega og ferjuhalds er gert ráð fyrir að verja 2 millj. kr. Er þá um það að ræða að ryðja ýmsa fjallvegi og gera þá greiðfæra yfir sumarmánuðina. Geta verið af því hagnýt not, m. a. við smalamennsku á afréttum, auk þess sem það gerir mönnum mögulegt að ferðast á bifreiðum víða um öræfi landsins.

Til brúargerða er gert ráð fyrir að verja á árinu 1965 31 millj. kr. og aðeins rúmlega 31 millj. kr. árið 1968. Á árunum 1966 og 1967 er nokkru lægri upphæð áætluð til brúargerða. Brúafé skiptist þannig á árinu 1965 og með svipuðum hætti hin árin: Til stórbrúa 13.2 millj. kr., til brúa 10 m og lengri 11.8 millj. kr., til smábrúa 4—9 m 6 millj. kr. Þótt mikið hafi verið gert undanfarin ár að því að brúa vatnsföllin, er þó eftir mikið verkefni á því sviði. Verður þó að viðurkenna, að verstu torfærurnar hafa verið yfirunnar.

Til sýsluvega er gert ráð fyrir að verja úr vegasjóði á árinu 1965 10 millj. kr. og 12 millj. kr. á árinu 1968. Við breytingu á vegal. hefur rekstur sýsluvegasjóða batnað mikið, enda gerðist þess þörf, þar sem sýsluvegir voru víðast hvar í mjög slæmu ástandi.

Til vega í kaupstöðum og kauptúnum er gert ráð fyrir að verja á árinu 1965 32 millj. 720 þús. kr. og á árinu 1968 34 millj. 750 þús. kr. Með því að veita fé til gatna- og vegagerðar í kaupstöðum og kauptúnum, eins og vegal. mæla fyrir, var tekið upp mikilsvert nýmæli, sem þegar á fyrsta ári eftir samþykkt vegal. hefur gert sýnilegt gagn um land allt, eins og sjá má merki í gatnagerð kaupstaða og kauptúna. Til véla- og áhaldakaupa er gert ráð fyrir að verja úr vegasjóði á árinu 1965 11 millj. kr. og á árinu 1968 13 millj. kr. Auk þess verður varið úr fyrningasjóði vegagerðarinnar talsverðum upphæðum til kaupa á vegagerðarvélum, og einnig má reikna með, að einhver lán verði tekin í því skyni, þannig að endurnýjun vegavinnuvéla verður allrífleg að þessu sinni. Er mjög nauðsynlegt að verja verulegu fjármagni til véla- og tækjakaupa og vinna þannig upp margra ára vanrækslu.

Til tilrauna í vega- og gatnagerð er gert ráð fyrir að verja nokkuð á 2. millj. kr. árlega á áætlunartímabilinu.

Eins og sjá má af fskj., sem prentuð eru með till. til vegáætlunar, eru allir þjóðvegir sérstaklega taldir upp eftir kjördæmum. Einnig eru taldir upp hinir ýmsu liðarvegir vegna undanþáguákvæða 12. gr. vegal. um kirkjustaði, félagsheimili, opinbera skóla, heilsuhæli og fullgerð raforkuver. Uppsetning og upptalning veganna er glögg og þarf því ekki nánari skýringu. Um skiptingu fjár til einstakra framkvæmda, svo sem vega og brúa, eru engar till. gerðar nú fremur en í till. til síðustu vegáætlunar.

Eins og vegal. gera ráð fyrir, eru vegirnir flokkaðir, fyrst í hraðbrautir A og B. Hraðbrautir A eru vegir, sem innan 20 ára má búast við að 10 þús. bifreiðar eða meira fari daglega um yfir sumarmánuðina. Stefna ber að því að gera fjórfalda akbraut með varanlegu slitlagi á þeim vegum. Hraðbrautir B eru vegir, þar sem innan 10 ára má búast við 1—10 þús. bifreiðum á dag yfir sumarmánuðina. Stefna ber að því að gera tvöfalda akbraut með varanlegu slitlagi á þeim vegum. Þjóðbrautir eru vegir, sem ná til 1000 íbúa svæðis, og ber að gera tvöfalda akbraut á þeim vegum með malarofaníburði. Landsbrautir eru minnst 2 km á lengd frá vegamótum og ná til 3 býla. Um landsbrautir eru undanþáguákvæði, eins og áður var vitnað til. Aðalfjallvegir eru aðeins fjórir: Kaldadalsvegur, Kjalvegur, Fjallabaksvegur nyrðri og Sprengisandsleið.

Áður hefur verið á það minnzt, hvaða tekjustofna vegasjóður hefur. Benzíngjald er stærsti liðurinn. Margir höfðu búizt við, að benzínnotkun mundi aukast mikið miðað við þá miklu bifreiðafjölgun, sem orðið hefur síðustu árin. Reynslan sýnir, að benzínsalan eykst ekki í réttu hlutfalli við bifreiðafjölgunina. Má færa fram margar ástæður fyrir því. Hækkun benzínverðs getur dregið nokkuð úr benzínnotkun. Nýjar bifreiðar eyða minna benzíni en gamlar og slitnar bifreiðar. Meira er nú flutt inn af litlum bifreiðum og sparneytnum heldur en oft áður. Gömlu bifreiðunum með stóru vélunum eyðslufreku er lagt, vegna þess að ekki borgar sig lengur að halda þeim við. Árið 1964 voru 335 fólksbifreiðar teknar úr umferð og 542 vörubifreiðar.

Þess ber einnig að geta, að mikið er flutt inn af bifreiðum með dísilvélum, en gjöld af þeim eru tekin með þungaskatti. Benzínsalan árið 1962 reyndist vera 57.7 millj. lítrar, 1963 60.8 millj. l, og árið 1964 61.5 millj. l, áætlað, aukning á árinu aðeins 1.2%. Er það vissulega lítið, miðað við þann gífurlega innflutning bifreiða, sem verið hefur. En skýringin er að talsverðu leyti í því fólgin, að litlar evrópskar bifreiðar eyða aðeins ⅓ eða helming af því, sem hinar stærri og eyðslufrekari bifreiðar gera. Af því, sem hér er sagt, má reikna með því, að tekjur vegasjóðs vegna benzínsölu vaxi hægfara og í mesta lagi um 2% á árinu 1965, og er gert ráð fyrir, að aukningin verði nokkru meiri á árunum 1966—1968. Tekjur af þungaskatti ættu að vaxa í hlutfalli við aukinn bifreiðafjölda, og er reiknað með, að tekjur af þeim lið aukist um 9% á ári. Tekjur af gúmmígjaldi ættu að aukast eftirleiðis í hlutfalli við fjölgun bifreiða. Vegna mikils innflutnings á hjólbörðum á árunum 1962 og 1963, en þá var innflutningur hjólbarða gefinn frjáls, hefur innflutningur á árinu 1964 verið minni en áætlað var. Orsökin getur einnig legið í því, að birgðir séu nú minni í verzlunum, eftir að tollvörugeymslan var tekin í notkun, en sú ástæða ætti ekki að hafa áhrif nema á þessu eina ári. En þrátt fyrir það, þótt tekjur af gúmmígjaldi hafi verið nokkru minni en áætlað var, hafa tekjur vegasjóðs í heild verið í samræmi við tekjuáætlun fyrir árið 1964. Hefur þungaskatturinn bætt upp það, sem vantaði á gúmmígjaldið.

Tekjuáætlun fyrir árin 1965—1968 er byggð á reynslu liðins tíma og raunhæfu mati á því, hvernig málin munu þróast á áætlunartímabilinu. Með till. þeim, sem hér um ræðir, er tekjum vegasjóðs skipt eftir því, sem sanngjarnast þykir. Hv. fjvn. fær málið til meðferðar og afgreiðslu. Hv. alþm. hafa tækifæri til þess að koma till. á framfæri, eins og vera ber. Ég tel ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um málið að svo komnu.

Herra forseti. Ég legg til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til síðari umr. og hv. fjvn.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Í sambandi við þáltill. þessa um vegáætlun fyrir næstu 4 ár vil ég segja nokkur orð.

Vegamálin eða samgöngumálin í okkar landi eru eitt af þýðingarmestu málum. Þau eru allt í senn að vera samgöngumál, þau eru menningarmál, félagsmál og efnahagsmál. Allir þessir þættir grípa inn á það að hafa betri samgöngur, og á síðustu áratugum hefur áunnizt mikið þar að lútandi. En öllum er það ljóst, að betur má, ef duga skal, og þess vegna varð Alþingi sammála um það fyrir áramótin 1964 að leggja á þjóðina 100 millj. kr. nýja skatta til þess að poka þessum málum nokkuð á leið. Hitt verður að segjast, að því miður hefur árangurinn af þeirri skattaálagningu ekki orðið svo mikill sem skyldi, og þessi vegáætlun mun einnig valda okkur nokkrum vonbrigðum þar um.

Í sambandi við afgreiðslu vegal. og þess nýja þáttar í vegamálum, sem hér er nú upp tekinn með vegáætluninni, vil ég skýra frá því, að hér voru á frumstigi málsins uppi tvær stefnur eða tvær leiðir, sem bent var á til þess að leysa vegamálin í framtíðinni. Í fyrsta lagi var frv. okkar framsóknarmanna, sem flutt var hér á Alþingi 1960—1961, um vega- og brúasjóð. Meginmál þess frv. var að taka hluta af sérsköttum þeim, sem á umferðina eru lagðir, þ. e. benzínskattinn og þungaskattinn, og tekjur af þessum sköttum áttu að ganga til nýbygginga í vega- og brúargerð. Það, sem við töldum höfuðkost þeirrar stefnu, sem þar var lögð til, var það, að á þann hátt yrði tryggt, hvað nýbygging í vega- og brúargerð yrði mikil í framtíðinni, í sambandi við það, að þessi tekjuöflun átti eingöngu að ganga til nýbyggingar. Rök okkar fyrir því, að ríkissjóður annaðist áfram kostnaðinn af stjórn vegamála, af viðhaldinu og önnur þau útgjöld, sem nú er aflað sérstakra tekna til, voru þau, að ríkissjóður héldi eftir nokkrum hluta af sérsköttunum, sem var gúmmígjaldið og leyfisgjaldið, auk þess öllum hinum venjulegu tolltekjum. Stefna sú, sem mörkuð var með vegalagafrv. og síðar vegal., var hins vegar sú, að vegasjóðurinn skyldi sjá um alla þætti vegamálanna, þ. e. allt frá stjórn þeirra og til allra framkvæmdanna. Á þessari aðferð eru þeir höfuðgallar, að viðhald veganna hlýtur að aukast meira ár frá ári en tekjur til vegasjóðsins. Enn fremur hlýtur stjórn vegamála og annar slíkur kostnaður að aukast nokkuð verulega, ekki sízt ef efnahagsmálin verða í því ástandi framvegis, sem þau eru í nú. Það var og sjálfsagt, ef sú leið væri valin, sem valin var, að láta hina sérstöku skatta til vegamálanna bera algerlega uppi kostnað við vegagerðina í landinu, að taka alla sérskattana inn í þá tekjuöflun. Þetta var hins vegar ekki gert með vegal., og nú eru því á fjárl. íslenzka ríkisins 138 millj. kr. áætlaðar vegna leyfisgjalda af bifreiðum. Og ef gera má ráð fyrir, að reynsla þessa árs, 1965, verði svipuð og ársins 1964, munu tekjur af leyfisgjöldum verða a. m. k. í kringum 150 millj. kr. Þetta þýðir það, að ríkissjóður hefur í sérskatta af bifreiðum í landinu eða umferðinni í landinu um 100 millj. kr. umfram það, sem hann leggur til vegamálanna, því að það eru 47 millj. kr. En því er svo við að bæta, að almennar tolltekjur af bifreiðum og varahlutum til bifreiða, slík tekjuöflun ríkissjóðs var á árinu 1963 um 330 millj. kr. Það má því gera ráð fyrir, að á árinu 1965 verði þessi tekjuöflun ríkissjóðs hartnær 400 millj. kr.

Mér sýnist því, ef dæmið er gert upp á milli ríkissjóðs annars vegar og umferðarinnar í landinu hins vegar, þ. e. það, sem tekið er af bílum í leyfisgjöldum, benzínskatti, þungaskatti, gúmmígjaldi og af venjulegum tolltekjum, verði þessar tekjur í heild um

700—800 millj. kr., ef þetta er borið saman við árið 1963, en þá urðu þessar tekjur 350 millj. kr. rúmlega. Þess vegna munu í hlut ríkissjóðs koma 500 millj. kr. umfram það, sem fer til vegamálanna í landinu. Og það er mín skoðun, að íslenzka þjóðin hafi í raun og veru ekki efni á því að láta umferðina greiða svo mikið í almennar þarfir gegnum ríkissjóðinn umfram það, sem fer til vegamálanna. Í okkar landi er svo mikið af óunnum verkefnum á sviði vegamála, að það er óhugsandi að láta umferðina í landinu verða slíka tekjulind án þess að auka vegaféð verulega. Þess vegna er það staðreynd, að þrátt fyrir þá breytingu, sem við gerðum hér á s. l. ári og lögðum okkur allir sem einn fram um að leysa, náum við ekki þeim árangri, sem að er stefnt, vegna þess að hlutur ríkissjóðs er gerður allt of mikill. Það verður að vera stefna hv. Alþingis, að allir sérskattar á umferðina í landinu gangi til vegamálanna óskiptir, en ekki falli stór hluti þeirra til ríkissjóðs, eins og nú er gert með leyfisgjöldunum.

Þetta vildi ég segja við þessa fyrri umr. um vegáætlunina, því að það er sýnilegt af þeirri vegáætlun, sem hér liggur fyrir, að við náum ekki þeim árangri, sem við ætluðum okkur og nauðsyn ber að ná.

Samkv. þeirri vegáætlun, sem hér liggur fyrir, er, eins og fram kom í ræðu hæstv. samgmrh., gert ráð fyrir því, að tekjur samkv. áætluninni verði um 262 millj. kr. á árinu 1965. Af þessu fara um 10 millj. kr. til stjórnar vegamála. Við þennan lið er það að athuga, að auðvitað hlýtur hann að verða hærri en hér er gert ráð fyrir á 4 ára tímabilinu, ef þróun í efnahagsmálum verður eins og nú horfir. Það má gera ráð fyrir kauphækkun hér í landinu, og þá hækkar þessi liður að sjálfsögðu.

Annar liðurinn, sem er viðhaldsfé, er 90 millj. kr., og er það 10 millj. kr. hækkun frá því, sem er á árinu 1964. Hæstv. ráðh. gat þess, að nauðsyn bæri til að auka viðhald vega í landinu, bæði vegna þess, að þeir lengjast, umferðin eykst á þeim og bílarnir, sem um vegina fara, eru þyngri ár frá ári, og þurfa vegirnir eðlilega meira viðhald vegna þessara atriða allra. En ef við berum nú saman 4 ára tímabilið frá 1962—1965 og tímabilið frá 1965—1968, sem við gerum nú ráð fyrir að fara að afgreiða, kemur í ljós, að árið 1962 reyndist kostnaður við vegaviðhaldið í landinu um 62 millj. kr. En á árinu 1965 er gert ráð fyrir, að hann verði 90 millj. kr. Hækkunin á þessu 4 ára tímabili er því um 30 millj. kr. En hækkunin á næsta 4 ára tímabili á að verða 15 millj. kr. Vegaviðhaldið á að hækka úr 90 í 105 millj. kr. á 4 ára tímabili. Sýnist hv. þm., að hér sé verið að tryggja gott vegaviðhald á næstu 4 árum? Ég held, ef við berum saman reynslu síðustu ára, þegar viðhaldið hækkaði þó svo mikið sem raun ber vitni um, og berum það saman við það, sem fram undan er, verði ekki talið, að vel sé fyrir þessu séð, enda kemur það í ljós í skýrslu, sem fylgir vegáætluninni, þar sem gerður er samanburður á viðhaldsfénu. Þar kemur í ljós, að það er ekki vel fyrir þessum málum séð. Á bls. 42 í þáltill. um vegáætlunina er gerður samanburður um viðhaldskostnað þjóðvega, og þá er árið 1949 lagt til grundvallar. Viðhaldskostnaður á hvern ekinn km, miðað við verðlag 1949, var 12.7 aurar, en árið 1968 er gert ráð fyrir, að hann verði 5.3 aurar. Á tímabilinu frá 1965—1968 er gert ráð fyrir, að verði 5.9 1965, 5.7 1966, 5.5 1967 og 5.3 1968. Þetta er þá miðað við það, að verðlag í landinu haldist óbreytt. En sjá má af þessu, þegar það er haft í huga, hvað umferðin hlýtur að aukast á þessu tímabili, að það er ekki vel fyrir þessu séð. Þess vegna er ég sannfærður um það, að við verðum á tímabilinu að auka verulega fjármagnið til veganna í landinu, ef sæmilega á að vera fyrir viðhaldi veganna séð. Það verður ekki gert með því að auka viðhaldið úr 90 millj. í 105.

Ef við lítum svo á framkvæmdaáætlunina, kemur í ljós, að til nýrra vega er ætlað: Í fyrsta lagi til hraðbrauta 10 millj. kr. Af því fara 6.8 millj. kr. í afborganir af lánum, sem nú eru fyrir hendi í sambandi við Keflavíkurveginn. En 3.2 millj. kr. eru ætlaðar til annarra framkvæmda á ári þetta tímabil. Geta nú hv. alþm. gert sér grein fyrir því, hvað mikið yrði gert í framkvæmdum í hraðbrautum, ef fjármagnið verður ekki aukið. Enda þótt mér sé það ljóst, að við verðum að leysa þau framkvæmdaatriði með lántöku, mundi þessi fjárveiting ekki nægja til þess að greiða nema afborgun og vexti af sáralitlu láni, eins og augljóst er, þegar við berum það saman við framkvæmd þá, sem orðin er í Keflavíkurvegi, og 6.8 millj. þar nægja aðeins til greiðslu afborgana og vaxta af lánunum.

Í þjóðbrautir eru áætlaðar 24.8 millj. kr. í ár og 21.8 á næsta ári. En af þessu er framkvæmdafé 16.6 millj. kr. fyrsta árið, en fer upp í 22 millj. kr. síðasta árið. Hinn hlutinn fer til þess að greiða vexti og afborganir af þeim framkvæmdum, sem fyrr eru unnar. Augljóst er, að ef gera á stórátök í framkvæmdum í þjóðbrautum, eins og rætt er um hér í vegáætluninni, t. d. Siglufjarðarveg, Múlaveg, og svo koma ótal fleiri stór verkefni, reynast þessar fjárhæðir harla litlar.

Til landsbrauta er gert ráð fyrir, að framkvæmdafé verði um 22 millj. kr. 1965, 20 millj. kr. 1966 og komist upp í 26½ millj. í lok framkvæmdatímabilsins. Þessar fjárhæðir, sem hér er um að ræða, eru svipaðar fjárhæðir eða lítið eitt hærri en verið hefur undanfarin ár og svipuð fjárhæð og fór til framkvæmdanna á s. l. sumri. Það er einnig ljóst, að þarna verða ekki gerð þau stórátök, sem gert var ráð fyrir, að hægt yrði að leysa, þegar vegal. voru samþykkt. Tekjuöflunin, sem þá var séð fyrir, nægir ekki nema að litlu leyti til þess að leysa verkefnin, vegna þess að það var ekki gengið eins og gera átti í það að taka alla sérskattana, sem á umferðina voru lagðir, til vegamálanna.

Þegar nú kemur að því að framkvæma vegáætlunina til næstu 4 ára, er ljóst, að það verður ekki gert með þeirri tekjuöflun, sem hún gerir ráð fyrir, nema verulegt lánsfé verði til framkvæmdanna á tímabilinu. Við afgreiðslu vegáætlunar nú verður að taka með lánsheimild til framkvæmda í öllum vegaflokkunum, þ. e. hraðbrautum, þjóðbrautum og landsbrautum, og það á að verða hlutverk Alþingis að skipta þessum lánsfjárheimildum einnig á milli hinna stærri vega og milli kjördæma í landsbrautunum. Það er í raun og veru ekki hægt að hugsa sér að hafa þá framkvæmd á þeim málum, sem verið hefur, að einstaka þm. og einstaka kjördæmi hafa gengið fram í því að útvega sér fé í þennan og þennan veginn. Það verður að vera heildarstefna í þeim málum, og hún verður að vera mörkuð af Alþingi sjálfu. Þess vegna verður að koma inn í vegáætlunina eða jafnhliða vegáætluninni að afgreiða heimild til lántöku vegna vegaflokkanna og skipta því fé á milli kjördæmanna, en þm. og vegamálastjóri skipta því svo aftur innan kjördæmisins, eins og um fjárveitingu væri að ræða. Þetta þarf að taka upp í sambandi við afgreiðslu vegáætlunarinnar.

Ég vil svo, um leið og ég lýk máli mínu, undirstrika, að það á að vera stefna hér á hv. Alþingi, að allir sérskattar, sem lagðir eru á bifreiðar í landinu, eiga að ganga beint til vegamálanna. Þar á ég við, að leyfisgjaldið gangi þangað einnig, eins og benzínskatturinn og þungaskatturinn núna. Og ríkissjóður á að leggja fram af tolltekjum sínum, sem hann fær vegna umferðarinnar í landinu, fé vegna stjórnar vegamála og til viðhalds þjóðvega. Þetta er stefnan, sem við verðum að marka og ná að koma henni í framkvæmd, því fyrr, því betra.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Þegar vegaskýrslan var til umr. hér í haust, beindi ég því til hæstv. samgmrh., að nauðsynlegt væri að láta þm. í té yfirlit yfir, hvernig viðhaldsfénu hefði verið skipt á s. l. ári milli hinna einstöku vega í landinu. Hæstv. ráðh. tók þessu mjög vel og taldi eðlilegt og ekkert því til fyrirstöðu, að þetta yrði gert. Ég vil nú beina því til hans, hvort hann sjái ekki möguleika á því, að slíkt yfirlit liggi fyrir við síðari umr. þessarar vegáætlunar. Hér á ég bæði við viðhaldsféð og það fé, sem varið er til snjómoksturs á vegum. Það er ekki óeðlilegt, að þm. vilji fylgjast með þessari skiptingu, þar sem hér er um allverulegar fjárhæðir að ræða og miklu meiri fjárhæðir en til nýbyggingar vega, sem þingmenn hafa þó allmikið fyrir að skipta á hina einstöku vegi í landinu.

Ég sé það alltaf betur og betur, að annmarkar eru á því að afgreiða vegáætlun til 4 ára. Og ég er reyndar kominn á þá skoðun, að í framkvæmd verði hér alls ekki um neina 4 ára vegáætlun að ræða, heldur verði ákvæði vegal. um endurskoðun eftir 2 ár notuð, því að það verður ekki hægt að komast hjá því. Það er ekki hægt að gera áætlun um vegina 4 ár fram í tímann, sem við getum sætt okkur við eða stenzt, það sýnist mér alveg útilokað. Og sú vegáætlun, sem hér liggur fyrir, gefur strax nokkrar bendingar um það. Ég sé, að sumir liðir þessarar áætlunar eiga að hækka verulega á þessum 4 árum frá því, sem á að vera á þessu ári. Stjórn og undirbúningur vegamálanna á að hækka um 9% frá 1965—1968. Viðhald þjóðveganna á að hækka um 16% hér um bil á þessum sömu árum, og mun sannarlega ekki af veita. En til nýrra þjóðvega á ekki að koma hækkun. Nei, sú fjárveiting á að lækka, hún á að verða 2% minni á árinu 1968 heldur en 1965, og hún á að vera 9% minni á næsta ári heldur en í ár. Lagt er til, eða áætlað er, að til nýrra þjóðvega fari 61 millj. 900 þús. á þessu ári, en strax á næsta ári eiga það ekki að vera nema 56½ millj.

Þarna er gert ráð fyrir lækkun strax og það allverulegri, eða um 9%. Engin hækkun á að koma frá því, sem á að vera á þessu ári, og allt til 1968, heldur lækkun. Ég efast um, að nokkur þm. sætti sig við þetta. Og til brúargerða á upphæðin að standa í stað, 31 millj. kr. og 40 þús. á árinu 1968. Það er óheppileg þróun þetta. En í tilefni af þessu vil ég benda á, að það er varla fært að mínu áliti að afgreiða vegáætlun löngu eftir afgreiðslu fjárlaga. Það verður að leitast við að framkvæma það ákvæði vegal. að afgreiða hvort tveggja samtímis, því að hér er fáum leiðréttingum hægt að koma við, þegar vegáætlunin kemur nú löngu eftir að búið er að ákveða fjárlög fyrir þetta ár. Hverju á að breyta? Mér sýnist, að hlutverk okkar verði það eitt að skipta þessu, sem þarna er áætlað, og ekkert annað. Það er búið að slá fastri fjárveitingunni fyrir þetta ár úr ríkissjóði, sem nú er sama og var s. l. ár, um 47 millj., og í þessari áætlun er gert ráð fyrir, að sú upphæð verði óbreytt í 4 ár, ekki á hún að hækka. Hvað sem líður kostnaði við vegagerð, hvað sem líður vinnulaunum í landinu, hvað sem líður verðbólgunni, þá skal hún standa í stað samkv. þessari vegáætlun. Nei, ég held, að það verði ekki hægt að hafa þennan gang á til frambúðar. Úr því sem komið er, er náttúrlega ekki um annað að ræða en afgreiða þessa vegáætlun nú. En óviðunandi er að hafa þetta í engum tengslum við afgreiðslu fjárlaga. Þm. geta kannske alveg orðið sammála um að verja meira fé til vegamála í landinu, þegar þeir sjá vegáætlunina, sjá þörfina betur en áður en vegáætlunin kemur fram. En þá er ekki hægt að hrófla við neinu, því að þá eru fjárl. afgreidd.

Einn mikilsverðan lið vantar áreiðanlega inn í þessa áætlun, og vænti ég, að hann komi frá hv. n., en það eru lán til vega, eins og hér hefur verið rætt um, og skal ég ekki fara lengra út í það mál. En ég legg áherzlu á tvennt: Það verður ekki framkvæmanlegt að afgreiða vegáætlun nema til 2 ára. Hvað sem stendur á pappírnum, verður ekki við það

unað. Hún verður að endurskoðast eftir tvö ár a. m. k. og kannske alveg gerbyltast. Og í öðru lagi verður að afgreiða vegáætlunina í beinu sambandi við afgreiðslu fjárlaga, svo að hægt sé að jafna metin með fjárveitingu, eftir því sem Alþingi vill veita til vegamála hverju sinni.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þessa vegáætlun nú frekar. Það gefst sjálfsagt tækifæri til þess, þegar hún kemur úr nefnd, en ég vænti þess, að hæstv. ráðh. leitist við að verða við þessum óskum um, að skýrsla komi yfir skiptingu viðhaldsfjárins í landinu á árinu sem leið.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til fjvn. með 32 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Sþ., 25. marz, var till. tekin til síðari umr. (A. 146, n. 350 og 356, 348, 357).

Frsm. meiri hl. (Jón Árnason): Herra forseti. Till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1965—1968 var vísað til fjvn. 10. febr. s. l. Hefur n. síðan rætt málið á 18 fundum. Eins og fram kemur í nál., stendur n. öll sameiginlega að brtt. á þskj. 348. Hins vegar hefur ekki náðst samkomulag innan n. um endanlega afgreiðslu málsins. Sá ágreiningur, sem átti sér stað innan n., var um tekjuhlið vegáætlunarinnar. Vildi minni hl. hækka tekjuliðina um 30 millj. kr. fyrir hvort árið 1965 og 1966, og skyldi afla tekna með viðbótarlántökum umfram það, sem hinar sameiginlegu till. n. gera ráð fyrir. Undir afgreiðslu málsins mætti vegamálastjóri á fundum n. Veitti hann margvíslega aðstoð og upplýsingar. Þá átti n. fund með vegamálaráðh. og vegamálastjóra sameiginlega, þar sem ræddir voru sérstakir þættir vegáætlunarinnar.

Það er nú í fyrsta skipti, eftir að vegal. frá 30. des. 1963 voru samþ., að vegáætlun til fjögurra ára liggur fyrir til afgreiðslu. Á síðasta þingi var samþykkt vegáætlun, sem náði aðeins til ársins 1964 hvað framkvæmdir snerti. Hins vegar var þá að mestu gengið frá öðrum þáttum vegáætlunarinnar, svo sem flokkun veganna og öðru því, sem lýtur að ákvæðum l. að öðru leyti. Eins og vegal. kveða á um, eru nú till. gerðar um allar þær framkvæmdir, sem fyrirhugaðar eru á umræddu tímabili. Gegnir sama máli um þær framkvæmdir, sem unnar verða fyrir handbært fé úr vegasjóði, og þær framkvæmdir, sem vinna skal að fyrir væntanlegt lánsfé. Með hliðsjón af því flytur n. brtt. um, að á eftir II. kafla, um skiptingu útgjalda, komi nýr kafli, svo hljóðandi:

„Framkvæmdir við hraðbrautir, þjóðbrautir og landsbrautir, sem ekki verða að öllu leyti greiddar af fé vegasjóðs á áætlunartímabilinu. Heimilt er að vinna að lagningu hraðbrauta, þjóðbrauta og landsbrauta svo sem rakið er hér á eftir, ef fjár verður aflað til framkvæmdanna."

Þau verkefni, sem þannig er ætlað að vinna að á fjögurra ára tímabilinu, eru í fyrsta lagi hraðbrautir: Reykjanesbraut, Vesturlandsvegur, Suðurlandsvegur og Hafnarfjarðarvegur. Fyrirhuguð lán til framkvæmda í hraðbrautunum eru 1965 62.5 millj., 1966 63.9 millj., 1967 75.8 millj. og 1968 71.8 millj. kr.

Í öðru lagi eru þjóðbrautir. Þar er um að ræða Siglufjarðarveg eða Strákaveg, Múlaveg, Austurlandsveg og Suðurfjarðaveg um Vattarnes. Fyrirhugað lán til framkvæmda í þjóðbrautum er á árinu 1965 15.4 millj., 1966 15.6 millj., 1967 6 millj. og 1968 6 millj. kr. Þá er gert ráð fyrir að taka lán til landsbrauta, samtals 3½ millj. kr., á árunum 1966—1968 og verja því fé til byggingar Heydalsvegar.

Samkv. 10. gr. vegal. skal vegamálastjóri semja till. að vegáætlun fyrir þjóðvegi, aðalfjallvegi og aðra fjallvegi til fjögurra ára í senn, til leiðbeiningar um skiptingu þess fjár, sem til ráðstöfunar er hverju sinni til vegagerðar. Skal áætlunin annars vegar gera grein fyrir þeim framkvæmdum, sem fyrirhugaðar eru á tímabilinu, en hins vegar þeirri fjáröflun, sem gert er ráð fyrir vegna þeirra. Þegar vegáætlunin var lögð fram á Alþ., hafði vegamálastjóri ekki gengið frá till. sínum um skiptingu fjár eða till. um einstakar vegaframkvæmdir. Þessar till. bárust n. hinn 15. febr. Voru það ýtarlegar og sundurliðaðar upplýsingar um kostnað við nýbyggingu helztu þjóðbrauta, landsbrauta, brúargerðir og síðar komu till. um hraðbrautir. Þessar upplýsingar vegamálastjóra náðu yfir framkvæmdir á þjóðbrautum, sem kosta 227 millj. og 350 þús. kr. Þar á móti er fé til ráðstöfunar í vegáætlun samkv. till. vegamálastjóra 89 millj. 510 þús. Til framkvæmda í landsbrautum voru áætlanir yfir 193 millj. 195 þús. kr., en þar á móti var á sama hátt fé til framkvæmda 99 millj. 590 þús. kr. Til brúargerða voru kostnaðaráætlanir yfir 32 stórbrýr og 73 brýr, sem eru 10 m og lengri, eða samtals 105 brýr. Heildarkostnaður er 219 millj. 275 þús. kr., en fjármagn í vegáætlun samkv. till. vegamálastjóra 92 millj. 495 þús. kr. Þá fylgdi till. vegamálastjóra yfirlit um stórbrýr á óbrúuðum ám og brýr, sem þarf að endurbyggja á næstu 10 árum. Stórbrýr eru þær brýr kallaðar, sem kosta 2 millj. kr. eða meira. Fjöldi þeirra, sem talið er að þurfi að byggja eða endurbyggja á næstu 10 árum, er alls 59 brýr, samtals 3631 lengdarmetrar og kostnaður áætlaður 232.5 millj. Brýr, sem eru 10 m og stærri, en undir 2 millj. kr. kostnaði, telur vegamálastjóri á sama hátt að séu alls 187, samtals 3727 lengdarmetrar og áætlaður heildarkostnaður 165.9 millj. kr. Eins og sjá má af vegáætluninni og þeim fskj., sem með henni eru, ásamt þeim upplýsingum, sem vegamálaskrifstofan hefur látið fjvn. í té, er ljóst, að þegar er búið að vinna geysimikið verk varðandi allan undirbúning að framhaldi og endurbyggingu þjóðveganna. Hafa þessar upplýs-

ingar auðveldað þm. að átta sig á stærð þeirra verkefna, sem úrlausnar bíða, og með hliðsjón af því hafa þeir svo gert sínar till. um skiptingu þess fjármagns, sem fyrir hendi er.

Í aðalatriðum er skipting á fé milli kjördæma í sömu hlutföllum og var á s. l. ári. Hefur n. einnig á sama hátt og áður haft samráð við þm. um einstakar fjárveitingar og farið nær eingöngu eftir óskum þeirra um skiptinguna. Í bréfi vegamálastjóra til fjvn. 15. febr. s. l. segir m. a.:

„Þegar till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1965—1968 var lögð fram á Alþ. á s. l. hausti, varð að sjálfsögðu að áætla tekjur vegasjóðs samkv. vegal. fyrir seinasta ársfjórðung ársins 1964. Þar sem ofangreindri till. til þál. var ekki vísað til fjvn. fyrr en í byrjun þessa mánaðar, hefur í samráði við samgmrn. þótt rétt að endurskoða áætlanir um tekjur og skiptingu útgjalda með hliðsjón af ýtarlegri upplýsingum um þessi atriði, er nú liggja fyrir."

Þær breytingar, sem endurskoðunin leiddi í ljós varðandi tekjuliði áætlunarinnar, snerta aðeins árið 1965, en eftirstöðvar tekna frá árinu 1964 eru taldar vanáætlaðar um 1.5 millj. kr. nettó. Hækka því tekjuliðir um sömu upphæð. D-liður tekjuáætlunarinnar, ríkisframlag vegna 89. gr. vegal., var 47.1 millj. Er það 100 þús. kr. hærri upphæð en fjárlög heimila og varð því að leiðrétta. B-liðurinn, tekjur af þungaskatti, var hins vegar hækkaður um sömu upphæð, og hafa þessar breytingar því ekki áhrif á niðurstöðutölur tekjuáætlunarinnar. Nettótekjur áranna 1966—1968 eru því óbreyttar.

Í sambandi við skiptingu útgjalda verður nú að taka tillit til þeirra breytinga, sem átt hafa sér stað, frá því að vegáætlunin var samin í októbermánuði s. l., og hafa bein áhrif til hækkunar á allmarga útgjaldaliði áætlunarinnar. Breytingar þessar eru: Hækkun söluskatts 1. jan. úr 5.5% í 7.5%, hækkun á launum opinberra starfsmanna um 6.6% allt árið 1965 og hækkun kaupgjaldsvísitölu um 3.05%, sem kom til framkvæmda 1. marz, og tekur sú hækkun einnig til opinberra starfsmanna. Öll þessi atriði hafa í för með sér breytingar, sem leiða til hækkunar á framkvæmda- og rekstrarkostnaði vegagerðarinnar. Var því óhjákvæmilegt að taka fullt tillit til þess við skiptingu á fé til útgjalda í vegáætlun. Við lið 1, stjórn og undirbúning, nam hækkun útgjalda um og yfir 500 þús. kr. hvort árið. Liðurinn viðhaldskostnaður þjóðvega hækkar 1965 um 2½ millj., 1966 um 2.7 millj., 1967 um 2 millj. 750 þús. og 1968 um 3 millj. kr. Þá varð lítils háttar hækkun á liðunum: til vega í kaupstöðum og kauptúnum og til tilrauna í vega- og gatnagerð. Hvort tveggja er það í samræmi við vegal. og nær aðeins til ársins 1965 í sambandi við hærri tekjur vegasjóðs það ár, eins og ég hef áður skýrt frá. Þar sem tekjur vegasjóðs eru nær óbreyttar, koma þessar útgjaldahækkanir til þess að valda nokkurri lækkun á ýmsum útgjaldaliðum. Þó helzt upphæðin til hraðbrauta, sem er 10 millj. kr., óbreytt, enda er verulegur hluti af upphæðinni ætlaður til þess að standa undir samningsbundnum afborgunum og vöxtum af lánum, sem búið er að taka til þessara framkvæmda.

Heildartekjur vegasjóðs verða samkv. áætlun árið 1965 263.7 millj. kr. Er það um 21.6 millj. kr. hærri upphæð en var í vegáætlun 1964, en þar af eru 16.7 millj. eftirstöðvar frá fyrra ári. Til viðbótar þessu er nú gert ráð fyrir að taka lán til vegaframkvæmda, að upphæð 77.9 millj. kr., og skiptist það þannig, að 62.5 millj. fara til Reykjanesbrautar, 11.4 millj. til Siglufjarðarvegar og 4 millj. til Múlavegar. Aðrir vegir, sem heimilt er að taka lán til framkvæmda á þessu fjögurra ára tímabili, eru Vesturlandsvegur, hraðbrautin frá Reykjavík áleiðis upp í Kollafjörð, samtals 62.5 millj., Suðurlandsvegur samtals 60.1 millj., Hafnarfjarðarvegur 23 millj., og til þjóðbrauta: Austurlandsvegur um Möðrudal og Jökuldal samtals 6 millj., Suðurfjarðavegur um Vattarnes samtals 9 millj. og Heydalsvegur á árunum 1966—1968 samtals 3½ millj. kr.

Samkv. þessu, sem ég hef nú sagt, verður heildarfjármagn, sem varið verður til vegamála á árinu 1965, 341.6 millj. kr. Ætla ég, að það sé allmiklu meira fjármagn en dæmi eru til um áður, að varið hafi verið til vegamála á einu ári. Eins og fram kemur á þskj. 348, gerir n. till. um nýja vegakafla, þeir verði teknir í þjóðvegatölu. Eru þær till. allar í samræmi við ákvæði vegal. um það, hvaða vegir skuli teljast til þjóðvega. Að öðru leyti eru till. n. hér um smávægilegar orðalagsbreytingar, sem hefur þótt rétt að gera varðandi örnefnatilvísanir og prentvillur, sem sézt hefur yfir að leiðrétta, þegar vegáætlunin var samþ. á síðasta þingi.

Sá þáttur, sem hvílir hvað þyngst á vegasjóði, er kostnaðurinn við vegaviðhaldið. Fer sú upphæð stöðugt hækkandi, og í ár er gert ráð fyrir að verja 92.5 millj. kr. í þessu skyni. Er sú upphæð ein út af fyrir sig meira en öll fjárveiting var til vegamála á árinu 1959. Segja má, að það sé eðlileg afleiðing af lengingu akbrautanna og aukinni umferð. Ég tel hins vegar, að nokkuð ætti þó að koma á móti, þegar fjölförnustu vegirnir, eins og Reykjanesbrautin, Vesturlandsvegur að Kollafirði og Suðurlandsvegur hafa verið byggðir úr varanlegu efni. Ég efast ekki um, að þetta eru þeir vegakaflar, sem taka tiltölulega langmest til sín af fé til viðhalds.

Í grg. vegamálastjóra um viðhaldskostnað þjóðveganna koma fram ýmsar skýringar, sem rétt er að ræða nokkru nánar. Hann segir, að þeir rúmlega 800 km, sem bættust í tölu þjóðvega á síðasta ári, hafi að mestu leyti verið sýsluvegir, sem viðhald hafi verið vanrækt á árum saman vegna fjárskorts og raunar flestir byggðir af vanefnum í upphafi. Þegar þetta er haft í huga, sé ekki

að undra, þótt viðhald þjóðveganna á s. l. ári hafi verið lakara en undanfarin ár.

Þá er það annað vandamál, sem snýr að viðhaldi veganna og skiptir ekki minna máli, en það eru hinir sívaxandi vöruflutningar með stórum vörubifreiðum frá Reykjavík til hinna fjarlægustu staða, til Ísafjarðar og allt til Hafnar í Hornafirði. Þessir flutningar, segir vegamálastjóri, að byggist m. a. á óeðlilega lágum þungaskatti og einnig því, að þessar bifreiðar eru að jafnaði hlaðnar langt yfir það, sem umferðarlögin leyfa, án þess að viðkomandi yfirvöld fái rönd við reist. Samkv. umferðarl. frá 1958 er leyfður 6 tonna öxulþungi á öllum opinberum vegum. Á örfáum aðalleiðum er þó leyfður nokkru hærri öxulþungi. Hins vegar hefur komið í ljós, að mikið af þeim bifreiðum, sem stunda vöruflutninga á langleiðum, eru með 8, 10 og allt upp í 12 tonna öxulþunga. Segir vegamálastjóri, að bifreiðar með slíkan öxulþunga risti beinlínis í sundur veikbyggða, gamla malarvegi og brjóti niður ræsi og brýr, sem byggð voru fyrir allt annan þunga. Þá telur hann, að vegalögreglan, sem annast eftirlit með því, að ákvæðum umferðarl. sé framfylgt, sé allt of fáliðuð til þess að geta sinnt þessu verkefni svo sem þörf er á. En þar við bætist, að dómsvaldið hafi í flestum tilfellum dæmt svo lágar sektir vegna brota á ákvæðum öxulþunga, að það hafi ekki haft tilætluð varnaráhrif. Verði ekki unnt að stemma stigu við þessari þróun, muni viðhaldskostnaður vega og brúa á ýmsum aðalleiðum vaxa úr hófi fram á næstu árum. En hvenær sem er geta hlotizt af þessu stórslys og hinar alvarlegustu afleiðingar, eins og öllum má ljóst vera. Ég tel, að Alþ. beri að taka þessar ábendingar vegamálastjóra til sérstakrar athugunar og gera síðan nauðsynlegar ráðstafanir, hvort heldur er með nýrri lagasetningu eða á annan hátt, sem að gagni má koma.

Ég vil að lokum endurtaka, að með samningu þeirrar vegáætlunar, sem hér liggur fyrir til afgreiðslu, hefur verið unnið mikið verk. Liggja nú fyrir meiri upplýsingar og heildarásetlanir í vega- og brúamálum en áður hefur átt sér stað. Af þessu leiðir, að nú er auðveldara að taka upp skipulagðar framkvæmdir og stærri áfanga í senn, eftir því sem aðstæður leyfa, en með því ætti að nýtast betur en ella það fjármagn, sem fyrir hendi er hverju sinni.

Sumir alþm. hafa látið í ljós, að þeir hafi orðið fyrir vonbrigðum með nýju vegal., þeir hefðu búizt við, að miklu meira fjármagn yrði til ráðstöfunar við nýjar byggingarframkvæmdir en raun væri á. Hitt er þó staðreynd, að fjármagn til vegamála hefur verið stóraukið. Við erum að framkvæma og höfum í sumum tilfellum nýlokið við stærri átök í vegamálum en dæmi eru til um áður í þessu landi. Það er svo annað mál, að nú, þegar vegáætlun til fjögurra ára liggur fyrir með öllum þeim upplýsingum, sem henni fylgja, verður enn ljósara en áður, að mörg aðkallandi verkefni bíða enn úrlausnar, verkefni, sem kosta mikið fjármagn, þegar til framkvæmda kemur.

Herra forseti. Ég legg svo til, að till. fjvn. á þskj. 348 verði samþykktar og vegáætlunin með þeim breytingum afgreidd sem ályktun Alþingis.

Frsm. minni hl. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. frá minni hl. fjvn. á þskj. 356, skildu leiðir í fjvn. við lokaafgreiðslu vegáætlunarinnar. Er í nál. gerð nokkur grein fyrir því, hvers vegna leiðir skildu, og vil ég víkja nokkuð að þeirri tillögugerð, er minni hl. gerir, en vil þó í upphafi máls míns víkja nokkuð að málinu almennt.

Hér er um stórmál að ræða, því að samgöngumálin eru eitt af meiri háttar málum í okkar landi. Góðar samgöngur eru undirstaðan undir heilbrigðu og góðu viðskiptalífi, og þær hafa mikið menningargildi. Þegar vegal. voru sett hér á Alþ. í lok ársins 1963, sameinaðist Alþ. um þá lagasetningu vegna þess, hve þörfin var brýn á meira og stærra átaki í vegagerð en áður hafði verið. Það var skoðun hv. alþm., að með lagasetningunni yrði hægt að gera stærra átak í vegamálum en áður hafði verið og þau mundu leysa þau verkefni miklu betur og fyrr en verið hefði. Hins vegar hefur það farið svo, eins og fram kom í ræðu hv. 4. þm. Vesturl., frsm. meiri hl., að hv. alþm. hafa orðið fyrir nokkrum vonbrigðum með framkvæmd þessara laga eða þá reynslu, sem af þeim er, sérstaklega hvað þeir fjármunir, sem til skipta hafa verið, hafa reynzt litlir.

Þegar gerð var grein fyrir vegalagafrv. í grg. þess, var m. a. bent á þau verkefni, sem fyrir lægju og setning l. væri stefnt að því að leysa. Það var í fyrsta lagi bent á það, að bifreiðaeign landsmanna í heild jókst um 100% á árunum 1950—1960, og ekki er talið ólíklegt, segir þar, að aukningin nemi öðrum 100% til 1966. Þar að auki hefur fjölgað stórum og þungum bifreiðum, sem slíta vegakerfinu mikið og krefjast breiðari vega. Það er enn þá bent á það, að ófullgerðir eru mikilvægir kaflar í vegakerfinu, jafnvel höfuðvegir milli landshluta. Mikið vantar á, að nægjanlega greitt samband sé á milli stórra landbúnaðarhéraða. Það er líka bent á það, að enn eru óbrúaðar hátt á annað hundrað ár á þjóðvegum. Aðkallandi er að endurnýja margar stórbrýr. Aðeins á einum stað eru jarðgöng í vegi í notkun, og þar sem umferðin er mest, er svo komið, að illmögulegt er að halda gömlum malarvegum sómasamlega við. Erlendis er byrjað að setja varanlegt slitlag á vegi, þegar umferðin nær 200—300 bifreiðum á dag. Hér er rétt verið að byrja á varanlegri vegagerð.

Þessi fáu dæmi sýna, að verkefnin, sem við er að fást í vegagerðinni, eru mörg og stór og brýna nauðsyn ber til að leysa þau.

Og í lok þessa yfirlits hjá vegalaganefnd segir svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Þannig mætti lengi telja dæmi um óleyst verkefni, á sama tíma sem þörfin fyrir vegi stóreykst með ári hverju, vegakerfið verður að vaxa með bættum lífskjörum fólksins og aukinni framleiðslu og alhliða framförum."

Þetta eru í raun og veru þau grundvallaratriði, sem lágu til setningar vegalaganna árið 1963. Sú stefna, sem tekin var með setningu vegalaganna, var að mynda sérstakan sjóð, sem stæði undir allri vegagerð í landinu. Þessum sjóði voru fengnir tekjustofnar, sem voru nokkur hluti af sérsköttum þeim, sem lagðir eru á bifreiðaeign landsmanna, þ. e. benzinskatturinn, þungaskattur af dísilbifreiðum og gúmmigjald af bifreiðum. En einn sérskattur var látinn eftir liggja, en það eru leyfisgjöld fyrir innfluttum bifreiðum, sem ríkissjóður heldur enn þá, þrátt fyrir að sú stefna hafi verið mörkuð, að sérskattarnir ættu að standa undir vegagerðinni. Það verður að vera baráttumál hér á hv. Alþingi, að þessu verði breytt. Allir sérskattar, sem teknir eru af bifreiðaeign landsmanna, verða að ganga óskiptir til vegamálanna í landinu, eins og þeir sérskattar, sem vegagerðin hefur nú. Að því átti að stefna með vegalögunum, þar sem þessir tekjustofnar eru einnig látnir greiða stjórn vegamálanna. Það er eðlilegt, að allir sérskattarnir gangi til vegagerðarinnar í landinu. Og það er greinilegt, hvert stefnir með framkvæmdir í vegamálum, ef þeirri stefnu verður fylgt eftir, sem vegalögin nú hafa markað. Ef við gerum samanburð á framkvæmdafé árið 1964, sem er fyrsta ár vegalaganna, og árin 1965—1968, sem þeirri vegáætlun er ætlað að gilda, sem hér á að fara að afgreiða, þá sjáum við í fljótu bragði, hvert stefnir um framkvæmdir í vegamálum. Þó mun það koma betur fram síðar vegna þess, hve verðlag og kaupgjald er óstöðugt í okkar landi, en það kemur til með að hafa veruleg áhrif á framkvæmdamátt vegafjárins.

A árinu 1964 var ætlað til framkvæmda í hraðbrautum, þjóðbrautum, landsbrautum og brúargerð 93.6 millj. kr. En árið 1965, eftir að búið er að gera þá skerðingu, sem hæstv. ríkisstj. hefur ákveðið að gera á framlagi ríkissjóðs til vegamálanna, verður framkvæmdafé um 85.5 millj. kr. í þessum sömu framkvæmdaflokkum. Á árinu 1966 er gert ráð fyrir, að það verði 83.3 millj. kr., árið 1967 85.2 millj., og árið 1968 verður það 90 millj. kr. Útkoman á þessu tímabili verður því sú, að mest er veitt til framkvæmda árið 1964, en fer minnkandi öll árin síðar. Nú er við þetta að athuga, að síðari hluti þessa áætlunartímabils getur orðið enn þá óhagstæðari en þessi mynd bendir til, vegna þess að verðlagið í landinu getur haft þar veruleg áhrif, og það sýndi sig á þeim stutta tíma, sem leið frá því að þáltill. um vegáætlun var lögð fram í desember og fram í febrúar, þegar vegamálastjóri lagði fyrir fjvn. till. sínar til skiptingar, þá hafði vegna verðlagsbreytinga átt sér stað nokkur breyting á framkvæmdafé, eins og hv. formaður fjvn. drap á hér áðan. Vegna þess að tekjuáætluninni var breytt við endurskoðun, svo að hún hækkaði lítils háttar frá því, sem gert hafði verið ráð fyrir, þegar till. var lögð hér fram, þá var skerðing á árinu 1965 1.4 millj., ekki meiri, en á síðari árunum, 1966, 1967, 1968, er þessi skerðing samkv. áætlun vegamálastjóra yfir 3 millj. kr. Þetta var vegna þess, að aukinn kostnaður verður við stjórn vegamálanna vegna kaupbreytinga og notagildi viðhaldsfjárins minnkaði, og þar af leiðandi var gengið á framkvæmdafé, þar sem ekki var talið fært að láta viðhaldsféð rýrna. Verði svipuð eða meiri verðlagsbreyting á þessu á næstu árum, þá kemur það til með að hafa í vaxandi mæli áhrif á framkvæmdafé í vegagerðinni á þann hátt að rýra það.

Ég gat um það hér fyrr í ræðu minni, að stefna bæri að því, að til vegamálanna gengju óskertir þeir tekjustofnar, sem ríkissjóður hefur áður haft og ég hef kallað sérskatta á umferðina, þ. e. benzínskattur, þungaskattur og leyfisgjöld. Í sambandi við þetta vil ég skýra frá því, hver hefur orðið þróun í þessum málum hin síðustu ár, hvort fjárveiting eða framlag til vegamálanna hefur gengið í þá átt, að hlutur ríkissjóðs af þessum tekjum hefur vaxið eða hvort það er hið gagnstæða. Í því sambandi vil ég leyfa mér að vitna í samanburð á fjárlögum áranna frá 1958 og til þessa dags, og þá tek ég annars vegar tekjur þær, sem ríkissjóður hafði sérstaklega af benzínskatti, þungaskatti og leyfisgjöldum, og þær fjárveitingar, sem gengu til vegamálanna í heild á þessu tímabili.

Á árinu 1958 var það svo, að ríkissjóður greiddi 34 millj. kr. fram yfir það, sem hann hafði í tekjur af þessum tekjustofnum. Árið 1959 voru þetta um 40 millj., sem ríkissjóður greiddi til vegamálanna í landinu umfram það, sem hann hafði í tekjur af þessum þrem tekjustofnum. Árið 1960 hefur ríkissjóður í tekjur af þessum þrem tekjustofnum umfram það, sem greitt er til vegamálanna, 32 millj. kr. Árið 1961 hefur ríkissjóður í tekjur umfram það, sem greitt er til vegamálanna, þegar miðað er við þessa sömu tekjustofna, 7.7 millj. kr. 1962 hefur hann 14.6 millj. kr. 1963 hefur hann 30 millj. kr. í tekjur umfram gjöld sín til vegamála af þessum tekjustofnum. 1964 hefur hann 43 millj. kr. Og samkv. fjárl. 1965 hefur ríkissjóður tæpar 100 millj. kr. í nettótekjur umfram það, sem veitt er til vegamálanna.

Þetta sýnir þá þróun, sem hefur orðið hin síðustu ár, og það sýnir, að hækkun sú, sem hefur verið gerð á þessum tekjustofnum, hefur orðið til þess, að meira fé gengur til vegamálanna en áður hefur verið, en einnig til þess, að ríkissjóður hefur meiri nettótekjur af þessum tekjustofnum en nokkru

sinni fyrr. Og ég endurtek þá skoðun, sem ég hef lýst hér áður í umboði míns flokks, að sú stefna, sem verður að vinna fylgi hér á Alþingi, er, að þessu verði snúið við og ríkissjóður skili til vegagerðarinnar í landinu öllum þeim tekjum, sem hann hefur af þessum tekjustofnum. Það er ekki hægt að gera ráð fyrir því, að í landi, þar sem jafnmikið er ógert í vegamálunum og hér er, geti umferðin orðið beinn tekjustofn umfram það, sem tolltekjur eru af bifreiðum og varahlutum til þeirra. Þar er því við að bæta, að ofan á þetta eru svo stórfelldar auknar tolltekjur vegna fjölgunar bifreiða, meiri innflutnings á varahlutum og öðru því, sem umferðinni tilheyrir. Þess vegna verður það að vera takmarkið, að þessir sérskattar gangi óskiptir til vegagerðarinnar.

Ég drap á það hér að framan, að þróun verðlagsmála hlýtur að hafa veruleg áhrif á framkvæmdir í vegagerð á næstu árum. Þess vegna, þó að áætlunargerð sú, sem við erum hér að setja upp í dag og Alþingi mun samþ. næstu daga, segi nokkuð um vegaframkvæmdirnar, þá getur verðlagið í landinu haft þar veruleg áhrif. Og augljóst er það af þeirri stuttu reynslu, sem fengin er af vegáætlun, að auknar tekjur munu ekki hafa við verðlaginu, auk þess sem það er ljóst, sem hv. formaður fjvn. drap á hér áðan, að vegaviðhaldið mun krefjast stórkostlega aukinna fjárframlaga á næstu árum. Það er gert ráð fyrir því að auka framlag til vegaviðhaldsins aðeins um 5 millj. kr. á milli ára áætlunartímabilið, en ef það hefði verið gert síðustu 4 árin, þá hefði vegaviðhaldið þó orðið mun lakara en það hefur verið síðustu árin, og er þó öllum ljóst, að mikið skortir á, að það sé svo sem þörf er. Við í minni hl. fjvn., fulltrúar Framsfl. og Alþb., höfum lagt fram á þskj. 357 brtt., sem miða að því að auka fé til framkvæmda í landsbrautum og þjóðbrautum á næstu 2 árum.

Að athuguðu máli töldum við ekki fært að leggja fram till. um að breyta áætlun á tekjustofnum vegagerðarinnar, vegna þess að reynslan sýnir, að sú breyting hefði ekki getað orðið nema mjög óraunveruleg. Benzínskatturinn hefur ekki aukizt í hlutfalli við fjölgun bifreiða í landinu, sem stafar af því, að meira er nú flutt inn af sparneytnari bifreiðum en áður var og minni gerð þeirra er að verða í almenningsnotkun. Þess vegna eru brtt. okkar ekki við það miðaðar. Við fluttum við afgreiðslu fjárl. í vetur, framsóknarmenn, till. um, að aukin yrði fjárveiting til vegagerðarinnar í landinu um 60 millj. kr. Sú tillögugerð okkar byggðist á því, að ríkissjóður afhenti þá vegagerðinni í landinu leyfisgjöldin óskipt. Fyrir því fékkst ekki hljómgrunnur hér á hv. Alþ., heldur var því svarað með því að hækka leyfisgjöldin og taka þá hækkun í ríkissjóð.

Ég endurtek, að það á að vera og það verður stefna okkar að fylgja þeirri till. eftir. En við afgreiðslu vegáætlunarinnar nú munum við ekki gera till. um það, heldur hitt, að fyrir árið 1965 verði tekið 30 millj. kr. lán til framkvæmda í þjóðbrautum og landsbrautum. Till. okkar um lántöku byggist á því, að fjárlög eru nú afgreidd og ekki er hægt með rökum að vísa á tekjustofna, sem gætu staðið undir þessu, þó að líkur séu til, að tekjur ríkissjóðs ættu að geta það. Hins vegar gerum við ráð fyrir því, í sambandi við þessa lántöku lýsum við því yfir, að við munum standa að samþykkt hennar hér á hv. Alþ., svo að hæstv. ríkisstj. geti afgreitt málið á eðlilegan hátt, og veita því þannig stuðning.

En í sambandi við þá till., sem við gerum um fjárveitingu fyrir árið 1966, gerum við ráð fyrir, að framlag ríkissjóðs verði aukið á því ári um 30 millj. kr. Fjárlög eru enn óafgreidd. Þess vegna eru möguleikar til þess að samþykkja þá fjárveitingu, þegar til afgreiðslu fjárl. kemur á komandi hausti. Við gerum ráð fyrir því, að skipting þess fjár, sem við leggjum til, að verði aukið til framkvæmda í vega- og brúargerð í landinu, fari fram með sama hætti og þeirra fjárveitinga, sem hér er verið að samþykkja, þ. e. að fjvn. Alþ. skipti þessu að fengnum till. þm. og í samráði við vegamálastjóra. Það er sá háttur, sem á hefur verið hafður við skiptingu fjárins nú milli hinna einstöku vega, og við gerum ráð fyrir, að honum verði fylgt. Við gerum hins vegar ekki till. um aukið fé á árunum 1967—1968. Það er ekki af því, að við teljum, að fjárveitingar til framkvæmda þau árin séu nægjanlegar, heldur af hinu, að ljóst er, að endurskoðun vegáætlunarinnar fer fram fyrir þau ár og þess vegna verður hægt að koma þar að þeim breytingum, sem þá teljast nauðsynlegar. Þess vegna gerum við ekki till. um fjárveitingu vegna þeirra ára.

Herra forseti. Ég mun ekki fara að halda hér langa ræðu, því að ég hef lýst hér í höfuðatriðum því, sem ég tel mest aðkallandi að komi fram í sambandi við afgreiðslu vegáætlunarinnar nú. Það eru í fyrsta lagi verkefnin, eins og þeim var lýst, þegar vegal. voru sett. Ég hef einnig lýst þeirri stefnu, að vegagerðin í landinu eigi að hafa alla sérskattana á bifreiðarnar, en ríkissjóður ekki að hafa hluta af þeim sem tekjuafgang. Ég hef einnig lýst því, hve hlutur ríkissjóðs af þessum tekjustofnum hefur farið vaxandi ár frá ári og er stærstur á yfirstandandi ári. Þess vegna er tillögugerð til þess að heimta þetta aftur eðlileg og ekkert annað. Góðar samgöngur eru undirstaða undir heilbrigðu athafnalífi og vaxandi velmegun í þessu landi.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Við setningu nýrra vegal. fyrir næstsíðustu áramót varð samkomulag milli allra þingflokka um að standa að hækkun benzíngjalds, þungaskatts og gúmmígjalds, alls um nálega 100 millj. kr. á ári, í því skyni að auka fjárveitingar til vegamála í landinu. Af hálfu Alþb. var því lýst yfir, að þingflokkurinn setti það

að algeru skilyrði fyrir samþykki sínu við hækkun gjaldanna, að þeir nýju skattar á umferðina kæmu fram sem algert viðbótarframlag til vegaframkvæmda í landinu, en rynnu ekki á einn eða annan hátt til ríkissjóðs sem eyðslufé til annarra hluta, t. d. á þann veg, að ríkissjóður drægi úr framlögum sínum til vegamálanna. Af hálfu Alþb. var gerð tilraun til að tryggja þetta sjónarmið á þann hátt að bæta því ákvæði í l., að framlag ríkissjóðs skyldi jafnan vera ákveðin hlutfallstala af heildarfjárveitingum til vegaframkvæmda, og var þá m. a. höfð í huga sú öra verðbólga, sem gerir fjárhæð, sem er í krónutölu jafnhá frá ári til árs, sífellt minni að raungildi. Sú till. Alþb. var felld og hæstv. vegamálaráðh. lýsti því yfir, að engin hætta væri á því, að framlag ríkissjóðs sjálfs minnkaði. Hæstv. ráðh. sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég hygg, að úr því að þessu sinni er ákveðið, að framlag ríkissjóðs skuli vera 47 millj. kr., þurfi varla að óttast það, að sú upphæð verði lækkuð, ef miðað er við reynslu undanfarinna ára, en miklu líklegra, að sú upphæð verði hækkuð."

Þetta **var einn þátturinn** í aðdragandanum að setningu hinna nýju vegal., og á því er ekki vafi, að almennur skilningur var á nauðsyn nýrrar lagasetningar, þrátt fyrir það að jafnframt væru mjög hækkuð gjöld á ökutækjum og ekki fengist að fullu fram sú krafa, að beinum sérsköttum af ökutækjum væri að öllu leyti varið til vegaframkvæmda, heldur lentu í almennan rekstur ríkissjóðs, svo sem leyfisgjöld af bifreiðum.

Menn væntu sér án efa mikils af þessum ráðstöfunum og bjuggust við því, að verulega auknar fjárveitingar fengjust til vegaframkvæmda á næstu árum. Enn er ekki fengin löng reynsla af framkvæmd nýju vegal. Vegáætlun fyrir árið 1964 var afgreidd fyrir ári, og nú liggur fyrir að afgreiða vegáætlun fyrir árin 1965—1968. Það er þó þegar orðið ljóst, að ein af þeim breytingum á framkvæmd vegamála, sem horfði mjög til bóta frá því, sem áður var, og góðar vonir voru tengdar við, þ. e. a. s. að framkvæmdaáætlun væri gerð til fjögurra ára í senn, verður ekki að þeim notum, sem orðið gæti við eðlilegar þjóðfélagsástæður, vegna þess, hversu öll efnahagsmál eru á hverfanda hveli í þeirri óðaverðbólgu, sem ríkir hér á landi. Sú verðbólga er svo ör orðin og óvissan í efnahagsmálum svo alger, að það er orðið takmarkað, að hve miklum notum það getur komið Íslendingum að taka upp þau annars sjálfsögðu vinnubrögð að gera framkvæmdaáætlanir til langs tíma. Öllum er ljóst, að undir viðreisnarstjórn er gersamlega útilokað að gera áætlanir til fjögurra ára, eins og nú ber að gera um vegaframkvæmdir, svo að nokkurt mark verði á tekið. Sést það bezt við meðferð þeirrar þáltill., sem hér liggur fyrir um vegaframkvæmdir næstu 4 ár, þegar allar tölur verða úreltar og breyta um gildi, meðan fjvn. er að fjalla um þær, og enginn tekur í rauninni mark á seinni hluta áætlunarinnar. Er varla of fast að orði kveðið, að í þeirri ringulreið, sem við búum nú við í efnahagsmálum, sé naumast unnt að gera fjárhags- eða framkvæmdaáætlun til eins árs, hvað þá lengri tíma.

Að öðru leyti má segja það um reynsluna af framkvæmd hinna nýju vegal., að allmikilla vonbrigða gætir hjá þeim, sem hin auknu gjöld hafa greitt og mest eiga undir því, að auknar séu framkvæmdir í vegamálum hjá þeim, sem mest fyrirheit fengu um byltingu í vegaframkvæmdum. Það hefur komið í ljós, að samkv. vegáætlun næstu fjögurra ára verða fjárveitingar til vegaframkvæmda miklu knappari en menn höfðu gert sér vonir um. Þær standa nánast í stað öll árin, og má þar að auki reikna með, að sú óðaverðbólga, sem nú geisar, rýri framkvæmdamátt krónunnar með ári hverju, svo að horfurnar séu þannig lakari en tölurnar einar benda til. Greinilegt er, að framkvæmdir fyrir tekjur vegasjóðs næstu 4 árin verða að mjög litlu leyti, ef að nokkru meiri en um var að ræða, áður en nýju vegal. voru sett með þeim hækkuðu gjöldum, sem þá voru ákveðin. Þau vonbrigði, **sem þessar dökku horfur valda**, koma m. a. fram í bréfi, sem hv. fjvn. hefur borizt frá Félagi ísl. bifreiðaeigenda í tilefni af vegáætlun **til næstu fjögurra ára**, en þar segir m. a., **með leyfi hæstv. forseta:**

„Aths. við till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1965—1968, lagða fyrir Alþ. á 85. löggjafarþingi 1964. **Hér er um að ræða áætlun um fjárframlög ríkisins til vegaframkvæmda fyrir** næstu 4 ár. Samkv. henni verður varið til vegamála árið 1965 261 millj. kr., 1966 254 millj. kr., 1967 264 millj. kr. og 1968 278 millj. kr. Þegar vegal. voru samþ. á s. l. ári, var gert ráð fyrir um 250 millj. kr. til vega og brúa árið 1964. Í grg., sem Félag ísl. bifreiðaeigenda sendi samgmn. Alþ. um vegalagafrv., var þess getið, að fjárframlag þetta mundi reynast algerlega ófullnægjandi. Reyndin hefur einnig orðið sú, að ástand fárra vega hefur batnað, flestir eru svipaðir, en nokkrir eru jafnvel verri en áður. Kvörtunum um ástand slæmra vega hefur stöðugt fjölgað. Í upphafi ársins 1964 var í flestum stjórnarblöðum gefið í skyn, að vænta mætti mikilla framfara í vegamálum vegna hinna nýju vegal. **og aukinna fjárframlaga.** Hin auknu fjárframlög námu hundruð millj. kr. miðað við árið 1962, og var þeirra eingöngu aflað með **nýjum** sköttum á bifreiðaeigendur. Hið fasta framlag ríkisins, 47 millj. kr., hélzt óbreytt, og er gert ráð fyrir, að það haldist svo næstu 4 árin. Þegar tekið er fullt tillit til hinnar ört vaxandi dýrtíðar, sem varð í lok ársins 1963 og á öndverðu ári 1964, og einnig með hliðsjón af aukinni umferð á vegum landsins og lengingu þjóðvegakerfisins ásamt nýjum ákvæðum um fjárframlög til gatna í kaupstöðum, kemur í ljós, að heildarframkvæmdamáttur vegafjárins 1964 hefur aðeins

aukizt um rúm 10% miðað við árið 1963. Í áðurnefndum aths. Félags ísl. bifreiðaeigenda við vegal. var gert ráð fyrir, að til vegamála hér á landi þyrfti a. m. k. 350—400 millj. kr. á ári. Að sjálfsögðu þarf fjárhæð þessi að hækka árlega í hlutfalli við aukna umferð á vegunum. Viðhald margra malarvega hér á landi er þegar orðið óviðráðanlegt, en með of knöppum fjárveitingum til vegamála fjölgar stöðugt þeim vegum, sem þannig er ástatt um."

Þetta er hluti af umsögn Félags ísl. bifreiðaeigenda um vegáætlunina. Þrátt fyrir þessar horfur og brýna þörf á auknum fjárveitingum til vegaframkvæmda, hefur ríkisstj. gripið til þess að hækka gjöld á ökutækjum með 25% hækkun leyfisgjalds af bifreiðum, án þess að láta þá hækkun renna til vegamála, heldur er henni ráðstafað í almennar þarfir ríkissjóðs. Það hefur einnig komið í ljós, að á þeim stutta tíma, sem liðinn er, frá því að vegal. voru sett, hefur því miður ekki staðizt það fyrirheit, sem hæstv. vegamálaráðh. gaf við setningu vegal. og ég vitnaði til áðan, að framlag ríkissjóðs mundi fremur hækka en lækka eftir setningu nýju vegal. Það er þegar komið í ljós, að það var ekki að ástæðulausu, að af hálfu Alþb. var gerð till. um, að tryggt yrði með l., að sú upphæð yrði ekki skert. Í fyrsta lagi er á vegáætlun næstu 4 ára einungis gert ráð fyrir jafnhárri upphæð að krónutölu úr ríkissjóði til vegaframkvæmda öll þessi ár, þrátt fyrir þá verðbólguskriðu, sem rýrir framkvæmdagildi þessarar upphæðar jafnt og þétt og veldur því, að hér er í rauninni um síminnkandi upphæð að ræða. Á sama tíma og ríkissjóður mun án efa stóraukа heildartekjur sínar við setningu hverra fjárl., ef að vanda lætur, er gert ráð fyrir sömu krónutölu til vegamála, sem þýðir að sjálfsögðu, að ríkissjóður er á þennan hátt smátt og smátt að koma sér undan að láta nokkra upphæð af hendi til vegaframkvæmda í landinu. Í öðru lagi bætist þar á ofan, að nú þegar liggur fyrir, að á árinu 1965 verður þessi upphæð skert um 20% jafnhliða öðrum niðurskurði verklegra framkvæmda ríkissjóðs, sem nú hefur verið boðaður. Með því móti er þessi upphæð lækkuð í tæpan milljónatug.

Í fjvn. var gerð tilraun til að fá samþykki n. fyrir því að óska eftir því við hæstv. ríkisstj., að þessi liður, framlag ríkissjóðs til vegaframkvæmda, yrði undanþeginn niðurskurðinum. Þá till. felldu fulltrúar ríkisstjórnarflokkanna. Í tilefni af þessu rifja ég aftur upp orð hæstv. vegamálaráðh., sem hann viðhafði, þegar hv. 5. þm. Austf., Lúðvík Jósefsson, gerði ítrekaðar tilraunir til þess að fá það tryggt með sérstöku ákvæði í vegal., að úr þessu framlagi ríkissjóðs yrði ekki dregið, þegar lögð væru stóraukin gjöld á ökutæki í landinu, en þá sagði hæstv. ráðh., með leyfi hæstv. forseta:

„Ég hygg, að úr því að þessu sinni er ákveðið, að framlag ríkissjóðs skuli vera 47 millj. kr., þurfi varla að óttast, að sú upphæð verði lækkuð. Ef miðað er við reynslu undanfarinna ára, er miklu líklegra, að sú upphæð verði hækkuð."

Það er ekki liðið nema rúmt ár síðan vegal. voru sett, og nú þegar hefur þessi upphæð verið lækkuð í krónutölu um tæpan milljónatug og mun samkv. vegáætlun næstu 4 ára lækka að raungildi með hverju árinu. Með þessum aðgerðum ríkisstjórnarflokkanna er ekki lengur um það að ræða, að þau nýju gjöld, sem lögð voru á ökutæki við setningu vegal. um næstsíðustu áramót, komi sem algert viðbótarframlag til vegaframkvæmda í landinu, þar sem ríkissjóður dregur nú jafnhliða úr sínu framlagi og notar það fé til annarra hluta. Er með þessum hætti algerlega brotið gegn einum meginþættinum í því samkomulagi, sem varð um setningu vegal. fyrir rúmu ári og gert var af hálfu Alþb. að skilyrði fyrir samþykkt þess á þeim gjöldum, sem þá voru lögð á ökutæki í landinu. Afleiðingar þeirra ákvarðana, sem brigðunum valda, bitna svo á þeim, sem mest hafa treyst á mjög auknar vegaframkvæmdir næstu árin í hlutfalli við stóraukna skatta á ökutæki. Í hv. fjvn., sem fjallað hefur um vegáætlunina fyrir árin 1965—1968, hefur fyrst og fremst orðið ágreiningur um það, hve miklu fjármagni skuli ráðstafað til vegaframkvæmda þessi ár. Samkomulag varð aftur á móti um skiptingu þess fjár, sem til úthlutunar kemur.

Sjónarmið Alþb. og Framsfl. féllu saman um auknar fjárveitingar til vegaframkvæmda vegna þeirrar brýnu þarfar, sem fyrir hendi er, jafnt í dreifbýli, sem býr við ófullnægjandi vegi og beinan skort á samgönguleiðum, og eins í þéttbýlinu, þar sem stóraukinn bifreiðafjöldi hefur yfirhlaðið vegakerfið, svo að sums staðar blasir öngþveiti við. Alþb. og Framsfl. standa því að sameiginlegu nál. sem minni hl. hv. fjvn., og hefur frsm. minni hl., hv. 3. þm. Vesturl., gert grein fyrir brtt. okkar og þeim sjónarmiðum, sem þær eru byggðar á. Ég held, að þeim viðhorfum, sem við blasa í vegamálum, og þeirri nauðsyn, sem á því er, að farið verði að till. okkar um auknar fjárveitingar til vegaframkvæmda, sé vel lýst í því bréfi, sem Félag ísl. bifreiðaeigenda sendi hv. fjvn. og ég gat um áðan, en þar segir enn fremur svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Við viljum vekja athygli hv. alþm. á því, að fjárhagsáætlun sú, sem hér liggur fyrir, mun hvergi nærri hrökkva til þess að anna þeim verkefnum, sem þjóðin þarfnast í vegamálum næstu fjögur árin. Á þessu sviði höfum við dregizt aftur úr miðað við almenna þróun í þjóðfélaginu og framfarir á öðrum sviðum samgöngumála í lofti og á sjó."

Enn fremur segir svo í bréfi félagsins:

„Fjárframlög til vegamála hafa um áratugabil verið of lág, en þó aukizt að krónutölu ár frá ári. Í þeirri áætlun, sem hér liggur fyrir, er ekki gert ráð fyrir teljandi aukningu næstu 4 árin, og verður vart annað

séð en að slíkt sé afturför frá ástandi, sem verið hefur óhæft um áratugaskeið.“

En annars staðar í bréfi félagsins er getið um það, að gert sé ráð fyrir 30% aukningu á umferðarþunga á því tímabili, sem vegáætlunin tekur til.

Þetta eru sjónarmið samtaka íslenzkra bifreiðaeigenda, og ég býst við, að þau séu ráðandi meðal flestra þeirra, sem láta sig þessi mál varða, og þeir eru margir.

Þegar frv. til vegal. þeirra, sem þáltill. sú, sem hér liggur fyrir, er byggð á, var til 1. umr. fyrir rúmu ári, gerði ég sérstaklega að umræðuefni þá umferðarleið, þar sem ég taldi brýnustu þörf vera á úrbótum og algert öngþveiti blasti við, ef ekki yrði að gert, þ. e. a. s. Hafnarfjarðarveginn, þar sem hann liggur um Kópavog, og lagði mat á þau áhrif, sem setning hinna nýju vegal. mundi hafa á lausn þess máls, sem þegar þoldi enga bið. Fram að því, að hin nýju vegalög voru sett, hafði Vegagerð ríkisins annazt og kostað viðhald og endurbætur á veginum yfir Kópavogsháls. En með nýju l. var því slegið föstu, að hér eftir skyldi það koma í hlut Kópavogskaupstaðar að sjá um framkvæmdir á þessum vegarkafla. Og jafnframt var í frv. gert ráð fyrir, að kaupstaðir og kauptún fengju 12½% af tekjum vegasjóðs til framkvæmda við þann hluta þjóðveganna, sem lægi um viðkomandi sveitarfélag. Þó skyldi 10% af þeirri upphæð haldið eftir til úthlutunar til ákveðinna, brýnna verkefna við þessa þjóðvegaspotta í einstökum sveitarfélögum. En sama sveitarfélag átti ekki að geta fengið af aukaframlaginu nema á 5 ára fresti. Ég hélt því þá fram, að með þessum nýju ákvæðum væri það að gerast, að vegagerðin, sem hefði um margra ára skeið látið undir höfuð leggjast að gera veginn um Kópavogsháls hæfan fyrir ört vaxandi umferð, losaði sig nú á þennan hátt við vandamálið og arfleiddi bæjarfélagið að öngþveitinu, sem umferðin var komin í á þessum stað. En helmingur allrar umferðarinnar, sem nemur um 15 þús. bifreiðum á dag, er af ökutækjum, sem eiga ekki erindi um Kópavog sérstaklega, heldur verða einungis að aka þar í gegn á leið sinni milli Reykjavíkur, Garðahrepps, Hafnarfjarðar og Suðurnesja. Ég sagði þá m. a.:

„Ég held, að í slíkum tilfellum (þ. e. þar sem gera þarf hraðbraut gegnum kaupstaði) sé hluti sveitarfélaganna engan veginn nógur. Í þessum tilfellum getur verið og er um að ræða stórframkvæmdir, og afleiðingin af því, að skyldurnar eru færðar á bæjarfélögin án nægra fjárveitinga, gæti orðið sú, að þessi hluti þjóðveganna fengi of seint þær úrbætur, sem bráð þörf er á, og það yrði öllum þeim fjölda, sem þá ekur, til stórtjóns, og hins vegar gætu afleiðingarnar orðið þær, að viðkomandi sveitarfélög gætu miklu seinna notað sinn hluta af vegafénu til almennrar gatnagerðar en önnur sveitarfélög, sem gætu tiltölulega fljótt notað sitt fé til þessara verka.“

Þetta voru mín orð við 1. umr. um vegal. nýju, og um þessi mál var allmikið rætt. Sú eina leiðrétting, sem fékkst í þessu efni í því máli, sem varðar fyrst og fremst það samgöngumál, sem í mestu öngþveiti er í öllu landinu, var sú, að ákvæðið um, að sama sveitarfélag gæti einungis fengið aukastyrk á 5 ára fresti, var fellt niður. Og verður að ætla, að þeir, sem ekki vildu ganga lengra til þess að fá lausn á þessu vandamáli, hafi talið, að sú breyting ein væri fullnægjandi, enda lýstu þeir því ótvírætt yfir. Ég lagði á það áherzlu, að alls ekki mætti samþ. á Alþ. nein þau lög, sem hefðu að geyma ákvæði, sem gætu dregið á langinn framkvæmdir í þessu mikilsverða samgöngumáli á fjölförnustu umferðarleiðum á landinu og um leið aukið mikið á fjárhagsskyldur Kópavogskaupstaðar. Ég sagði m. a. orðrétt af þessu tilefni: „Ég tel brtt. þær, sem fram hafa komið frá hv. samvn. samgmn., engan veginn fullnægjandi í þá átt að gera ráð fyrir þeirri algeru sérstöðu Kópavogskaupstaðar og e. t. v. nokkurra örfárra sveitarfélaga, sem um er að ræða í þessu máli.“ Þess vegna flutti ég svo hljóðandi brtt.: „Vegagerð ríkisins skal kosta og annast viðhald og nauðsynlegar endurbætur á þeim þjóðvegum í kaupstöðum og kauptúnum, sem teljast helzta umferðarleið í viðkomandi byggðarlagi, hafi hún gert það fyrir gildistöku laga þessara.“ Þessi till. var felld.

Við athugun frv. í samvn. samgm. hafði komið fram, að samkv. lagafrv. væri heimilt að ákveða með reglugerð, að aðeins ákveðinn hluti þjóðvegar um kaupstað eða kauptún tilheyrði viðkomandi sveitarfélagi, en hinn hlutinn ríkinu. Ásamt hv. 5. landsk. þm. flutti ég því svo hljóðandi till.: „Aðeins lítill hluti þjóðvegar skal tilheyra sveitarfélagi, þegar svo stendur á, að fjölfarinn þjóðvegur í kaupstað eða kauptúni er aðalumferðaræð í viðkomandi landshluta og liggur milli annarra byggðarlaga.“ Sú till. var líka felld.

Ég taldi sem sagt, að sú brtt., að aukaframlag mætti falla til sama sveitarfélags oftar en einu sinni á 5 árum, væri engan veginn fullnægjandi, og taldi, að l. með þeirri breytingu einni mundu, ef ekki kæmi fleira til, tefja framgang þess, að úr hinu stórhættulega og óviðunandi umferðaröngþveiti í Kópavogi yrði bætt. Sú var þó ekki skoðun allra hv. þm. Jafnvel þeir, sem hefðu átt að vera málinu kunnugastir, lýstu því yfir, að þeir gætu á þessa lausn fallizt, og hæstv. vegamálaráðh. sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég held, að samvn. samgm. hafi hitt naglann á höfuðið og tryggt Kópavogskaupstað mjög vel með því, sem hún leggur til með þeim brtt., sem hér eru fluttar á þskj. 154.“

Og síðan sagði hæstv. ráðh.:

„Ég held, að það verði nú tæplega betur fyrir málum Kópavogskaupstaðar séð að sinni en með þessu.“

Afsökun þeirra, sem þannig töluðu í fyrra,

er sú, að þeir munu hafa trúað því, að það verk, sem vinna þyrfti á vegaframkvæmdum á Kópavogshálsi, mundi kosta 25—30 millj. kr., og væri það þó ærinn baggi fyrir Kópavogsbæ og langt umfram það, sem sanngjarnt væri að hann tæki á sig vegna umferðarinnar milli Reykjavíkur og byggðanna fyrir sunnan Kópavog, þegar haft er í huga, hve sú umferð er að takmörkuðu leyti í þágu Kópavogsbúa og stofnar fyrst og fremst lífi þeirra og limum í hættu, og hitt, hve mjög Kópavogsbæ væri með því mismunað miðað við önnur sveitarfélög, sem fljótlega geta notað sitt fé úr vegasjóði til almennrar gatnagerðar. En nú er komið í ljós, að þessi framkvæmd, eins og henni er ætlað að verða til þess að fullnægja umferð á þessu svæði, kostar ekki 25—30 millj., heldur 90 millj. kr. Ef Kópavogskaupstaður ætti að taka þá framkvæmd að sér, eins og þeir, sem málum réðu í fyrra, ætluðu honum að gera, fyrir sinn hlut úr vegasjóði og fyrir eitthvað af sérframlögunum úr þeim sjóði, dygði sú árlega upphæð ekki fyrir vöxtunum af því fé, hvað þá meiru, og sú framkvæmd á vegum Kópavogskaupstaðar eins mundi svara til þess, að Reykjavíkurbær tæki t. d. að sér að kosta þá umdeildu Búrfellsvirkjun, sem ráðandi menn í þjóðfélaginu telja að sé allri þjóðinni um megn að leysa. Þetta ætti því ekki að þurfa að vefjast lengur fyrir neinum, og ætti því ekki að þurfa að deila öllu lengur um það hér á hv. Alþ., að umferðaröngþveitið á Kópavogshálsi, sem er mesta umferðarvandamálið í dag og versnar með degi hverjum, verður ekki leyst á þann hátt, sem ætlað var, með setningu hinna nýju vegalaga.

Við afgreiðslu vegáætlunar fyrir 1964 átaldi ég það, að 250 millj. kr. skyldi vera varið til vegamála, án þess að nokkuð væri ætlað af því fé til þess að leysa mesta umferðaröngþveitið, sem um væri að ræða á Íslandi, þar sem 15 þús. bílar fara á dag á alls ófullnægjandi vegi í gegnum fjölmennan kaupstað, þar sem bæjarbúum sjálfum er illgerlegt að komast inn á eða yfir aðalumferðaræðina að aðliggjandi götum. Þegar nú blasir enn betur við en fyrr, að það er fullkomlega rétt, sem ég hef jafnan haldið fram, að þetta umferðaröngþveiti, sem ógnar lífi Kópavogsbúa á hverjum degi og er að setja alla umferð í hnút á þessum slóðum, verður ekki leyst með því framlagi, sem Kópavogskaupstað er ætlað samkv. nýsettum vegal., þá er miklu síður stætt á því að afgreiða vegáætlun til fjögurra ára, þar sem þó er ætlað að verja um 960 millj. kr. af tekjum vegasjóðs á tímabilinu og um 300 millj. kr. af hugsanlegu lánsfé, án þess að á þetta mál verði svo mikið sem litið eða fyrir því séð á nokkurn hátt. Og ég tel mjög miður, að ekkert fé skuli vera áætlað til framkvæmda við hinn nýja veg, sem ætlaður er samkv. skipulagi frá Elliðaám ofan við byggð í Kópavogi og Garðahreppi og á Suðurnesjaveginn steypta fyrir ofan Hafnarfjörð. Þar er um veg að ræða, sem ríkið á óumdeilanlega að kosta, en gæti orðið Kópavogsbæ og Garðahreppi til mikilla hagsbóta með því að létta einhverju af umferðinni af þessum stöðum.

Bæjarstjórinn og bæjarverkfræðingurinn í Kópavogi mættu á fundi fjvn. til þess að leggja áherzlu á umferðarvandamálin á Hafnarfjarðarvegi og lausn þeirra, og ég hygg, að nm. öllum sé ljóst, að þetta er mál, sem verður að fá lausn á. Og hversu trúaðir sem einhverjir kunna að hafa verið á yfirlýsingar sínar, þegar vegal. voru sett, um, að það fjármagn, sem Kópavogskaupstaður mundi fá samkv. þeim, dygði til þess að leysa vandann, og hversu sanngjarnt sem þeim kann að hafa þótt það þá, að Kópavogsbær tæki á sig þessar byrðar, held ég, að öllum hljóti nú að vera orðið það ljóst, að hér þarf meira til. Og ég fyrir mitt leyti geri mig ekki ánægðan með að standa að afgreiðslu vegáætlunar fyrir næstu 4 ár og taka þátt í úthlutun á 1300 millj. kr. til vegaframkvæmda, ef ekkert frekar á að liggja fyrir um lausn þessa máls, sem er ekki aðeins eitt brýnasta hagsmunamál Kópavogsbúa, heldur varðar alla, sem um Kópavog fara.

Nú hefur hæstv. vegamálaráðh. í gær ákveðið að skipa n. til þess að leita eftir lausn á þessu vandamáli, sem við blasir, varðandi endurbyggingu Hafnarfjarðarvegar, þar sem hann liggur um Kópavog. Það er vel farið, og ég fagna því, að það spor skuli hafa verið stigið. Það er fyrsta viðurkenningin á því, að sú lausn, sem ráðandi aðilar í þessum málum hafa til þessa talið fullnægjandi, dugir ekki. Ég held, að það ætti ekki að þurfa að taka langan tíma að komast að samkomulagi um þátttöku ríkisins í vegaframkvæmdum á Kópavogshálsi eða hvernig skynsamlegast væri að haga þeim framkvæmdum, og réttast væri að bíða með afgreiðslu vegáætlunarinnar, þar til sú niðurstaða lægi fyrir, og ákveða í áætluninni nauðsynlega fjárveitingu til þeirra framkvæmda.

Ef ekki er talið unnt að fara að þessari till., tel ég, að bæta ætti nú þegar inn í vegáætlunina heimildargrein um lántöku til að fullnægja þeim kvöðum, sem samkomulag yrði um að ríkið tæki á sig vegna þessa máls. Þetta tel ég, að hv. fjvn. ætti að taka til athugunar og reyna að ná samstöðu um. Ef það fæst ekki fram, að þessu brýnasta verkefni í vegamálum á Íslandi, lausn á umferðaröngþveitinu á Kópavogshálsi, verði gerð fullnægjandi skil í vegáætluninni, vænti ég þess fastlega, að hæstv. vegamálaráðh. geri hv. Alþ. grein fyrir því, hvernig ætlunin er að standa undir því.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Það getur ekki talizt óeðlilegt í jafnstrjálbýlu og víðáttumiklu landi og okkar, sem jafnframt er mjög sundurskorið af fjöllum og fljótum, þótt samgöngumálin á landi reynist okkur erfið og kostnaðarsöm. Öll vegaframkvæmd okkar frá upphafi og fram undir lok síðasta

áratugs var fyrst og fremst miðuð við hestinn og kerruna og síðar lengi við litla og létta bíla. En á síðari áratugum þessa tímabils var mest kapp lagt á að teygja vegakerfið sem víðast milli héraða og bæja innan byggða. Um 1960 mátti segja, að þeim merka áfanga væri náð, að gerðir hefðu verið skriðfærir sumarvegir til nálega allra byggðra býla í landinu, þannig að ekki voru taldir þá nema rúmlega 40 bæir, sem höfðu ekki nokkurt vegasamband. Þetta vegasamband var víða mjög ófullkomið, mikið um rudda bílvegi eða lágar og veikbyggðar brautir, vegi, sem margir hverjir notuðust ekki lengur en meðan jörð var að mestu auð. Undir lok þessa vegagerðartímabils reis undantekningarlaus, mikil og almenn krafa um bætta vegagerð. Kom þar til fyrst og fremst stóraukin bílanotkun, sem enn á eftir að aukast um allar sveitir landsins, enn fremur vegna óhjákvæmilegrar nauðsynjar í sambandi við mjólkurframleiðsluna og nauðsyn þess, að mjólkin væri svo að segja daglega flutt til mjólkurbúanna. Og jafnframt þessu komu til sögunnar þungavöruflutningar með stórum bílum, t. d. frá Reykjavík til allra landshluta. Slíka þungaumferð þoldu fæstir þjóðvegir. Niðurstaðan varð því sú, að víða um land risu samtímis háværar kröfur um stórbætt vegakerfi, breiðari, traustari, betur uppbyggða og betur lagða vegi með tilliti til snjóalaga. Gamla vegakerfið hafði í stórum dráttum verið dæmt úr leik, og fyrir lá að byggja það sem fyrst upp og bráðaðkallandi að endurbæta stóra kafla þess á næstu árum. Kemur þar til í viðbót við þær ástæður, sem nefndar eru, hversu stórkostlegt vegaviðhaldið er nú á þessu veikbyggða vegakerfi. Má segja, að vegaviðhaldið þurfi árlega að vera minnst 100 millj. kr., en þarf að auka við þá upphæð svo að segja árlega í framtíðinni. Þegar svo saman fóru vaxandi kröfur um allt land um endurbætt vegakerfi og yfir steyptist holskefla verðbólgunnar, varð fjárframlag ríkisins gersamlega ófullnægjandi. Og hæstv. ríkisstjórn varð að sinna kröfum um aukið fjárframlag. Því urðu til í árslok 1963 hin nýju vegalög, sem vissulega voru til mikils gagns, þótt sívaxandi verðbólga sé nú búin að gera þau svo gagnslítil miðað við aðkallandi vegaframkvæmdir, að algerlega er óviðunandi.

Ég vil hér í sambandi við það rifja upp kostnaðarvísitölu vega- og brúarframkvæmda. Ef framkvæmdagildi krónunnar er sett 100 1949, var vísitala vegagerðar 1958 um 264. 1960 er vegavísitalan komin upp í 344, viðhaldsvísitalan í 344, vísitala brúargerða 347. 1963 er vegagerðarvísitalan komin í 412, viðhaldsvísitala vega í 417 og byggingarvísitala brúa 532. En 1966 er áætlað, að vegagerðarvísitalan verði 466, í viðhaldi 488 og í brúargerð 544. Segja þessar tölur sína sögu, er framkvæmdavísitala þessara verka hefur t. d. nú á rúmu ári hækkað í vegagerð úr 412 í 466 og í brúargerð úr 432 í 544.

Samkv. hinum nýju vegal. frá 1963 reyndust tekjur vegasjóðs 1964 nálægt 259 millj. kr. Og tekjur vegasjóðs eru áætlaðar á þessu og næstu árum þannig: 1965 tæpar 261 millj., 1966 rúmar 254 millj., 1967 264.4 millj. og 1968 278 millj. Þjóðvegakerfið var talið 1949 6215 km, en í árslok 1963 komst það í nálægt 9381 km, og þar af hinir venjulegu þjóðvegir, sem kallast nú þjóð- og landsbrautir, 9233 km. Af fyrrgreindum 259 millj. kr. tekjum vegasjóðs 1964 fengust ekki til nýbygginga á þessa meira en 9 þús. km í þjóð- og landsbrautum nema tæplega 52 millj. eða um 20% af tekjunum. Áætlun um framlag til sömu vega er nú ráðgerð þannig á næstu árum: 1965 51 millj. eða nálægt 19% af tekjum vegasjóðs. 1966 44.5 millj. eða nálægt 17.5% af fé vegasjóðs, 1967 44.4 millj. eða um 17.2% af fé vegasjóðs og 1968 48.2 millj. eða um 17.3% af tekjum vegasjóðs.

Það er athyglisvert og fráleitt til þess að vita, hve hlutur vegauppbyggingarinnar er orðinn lítill af þeirri tiltölulega miklu fjárhæð, sem ákveðin er til vegamála samkv. fjárl. 1965. Á það jafnt við heildarfjárhæð til vegagerða og þá ekki síður, hve gildi þeirra fjárhæða til framkvæmda rýrnar ár frá ári. Hlutur uppbyggingar hinna almennu þjóðvega hefur mest orðið um 20% af fé vegasjóðs og fer samkv. áætlun niður í rúm 17% af vegasjóðsfénu næstu árin, ef reiknað er með að meðaltali 1965—1968 nálægt 47 millj. kr. framlagi árlega. Auk þeirrar verðgildisrýrnunar, sem um er að ræða, kemur svo til og blasir við sá niðurskurður á vegafénu, sem hæstv. ríkisstj. hefur tilkynnt og er ákveðinn 20% af því fé, sem ríkissjóður á að leggja til vegamála. Þessi niðurskurður á framlagi ríkissjóðs til vegasjóðs mun nema nálægt 9.5 millj. á þessu ári og skerðir því stórlega áætluð framlög til nýbyggingar vega og brúa og einnig framlög til vegaviðhalds. Niðurskurðurinn kemur niður á þessum liðum, því að ekki mun vera um að ræða, að laun eða annar kostnaður, sem tilheyrir vegamálunum og vegasjóður á að standa straum af, eða annar slíkur kostnaður geti lækkað. En verkefni vegasjóðs er gífurlega mikið, eins og allir hv. þm. þekkja, bæði á sviði brúargerða og uppbyggingar hinna almennu þjóðvega, sem nú eru að lengd, eins og ég gat um, meira en 9000 km. Af þeirri vegalengd eru yfir allt landið leiðir, sem eru taldar óvegaðar, meira en 3 þús. km. Ef gert er ráð fyrir, að aðkallandi sé að endurbyggja t. d. ¼ hluta hinna gamalbyggðu þjóðvega, má segja, að aðkallandi sé að byggja upp vegi, sem nemur um 4500 km. Til þessara þjóðvega eiga svo að ganga samkv. vegáætlun um 47 millj. kr. Eru þá ekki höfð í huga þau 20%, sem hæstv. ríkisstj. hefur boðað í niðurskurð á öllum verklegum framkvæmdum. Ef reiknað er með, að hver byggður vegakm kosti 400 þús. kr., sem er mjög hóflegt, þá mundi taka allt að því 40 ár að vega þessa umræddu 4500

km, og er þá ekki reiknað með hættunni af vaxandi verðbólgu. Ég tel víst, að öllum geti komið saman um, að nálægt 40 ára framkvæmdaáætlun við uppbyggingu þessa hluta vegakerfisins, sem ég hef hér talað um, nái ekki nokkurri átt og að umræddar vegabætur verði að gerast fremur á 10—15 næstu árum. Er þá augljóst, að stóraukið ríkisframlag verður að koma til eða sem svarar með tilliti til uppbyggingar þjóð- og landsbrauta nálægt 100 millj. kr. árlega. Það má vel vera, að slíkt framlag ríkissjóðs til uppbyggingar þjóðvegakerfisins vaxi hæstv. ríkisstj. og fleirum í augum, þótt það nemi þó ekki nema nálægt 3% af því fé, sem ríkissjóður hefur nú árlega til ráðstöfunar. Og þegar þess er enn fremur gætt, að til ríkissjóðs renna nú mörg hundruð millj. kr. árlega sem beinar og óbeinar tekjur af samgöngutækjum og samgöngum á vegum, þá ætti auðvitað að renna miklu meira af því til vegagerða og auk þess verulega auknar upphæðir til brúargerða, en þann framkvæmdakostnað hef ég ekki tekið með í þetta dæmi. Þar að auki er augljóst, að auka þarf fjárframlög til hinna svokölluðu hraðbrauta, ef framlög til þeirra eiga ekki að verða nafnið tómt, eins og nú er komið í sambandi við þjóð- og landsbrautir. Og ef tekið er inn í dæmið 100 millj. kr. aukið framlag til hinna almennu þjóðvega og aukið framlag til brúa, hraðbrauta og vegaviðhalds, þá mætti segja mér, að framlag ríkissjóðs til vegasjóðs mætti ekki vera minna árlega en nálægt 200 millj., í stað ráðgerðra 47 millj., sem þó á stórlega að skera niður, eins og ég gat um.

Það er því augljóst mál, að sú till., sem við í minni hl. fjvn. leggjum nú fram um 30 millj. kr. aukið fjárframlag til vegagerða á þessu ári, annaðhvort af því fé, sem ríkissjóður hefur nú til umráða, eða sem lántaka ríkissjóðs til þessara mála, er ekki nema bráðabirgðalausn, og víst er, að hæstv. ríkisstj. verður að undirbúa mikinn tekjuauka til vegasjóðs á fjárl. næsta árs. Ég vildi ætla, að hæstv. samgmrh. vildi eiga góðan hlut að því að leysa þetta vandamál, sbr. ummæli hans 1963, þegar vegal. voru til umr. og hann taldi, að meiri tekjur til vegasjóðs yrðu að koma til, ef hann reyndist ekki fær um að fullnægja verkefnum sínum með þeim tekjum, sem honum voru ákveðnar. Stjórnarliðið tekur oft í orði kveðnu a. m. k. undir nauðsyn á aðstoð til dreifbýlisins og jafnvægis í byggð landsins. Það vita allir, að bættar samgöngur innan og milli héraða eru í því efni mikilvægur þáttur. Það færi því vel á því, að hæstv. samgmrh. beitti sér fyrir, að eitthvað af hinum vinsamlegu orðum stjórnar og stjórnarliðs í garð dreifbýlisins, ekki sízt í vegamálum, yrði nú gert að veruleika með stórauknu fjárframlagi til vegamálanna.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég vil taka mjög undir það, sem fram hefur komið hér hjá þeim hv. þm., sem hafa talið, að brýna nauðsyn beri til þess að auka fjármagn til vegagerðarinnar almennt. Á það jafnt við um nýbyggingu þjóðvega, byggingu nýrra brúa sem og vegaviðhaldið, sem hefur verið svo af vanefnum gert, að til vandræða horfir í stórum landshlutum. Og ef það kæmi fyrir á næsta sumri, að mjög úrkomusamt yrði, hygg ég, að það yrði ekki komizt langt með það, sem nú er ætlað til vegaviðhalds, því að eins og þegar hefur komið fram í þessum umr., eru vöruflutningar á þungum bifreiðum svo miklir, að það ber nauðsyn til og miklu meiri nauðsyn en áður að ætla vegaviðhaldinu mikið fjármagn. En eins og vegamálum er nú fyrir komið, þýðir aukið fjármagn til vegaviðhalds minnkandi fjármagn til nýbyggingar vega og byggingar brúa. Og þetta tel ég, að sé mjög illa farið. Þarna þarf að sjá fyrir því, að enda þótt vegaviðhaldið taki meira fjármagn til sín með hverju ári sem líður, eins og nauðsynlegt verður að telja, þarf jafnframt að tryggja, að það gangi ekki út yfir nýbyggingu þjóðvega eða byggingu brúa yfir torfær vatnsföll.

Það er kunnugt öllum hv. þm., að mörg sýslufélög og sveitarfélög hafa lagt mikið að sér hin síðari ár til þess að koma áfram nýbyggingu þjóðvega. Þetta hafa sveitar- og sýslufélögin gert með því að útvega lán og taka á sig miklar vaxtagreiðslur vegna þeirra, jafnframt því sem bæði sveitar- og sýslufélög og ræktunarsambönd hafa lánað tæki til vegagerðarinnar og ekki fengið greiðslu fyrir fyrr en að mörgum árum liðnum. Og þetta atriði vildi ég ræða nokkru nánar.

Á þskj. 146, á bls. 34, stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Gert er ráð fyrir, að bráðabirgðalánin verði greidd að fullu á næstu tveimur árum. Miðað við það skiptast fjárveitingar til landsbrauta í vegáætlun þannig á áætlunartímabilinu.“

Nú vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. ríkisstj., hæstv. samgmrh., sem er hér staddur, hvort það sé meining hæstv. ríkisstj. að krefjast þess, að þær skuldir, sem voru við s. l. áramót á landsbrautum, verði borgaðar upp að öllu leyti á næstu tveimur árum og jafnframt því verði ekki stofnað til nýrra skulda vegna hlutaðeigandi landsbrauta, eða hvort meiningin sé sú, að gömlu skuldirnar séu borgaðar upp, vegaframkvæmdum haldið áfram með nýjum lántökum. Þetta hefur ekki komið ljóst fram í þeim umr., sem hér hafa fram farið, en ég tel, að þetta sé allþýðingarmikið mál fyrir fjöldamarga aðila, ekki sízt þá, sem hafa stofnað til mikilla skulda til þess að ýta vegakerfinu áfram. Og í öðru lagi vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. samgmrh. um það, hvort leyfðar verði nýjar lántökur til þeirra vegaframkvæmda, sem ekki er talað sérstaklega um lántökur til í þeirri vegáætlun, sem hér liggur fyrir á þskj. 348. Þar er gert ráð fyrir lántökum til vissra vegaframkvæmda, en ég vil leyfa mér að

spyrja, hvort það komi ekki til mála, að leyfðar verði lántökur til annarra vega en þar um getur og þau lán verði svo greidd upp með þeim fjárveitingum, sem annaðhvort kunna til að falla á þessu fjögurra ára tímabili eða falla til síðar. Þetta hefur einnig sína þýðingu. Og í þriðja lagi vil ég leyfa mér að spyrja: Verður leyft að byggja brýr, sem eru á áætlun þessa fjögurra ára tímabils, fyrr á tímabilinu en gert er ráð fyrir, ef fjármagn fæst og einhverjir aðilar vilja taka að sér vaxtagreiðslur af þeim lánum, þar til fjárveitingin fæst greidd frá ríkinu?

Ég geri þessar fsp. vegna þess, að mér finnst svo mikið á skorta, að það sé hægt að gera það átak í vegamálum, sem nauðsyn krefur og ætlað er fjármagn til samkv. þeirri áætlun, sem hér liggur fyrir. Og ég veit, að hugur margra stefnir að því, að hraðar sé haldið áfram í þessum efnum en fjármagn vegáætlana gerir ráð fyrir. Því er það nauðsynlegt, að það liggi ljóst fyrir nú þegar, hvers menn mega vænta í þessum efnum á komandi árum.

Axel Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í sambandi við ummæli hv. 10. landsk. hér áðan varðandi veginn gegnum Kópavog, en hv. þm. vitnaði þar til ummæla sinna og tillöguflutnings í sambandi við þetta mál við afgreiðslu vegalaganna í fyrra og taldi, að ef þá hefði verið orðið við þeim till., sem hann flutti um þetta mál, mundi vandinn vera auðleystur í dag. Ég skal ekki leggja dóm á, hvaða þýðingu það hefði haft fyrir lausn þessa máls, ef hans till. hefðu verið samþ. Að vísu hlaut það að verða nokkurt matsatriði, hve stór hlutur af heildarkostnaði vegar í gegnum kaupstað átti að lenda á bæjarfélaginu, ef það átti að verða viðráðanlegt. Ég veit ekki, hvort þessi hv. þm. hefur í fyrra gert sér grein fyrir því, hve mikið þessi framkvæmd muni kosta, og þar af leiðandi verið tilbúinn til þess að setja upp ákveðna prósentuskiptingu á milli ríkisins annars vegar og bæjarfélagsins hins vegar, sem hefði falið það í sér, að það hefði verið viðráðanlegt af hálfu Kópavogskaupstaðar. En það, sem við fengum fram í fyrra við samþykkt vegalaganna, var það, sem bæjarráð Kópavogs einróma óskaði eftir, eins og hv. 10. landsk. tók fram, sem sagt að sú breyting yrði gerð, að í stað þess, að 10% framlag, sem rynni til ákveðinna framkvæmda á vegi gegnum kaupstaðinn, yrði síðan dregið frá hluta kaupstaðarins í benzínskatti síðar, þá yrði þetta óafturkræft framlag. Þetta var það, sem bæjarráð Kópavogs einróma óskaði eftir varðandi afgreiðslu vegalaganna í fyrra, og við fengum það samþ.

Það voru, eins og fram kom hjá hv. þm., uppi hugmyndir, að vísu mjög óljósar, byggðar á mjög ófullkomnum áætlunargerðum varðandi kostnað við það verk að koma hraðbraut gegnum Kópavogsbæ. Það voru, eins og hann sagði, hugmyndir um, að kostnaðurinn væri einhvers staðar á milli 20 og 40 millj., 25—30 millj. Og miðað við það, að Kópavogsbær fengi verulegan hluta af 10% framlaginu, sem haldið er eftir af því, sem greitt er til kaupstaða, en það nemur um 3 millj. á ári, þá mundi það vissulega ásamt þeim hluta benzínskattsins, sem rennur til Kópavogs, miðað við þær hugmyndir, sem þá voru uppi um það verk, sem þarna var fram undan, leysa þetta mál á viðunandi hátt að okkar dómi. Við mundum vissulega taka því fegins hendi, ef við þyrftum ekki að greiða neitt í sambandi við lagningu vegarins í gegnum Kópavog. Ég skal taka undir það. En við höfum ekki farið fram á það, og um leið og við bendum á, að þarna er um algera sérstöðu að ræða, þá viðurkennum við, að þessi vegur er einnig okkar vegur eins og hinna, sem aka þarna í gegn. Það er rétt, að um helmingur umferðarinnar fer í gegnum Kópavog án þess að koma þar við og er okkur þar af leiðandi algerlega óviðkomandi, og að því leyti til er þetta algert einsdæmi og mun hvergi eiga hliðstæðu, því að þar sem fjölfarnir þjóðvegir liggja í gegnum kauptún, munu þau vissulega hafa mikinn hagnað af þeirri umferð, og stundum er þessi vegur, sem þar liggur í gegn, þeirra lífæð, en sú umferð, sem fer í gegn hjá okkur, er óviðkomandi Kópavogsbæ.

Við fögnum öllum þeim röddum, sem koma fram um nauðsyn þess, að þetta mál verði leyst, ekki aðeins okkar vegna, heldur og þeirra mörgu, sem þarna eiga hlut að máli. En alvarlegasta atriðið í þessu er það, sem snýr að okkur, eykur hina miklu slysahættu og veldur umferðarvandræðum í okkar bæ, þar sem þessi gata liggur í gegnum miðjan kaupstaðinn og sker okkar kaupstað svo gott sem í tvennt. En það er mér vitanlega fyrst í fyrra við afgreiðslu vegalaganna, sem fram koma raddir annarra en flokksmanna Sjálfstfl. hér á hv. Alþingi um að leysa þetta mál. Það hefur komið fram till. þm. Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi um bráðabirgðalausn, og hefur það komizt í framkvæmd varðandi mesta umferðarvandamálið á Kópavogshálsinum, og einnig till. um undirbúning að varanlegri lausn þessa máls.

Það kann að vera, að hv. 10. landsk. hafi áður flutt hér skelegga till. um lausn þessa máls. Mér er ókunnugt um það. Og ég hygg, að það hafi verið fáar raddir frá hans flokksbræðrum um að leysa þetta mál, og er það þó ekkert nýtt, þótt viðurkennt sé, að það fer versnandi með ári hverju.

Eins og ég gat um, óskaði bæjarráð Kópavogs eindregið eftir því að fá ákveðna breytingu á vegalögunum í fyrra og náði samþykki fyrir því, og þar með var sérstaða Kópavogs viðurkennd. Það var fyrsta viðurkenning ríkisvaldsins og hv. Alþingis á þessu mikla vandamáli, sem hér er um að ræða. Síðan við nánari áætlunargerð benda allar líkur til þess, að þetta verk verði miklu, miklu kostnaðarsamara en hugmyndir voru

uppi um í fyrra. Að vísu liggur fyrir áætlun nú, fullkomnari þó, en ekki til fulls unnin, eins og hv. 10. landsk. þm. gat um, upp á milli 80 og 90 millj. En vissulega mun vera hægt að leysa þessi mál miklu fyrr en búið er að koma því verki, eins og þar er gert ráð fyrir, fyllilega í framkvæmd.

Á s. l. sumri leituðu bæjaryfirvöld í Kópavogi aðstoðar dómsmrh. um það, að til bráðabirgða fengi kaupstaðurinn aukna aðstoð frá ríkinu varðandi löggæzlu á þessu hættulega svæði, og það fékkst fram. Það var fjölgað í lögreglu Kópavogs um 5 menn til þess einvörðungu að sinna þessu vandamáli. Og eins og hv. þm. muna, var við afgreiðslu fjárlaga tekin inn sérstök fjárveiting í þessu skyni. Þetta er önnur viðurkenning ríkisvaldsins á þessu sérstæða vandamáli, og fyrir þetta eru Kópavogsbúar þakklátir. Nú, þegar ljóst liggur fyrir, að þarna er um kostnaðarsamara verk að ræða allavega en gert var ráð fyrir í fyrra, er augljóst, að sá fjárhagsgrundvöllur, sem hugsaður var til þessara framkvæmda á s. l. ári, er ekki fyrir hendi, þegar verkið verður miklu, miklu kostnaðarsamara. Þess vegna hafa bæjaryfirvöld Kópavogs snúið sér til samgmrh. með beiðni um aukna hlutdeild ríkisins í því að leysa þetta vandamál. Og við höfðum ekki á takteinum ákveðna till. í því efni, enda þarf þetta mál nokkurrar íhugunar við og tekur kannske nokkurn tíma að finna sanngjarna og viðunandi lausn. Ég tel það hafa verið góðar undirtektir og mjög jákvæðar, að þessum óskum okkar var mætt með því, að skipuð var n. frá bæjarstjórn Kópavogs og frá samgmrn. til þess að finna lausn á þessum vanda.

En þetta er ekki fyrsta viðurkenningin, eins og hv. 10. landsk. þm. vildi halda fram, — þetta er ekki fyrsta viðurkenning ríkisvaldsins á þessu sérstæða vandamáli okkar. Þetta er í þriðja sinn á ári, sem ríkisstj. tekur jákvætt undir okkar málaleitan varðandi það að fá framtíðarlausn og lausn til bráðabirgða varðandi þetta vandamál okkar. Ég tel, að nú einmitt á síðustu tímum hafi verið tekin upp skynsamleg vinnubrögð til að leysa þetta vandamál. Við væntum þess, að nokkur hraði geti orðið í framkvæmdum, en þarna er um stórt og mikið verk að ræða, eins og öllum má vera ljóst, og það kann að taka nokkurn tíma, að hin endanlega niðurstaða fáist. En þó vænti ég þess, að það þurfi ekki að tefja það, að framkvæmdir hefjist nú í vor og sumar.

Ég fagna, eins og ég áður sagði, öllum röddum, sem koma fram meðmæltar því, að við fáum aðstoð til þess að leysa þetta mál. Það er, eins og öllum hefur verið ljóst og hlýtur að vera ljóst, ofviða okkur Kópavogsbúum að leysa það. Og ég vil segja, að þær undirtektir, sem við höfum fengið varðandi þær málaleitanir, að ríkisvaldið komi þarna til liðs við okkur, hafa verið jákvæðar, og fyrir það höfum við verið þakklátir. Og ég held, að heppilegast sé að halda áfram að leysa þetta mál á þeirri braut, sem mörkuð hefur verið. Þetta er ekki pólitískt deilumál fyrir Kópavog. Þar stöndum við allir bæjarfulltrúar allra flokka einhuga að því, sem samþ. hefur verið um þessi mál til þessa, og ég vonast til þess, að svo verði, og framgangi þessa máls er enginn greiði gerður með því að fara að reyna að vekja upp um það nokkrar pólitískar deilur.

Umr. frestað.

Á 35. fundi í Sþ., 29. marz, var fram haldið síðari umr. um till. (A. 146, n. 350 og 356, 348, 357, 364, 365, 367).

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Hér liggur fyrir vegáætlun fyrir árin 1965—1968 ásamt brtt. fjvn. Við athugun málsins kemur fram, að allt of lítið fé er ætlað til vega- og brúargerða á þessu tímabili. Ég vil einkum nefna framlögin til þjóðbrauta og landsbrauta, en þau eru svo lítil samkv. þeim till., sem hér liggja fyrir, að við það er ekki hægt að búa.

Ég vil nefna dæmi um mjög aðkallandi vegaframkvæmdir í því héraði, þar sem ég er kunnugastur, en ekkert fé er veitt til á öllu þessu tímabili.

Fyrir allmörgum árum, eða fyrir daga núv. hæstv. ríkisstj., var byrjað á endurbyggingu Norðurlandsvegar í Hrútafirði, sem er í flokki þjóðbrauta. Lokið var við að leggja nýjan, ágætan veg á stuttum kafla innan við Stað í Hrútafirði, en síðustu árin hefur ekki verið haldið áfram með vegagerð á þessum slóðum, og er enn að mestu notazt við gömlu reiðgöturnar á strönd Hrútafjarðar, sem eru hlykkjóttar og liggja víða þannig, að umferð um þær er mjög örðug á vetrum, ef nokkuð snjóar að ráði. Engin fjárveiting er ætluð til að halda áfram endurbyggingu þessa vegarkafla á árunum 1965—1968. Þetta er þó ein af aðalþjóðbrautum landsins. Ég vil nefna annað dæmi. Það er Norðurlandsvegur um Langadal í Húnavatnssýslu. Eins og öllum er kunnugt, er mjög mikið ógunnið við endurbyggingu vegarins þar. Gamli vegurinn um dalinn er mjög ófullkominn, og liggur víða þannig, að umferð um hann stöðvast að vetrinum, þó að greiðfært sé um nálægar sveitir. Þar er einnig veruleg slysahætta, einkum sunnan við Æsustaði, og hafa oft orðið bifreiðaárekstrar á þeim vegarkafla. En samkv. vegáætluninni er enginn eyrir ætlaður til endurbyggingar þjóðbrautarinnar um Langadal á tímabilinu 1965—1968. Svipaða sögu er að segja af væntanlegum framlögum til landsbrauta í Húnavatnssýslum. Þau eru allt of lítil miðað við þörfina.

Ég hef hér aðeins nefnt dæmi úr því héraði, þar sem ég er kunnugastur, en svona mun það vera um allar jarðir. Ég fæ ekki betur séð en framlögin frá ríkissjóði til þjóðbrauta, landsbrauta og brúargerða séu minni nú en þau voru áður, miðað við notagildi fjárveitinga þá og nú.

Mér reiknast svo til, að um 40% af vegafénu nú sé vegna nýju skattanna, sem á voru lagðir með vegal. 1963. Tekjur vegasjóðs eru alls áætlaðar samkv. till. fjvn. árið 1965 263.7 millj., og þar af mundi þá vera vegna nýju skattanna um það bil 105.5 millj.

Á vegáætluninni er samkv. till. fjvn. gert ráð fyrir, að árið 1965 verði lagt til þjóðbrauta, landsbrauta og sýsluvega samtals 60.3 millj. Ef við drögum 40% frá þessu samkv. framansögðu, sem má telja að sé hlutur nýju skattanna í vegafénu, eru eftir 36.2 millj., sem segja má að komi frá ríkinu til þessara framkvæmda, 36.2 millj. En árið 1957 voru veittar til nýrra akvega og sýsluvega 19.3 millj. Kostnaðarvísitala vegagerðar, sem reiknuð er út á vegamálaskrifstofunni, var árið 1957 224, en nú í marz 1965 466. Þannig hefur kostnaðurinn við vegagerð á þessu tímabili meira en tvöfaldazt. En það vantar nokkuð á það samkv. því, sem ég áðan greindi frá, að framlögin 1965 til þjóðbrauta, landsbrauta og sýsluvega séu helmingi meiri en þau voru 1957.

Og þá vil ég nefna brýrnar. Til þeirra eru áætlaðar 1965 samkv. till. fjvn. alls 31 millj. 250 þús. Séu dregin 40% frá þessu, sem ég tel að sé hlutur nýju skattanna, eru eftir frá ríkinu 18 millj. 750 þús. 1957 voru veittar til brúargerða 11 millj. 340 þús. Þá var vísitala brúargerðarkostnaðar 248, en er nú 544. Þarna hefur kostnaðurinn gert töluvert meira en tvöfaldast, en aftur vantar allmikið á, að framlög ríkisins til brúargerða í ár séu tvöföld við það, sem var 1957.

Þegar nýju vegal. voru sett síðast á árinu 1963 og nýir skattar lagðir á þjóðina til fjáröflunar fyrir vegasjóð, mun ekki hafa verið gert ráð fyrir því og ekki til þess ætlazt, að dregið yrði úr ríkisframlögum til þessara framkvæmda. Þetta tel ég, að komi fram í nál. meiri hl. fjvn., sem hér liggur fyrir á þskj. 350. Í því nál. segir m. a. svo, með leyfi hæstv. forseta: „Með nýju vegal. var lagður grundvöllur að stórauknu fjármagni til samgöngubóta á landi.“ Því aðeins getur meiri hl. sagt þetta, að hann hafi gert ráð fyrir því, að ríkisframlögin til vega- og brúargerða yrðu óskert frá því, sem áður var, og vegaskatturinn nýi, sem á var lagður, kæmi þeim til viðbótar. Það skal að vísu viðurkennt, að meira fé en áður er nú ætlað til vegagerða í kaupstöðum og kauptúnum, og skal ég ekki lasta það, því að þess er brýn þörf. En aðra sögu er að segja af framlögum til þjóðbrauta, landsbrauta og brúargerða. Eins og ég hef þegar nefnt, fæ ég ekki betur séð en ríkisframlögin til þeirra framkvæmda verði raunverulega minni á þessu ári og þeim næstu heldur en þau voru áður. Notagildi fjárins verður minna. Þetta á ekki svo að vera, og því vil ég mæla eindregið með því, að brtt. á þskj. 357 frá fjórum hv. fjvn.-mönnum verði samþykktar. Samkv. brtt. fjvn. er gert ráð fyrir, að unnið verði fyrir lánsfé við hraðbrautir og þjóðbrautir á því tímabili, sem áætlunin nær yfir. Ég geri ráð fyrir, að ríkisstj. flytji frv. á þessu þingi um lántökuheimildir í þessu skyni, en vil þó beina fsp. um það til hæstv. samgmrh.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Vegáætlun sú, sem hér liggur nú fyrir til umr., er sú fyrsta, sem ætlunin er að afgreiða með þeim hætti, að nú er gert ráð fyrir áætlun um vegaframkvæmdir fyrir næstu 4 ár. En eins og kunnugt er, var einmitt gert ráð fyrir því í hinum nýju vegal., að framvegis yrði að því stefnt, að gerð yrði áætlun um vega- og brúargerðir til fjögurra ára í senn og þannig tekið upp nýtt framkvæmdaplan í þessum efnum frá því, sem áður hafði verið. Nú stöndum við hér frammi fyrir því, að till. liggja fyrir um fyrstu fjögurra ára áætlunina í þessum efnum, því að vegáætlunin, sem samþ. var fyrir s. l. ár, þó að hún væri miðuð við ákvæði vegal., var aðeins fyrir það ár út af fyrir sig, árið 1964. En nú liggur sem sagt hér fyrir þáltill., sem felur í sér till. um allar framkvæmdir í vega- og brúamálum á næstu 4 árum. Hér á að vera gert ráð fyrir öllum framkvæmdum, sem unnið verður að, hvort sem að þeim verður unnið fyrir fé beint úr vegasjóði eða fyrir fé, sem aflað er með sérstökum lánum. Það er því mín skoðun, að hér sé nú verið að marka nýja stefnu, ný vinnubrögð í sambandi við þessi þýðingarmiklu mál, vegagerðarmálin í landinu. Það er því ekki óeðlilegt, að nokkuð sé um það rætt, hvernig þessi áætlun er úr garði gerð, hverju má búast við í vegagerðarmálum á næstu 4 árum.

Eins og kunnugt er, varð hér fyrir rúmu ári samkomulag milli allra flokka á Alþ. um það að leggja til, að tekjur vegasjóðs yrðu auknar allverulega eða um 100 millj. kr. á ári, eins og þá var áætlað, með verulegri hækkun á benzínskatti. Nokkrar umr. urðu hér þá um þessa ráðstöfun, og það kom mjög greinilega fram hér hjá mörgum þm., að út frá því var gengið, að þessar auknu tekjur, sem nú átti að afla til vegagerðarmála, það yrði að búa tryggilega um það, að þessar auknu tekjur færu að öllu leyti til aukinna vegaframkvæmda í landinu, til aukinna framkvæmda í vegagerðarmálum, en að á engan hátt yrði dregið úr því, sem ríkissjóður almennt legði til þessara mála, frá því, sem áður hafði verið, ekki aðeins beint í krónum talið, heldur einnig hlutfallslega, miðað við aðrar fjárveitingar frá hálfu ríkisins. Hæstv. samgmrh. sagði í sambandi við þær umr., sem um það atriði fóru hér fram, að hann teldi enga ástæðu til þess að draga það í efa, að þannig yrði á þessum málum haldið, að ríkið drægi ekki að sér höndina á neinn hátt, og það væri í rauninni alveg óþarfa tortryggni að halda nokkru slíku fram. Ég hins vegar lagði á það allmikla áherzlu, að ráðh. vildi vera svolítið skýrari um það, sem hann sagði um þessi mál, heldur en hann fékkst í rauninni til, að hann vildi gefa

alveg ótvíræðar yfirlýsingar um, að um það yrði séð, að ríkið legði a. m. k. fram samsvarandi fé eftirleiðis, en drægi ekki að sér höndina í þessum efnum, þó að þessi nýi tekjustofn kæmi til með þessum sérstaka hætti. Samkomulag fékkst ekki um það, þegar var verið að afgreiða þessi mál, að binda þessi atriði alveg skýrlega í l. sjálfum. En hins vegar voru gefnar þessar yfirlýsingar, sem ég minntist á, m. a. af hæstv. ráðh., að ástæðulaust væri að efast um það, að ríkið mundi leggja fram a. m. k. jafnmikið og það hefði gert fram að þessu. Menn höfðu því fulla ástæðu til þess að búast við því, að nú yrði þannig haldið á framkvæmdum í þessum efnum, að það mætti búast við framkvæmdaaukningu í vegagerðarmálum, sem næmi a. m. k. 100 millj. kr. á fyrsta ári og síðan að sjálfsögðu vaxandi upphæð. Ekki vil ég halda fram, að á fyrsta árinu, árinu 1964, hafi ekki orðið um talsverða aukningu á fjármagni að ræða til vegagerðarmála og að þessi upphæð hafi komið að mestöllu leyti til skila. En nú sýnist mér, að það sé augljóst, að það eigi að byrja í rauninni að ganga á þetta gerða samkomulag, sem þarna var gert. Nú eru uppi yfirlýsingar um það, að ríkissjóður ætli á þessu ári, 1965, ekki að leggja fram jafnmargar krónur og ríkissjóður lagði fram til vegagerðarmálanna á s. l. ári, heldur eigi að skera þessa upphæð niður um 20%. Á þennan hátt er í rauninni verið að draga á óbeinan hátt til ríkisins þann tekjustofn, sem hér var samkomulag um að leggja á umferðina í landinu, til þess að hægt væri að auka framkvæmdirnar í vegagerðarmálum sem þessari upphæð næmi a. m. k. Ég álít líka, að sú áætlun, sem hér liggur fyrir, beri þess arna alveg glögg merki. Og ég vil segja það, að heldur þykir mér óglæsilegt, ef sú á að verða raunin á, þegar gerð er áætlun til næstu 4 ára í þessum efnum, að við eigum að búast við því, að framkvæmdir í vegagerðarmálum eigi beinlínis að ganga saman frá ári til árs, eins og gert er ráð fyrir í þessari áætlun. Ég skal hér nefna aðeins nokkrar tölur til þess að skýra mál mitt nokkru betur.

Það, sem skiptir mestu máli, þegar vegagerðarmál eru rædd hér á Alþingi, er að athuga um nýbyggingarfé, sem veitt er til beinna nýrra vegaframkvæmda í landinu. Hingað til hefur venjulega verið gengið út frá því, að það yrði að standa undir vegaviðhaldi í landinu, eftir því sem þörf væri fyrir það á hverjum tíma, og fjárveitingar hafa að jafnaði farið hækkandi til slíkra mála. Á vegáætluninni fyrir árið 1964 var gert ráð fyrir því, að til nýrra þjóðbrauta yrði varið 24.7 millj. kr. En hvað er nú gert ráð fyrir að verja miklu til nýbyggingar þjóðbrauta á yfirstandandi ári, 1965? Ekki 24.7 millj. kr., heldur 22.7 millj. kr. Það er beinlínis gert ráð fyrir minna fé, þó að vitanlega verði tvímælalaust um dýrari framkvæmdir að ræða á árinu 1965 heldur en var um að ræða 1964. En það er ekki nóg með það. Á árinu 1966 er gert ráð fyrir enn þá minni fjárveitingu til þess að leggja nýjar þjóðbrautir. Þá á fjárveitingin að lækka niður í 19.4 millj. kr., árið 1967 á upphæðin að verða 20.2 millj. kr. og árið 1968 23.6 millj. kr., eða eftir 4 ár, árið 1968, á að verja heldur lægri upphæð en varið var í þessu skyni árið 1964. Nú kemur mér ekki til hugar að búast við því, að hæstv. samgmrh. detti í hug, að framkvæmdakostnaðurinn við vegagerð eftir 4 ár hér frá, árið 1968, verði eitthvað lægri en hann er nú eða hann var árið 1964. Hæstv. ráðh. veit auðvitað, að það má telja alveg öruggt, að framkvæmdakostnaðurinn verður miklum mun meiri. Það kostar þá meira að leggja hvern km heldur en kostar nú. En eigi að síður er hér sett upp 4 ára áætlun, sem gerir ráð fyrir jafnt og þétt minnkandi framkvæmdum í þessum efnum. Hið sama er að segja um nýlagningu landsbrauta. Til nýlagningar landsbrauta var varið árið 1964 27.1 millj., en árið 1965 er að vísu gert ráð fyrir 27.5 millj. kr., örlítið hærri upphæð, en árið 1966 hrapar upphæðin aftur niður í 24.5 millj. kr. og árið 1967 niður í 24.6 millj., og 1968 hrapar hún niður í 23.9 millj. kr., en var ráðgerð 1964 27.1 millj. Þetta er ekki glæsileg áætlun, sem hér er á ferðinni. Og sama er að segja um framkvæmdir í brúarbyggingarmálum. Þar er beinlínis gert ráð fyrir því, að fjármagnið fari minnkandi í krónutali.

Hver er ástæðan til þess arna? Vitanlega er það glöggt mál, að hér er verið að gera ráð fyrir því í þessari áætlun, að ríkissjóður dragi að sér höndina í fjárveitingamálum til vegagerðar í landinu. Það er verið að gera ráð fyrir því í þessari áætlun, að framlag ríkissjóðs í öll þessi ár, 4 ár, standi alltaf óbreytt að krónutölu og reyndar, eftir því sem við höfum heyrt, gert ráð fyrir því að minnka framlagið um 20% nú á þessu ári, en féð, sem gengur til nýbygginga á þjóðbrautum og landsbrautum og til nýbygginga við brúarbyggingar, verður sífellt minna og minna, einnig í krónutali, vegna þess að auðvitað er gert ráð fyrir því, að meira og meira af því fé, sem í vegasjóði kann að verða, þarf að ganga í vegaviðhaldið í landinu og í stjórn vegamála og annan undirbúningskostnað. Ríkissjóður ætlar ekki einu sinni að taka á sig í þessum efnum með því að leggja fram meira fé til þess að halda við vegakerfinu í landinu eða til þess að annast yfirstjórn vegamála í landinu. Það þarf beinlínis að klípa þær fjárhæðir, sem þarf til þessara mála, umfram það, sem áður var, af nýbyggingarfénu.

Ég verð að lýsa því yfir, að ég undrast, að hæstv. samgmrh. skuli treysta sér til þess að leggja fram slíka áætlun sem þessa. Ég undrast það mjög, og mér sýnist, að það beri alveg ótvíræðan vott um það, að annaðhvort sé nú dreginn úr honum allur máttur í sambandi við fjárhagsafkomu ríkissjóðs,

þannig að hann treysti sér ekki að halda á þessu máli eins og á að halda á því, eða þá hitt, að hann hefur ekki nægan skilning á því, hvaða þarfir kalla á í þessum efnum, þar sem alveg er augljóst mál, að það þarf óhjákvæmilega að leggja til vegagerðarmála á komandi árum sífellt meira og meira fé.

Það eru allar kringumstæður í landinu, sem benda til þess, að þetta sé alveg óhjákvæmilegt. Notkun vegakerfisins fer stórvaxandi á allan hátt. Notkunartími hinna einstöku vega lengist stórum frá því, sem áður var, og vitanlega þýðir það, að ekki aðeins aukinn bílafjöldi í landinu, heldur vitanlega vaxandi mannfjöldi í landinu frá ári til árs og stórvaxandi framleiðsla kalla á það, að það verður að veita miklum mun meira fjármagn einmitt til vegagerðarmála í landinu heldur en verið hefur. Það er lítið ráð í þessum efnum, þó að á það sé bent, að það séu jafnvel vandræði fyrir dyrum í sambandi við vegaviðhaldið í landinu, þar sem sífellt stærri og stærri bílar séu settir út á þjóðvegina og þeir aki þar um með of þung hlöss og þeir spilli allt of veikum vegum. Ég efast ekkert um það, að þessi frásögn út af fyrir sig er rétt. En þetta ástand verður ekki læknað með því, sem vikið er að, þegar frá þessu er skýrt, að það sé skortur á þjóðvegalögreglu, það vanti menn til þess að sjá um, að hægt sé að halda þunga ökutækjanna hér í skefjum. Það verður ekki læknað á þann hátt. Það þyrfti nokkuð marga menn til þess að ætla að ráða við það í þessum efnum.

Menn gera það hreint ekki að gamni sínu að hafa gripið til flutninga með bifreiðum á þann hátt, sem gert hefur verið nú á síðustu árum. Það er beinlínis óhjákvæmileg þörf, sem hefur knúið menn til þess að fara inn á þessa braut, og jafnvel þó að það yrði gert að hækka nokkuð þungaskattinn frá því, sem nú er, þá mundi samt ekki draga úr þessari umferð, og þá mundu samt sem áður hlössin á bílunum ekki minnka. Við þekkjum það t. d. mætavel í mínum landsfjórðungi, á Austurlandi, að það er vitanlega algerlega óhjákvæmilegt að grípa til þessara flutninga, eins og gert hefur verið. Þar hefur atvinnulíf gerbreytzt á stuttum tíma og kallað á margfalda flutninga við það, sem áður var. Og það eru engar aðrar leiðir til þess að leysa þennan vanda. Það verður að reyna að skrönglast yfir þá vegi, sem fyrir eru og heita þó vegir, þó að þeir hafi aldrei verið fullagðir margir hverjir. En þetta vitanlega allt saman kallar á það, ekki aðeins gagnvart Austurlandi, heldur er það einnig með aðra landshluta alveg eins, að ástandið í landinu kallar á stórkostlega aukið fé til vegagerðarmála í landinu.

Og þegar þessi mál standa svona, eins og ég hef gert hér að umtalsefni, þá segi ég: Það er alveg furðulegt, að það skuli fyrirfinnast nokkur samgmrh. á Íslandi, sem leyfir sér að leggja fram áætlun um framkvæmdir í vegagerðarmálum fyrir næsta 4 ára tímabil, ekki aðeins fyrir eitt ár, heldur fyrir 4 ára tímabil, og gera ráð fyrir því, að svona verði haldið á málunum. Það er furðulegt. Það er vitanlega enginn vafi á því, að það verður að gera ráð fyrir því, að í þessi mál verði að eyða miklum mun meira fé en hingað til hefur verið gert. Það gat vitanlega komið til mála, að eitthvert stutt tímabil yrði bjargað á þann hátt, að það yrðu tekin bráðabirgðalán í þessu skyni og reynt að leysa úr brýnustu þörfinni. En mér sýnist, að eins og þessi áætlun hér lítur út, þá sé síður en svo, að þar komi fram mikill skilningur í þeim efnum. Það er að vísu gert ráð fyrir því í þessari áætlun, að það geti komið til nokkurrar lántöku á næstu 4 árum til þess að ýta nokkuð áfram vissum vegagerðarmálum. En þá er sú áætlun að mínum dómi býsna einkennileg líka. Samkv. áætluninni er gert ráð fyrir því, að tekin verði lán á næstu fjórum árum til byggingar á nokkrum hraðbrautum út frá Reykjavík. Á þessu 4 ára tímabili er gert ráð fyrir því, að lán verði tekin samtals að upphæð 274 millj. kr. til byggingar á þessum tilteknu hraðbrautum, sem liggja hér út frá Reykjavík. Út af fyrir sig er ekkert nema gott um það að segja að ráðast í þessar framkvæmdir, þó að hér sé tvímælalaust um þær framkvæmdir að ræða, þar sem vegirnir eru langbeztir á Íslandi, þar sem gert er ráð fyrir því að byggja upp að nýju langsamlega beztu vegina, sem til eru í öllu landinu, að frátöldum þeim Keflavíkurvegi, sem nýlega hefur verið steyptur.

En hvernig lítur þá dæmið út gagnvart öðrum landshlutum, þar sem vegirnir eru, eins og vegamálastjóri hefur verið að lýsa hér í sinni áætlun, þannig, að þeir þola ekki þá venjulegu umferð, sem um þá fer? Hvernig er þá gert ráð fyrir því að mæta óskum þeirra varðandi lántökur til vegaframkvæmda á þessu 4 ára tímabili? Þar er gert ráð fyrir því, að áfram verði haldið við að gera svonefndan Strákaveg, sem mikil og fögur loforð höfðu verið gefin um á sínum tíma, og það er gert ráð fyrir því, að lán verði tekið til þeirra framkvæmda og þeim vegi verði lokið á tveimur árum. Í þennan Siglufjarðarveg er gert ráð fyrir að taka lán upp á 24 millj. kr. á þessum tveimur árum. Þá er gert ráð fyrir að ljúka svonefndum Múlavegi frá Ólafsfirði, og gert er ráð fyrir lántöku í hann upp á 4 millj. kr. Síðan er gert ráð fyrir því, að á Austurlandi geti komið til greina með lántöku í tvær vegagerðir á þessum 4 árum, samtals upp á 15 millj. kr., þ. e. a. s. veginn frá Möðrudal og austur á Jökuldal, gert er ráð fyrir, að í hann megi taka lán upp á 6 millj. kr., sem er ekki nema lítill hluti af þeim kostnaði, sem þarna yrði óhjákvæmilega um að ræða, og síðan er gert ráð fyrir lántökuheimild í veg út við Vattarnes, þ. e. a. s. á milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar, og það er gert ráð fyrir

lántökuheimild í þennan veg upp á 9 millj. kr. Síðan er gert ráð fyrir því, að taka megi lán í Heydalsveg samtals upp á 3.5 millj. kr. Og þetta er allt og sumt á næstu 4 árum.

Ég fyrir mitt leyti lít svo á, að út af fyrir sig sé sú lántökuheimild, sem gert er ráð fyrir á þessum 4 árum í sambandi við aðalvegaæðarnar hér út frá Reykjavík, eða eins og ég sagði einmitt til þess að umbyggja og lagfæra þá vegina, sem eru tvímælalaust þeir beztu í landinu nú, en þurfa vissulega að batna. Ég veit, að það er mikil umferð um þá. Þar er gert ráð fyrir lántökuheimild upp á 274 millj. Og svo sjáum við á þeim tölum, sem ég nefndi, hverju er gert ráð fyrir annars staðar á landinu. Það er nálega ekki neitt, því að sú litla fjárhæð, sem t. d. er gert ráð fyrir að geti komið til mála að taka að láni í sambandi við vegagerðarmál á Austurlandi, er alveg sáralítil miðað við þá miklu þörf, sem þar er fyrir hendi. Vegagerðarmál á Austurlandi snúa þannig við, að enn þá er í rauninni ólagður vegur til Austurlandsins frá Möðrudal og alveg austur á Hérað. Sá vegur, sem í daglegu tali er kallaður þar vegur, er aðeins ruddur vegur og í rauninni engum almennilegum farartækjum boðlegur. Þarna er þó um aðalleið að ræða milli landshluta, sem við þm. Austurlandskjördæmis höfum lagt mjög mikla áherzlu á, bæði við vegamálaráðherra og vegamálastjóra, að yrði að leysa á næstu árum, en heimild fæst ekki einu sinni til þess, að það megi gera ráð fyrir á næstu 4 ára áætlun neinni teljandi lántöku til að ýta þessum nauðsynlega vegi nokkuð áfram.

Þá vil ég einnig nefna það í sambandi við vegagerðarmál okkar fyrir austan, að allmikill undirbúningur hefur átt sér stað um það að bæta vegasambandið við Neskaupstað, fjölmennasta kaupstaðinn á Austurlandi, sem er einangraður frá öðrum stöðum marga mánuði á hverjum vetri. Miklar athuganir hafa þarna farið fram, og allt bendir til þess, að það sé mjög auðvelt að gera jarðgöng, sem mundu gerbreyta samgöngumöguleikum þarna á milli. Og það hefur tvímælalaust komið fram frá heimamönnum, að þeir mundu vilja leggja sig fram um það að veita lánsfé til þessara framkvæmda. Allt virðist því benda til þess, að það sé auðvelt að gera verkið, brýn nauðsyn er á að ráðast í það, og lántökumöguleikar mundu sjálfsagt vera fyrir hendi.

En hvernig er svo brugðið við af þeim, sem ráða þessum málum? Það er brugðið við á þann hátt, að það má ekki einu sinni gera ráð fyrir lántökuheimild. Það má ekki einu sinni taka lán, þó að heimamenn bjóði fram fé í þessu skyni. Þetta kalla ég harla lítinn skilning hjá þeim, sem með þessi mál fara. Og mér er vel kunnugt um það, að miklu fleiri kjördæmi landsins en það, sem ég hef hér minnzt sérstaklega á, eru vitanlega mjög illa stödd í þessum efnum.

Ég tel því, að þessi áætlun, sem hér liggur fyrir, bæði varðandi bein fjárframlög úr vegasjóði og eins viðvíkjandi heimildum til lántöku, beri harla lítinn vott um það, að vegamálaráðherrann skilji, hvernig ástatt er í raun og veru í þessum efnum, því að varla vil ég ætla honum það, að hann sé svo hlutdrægur milli landshluta, að hann vilji halda sumum landshlutum gersamlega aftur úr í þessum efnum, sem þurfa á brýnni fyrirgreiðslu að halda, á sama tíma sem hann virðist þó sjá möguleika til þess að útvega lán til að betrumbæta þá vegi í landinu, sem eru tvímælalaust beztir.

Ég gæti að sjálfsögðu nefnt ýmsar aðrar framkvæmdir á Austurlandi, sem okkur þm. Austurlandskjördæmis þykir alveg furðulegt að sjá, að ekki skuli vera gert ráð fyrir, að það væri þá tekið lán til þess að ýta þeim framkvæmdum áfram. Það hefur verið unnið að því á undanförnum árum að reyna að koma Vopnafjarðarhéraði í vegasamband austur á Hérað, austur á Jökuldal, en fjárveitingar hafa vitanlega verið af skornum skammti. En til þess að reyna að koma þessu vegasambandi á, er alveg óhjákvæmilegt að gera ráð fyrir nokkurri lántökuheimild, og ég efast ekkert um, að það hefði verið möguleiki á því að útvega hér lán, jafnvel þó að ríkisstj. hefði ekki treyst sér til þess að gera það sjálf. En það er þvert nei við því hjá hæstv. samgmrh., að það megi gera ráð fyrir lántökuheimild í þessum efnum.

Ég held, að það sé alveg óhjákvæmilegt, að þeir, sem með samgöngumál landsins hafa að gera, verði að taka sig á í þessum efnum, þeir verði að gera sér eilítið betur grein fyrir því, hvernig er ástatt um samgöngumálin í landinu, áður en þeir koma fram með slíkar tillögur til fjögurra ára eins og hér liggja fyrir. Ég álít fyrir mitt leyti, að það sé ekki hægt að sýna slíka fjögurra ára áætlun sem þessa, ég álít, að hún sé hneyksli, algert hneyksli.

Það er svo aðeins sem rétt eitt dæmi að nefna í leiðinni, að það eru vitanlega fleiri þættir samgöngumálanna, sem mikið hafa að segja, heldur en aðeins vegagerðir og brúargerðir, sem hér eru nú til umr. Flugsamgöngurnar hafa vitanlega mjög mikið að segja líka, ekki sízt fyrir okkur, sem eigum lengst að til Reykjavíkur að leita. En um sama leyti sem verið er að gera tillögur um slíka áætlun sem þessa, þá fáum við þann boðskap, að ríkisstj. skeri nú stórkostlega niður framlög, sem áætluð höfðu verið í sambandi við flugsamgöngur í landinu á síðustu fjárl. Þar var gert ráð fyrir 15 millj. kr. lántökuheimild. Hún hefur verið skorin niður, eftir því sem forstöðumenn flugmálanna hafa tjáð mér, um ⅓, ofan í 10 millj., og auk þess voru svo bein fjárframlög upp á 15 millj. kr. skv. fjárl., og þau eiga að skerast niður um 20%. Þær framkvæmdir, sem voru ráðgerðar t. d. á Austurlandi til þess að bæta þar nokkuð úr, eru bara allar skornar niður

með tölu, hver einasta ein, eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið frá skrifstofu flugmálastjóra. Það átti að byggja flugstöð á Egilsstöðum fyrir farþega þar, en hún hafði brunnið á s. l. ári. Slík áætlun er bara alveg sett til hliðar. Það er verið að byggja flugskýli í Neskaupstað og búið þar að semja um ákveðnar greiðslur, og það er bara frá þeim hlaupið í miðjum klíðum.

Mér sýnist sem sagt, að ráðh. samgöngumála þurfi að átta sig nokkuð á því, hvað er að gerast í þessum efnum, og mér þykir það mjög hart að þurfa að standa frammi fyrir því, ef hann ætlar að halda sér við slíkar tillögur og þær, sem hér liggja fyrir, og þær, sem fram hafa komið m. a. í sambandi við flugsamgöngur. Þá þykir mér illa vera á málunum haldið. Ég hef að vísu heyrt þá afsökun hjá þeim, sem standa að þessari áætlun, að hún sé að vísu gerð til fjögurra ára, en menn búist við því, að það verði ekkert að marka áætlunina fyrir seinni tvö árin, hún verði endurskoðuð á þessu tímabili og þá verði kannske hlaupið frá öllu saman. En þannig álít ég, að sé ekki hægt að halda á þessum málum. Það er vitanlega verið að gera hér sennilega áætlun fyrir framkvæmdir á næsta fjögurra ára tímabili, og það á að gera ráð fyrir því að leysa þau verkefni, sem óhjákvæmilegt er að leysa, með einum eða öðrum hætti. Og samgmrh. landsins getur ekki verið þekktur fyrir það, þó að hann þekki betur til málanna hér í kringum Reykjavík, að hann afsaki sínar tillögugerðir með því, að hann þekki ekkert til málanna í heilum kjördæmum í þessum efnum. En hann getur ekki staðið að slíkum till. sem þessum og neitað um þær heimildir, sem beðið hefur verið um, t. d. af hálfu okkar Austfirðinga, nema aðeins vegna þess, að hann þekkir ekki til mála. Þau mál verður hann að kynna sér betur, og þá trúi ég ekki, að hann geri ekki aðrar till. en þær, sem hér liggja fyrir.

Ég vildi láta þessar aths. mínar koma hér fram strax í sambandi við þessa áætlun. Ég lýsi óánægju minni yfir gerð áætlunarinnar og tel alveg óhjákvæmilegt að breyta henni í grundvallaratriðum. Það verður að gera ráð fyrir meira fjármagni til vegagerðarmála á þessari áætlun en nú er gert ráð fyrir, og það verður að sinna mun meir vegagerðarmálum víða úti á landi en ráðgert er samkv. þessari áætlun. Slíkar till. sem þessar fá ekki staðizt í reynd.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég á mjög örðugt með að taka þátt í kvöldfundi, sem mér skilst vera fyrirhugaður, og vildi því ljúka núna af að tala fyrir brtt., sem við eigum hér á þskj. 364, ég og þrír aðrir þm. af Austurlandi. En áður en ég kem að þeim, vil ég segja aðeins örfá orð almennt um þessi efni, en vísa um það þó langsamlega mest til þess, sem hv. frsm. minni hl. sagði í sinni ræðu um vegamálin almennt.

Ég vil mótmæla því, að farið er að klípa af vegafénu, sem veitt er á fjárl., — alveg mótmæla því. Það er þó ætlunin að gera það með því að klípa 20% af því, sem ákveðið var í fyrra, þegar samningarnir voru gerðir, að leggja til vegamálanna. Ég veit, að okkur, sem stóðum að því samkomulagi, dreymdi aldrei um, að það yrði nú þegar byrjað að klípa af þessu litla framlagi, sem ríkissjóði sjálfum var ætlað að leggja. Þessu vil ég mótmæla.

Þá vil ég benda á það öngþveiti, sem þessi mál stefna í, því að nú er þannig komið, að viðhaldsféð er allt of lágt sett í þessa vegáætlun og hlýtur að verða stórum meira en gert er ráð fyrir í henni, ef það á að vera hugsanlegt að halda vegunum við næstu árin. Enn fremur, að greiðslur af lánum, sem tekin eru til vegamála, munu hækka óðfluga á næstu árum og gleypa sívaxandi hluta af hinu venjulega vegafé. Auk þess, ef að vanda lætur, fer dýrtíðin stórvaxandi, þannig að á næstu missirum verður meginhlutinn af því fé, sem enn er á þessari áætlun á pappírnum ætlað til nýrra vega, að fara í viðhald, í greiðslur af lánum og í dýrtíðarhítina. Það er því augljóst, að hér stefnir í fullkomið óefni, eins og hér hefur verið greint frá, og nú er svo komið, að eina leiðin til þess að fá nokkurt verulegt vegafé virðist vera sú að fá lántökur samþykktar til einstakra vega. Þeir landshlutar, sem ekki fá sinn hlut af lánsfénu, verða sýnilega algerlega út undan á næstunni, því að greiðslurnar af lánunum éta vaxandi hluta af vegafénu.

Þessum vanda stöndum við t. d. frammi fyrir, þm. Austurlands, og við höfum því tekið það ráð að fara fram á, að bætt verði úr þessu frá því, sem fyrirhugað er á vegáætluninni núna. Ég vil benda mönnum með fáeinum orðum á, í hve miklum vanda við erum staddir þarna austur frá varðandi vegamálin. Það er gert ráð fyrir, að í Austurlandskjördæmi verði teknar 15 millj. að láni til veganna. En það er búið að taka að láni til vega annars staðar um 154 millj. og hér er heimilað að taka 320 millj. að láni í viðbót. Þetta verða alls vegalántökur upp á 474 millj. eða nálega 500 millj., og af þessari fúlgu eru Austurlandi ætlaðar 15 millj. eða um 3%. Þó er ástandið, eins og eðlilegt er, líklega lakara hjá okkur en nokkurs staðar annars staðar, vegna þess að við búum við svo stórkostlegar vegalengdir og erfið skilyrði til vegaframkvæmda miðað við fólksfjölda. En okkur er ætlað að fá 3% af því fjármagni, sem ríkið tekur að láni til vegaframkvæmda.

Þetta leyfi ég mér að kalla fullkomið hneyksli. Ég trúi því sannast að segja ekki, að úr þessum ráðagerðum verði, og vil enn trúa því, að sanngjarnar till. okkar í þessu tilliti verði teknar til greina. Ég vil í þessu sambandi benda mönnum einnig á, að af 648 km, sem enn eru ruddir og ólagðir af þjóðbrautum, eru 278 km í Austurlandskjördæmi. En við

eigum að fá 3% af vegalánafénu. Enn fremur vil ég benda mönnum á, að af landsbrautum eru taldar 2432 km óbílfærar eða ruddar og af þessum 2432 km eru 656 km í Austurlandskjördæmi. M. ö. o.: af ruddum og óbílfærum þjóðbrautum eru um 40% á Austurlandi og af óbílfærum og ruddum landsbrautum um 25%.

Þetta sýnir, að það er brýnni þörf hjá okkur fyrir vegabætur en nokkurs staðar annars staðar á landinu, að Vestfjörðum undanskildum. Þar mun vera svipað ástatt. Þetta stafar af því, að þau svæði hafa setið meira fyrir vegafénu, þar sem umferð er meiri. Þar hefur miðað betur áfram en hjá okkur, þar sem vegalengdir eru miklu meiri en annars staðar að tiltölu við fólksfjölda.

Till. okkar eru, að það verði heimilað að taka að láni vegna Austurlandskjördæmis eftirfarandi fjárhæðir:

Fyrst til Austurlandsvegar, það er aðalleiðin austur á land og suður um Breiðdalsheiði og áleiðis suður til Reykjavíkur, þegar brúað verður á Skeiðarársandi. Það er eftir að byggja á þessum vegi fyrir 80—90 millj., en það er gert ráð fyrir að veita til hans nú um 800 þús. á ári í 4 ár í sjálfri vegáætluninni og taka 6 millj. að láni. Við sjáum því, að það miðar harla lítið, ef við þetta á að standa. Við leggjum til, og þykir það í mesta máta sanngjarnt, að það verði teknar 8 millj. að láni hvert þessara fjögurra ára í þennan veg, eða 32 millj. alls, og mundi samt, þótt það yrði gert, ærið langt þess að bíða, að öll leiðin yrði byggð upp. En mikið mundi það bæta, ef á okkar till. yrði fallizt.

Þá er þannig ástatt, að búið er að gera allmikla vegagerð á Hellisheiði í Norður-Múlasýslu, en til þess að hún yrði sæmilega fær, mundi þurfa að fá 6 millj. í viðbót við það, sem þegar hefur verið veitt. Leggjum við til, að þessi fjárhæð verði tekin að láni og þessum lífsnauðsynlega vegi komið í samband á 4 árum.

Þá er gert ráð fyrir að gera jarðgöng í Oddsskarði til þess að lækka þar veginn. Það mundi lækka veginn um 70 m og gerbreyta öllum aðstæðum. Mundi þá verða nálega ævinlega fært og setja þetta stærsta byggðarlag Austurlands í samband við aðalvegakerfið. Þessi vegur mundi hafa stórkostlega þýðingu fyrir Austurland, líka vegna þess, að á Norðfirði er fjórðungssjúkrahús Austfirðinga og miðstöð á margan hátt. Það mundi verða þarna bylting, ef hægt væri að koma þessu í framkvæmd, og þetta kostar eins og stór mótorbátur eða ca. 12 millj. Leggjum við til, að lán verði tekið í þessu skyni og jarðgöngin lögð 1966 og 1967. En næsta sumar ætlum við að verði notað til endanlegra rannsókna í þessu efni og til að ganga frá undirbúningi verksins.

Þá hefur Fáskrúðsfjörður mjög ófullkomið vegasamband, en það er hægt að bæta úr því og leggja út um Vattarnes með sjónum öruggan veg, sem ævinlega verður fær, hvað sem á gengur. Það kostar ca. 9 millj. kr., og leggjum við til, að teknar verði að láni 4½ millj. í þetta verk í sumar og 4½ millj. næsta sumar, 9 millj. alls.

Loks er það Fjarðarheiði, leiðin í hinn mikla framleiðslu- og síldarbæ, Seyðisfjörð. Vegurinn á heiðinni leggst mjög snemma undir snjó, því að hann er gamall og lélegur orðinn, en allgóður vegur báðum megin við heiðina. Væri hægt að byggja veginn upp og gera hann sæmilega öflugan fyrir 6 millj. Leggjum við til, að lán verði tekið til þess, 1½ millj. á ári næstu 4 árin.

Það er ekki meira en þetta, sem við förum fram á. Og þótt þetta yrði samþykkt, sem við leggjum til, mundi það vera eins og dropi í hafið miðað við þörfina. Við mundum ekki einu sinni ná nándar nærri sanngjörnu hlutfalli í vegalántökunum, þótt þetta yrði samþykkt. En við viljum trúa því, að það sé skynsamlegt að vera hógvær og sanngjarn í uppástungum, og þess vegna höfum við ekki haft till. okkar hærri en þetta. En við viljum skírskota til réttlætiskenndar hv. þm. og vonast eftir því, að við fáum þessar till. samþykktar, því að hvernig sem á þetta mál er litið, getur niðurstaðan aldrei orðið nema sú, að hér er um fullkomið nauðsynjamál og alveg sérstakt sanngirnismál að ræða.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Samgöngumál Vestfirðinga á landi hafa oft verið rædd, sem eðlilegt er, ekki síður en samgöngumál annarra landshluta, og hv. þm. mun vera kunnugt um, hvernig þar er ástatt í þessum málum. Það er nokkurn veginn föst regla, þegar hv. þm. annarra héraða eru að tala um bágborið ástand í vegamálum í sínum kjördæmum og landshlutum, þá enda þeir jafnan mál sitt á því, að þarna sé það verst á landinu að undanteknum Vestfjörðum. Þannig er það orðið fast viðkvæði manna, að Vestfirðir séu verst staddir allra landshluta, og það fer alls ekkert á milli mála, þetta er viðurkennt, held ég, af öllum, sem um þessi mál ræða. Það ætti því ekki að vera þörf á að rifja upp nein sérstök dæmi um samgöngumál Vestfirðinga, til þess að hv. þm. geri sér grein fyrir því, hvernig þar er ástatt. Ég skal þó aðeins nefna þrjú dæmi úr skýrslu, sem fylgir þessum till., sem nú eru hér til umr., skýrslu vegamálastjóra, sem talar sínu máli, og mætti þó nefna mörg fleiri dæmi en þessi. Þar er skrá yfir það, hve margir sveitabæir á Íslandi hafi ekkert vegarsamband eða með öllu ófullnægjandi vegarsamband. Þessir sveitabæir á Íslandi, sem þannig eru staddir, eru alls 41, en af þessum 41 sveitabæ, sem engan veg hefur eða sama sem engan veg, eru þó 18 í Vestfjarðakjördæmi einu eða 44%. Þá má nefna óbrúaðar ár, sem þarf 4—10 m brýr á. Þessar ár á öllu landinu eru alls 174, en af þeim eru 58 á Vestfjörðum eða þriðjungurinn. Í hinum sjö kjördæmunum eru þó ekki nema ⅔. Þá má nefna óbílfærar þjóðbrautir og landsbrautir, þessa vegi, sem hafa það séreinkenni

að vera ekki vegir nema á pappírnum. Á öllu landinu eru alls 586 km af þessum vegum svokölluðu, en Vestfjarðakjördæmi er með 221 km af þessari vegalengd eða 38%. Hin sjö kjördæmin eru þá ekki nema með 62%.

Svona mætti lengi telja dæmin um það, hvernig ástatt er um samgöngur á landi á Vestfjörðum. Það mætti svo sem nefna hliðstæður hvað snertir flugsamgöngur og sjósamgöngur, en ég fer ekki út í þá sálma að þessu sinni, og ég tel yfirleitt ekki þörf á að vera að rifja þetta sérstaklega upp, vegna þess að hv. þm. þekkja þetta orðið allrækilega og viðurkenna það alltaf í ræðum sínum, þegar þeir eru að tíunda ástandið hjá sér, að þar sé það verst að undanteknum Vestfjörðum.

Ég minnist þess, að í dag flutti hv. 5. þm. Austf. (LJós) mjög skelegga ræðu um ástandið í vegamálum eystra, og ég býst við, að hann hafi ekki lýst því of dökkum litum, hvernig það er þar, og taldi það verst á öllu landinu að undanteknum Vestfjörðum.

Það er því ekki að ófyrirsynju, að sumir okkar Vestfjarðaþingmanna höfum barizt allengi fyrir því að fá úr þessu bætt. Á þingi 1959 fluttum við þrír þm. frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að taka 6 millj. kr. lán á ári í fimm ár í röð til nýbyggingar þjóðvega á Vestfjörðum og Austurlandi. Þm., sem þetta frv. fluttu, voru Hermann Jónasson, Sigurvin Einarsson og Páll Þorsteinsson, en stjórnarflokkarnir svæfðu þetta frv. í n. Á næsta þingi, 1960, fluttu sömu þm. samhljóða frv. með sömu fjárhæð, og aftur svæfðu stjórnarflokkarnir það frv. í n. Á þriðja þinginu, 1961, flytja þessir sömu þm. enn frv. um lántöku til vegabóta á Vestfjörðum og Austurlandi, en nú er það 10 millj. kr. á ári, sem lagt er til að tekið sé að láni í fimm ár, enda var þá farið að lifna yfir dýrtíðinni. Þessu frv. vísuðu stjórnarflokkarnir til ríkisstj. Það var bara önnur aðferð við aftökuna. Á fjórða þinginu í röð, 1962, flytja sömu þm. enn samhljóða frv. og árið áður um lán til vegabóta á Vestfjörðum og á Austurlandi, og enn vísa stjórnarflokkarnir frv. til ríkisstj. En á þessu sama þingi, 1962, flytja nokkrir þm. brtt. við fjárl. Hún er um það, að á næsta ári, 1963, skuli varið lánsfé til vegabóta á Vestfjörðum og Austurlandi, 9½ millj. kr. Flm. þessarar till. við fjárl. það ár voru Hermann Jónasson, Hannibal Valdimarsson, Sigurvin Einarsson, Páll Þorsteinsson, Halldór Ásgrímsson, Lúðvík Jósefsson og Eysteinn Jónsson. Þarna var ekki hægt að nota sömu aðferð og áður. Það var ekki hægt að svæfa till. í n., því að það er ekki hægt að svæfa fjárl. Það var líka útilokað að fara að vísa henni til ríkisstj., því að það á sér ekki stað undir þeim kringumstæðum. Nei, stjórnarflokkarnir hreinlega felldu till. Á fimmta þinginu í röð, 1963, flytja þrír Vestfjarðaþingmenn brtt. við fjárl. um 10 millj. kr. lánsfé til vega á Vestfjörðum og 10 millj. kr. til að hindra fólksflótta úr því héraði. Flm. að þessari till. voru Hermann Jónasson, Sigurvin Einarsson og Hannibal Valdimarsson. Og enn felldu stjórnarflokkarnir till.

Er þá komið að yfirstandandi þingi, 1964. Skömmu eftir þingsetningu voru Vestfjarðaþingmenn boðaðir til fundar af 1. þm. kjördæmisins, og þar var rætt um, að þm. sameinuðust nú um það að leitast við að fá samþykki ríkisstj. fyrir því, að loks fengist lánsfé til vega á Vestfjörðum. Og aldrei þessu vant, samstaða náðist meðal allra þessara þm. sjö um að standa sem einn maður að því að fá nú lánsfé til vega á Vestfjörðum. Þarna virtist ætla að rofa til eftir margra ára árangurslausa baráttu. Við urðum allir sammála um að óska eftir brtt. við fjárl. um það, að ríkisstj. fengi heimild til slíkrar lántöku, og tveimur stuðningsmönnum ríkisstj. úr hópi Vestfjarðaþingmanna var falið að beita sér fyrir því við hæstv. ríkisstj., að hún féllist á slíkt lánsfé. Þetta gerðu þessir tveir hv. þm. af einni mestu samvizkusemi, að afla þessarar lánsheimildar, og þeir létu okkur fylgjast með, hvað því liði, hvernig horfur væru á því, að þetta tækist, og gáfu okkur mjög góðar vonir, þegar fór að líða að því, að fjárl. kæmu til 2. umr. Og við vorum sammála um það, að ekki kæmi til mála, að við færum að flytja neinar brtt. við fjárl., fyrr en það sæist, hver úrslit þessa máls yrðu. Svo kom að því, að till. fjvn. kæmu fram við fjárl., og nú bjuggumst við við því, að þarna kæmi till. um lánsfé til Vestfjarðavega. En þegar fjárl. koma svo til 3. umr. og till. eru komnar fram frá hv. fjvn., þá er þar ekki að finna nokkurn staf um lánsfé til Vestfjarða, og um það leyti skýra þeir okkur frá því, okkar samstarfsmenn og ötulu baráttumenn fyrir því, að þetta lánsfé fáist, að hæstv. ríkisstj. hafi ekki getað fallizt á að vera að afgreiða þetta í sambandi við fjárl. Hins vegar muni hún hafa fullan hug á að gera það við afgreiðslu vegáætlunar. Við kváðumst þá óska eftir því að fá þá einhverja yfirlýsingu um það við fjárlagaafgreiðsluna, að svo yrði gert, og þeir tjáðu okkur, að það mundi ekki standa á því.

Svo kom til þess að ræða fjárl. við 3. umr. á kvöldfundi í þessum sal, og nú biðum við eftir yfirlýsingunni um lánsféð til vega á Vestfjörðum. Þá kvaddi sér hljóðs hv. 2. þm. Vestf. (SB) og sagði m. a. orðrétt á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: „Við Vestfjarðaþingmenn, sem styðjum ríkisstj., höfum rætt þessi mál við hæstv. samgmrh. og hæstv. fjmrh. Höfum við fengið fyrirheit þeirra um aukinn stuðning við samgöngubætur á landi á Vestfjörðum með svipuðum hætti og nokkur önnur byggðarlög hafa hlotið nokkur undanfarin ár."

Þá kvaddi sér hljóðs hæstv. samgmrh. og segir m. a. orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Það er auðvitað, að ríkisstj. mun afla sér lánsheimildar, þegar þingið kemur aftur saman, vegna þeirra vegaframkvæmda, sem hugsað verður að byggja fyrir lánsfé. Í till. til

vegáætlunar, sem fyrir liggur, er gert ráð fyrir, að það þurfi lán til þriggja vega, þ. e. til Reykjanesbrautar, Strákavegar og Múlavegar. Ef það verður niðurstaðan við afgreiðslu vegáætlunarinnar að taka fleiri vegi inn, t. d. á Vestfjörðum og jafnvel Austfjörðum eða víðar, þá verður vitanlega að afla lánsheimildar, og lánsheimildin miðast þá við það, hvað ákvarðað verður við afgreiðslu vegáætlunarinnar um byggingu vega fyrir lánsfé á næstu árum."

Þegar svo var komið, þótti okkur, sem börðumst fyrir þessu máli, yfirlýsingin í slappara lagi, svo að ekki sé meira sagt. Það var nefnilega ekkert sagt í henni um lánsfé til Vestfjarða, heldur aðeins, að ef á að fara að taka lán, þá mun ríkisstj. afla sér heimildar. Við sjáum okkur þá ekki annað fært en að fá úr því skorið hér á hæstv. Alþingi, hvort þingið vildi fallast á lánsfé til Vestfjarða, og við hv. 5. þm. Vestf. fluttum þá skriflega brtt. við fjárl. um 20 millj. kr. lán til vega á Vestfjörðum. Við vildum láta Alþingi skera úr um það, hvort sjötta þingið í röð ætti að líða svo, að ekkert fengist í þetta hérað af lánsfé, héraðið, sem verst er sett allra héraða í landinu.

Þá kvaddi sér hljóðs hv. 11. landsk. þm. (MB) og fór þess á leit, að ég, sem hafði talað fyrir till., tæki þessa till. aftur, því að nú væri trygging fyrir því fengin, að til Vestfjarða skyldi koma lánsfé, og sagði hv. þm. m. a. á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: „Eins og frsm. þessarar till. gat um í ræðu sinni hér í dag, hv. 3. þm. Vestf., höfum við þm. stjórnarflokkanna átt viðræður við samgmrh. og fjmrh. um, að það verði tekið lán til vegabóta á Vestfjörðum, og það lá fyrir fyrirheit um það frá þessum tveimur hæstv. ráðh., að slíkt yrði gert. Við óskuðum eftir því, að það yrði tekið í sambandi við afgreiðslu fjárl., en þeir létu í ljós, að þeir vildu heldur láta afgreiða þetta mál og afla til þess heimildar í sambandi við afgreiðslu vegáætlunar á næsta ári."

Þegar þessi yfirlýsing kom fram, kvaddi ég mér hljóðs og lagði áherzlu á það, þar sem báðir þessir hæstv. ráðh. væru viðstaddir, að ef þeir ekki mótmæltu þessari yfirlýsingu hv. þm., þá tæki ég það sem ótvírætt fyrirheit um, að lánsfé fengist til Vestfjarðavega við afgreiðslu vegáætlunar á þessu þingi. Þessu mótmæltu þeir ekki, og þar með tókum við flm. till. aftur.

Síðan hefur liðið tíminn frá afgreiðslu fjárlaga þangað til nú, að vegáætlun er nú hér til umr. Fyrir nokkru voru tveir fundir hjá þm. Vestfirðinga um vegamál. Hinir ágætu og ötulu þm., sem höfðu unnið að því heils hugar og af dugnaði af fá samþykki hæstv. ríkisstj. fyrir vegalánum til Vestfjarðavega, skýrðu okkur þá frá, hvernig nú væri ástatt, og það voru mjög gleðilegar fregnir. Ríkisstj. hafði fallizt á að útvega lánsfé til vega á Vestfjörðum, sem skyldi nema 32 millj. kr., á næstu fjórum árum. Þeir gátu þess, að þetta fé mundi verða fengið að láni í erlendum sjóði, sem borið hefur á góma áður hér á hæstv. Alþingi, og þó að það væri ekki alveg öruggt á stundinni, hvort þessi sjóður ætlaði að lána fé, þá sæi ríkisstj. um, að þetta fé kæmi og yrði Vestfirðingum til þessara hagsbóta.

Við vorum búnir að frétta þetta áður, auk þess sem yfirlýsingarnar frá fjárlagaumr. tóku af öll tvímæli um það, að þetta átti að koma, og hafði hæstv. samgmrh. getið þess á fundi í hv. fjvn., að þetta mundi verða gert, svo að okkur kom þetta ekkert á óvart, ekki heldur um sjóðinn, sem ætlaði að lána. Þetta er mjög virðingarverður sjóður. Hann mun heita Flóttamannasjóður Evrópuráðsins, að ég ætla, en hæstv. ríkisstj. hefur fundizt heppilegra að láta hann bera annað nafn hér, — kenna hann við stefnuna hér heima og kalla hann „Viðreisnarsjóð". Ég hef ekkert út á það að setja, hvaðan gott kemur, og skal ekkert að því finna, hvar hæstv. ríkisstj. tekur lán. Það er mál, sem ég læt mig engu varða í þessu sambandi, og ég býst ekki við, að þm. yfirleitt geri það. Hvort hæstv. ríkisstj. tekur lán í „Flóttamannasjóði" eða í „Viðreisnarsjóði" eða í einhverjum öðrum sjóði erlendis, það skiptir okkur ekki nokkru máli, vegirnir eru alveg jafngóðir, sem við fáum á Vestfjörðum, hvaðan sem peningarnir eru fengnir, ef það eru heiðarlega fengnir peningar. En hitt er það, að maður tekur eftir því, að þegar á að fara að lána Vestfirðingum peninga til vegagerðar, þá duga engir innlendir sjóðir. Þegar verið var að afla fjár í Reykjanesbrautina, þessara 143 millj., sem eru komnar í hana, þá þurfti ekkert að leita til neins „Flóttamannasjóðs" eða „Viðreisnarsjóðs", og hvað snertir allar þær lántökur, sem nú eru ráðgerðar í þessari till. um vegáætlun, þá heyri ég hvergi nokkurs staðar nefndan neinn flóttamannasjóð í því sambandi. En það er sama, ég endurtek það, að ég hef ekkert út á þetta að setja, þó að hæstv. ríkisstj. útvegi sér lán í einhverjum sjóði, hún um það, og til hvers hún notar það lán, það kemur ekkert Vestfirðingum við, enda ekkert víst, hvert þessir peningar fara, þeir geta farið eitthvað annað og við fáum svo íslenzka peninga, það er ómögulegt að rekja það neitt.

Okkar ágætu samstarfsmenn meðal Vestfjarðaþingmanna sögðu okkur meira um þetta. Þeir sögðu okkur, að þessar 32 millj. kr., sem ættu að koma að láni í vegi á Vestfjörðum á næstu fjórum árum, væru dálítlu skilyrði bundnar, sem sé því, að þessir peningar megi ekki fara nema í ákveðna vegi, aðalvegi, sem þeir gerðu okkur nokkru nánar grein fyrir, aðalvegi á kaflanum norðan frá Bolungarvík suður á Barðaströnd, en ekki neina hliðarvegi eða smábyggðavegi, heldur í aðalvegina á þessari leið, og að jafnmikil upphæð yrði að koma af fjárveitingum í sömu vegina. Hæstv. ríkisstj. óskaði eftir þessu.

Nú lágu ekki fyrir á þessum fundum okkar Vestfjarðaþingmanna neinar till. um það, í hvaða einstaka vegi á þessu landssvæði lánsféð mætti fara, og við fengum enga vitneskju um það, hverjir ættu að skipta þessu lánsfé, en samt ætti þetta að koma. Og loks segja þeir okkur frá því, að þetta verði ekki afgr. í sambandi við vegáætlun. Það þykir hentugra að afgr. þetta síðar á annan hátt, einhvern sjálfstæðan hátt. Og þeir létu þær óskir í ljós við okkur, að við færum ekki að flytja brtt. við vegáætlunina hvað þetta snerti um lánsfé, því að það gæti komið þeim heldur óþægilega. Það kallaði þá á aðrar lánsfjártill. o. s. frv., enda mundu þeir eða stjórnarsinnar ekki eiga hlut að slíkum tillöguflutningi við vegáætlun. Það kom fram, að þær gætu verið skiljanlegar, þessar óskir. Ef ekki ættu að koma neinar aðrar till. fram, kæmi þeim verr, að fluttar yrðu till. um þetta eina kjördæmi, þó að það samrýmdist ekki alveg vegalögunum.

Við svöruðum þessu efnislega á þessa leið, við hv. 1. þm. Vestf. og 5. þm. Vestf.:

Í fyrsta lagi, að lánsfé, sem ætlað er til vegagerðar, verði að koma inn í vegáætlunina samkv. ákvæðum vegalaga. Hjá þessu yrði ekki komizt, svo að við gætum ekki fallizt á að vera með þetta fyrir utan lög og rétt, enda væri ekkert að óttast í þessu efni. Það væri margyfirlýst, að þetta lánsfé ætti að koma, og margyfirlýst, að það ætti að afgr. í sambandi við afgreiðslu vegáætlunar, svo að við áttuðum okkur heldur illa á þessu og skildum alls ekki, hvernig því yrði komið við að vera með þetta fyrir utan hana.

Þá töldum við það ekki viðhlítandi að veita jafnháa upphæð af þessari fremur þröngu fjárveitingu á hverju ári í sömu vegina og lánsféð ætti að fara í, því að þá yrðu hinir vegirnir æðimargir, sem fengju ekki neitt, og þó að gott sé að fá aðalvegina milli byggðarlaga yfir heiðar og fjöll, þá þurfi fólkið, sem býr á láglendinu, að hafa sína vegi og komast áfram, koma sínum framleiðsluvörum á markað og þess háttar, svo að þetta gæti valdið hinum mestu erfiðleikum, að eiga að gangast undir slíka reglu. Við bentum á, að á vegáætluninni væru fjárveitingar til Vestfjarðavega um 33—34 millj. kr. á 4 árum, og ef lánsféð ætti á sama tíma að vera 32 millj. kr. og jafnmikið að koma af hinu fénu í sömu vegina, þá yrði harla lítið eftir. Þetta sjá allir. Það yrði 1 eða 2 millj., ef þessari reglu ætti að fylgja út í æsar, á móti 64, sem kæmu í hina vegina. Þeir sögðu okkur, að þetta yrði ekki tekið strangt svona fyrsta árið og eitthvað færðist á milli ára, en þetta ætti að vera meginreglan. En við töldum, að þetta væri með öllu óviðunandi.

Á síðari fundinum, sem við áttum saman, var svo rætt um einstaka vegi og skiptingu hinnar væntanlegu fjárveitingar í þá. Þeir sýndu okkur sínar till. um það efni, og við gerðum nokkrar brtt. við það. Við vildum fá þar inn nokkra vegi, sem þeir voru ekki með. Svo lauk þeim fundi. Ég leit svo á, að við mundum hittast aftur, áður en fjvn. gengi frá sínum till. En það varð ekki. Enginn slíkur fundur var haldinn, og við fengum ekki frekari vitneskju um það, hvers konar till. þeir vildu leggja fyrir fjvn. Það var því aldrei neinn botn í þessum umr. hvað þetta snerti, að um neitt samkomulag væri að ræða um fjárveitingar eða skiptingu fjárins. Það er því ekki rétt, sem stendur í nál. bæði minni og meiri hl. fjvn. Ég hef hér orðrétt frá meiri hl. fjvn.: „Varðandi nýbyggingu brúa og þjóðvega hefur n., svo sem jafnan áður, haft samráð við þm. viðkomandi kjördæma um upphæð hinna einstöku fjárveitinga til framkvæmdanna.“ Samráð hafa ekki verið önnur en þessi, að við töluðum saman og við lögðum fram nokkrar brtt. og síðan ekki söguna meir..

Og nú sjáum við, þegar brtt. fjvn. koma fram, að þar er ekki tekin ein einasta till. af þeim, sem við óskuðum eftir að yrðu teknar inn, að undanteknum einum 62 þús. í einn veg, þær voru færðar til eftir okkar ósk og þar með búið.

Um heildarupphæð fjárveitinganna af nýbyggingarfé til Vestfjarða er það að segja, að það er í sama horfinu og í fyrra. Vestfjarðakjördæmi á að hljóta um 14.3% af nýbyggingarfénu, sem er á vegáætluninni, eða svipað hlutfall og var í fyrra. Nefndin hefur ekki séð ástæðu til að bæta hlut Vestfjarða frá því, sem hann var í fyrra, en í fjöldamörg ár höfðu Vestfirðir fengið 19—20% af nýbyggingarfénu, enda ekki óeðlilegt, þar sem þarna var um það kjördæmi að ræða í landinu, sem verst sett var af þeim öllum að áliti þeirra manna, sem yfirleitt hafa talað um þessi mál hér. Þetta hlutfall var lækkað með aðgerðum fjvn. í fyrra úr 19—20% niður í rúm 14%, og það á enn að sitja í því. Aftur á móti eru önnur kjördæmi jafnvel komin yfir 20%, sem eiga þó að vera mun betur sett hvað þetta snertir.

En þrátt fyrir það, þótt svona sé lítill hlutur Vestfjarða í fjárveitingunni, er ekki að neita hinu, að þetta eru góðar fréttir og mikils virði að hafa nú loksins vissu um lánsfé í Vestfjarðaveginn. Það gleður okkur áreiðanlega marga, að loks rofar þarna til og það svo að um munar. En það eru fleiri, sem eiga að njóta þeirrar fyrirgreiðslu á næstu árum, og jafnvel þó að þetta þyki ríflega upphæð til Vestfjarða og er það út af fyrir sig, þá er hún ekki ýkja há, ef maður fer að bera þetta saman við nágrenni Reykjavíkur og þær till., sem eru í þessu þskj. um lántökur til þeirra vega. Á þessum sömu fjórum árum, sem Vestfirðingar eiga að fá þessa upphæð, sem ég nefndi, á að verja 274 millj. til veganna hérna í kringum Reykjavík til viðbótar 143 millj., sem búið var að leggja í Reykjanesbraut. Og þegar maður lítur á ástand veganna, annars vegar hérna í nágrenninu og hins vegar í þessum héruðum, Vestfjörðum og á Austurlandi, þá segi ég alveg eins og er, ég er alveg ófeiminn við að óska

eftir því að þessum 32 millj. verði ekki dreift á 4 ár, heldur fái Vestfirðir þær á næstu 2 árum, og mun varla þykja ósanngjörn krafa eftir það, sem á undan er gengið.

Þegar till. hv. fjvn. komu hér fram, fór það svo, eins og búið var að gefa okkur í skyn og ég hef nefnt, þar var engin till. um lán til Vestfjarða, ekki stafur. Þetta reyndist þá rétt, enda höfðum við ekki ástæðu til að rengja okkar ágætu félaga, — það reyndist rétt, sem þeir gáfu okkur í skyn, að það þætti heppilegra að hafa lánveitingar til Vestfjarða ekki þarna með. Hins vegar eru till. um lánveitingar til annarra héraða, eins og ég nefndi, og mjög ríflegar hér í þéttbýlinu.

Nú verð ég að segja það, að þegar ég les nál. frá hv. meiri hl. fjvn. og ber það saman við yfirlýsingarnar frá þm. stjórnarflokkanna á Vestfjörðum og þar með staðfestingu hæstv. ríkisstj. á, að þeir hafi skýrt þar rétt frá, þá bregður mér í brún og ég er alveg hættur að skilja ganginn í þessu öllu saman. Meiri hl. fjvn. segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Svo sem gert er ráð fyrir í hinum nýju vegal., eru nú gerðar till. um allar þær framkvæmdir, sem fyrirhugaðar eru á fjögurra ára tímabilinu. Gegnir þar sama máli um þær framkvæmdir, sem unnar verða fyrir fjárveitingar úr vegasjóði, og þær framkvæmdir, sem vinna skal að með væntanlegu lánsfé.“

Þær eru þarna þá allar. Og undir þetta rita tveir hv. þm. Vestf. Hvernig getur þetta átt sér stað, að slíkt stendur í nál., að þarna séu þær allar, m. ö. o. enginn eyrir til Vestfjarða eftir allar yfirlýsingarnar, sem ég er búinn að lesa upp hér áður? Hverjum á maður að trúa, meiri hl. fjvn. eða þeim þm. úr fjvn., sem gáfu okkur yfirlýsingarnar í vetur? Ég get svarað þessu strax hvað mig snertir. Ég lít svo á, að meiri hl. fjvn. fari þarna með rangt mál. Þær eru ekki þarna allar. Það vantar lánsfjárheimildirnar til Vestfjarða. Hvernig sem á því stendur, að þessi villa er komin inn í nál., trúi ég því, að þetta sé villa, og ég efast ekki um, að okkar félagar hafa sagt okkur alveg rétt frá, enda aldrei mótmælt af ríkisstj., þegar þessi mál bar á góma við afgreiðslu fjárl. í vetur. Og brtt. okkar á þskj. 377 og 379, sem hér liggja frammi, eru byggðar á því, að það sé rangt, þetta í nál. meiri hl. fjvn., en rétt það, sem þm. stjórnarliðsins á Vestfjörðum hafa skýrt frá hér á Alþ. og einnig á fundum okkar. Við treystum því, að þetta lánsfé komi, og þess vegna gerum við till. um skiptingu á þessu lánsfé í einstökum atriðum, alveg eins og skiptingu á fjárveitingunum, enda er ekki hægt að skipta helmingi af fénu, en skipta ekki hinum helmingnum og vita ekkert, hver á að skipta þeim helmingi, sem kemur ekki til afgreiðslu vegáætlunar. Það verður að skipta þessu samtímis og af sömu aðilum. Alþ. á að skipta þessu fé. Lánsheimildin á að koma hér inn, af því að það er skylda samkv. vegal., og það væri með öllu óskiljanlegt, vegna hvers Vestfirðir ættu ekki að búa undir sömu lögum og venjum hér á hv. Alþ. og aðrir landshlutar. Eða hvaða þörf er á að fara þar öðruvísi að en með Austurland, Norðurland og Suðurland, sem nú eiga líka að fá lánsfé?

Í brtt. okkar eru því þær till. m. a. að taka út úr till. fjvn. nokkra vegi, sem dýrastir eru í uppbyggingu, en hins vegar gerum við till. um, að þeir vegir allir fái sitt fé af hinu væntanlega lánsfé. Við höldum okkur við þá upphæð, sem okkur hefur verið skýrt frá, 32 millj., en gerum þó eina brtt. við hana, að hún komi á tveimur árum í staðinn fyrir fjórum. Síðan gerum við till. um að skipta henni eftir ákveðnum reglum milli eftirfarandi vega: Vestfjarðavegar sunnan Þingmannaheiðar, Vestfjarðavegar um Breiðadalsdalsheiði, Bolungarvíkurvegar, Djúpvegar milli Ögurs og Ísafjarðar, Bíldudalsvegar um fjallgarðinn Hálfdán og Strandavegar milli Veiðileysufjarðar og Selvíkurhöfða.

Þetta eru langsamlega dýrustu vegagerðirnar og mestu og alvarlegustu þröskuldarnir á aðalvegum á Vestfjörðum. Með því að veita nú ríflegt lánsfé til Vestfjarðavegar sunnan Þingmannaheiðar er ætlunin að leggja niður veginn yfir Þingmannaheiði, eins og mönnum er kunnugt um. Það er mjög bágborinn vegur og var aldrei hugsaður nema sem bráðabirgðavegur, enda ófær, ef eitthvað bjátar á, að maður ekki tali um að vetrinum. Breiðadalsheiði þekkja menn einnig. Hún er með hæstu fjallvegum á landinu, svo snjóþung, að ekki þarf mikið að snjóa, til þess að hún verði óðar ófær, og þar hefur ekki verið talið líklegt, að varanlegur vegur verði lagður, nema jarðgöng komi til, en í byrjun verður að gera góðan veg að þeim væntanlegu jarðgöngum báðum megin frá. Um Bolungarvíkurveg er það að segja, að hann er svo að segja höggvinn inn í berg, hér um bil alla leið, mjög lélegur. Honum hefur aldrei verið fullokið. Þetta er hættulegur vegur, og þar hafa orðið slys, eins og menn vita. Við teljum því aðkallandi að bæta þennan veg, en Bolungarvík er allstór kaupstaður, mikið athafnasvæði, þar er mikil framleiðsla og þar þarf daglega á flutningum að halda til Ísafjarðar. Það er því stöðugt farið um þennan veg, ég vil segja nótt og dag, vetur og sumar. Það er því ekki vanþörf á, að þangað komi fé til vegabóta. Djúpvegur liggur inn með Ísafjarðardjúpi að vestan, en þar er veglaust á löngum kafla. Það er mikið verk að byggja veg alla leið úr Álftafirði austur í Ögur. Nokkuð er komið áleiðis, en tiltölulega lítið af öllu því verki, sem þar þyrfti að vinna, og mun enginn efast um þörfina þarna. Bíldudalsvegur milli Tálknafjarðar og Arnarfjarðar liggur yfir fjallgarðinn, sem heitir Hálfdán. Þar er svo að segja vegleysa á löngum köflum, aðallega að vestanverðu, og þessi vegur er lokaður allan veturinn svo að segja vegna snjóa. En samgöngur eru allmiklar milli Bíldudals annars vegar og Tálknafjarðar og Patreksfjarðar hins vegar og mjög tíð-

farin leið, þegar hægt er að fara hana á annað borð. Er ætlunin að ráða bót á þarna með lánsfé. Loks er það Strandavegur, en þar er veglaus alllangur kafli úr Veiðileysufirði og norður að Selvíkurhöfða í Reykjarfirði. Fólkið í Árneshreppi, sem býr við þetta vegleysi, finnur til þess núna þessa dagana, þegar ísinn lokar öllum leiðum á sjó og veglaust er, svo að ekki verður komizt á landi og enginn flugvöllur nema einn lítill sjúkraflugvöllur. Þetta eru lífskjörin þeirra í Árneshreppi. Ætlunin með till. okkar er því að ljúka þessum vegarkafla, sem á vantar til að tengja Árneshrepp við þjóðvegakerfið, ljúka þessu á næstu tveimur árum.

Í till. okkar getum við ekki, eins og ég hef áður nefnt, fylgt þeirri reglu, að í sömu vegi og lánsfé á að koma komi jafnháar upphæðir af fjárveitingu, það er útilokað með öllu og væri sama og að loka fjölmörgum vegum annars staðar í héruðunum. Slíkt kemur auðvitað ekki til mála.

Ég sé ekki ástæðu til að tala sérstaklega fyrir hverri einustu till., sem er á þessum tveimur þskj., nema sérstakt tilefni gefist til, enda mun varla verða vefengd nauðsyn á því að láta þessa vegi hafa nokkurt fé, því að margir þeirra hafa ekki fengið einn einasta eyri í fjöldamörg ár, a. m. k. 5—6 ár. Ég skal nefna sem dæmi, að Vestfjarðavegur um Gufudalssveit fékk síðast fjárveitingu á þinginu síðasta fyrir kjördæmabreytinguna, en ég var þá þm. Barðstrendinga, síðan ekki eyri. Svona er um fleiri vegi. Ég vil nefna annað dæmi. Á Ingjaldssandi í Dýrafirði er blómlegur atvinnuvegur og að mörgu leyti mjög merkilegur búskapur. Standa bændur þar framar en flestir aðrir landsmenn í votheysgerð. Þeir fóðra svo að segja allan sinn búpening á tómu votheyi, hvernig sem viðrar á Íslandi. Þessir bændur, sem munu vera 8—9, svo að segja í einum hóp á Ingjaldssandi, komast ekki til annarra byggðarlaga nema yfir heiði, sem heitir Sandheiði. Það er mjög bágborinn vegur, og till. um fjárveitingu í þennan veg eru afar lítilfjörlegar í till. fjvn., og við viljum bæta þar nokkuð úr.

Ég vil enn nefna Flateyrarveg. Það er ekki langur vegur frá Flateyri inn í Breiðadal, en hann er ekki betri en það, að hann er svo að segja ófær oft og einatt. En í till. fjvn. á hann að fá 55 þús. á 4 árum. Það er um 13 þús. á ári að meðaltali, það er þá peningur núna! Við getum varla verið þekktir fyrir það að leggja nafn okkar við slíka fjárveitingu. Ég vil enn nefna Tröllatunguheiði. Þar er nú ruddur bráðabirgðavegur milli Geiradalshrepps og Steingrímsfjarðar. Þetta er eiginlega eina leiðin, sem menn úr Geiradalshrepp og Reykhólasveit verða að fara, ef þeir vilja ná sér í fisk. Þeir sjá ekki fisk tímunum saman, af því að það eru engin fiskimið nálægt þeim. En það er ekki nema klukkutíma leið að fara til Hólmavíkur, ef fært væri yfir þessa heiði. Við teljum því mikla þörf á að bæta þar nokkuð veginn.

Ég skal nú ekki telja upp þessar till. frekar, en ég vil þó segja ykkur frá þeim veginum, sem ég er kunnugastur, það er svokallaður Rauðasandsvegur. Það, sem við förum þar fram á, er nánast til að afstýra slysahættu í svokölluðum Bjarngötudal. Þetta er snarbrött hlíð, sem vegurinn liggur niður í sneiðingum og er svo viðsjárverður, að þar má lítið út af bera, að þar verði ekki slys, sérstaklega að vetri til, þegar vatn frýs og bólgnar á vegunum og snjóar svo yfir. En þessa leið er mjólk flutt annan hvern dag árið um kring. Og m. a. kom það einu sinni fyrir, að bóndi á Rauðasandi var að flytja mjólkina sína þennan veg um Bjarngötudalinn á dráttarvélinni sinni, en dráttarvélin fór fram af veginum og niður hlíðina með manninn og mjólkina. Það varð minna slys en búast mátti við. En hvað kann að gerast á svona vegum, ef ekki verður reynt að afstýra þarna slysum? Þetta er enginn sportvegur. Þetta er vegur til að flytja mjólk til Patreksfjarðar. I þennan veg hefur ekki komið einn einasti eyrir í fjárveitingum í mörg, mörg ár.

Aðeins eina till. flytjum við um fjárveitingu í brýr umfram það, sem er í till. fjvn. Það er ein brú, sem við óskum eftir í Strandasýslu, á Steinadalsá, og þó ekki nema byrjunarframlag í hana. Það er ekki fullreynt, hvað þetta dugir, við förum ekki fram á nema 300 þús. kr. Þegar komið er vestan úr Gilsfirði yfir Steinadalsheiði norður yfir, verður að fara yfir þessa á. Hún er ekki ýkjastór, og brúin er ekki löng, innan við 10 m, að ég ætla. En hún getur verið algerlega ófær og þarf ekki miklar rigningar til. Auk þess er einn bær næst heiðinni heiðarmegin við ána, og kemst enginn til annarra bæja nema fara yfir ána. Þetta virðist því vera hófleg till.

Ég skal ekki fjölyrða meira um þetta mál að þessu sinni. Ég vænti þess, að hv. þm. skilji okkar sjónarmið, að við teljum óhjákvæmilegt, að hið margfyrirheitna lánsfé komi inn í þessa vegáætlun, eins og vegalög mæla fyrir um, verði skipt á Alþ. milli einstakra vega eins og vegafé til annarra landshluta og hlíti yfirleitt alveg sömu reglum og lánsfé til annarra byggðarlaga.

Um málið í heild sé ég ekki ástæðu til að ræða neitt að ráði eftir þær ræður, sem fluttar voru hér í dag, sem voru mjög ýtarlegar. En ég vil vekja athygli á því, að allar okkar till. um skiptingu fjárveitinga og skiptingu væntanlegs lánsfjár eru miðaðar við tvö næstu ár. Það er af því, að okkur dettur ekki í hug, að það hafi nokkra þýðingu að vera að skipta sér af till. til eins eða neins fyrir árin 1967 eða 1968. Þetta er dauður bókstafur, sem við látum okkur engu skipta, enda á samkv. vegal. að endurskoða vegáætlunina eftir tvö ár, og þá geta menn komið að hvers konar tillöguflutningi til breytinga, svo að það hefur enga raunhæfa þýðingu að vera með neinar tölur, neinar áætlanir eða till. um tvö síðari árin. Þess vegna gerum við það ekki. Ég tek sannarlega undir það, sem hér var sagt í dag,

að það er eiginlega lítt skiljanlegt, hvernig menn geta áætlað í vegáætlun nú fjárveitingar úr ríkissjóði 4 ár fram í tímann. Hvaða þýðingu hefur það að láta það standa á pappírnum, að 1968 skuli ríkissjóður leggja fram 47 millj. til vega, ef þeir, sem þá skipa Alþ., vilja kannske hafa það 100 millj.? Þetta er algerlega út í loftið, og alveg eins gildir um 1967, jafnvel 1966, en alveg sérstaklega þau árin, sem lengra eru undan. Við vitum ekkert, hvað Alþ. kann að gera á næstu árum. Á þessu sér maður, hvað þetta er þýðingarlaust, og þá auðvitað jafnframt að vera að skipta því fé, sem enginn veit, hvað þarf að verða eða hvað kann að verða. Og hitt fer víst áreiðanlega ekki milli mála, að þörfin fyrir vegafé verður orðin það meiri eftir nokkur ár, að fáir munu þá vilja standa við það, sem nú stendur í þessum till. hvað snertir árin 1967—1968, ef ekki þarf einhverju við að bæta þessar tölur.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Árið 1963, þegar vegal. voru lögð fram nýendurskoðuð og í nýju formi, var hátt risið á þeim, er þau fluttu. Nú átti að gera myndarlegt átak í vegamálum. Stjórnarandstaðan trúði því, að það vekti fyrir hæstv. ríkisstj. og stuðningsliði hennar að gera átak um vegabætur, og lagði sitt lið til að greiða fyrir framgangi málsins. Gera átti áætlun til 5 ára, en horfið frá því og sérstök áætlun fyrst gerð fyrir eitt ár, árið 1964, en ákveðið að setja 4 ára áætlun á því þingi, er nú situr. Vegagerðaráætlunin fyrir 1964 var strax vonbrigðaniðurstaða. En menn sættu sig þó við hana í trú á það, að fyrir því yrði séð af þeim, sem ráða, að þegar til þess kæmi að setja vegáætlun fyrir 4 árin, árin 1965—1968, yrði meira fé til að skipta til veganna. Ráðrúmstími átti að vera til þess.

Nú er verið að ganga frá þeirri áætlun, og þá er, eins og ýmsir ræðumenn hafa glögglega sýnt fram á, um afturför, en ekki framför að ræða. Og það, sem verst er, „dýrðin fer dalandi" frá ári til árs þessi 4 ár, sem áætlunin nær yfir. Í stað þess að menn gátu áður gert sér vonir um einhverjar úrbætur eftir eitt ár, eru nú margir þannig settir, að af þeim er tekin vonin um vegabætur um 4 ár samfleytt. Menn búast við dýrtíðarhækkun og þar með lífskostnaðarhækkun frá ári til árs og eiga hana nokkuð vísa. En um umbætur á vegum er ekki að tala hjá mörgum þessi 4 ár. Það er einnig vissa, fjallgrimm vissa, sem þeim verður gefin með þessari áætlun.

Þetta er einn af hinum mörgu dapurlegu köflum í viðreisnarsögu núv. hæstv. ríkisstj. Ég hygg, að stjórnin hafi ekki viljandi blekkt sig og aðra í þessu máli 1963, þegar hún með sigurbros á vör lagði fram hin endurskoðuðu vegalög og till. sínar. En svona er samt reyndin.

Stjórnarandstaðan getur af þessu lært, að hún þarf alltaf að vera á verði og hún var ekki nógu tortryggin 1963.

Ég þykist vita, að allir hv. þm. séu óánægðir með þessa vegáætlun, þótt sumir hafi ekki orð um hér á þingfundum og mæti ekki heldur við umr. málsins, af því að þeir eiga við sjálfa sig og sína fyrirliða að sakast. Ég býst líka við, að ekki sé til neins að tala um meiri fjárveitingar úr ríkissjóði, eins og komið er, þótt hart sé til þess að vita, eins og sýnt hefur verið fram á af ýmsum ræðumönnum, að vegirnir skulu ekki njóta allra þeirra tekna, er frá umferðinni renna í ríkiskassann.

Það er augljóst mál, að miklu minni umbætur verða gerðar fyrir það fé, sem áætlunin gerir ráð fyrir, en brýn þörf krefur, og að ekki er, eins og sakir standa, annað fyrir hendi en þá helzt að bæta þetta upp með lántökum til ýmissa vega á umræddu tímabili og ætla framtíðinni, sem nýtur þeirra vegabóta, að standa straum af láninu. Telja má hart, ef hæstv. ríkisstj., sem hefur misst niður af málinu, eins og reynslan sýnir, getur ekki gengið inn á till. um lántökur. Og til þess hefur líka verið gripið, eins og við blasir á þskj. 348 í till. fjvn., að heimila lántökur. Það gildir ekki aðeins um svonefndar hraðbrautir, heldur líka þjóðbrautir og landsbrautir. En þetta er alls ekki fullnægjandi. Það eru fleiri staðir, sem úrlausnir þurfa að fá á þennan hátt, ef nokkurt réttlæti eða jöfnuður á að ríkja. Þess vegna teljum við fjórir þm. Norðurl. e. okkur skylt að flytja brtt. um heimild til að taka lán til Þingeyjarsýslubrautar. Aðrir vegir í okkar kjördæmi eru illa settir. Það er ekki af því, sem við flytjum ekki till. um heimildir til lántöku vegna þeirra, en við sjáum, að því verða takmörk sett, inn á hve mikið verður gengið í þessu efni, og grípum því niður þar, sem við teljum að þörfin sé allra mest. Till. okkar er á þskj. 382. Flm. hennar auk mín eru Gísli Guðmundsson, Björn Jónsson og Ingvar Gíslason. Þingeyjarsýslubraut er þjóðbraut, sem nær frá Breiðumýri í Reykjadal í Suður-Þingeyjarsýslu til Þórshafnar á Langanesi. Hún er um 131 km. Vegamálaskrifstofan hefur gert um það lauslega áætlun fyrir okkur, að það muni kosta um 33.5 millj. að gera 104.3 km af þessari leið eins og vegalög gera ráð fyrir, að þjóðbraut eigi að vera, og sami aðili hefur gizkað á, að það kosti um 10 millj. kr. að gera um 27 km vegalengd á Þingeyjarsýslubraut að sæmilegri þjóðbraut, en það muni kosta um 43.5 millj. að gera Þingeyjarsýslubraut alla eins og vegal. ætlast til að þjóðbrautir séu.

Þær þjóðbrautir eða þjóðbrautarkaflar, sem á samkv. till. fjvn. að vera heimilt að taka lán til að fullgera á þessu fjögurra ára tímabili, sem um er að ræða, eru Siglufjarðarvegur, Múlavegur, Austurlandsvegur, Suðurfjarðavegur (um Vattarnes). Allt eru þetta mikilsverðir vegir. Þetta eru millibyggðavegir. En á Þingeyjarsýslubraut eru líka kaflar, sem eru viðurkenndir millibyggðavegir: Tjörnesvegur milli S.-Þingeyjarsýslu og N.-Þingeyjarsýslu og Hálsar milli Sléttubyggðarinnar og Þistil-

fjarðar, hvort tveggja miklar vegalengdir. Víða eru í N.-Þingeyjarsýslu malarlausir eða malarlitlir kaflar á Þingeyjarsýslubraut, sem bílar sökkva í og festast í vor og haust, eða í votviðratíð á hvaða tíma árs sem er. Þetta fengu frambjóðendur við alþingiskosningar að reyna í framboðsferðum sínum síðast og reyna mjög rækilega. Í Aðaldalshrauni í Suður-Þingeyjarsýslu þarf að gera alveg nýjan veg á vegarkafla, sem er um 7 km að lengd, og áætlað er, að sá kafli kosti um 3½ millj. Ég hygg, að þegar litið er á Þingeyjarsýslubraut í heild og tekið tillit til ýmissa kafla þar, sé hún á stórum vegalengdum ekki ólík vegum Austurlands, sem allir viðurkenna að mjög kalli eftir umbótum, og lík sumum þeim vegaköflum, sem hv. síðasti ræðumaður lýsti mjög greinilega í sínu kjördæmi.

Eins og ég gat um áðan, er álitið, að kosta muni um 43.5 millj. að byggja Þingeyjarsýslubraut upp og gera hana viðunandi. Samkvæmt till. um vegáætlun, sem hér liggur fyrir, er ætluð til Þingeyjarsýslubrautar alls á næstu 4 árum fjárhæð, er nemur samtals 7 millj. 430 þús. Þetta er átakanlega lítill áfangi, sem með því næst í vegagerðinni, þeirri vegagerð, sem áætlað er, að kosta muni yfir 43 millj. kr. Má segja, að með þessari litlu fjárveitingu á næstu 4 árum sé stofnað til þess, að það taki nærri því aldarfjórðung að koma Þingeyjarsýslubraut í lag. Við áðurnefndir 4 þm. kjördæmisins getum ekki sætt okkur við slíka vegáætlun, slíkan biðtíma. Við leggjum því til, að taka megi nú á þrem fyrri árum, þeim sem áætlunin gildir um, 4 millj. kr. að láni hvert ár til að flýta fyrir vegagerðinni, eða samtals 12 millj. kr. Yrðu þá handa þessum langa vegi um 19 millj. 340 þús. kr. á þessu umrædda tímabili og þó ekki það, ef 20% skerðing á sér stað í ár á framlagi ríkissjóðs. Ef hv. Alþ. fellst á þessa till. okkar, mætti gera ráð fyrir, að fullgerð Þingeyjarsýslubrautar kæmist af á tæpum áratug með sama áframhaldi. Ekki getur það talizt sérstaklega hratt unnið á tækniöld og þeim tíma, sem kallaður hefur verið viðreisnartími. Ég leyfi mér að vænta þess, að þessari till. okkar fjórmenninganna verði vel tekið og hún samþ.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það var aðallega í tilefni af upplýsingum, sem hér komu fram í ræðu hv. 3. þm. Vestf., en hann sagði hér frá því, að hann hefði fulla vissu um það, að ríkisstj. hefði ákveðið að taka lán úr flóttamannasjóði Evrópu til vegaframkvæmda á Vestfjörðum, sem næmi 32 millj. kr., vegna framkvæmda þar vestra á næstu 4 árum. Hv. þm. skýrði hér mjög greinilega frá því, hverjar voru hans heimildir, tilgreindi hér frásagnir tiltekinna þm. í þessum efnum, og ég verð því að ætla, að hér sé rétt frá skýrt og að hæstv. vegamálaráðh. viti fyllilega deili á þessu máli. Ef þetta er rétt, sem hér hefur fram komið og ég verð að ganga út frá að sé rétt, hlýt ég að átelja það, að hæstv. ráðh. skuli standa að því að ætla á skýlausan hátt að brjóta sett lög í landinu, þ. e. a. s. vegalögin. Samkv. vegal. er alveg tvímælalaust tekið fram, eins og stendur nákvæmlega í 11. gr. vegal.:

„Í vegáætlun skulu taldir allir þjóðvegir svo og nýbyggingar þjóðvega á þeim tíma, sem áætluninni er ætlað að gilda.“

Og annars staðar í l. er beinlínis gert ráð fyrir því, að það skuli tilgreina, hvernig fjár skuli aflað til framkvæmdanna hverrar um sig. Nú getur ekki farið á milli mála, að hæstv. ráðh. veit mætavel um þetta. Hann hefur staðið að því, eins og tilteknir þm. á Vestfjörðum hafa hér upplýst, að lofa Vestfirðingum láni í þessa tilteknu vegi, en hann virðist ætla að standa þannig að málinu, að hann kjósi heldur að brjóta vegal. og hafa þessa framkvæmd utan vegalaga. Hv. 3. þm. Vestf., sem hér gaf þessar upplýsingar, sagði, að hann og fleiri samþm. hans hefðu að vísu átt erfitt með að átta sig á því, hvernig stæði á því, að hæstv. ríkisstj. kysi að hafa þennan hátt á. Hver getur ástæðan verið? Hver er ástæðan til þess, að menn hafa þetta pukur á? Ef það er meiningin að taka lán úr tilteknum sjóði til vegaframkvæmda og það er búið að ákveða þetta, það er búið að tilkynna þm. þetta, það er búið að ákveða, í hvaða vegi féð skal fara, hvernig stendur þá á því, að hæstv. ríkisstj. kýs þá leið að brjóta sett lagaákvæði í þessum efnum? Hv. 3. þm. Vestf. hafði ekki fundið út úr þessu, hann gat ekki séð neina frambærilega ástæðu. En ég verð að segja, að mér sýnist ég sjá í það, hvernig stendur á því, að þessi háttur er á hafður. Það er alveg greinilegt, að hér er, þótt menn þurfi til þess að brjóta lög, verið að reyna að skáskjóta sér fram hjá öðru. Það er verið að reyna að taka ákveðna upphæð út fyrir, til þess að aðrir geti ekki þarna borið sig saman við á neinn hátt, til þess að það þurfi ekki að koma fram kröfur frá öðrum sem ættu jafnmikinn kröfurétt til þess. Ég verð að segja, að hér er um ófagra lýsingu á vinnubrögðum að ræða, þegar hæstv. ríkisstj. er farin að viðhafa þau vinnubrögð, að hún gengur fram hjá meiri hl. Alþ. í máli eins og þessu, brýtur sett lög, vinnur að því að taka lán til tiltekinna framkvæmda, tilkynnir það stjórnarstuðningsmönnum, en öðrum ekki lengi vel, úthlutar þessu í tiltekna vegi og ætlar að fara á bak við Alþ., meðan verið er að afgreiða vegamálin sem heild hér, og ráðh. hlustar á lýsingar sem þessar hér og segir ekki eitt einasta orð um.

Þetta er ófögur lýsing á því, hvernig vinnubrögðum er nú komið, hvernig settar reglur og þingræðislegar reglur eru hér þverbrotnar. Ég skal taka undir það, sem hér hefur verið sagt, að það er víst enginn vafi á því, að það er full þörf á, að þeir á Vestfjörðum fái þá lánsupphæð, sem hér standa líkur til að þeir geti fengið til vegaframkvæmda þar. Það leikur enginn vafi á því, að þeir þurfa á öllu þessu fé að halda. Og ég deili ekki á ríkisstj.

fyrir það að reyna að vinna að því að útvega þetta fé, heldur fyrir það, hvernig að málinu er staðið. Hæstv. ríkisstj. veit það og hæstv. ráðh., sem nú situr hér við þessar umr., að honum ber skylda til að fara eftir settum lögum og reglum. Og hann getur ekki brotið alveg tvímælalausan rétt á þm., sem um þessi mál eiga að fjalla. Það er Alþ., sem á að taka endanlegar ákvarðanir í þessum efnum, og ef svona verður haldið áfram, hvar endar það þá? Ætli næsti ráðh., sem tekur við af þessum, því að auðvitað hlýtur að koma að því, að annar ráðh. taki einhvern tíma við af honum, geti þá ekki farið eitthvað svipaða leið, farið fram hjá Alþ., ákveðið þar sínar lántökur þvert gegn því, sem fyrir er mælt í l., og hvíslað því að sínum stjórnarstuðningsmönnum: Þetta eigið þið nú að hafa, þetta getið þið nú tilkynnt, áður en alþm. hafa fengið að heyra um það. Svona vinnubrögð á að víta, því að þau vitanlega ná engri átt. Ég hefði nú viljað skora á hæstv. samgmrh. að reyna þó að bæta nokkuð úr því, sem þegar hefur verið ranglega gert í þessum efnum, með því m. a. að hlutast til um, að þetta fyrirhugaða lán verði tekið inn á vegáætlun og haft þar og gerð hér full grein fyrir því, í hvaða vegi þetta lán á að fara.

Umr. frestað.

Á 37. fundi í Sþ., 1. apríl, var enn fram haldið síðari umr. um till. (A. 146, n. 350 og 356, 348, 357, 364, 365, 367, 377, 378, 379, 382).

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Á þskj. 399 flytur ríkisstj. brtt. við vegáætlunina, og fjalla þær um fjárveitingar til vegagerðar á Vestfjörðum. Þessar till. standa í beinu sambandi við þá framkvæmdaáætlun fyrir Vestfirði, sem unnið hefur verið að, og tel ég rétt að gera hér nokkru nánari grein fyrir því máli.

Á síðasta þingi flutti hv. 4. þm. Vestf. till. til þál. um, að Alþ. skoraði á ríkisstj. að láta athuga möguleika á því, að Íslendingar hagnýti sér aðstoð frá viðreisnarsjóði Evrópuráðsins í þeim tilgangi að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Á vegum Evrópuráðsins er svokallaður viðreisnarsjóður eða Resettlement Fund, sem hefur það hlutverk að aðstoða Evrópulönd við lausn vandamála, sem stafa af tilflutningi fólks. Þessi sjóður gegnir hlutverki sínu með því að veita lán til framkvæmda, sem ætlað er að skapa nýja möguleika til lífsframfæris, þar sem þess gerist þörf vegna tilflutninga fólks. Þessari till. var vísað til fjvn., og mælti n. með samþykkt hennar, en till. varð ekki útrædd. Ríkisstj. lét samt kanna möguleika á lántöku hjá viðreisnarsjóðnum, og var það gert með tilliti til fjáröflunar vegna framkvæmda á Vestfjörðum, en árið 1963 hafði Alþ. samþ. till. til þál. frá tveim þáv. þm. Vestfjarða, þeim Gísla Jónssyni og Kjartani J. Jóhannssyni, þál. um framkvæmdaáætlun til stöðvunar á fólksflótta úr Vestfjarðakjördæmi. Skyldi ríkisstj. fela Framkvæmdabanka Íslands að semja 5 ára framkvæmdaáætlun til stöðvunar fólksflóttanum úr Vestfjarðakjördæmi. Á vegum Framkvæmdabankans hefur verið unnið mikið starf að þessari áætlanagerð. Því starfi er ekki lokið enn og heildaráætlun liggur ekki fyrir. En til þess að skapa möguleika á lánsfjármagni frá viðreisnarsjóðnum til framkvæmda á Vestfjörðum þegar á þessu ári ákvað ríkisstj., að flýtt yrði sérstaklega þeim þætti framkvæmdaáætlunarinnar, sem varðar samgöngumál.

Í lok febrúar s. l. hafði verið gengið frá framkvæmdaáætlun í samgöngumálum Vestfjarða, sem ríkisstj. samþykkti. Áætlunin er um framkvæmdir í vegamálum, flugvallargerð og hafnarmálum á næstu 4 árum, 1965—1968. Samkv. þessari áætlun er gert ráð fyrir framkvæmdum samtals að upphæð 171.6 millj. kr., sem skiptist þannig, að í hafnir eiga að fara 71.8 millj., í vegi 67.7 millj. og í flugvelli 32.1 millj. Það er gert ráð fyrir, að helmings af fjármagni til þessara framkvæmda verði aflað innanlands eða 85.6 millj., en 86 millj. eða 2 millj. dollara komi frá viðreisnarsjóði Evrópuráðsins, ½ millj. dollara á ári í 4 ár. Á grundvelli þessarar áætlunar í samgöngumálum, sem er hluti af væntanlegri heildaráætlun um framkvæmdir á Vestfjörðum, sótti ríkisstj. um 500 þús. dollara lán á árí í 4 ár úr viðreisnarsjóðnum. Sjóðurinn hefur nú samþykkt þessa lánsbeiðni. Lánið er til 15 ára með 6% vöxtum auk kostnaðar. Lánið er afborgunarlaust fyrstu 5 árin.

Samkv. vegal. er gert ráð fyrir, að í vegáætlun sé gerð grein fyrir þeim framkvæmdum, sem fyrirhugaðar eru á tímabilinu, og þeirri fjáröflun, sem gert er ráð fyrir þeirra vegna. Með tilliti til þessa eru bornar fram brtt. á þskj. 399 vegna fyrirhugaðrar lántöku hjá viðreisnarsjóðnum til vegaframkvæmda á Vestfjörðum. Brtt. fela í sér, að heimilað verði að vinna að lagningu þjóðbrauta og landsbrauta á Vestfjörðum fyrir 34 millj. kr. Ég tel þess ekki þörf að lesa upp till. sundurliðaða, þar sem hún liggur fyrir hv. þm. En ég vil aðeins til frekari skýringar á gangi þessa máls og málsmeðferð geta þess, að ætlunin var að skýra frá þessari framkvæmdaáætlun fyrir Vestfirði í sambandi við heildarframkvæmdaáætlunina fyrir árið 1965. En þar sem vegáætlunin er nú komin til lokaafgreiðslu hér í hv. sameinuðu þingi, þykir óhjákvæmilegt að taka þetta bæði inn í hana og gera nú þegar á þessu stigi í sambandi við þessar brtt. grein fyrir þessum þætti málanna.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Í sambandi við umr. um vegáætlunina, sem fram fóru hér s. l. mánudagskvöld, flutti hv. 3. þm. Vestf. hér langa ræðu um vegamálin á Vestfjörðum og dró upp dökka mynd af ástandi vegamála í þessu kjördæmi. Hann sagði, að óbílfærar þjóðbrautir og landsbrautir væru 486 km á landinu og af því væru 221 km í Vestfjarðakjördæmi. Það er fjarri mér að

vilja halda því fram, að ástand vega á Vestfjörðum sé gott, og fús er ég að viðurkenna, að margt er ógert í vegamálum í þessu kjördæmi og mikið átak þarf að gera í þessum málum, sem ég mun síðar koma að. En þegar við tölum um, hve margir km eru ólagðir í vegum, verðum við í leiðinni að geta þess, að þá eru meðtaldar leiðir, sem voru fyrir í vegal. og eru enn í núgildandi vegal., þar sem engin byggð er lengur og engum dettur í hug að leggja fé til, eins og stendur, og vil ég í því sambandi nefna veg frá yzta bæ í Snæfjallahreppi að Sandeyri, Jökulfjarðaveg og Aðalvíkurveg. Hv. þm. nefndi enn fremur, að óbrúaðar ár á landinu, sem þarf 4—10 m brú á, eru 174. Af þeim eru 58 í Vestfjarðakjördæmi. En hann gat þess ekki, að um 40% af þessum ám eru á óveguðum köflum og nokkrar þeirra á þeim leiðum, sem enginn maður býr við og ég áðan nefndi. Á þjóðvegum Vestfjarða eru óbrúaðar auk þessa 13 ár, sem þurfa brýr 10 m eða lengri, og eru 5 þeirra á leiðum, sem eru óvegaðar, og á leiðum, sem engin byggð er við. 4 brýr af þessum 13 er ákveðið að byggja samkv. till. fjvn. í þeirri vegáætlun, sem hér liggur fyrir til síðari umr.

Mér finnst, að sú dökka og ömurlega mynd, sem hv. þm. dró upp, sé um leið þung ádrepa á þá menn, sem lengst hafa verið þm. í þessu kjördæmi eða í hluta af því, áður en kjördæmin 5 voru sameinuð í eitt kjördæmi. Sá maður, sem lengst hefur verið þm. Vestf., er núv. hv. 1. þm. Vestf., sem hefur setið á Alþ. í 31 ár og hefur lengur farið með vegamál en nokkur annar maður, og mér finnst að hv. 3. þm. Vestf. höggvi allnærri þessum hv. þm. og fyrrv. ráðh., þegar hann telur, að sama sem ekkert hafi í raun og veru verið gert í vegamálum Vestfjarða öll þessi ár. Ég vil segja það um hv. 1. þm. Vestf., að hann hefur mörgu góðu komið til leiðar í þessum málum. Vestfirðir eru stórt kjördæmi yfirferðar, og ég vil í því sambandi einnig minna á tvo aðra þm., sem unnið hafa af sérstökum dugnaði að vegaframkvæmdum á Vestfjörðum, sem eru Gísli Jónsson, fyrrv. 1. þm. Vestf., og hv. 2. þm. Vestf., Sigurður Bjarnason. Þegar þessir menn urðu þm., annar í N-Ísafjarðarsýslu og hinn í Barðastrandarsýslu, má segja, að þessar sýslur hafi verið vegalausar með öllu. Þeir hafa lyft miklu átaki og unnið vel og dyggilega að vegamálum þessara sýslna og síðar kjördæmisins í heild.

Hv. 3. þm. Vestf. rakti í ræðu sinni till. sínar og hv. 1. þm. Vestf. og 5. þm. Vestf. um lántökur til vegagerðar í kjördæminu og gat þess, að þessi tillöguflutningur hefði fyrst hafizt árið 1959 og þá stóðu þeir tveir, 1. og 3. þm. Vestf., að þeim till., og síðan hefði hann ásamt þessum tveimur hv. þm. árlega flutt till. um lántökur til vegagerða á Vestfjörðum. Af lýsingu hv. þm. var þessi tillöguflutningur mikil raunasaga og að mér skildist og sýndist á svip hans, voru sorgir hans þungar sem blý í sambandi við afgreiðslu þessara mála. Þessi hv. þm. kom fyrst á þing árið 1956, ef ég man rétt og ég verð að segja eins og er, að mér finnst hafa tekið hann alllangan tíma að átta sig á því, að það þyrfti að gera stórátak í vegamálum í kjördæminu, að hann skuli ekki hafa áttað sig á því fyrr en árið 1959, að það þyrfti að auka framkvæmdir í vegamálum í Vestfjarðakjördæmi. Og sérstaklega hefði þessi hv. þm. þurft að átta sig á þessu fyrr og sömuleiðis núv. meðflm. hans að þessum till., hv. 1. þm. Vestf. og hv. 5. þm. Vestf., því að þá höfðu þeir sannarlega aðstöðu til að sýna mátt sinn og vilja í verki. Þá sátu tveir af þessum mönnum í ríkisstj., vinstri stjórninni, og sá þriðji var einn af beztu og sterkustu stuðningsmönnum þeirrar stjórnar. En þá sátu þeir bara með hendur í skauti sér og lögðu ekki til, að væri tekið eyrislán til framkvæmda á Vestfjörðum á þessum árum. En þegar Framsfl. og Alþb. lenda utan stjórnar, sjá þeir fyrst möguleika á því að fá fé til framkvæmda á Vestfjörðum, þegar Sjálfstfl. og Alþfl. eru komnir til áhrifa, þá fara þeir að flytja slíkar till. Það hefði verið ólíkt skemmtilegra að vita til þess, að það hefði komið fram á þessum árum, að þessi hv. þm. hefði barizt fyrir auknu framlagi til vega á Vestfjörðum, á meðan hann var stjórnarsinni og hafði meiri áhrif en hann hefur nú eða hefur haft á undanförnum árum.

Þá lýsti þessi hv. þm. mjög nákvæmlega samtölum, sem hefðu átt sér stað á þingmannafundum á Vestfjörðum. Ég hefði talið, að margt af þeim samtölum hefði mátt vera ósagt hér á Alþ., því að við stjórnarsinnar frá Vestfjörðum skýrðum þessum hv. kollegum okkar frá því, hvers væri að vænta í sambandi við lántökur til vegagerða. Hv. þm. sagði í öðru orðinu, að hann fagnaði þessu, en í hinu orðinu var hann hálfdrýldinn og setti upp hálfgerðan ólundarsvip hérna í pontunni. Og nú skulum við ætla, að þessi hv. þm. og sömuleiðis þeir aðrir, sem standa að brtt., hv. 1. þm. Vestf. og 5. þm. Vestf., hefðu eftir að hafa fengið allar þær upplýsingar ekki þurft að koma þannig fram að flytja brtt. við vegáætlunina um að taka út öll framlög til allra stærstu og fjárfrekustu vega á Vestfjörðum og vilja fella þau niður. M. ö. o.: þeir leggja til á þskj. 377, að niður verði felld framlög í brtt. fjvn. að upphæð 9 millj. 355 þús. kr. En þeir flytja jafnframt till. um ýmsa nýja vegi, sem ekki eru í okkar till., og sömuleiðis um hækkun framlaga til ákveðinna vega. Samtals nema þessar upphæðir samkv. þessu þskj. 10 millj. 350 þús. kr. Frá því dragast 1257 þús. kr., sem eru fyrir í till. fjvn., svo að hækkunartill. þeirra félaga nema 9 millj. 93 þús. kr., eða eru 262 þús. kr. lægri en er nú í till. fjvn. Svo koma þessir hv. þm. og kvarta og kveina yfir því, hve litlu sé varið til vegamála í Vestfjarðakjördæmi, og segjast vilja fá miklu meira og flytja svo brtt. um lækkun upp á 262 þús. kr. Hér hefur ábyggilega orðið einhver kontorfeill hjá þessum hv. þm. En ég veit, að þeir afsaka sig

með því, að þeir flytja till. um eina brú að upphæð 300 þús. kr., brú, sem kostar vafalaust tvöfalt hærri upphæð, og er auðvitað ekkert gagn í því að flytja þá till. til tveggja ára, því að brúin verður ekki byggð fyrir þessa upphæð.

Nú þykir mér til hlýða að rekja nokkuð, hvað fór á milli okkar þm. í Vestfjarðakjördæmi til viðbótar því, sem hv. 3. þm. Vestf. gat um í sinni ræðu hér s. l. mánudagskvöld. Það er rétt, að við þm. stjórnarliðsins á Vestfjörðum vorum búnir að fara yfir till. vegamálastjóra um skiptingu á því fé, sem okkur bar að skipta samkv. ákvörðun fjvn. Allar þessar till. bárum við undir þessa hv. þm., og þeir óskuðu eftir því að fá frest til að athuga þessi mál, og það var aftur haldinn fundur, og þá komu fram fjórar aths. við þessa tillöguskiptingu okkar. Ein aths. var að færa til úr einum vegi í annan, og á þá aths. féllumst við þegar allir þm. stjórnarliðsins í Vestfjarðakjördæmi. Hinar þrjár aths. námu samtals 600 þús. kr., þrír vegir með 200 þús. kr. framlag hver. Við spurðum strax: Hvaða vegi viljið þið lækka frá till. okkar? Það kom ekkert svar við því. Það svar er ekki enn þá komið. En í stað þess að leggja fyrir þingmannafund till. um 600 þús. kr. breytingar er nú komið með brtt. upp á 9 millj. kr. og svo aftur að fella niður framlag til allra stærstu veganna upp á 9.3 millj. kr.

Ég verð að segja það, að mér finnst hörmulegt til þess að vita, að loksins, þegar rofar til og fram undan er að gera stórátak í vegamálum Vestfjarða, skuli þessir hv. 3 þm. leyfa sér að flytja brtt. um að fella niður framlag til allra helztu vega á Vestfjörðum, sem skipta mestu máli og eru á milli þéttbýlustu staðanna í kjördæminu, og taka svo inn aftur í staðinn ýmsa vegi, sem ekki skipta verulegu máli og margir hverjir mega með a. m. k. góðri samvizku minni bíða enn um hríð, meðan við erum ekki búnir að bæta vegi á milli fjölmennustu byggðarlaga á Vestfjörðum. Ég verð að segja það, að mér finnst það ofrausn hjá þm. í kjördæmi, sem svo mikið á eftir að vinna í, að leggja til að það sé tekið framlag til vega á milli Strandasýslu og Barðastrandarsýslu, til 4 vega, og þar af er einn vegur, sem heitir Kollabúðaheiðarvegur, þar leggja þeir til, að sé tekið mest inn eða 700 þús. kr. Auðvitað verðum við að fá einn veg á milli Strandasýslu og Barðastrandarsýslu, en að hugsa um að leggja samhliða í 4 vegi er ofrausn að mínum dómi, og það hygg ég að sé ofrausn talin af öllum Vestfirðingum nema þá þessum 3 hv. þm. Annars býst ég við, að 1. þm. Vestf. hafi nú lítið gert í þessu annað en að lána nafnið sitt á till. Annars væru þær kannske betur úr garði gerðar, ef hann hefði farið betur yfir þær með hinum tveimur.

Þá furða ég mig á því, að í annarri till. þessara hv. þm. er lagt til, að framlög til Strandavegar í Bæjarhreppi verði 200 þús. 1966 og 400 þús. 1965. Aftur taka þeir upp þennan sama veg í landsbrautum, Strandaveg í Bæjarhreppi, og þar eru þeir með 300 þús. 1965 og 250 þús. 1966. Þetta fæ ég ekki skilið hjá hv. þm., þegar þeir eru að leggja til fjárveitingu í veg, sem er þjóðbraut, að taka hann svo aftur upp með landsbrautum, þó að það séu aðrar tölur því að það er töluverð fjölbreytni í till. hv. þm. Ég er hræddur um, að þegar fólkið á Vestfjörðum veit og fær upplýsingar um það, að við höfum sýnt þessum hv. þm. þá framkvæmdaáætlun, sem fyrir liggur og hæstv. fjmrh. hefur nú skýrt frá, finnist fólki undarlegt, þegar því er ljóst, að ætlað er, að 50% af því fé, sem fer til þessara vega, verði greitt af vegáætlun og fram undan sé að gera stórátök, skuli þrír af þm. Vestfirðinga leyfa sér að flytja till. um það að taka algerlega út úr vegáætlun allt framlag til þessara vega næstu 2 árin, árin 1965 og 1966. Og það er hvorki meira né minna, það er vegurinn sunnan Þingmannaheiðar, sem verður lífæð fólksins í allri Barðastrandarsýslu, í hinu gamla kjördæmi hv. 3. þm. Vestf., og sömuleiðis aðalleiðin norður á Ísafjörð og til kauptúnanna við Ísafjarðardjúp, vegurinn um Breiðadalsheiði, sem hefur verið mesti þrándur í götu Vestfirðinga um samgöngur að vetrinum á milli þéttbýlustu staða Vestfjarða, vegurinn um Bíldudal yfir fjallið Hálfdán, Bolungarvíkurvegur, sem þarfnast mikilla endurbóta, og síðast, en ekki sízt leggja þeir til, að lán verði tekið í Djúpveg, en Djúpvegur innan við Súðavík er ekki í framkvæmdaáætluninni, og veitir sannarlega ekki af því fé, sem er á vegáætlun, og kemur úr hörðustu átt, þegar þm. úr því kjördæmi leggja til, að það sé fellt niður. Sömuleiðis má segja um Strandaveg, veginn um Árneshrepp frá Veiðileysufirði og að Selvíkurhöfða, þeir leggja einnig til, að hann sé tekinn út úr vegáætluninni. Ég tel, að þessir hv. þm. hafi sýnt mjög mikið gáleysi, að ekki sé meira sagt, og ég býst við því, að þeir komi til með að sjá eftir því að hafa flutt þessar vanhugsuðu brtt., og það er alveg óhætt að fullyrða, að það hefur verið gert í miklum fljótheitum og í kappi við tímann, því að það hefur ekki verið búizt við því, að þessar umr. drægjust svo á langinn sem raun ber vitni.

Skal ég svo ekki fjölyrða miklu lengur um þetta, en áður en ég lýk máli mínu, vil ég fagna mjög þeirri yfirlýsingu, sem hæstv. fjmrh. gaf hér áðan, og eins og hann gat um, var fyrsta skrefið í þessa átt tillöguflutningur og samþykkt þáltill. Kjartans J. Jóhannssonar og Gísla Jónssonar seint á þinginu 1963, og síðan hefur verið unnið af þeirri stofnun, sem var falið þetta mál í hendur, Framkvæmdabanka Íslands, ásamt fleiri sérfræðingum að þessari Vestfjarðaáætlun, og ég fagna því, þó að hún liggi ekki fyrir öll, að samgöngumálaliðurinn skuli hafa verið tekinn út úr, þannig að til framkvæmda komi nú þegar á árinu 1965. Það verður mikið gleðiefni fyrir alla Vestfirðinga, og það er um leið viðurkenning á því, að Vestfirðir hafa að mörgu leyti orðið

á eftir ýmsum öðrum landshlutum, og það eru ótal verkefni, sem þar eru fram undan. Ég vil þakka hæstv. ríkisstj. fyrir hennar góða stuðning í þessu máli og þá ágætu meðferð, sem þetta mál hefur fengið í höndum hæstv. ríkisstj.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er eðlilegt, að nokkrar umr. verði um vegáætlun, sem lögð er fram til fjögurra ára, enda hefur það orðið, og menn eru ekki alveg á einu máli. Sumir þm. koma hér upp í ræðustólinn og láta undrun sína í ljós yfir því, hversu litlu fé eigi að verja til vegamálanna samkv. vegáætluninni. Ég hélt satt að segja, að öllum þm. væri nokkurn veginn ljóst, um hve mikið fjármagn væri að ræða samkv. vegal. Allir hv. þm. stóðu saman um það að samþykkja vegal. í ársbyrjun 1963. Allir hv. þm. vita um þá tekjustofna, sem vegal. gera ráð fyrir, og nokkurn veginn um það, hversu háa upphæð getur verið um að ræða innan þess ramma, sem vegal. eru. Það er þess vegna dálítið skrýtið, þegar menn koma hér upp í ræðustólinn og láta undrun sína í ljós yfir því, að það sé ekki um meira fjármagn að ræða samkv. vegáætluninni. Hitt er svo annað mál, að það er öllum ljóst, að það vantar vegi víða um landið. Vegirnir eru ekki nægilega góðir, og það er vitanlega mikið verk fyrir höndum, sem leysa þarf. En ég hafði búizt við, að allir hv. þm. hefðu gert sér þetta ljóst fyrr en nú. Þetta hlýtur að hafa verið ljóst fyrir okkur öllum mörg undanfarin ár. Sú staðreynd blasti við einnig, þegar núv. stjórnarandstaða var í stjórnaraðstöðu. Hv. framsóknarmenn og Alþb.-menn vissu 1958, að það vantaði vegabætur í öllum kjördæmum. Og það var ekki viljaleysi þeirra, að það var ekki varið meira fé til þessara mála þá heldur en raun ber vitni. Það var vegna þess, að fjárráðin voru takmörkuð og þeir, sem báru ábyrgð á ríkissjóðnum, töldu ekki fært að láta meira til vegamálanna á þeim tíma heldur en gert var. Á árinu 1958 var varið til vegamála samkv. fjárl. 83 millj. kr. Á árinu 1965 er gert ráð fyrir að verja til vegamála 340 millj. kr. Vegagerðarvísitala hefur hækkað síðan 1958 um 76%. Vegafé til framkvæmda á árinu 1965 miðað við 1958 hefur hækkað um 300%. Samt sem áður koma hér hv. stjórnarandstöðuþm. upp í ræðustólinn og segja: Það er skömm að því að leggja fram vegáætlun eins og hún er. Það er til skammar, hversu litlu fjármagni er varið til vegamála samkv. áætluninni. Og það eru sömu mennirnir, sem þannig tala nú, sem hafa verið í ríkisstj. og gerðu ekki kröfur um nema 83 millj. 1958, þegar þeir voru í ríkisstj. Það er þess vegna, sem ég undrast orðalagið hjá sumum hv. þm., um leið og ég get vel tekið undir með þeim, að æskilegt væri nú eins og áður að hafa meiri fjárráð til vegaframkvæmdanna heldur en við höfum.

Það hefur verið að því fundið af nokkrum hv. þm., að það væri ætlunin að verja miklu fjármagni til hraðbrauta hér í nágrenni Reykjavíkur. Það er vitanlega matsatriði, hversu rétt er að ganga langt í því. Hinu verður ekki neitað, að meiri hlutinn af umferðinni og fjölförnustu vegirnir eru á þessu svæði, og það hefur löngum verið staðhæft, að þegar umferðin er komin að vissu marki, t. d. 1000 bílar á dag eða meira, sé nær ógerningur að halda við malarbornum vegum. Og allir hv. þm. hafa farið um veginn hér út frá Reykjavík upp að Álafossi, Reykjanesbrautina og veginn hér austur, þegar umferðin er mest, og fundið, að þessi vegur með mölinni og þeim ofaníburði, sem um er að ræða, er eins og bárujárn að aka á og oft og tíðum alveg ófær. Það er þess vegna ekkert undarlegt, þótt að því verði stefnt að reyna sem fyrst að gera þessa fjölförnustu vegi akfæra, um leið og skilningur hlýtur að vera á því að gera það, sem fært þykir, til að lagfæra og bæta vegina víðs vegar um landið, þar sem strjálbýlið er og umferðin er minni.

Samkv. vegáætluninni er gert ráð fyrir að verja úr vegasjóði aðeins 10 millj. kr. til tveggja hraðbrauta. Það út af fyrir sig er ekki nokkur hlutur, og þess vegna hefur verið horfið að því ráði að gera ráð fyrir fjáröflun með öðrum hætti til nokkurra vega, þar sem umferðin er mest.

Það hefur verið gert ráð fyrir því, ef fjár verði aflað til Vesturlandsvegar, að verja til endurbyggingar þess vegar um 63 millj. kr. á árunum 1966, 1967 og 1968, en það þykir bráðnauðsynlegt vegna hinnar miklu umferðar frá Reykjavík og upp að Álafossi og jafnvel upp í Kollafjörð að gera þennan veg með varanlegu slitlagi. Stundum hefur verið talað um steinsteypt lag, en nú í seinni tíð, eftir að malbikið er orðið betra, tæknin aukin að gera malbiksslitlag, þykir sjálfsagt að fara frekar út í það heldur en að steinsteypa, og með því er hægt á skemmri tíma að komast yfir miklu lengri leiðir og gera fleiri vegi góða en ef haldið væri sig við steinsteypuna.

Þá er gert ráð fyrir því að verja til Austurvegar á árunum 1966, 1967 og 1968 65 millj. kr. Er gert ráð fyrir því, að með því sé hægt að ljúka undirbyggingu á Austurvegi austur á fjallsbrún um Þrengslin og malbika eitthvað út frá Reykjavík, eftir því sem fjárhagur leyfir, áleiðis austur.

Þá er gert ráð fyrir að verja á árunum 1967 og 1968 til Hafnarfjarðarvegar 25 millj. kr. og gera þann veg einnig með slitlagi, malbiki, eftir því sem fé er fyrir hendi.

Þetta, sem hér hefur verið nefnt, er ekki samkv. áætluninni af fjármagni í vegasjóði, heldur verður því aðeins unnt að vinna að þessum framkvæmdum, að fjár verði aflað með lántökum eða á annan hátt.

Og þá er það Reykjanesbrautin, sem hefur sérstöðu að vissu leyti, þannig að nú hefur verið lokið að steypa talsverðan hluta af þeim vegi. Það var byrjað á því, eins og kunnugt er, fyrir 2 árum að gera steinsteypt slitlag á þennan veg. Og hann hefur sérstöðu að því leyti, þessi vegur, að það hefur verið gert ráð

fyrir að innheimta umferðargjald af veginum og umferðartollur geti að verulegu leyti staðið undir vöxtum og afborgunum af þessari vegargerð. Það hafði verið gert ráð fyrir því að malbika það, sem eftir er af þessum vegi. Nú hefur komið í ljós, að menn eru ekki á eitt sáttir um það, þar sem þegar er búið að steinsteypa verulegan hluta vegarins. Og það hefur jafnvel komið í ljós, að menn efist um, að það sé eins mikill munur á steinsteypta laginu og malbikunarlaginu í kostnaði og talið er, eða 48 millj. kr., og sé ástæða til að athuga það nánar. Ég get vel fallizt á, að þetta verði athugað nánar, áður en ákvörðun er tekin um það, hvor leiðin er farin, að steypa slitlagið eða malbika. En sú athugun má vitanlega ekki taka langan tíma, vegna þess að það getur tafið fyrir framkvæmdum í sumar. Og ef dýrari leiðin yrði valin, steinsteypan, hlyti það að leiða til þess, að umferðargjaldið yrði nokkru hærra en annars hefði þurft að vera.

Það eru hér fleiri vegir, það eru þjóðbrautir, sem fyrirhugað er að leggja miðað við fjármagnið, sem kemur annars staðar frá en úr vegasjóði. Ber þar að nefna Siglufjarðarveg eða Strákaveg, sem oft hefur verið rætt um hér í sölum Alþ. Nú þegar hefur verið gert útboð í þessar framkvæmdir, og er gert ráð fyrir, að þessum vegi verði lokið á árinu 1966. Þá er Múlavegur, það er vegurinn frá Ólafsfirði til Dalvíkur, og sá vegur hefur verið mörg ár í lagningu og vissulega tími til þess kominn, að honum verði lokið. En það er mikið hagræði fyrir Ólafsfirðinga að fá þennan veg, og sú einangrun, sem þeir hafa búið við í ómunatíð, verður rofin, þegar þessi vegur er kominn saman. Þá er gert ráð fyrir nokkrum vegum öðrum, þ. e. á Austurlandi, Jökuldalsvegi og Suðurfjarðavegi um Vattarnes í Austurlandskjördæmi. Það hefur þegar verið ákveðið að útvega fjármagn í Siglufjarðarveg og Múlaveg. En vegirnir á Austurlandi, sem ég taldi upp áðan, eru hér inni í með sama fyrirvara og ég áðan nefndi um hraðbrautirnar, að það verður því aðeins unnið að þessum framkvæmdum, að fjár verði aflað með lántökum eða öðrum hætti. Hér er aðeins um heimild að ræða til þess að útvega fé. Og þá er Heydalsvegur, sem er landsbraut. Það er einnig lagt til, að heimild verði til fjárútvegunar í hann að upphæð 3½ millj. kr.

Eins og ég áðan sagði, er gert ráð fyrir að vinna fyrir nærri 340 millj. kr. á árinu 1965 í vegaframkvæmdum. Og á fjögurra ára tímabilinu, ef lánsheimildirnar verða notaðar, verður um hátt á 14. hundrað millj. að ræða í þessum framkvæmdum. Nú er það vitað, að vegal. gera ráð fyrir því, að Alþ. og ríkisstj. geti ákveðið endurskoðun vegáætlunarinnar á miðju tímabili. Og ef ríkisstj. og Alþ. telur hyggilegt að tveimur árum liðnum að láta slíka endurskoðun fara fram með það fyrir augum að útvega meira fé til framkvæmdanna, liggur það vitanlega beint fyrir. Og ég verð að segja, að mér þykir það ekki ótrúlegt, að sú heimild, sem vegal. gefa í þessu efni, verði notuð, miðað við þær þarfir, sem alls staðar eru fyrir aukið fjármagn til vega- og brúarmála.

Hér hefur verið gerð að umtalsefni till., sem ríkisstj. flytur um framlag til nokkurra vega á Vestfjörðum. Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um hana. Þetta er liður í svokallaðri Vestfjarðaáætlun, sem er byggð á þáltill., sem samþ. var hér í hv. Alþ. eins og allir muna, en Framkvæmdabankanum var falið að gera athugun á því, hvernig hægt væri að framkvæma það, sem till. felur í sér. Ég held, að þegar þessi till. var samþ., hafi allir alþm. verið sammála um, að það væri að skapast hættuástand á Vestfjörðum vegna þess, hversu fólksstraumurinn væri mikill þaðan. Og ég man eftir því, hversu Gísli Jónsson færði sterk rök fyrir sínu máli, bæði hér í hv. Alþ. og eins utan þings. Nú er þessi Vestfjarðaáætlun og sú lántaka, sem lýst hefur verið, úr viðreisnarsjóði Evrópu liður í því að hindra fólksflutningana að vestan og reyna að stuðla að því, að Vestfjörðum blæði ekki út að þessu leyti. Þess vegna er það, að ríkisstj. flytur þessa till. og tekur hana vitanlega inn í vegáætlunina, eins og alltaf hefur staðið til. Það var einn eða tveir hv. þm., sem töldu það alveg öruggt á mánudagskvöldið, að það stæði til að brjóta vegal., og sennilega hafa þessir tveir hv. þm. verið í eitthvað sérstaklega slæmu skapi, þegar þeir voru með þessar getsakir. Nú er engan veginn víst, að það hefði verið hægt að færa það undir brot á vegal., þótt þetta fé hefði ekki verið í vegáætlun, vegna þess að eins og ég áðan sagði, er hér um sérstaka áætlun að ræða, svokallaða Vestfjarðaáætlun. En það er ástæðulaust að vera með nokkrar hugleiðingar um það, vegna þess að það er algerlega útlátalaust og sjálfsagt að taka þetta með inn í vegáætlunina, ekki sízt fyrir það, að það er ekki lengur neitt vafaatriði um það, hvort fé fæst. Lánið er fengið og samþ., eins og lýst hefur verið hér áðan, og þess vegna öruggt, að fyrir það verði unnið.

Einn hv. þm., — ég held, að það hafi verið hv. 3. þm. Vestf., — talaði um, að um margra ára skeið hefðu sumir vegir á Vestfjörðum ekki fengið neina fjárveitingu, og ég veit nú satt að segja ekki, hvers vegna hann er að tala sérstaklega um það hér, vegna þess að hann sem þm. þessa kjördæmis hefði vitanlega getað haft áhrif á það, að þessir vegir, sem hann talaði um, hefðu fengið fé. Ef þeir hafa ekki fengið neitt fé, er það vegna þess, hvernig vegafénu á Vestfjörðum hefur verið skipt milli hinna einstöku vega. En þessi hv. þm. hlýtur að verða ánægður með það að sjá, hversu mikið fjármagn er ætlað til Vestfjarða, og enginn vafi er á því, að ástandið í samgöngumálum í þessum landsfjórðungi gerbreytist nú til batnaðar. Hitt er svo annað mál, að eins og hér var talað um áðan, hljóta þeir vegir, sem ekki liggja að byggð eða um byggð, að bíða, t. d. vegir í Sléttuhreppi og

Grunnavíkurhreppi, sem fyrir mörgum árum eru farnir í eyði, og þar sem líkt stendur á.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. talaði um, að það væri ekki hátt risið á vegáætluninni og þetta væri dapurlegur kafli í sögu viðreisnarinnar, eins og hann komst að orði. Menn geta nú til gamans haft ýmsar orðræður og meiningar. En til hvers er að hafa svona orðalag uppi hér í hv. Alþ. og halda slíku fram um vegafé, sem hefur hækkað um 300% frá því 1958, þegar hv. 1. þm. Norðurl. e. hafði ráð til þess að hafa áhrif á aukið fjármagn? Ég hefði nú haldið, að þessi hv. þm. væri of rökvís í hugsun og málfari til þess að bera á borð annað eins og þetta. Og sannarlega hefði hann getað komið á framfæri óskum sínum um enn meira fjármagn til vegaframkvæmda en hér er um að ræða, þótt hann hefði ekki verið með þessar líkingar, sem hann viðhafði, því að það er alveg útilokað, að hv. þm. eða þeir, sem fylgjast með samgöngumálum og þjóðmálum yfirleitt, geti ekki gert sér grein fyrir því, að samanburður á fjárframlögum til vegamála nú og 1958 er núv. ríkisstj. stórkostlega í hag. Og þegar að því er fundið, að það skuli ekki vera látið miklu meira til vegamála nú en gert er, hlýtur að verða spurt að því, hvers vegna ekki var varið nema 83 millj. kr. til vegamálanna 1958. Hvers vegna var það ekki? Ég hélt, að hv. 1. þm. Norðurl. e. þyrfti ekki að spyrja að því. Hann veit það, að þá voru fjárráðin ekki ótakmörkuð frekar en nú.

Nú segir e. t. v. hv. 1. þm. Norðurl. e., eins og hv. 3. þm. Vesturl.: Það á að taka allt, sem inn kemur af umferðinni, og láta það til veganna. — Þetta væri mjög æskilegt. En er nokkuð undarlegt, þó að ríkissjóður taki eitthvað til sín af umferðinni nú, eins og hann gerði áður og hefur alltaf gert? Er ekki eðlilegt, að það sé eitthvert samræmi í málflutningnum og að það sé einhver rökvísi, rökhyggja, á bak við það, sem sagt er, sérstaklega þegar um er að ræða reynda þm., sem öll skilyrði hafa til að koma fram af háttvísi og rökvísi og gera það oft? Ég hefði haldið, að það færi miklu betur á því, og það er alveg öruggt mál, að það vinnst ekkert til gagns með málflutningi eins og hér er um að ræða. Við erum sammála um það, að vegamálin eru ekki í því lagi, sem þau þurfa að vera. Við erum sammála um það, að það er æskilegt að fá meira fjármagn. Og við erum vitanlega sammála um það, að það ber að stefna að því að fá aukið fjármagn í þessu skyni. En með því að vera með skæting og ónot hver í annars garð, með því að vera með dylgjur um, að það eigi að fara að brjóta lög, eða annað þess konar, það vinnst ekkert á því. Það þarf miklu frekar að reyna að athuga þessi mál með rökum og finna leiðir út úr því, sem við viljum bæta.

Hv. 5. þm. Austf. (LJós), sem oft er prúður í máli, var eitthvað sérstaklega ónotalegur á mánudagskvöldið. Það er nú þannig, að það getur legið misjafnlega vel á mönnum, en ég teldi, að það hefði verið hyggilegt fyrir þennan hv. þm. að láta renna af sér, áður en upp í pontuna var farið, jafna sig, láta renna af sér og koma ekki upp, fyrr en hann hafði kólnað. Þá hefði þessi hv. þm. ekki talað um, að það væri búið að ákveða það, að Austfjarðakjördæmi fengi ekkert út úr flugmálafénu. Þessi hv. þm. fullyrti, að það væri búið að ákveða, að það kæmi ekki eyrir til flugvallar á Austurlandi. Nú er það svo, að flugráð hefur ekki enn gert till. um úthlutun á fénu, og því síður, að rn. hafi haft þessi mál til meðferðar. En hvers vegna þá að vera að koma með svona fullyrðingar út í bláinn hér í hv. Alþ.? Og hvers vegna að vera að fullyrða, að það sé ákveðið að brjóta vegalögin, hvers vegna að vera að fullyrða, að það hafi verið ákveðið að pukrast eitthvað með Vestfjarðaáætlunina og þess vegna verði ekki flutt till., sem fellur inn í vegáætlunina? Hvers konar getsakir eru þetta? Ég held satt að segja, að allir hv. þm. hljóti að vera mér sammála um, að það hefði verið betra, hefði runnið af þessum manni, áður en hann talaði. Runnið af honum, mun einhver segja. Þessi maður drekkur aldrei, og hann finnur aldrei á sér, en samt sem áður hefur hann farið á eitthvert andlegt kenderí, og skapið var þannig, að við, sem þekkjum þennan hv. þm. venjulega að góðu dagfari, töldum, að hér væri um umskipting að ræða á þeim mínútum, sem hann var hér í ræðustólnum.

Hv. þm. talaði um Oddsskarð, og hann var alveg undrandi yfir því, að það skyldi ekki hafa verið tekið inn í vegáætlunina. Hvað er langt síðan farið var að tala um jarðgöng um Oddsskarð? Það er ekki langt síðan. Og víst er það, að áætlun um jarðgöng í gegnum Oddsskarð er ekki lokið, — áætlun, sem hægt væri að vinna eftir, er ekki lokið, og við höfum hér á landi enn sem komið er litla reynslu í því að gera jarðgöng. En vonandi eigum við eftir að gera mörg jarðgöng hér á landi og stytta leiðirnar og gera fjallvegina þannig greiðfærari, og ég vil vona, að Austfirðingar og þá sérstaklega Norðfirðingar megi fá göng í gegnum þetta skarð. En ég teldi hyggilegt, og það held ég, að verkfræðingar, sem um þessi mál fjalla, telji, að við fáum nokkra reynslu og ljúkum því t. d. að gera jarðgöngin um Stráka, áður en hafizt verður handa um Oddsskarð. Og enn kem ég að því: Hvernig stendur á því, að hv. 5. þm. Austf. hugsaði ekkert um þessi mál, meðan hann var í ríkisstj., og það er ekki nema eitt eða tvö ár síðan hann fór að ræða um jarðgöng í gegnum Oddsskarð hér í hv. Alþ.? Það er æskilegt að gera sem mest á stuttum tíma, en við verðum að játa, að við getum ekki framkvæmt allt í einu.

Hv. 3. þm. Vesturl. (HS) gerði samanburð á vegafé 1957 og nú og komst að raun um það, eins og hann sagði, að vegaféð hefði í rauninni stórminnkað miðað við þann tíma. Ég verð að biðja þennan hv. þm. að reikna betur og reikna rétt og taka aftur þessa full-

yrðingu sína, því að það eru staðreyndirnar, sem tala. Tölurnar eru fyrir hendi og sýna það, að vegafé, sem notað verður á þessu ári, hefur hækkað um 300% frá því 1958.

Hv. landsk. þm. Geir Gunnarsson gerði Kópavogsbrautina að umtalsefni og talaði um samkomulag, sem gert hefði verið í sambandi við Kópavoginn, um leið og vegal. voru sett. Mér er ekki alveg ljóst, hvaða samkomulag hann á við. Ég hygg, að það sé þó það, að það hafi verið talað um, að það væru aðeins tveir staðir, sem fengju í fyrstu framlög af kaupstaðafénu, sem sérstaklega er ætlað að bæta úr þar, sem verst stendur á í kaupstöðum, þ. e. af þessu svokallaða 10% gjaldi. Og þegar verið var að afgreiða vegal., var verið með tölur um kostnaðinn við að gera hraðbraut yfir Kópavogshálsinn. Ég man, að það var talað um 25 millj. kr. og það var gert ráð fyrir, að ef Kópavogskaupstaður fengi meiri hl. af þessu fé, sem til fellur vegna kaupstaðanna, gæti það staðið undir láni, vöxtum og afborgunum, sem til þessara framkvæmda þyrfti. En nú hefur verið gerð önnur áætlun um þessa framkvæmd, sem að vísu er ekki endanleg, en hún sýnir allt aðrar upphæðir, milli 80 og 90 millj. kr. Og þá yrði ljóst, ef verkið á að kosta svona mikið, að það eru allt aðrar forsendur fyrir hendi en áður var. Þess vegna er það, að það hefur verið skipuð n. til þess að athuga, hvaða leið er fram undan, sem væri fær til þess að leysa þessi umferðarvandamál og koma hraðbrautinni gegnum Kópavog, án þess að það taki allt of langan tíma, og það verði þá um leið athugað, að hve miklu leyti sanngjarnt er, að Kópavogskaupstaður borgi þetta verk. Í þessari n. eru ráðuneytisstjórinn í samgmrn. og vegamálastjóri og fjórir bæjarfulltrúar úr Kópavogi. Þessi n. mun einnig athuga, hvort ekki er unnt að komast af með lægri upphæð en sú áætlun bendir til, sem ég áðan nefndi, að hve miklu leyti er hægt að vinna þetta verk í áföngum, að hve miklu leyti er hægt að draga úr kostnaði með því að breyta áætluninni og hvort hugsanlegt er að leysa þetta mál að einhverju leyti með því að dreifa umferðinni, þannig að hún þurfi ekki öll að fara eftir þessari braut. Ég hygg, að það sé skilningur fyrir því, að þetta er vandamál, sem ekki snertir Kópavogskaupstað einan.

Hv. 1. þm. Vesturl. gerði fsp. um það, hvort meiningin væri, að þau lán, sem tekin hafa verið af sveitarfélögum og enn hafa ekki verið greidd, ættu að greiðast upp, eins og hann orðaði það. Ég get sagt hv. þm., að það var gerð áætlun um það á síðasta ári, að þessi lán yrðu greidd á 2—3 árum. Reyndin varð sú á síðasta ári, að það var meira en þriðji parturinn greiddur, í sumum tilfellum helmingur, og ég tel sjálfsagt, að þessi lán verði greidd upp á þessu og næsta ári, þessi eldri lán.

En þá spyr hv. þm. um það, hvort það verði heimilað að taka lán að nýju. Ég vil segja, að það er vitanlega ekkert, sem bannar það, og það verður að athugast í hverju tilfelli fyrir sig, hvort það þykir eðlilegt og hagkvæmt að þiggja þannig lán, sem boðin eru fram. Það verður t. d. að athuga það, hvort verk, sem lán er boðið til, sé á vegáætlun og hvort það er öruggt, að það gæti greiðzt á næsta ári eða næstnæsta. Þetta þarf að athuga, og það verður að metast og athugast af vegamálastjóra, hvort það er hagkvæmt að gera þetta. Ég tel, að það eigi að fara varlega í þetta. Það er alls ekki loku fyrir það skotið, að það geti átt sér stað, og ég tel, að það eigi að meta það eftir því, hvort það er talið eðlilegt og hagkvæmt í hverju tilfelli.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. flutti hér stutta ræðu, en hún gekk út á það að lýsa því yfir, að það væri allt of lítið fé til vega og brúa í hans kjördæmi eins og öðrum, og get ég vel fallizt á, að það væri æskilegt fyrir hans kjördæmi að fá meira til framkvæmda. En það er með hann eins og aðra hv. þm., að hann verður að gera sér grein fyrir því, að það er ekki fyrst nú. Það hefur verið síðan við komum á hv. Alþ. til starfa og lengur, sem vegafé hefur verið minna í hverju kjördæmi en æskilegt hefði mátt telja.

Hv. 1. þm. Austf. kvartaði einnig og flutti ræðu í svipuðum dúr, kvartaði yfir því, að þau lán, sem fyrirhugað væri að taka, væru lítil í Austfjarðakjördæmi, ekki nema ca. 3%, ef allar lánsheimildir væru notaðar. En ég verð nú að minna hv. 1. þm. Austf. á það, að Austfjarðakjördæmi fær nú mikið vega- og brúafé miðað við önnur kjördæmi. Sé miðað við t. d. Austfjarðakjördæmi og Vestfjarðakjördæmi, eru það yfir 70 millj. kr., sem Austfjarðakjördæmi er ætlað samkv. áætluninni, meðan Vestfjarðakjördæmi voru ekki ætlaðar nema rúmar 30 millj., áður en sú till. kom, sem tilheyrir Vestfjarðaáætluninni sérstaklega. Og ég get vel skilið hv. þm. eins og aðra um það, að það væri æskilegt, að þetta væri meira. En miðað við þær fjárveitingar, sem kjördæmið fær miðað við önnur kjördæmi, sé ég ekki, að það sé sérstaklega ástæða fyrir þennan hv. þm. að kvarta.

Ég hef leyft mér að flytja hér eina litla brtt. á þskj. 365. Þessi till. snertir Almannagjá á Þingvöllum. Hún felur það í sér að flytja fjárveitingu frá veginum, sem liggur um Almannagjá, yfir á veginn, sem liggur um Leirurnar og inn á nýja veginn um gjárbarminn. Og það verður að líta svo á, að þessi till., ef hún verður samþykkt, sé ákvarðandi um það, að í framtíðinni verði ekki vegur um gjána, heldur aðeins gangstígur. Og ég ætla, að flestir hv. þm. telji það eðlilega ráðstöfun, að þegar nýi vegurinn er nú kominn uppi á gjárbarminum, verði bifreiðaumferð hætt um gjána, og þar sem vegurinn er nú um gjána, geti orðið gras og þarna verði gangstígur. Ef till. verður samþ., verður að líta svo á, að hv. alþm. vilji hætta því að hafa bifreiðaumferð um gjána, og teldi ég það vel farið.

Ég veit ekki, hvort ástæða er til að hafa þessi orð öllu fleiri nú í sambandi við veg-

áætlunina. Ég hef hér stiklað aðeins á stóru, og ég get verið sammála hv. þm. um það, að vegamálin, samgöngumálin, eru þýðingarmikil. Það er vitað mál, að það þykir ekki verandi á því býli, sem ekki hefur veg, og svo er nú komið, sem betur fer, að flest býli á landinu teljast hafa akfæran veg, misjafnlega góða vegi að vísu og lítt færa suma tíma ársins. En þetta hefur nú farið mikið batnandi, og vissulega er stefnt í rétta átt. Vegal. hafa markað heilladrjúg spor. Það var rétt gert að semja vegal. Vegal. stefna að bættum vinnubrögðum í vegagerð með því að gera áætlun til nokkurra ára, skapa sér yfirsýn yfir þau verkefni, sem bíða og fram undan eru, taka hvert verk fyrir sig í stærri áföngum en áður og gera það fé, sem til framkvæmdanna er veitt, þannig drýgra. Og það er vitanlega ekki vegal. að þakka, en það er þó í framkvæmdinni þannig, að nú hin síðari árin hefur verið varið mun meira fé til kaupa á vegavinnuvélum en áður. Og með því að gera það, er stuðlað að því, að það fáist meira fyrir það fé, sem til veganna er veitt, heldur en áður. Vegagerðin hefur lengst af búið við það að hafa slitnar og gamlar vélar, sem hafa verið mjög dýrar í rekstri, og endurbætur á þessu sviði eru ákaflega þýðingarmiklar og grundvallarskilyrði fyrir því, að það fé, sem til vegamála er veitt, notist sem bezt. Ég held þess vegna, að þótt hv. alþm. beri fram frómar óskir um aukin fjárframlög til vegamála, og það út af fyrir sig er eðlilegt, sé ekki ástæða til að gera lítið úr setningu vegal. Við hljótum að geta verið sammála um það, að vegal. skapa betri aðstöðu en áður til bættra vinnubragða og með setningu vegal. hefur framlag til þessara mála verið stóraukið frá því, sem áður var. Því verður ekki á móti mælt. Hins vegar, þegar þörfin er mikil, geta menn verið sammála um, að það væri æskilegt, að meira væri úr að spila. En það er annað mál, og sú staðreynd og það viðhorf á ekki að þurfa að vera til þess, að menn hætti að tala um þessi mál á raunhæfan og eðlilegan hátt, en það finnst mér, að sumir hv. alþm. hafi gert, þegar þeir snúa málunum við og reyna að gera það svart, sem er hvítt. Það er ekki leiðin til lausnar á málunum. Ég held, að eðlilegasta og happadrýgsta leiðin hljóti að vera sú að gera sér raunhæfa grein fyrir vandanum. En það hlýtur eðlilega að vera nokkur vandi fyrir okkur Íslendinga, sem búum í þessu stóra og strjálbýla landi, að gera vegina þannig úr garði, að þeir séu svo góðir sem við helzt óskum. Þjóðvegirnir eru á 10. þús. km að lengd, og til þess að byggja þá upp og halda þeim vel við hlýtur að þurfa gífurlegt fjármagn. Þess vegna er eðlilegt, að við stefnum að því að auka það fjármagn, sem til vegaframkvæmda verður látið.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég vil lýsa ánægju minni yfir því, sem hæstv. samgmrh. sagði hér í ræðu sinni varðandi Reykjanesbrautina og áframhaldandi lagningu hennar. Eins og ráðh. gat um, hafa fjöldamargir, m. a. ýmsir þm. Reykjaneskjördæmis, lýst óánægju sinni yfir þeirri hugmynd, sem fram hefur komið, að malbika það, sem eftir er af Reykjanesbrautinni, í stað þess að steypa. Eftir að ráðh. hefur lýst yfir, að þetta mál sé enn til athugunar og engu föstu slegið um, hvor aðferðin verði viðhöfð, tel ég ekki ástæðu til þess að lengja umr. um þetta mál þess vegna, en vonast fastlega eftir, að þegar þetta mál verður nánar skoðað, fái það þann endi, sem til stóð í upphafi, að slitlag Reykjanesbrautarinnar verði allt steinsteypt.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. fjmrh. og raunar ríkisstj. í heild fyrir þann góða skilning á þörf Vestfirðinga fyrir samgöngubætur, sem fram kom í þeirri ræðu, sem hæstv. fjmrh. flutti hér fyrir skömmu, og jafnframt staðfestist í þeirri brtt., sem ríkisstj. hefur flutt við vegáætlun á þskj. 399 um Vestfjarðavegi.

Á undanförnum árum hefur verið unnið að því af hálfu þm. úr öllum landshlutum að afla lánsfjár til úrbóta og hraðari framkvæmda í vegagerðum. Í ýmsum landshlutum hefur verulegur árangur orðið af þessari viðleitni, þannig að tekizt hefur að útvega lánsfé og gera stórátök í einstökum vegum. Við Vestfirðingar höfum til þessa lítið orðið aðnjótandi þessarar viðleitni. Hins vegar hefur verið unnið mjög mikið að vegaframkvæmdum á Vestfjörðum s. l. 20 ár, og það er ástæðulaust að vanmeta þann mikla árangur, sem náðst hefur í þeim efnum, þrátt fyrir það, þó að ástand veganna á Vestfjörðum sé enn þá mjög lélegt, en svipaða sögu hefur raunar fólk í ýmsum öðrum landshlutum að segja. En nú hefur það tekizt undir forustu ríkisstj. og í framhaldi af þáltill., sem flutt var hér á hv. Alþ. í fyrra af hv. 4. þm. Vestf. um aðstoð frá viðreisnarsjóði Evrópuráðsins, að útvega allstórt lán til framkvæmda á Vestfjörðum. Eins og hv. þm. er kunnugt og hæstv. fjmrh. minntist einnig á, er unnið að heildaráætlun um framkvæmdir á Vestfjörðum, sem miðar að því að stöðva fólksflutninga úr þessum landshluta og leggja grundvöll að blómlegu athafnalífi og batnandi aðstöðu á marga lund. Það er aðeins lokið við þessa framkvæmdaáætlun að því er snertir samgöngubætur, og þetta lán, sem nú hefur fengizt frá viðreisnarsjóði Evrópuráðsins, er fengið til þess að framkvæma þennan þátt framkvæmdaáætlunarinnar.

Eins og hæstv. ráðh. tók fram, er gert ráð fyrir, að samtals verði á næstu 4 árum unnið fyrir 171 millj. kr. að samgöngubótum á Vestfjörðum, þar af að lagningu þjóðvega fyrir 67.7 millj. kr., gerð flugvalla fyrir 32.1 millj. kr. og hafnargerðum fyrir 71.8 millj. kr. Ég mun fyrst og fremst gera vegamálin og lítillega flugvallamálin hér að umræðuefni. Samtals er gert ráð fyrir, að við fáum 34 millj. kr. af erlendu lánsfé til þess að vinna að

vegagerðum næstu 4 ár. Skiptist það þannig á milli ára, að á árinu 1965 er gert ráð fyrir 7.2 millj. kr. af hinu erlenda lánsfé beint til vegagerðanna, árinu 1966 7.3 millj. kr., árinu 1967 11.5 millj. kr. og árinu 1968 8 millj. kr. Ég leyfi mér að staðhæfa, að þessi ákvörðun markar þáttaskil í samgöngumálum Vestfjarða. Hér er lagður grundvöllur að skipulögðum framkvæmdum í stærri stíl en áður hefur þekkzt til þess að skapa fullkomið vegasamband milli flestra byggðarlaga Vestfjarða, þar sem meginhluti íbúa þessa landshluta býr. Þessar auknu framkvæmdir miða sem sagt fyrst og fremst að því að skapa öruggt akvegasamband allt árið milli kaupstaða, kauptúna og sveita, við utanvert Ísafjarðardjúp, í Vestur-Ísafjarðarsýslu og Vestur-Barðastrandarsýslu. Jafnframt er snúizt að því með aukinni festu að ljúka byggingu aðalþjóðbrautarinnar, sem tengir Vestfirði við aðalakvegakerfi landsins. Þessum höfuðframkvæmdum á að verða lokið á næstu 4 árum. Ég endurtek það því, að hér er um að ræða stórmerka framkvæmdaáætlun, sem markar þáttaskil í samgöngumálum Vestfjarða.

Að lokinni þessari framkvæmdaáætlun um fullkomna vetrarvegi milli þéttbýlustu byggðarlaga Vestfjarða verður kröftunum einbeitt að því að ljúka öðrum vegagerðum á Vestfjörðum. Vegagerðum í öðrum byggðarlögum Vestfjarða verður að sjálfsögðu haldið áfram jafnhliða framkvæmdaáætluninni. Það er ekki áformað að láta niður falla framkvæmdir í þeim vegum, sem hið erlenda lánsfé er ekki veitt til. Það mun t. d. verða lögð áherzla á að ljúka vegagerð um endilanga Strandasýslu allt norður í Árneshrepp. Enn fremur verður haldið áfram að bæta vegina í Austur-Barðastrandarsýslu eftir föngum. Vegagerðinni meðfram sunnanverðu Ísafjarðardjúpi verður einnig haldið áfram, en þar er, eins og kunnugt er, miklu verki ólokið og ber til þess brýna nauðsyn að ljúka því á eins skömmum tíma og mögulegt er.

Samkv. áætluninni er gert ráð fyrir, að varið verði 32.1 millj. kr. til flugvalla á Vestfjörðum næstu 4 ár. Er þar um að ræða tvo flugvelli við Ísafjarðarkaupstað og á Patreksfirði. Er áformað að gera þessa flugvelli eins fullkomna og mögulegt er, búa þá öryggistækjum og leggja að þeim fullkomna vegi, sem eiga að tryggja það, að snjóalög hindri ekki notkun flugvallanna. Þetta mun að sjálfsögðu hafa í för með sér stórbætta aðstöðu í flugmálum Vestfirðinga, ekki sízt eftir að Flugfélag Íslands hefur fengið nýjar hraðfleygari og fullkomnari flugvélar. Það er mín skoðun, að smærri flugvöllum á Vestfjörðum verði að sjálfsögðu að halda við eftir sem áður, að svo miklu leyti sem hinir nýju og fullkomnu vegir tryggja ekki héruðunum afnot hinna tveggja stóru flugvalla. En vitanlega liggur það í augum uppi, að vetrarvegir um mikinn hluta Vestfjarða, sem færir eru svo að segja allt árið, eiga að tryggja miklu almennari afnot af þessum stóru flugvöllum en nú er um að ræða.

Um þátt hafnargerðanna í framkvæmdaáætluninni skal ég ekki ræða að þessu sinni. Það er gert ráð fyrir, að 36 millj. kr. af hinu erlenda lánsfé verði til þeirra varið á næstu 4 árum. En vitanlega eru öruggar hafnir frumskilyrði útgerðar, sjósóknar og góðra og hagkvæmra samgangna á sjó.

Ég vil svo að lokum endurtaka það, að ég fagna þessari framkvæmdaáætlun. Ég fagna þeim stórhug og viðsýni, sem kemur fram í henni, og það er ekki aðeins von mín, að hún verði Vestfjörðum og vestfirzku fólki að gagni, heldur geti þetta orðið upphaf að miklu skipulegri vinnubrögðum en áður hefur tíðkazt í margvíslegum uppbyggingarframkvæmdum í öllum landshlutum. Og munu þá fleiri njóta góðs af því heillaspori, sem hæstv. ríkisstj. hefur með þessari ákvörðun stigið, en við, sem fyrstir eigum að njóta hennar.

Frsm. minni hl. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Það er í raun og veru afar erfitt að koma hér upp í ræðustól í kvöld, eftir að hafa hlustað á hina ánægjulegu ræðu hæstv. samgmrh., ekki sízt þegar tveir af flokksmönnum hans hafa síðar gengið í ræðustól til þess að þakka hæstv. ráðh. hans ágæti. Út af fyrir sig hef ég ekkert við það að athuga, þó að flokksmenn hæstv. ráðh. þakki honum, þótt fyrir lítið sé, það er þeirra mál.

Hæstv. ráðh. vék að því, að menn ættu að gæta þess í ræðum sínum að vera háttprúðir, tala með hógværð og stillingu, halda sig við málið, hafa samræmi í málflutningi sínum og stefnufestu. Og hæstv. ráðh. hélt sér sjálfsagt við þetta, því að auðvitað hefur hann kunnað að hagnýta sér heilræðin, en ekki bara gefa þau öðrum.

En þrátt fyrir það þó að hæstv. ráðh. sé búinn að vera hér lengi á þingi og við ýmsir búnir að heyra hann halda ræður bæði sem stjórnarandstæðing og stjórnarstuðningsmann og ráðh., hefur ýmsum hv. þm. ekki tekizt að tileinka sér þá hógværð og háttprýði og stillingu, sem hæstv. ráðh. er lagin og var að tala um, því að hann hafði orð á því, þrátt fyrir það þó að ráðh. vildi ekki fara að nota hér leiðinleg orð, að menn væru hér með dylgjur, geðvonzku, meira að segja jafnvel skæting. Og þetta voru framsóknarmennirnir, sem þannig töluðu. En svo skildi hæstv. ráðh. ekkert í því, að það væri svo komið með formann þingflokks Alþb., að hann væri farinn að skamma ríkisstj., svo að maðurinn hlyti að vera andlega ölvaður, fyrst hann hefði ekki verið það á venjulegan máta. Og hæstv. ráðh. hafði miklar áhyggjur af þessu, að þm. skyldi ekki hafa tekizt að tileinka sér þá háttprýði og hógværð og stillingu, sem honum er lagin. Og hæstv. ráðh. var afskaplega ánægður, þegar hann var hér í ræðustólnum. Það skein út úr honum ánægjan, hvar sem á hann var litið. Og það var ekki einungis, þegar hann

var með kennslustundina, heldur einnig þegar hann fór að tala þar fyrir utan. Og nú skal ég segja ykkur, af hverju hæstv. ráðh. var ánægður. Mér finnst af þeim ræðum, sem ég hef hlýtt á hjá hæstv. ráðh., sem eru margar, að hann hafi átt eitt takmark æðst í lífinu og það væri að ná svipuðum árangri og Framsfl. Hann hafði aldrei hugsað sér neitt veglegra en það að geta náð svipuðum árangri og framsóknarmenn hefðu náð, og ef hann hefði gert einhvers staðar betur, ljómaði hann allur, því að þá væri hann kominn upp á hæsta tindinn. Og nú hafði svo til tekizt, að það væru fleiri krónur til vegamála en hefðu verið 1958. Hugsið ykkur, það eru fleiri krónur til vegamála, þegar búið var að skrapa saman með lánum eftir alls konar leiðum, heldur en hefðu verið hjá Framsókn. Og hæstv. samgmrh. er svo sem ekki eini ráðh. um þetta, því að það er ævinlega takmarkið hjá hæstv. ríkisstj. að lýsa því yfir, að þetta sé ekkert verra hjá þeim en hefði verið 1958. Og fyrir nokkrum dögum, þegar umr. var um niðurskurð þann, sem boðaður er á fjárveitingum til framkvæmda, lýsti hæstv. forsrh. þessu sama yfir, hann næði svipuðum árangri og náðst hafði 1958. Og þessir hæstv. ráðh. eru ekkert að setja það fyrir sig, þó að margt hafi breytzt síðan, þjóðinni hafi fjölgað á þessu tímabili, veltiár hafi verið síðustu árin meiri en nokkru sinni fyrr, bifreiðar í landinu hafi meir en tvöfaldazt á þessu tímabili og umferðin þar af leiðandi og fleiri og stærri bifreiðar fari um vegina en áður. Þetta er ekkert frá sjónarmiði hæstv. ráðh., aðeins eitt, að ná nú svipuðu takmarki og Framsókn hafði náð 1958. En svo gleyma hæstv. ráðh. því, þegar þeir vitna í 1958, að forsrh. þeirrar ríkisstj. var ekki ánægðari en það með framkvæmd í þjóðmálunum, að forsrh. sagði af sér, af því að honum fannst ekki, að það tækist nógu vel um stjórn landsins. En nú, eftir að yfir landið hafa gengið hin mestu góðæri hvert á fætur öðru, eru hæstv. ráðh. mjög ánægðir, ef þeir ná svipuðu takmarki og náð var 1958, en að því ætla ég að koma betur síðar.

Hæstv. ráðh. var að tala um þetta, sem hann var óánægður með, að þm. væru ekki nógu varfærnir, hógværir og háttprúðir, að þeir hefðu sumir verið að halda því fram, að ríkisstj. hefði ætlað sér að brjóta vegal., og það var út af því, að lánsfé til vegagerðar á Vestfjörðum væri ekki eins og hefði komið hér fram í ræðum hv. 3. þm. Vestf. En hvað hefur skeð? Hvenær kom till. um, að vegaféð á Vestfjörðum ætti að vera inni á vegáætluninni? Enginn hlutur var eðlilegri en sá, að mál þetta gengi til fjvn. Alþ. og fengi sömu meðferð frá hendi n. og málið í heild. Það skyldi þó aldrei hafa skeð það, að umr. hér í þinginu hefðu haft þau áhrif á hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstj., að það hefði verið breytt um stefnu? Það er nú svo, að þetta mál er meðhöndlað á annan veg en gert hefur verið með vegáætlunina og þær till., sem þar hafa komið fram. Hæstv. ríkisstj. sendi þangað brtt. um aðrar lánveitingar til vega, sem hún ætlaði að taka upp og gera að sínum, en þetta varð eftir. Hvers vegna? Eitthvað hefur breytzt.

Þá mun ég snúa mér aftur að því að ræða um samanburðinn frá 1958, sem hæstv. ráðh. hélt sér mjög fast við, eins og þeim hæstv. ráðh. er lagið, það er að líta aftur á bak, en ekki fram á veg, því að það er takmark hæstv. ríkisstj., að þaðan eigi að leita samanburðar og það sé vel, ef þar sé náð hliðstæðu, en betur megi ekki gera. Og hæstv. ráðh. sagði frá því, að nú mundu framlögin til vegamálanna, vegaframkvæmdanna, hækka um 300% frá 1958. Það væri nú ekki lítið að gerast, svo að menn yrðu að taka eftir því, að hæstv. ríkisstj. hefði staðið sig vel. Það var ekki verið að geta þess, að á árinu 1958 var ekki tekið lán af hálfu ríkisins til vegaframkvæmda, eins og nú er gert upp á tugi millj., og þau eru eitt af blómunum í hnappagatinu hjá hæstv. ríkisstj., lánin til vegaframkvæmda. En svo er annað, sem hæstv. ráðh. vék að og sagði að ég hefði talað um í minni ræðu fyrr við þessa umr., og það voru tekjurnar, sem við hefðum af umferðinni þá og nú. Ég verð að segja hæstv. ráðh. það, að ef við gerum samanburð á þeim tekjustofnum, sem ég nefndi hér, það eru sérskattarnir, benzínskatturinn, þungaskatturinn og leyfisgjöldin, hafa þessar tekjur vegamálanna til ríkissjóðs ekki hækkað um 300%, eins og hæstv. ráðh. talaði um að framkvæmdaféð í vegunum hefði hækkað, eftir að lánsféð var tekið með, heldur hefðu þau hækkað um 700%. Og því er svo við að bæta, að hér eru ekki teknar hinar almennu tolltekjur, sem ríkissjóður hefur af umferðinni í landinu, sem hafa hækkað verulega eða sennilega um álíka upphæð. Hæstv. ráðh. verður að muna það, að hæstv. ríkisstj. hækkaði benzínskattinn 1960 og hann var hækkaður aftur í fyrra, og þungaskatturinn einnig og gúmmígjaldið, og leyfisgjöldin hækkuðu 1960 og eru hækkuð núna. Það er ekki sama, hvort það er reiknað með því, að ríkissjóður leggi fé umfram tekjur sínar, eins og hann gerði 1958, sem voru 34½ millj. þá, eða hafi fé af þessum tekjustofnum um 100 millj. kr., eins og hann hefur nú. Hér skýtur skökku við, og ef dæmið er hreinlega gert upp, er það þannig, að 100 millj. kr. álögurnar, sem við lögðum á þjóðina í fyrra, voru ekki lagðar á vegna umferðarinnar eða vegakerfisins í landinu, heldur sem tekjustofn fyrir ríkissjóð. Og ég held því fram enn og einu sinni enn þá og mun gera það áfram, að það er ekki hægt í okkar lítt vegaða landi að taka svo mikla skatta af umferðinni í landinu, án þess að hún njóti þeirra. Það er ekki hægt að taka sérskattana af umferðinni í ríkissjóð auk tollteknanna. Ef ríkissjóður hefur tolltekjurnar, má hann ekki hafa meiri tekjur af umferðinni, sérskattarnir verða allir og þeir munu fyrr en seinna ganga allir til umferðarinnar í landinu og ekki verða ríkissjóði tekjustofn. Þessu gleymdi

hæstv. ráðh. áðan, þegar hann var að tala um samanburðinn. En það munar nokkru, hvort tekjur ríkissjóðs hafa hækkað um 700% eða ekki.

Og ef við höldum áfram að gera þennan samanburð og förum ekki svo langt aftur að vitna til ársins 1958, heldur tökum þróunina, sem er að verða í vegamálunum síðan vegal. voru sett, þá skulum við gera okkur grein fyrir því, að miðað við árið 1964 sem 100 er fjárveiting til vegamála 1965 ekki nema 91%. 1966 verður hún 89%, og hún verður ekki nema 80%, ef niðurskurður á fjárveitingu fjárl. verður sá sami og nú er. 1967 verður hún 91%, en 82% miðað við sama niðurskurð. Og 1968 verður hún 96% og 87% miðað við niðurskurðinn. Þetta er hin ánægjulega þróun í vegamálunum, sem verkaði þannig á hæstv. ráðh., að hann brosti til beggja hliða og fór meira að segja að tala um háttprýði og menn ættu að vera rólegir og halda sig við efnið, sem þessum hæstv. ráðh. er svona hæfilega lagið. En það var bara ánægjan yfir þessari áætlun, sem er svo ekkert annað en áætlun hinna minnkandi framkvæmda. Þetta er samanburðurinn á framkvæmdunum í þjóðbrautum, landsbrautum og brúm miðað við fjárveitingar. Og hæstv. ráðh. er svona ánægður með, að þróunin skuli ganga í þessa átt.

En það er fleira, sem kemur hér til, því að vegagerðin lét fjvn. í té vísitölu um verðlagið, um notagildi framkvæmdafjárins á þessu áætlunartímabili, sem við ætlum nú að fara að samþykkja. Og ef við miðum þar við árið 1965, við óbreytt verðlag frá því, sem er nú, minnkar framkvæmdamáttur fjárins miðað við 1963, í árslok þá, þegar við samþykktum vegal., um 13% til vegagerðar, um 17% rúm til vegaviðhalds og um 20% til brúargerðar. Á sama tíma, sem fjárveitingarnar minnka í heild, minnkar framkvæmdamáttur vegafjárins þannig, að það, sem var 100 í árslok 1963, þegar vegal. voru afgreidd, hefur lækkað um 13%, 17% og 20%. Þannig er þróunin, og er ekki að undra, þó að hæstv. ráðh. brosi hér breitt og tali um, að menn eigi að vera hógværir, ekki að vera að finna að því, hvernig þróunin er í þessum málum, er fjárveitingarnar lækka, verðlagið hækkar.

Svo eru þm. nokkuð leiðir og skapvondir. Skelfing er það leiðinlegt, þegar menn kunna ekki að taka hlutunum rétt, eins og hæstv. ráðh. er samt búinn að gefa gott fordæmi um hér í ræðustólnum á áratugum sem þm. og ráðh. En svona eru nú ólukkans staðreyndirnar. Þær segja þetta, og þær ganga ráðh. ekki nóg í vil. Og það er ekki undarlegt, þó að hæstv. ráðh. sýndist vera glaður yfir þróuninni, ekki síst er hann vissi það, að hann hafði fleiri krónur en framsóknarmenn 1958, — hugsið ykkur annað eins, fleiri kr., það var ekki lítill myndarskapur.

En svo er það fleira, sem kemur til. Vegagerðin hefur tekið sig til að reikna út viðhaldskostnað á hvern ekinn km og fer þá allt aftur til ársins 1949 og fram til þess tíma, sem áætlunin nær til. Og nú skulum við heyra, hvað þar stendur. Með leyfi hæstv. forseta, vil ég lesa þessa skýrslu upp um, hvað vegagerðin segir að kostnaðurinn eða fjárveitingar til viðhalds á hvern ekinn km hafi verið og verði á áætlunartímabilinu og árunum, sem liðin eru frá 1949, og eru árin í röð. Fyrsta árið voru þetta 12.7 aurar, annað árið 11 aurar, þriðja árið 12.9 aurar, fjórða árið 10.9, fimmta árið 13 aurar, sjötta árið 14.3 aurar, sjöunda árið 11.5, áttunda 9.5, á árinu 1958 8.3, 1959 er það 8.1, 1960 7.4, 1961 6.6, 1962 6.8, 1963 6.7, 1964 — takið þið nú eftir — 5.8, 1965 5.8, en mun þó heldur lækka, því að verðlagið hefur breytzt aðeins, 1966 5.7, 1967 5.5 og 1968, í lok áætlunartímabilsins, 5.3.

Þetta er þróunin og miðað við árið 1963 lækka þessar fjárveitingar um 20%. Og haldið þið, að það verði ekki mikil ánægja yfir vegaviðhaldinu í landinu, þegar þróunin fer í þessa átt? Á sama tíma fjölgar bifreiðunum svo, að í spádómi vegamálastjórnarinnar er gert ráð fyrir 100% fjölgun þeirra frá 1960—1965. Og bílarnir þyngjast ár frá ári og vöruflutningar á landi fara hraðvaxandi líka ár frá ári. Og ef við gerum samanburð á þessu og við árið 1958, verður lækkunin um 35%. Ekki er nú að undra, þótt hæstv. ráðh. sé ánægður með útkomuna og lýsi því hér á hv. Alþ.

Eitt hefur komið fram í þessum umr. og kom fram í ræðu hv. frsm. meiri hl. fyrr við þessa umr., og það er sú þróun, sem hefur orðið á síðustu árum um hinar stóru vöruflutningabifreiðar og mikla vöruflutninga á landi. Og það kom fram í ræðu hans, hv. frsm. meiri hl., og hefur komið fram í blaðaskrifum stjórnarsinna, að hér þyrfti að sporna við fótum. Þessi tilvitnun þeirra er af þeim rótum runnin og aðrar þeirra umr. að stefna aftur á bak. Okkar stefna hefur verið sú, að með hverju ári hafa vöruflutningarnir færzt á landleiðirnar. Þeir, sem vörur flytja, vilja þessa þróun og stefna að henni, og hún mun halda áfram. Stærri bifreiðar hafa verið fluttar inn til þess að annast þessa vöruflutninga, til þess að gera þá ódýrari. Þegar við á síðasta ári hækkuðum verulega skatta á þessum bifreiðum, sem og öðrum, var það af því, að við viðurkenndum þessa þróun og þessa stefnu, sem mun verða áfram í framtíðinni. Þess vegna, ef nú ætti að fara að snúa inn á þá braut að herða á þungatakmörkunum, leyfa þessum bílum minni flutninga en áður, verður það sú þróun, sem ekki verður hægt að stöðva. Við verðum að horfa fram á við, en ekki til baka, og hugsun okkar, sem settum vegal., var að horfa fram á við, en ekki að snúa inn á það, sem áður hafði verið. Þegar við tökum svo af umferðinni í landinu, bifreiðunum, eins og við gerum, verðum við að láta fjármunina ganga til vegagerðarinnar, en ekki sem skatt til ríkissjóðs. Það er eðlilegt, að ríkissjóður hafi sínar tolltekjur, en sérskattana á hann ekki að hafa. Og ef við virðum fyrir okkur

nánar það, sem er að gerast, er okkur öllum ljóst, að það verður ekki minni kostnaður við vegaframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir í landinu á næstu árum. Þess vegna heldur vegaféð áfram að rýrna, eins og það rýrnaði í höndunum á okkur frá því að vegáætlunin var sett og þangað til við nú erum að afgreiða hana. Eins heldur það áfram að rýrna, meðan hæstv. núv. ríkisstj. situr að völdum og verðbólgustefna hennar fær að leika lausum hala, eins og hún hefur gert.

Við þm. verðum að sameinast um það, eins og við gerðum í árslok 1963, í þeirri góðu von, að við værum þá á réttri leið — við verðum að halda sókninni áfram að því marki að gera samgöngukerfið í landinu betra, svo að vöruflutningar verði ódýrari og landsfólkið eigi léttara með að komast um landið. Þetta er sú stefna, sem við mörkuðum með vegal., þótt það hafi mistekizt að framkvæma hana eins og annað hjá hæstv. ríkisstj. En sókninni verður haldið áfram og umferðin í landinu mun sækja til hæstv. ríkisstj. eða annarra það, sem henni ber, til veganna, en ekki láta það verða eyðslueyri, eins og nú er.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það leyndi sér ekki á þeirri ræðu, sem hæstv. samgmrh. flutti hér fyrr í kvöld, að hann kveinkaði sér nokkuð undan þeim umr., sem hér fóru fram um þetta mál á mánudagskvöldið s. l. Þá fóru hér fram allmiklar umr. um vegáætlunina og framkvæmdir í vegamálum almennt. Þá var umr. þessa máls komin á lokastig og ekki annað vitað en það ætti að ljúka umr. þá um kvöldið. Hins vegar höfðu komið hér fram allmiklar aths. varðandi þessa áætlun og við stefnuna í vega- og brúagerðarmálum. Og ýmsar spurningar voru settar hér fram, sem í rauninni var alveg sjálfsagt, að hæstv. ráðh. svaraði. En hæstv. ráðh. tók þann kostinn þá að sitja sem fastast í sínum stól og þegja sem fastast, svara engu af því, sem til hans var beint. Það fór auðvitað ekkert á milli mála, að hæstv. ráðh. leið ekkert vel. Það gat ég út af fyrir sig mætavel skilið. Nú hefur hann hins vegar þann tíma, sem hann hefur fengið síðan, verið að rétta svolítið úr sér, kom hér upp í ræðustólinn fyrr í kvöld og þóttist nokkuð vilja kvitta fyrir það, sem ókvittað var fyrir áður í þessum umr.

En það var býsna athyglisvert, hvað það var, sem hæstv. ráðh. hafði að segja um þessi mál og þær aths., sem hér höfðu komið fram um þetta þýðingarmikla málefni. Ég hafði alveg sérstaklega gert það að umtalsefni, að mér þætti það óglæsilegt, ef nú ætti að samþykkja fjögurra ára áætlun um vegagerðarmál landsins og sú áætlun ætti að vera í því formi, sem hér væri lagt til, sem sé því, að gert væri ráð fyrir því, að bein framlög til vegagerðarmála ættu að fara lækkandi með hverju ári sem liði næstu 4 ár. Ég benti á það, að samkv. þeirri vegáætlun, sem í gildi var s. l. ár, 1964, hafði t. d. verið áætlað að verja til nýbyggingar þjóðbrauta í landinu 24.7 millj. kr. En í áætluninni er lagt til að lækka þessa fjárhæð á þessu ári niður í 22.7 millj., árið 1966 niður í 19.4 millj., 1967 niður í 20.2 millj. og árið 1968 niður í 23.6 millj. kr. (**Forseti:** Mætti ég biðja hv. 5. þm. Austf. að gera stutt hlé á ræðu sinni, meðan leitað verður afbrigða fyrir fram kominni brtt.?) Sjálfsagt. [Frh.]

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 399, sem var útbýtt á fundinum, leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

Lúðvík Jósefsson [frh.]: Herra forseti. Ég sé, að hæstv. forseti er klókur maður. Hann notar tækifærið, meðan nógu margir þm. eru hér enn í sölunum, til þess að ná afbrigðum um þá till., sem ríkisstj. hefur flutt. Hann sýnilega treystir ekki á það, að stjórnarliðið haldi hér lengi út í þessum umr., því að annars hefði vitanlega verið hægt að fá afbrigði fyrir þessum till. síðar. En afbrigðin eru veitt, og ég skal nú halda áfram minni ræðu í fullri von um það, að a. m. k. hæstv. ráðh., sem ég vil sérstaklega beina máli mínu til, þrauki hér með okkur áfram, á meðan málið er á dagskrá.

Ég hafði gert grein fyrir því í minni ræðu, þeirri sem hæstv. ráðh. kvartaði sérstaklega undan, að í þessari áætlun væri gert ráð fyrir því, að nýbyggingarfé á næstu 4 árum, bæði til þjóðbrauta og landsbrauta og eins til brúabygginga, ætti að fara lækkandi í krónum talið frá því, sem var á árinu 1964. Ég sagði, að mér þætti þetta óglæsilegt, þegar það hlyti að liggja fyrir öllum hv. þm. sem ljós staðreynd í málinu og þá væntanlega ekki síður hæstv. ráðh., að þörfin fer sífellt vaxandi á auknu fé til vegaframkvæmda, og allar líkur benda auðvitað til þess, að við þurfum miklum mun fleiri krónur á næstu árum eða t. d. eftir 4 ár til þess að ná álíka miklum árangri og við höfum þó haft nú á því ári, sem var að líða. Ég benti einnig á, að það væri vitanlega alveg augljóst, hvernig á þessu stæði. Ástæðurnar eru þær, að ríkissjóður leggur alltaf fram sömu fjárhæðina í krónum talið af sinni hálfu til viðbótar því fé, sem vegasjóður á yfir að ráða, til vegagerðarmála, og meira að segja gerir ríkissjóður ráð fyrir því að skera niður þetta framlag sitt í krónum talið nú á yfirstandandi ári, 1965. En hins vegar hækka af eðlilegum ástæðum í sífellu framlögin til vegaviðhalds í landinu og til vegamálastjórnarinnar, sem á að undirbúa allar framkvæmdir í þessum efnum. En um leið og fjárhæðirnar hækka til vegaviðhaldsins í landinu, verður af sjálfu sér alltaf minna og minna eftir til þess að leggja í nýframkvæmdir, í nýlagningu vega. Það má vel vera, að hæstv. ráðh. hafi ekki geðjazt vel að því, að ég lagði á þetta mikla áherzlu, að á þetta litist mér illa, og ég undraðist, að það skyldi í rauninni vera til sá ráðh. vegamála á Íslandi, sem vildi leggja fram slíka till. sem þessa um fjögurra ára

áætlun í þessum málum, sem svona væri uppbyggð. Ég dreg það ekkert undan, að ég hafi kannske verið nokkuð byrstur, þegar ég sagði þetta. Það var fyllilega mín meining og er mín meining, að slíkar till. sem þessar í slíku vandamáli eins og vegagerðarmálin eru og eins og þau liggja fyrir, slíkar till. séu hneyksli, og ég notaði einmitt það orð. Svo kemur nú eftir nokkra daga hæstv. ráðh. og svarar þessu m. a. Og hvernig svarar hann þessu? Jú fyrst hefur hann mörg og skringileg orð um það, að ég hefði átt að láta renna af mér, að vísu drykki ég aldrei, og svo fór hann mörgum orðum um það, hvað á bak við þessa meiningu ætti að vera. En sleppum nú öllu því. Svo komu skýringarnar, þessar sem hann vildi nota sem fullnægjandi skýringar við þessari aths. minni, og þær voru þessar: Hvað var nú veitt mikið til vegamála í tíð vinstri stjórnarinnar? Hvað var veitt mikið til vegamála 1958? Er nú ekki þetta, þegar á allt er litið, heldur meira?

Mér kom ekki til hugar og kemur ekki til hugar út af fyrir sig að ræða þessi mál þannig, eins og stundum hefur viljað henda hér, að vera að togast fram og til baka um það, hvað hafi verið lagt mikið til vegamála eða annarra mála fyrir mörgum árum. Ég gæti vitanlega á sama hátt tekið einhverjar fjárveitingar, sem voru bæði til vegamála og annarra mála í fyrri stjórnartíð núv. hæstv. samgmrh., og þá færi ekki ýkjamikið fyrir þeim fjárveitingum. Það, sem máli skiptir vitanlega í þessum efnum, er það, að alþm. í öllum stjórnmálaflokkum höfðu komið sér saman um það í lok ársins 1963 að leggja á umferðina í landinu 100 millj. kr. í nýjum sköttum til þess að þoka þessum málum dálitið betur áfram en áður var, því að allir viðurkenndu það, að fjárveitingar til vega- og brúamála væru orðnar allsendis ónógar. Og þannig skapaðist ákveðinn grundvöllur árið 1964. Því er það, sem ég held mér eingöngu við það. Hver var þessi grundvöllur 1964, sem við fengum þó út úr þessu samkomulagi? Hann var einmitt þessi fjárhæð, sem ég hef nefnt. Og þá er bara spurningin: Eigum við að sætta okkur við það, að þannig sé á málunum haldið, að það verði eytt minna fé 1965 til vegagerðarmála heldur en var 1964 og síðan minna fé 1966 heldur en var 1965 og þannig niður eftir? Mér þykir það ekki merkileg frammistaða hjá einum eða neinum að vilja, eins og nú er háttað okkar málefnum í þessum greinum, gera þannig áætlun fram í tímann, sem reiknar með því, að stefnt skuli niður á við allan tímann í þessum efnum og framlögin til nýbyggingar vega skuli fara minnkandi. Það er mín skoðun, að þessi mál séu þannig, að einmitt hafi sú breyting orðið á síðustu árum í starfsemi þjóðarinnar í heild, að það kalli á stórkostlega aukin framlög til samgöngumála yfirleitt. Það er vitanlega ekkert vit í því að ætla að fara að búa sér til einhverja vísitölu í þessum efnum miðað við árið 1958 og sætta sig alltaf við hana.

Ég skal taka eitt lítið dæmi, sem ég veit, að hæstv. samgmrh. hlýtur að skilja, því að hann er líka landbrh., jafnvel þó að hann hafi gert sig sekan um það hér í þessum umr. að sýna það, að hann viti ákaflega lítið um vegagerðarmál t. d. á Austurlandi. Árið 1958 var það með öllu óþekkt fyrirbæri á Austurlandi, að það þyrfti að vera að keyra mjólk úr fjarlægum sveitahreppum allt árið um kring til mjólkurbús. Það þurfti því ekkert að brölta þar yfir tiltölulega lélega vegi á viðkvæmasta tíma ársins, þegar verst var um að fara á vegunum. En nú er hins vegar svo komið, að þarna hefur vaxið upp sú atvinnugrein, að hún kallar á þetta og gerir það óhjákvæmilegt. Það verður að umbyggja vegina, það verður að laga vegina, það verður að gera það fært, að hægt sé að koma framleiðsluvörunni á markaðsstað. Það er ekki aðeins í þessu tilfelli, heldur mörgum öðrum, sem eins stendur á um. Það eru þessar breytingar, sem kalla á það, að það verður að auka fjárframlög til vegagerðarmála, og það er ekki fært neinum flokki eða neinni stjórn að koma nú fram með fjögurra ára áætlun, sem miðar bara niður á við. Og það vitanlega dugir ekki fyrir neinn samgmrh. að ætla að vinda sig út úr þessum vanda með því að segja: Framlögin voru ekki meira en 83 millj. til vegagerðarmála 1958. — Og svo vill hann halda því fram, að framlögin nú séu í kringum 340 millj. kr., og ber þá vitanlega saman allsendis ósambærilega hluti. Árið 1958 og fyrr á árum voru allir stjórnmálaflokkar á Íslandi sammála um, að það væru ekki aðstæður til þess eða þætti ekki rétt að fara í erlendar lántökur til að þoka áfram vegamálum í landinu. Og ég man nú ekki annað betur en núv. samgmrh. hæstv. hafi fundið eitthvað að því, að erlendar skuldir landsins væru orðnar of háar í árslok 1958. Nú hafa menn hins vegar breytt hér um stefnu í mjög veigamiklum atriðum og heimilað margvíslegar erlendar lántökur, jafnt til verzlunar sem annarra hluta, sem allir voru á fyrir nokkrum árum, að ekki væru tök á að fara út í. Og nú hefur verið tekið nokkuð af erlendum lánum til þess að ráðast í meiri háttar vegaframkvæmdir, eins og t. d. til Reykjanesbrautar. En þessi fjárhæð, sem veitt hefur verið til Reykjanesbrautar, breytir vitanlega engu um það, hvernig t. d. er ástatt í hinum einstöku kjördæmum, þar sem kallar á þessa auknu fjárveitingu til vegagerðarmála, sem ég hef m. a. verið að minnast á.

Að mínum dómi hefði verið miklu nær fyrir hæstv. samgmrh. í þessum efnum að benda á það, að hann ætti í erfiðleikum með að útvega fjármagn til meiri framkvæmda í þessum efnum, og leita m. a. þá eftir samkomulagi við stjórnmálaflokkana um það, eins og gert var í árslok 1963, hvort fyndust einhver sameiginleg ráð til að fá meira fjármagn, vegna þess að hann átti beinlínis að

segja sem forustumaður þessara mála: Það er með öllu útilokað að búast við því, að hægt verði að láta þetta fjármagn til vegagerðarmála fara minnkandi á næstu 4 árum. Það verður að finna einhverjar leiðir til þess að auka fé. — Og ef hann hefði svo viljað líta á það, að tekjur ríkissjóðs hafa sannarlega farið vaxandi og tekjur þjóðarinnar hafa farið vaxandi og þetta hvort tveggja gefur tilefni til þess, að það mætti kannske láta nokkru fleiri krónur en áður var til nauðsynlegustu málefna, — ef hann hefði komið auga á það og rekið sín tryppi dálítið myndarlega í ríkisstj., trúi ég því ekki, að hann hefði ekki getað komið því fram, að hann gæti þó a. m. k. lagt hér fram áætlun, sem hefði farið aðeins upp á við, en ekki niður á við.

Hæstv. ráðh. lét líka þau orð falla hér í ræðu sinni í kvöld, að honum sýndist, að við Austfirðingar þyrftum m. a. ekki að kvarta, því að hann reiknaði það út, að á öllu þessu tímabili mundum við fá í kringum 70 millj. kr. til nýbyggingar vega og til brúargerða. Við þyrftum ekki að kvarta. Annað mál væri það hins vegar, sagði ráðh., að þessir aðalvegir hér út frá Reykjavík, sem ég hafði sagt að væru tvímælalaust þrátt fyrir allt beztu vegirnir á Íslandi, og ég viðurkenni fyllilega, að það þarf að gera samt sem áður umbætur á þeim í framtíðinni, en þeir eru eigi að síður langbeztu vegirnir, sem maður fer um í landinu, — hæstv. ráðh. sagði, að á þeim væru oft þvottabretti og önnur ónot fyrir umferðina og af því þyrfti að leggja í það á þessari áætlun að gera ráð fyrir lántökuheimild í þessa vegi upp á 274 millj. kr., á sama tíma sem beinum lánsframboðum til vegagerðarmála á Austurlandi, þar sem ríkisstj. er ekki einu sinni beðin um að útvega lánið, þeim er neitað. Það má ekki einu sinni gera það heimilt samkv. vegagerðaráætluninni að taka við lánum, sem fram hafa verið boðin þar um slóðir til ákveðinna framkvæmda. Því var neitað. Það skal vera óheimilt samkv. vegagerðaráætluninni, að það megi þoka þeim vegum áfram.

Ég held, að þessi ummæli hæstv. ráðh., bæði varðandi vegina hér út frá Reykjavík og aðstöðu okkar t. d. á Austurlandi, beri hreinlega vott um lítinn kunnugleika hans á þessum málum. Hann virðist ekki hafa gert sér grein fyrir þeirri gífurlegu breytingu, sem orðið hefur t. d. núna á síðustu árunum á Austurlandi, og kallar á stórkostlegar framkvæmdir, m. a. í samgöngumálum. Og þegar við fáum slíkar viðtökur eins og þær, sem koma fram frá hæstv. ráðh. m. a. í þessari áætlun, sem hér liggur fyrir, er ósköp eðlilegt, að við látum til okkar heyra. Og þegar það ber svo allt upp á sama tíma, eins og ég minntist hér á í ræðu minni á mánudagskvöldið, að við fáum einnig tilkynningu um, að ríkisstj. hafi verið að gera sérstakar ráðstafanir til þess að skera niður allar áætlaðar framkvæmdir í flugmálum á Austurlandi á þessu ári, þá er ekki nema eðlilegt, að á það sé minnzt. Hæstv. ráðh. reyndi að halda því fram, að þetta væri út í bláinn sagt af mér. Ég tilgreindi heimild mína. En nú hef ég eina nýja til viðbótar í þessum efnum. Það var enginn annar en skrifstofustjórinn sjálfur á flugmálaskrifstofunni, sem gaf mér þessar upplýsingar alveg nákvæmlega, m. a. það um lofaða fjárveitingu eða fjárupphæð til gerðar á flugskýli í Neskaupstað, það yrði ekki hægt að standa við það loforð og það yrði að hætta framkvæmdum þar. Og hann sagði mér einnig, að það yrði ekki um annað að ræða með flugskýlið á Egilsstöðum en að borga þarf þá skuld, sem á yrði fallin, en um frekari framkvæmdir yrði þar engar að ræða á þessu ári. Og um engar framkvæmdir af þeim, sem ráðgerðar höfðu verið á Vopnafirði, yrði heldur að ræða á þessu ári. Síðan hefur sjálfur flugmálastjóri endurtekið þetta við mig og lýst þessu yfir. En ég vil svo aðeins segja, að það er gott að eiga hauk í horni, ef hæstv. ráðh. vildi nú hafa áhrif á það að breyta þessu. Ég veit, að það er enn í hans valdi. Það væri ágætt. Ég vona, að hann geri það. Þau orð, sem ég lét hér falla á mánudagskvöldið og sýnilega komu nokkuð við hæstv. ráðh., hafa þá kannske haft eitthvað að segja.

Varðandi önnur mál, sem hæstv. ráðh. vék hér að og sérstaklega komu við okkar málefnum á Austurlandi, voru afsakanir hans ósköp svipaðar og í þessu. Hann taldi, að sú ástæða hefði legið til þess, að ekki hefði verið gert ráð fyrir jarðgöngunum á Oddsskarðsvegi, sem undirbúin hafa verið nú um skeið, að þar væri ekki undirbúningi lokið og það væri rétt að sjá, hvernig gengi með jarðgöngin á Strákavegi við Siglufjörð, og að þetta væri ekki mjög gamalt mál, að rætt hefði verið um að gera þessa vegarbót þarna fyrir austan. Hæstv. ráðh. veit þó áreiðanlega vel, að jarðfræðilegar athuganir hafa verið gerðar meiri og betri í sambandi við væntanleg jarðgöng á Oddsskarðsvegi en á nokkrum öðrum stað enn þá hér í landinu. Kunnur brezkur jarðfræðingur hafði kortlagt allt þetta svæði, sem þarna er um að ræða, og gert á því mjög nákvæma úttekt og glögga lýsingu, eftir því sem okkar íslenzku jarðfræðingar segja, og þær athuganir, sem okkar íslenzku jarðfræðingar hafa síðan framkvæmt þarna, og umsagnir, sem þeir hafa látið frá sér fara um málið, eru í þá átt, að þarna hagi alveg sérstaklega vel til, eftir því sem þeir geti bezt fengið séð. Eftir því sem hæstv. ráðh. hefur áður upplýst, voru ekki slíkar upplýsingar fyrir hendi, þegar hann og ríkisstj. voru að gefa sín miklu loforð í sambandi við Strákaveginn á sínum tíma. Þá lá líka dálítið á, það voru kosningar á næsta leiti. Og nú leggur ríkisstj. sjálf fram hér till. um, að gerð verði jarðgöng árið 1966 á Breiðadalsheiði fyrir vestan, þar sem alveg liggur fyrir, að hliðstæðar athuganir og farið hafa fram í Oddsskarði hafa

þar engar verið gerðar. Það veit hæstv. ráðh. mætavel. En sem sagt, það þurfti af sérstökum ástæðum að koma fram með þær till. En Oddsskarðsvegurinn og jarðgöngin þar voru bara ekki réttu megin hjá hæstv. ráðh., það ætti hann að viðurkenna, því að það er alltaf bezt í þessum efnum að viðurkenna sannleikann hreinlega. Hann vissi mætavel, að það var brýn þörf á þessu fyrir íbúana á Norðfirði. Hann vissi, að það var mjög mikill áhugi á málinu og hafði verið um langan tíma. Hann vissi einnig, að það voru til staðar peningar til þess að bjóða þar fram sem lán, og hann vissi, að allur undirbúningur var þarna kominn lengra áleiðis en annars staðar. En meira að segja í fjögurra ára áætlun mátti ekki gera ráð fyrir því, að ráðizt yrði í þessa framkvæmd — ekki í fjögurra ára áætlun. Og þó að reynt sé að halda því fram, að fyrst sé rétt að ljúka jarðgöngunum á Strákavegi, hefur hæstv. ráðh. sjálfur lýst því yfir, að þeim göngum eigi að ljúka árið 1966. Af hverju mátti þá ekki taka upp Oddsskarðsjarðgöngin 1967 og 1968? Hvers vegna ekki? Ætli hæstv. ráðh. þurfi þá ekki nokkra daga enn þá til þess að hugsa sig um, til þess að finna einhverja útskýringu á því? Ég held, að þessar skýringar, sem hann hefur gefið, séu ekki fullnægjandi.

Í umr. á mánudagskvöldið benti ég á það, að í þeim umr. hefðu komið fram allmerkilegar upplýsingar, þar sem það hafði verið upplýst og í rauninni staðfest þar af allmörgum þm., að ríkisstj. væri búin að útvega ákveðið lán til vegagerðarmála á Vestfjörðum og það væri búið að úthluta þessu fé í tiltekna vegi þar. Og ríkisstj. hefði viðhaft þá aðferð að segja fyrst stjórnarstuðningsmönnum sínum frá þessu, þeir síðar sagt öðrum, en hins vegar hafi ríkisstj. farið þannig að málinu, að hún skágekk Alþ. með þetta allt saman, og hún ætlaði að afgreiða vegáætlunina núna að þessu sinni án þess að gera ráð fyrir þessum framkvæmdum á vegáætlun, þó að það væri, eins og ég benti á, alveg tvímælalaus lagaskylda að taka inn á þá áætlun allar ráðgerðar framkvæmdir. Við þetta hafði hæstv. ráðh. þá aths. að gera, að það hefði verið alveg ástæðulaust að vera að dylgja um það, að ríkisstj. hugsaði sér að brjóta l. eða hún væri að leyna einhvern einhverju. Ekkert slíkt hefði staðið til. Hæstv. ráðh. var ekki tilbúinn að gefa sínar yfirlýsingar um þetta, þegar hann var spurður á mánudagskvöldið. Og heldur passar þetta nú allt illa hjá hæstv. ráðh., þegar þess er gætt, að samflokksmenn hans hér á þingi hafa gefið yfirlýsingu um það, að þeim hafi verið sagt frá þessu láni og það ætti ekki að taka þetta inn á vegáætlun. Vill hann ómerkja það, sem hans samflokksmenn segja um þetta? Eða hallar hæstv. ráðh. eitthvað máli í þessum efnum? Ég veitti því líka athygli í umr. í dag, að hæstv. fjmrh., sem hér kom fram og gaf skýrslu um lánin til Vestfjarða og áætlaðar framkvæmdir þar, komst þannig að orði og dró ekkert úr því, að það hefði ekki verið ætlunin að skýra frá þessu núna. Það hefði verið ætlunin að skýra frá þessu seinna, sagði hann. Þingið átti ekkert að fá að vita um það núna. Svo kemur hæstv. samgmrh. og segir: Það var alltaf meiningin að hafa þetta svona. Við ætluðum ekkert að pukra með neitt og smokra neinu fram hjá. — Svona skýringar frá hálfu hæstv. ráðh. duga vitanlega ekki neinum manni, sem lítur raunhæft á þessa hluti. Dæmið liggur alveg augljóst fyrir. Það var ætlunin hjá hæstv. ráðh. og stjórnarliðinu yfirleitt að afgreiða vegáætlunina þessu sinni og skjóta þar undan þeim fjármunum, sem áttu að ganga til vegaframkvæmda á Vestfjörðum á þessu fjögurra ára tímabili og áttu að fást með lánsfé. Það var ætlunin, og af því hafa líka verið haldnir langir fundir í stjórnarflokkunum þessa dagana, til þess að komast að þessari niðurstöðu að flytja þá till., sem var verið að útvega afbrigði fyrir á þessum fundi, og ákveða þar með að taka upp í vegáætlunina að þessu sinni þessar fjárhæðir.

Það er ekkert nema gott um það að segja, að ríkisstj. hefur tekizt að útvega lán til vegagerðarmála á Vestfjörðum. Ef það lán er tekið með eðlilegum hætti, er ekkert nema gott um það að segja. Því ber að fagna út af fyrir sig. Vestfirðingar eru vel að því komnir að fá þarna nokkurn aukaskammt í sambandi við sín vegagerðarmál. En hitt var með öllu óeðlilegt, að vera að pukra með þetta og vinna að þessu máli á jafnóþingræðislegan hátt sem ríkisstj. hafði gert. Hún hafði ákveðið að taka lán, hafði fengið lánið, búið var að úthluta því í tiltekna vegi, en það átti ekki að upplýsa hér við afgreiðslu vegáætlunarinnar og það átti meira og minna að dylja einstaka þm., hvað þarna hafði verið að fara fram. Ég veit það mætavel, að vitanlega hlaut svo að verða, að þetta sérstaka lán til framkvæmdanna á Vestfjörðum kallaði á það, að einstakir þm. færu að líta enn þá betur eftir því, hvernig væri farið að í þeirra kjördæmum. Og það vekur auðvitað athygli manna að sjá, hvernig till. er hagað viðvíkjandi t. d. Austurlandskjördæmi í þessum efnum, þar sem þörfin er álíka mikil, og hvernig t. d. farið er með kjördæmi eins og Norðurl. v., þar sem við alþm. almennt höfum álitið, að hagurinn væri hvað lakastur, eins og nú standa sakir.

Nei, ég efast ekkert um það, að ef hæstv. samgmrh. vildi kynna sér af eigin raun viðhorfin í vegagerðarmálunum á Austurlandi og í samgöngumálunum þar almennt, trúi ég því varla, að hann hefði ekki gert aðrar till. en hann hefur gert í sambandi við framkvæmdir þar á næsta fjögurra ára tímabili. Ég held því, að það væri mikil nauðsyn á því að kynna hæstv. ráðh. ástandið þar eystra með einhverjum hætti. Það kann vel að vera, að mér takist ekki með öllu að sannfæra hann, en það væri kannske hægt að hjálpa hæstv. ráðh. um upplýsingar frá einhverjum

öðrum, sem þar þekkja til og hann trúir betur. Þar að auki geta menn kynnzt þessu af eigin raun líka, ef þeir vilja leggja sig fram. En alveg sérstaklega með tilliti til lántökuheimilda sýnist mér, að það sé harkalega gengið á hlut okkar Austfirðinga með þessum till.

Það er alger misskilningur hjá hæstv. ráðh., ef hann vill flokka þær aðfinnslur, sem hér hafa komið fram hjá mér, bæði viðvíkjandi stefnunni í vegagerðarmálunum í landinu sem heild, sem ég hef lagt á aðaláherzlu, og eins viðvíkjandi því, hvernig staðið er að málefnum okkar Austfirðinga, undir einhvern skæting og dylgjur og árásir á sig. Það er algerlega rangt að taka það þannig. En það getur enginn vafi leikið á því, að hæstv. ráðh. metur þessa hluti rangt, ef hann heldur, að það sé hægt í rauninni að standa að málunum á þennan hátt.

Það, sem vitanlega er kjarni þessa máls, sem hér hefur verið til umr., er það, að hér liggur nú fyrir áætlunargerð til fjögurra ára, sem alveg óumdeilanlega gerir ráð fyrir því, að fé til nýbyggingarframkvæmda á þjóðvegum fari minnkandi frá ári til árs miðað við það, sem var á s. l. ári. Þetta er höfuðatriði málsins. Annað höfuðatriði er það, að menn hljóta að vera sammála um, að málin horfa þannig við, að það er stórvaxandi þörf fjárframlaga í þessum efnum. Hitt álít ég svo einnig vera alveg ljóst, að það er gengið m. a. á hlut okkar Austfirðinga mjög freklega, einkum varðandi framkvæmdir fyrir lánsfé. Okkar hlutur er þarna stórkostlega fyrir borð borinn. Og þegar litið er síðan á aðstöðuna í öðrum samgöngumálum, er hér verulega illa á málunum haldið. Við vitum, að það er áætlað núna, að flugmálastjórnin hafi til umráða um 22 millj. kr. alls til allra framkvæmda, bæði í sambandi við öryggismál og annað, fyrir allt landið í flugmálum. Um beina fjárveitingu var að ræða upp á 15 millj. kr., og tilkynning hefur borizt um það, að hún á að skerast niður um 20%. Þar fóru 3 millj. Þá var gert ráð fyrir 15 millj. kr. lántökuheimild, og það er búið að tilkynna flugmálastjóra, að sú lántökuheimild verði skorin niður um þriðjung eða um 5 millj. kr., og þá eru farnar 8 millj. af fjárveitingunni, sem var ráðgerð samkv. fjárl. Það er því raunverulega um 22 millj. kr. að ræða í sambandi við þessi mál yfir landið allt. Nú er okkur skýrt frá því hér af hæstv. fjmrh., að það sé búið að tryggja Vestfirðingum í sambandi við flugmálaframkvæmdir fé upp á rúml. 30 millj. kr. — ég held 36 millj. kr. — nú á næstu 4 árum. Ég efast ekkert um, að það verður nægilegt pláss fyrir það fé þar um slóðir, til þess að rétta nokkuð þeirra hag í flugsamgöngumálum. En geta menn þá ekki gert sér það í hugarlund, að hin upphæðin geti orðið nokkuð lítil fyrir alla aðra landsmenn, eins og þar er ástatt nú og eins og fjárveitingarnar hafa verið um langan tíma til flugmálanna.

Þegar þessi samgöngumál eru því rædd hér, er ofur eðlilegt, að á þessar staðreyndir sé minnt, að svona er viðhorfið í þessum þýðingarmiklu samgöngumálum. Og ég segi það enn og aftur, sem ég sagði hér á mánudagskvöldið, að okkur Austfirðingum t. d. þykir lítil huggun vera í því, þó að á það sé minnt hér í nál. á Alþ. og síðan sé skrifað um það í stjórnarblöðin, að það þurfi að fjölga lögreglumönnum á þjóðvegunum til þess að koma í veg fyrir það, að flutningabílarnir geti fengið að fara um hina veikbyggðu vegi með jafnmikil þyngsli og þeir fara um nú. Ég er alveg sannfærður um það, að flutningabílarnir, sem nú er farið að nota í stórum stíl, m. a. til vöruflutninga til Austurlandsins, sem var óþekkt fyrirbæri 1958, þeir eru þarna á ferðinni og með þennan varning vegna þess, að það er ekki hægt að koma honum á ákvörðunarstað með öðrum hætti. Það eru framkvæmdirnar, það eru þarfirnar, sem hafa sprengt þetta af sér. Um vöruflutninga t. d. til okkar yfir sumarið er ekki að ræða nema að sáralitlu leyti með skipum. Þá er aðeins eitt gamalt skip í strandferðunum, Esja, því að hitt skipið hefur verið tekið úr strandferðunum og sett í utanlandssiglingar. En hins vegar er athafnalífið á Austurlandi orðið þannig að það kallar á þessa flutninga alveg óhjákvæmilega, og það er eins og ég segi, ég held, að þeir þyrftu að vera æðimargir, lögreglumennirnir á vegunum, ef þeir ættu að geta stöðvað þetta. Ég held hins vegar, að rétta leiðin í þessum efnum sé ekki sú að fylkja þarna upp lögreglumönnum til þess að reyna að stöðva þessa umferð, heldur sé rétta leiðin sú að meta þörfina, játa staðreyndir og hækka fjárveitingar til slíkra framkvæmda sem þessara. Enn þá erum við þannig staddir á Austurlandi varðandi vegamálin, að aðalvegur okkar, sem á að tengja okkur við aðra landshluta, þ. e. a. s. aðalvegurinn til Austurlandsins, er enn að meira en hálfu leyti aðeins ruddur vegur og í rauninni ekki hægt að kalla neinn lagðan veg. Því var haldið fram á sínum tíma, að það þyrftu að koma alveg sérstaklega háar og miklar fjárveitingar til þess að gera aðalveginn héðan og norður til Akureyrar. Og það var fallizt á það af öllum, að þetta væri sjálfsagt og það yrði að láta aukafjárveitingu til þess að koma þessum vegi áfram, því að meginvegakerfið, sem öllum landsmönnum kemur við, yrði að takast eins og af óskiptu fé. En þegar kemur að málefnum okkar Austfirðinga og það þarf að tengja okkur á raunhæfan hátt við aðalakvegakerfið, stendur allt kyrrt. Og þá mætum við að mínum dómi fullkomnu skilningsleysi hjá núv. hæstv. samgmrh.

Það er gott, að þeir á Vestfjörðum hafa fengið nokkra úrgreiðslu úr sínum málum. Þeir fengu líka hér, stjórnarþm. af Vestfjörðum, hina hörðustu dembu á s. l. ári. Það var rekið skarpt á eftir þeim, og það var greinilegt, að þegar þm. úr stjórnarandstöð-

unni frá Vestfjarðakjördæmi pískuðu á þá fyrir ári, hvernig ástatt væri með Vestfirði og hvernig farið væri með þá í vegamálunum. leið stjórnarþm. frá Vestfjörðum ekki vel. Það getur vel verið, að þessi vandarhögg, sem þeir fengu þá, hafi orðið til þess, að eitthvað gerðist í málefnum þeirra Vestfirðinga. Þeir munu líka vera einir 4, stjórnarstuðningsmennirnir úr Vestfjarðakjördæmi. En það hefur stundum viljað við brenna, að við fáum að heyra það, annaðhvort á beinan eða óbeinan hátt, að við Austfirðingar séum ekki svo miklir stuðningsmenn ríkisstj., að það þurfi ýkjamikið fyrir okkur að gera. En vita mega nú samt sem áður bæði hæstv. samgmrh. og ríkisstj. sem heild, að það eru þrátt fyrir allt nokkrir stjórnarstuðningsmenn enn til á Austurlandi, og það er ekki alveg víst, að það megi bjóða þeim allt. Og þegar gerðar eru alveg sérstakar ráðstafanir til þess að ýta nokkuð myndarlega áfram vissum vegagerðum út frá Reykjavík, m. a. Reykjanesbraut, og verja í það miklu fjármagni, og þegar málefnum þeirra Vestfirðinga hefur þokað líka nokkuð áfram, er eðlilegt, að við förum að minna alvarlega á okkur.

Að lokum vil ég segja það, að hæstv. samgmrh. verður að gera sér fulla grein fyrir því, að þær aðfinnslur, sem hér hafa komið fram af hálfu okkar Austfirðinga í þessum efnum, eru á rökum reistar. Hjá okkur er um brýna þörf að ræða, og það verður vitanlega ekki látið við það sitja, að hann komi með einhverja almenna útúrsnúninga, þegar að þessum málum er fundið, og tali í raun inni út í hött, eins og hann gerði hér fyrr í kvöld. Við verðum að halda áfram, sem hér eigum hlut að máli, þangað til þetta hefur verið barið inn í höfuðið á hæstv. ráðh. og hann hefur skilið málið.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Við upphaf þessarar umr., sem fram fór 29. marz, sýndi ég fram á, að framlögin til þjóðbrauta, landsbrauta og brúargerða samkv. vegáætluninni væru allt of lítil og að óhjákvæmilegt væri að auka við þau. Ég gerði samanburð á framlögum ríkissjóðs til þjóðbrauta, landsbrauta, sýsluvega og brúargerða 1965 samkv. áætluninni og fjárveitingum til þessara framkvæmda samkv. fjárl. fyrir árið 1957. Sá samanburður sýndi, að fjárveitingar frá ríkinu til nefndra framkvæmda eru raunverulega minni nú en 1957.

Ég hef nú gert nýjan samanburð og að þessu sinni á framlögum ríkisins til þjóðbrauta, landsbrauta, sýsluvega og brúargerða á árunum 1965 og 1958. Framlögin 1965 tek ég eftir vegáætluninni og brtt. fjvn. við hana, en framlögin 1958 eftir ríkisreikningi það ár. Ég hef áður bent á það, að heildartekjur vegasjóðs 1965 eru þannig áætlaðar: Nettótekjur samkv. upphaflegu till. 261.9 millj. og hækkun samkv. till. fjvn. 1.8 millj. Alls eru þetta 263.7 millj. Af þessu er vegna skattanna, sem á voru lagðir 1963, hluti af benzíngjaldi, 1.30 á lítra, 71.8 millj., gúmmígjald og þungaskattur eða hluti af því ca. 15.6 millj. og eftirstöðvar tekna frá 1964 16.7 millj. Þetta eru alls 104.1 millj. Frá ríkissjóði og af eldri tekjustofnum hans koma þá 159.6 millj. Af þessu eru 47 millj. beint framlag úr ríkissjóði, en 112.6 millj. eru sá hluti af sköttunum í vegasjóð, sem áður rann í ríkissjóð. Má því segja, að þessar 159.6 millj. séu framlag frá ríkinu, þegar samanburður er gerður við fjárveitingar á árunum fyrir gildistöku nýju vegal. Af tekjum vegasjóðs eru þá um 39.5% vegna nýju skattanna, sem á voru lagðir 1963, en 60.5% frá ríkissjóði og af eldri tekjustofnum hans. Ég nefndi hluta nýju skattanna 40% í fyrri ræðu minni, en nákvæmar reiknað er hann um 39.5%.

Verði ákveðinn 20% niðurskurður á framkvæmdafé 1965 og hann látinn ná til vegafjárins, minnkar framlag ríkisins á því ári til vegasjóðs um 9.4 millj., þ. e. um 6% af áðurnefndum 159.6 millj.

Fjárveitingar 1965 samkv. vegáætlun og brtt. fjvn. við hana til þjóðbrauta, landsbrauta og sýsluvegasjóða eru samtals 60.3 millj., þar af vegna skattanna, sem á voru lagðir 1963, og eftirstöðvar frá fyrra ári 39.5%, sem eru 23.8 millj. og þá frá ríkinu 36.5 millj. Ef dreginn er frá þessu væntanlegur niðurskurður, 6%, eru það 2.2 millj. og þá eru eftir 34.3 millj., sem má segja að sé frá ríkissjóði og af eldri tekjustofnum hans. En árið 1958 var varið til nýrra akvega, endurbyggingar þjóðvega og sýsluvega úr ríkissjóði samkv. ríkisreikningi ca. 20.7 millj. kr. Hækkun ríkisframlags 1965 frá árinu 1958 nemur þannig ca. 66%, en vegagerðarkostnaður á því tímabili hefur hækkað um 76.5%.

Hæstv. samgmrh. sagði í ræðu sinni í kvöld, að allir þm. hefðu staðið saman um að samþykkja vegal. 1963. Þetta er rétt hjá honum. En þm. ætluðust áreiðanlega ekki til þess, að ríkisframlög til vegagerða yrðu lækkuð á næstu árum, um leið og þessir nýju skattar voru lagðir á þjóðina, til þess að auka framkvæmdirnar.

Hæstv. ráðh. spurði í sinni ræðu í kvöld: Hvers vegna var ekki varið meiru til vegamála 1958? Ég vil spyrja hæstv. ráðh. aftur á móti: Hvers vegna leggur hann til, að ríkissjóður leggi minna fé til þjóðbrauta, landsbrauta og sýsluvega og til brúargerða 1965 heldur en gert var 1958?

Ef hins vegar fyrirhuguð 20% lækkun á framkvæmdafé fyrir árið 1965 verður ekki látin ná til vegafjárins, reiknast mér svo til, að ríkisframlagið til þjóðbrauta, landsbrauta og sýsluvega verði á þessu ári nákvæmlega jafnmikið og það var árið 1958, miðað við kostnaðarvísitölu í marz þetta ár. En hækki kostnaðurinn enn á þessu ári, rýrnar framlagið að sama skapi. Þetta er því aðeins, að 20% lækkunin nái ekki til vegafjárins, og ég vil skora á hæstv. ríkisstj. að láta niðurskurðinn ekki bitna á því. En vitanlega þyrfti framlagið að verða miklu meira nú en

1958. Bifreiðum hefur fjölgað stórkostlega síðan og umferð um vegina aukizt að sama skapi, en af því leiðir, að þörfin fyrir endurbætur veganna er stórum meiri nú en áður. Og þó að meira fé sé varið nú en áður til nauðsynlegra vega í kaupstöðum og kauptúnum, réttlætir það á engan hátt lækkun á framlögum til þjóðbrauta og landsbrauta í öðrum héruðum.

Fjárveitingar 1965 samkv. vegáætlun og brtt. fjvn. til brúargerða eru alls 31 millj. 250 þús., þar af vegna nýju skattanna og eftirstöðva frá fyrra ári 39.5%, sem gerir 12 millj. 340 þús., og þá frá ríkissjóði og af eldri tekjustofnum hans 18.9 millj. Sé nú dreginn frá þessu þessi væntanlegi niðurskurður, ca. 6%, verða eftir af ríkisframlagi 17 millj. 780 þús. En til brúargerða veitti ríkissjóður árið 1958 samkv. ríkisreikningi 13 millj. 257 þús. kr. Hækkun ríkisframlagsins 1965 frá árinu 1958 nemur þannig rúmlega 34%, en brúargerðakostnaður á þessu tímabili hefur hækkað samkv. vísitölu vegamálaskrifstofunnar um tæplega 94.5%. Þetta eru athyglisverðar tölur, ríkisframlagið hækkar um 34%, en brúargerðakostnaðurinn á sama tíma um 94.5%. Af þessu sést, hversu ríkisframlögin til brúargerða 1965 samkv. áætluninni eru nú stórkostlega miklu minni en þau voru árið 1958.

Við þennan samanburðarútreikning hef ég að sjálfsögðu sleppt því lánsfé, sem fyrirhugað er að verja til þjóðbrauta og landsbrauta á þessu ári. Það geri ég vegna þess, að þar er alls ekki um ríkisframlag að ræða. Það er ætlun hæstv. ríkisstj. að taka vexti og afborganir af þeim lánum úr vegasjóði, og er ráð fyrir því gert í áætluninni, sem hér liggur fyrir. Þær greiðslur verða þannig til þess, að nýjar framkvæmdir verða minni á þessu ári og þeim næstu en þær mundu annars verða.

Við þá útreikninga, sem ég hef hér gert, miðaði ég við kostnaðarvísitölu vegamálaskrifstofunnar í marz 1965. Fari svo, að sú vísitala hækki enn á þessu ári, sem vel má búast við, veldur það enn meiri lækkun á ríkisframlögunum til vega- og brúargerða. Og samkv. vegáætluninni og brtt. fjvn. er gert ráð fyrir, að framlög til þjóðbrauta og landsbrauta og sýsluvega verði um 4.6 millj. kr. lægri í krónutölu 1966 heldur en 1965. Er það 7—8% lækkun. Þá er einnig gert ráð fyrir, að framlög til brúargerða verði um 3.8 millj. kr. lægri 1966 en 1965, og nemur sú lækkun um 12%. Og vel má búast við, að hækkun á framkvæmdakostnaði skerði þessar fjárveitingar enn meira. Af þessu tel ég það alveg augljóst, að vegáætlunin, sem hér mun áformað af stjórnarflokkunum að afgreiða, er fráleit og óviðunandi með öllu.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. birti allnýstárlega tilkynningu og hana ekki ómerkilega í ræðu sinni hér í kvöld. Hann skýrði frá því, að hæstv. ríkisstj. væri að koma saman eða jafnvel búin að koma saman viðreisnaráætlun fyrir Vestfirði. Ég veit ekki betur en hæstv. ríkisstj. hafi verið með viðreisnaráætlun fyrir allt landið í 6 ár, svo að það eru ekki neinar fréttir út af fyrir sig, þó að hún komi nú með viðreisnaráætlun fyrir einn landshluta í ofanálag á landsviðreisnaráætlanir sínar, sem hún er búin að vera með í 6 ár, viðreisn ofan á viðreisn. Hæstv. ráðh. gat þess, að á næstu 4 árum yrði varið 171.6 millj. kr. til Vestfjarða, sem sundurliðast þannig, að til hafnargerða eigi að koma 71.8 millj. kr., til vega 67.7 millj. kr. og til flugvalla 32.1 millj. kr.

Nú skal ég taka það strax fram og bið hæstv. samgmrh. að muna það, að ég lýsi yfir eindreginni ánægju minni yfir þessari ákvörðun hæstv. ríkisstj. og tel hana mikilsverða fyrir þetta hérað. Hæstv. fjmrh. gat þess, að af þessu fé, þessum 171.6 millj., ætti helmingurinn að vera innlent fé, en helmingurinn fengist að láni úr erlendum sjóði. Þar sem helmingurinn á að vera innlent fé, vil ég spyrja hæstv. ráðh.: Hvaða fé er það? Eru það kannske þessi venjulegu framlög til vega, brúa, hafna og flugvalla? Eru þau tekin inn núna og kölluð viðreisnaráætlun? Ef framlög á þessari vegáætlun, sem hér eru till. um til Vestfjarðavega, eru einhver viðreisnaráætlun, er þá ekki viðreisnaráætlunin yfir allt landið, því að allir eiga að fá eitthvað af þessum fjárveitingum? Mér skilst, að viðreisnaráætlunin sjálf sé ekki nema helmingurinn af þessu, hitt séu venjulegar fjárveitingar ríkisins til þessara framkvæmda og er þess vegna ekki nein viðreisnaráætlun frekar en hefur verið, frá því að farið var að veita fé á fjárlögum á Íslandi til einhverra framkvæmda. En ég tek það fram, að hinn helmingurinn er mikils virði fyrir okkur Vestfirðinga, sannarlega mikils virði og þakkarverður.

Þá langar mig til að spyrja hæstv. samgmrh., af því að hæstv. fjmrh. er nú ekki viðstaddur: Þegar verið er að telja þetta fram, þessar 86 millj. kr., innlenda fé, er þá búið að draga frá niðurskurðinn eða er hann kannske inni í upphæðinni?

Hv. 11. landsk. þm. (MB) hélt hér ágæta ræðu í kvöld. Hann var reyndar ekki í sem beztu skapi, en hver vill lá honum það? Menn vita ekki, hvernig er búið að fara með hann. Þetta er sá þm. úr stjórnarliðinu, sem ég hef hælt mest og síðast í ræðu minni um daginn, þegar við vorum að ræða vegáætlunina. Og þó að hann trúi því ekki, er það satt, að mér er kunnugt um, að hann beitti sér, eins og ég hef áður sagt, af dugnaði og samvizkusemi til að vinna að þessum málum. Svo er hann með hnútur í minn garð. Ég er alveg steinhissa á manninum. Það er til nokkurs að vera að hæla honum.

En af hverju líður honum svona illa núna? Ég held ég sjái það alveg í hendi minni. Hann hefur fengið ofanígjöf hjá ríkisstj. Fyrir hvað? Fyrir að segja okkur þm. frá því, að lánsféð eigi ekki að koma inn á vegáætlun og eigi ekki að skipta því á Alþ.

Fyrir að ljóstra því upp, sem ég sagði hér frá á mánudagskvöldið. Þetta hefur honum aldrei verið ætlað að gera. En hann og þeir félagar hans voru hreinskilnir og sögðu okkur frá hlutunum alveg eins og þeir voru, — og heiður sé þeim. Ég á kannske ekki að vera að rekja þetta, sem hann var að finna að við mig, en ég skal drepa á örfá atriði.

Hann segir, að ég hafi lýst vegaástandinu á Vestfjörðum öfgafullt og gert allt of mikið úr því, hve vegirnir væru slæmir. Ég veit ekki til, að nokkur þm. hafi talað hér um vonda vegi á Íslandi öðruvísi en að bæta alltaf við í ræðum sínum „að undanteknum Vestfjörðum". Þeir eru yfirleitt taldir verst settir allra. Ég held, að það sé alveg rétt. Eða þykja hv. þm. vegirnir góðir? Nei, honum þykir það ekki. Hann þekkir þetta alveg eins og ég. En hann fann að því, að þegar ég taldi upp, hve mikið væri af ólögðum vegum þar og tók beint upp úr skýrslu vegamálastjóra, — ekki var það tilbúningur minn, — hafi ég ekki nefnt það, að þ. á m. séu vegir í byggðarlögum, sem eru komin í eyði. Af hverju fóru þau í eyði? Ég veit ekki nema það séu einhvers staðar víðar á landinu bæir eða byggðarlög komin í eyði líka, þar sem eru þjóðvegir enn þá. Og hann vildi halda því fram, að lýsing mín á Vestfjarðavegunum væri þung ádrepa á hv. þm. Hermann Jónasson, af því að hann væri búinn að vera svo lengi þm. Hann um það. En er hann með þessu að sneiða að félaga sínum, hv. 2. þm. Vestf., Sigurði Bjarnasyni, því að þar eru sveitirnar, sem eru komnar í eyði. Ég held, að hann hefði ekki átt að vera að minna á þetta. — En það er hvorugum þeirra að kenna, alls ekki. Það er fyrst og fremst því að kenna, að hið opinbera hefur ekki séð um í tæka tíð að koma þessum samgöngumálum í viðunandi horf. Honum þótti það eiginlega vítavert, að till. okkar á Alþ., sem við höfum flutt allt frá 1959, skyldu ekki hafa verið fluttar áður. Merkilegt, að við skyldum byrja á þessu 1959. Það er ein skýring til á því. Þá var nefnilega viðreisnin að byrja, og allt verðlag fór upp og þurfti þess vegna meira fé. En svo má spyrja hann aftur: Hvernig stóð á því, að aldrei var nefnt að fá lánsfé til vega á Íslandi allan þann tíma, sem áður var liðinn? Ég minnist þess, að Sjálfstfl. var í ríkisstj. óslitið frá 1944—1956, í 12 ár, óslitið í 12 ár. Hvar eru till. þeirra um lánsfé til Vestfjarðavega á þessum 12 árum? Ekki hef ég séð þær. Og ef framsóknarmenn hafa syndgað í 2 ár, vinstristjórnarárin, hafa hinir syndgað í 12. Annars held ég, að allir viti það, að það var almennt litið svo á, í öllum flokkum, fram á allra síðustu ár, að það væri ekki við hæfi að taka lán til vegagerðar á Íslandi og var ekki heldur gert. En það skeður svo fyrir nokkrum árum, að ríkisstj. fer sjálf að taka lán til vega, og þá er það, sem við herðum kröfur okkar um að fá lán til Vestfjarðavega. Það er því ómögulegt, held ég, að finna að því við okkur, að við höfum flutt slíkar till. í 5 ár — og þetta er sjötta árið. En hafi verið sanngjarnt að veita lán til vega á Vestfjörðum, af hverju drápu þeir þá frv. okkar 1959? Af hverju drápu þeir aftur frv. sams konar 1960? Svo fer ríkisstjórnin að lána sjálf til vega hérna kringum Reykjavík, ekki neinar smáupphæðir, heldur í tugum millj. kr. Samt vísa þeir til ríkisstj. frumvarpi um lán til Vestfjarðavega 1961, aftur 1962, og brtt. við fjárl. fyrir árið 1963 um lán til veganna á Vestfjörðum drepa þeir, — og aftur árið 1964. Hvernig stendur á þessu, að mennirnir gera þetta öll þessi ár, ef það er svo lofsvert sem það er að koma nú með lánsfé?

Þá vék hv. þm. að því, að ég hefði farið að segja frá samtölum okkar Vestfjarðaþm. á fundum, sem við höfðum. Ég hefði farið að segja frá þeim í ræðu. Hvað meinar hv. þm.? Áttum við að þegja yfir þessu eða hvað? Ekki vorum við beðnir að þegja yfir neinu. Yfir hverju átti að þegja? Var það eitthvert leyndarmál? Nei, það stóð ekki til, að við færum að þegja yfir því, að sniðganga átti vegal. og fara fram hjá vegáætluninni og fram hjá Alþingi með lántökur til vega á Vestfjörðum. Það datt okkur ekki í hug. En hann bar það ekki á mig, að ég hefði sagt rangt frá nokkrum hlut. Nei, ég fór að segja frá þessu, en að ég segði rangt frá, nei, það sagði hann aldrei. Þarna kemur það, sem ég held að honum líði illa út af, að ég hafi ljóstrað því upp, sem átti að fara leynt.

Þá fann hann ýmislegt að till. okkar, sem við flytjum við vegáætlunina. Þ. á m. varð honum skrafdrjúgt um einn hlut. Hann segir, að við gerum till. um að taka út fjárveitingar til nokkurra vega, já, taka þær bara út, þurrka þær út, og hann nefndi þær. En hann sleppti hinu, að við settum aðrar inn. Nú, hvað var þá vítavert við að taka út lága upphæð og setja hærri upphæð inn? Er það ekki lofsvert, eða hvað meinti maðurinn með þessu, að það væri vítavert að taka út lága upphæð til einhvers vegar og setja miklu hærri upphæð inn? Er þetta orðið vítavert hér á Alþ.? Ekki er nú málstaðurinn góður. Við lögðum til, að það yrði miklu meira fé varið til veganna, og það liggur fyrst og fremst í því, að við leggjum til, að þetta lánsfé komi á tveimur árum, eu ekki fjórum. Og við teljum, að það sé fyllilega sanngjarnt miðað við það, sem aðrir landshlutar fá, sérstaklega hérna í kringum Reykjavík. Þegar þessir sömu menn sem eiga sæti í fjvn. koma með till. um það að taka 274 millj. kr. lán til vega hérna í kringum Reykjavík á 4 árum, þá þurfum við, sem flytjum þessa till., ekki að skammast okkar fyrir það, að við viljum fá þessar 32 millj. á tveimur árum, miðað við ástand veganna á báðum stöðum.

Hv. þm. fann að því, að við værum með till. um marga vegi, sem þeir hafi ekki verið með, og hann hafði orð um það, að þetta væru vegir, sem skiptu ekki miklu máli, þessir sem við værum með, þeir skiptu ekki svo miklu

máli. Hvaða vegir eru það? Það eru vegirnir um byggðina, um sveitirnar, um sjálf byggðarlögin, innanhéraðsvegirnir. Við lítum nefnilega þannig á, að þó að það sé nauðsynlegt að fá vegi yfir heiðar eða gegnum heiðar og það jafnvel á skömmum tíma, megi ekki vanrækja svo hroðalega byggðavegina eins og gert er í þeirra till. Fólkið, sem þarna býr, þarf að komast á góðu vegina, það þarf að koma afurðum sínum frá sér og nauðsynjum sínum að sér, og því viljum við bæta úr með því að leggja nokkra fjárveitingu til sem flestra vega. Samkv. þeirra till. eiga milli 20 og 30 vegir á Vestfjörðum ekki að fá einn einasta eyri í 4 ár. Þeir hafa að vísu gert bragarbót á einum 2—3 vegum. Ég sé, að Gemlufallsheiði er nú komin allt í einu inn í till., ekki frá þessum hv. þm. reyndar, það er frá ríkisstj. sjálfri. Það er ríkisstj. sjálf, sem er farin að flytja till. um einstaka vegi, fjárveitingu í einstaka vegi á Vestfjörðum. Af hverju? Af því að hinir gleymdu þeim. Ég minnti um daginn á eina fjárveitingu í till. fjvn. Hún er um 55 þús. kr. fjárveitingu til Flateyrarvegar í 4 ár. Nú kemur ríkisstj. og bætir um, því að hún mun vera með till. um, að þangað skuli varið 555 þús. kr. En það er athyglisvert, að ríkisstj. skuli nú þurfa að ganga svona í spor sinna eigin starfsmanna.

Þá minntist hv. þm. á þáltill. þeirra Gísla Jónssonar og Kjartans J. Jóhannssonar á þinginu 1963, sem var samþ. og allir voru sammála um, um að framkvæma rannsókn á samgöngumálum Vestfjarða. Og allt er þetta eiginlega byggt á þeirri till. Það er ekki þessi ríkisstj. eða þessir þm. stjórnarflokkanna núna, sem eru að vinna að þessu, það eru Gísli Jónsson og Kjartan. Og þeir eiga sannarlega skilið viðurkenningu fyrir sín góðu störf. Það skal ég taka undir. En þessi till. var m. a. um það, að Framkvæmdabankinn skyldi ljúka þessari rannsókn fyrir árslok 1963, þá átti hún að vera búin. Þetta var rétt fyrir kosningar, sem till. var samþ., kosningarnar 1963. Það var á útmánuðunum, ef ég man rétt. En eftir kosningar bar minna á henni. Og þegar allt árið var liðið og komið fram á árið 1964, leyfðum við okkur, ég og hv. 1. þm. Vestf., að leggja fram fsp. hér á Alþ. um það, hvað liði rannsókninni. Það voru góð og skýr svör, sem hæstv. félmrh. kom með. Já, till. var send upp í Framkvæmdabanka. Þar með var lokið hlutverki ríkisstj., sagði hæstv. ráðh. Framkvæmdabankinn sendi hana Efnahagsstofnuninni, Efnahagsstofnunin sendi hana Seðlabankanum og Seðlabankinn skrifaði bréf út til Parísar, en það var ekkert svar komið eftir heilt ár, og meira vissu þeir ekki. Svona var nú ástatt þá. Þetta var krafturinn á því, en það voru líka nýafstaðnar kosningar. Við ýttum svolítið við þeim, þessum mönnum þá, við stjórnarandstæðingar á Vestfjörðum. Og þá fór bankastjóri Framkvæmdabankans af stað vestur, en hann kom ekki nema á örfáa staði. En það er sama, þá kom skriður á málið, og eitthvað hefur verið gert síðan. Ég held, að ég hafi tekið rétt eftir hjá hæstv. fjmrh. í kvöld, að þessari rannsókn sé alls ekki lokið eða tillögugerð um viðreisnina alls ekki lokið. Samt eru nú liðin 2 ár síðan þessi till. var samþ.

Eitt má ég til með að minna hinn ágæta hv. þm., 11. landsk., á, þegar hann er að víta okkur fyrir frammistöðuna í samgöngumálum Vestfjarða, að í fjöldamörg ár höfðu Vestfirðingar 19—20% af nýbyggingarfé vega á hverjum fjárl., en í fyrra var það lækkað niður í rúm 14% og aftur núna eru það rúm 14%. Ekki hafa fjárveitingarnar þá aukizt hlutfallslega miðað við aðra landshluta þrátt fyrir þörfina. Ef Vestfjarðakjördæmi hefði haldið sínum hlut, hefði það fengið um 3 millj. kr. meira af fjárveitingu hvert ár en það fær núna, eða um 12 millj. á þessu 4 ára tímabili. Þetta hefði víst munað um. En því miður er nú svona komið, að það virðist eiga að halda Vestfjörðum föstum í þessu hlutfalli af fjárveitingunum. Ég skal ekki meira ræða um það, því að ég er svo ánægður yfir lánsfénu, sem bætir svo mikið úr, að maður getur gleymt hinum smærri syndum, þegar svo raknar fram úr sem nú er.

Hv. 2. þm. Vestf. (SB) talaði hér í kvöld og þakkaði hæstv. ríkisstj., eins og rétt var af honum. Hann átti að þakka henni, og það gerum við allir. En því miður höfum við ekkert að þakka í 6 undanfarin ár, en það er gott að hafa nú tækifæri til þess. Hann skýrði frá því, hvernig væri hugsað að lánsféð skiptist niður á árin, 7.2 millj. þetta ár, 7.3 millj. 1966, 11½ millj. 1967 og 8 millj. árið 1968. Ég hef ekkert við þetta að athuga sérstaklega, en einhvern veginn rak ég augun í það, að á árinu 1967 er upphæðin miklu hærri en öll hin árin. Er búizt við, að árið 1967 verði ákaflega hættulegt fyrir vegina á Vestfjörðum? (**Gripið fram í**: Þetta er hlaupár.) Er það hlaupár? Já, það er hlaup í upphæðinni. Ég hef gaman af þessari tölu, ákaflega gaman af henni. Mér sýnist það vera upp undir 60% hærri hluturinn þetta ár heldur en árin á undan. En hver veit, hvað skeður þetta ár? Hættan getur verið líka 60% meiri þetta ár en önnur ár, svo að það er bezt að vera ekkert að finna að þessu út af fyrir sig.

Hæstv. samgmrh. ræddi hér um þessi mál svo sem vera bar í kvöld. Ég þarf ekki að víkja að mörgu í ræðu hans, en þeim mun betur að einu atriði. Hann drap eitthvað á það í þessari ræðu sinni, að ég hefði kvartað undan því á mánudaginn, að vegir í einstökum byggðarlögum á Vestfjörðum hefðu orðið útundan í fjárveitingum alllengi og það allt frá því fyrir viðreisn. Og það þarf ekki að leita lengi að því, það er hægt að benda á hvern veginn á fætur öðrum, sem ekki hefur fengið einn einasta eyri í 5—6 ár. Hæstv. ráðh. segir, að þetta sé af því, að þm. Vestfjarða hafi ekki tekið þessa vegi með. Nei, það er ekki af því. Það er af því, að stjórnarliðið á Alþ. felldi till. um, að þessir vegir fengju fjárveitingar, sem við fluttum till. um. En ég verð að segja,

að hæstv. ráðh. bar hér fram mjög alvarlegar ásakanir til mín. Ég gat ekki skilið, að hann ætti við annan en mig. Hann sagði, að því hefði verið haldið fram, og ég hef haldið því fram í ræðu minni á mánudaginn, að ríkisstj. ætlaði ekki að taka lánsfé til Vestfjarðaveganna á vegáætlun. Þetta væru getsakir, þetta væru dylgjur um, að ríkisstj. ætlaði sér að brjóta lög. M. ö. o.: hæstv. ráðh. segir, að ég hafi farið með ósannindi um það, sem ég hélt fram þá. Ef þetta hafa verið dylgjur, ef þetta hafa verið getsakir, hef ég ekki sagt rétt frá upplýsingum þeim, sem stuðningsmenn stjórnarinnar sögðu okkur Vestfjarðaþm. Og nú ætlast ég til þess, að hæstv. ráðh. standi við það, að ég hafi farið með ósannindi á mánudaginn. Ef einhverjir eru hér inni, sem þá voru á þessum fundum tveimur, — og þeir eru hér einhverjir, — þá vænti ég þess, að þeir segi nú hreinskilnislega frá því, hvort þetta er satt eða hvort það er ósatt, að þeir hafi sagt okkur frá þessu, að það ætti ekki að taka lánsfé til vega á Vestfjörðum inn á vegáætlun. Nú ætla ég að reyna á, hvað þeir gera, hvort þeir þegja eða segja hreinlega frá. Ef hæstv. ráðh. veit það rétta í þessu, skora ég á hann að skýra frá því. Ef ég hef aftur á móti farið rétt með, — og ég ætla ekki að rengja þá, þessa félaga okkar, sem voru með okkur, hv. þm. Matthías Bjarnason, Sigurð Bjarnason og Birgi Finnsson, um, að þeir sögðu rétt frá, mér dettur það ekki í hug, — en ef ég hef farið rétt með og þeir hafa líka farið rétt með, hvað er þá ráðh. að fara? Er það þá nokkuð annað en það, að hann hefur ekki manndóm til að viðurkenna það, að hann varð að hætta við fyrirætlun, sem hann var búinn að segja frá áður og fleirum en þessum mönnum? Ég ætla að bíða og sjá til, hvaða svör koma frá hæstv. ráðh. og hvað þeir hv. þm., sem voru viðstaddir á þeim fundum, kunna að segja um þetta, þá kannske ég fái að gera aths. á eftir.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Í tilefni af þeim deilum, sem hér hafa farið fram um það, hvort það hafi verið ætlun ríkisstj. eða ekki að taka inn á vegáætlunina lánsheimild til vegaframkvæmda á Vestfjörðum, man ég nú ekki betur en sjálfur hæstv. vegamálaráðh. hafi lýst því yfir á fundi í fjvn., að það þyrfti ekki að huga að sérstökum lánsheimildum vegna Vestfjarða, vegna þess að þeim væri ætlað fé annars staðar frá. Þetta vildi ég aðeins láta koma fram í tilefni af því, sem hérna hefur verið rætt áður.

En í tilefni af ræðu hv. 3. þm. Reykn. (AJ) í upphafi síðari umr. um vegáætlunina vil ég taka undir það, sem hv. þm. sagði, að það er ánægjulegt, þegar málstaður Kópavogsbæjar hlýtur stuðning við umr. á Alþ., og að því leyti sem ræða hans snerist beint um þarfir Kópavogsbæjar og var stuðningur við þær þarfir, fagna ég þeirri rödd. Hv. þm. vildi halda því fram, að fulltrúar Sjálfstfl. hefðu unnið mjög að því að fá viðurkennda sérstöðu Kópavogs í sambandi við þann þjóðvegakafla, sem um kaupstaðinn liggur, og það skal ég alls ekki draga í efa, að þeir hafi gert. En hann hélt því jafnframt fram, að þeir hefðu í því starfi náð góðum árangri, hefðu tryggt bæjarfélaginu einhverjar sérstakar aðgerðir af hálfu ríkisvaldsins. Sjálfstfl. hefur nú farið með ríkisvaldið í undanfarin 6 ár, en ég get ekki komið auga á þær gjafir, sem Kópavogsbúum hafa verið gefnar, eða að tekið hafi verið tillit til þess réttar, sem Kópavogsbær hlýtur að eiga í sambandi við vegaframkvæmdir á Kópavogshálsi, og fram á annað og meira hafa bæjarbúar þar ekki farið. Og ég býst við, að Kópavogsbúar hafi ekki orðið mikið við það varir fremur en ég. Ástandið hefur versnað með hverju árinu, og ef hv. þm. er eitthvað sérstaklega ánægður með þann árangur, sem um er að ræða í þessu máli, á þeim tíma, sem á undan er genginn, er það heldur vafasamt og óhollt veganesti í þeirri baráttu, sem fram undan er fyrir hagsmunum Kópavogsbæjar, — baráttu, sem ég veit á hinn bóginn, að hann mun heils hugar taka þátt í. Nei, þáttur Sjálfstfl.-manna er til þessa helztur sá að hafa fram að þessu talið Kópavogsbæ duga ákvæði vegal., eins og þau eru í dag. Nefndarskipunin nýja bendir hins vegar til þess, að þeim sé nú að verða ljóst, að það er rétt, sem ég hélt fram, þegar vegal. voru samþykkt, að ákvæði þeirra duga ekki, og vonandi verður árangur af störfum n. í samræmi við þann nýja skilning.

Ég minnist þess, að þegar hv. 3. þm. Reykn. var að telja upp, hve mikið hafi verið gert fyrir Kópavogsbúa umfram aðra landsmenn, gerði hann mikið úr því, að þeir hefðu fengið aukinn fjölda lögreglumanna til gæzlu á Kópavogshálsi, og rétt er það, að lögreglumönnum hefur verið fjölgað þar. En ég kem ekki auga á það, að í því felist aðhlynning að Kópavogsbúum umfram það, sem sjálfsagt er. Ástæðan til fjölgunar lögreglumannanna á þessum slóðum er einfaldlega sú, að þegar Kópavogskaupstaður hlaut veg og vanda af þjóðveginum yfir Kópavogsháls, samtímis því sem umferðaröngþveitið var orðið svo mikið, að bæjarbúar voru í stökustu vandræðum að komast út á eða yfir Hafnarfjarðarveginn, sem er aðalbraut, sáu bæjaryfirvöldin ekki annað ráð vænna en að setja upp götuvita til þess að hleypa umferðinni á aðalbrautina. Þetta getur hvert bæjarfélag að sjálfsögðu gert á sínum götum. En niðurstaðan varð sú, að vegamálastjórnin sá, að þá mundi sá hnútur, sem umferðin er í á Hafnarfjarðarveginum, herðast fyrir alvöru, þegar umferðin væri stöðvuð um hann, þótt ekki væri nema öðru hverju. Þess vegna var þess óskað, að ekki yrði af uppsetningu þeirra umferðarljósa, sem bærinn var búinn að panta, en í stað þess var því heitið, að á kostnað ríkisins yrði reynt að hafa stjórn á umferðinni á þann hátt að fjölga lögregluþjónum á veginum. Sú ráðstöfun er

að sjálfsögðu góð og blessuð. En ég held, að hún gefi naumast mikið tilefni til þess, að Kópavogsbúar, sem eru þó ekki vanþakklátari en gengur og gerist, hafi uppi mikið þakklætiskvak um svo sjálfsagt mál.

Það verður á engan hátt séð, að Kópavogsbúar hafi orðið þarna fyrir einhverri sérstakri rausn umfram aðra landsmenn. Ef þeir ættu kost á því, hygg ég, að þeir kysu helzt að afþakka umferðarstrauminn, sem beinist þvert í gegnum kaupstað þeirra frá byggðunum á báðar hliðar, jafnvel þótt það kostaði það, að þeir nytu ekki nærveru eins margra lögregluþjóna. Þarna er, eins og hv. 3. þm. Reykn. tók réttilega fram í ræðu sinni fyrir viku, um að ræða umferð, sem Kópavogsbúar hafa ekki minnstu not af, síður en svo. Hún veldur þeim stórfelldum vandræðum og sífelldum lífsháska.

Annars sé ég ekki ástæðu til að fara mörgum fleiri orðum um ræðu hv. þm. Þótt ég hafi verið nýbúinn að halda ræðu mína, þegar hann tók til máls, hafði hann rangt eftir það, sem ég sagði, og var því mestur hluti ræðu hans vangaveltur um orð, sem ég hafði ekki viðhaft. Hann hélt því fram, að ég hefði sagt, að sú ákvörðun hæstv. vegamálaráðh. að skipa nefnd til þess að reyna að komast að niðurstöðu um þátttöku ríkis'ns í vegaframkvæmdum á Kópavogshálsi væri fyrsta viðurkenningin á því, að um væri að ræða nokkra sérstöðu Kópavogsbæjar umfram aðra kaupstaði, sem þurfa að endurbyggja þjóðvegakafla. Þetta sagði ég aldrei, þótt það mætti að sjálfsögðu til sanns vegar færa, að það hefur ekki mikið borið á henni í vetur. Hitt sagði ég orðrétt um þessa nefndarskipun, eins og hv. þm. getur kynnt sér: „Það er vel farið, og ég fagna því, að það spor skuli hafa verið stigið. Það er fyrsta viðurkenningin á því, að sú lausn, sem ráðandi aðilar hafa til þessa talið fullnægjandi, dugir ekki.“ Það er að sjálfsögðu rétt. Fram til þessa hafa ráðandi aðilar talið, þvert gegn því, sem ég hef frá upphafi haldið fram, að sú aðstoð ein, sem vegalögin gera ráð fyrir, gæti dugað til að leysa þetta mál. Nefndarskipunin er því fyrsta viðurkenningin á því, að meira þurfi til, það verður ekki hrakið. Og nú má vænta þess, að málið komist á réttan grundvöll, sem ekki hefur verið fyrir hendi, meðan einungis átti að byggja á ákvæðum vegalaganna, meðan aðeins átti að miða við það, að fjárframlag til vegaframkvæmdanna kæmi af þeim hlut, sem Kópavogsbær fær úr vegasjóði í hlutfalli við íbúatölu, og því aukaframlagi, sem hann gæti hlotið skv. lögunum. Ég fagna þessari nefndarskipan og vænti þess, að störf nefndarinnar leiði sem fyrst til jákvæðrar lausnar, og veit, að til þess stendur hugur allra. En nú er, eins og ég áður sagði, fyrst grundvöllur til þess, að jákvæð lausn fáist, vegna þess að nú er fengin viðurkenning á því, að sú lausn, sem áður hefur verið talin fullnægjandi, dugir ekki.

Við umr. um vegáætlunina s. l. fimmtudag var það till. mín, að afgreiðslu vegáætlunarinnar yrði frestað, þar til fyrir lægi niðurstaða af viðræðum þeirrar nefndar, sem skipuð hefur verið til þess að fjalla um fjárhagsgrundvöll fyrir vegaframkvæmdum um Kópavogsháls. Af frestun á afgreiðslu áætlunarinnar af þessum sökum verður sýnilega ekki. En ég lagði enn fremur til, að ef svo færi, að vegáætlunin yrði afgreidd nú og ekkert lægi frekar fyrir um lausn á þessu mesta umferðarvandamáli, sem við er að stríða í öllu landinu, yrði gert ráð fyrir heimild til lántöku til þess að fullnægja þeim kvöðum, sem samkomulag yrði um í þeirri nefnd, sem fjallar um málið, að ríkið tæki á sig vegna vegaframkvæmda á Kópavogshálsi. Ég vil því leggja fram svofellda brtt., sem ég flyt ásamt hv. 5. og hv. 4. þm. Reykn. við brtt. fjvn. við vegáætlunina um heimild til lántöku til þjóðbrauta. Till. er svo hljóðandi, hún er við 13. lið:

„Brtt. við brtt. á þskj. 348. Frá Geir Gunnarssyni, Gils Guðmundssyni og Jóni Skaftasyni. Við 13. lið I. Hraðbrautir. 3. liður orðist svo: Hafnarfjarðarvegur: a) Kópavogur—Engidalur (sem er óbreytt) 1967 17.5 millj., 1968 7.5 millj. b) Kópavogsháls 1965 35 millj., 1966 35 millj.“

Þessi till. felur í sér, að í stað þess að heimila aðeins lántöku til framkvæmda við Hafnarfjarðarveg frá Kópavogi að Engidal, þá verði einnig gert ráð fyrir lántöku til framkvæmda á Kópavogshálsi á árunum 1965—1968. Ef þessi upphæð, sem fram er tekin, dugir ekki, kemur það til athugunar við endurskoðun vegáætlunarinnar eftir 2 ár, og ef hún er of há, þarf auðvitað ekki að nota þessa heimild að fullu. Þessi brtt. er skrifleg og of seint fram komin, og vil ég því biðja hæstv. forseta að leita afbrigða, til þess að hún megi koma fyrir.

En ég vil að síðustu, fyrst ég er kominn hérna í ræðustólinn á annað borð, nota tækifærið og beina þeim tilmælum til hæstv. vegamálaráðh., að hann beiti áhrifum sínum til þess, að vegagerðin hefji nú þegar viðgerð á Hafnarfjarðarvegi. Ég hef ekki séð þess nein merki, að á þessi mál væri litið, en vegurinn er í svo hörmulegu ástandi eftir veturinn, að hann er nánast ókeyrandi. Hann er að verða eins slæmur og stórskemmdur malbikaður vegur getur verstur orðið, og er þá mikið sagt. Bílar verða að aka eftir veginum eins og þeir væru í svigkeppni til þess að forðast holur, sem gætu stórskemmt farartæki. Ég held, að allir, sem fara um þennan veg, séu orðnir æði undrandi á því, hve lengi hefur dregizt, að hafizt væri handa um óhjákvæmilegar viðgerðir á veginum. Það verður að aka þennan veg um allnokkurt skeið, án þess að hann verði endurbyggður, og það er óþolandi til lengdar, að hann sé í svo slæmu ástandi sem nú, án þess að nokkuð sé að gert. Það hefur verið kvartað um þetta við vegamálaskrifstofuna, án þess að nokkur árangur sé sýnilegur, og ég vil sem sagt beina

þeim eindregnu tilmælum til hæstv. vegamálaráðh., að hann láti þetta mál til sín taka og beiti áhrifum sínum til þess, að hafizt verði handa nú þegar um viðgerðir á Hafnarfjarðarveginum.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja mikið þessar umr., en það er aðeins út af ræðu hv. 3. þm. Vestf. (SE), sem ég vildi segja hér nokkur orð. Hv. þm. virtist vera mjög hissa á því, að ég skyldi í minni ræðu í dag hafa verið með aðfinnslur í hans garð út af þeirri ræðu, sem hann flutti hér s. l. mánudagskvöld, og bætti því við, að hann hefði hælt mér það mikið, að hann hefði ekki búizt við þessu. Víst er nú alltaf lofið gott. En ég held, að ég gæti undir öðrum kringumstæðum hælt Sigurvin fyrir eitthvað annað, þó að ég vilji ekki, að hann skuldbindi sig til þess að mega aldrei gagnrýna mig, ef ég færi svolítið úrskeiðis og hann teldi sig hafa ástæðu til þess. Mín gagnrýni við hann beindist eingöngu að þætti þessa vegamáls hér, sérstaklega meðal okkar þm. í Vestfjarðakjördæmi, og síðan í sambandi við brtt., sem hann er fyrsti flm. að og hafði framsögu fyrir. Hann sagði einnig, að ég hefði talið, að hann hefði dregið upp of dökka mynd af ástandi vega á Vestfjörðum, og spurði mig að því, hvort mér fyndust vegirnir góðir á Vestfjörðum. Nei, síður en svo. Það eru margir vegir mjög slæmir á Vestfjörðum. En það er líka eitt, sem við verðum alltaf að muna eftir. Það hefur líka verið gert mikið, og við erum hrifnir af nýjustu vegum, sem hafa verið lagðir á Vestfjörðum, og við megum ekki alltaf gleyma því, sem vel er gert, og alltaf tala um það, sem er ógert eða hefur verið illa gert. En það, sem ég nefndi í þessu sambandi, var það, að ég taldi hann hafa dregið upp of dökka mynd af því, hvað ætti eftir að leggja mikið af vegum í Vestfjarðakjördæmi, og sagði það í minni ræðu, að ég teldi, að hann ætti um leið að taka tillit til þess, hvað mikið af vegum væri enn í þjóðvegatölu um svæði, þar sem engin byggð er, og nefndi í því sambandi ytri hluta Snæfjallahrepps, Jökulfirði og Aðalvíkurveg, þar sem byggð hefur ekki verið nú í fjöldamörg ár. Og sömuleiðis gerði ég nokkrar athugasemdir í sambandi við tölu um ár, sem væru óbrúaðar, og færði þar fram þessa sömu athugasemd og ég geri nú um vegina.

Hann minntist á það, að Sjálfstfl. hefði verið óslitið í stjórn frá 1944—56, eða í 22 ár. Ég fæ ekki nema 12 ár út úr þessu tímabili. Það getur vel verið, að hv. þm. hafi leiðzt svo á þessum árum, vegna þess að Sjálfstfl. var í stjórn, að þetta gildi hann sama og 22 ár, og það skiptir þá engu máli. (Gripið fram í.) Já, það er það. Þá er ég alveg með á hlutunum. En hins vegar hefði það nú átt að vera honum nokkur huggun harmi gegn, að Framsfl. sat í stjórn þetta sama tímabil að verulegu leyti, eða frá 1946—56, að nokkrum mánuðum undanskildum árið 1950, og það hefðu kannske ekki átt að þurfa að verða þess vegna 22 ár út úr þessu.

Hv. þm. spurði að því, hvort við vildum svara því, hvort það væri rétt eftir haft, að við þm. stjórnarliðsins og þá alveg sérstaklega ég, að mér skildist, hafi ljóstrað upp óskaplegu leyndarmáli og ég hafi átt að fá bágt fyrir hjá ríkisstj., að við hefðum sagt það á þessum sameiginlega fundi Vestfjarðaþm., að það ætti ekki að taka framkvæmdafé inn í vegáætlunina. Ég hygg, að hér sé um algeran misskilning að ræða, og vil alls ekki væna hv. þm. um það að fara vísvitandi með rangt mál. En hér er um algeran misskilning að ræða, því að það kom einmitt fram, að mig minnir einmitt sérstaklega frá þessum hv. þm., hvort það ætti ekki að taka þetta framkvæmdaáætlunarfé inn í vegáætlunina, og við svöruðum því, að það væri í athugun, hvort vegafé á framkvæmdaáætlun verði tekið inn í vegáætlun, og ef það væri nauðsynlegt, yrði það vafalaust gert. En um það gátum við ekki fullyrt á því stigi málsins, því að það var auðvitað algjörlega í höndum ríkisstj., hvort það yrði gert eða ekki, og ég vænti þess, að aðrir þm., sem voru á þessum fundi, geti staðfest, að hér sé rétt frá skýrt.

Hv. þm. spurði að því, hvort búið væri að draga niðurskurðinn frá þessari framkvæmdaáætlun. Ég verð nú að segja hv. þm. það, að mér finnst þetta að vísu nokkuð furðuleg spurning, því að hann veit, að það verður ekki um neinn niðurskurð að ræða á þessari framkvæmdaáætlun. Það eina, sem hægt er að kalla niðurskurð, er framlag ríkisins á fjárl., sem er 47 millj. kr. á árinu 1965, og það gildir 9.4 millj. um allt vegafé landsins á þessu ári, og það yrði tiltölulega mjög lítil upphæð af því fé, sem veitt er til vegagerða á Vestfjörðum á vegáætlun.

Fjmrh. gat þess hér í dag, þegar hann flutti skýrslu ríkisstj. um þetta mál, að þessi framkvæmdaáætlun væri upp á 171.6 millj., þar af væri ætlað til flugvalla 32.1 millj., til hafnargerða 71.8 millj. og til vegamála 67.7 millj. kr. Hv. þm. gerði töluvert úr því, að það skiptist ekki alveg jafnt vegaféð á framkvæmdaáætluninni og það hlypi mjög upp árið 1967, og meðflm. hans, hv. 5. þm. Vestf., var fljótur að finna ástæðuna og sagði, að það væri vegna þess, að þá væri hlaupár. Samtals er framkvæmdaáætlunin eða lántakan 86 millj. kr., og ég get huggað báða þessa hv. þm. með því, að framkvæmdaláninu verður skipt alveg nákvæmlega jafnt á árin í heild til þessara þriggja þátta samgangna, til vega, hafna og flugvalla, eða 21.5 millj. kr. á ári, enda kom það í raun og veru skýrt fram í ræðu hæstv. fjmrh. í dag. Hins vegar er þetta ekki alveg jafnt á milli ára innan sama þáttar, þannig að vegamálin eru meiri árið 1967, en mismunandi svo aftur á móti í hafnarmálum og flugmálum, en í heild kemur þetta alveg jafnt út, og ég hygg, að það

komi alveg út á eitt fyrir okkur Vestfirðinga og enginn þurfi að hafa áhyggjur af þessu.

Hv. þm. kom inn á það, að ég hefði furðað mig á því í dag í minni ræðu, að hann og meðflm. hans að brtt. hafi flutt till. um að leggja niður fjárveitingar til einstakra vega, en aftur tekið upp miklu hærri till. um fjárveitingar til annarra vega í Vestfjarðakjördæmi. Ég lýsti því hér yfir í dag, að þessu væri ekki þannig varið hjá hv. flm. þessarar brtt., og skal ég því til sönnunar sýna þeim fram á, ef þeir hafa ekki skilið þessa hluti enn þá, að þeir leggja til, að niður falli framlag til Vestfjarðavegar, 800 þús. kr. sunnan Þingmannaheiðar, Breiðadalsheiðarvegar 620 þús.— og til landsbrauta: Bolungarvíkurvegar 500 þús., Djúpvegar 1700 þús. og Strandavegar 965 þús., eða samtals 4 millj. 585 þús. árið 1965, og til sömu vega samtals 4 millj. 770 þús. kr. árið 1966. Þetta gerir sama sem 9 millj. 355 þús. kr., sem þeir leggja til að falli úr till. fjvn. Síðan koma þeir aftur með till. um ýmsa nýja vegi og hækkun á ýmsum liðum til vega í kjördæminu, og þær till. nema brúttó 10350 þús., en í þeirri tölu eru inni í vegáætluninni 1257 þús. kr., svo að raunverulegar hækkanir á till. þeirra nema 9 millj. 93 þús. kr. M. ö. o.: þeir leggja til, að niður falli framlög úr brtt. fjvn. að upphæð 9 millj. 355 þús., en leggja aftur til, að ýmsir liðir hækki og nýir liðir verði teknir inn að upphæð 9 millj. 93 þús. kr. Hér er um að ræða lækkun á framlagi til vegagerða á Vestfjörðum á vegáætlun upp á 262 þús. kr. (**Gripið fram í:** En lánið?) Lánið, þetta er það, sem við eigum að fá af því fé, sem núna er verið að sundurliða og ráðstafa til fjögurra ára. Auðvitað viljum við fá sem mest, og það skildist mér á ræðu hv. þm. hér s. l. mánudag, að honum fannst þessi upphæð of lág. En svo kemur hann til og lækkar þessa upphæð, en þeir flytja aftur miklu hærri till. um lántökur til þessara vega. Ég hefði viljað fá enn meira af sjálfri vegáætluninni og tiltölulega minna af lánsfé, og það höfum við allir viljað. Hins vegar er hér um að ræða, að öll kjördæmi telja sig afskipt í sambandi við skiptingu á vegafé. En það finnst mér koma úr hörðustu átt, þegar þeir, sem segjast vera óánægðastir allra, leggja svo til, að þetta framlag af vegáætlun lækki frá því, sem fjvn. er búin að skipta.

Hitt finnst mér, eins og ég sagði í dag, undrum sæta, að eftir að við stjórnarsinnar á Vestfjörðum erum búnir að gefa hv. þm. stjórnarandstöðunnar úr þessu kjördæmi yfirlit yfir þessa framkvæmdaáætlun og sýna þar fram á, að framkvæmdaáætlunin sé miðuð við það, að 50% af henni komi í framlögum frá ríkinu, t. d. framlög vegamála á vegáætlun, þá skuli þó verið að spyrja að því hér í kvöld, hvort þetta eigi að koma með venjulegum hætti, eins og hv. þm. spurði um. Mér finnst hann vera orðinn lítið eftirtektarsamur, blessaður vinurinn, að spyrja að þessu, sem er búið að margsegja honum. Við vitum það líka, og við sögðum frá því, að í framlagi til hafnargerða kemur auðvitað mótframlag með eðlilegum hætti, og það veit þessi hv. þm., eins og auðvitað allir þm., að ríkið greiðir 40% til hafnargerða, og það kemur auðvitað á móti og svo 10% aftur frá þeim, sem hafnirnar byggja, sem eru sveitarfélögin. Í framlagi til flugvalla kemur auðvitað á fjárl. ríkisins til flugvalla þetta framlag á móti framkvæmdaáætluninni.

Þess vegna er það, eins og ég sagði í dag, algerlega út í hött að taka það framlag, sem á að vera vegafé á þessi svæði, sem framkvæmdaáætlunin leggur til, og leggja til, að það verði tekið út úr framkvæmdaáætlun og lán tekið 100%, þegar fyrir liggur, að lán er fengið fyrir 50% af heildarframkvæmdaáætlun, og við það verður að sitja, og hélt ég, að allir þm. Vestf. væru hæstánægðir með þá afgreiðslu. Þess vegna hélt ég því jafnvel fram í dag, að þessi till. væri að verulegu leyti byggð á fljótfærni hjá hv. flm.

Ég kom líka inn á nokkur atriði í þessum till., sem ég taldi vera alveg ástæðulaus, eins og að fara að leggja til framlag í 4 vegi núna á milli Strandasýslu og Barðastrandarsýslu. Hins vegar er ég því alveg sammála, og mér þykir það mjög miður, að það skuli ekki vera hægt að leggja fram fé til að gera einn veg á milli þessara sýslna. En hitt tel ég algerlega vera ofrausn, á sama tíma og jafnmikið er ógert í okkar vegamálum, og finnst mér þó vitlausast af öllu vitlausu að leggja til, að 700 þús. kr. verði á næstu 2 árum varið í svokallaðan Kollabúðaheiðarveg, sem ég veit ekki til, að nokkur Vestfirðingur hafi áhuga á, a. m. k. meðan ekki er lengra komið að leggja byggðavegi. Sömuleiðis gerði ég athugasemd við eina brtt., sem hv. þm. svaraði nú engu, og spurði, hvernig á því stæði, að þeir tækju fram í sínum brtt. framlag til Strandavegar í Bæjahreppi af þjóðbrautafé, sem er auðvitað alveg rétt, og svo kemur aftur Strandavegur í Bæjahreppi af landsbrautafé, að vísu ekki með sömu tölu. Þetta skil ég ekki enn þá og hef enga skýringu fengið á því hjá hv. 1. flm. þessarar till.

Annars hygg ég, að það sé lítið fengið með því að vera að pexa meira um þessi mál, því að við megum vera mjög ánægðir með úrslit þessara mála, við Vestfirðingarnir. Og ég veit, að hv. þm. stjórnarandstöðunnar eru í hjarta sínu ánægðir með þessa lausn mála, því að ég efast ekki um það, að þeir vilja alveg eins og við, að framkvæmdir verði sem mestar í okkar kjördæmi, og þetta er í fyrsta skipti, sem við sjáum hilla undir, að hægt sé að gera stórátök í þessum málum, bæði hvað snertir vegagerðir, hafnargerðir og flugvelli. Og ég segi fyrir mitt leyti, að ég tel, að ríkisstj. hafi gert mjög vel í þessu máli og sýnt Vestfirðingum mikinn og góðan skilning, og ég er ekkert hissa á því um framkvæmd þeirrar þáltill., sem flutt var af fyrrv. þm. Vestf., Gísla Jónssyni og Kjartani J. Jóhannssyni, seint á þingi 1963, þó að það hafi tekið nokkurn tíma að vinna úr henni. Og enn þá

er eftir að vinna að öðrum hlutum þeirrar framkvæmdaáætlunar, sem Framkvæmdabankanum var falið og ýmsir embættismenn eru að vinna að, og ef útkoman úr þeim þætti, sem enn er ólokið, verður á sama hátt og útkoman í samgöngumálum hefur orðið, þá verð ég mjög ánægður með þau málalok, og ég veit, að það verða allir þm. Vestf. og Vestfirðingar í heild.

Forseti (BF): Fram er komin skrifleg brtt. frá Geir Gunnarssyni o. fl., svo hljóðandi: „Við 13. lið I. Hraðbrautir, 3. liður orðist svo: Hafnarfjarðarvegur: a. Kópavogur — Engidalur 1967 17½ millj., 1968 7½ millj. b. Kópavogsháls 1965 35 millj., 1966 35 millj."

Fyrir þessari brtt. þarf afbrigði, og verður reynt að leita þeirra.

Það virðist vera vonlaust að fá samþ. afbrigði *fyrir fram kominni skrifl. brtt., og* verður umr. haldið áfram.

Þorvaldur G. Kristjánsson: Herra forseti. Það hefur margt borið á góma í þessum umr. og mörgu slegið fram, sem ekki fær staðizt. Í því sambandi get ég ekki látið hjá líða að víkja að þeirri fullyrðingu, sem fram kom hér í kvöld í ræðu hv. 5. þm. Austf. (LJós), að ákveðið væri að skera niður allar framkvæmdir í flugvallamálum á Austfjörðum á þessu ári. Þessi hv. þm. hélt þessu sama fram á fundi síðast, þegar þetta mál var til umr. Þetta var leiðrétt þá af hæstv. samgmrh. En þessi þm. stendur engu að síður upp nú hér í kvöld og heldur þessu fram, þó að hann viti, að hæstv. ráðh., sem fer með þessi mál, hlýtur að vita betur, enda ræður hann þessum málum. Ég þykist og vita, að það stoði lítt, þó að ég lýsi því yfir hér sem meðlimur í flugráði, að skipting á framkvæmdafé til flugmála hefur ekki fengið afgreiðslu enn þá í því ráði.

Ég sagði, að ég gæti ekki látið vera að minnast á þetta. Þetta er gott dæmi um margar þeirra fullyrðinga, sem fram hafa komið í þessum löngu umr. um vegáætlunina. Það hefur verið mjög rætt um það, hvort það hafi verið ætlun ríkisstj. að taka samgönguáætlun Vestfjarða, vegaþáttinn, inn í vegáætlunina. Því hefur verið haldið fram af stjórnarandstöðunni, að það hafi ekki verið ætlun ríkisstj. Sérstaklega hefur staðið fyrir þessum fullyrðingum hv. 3. þm. Vestf. (SE), og hann hefur í þessu sambandi sagt einnig, að það hefði átt að halda leyndum viðræðum, sem fram fóru milli þingmanna Vestfirðinga um þetta mál, vegna þess að það hefði átt að leyna þetta mál þinginu.

Ég vil lýsa því yfir, að hér er algerlega rangt með farið. Það er algerlega rangt með farið. Því var ekki lýst yfir af neinum á fundi þingmanna Vestfjarða, sem ég sat, að það væri ekki ætlunin að setja þessa samgönguáætlun Vestfjarða inn í vegáætlunina.

En hv. 3. þm. Vestf. segir: „Við vorum beðnir um að segja ekki frá þessu, og það var vegna þess, að það átti að leyna þingið þessu." Þetta er ekki heldur rétt. Það er að vísu rétt, að það var talað um, að þetta mál skyldi vera í bili á milli fundarmanna. Það var vegna þess, og það var mjög skýrt tekið fram af mér, að þegar þessi fundur var haldinn, þá var það ekki víst, að þetta lán fengist. Þá var ekki víst, að það fengist framkvæmdalán hjá viðreisnarsjóðnum. Það var ekki búið að taka það mál til afgreiðslu í sjóðsstjórninni, þegar þessi fundur var. Og þess má geta, að það var ekki fyrr en nokkru síðar, sem ákvörðun var tekin um þetta. Og það mun ekki hafa verið fyrr en í gær, að ríkisstj. mun hafa borizt staðfestingarbréf frá sjóðsstjórninni um það, að lánsbeiðnin væri samþ.

Ef menn hafa þetta í huga, þá sjá menn, hve fáránlegt það er að vera að tala um þau vinnubrögð, sem hæstv. ríkisstj. hefur haft í þessu máli. Það var mjög eðlilegt, að málið yrði ekki lagt fyrir Alþingi, fyrr en staðfestingarbréf kom um lántökuna frá lánveitanda.

Þá hefur verið haldið fram af 5. þm. Austf. í þessu sambandi, að hæstv. fjmrh. hefði sagt, að gera hefði átt grein fyrir Vestfjarðaáætluninni í sambandi við framkvæmdaáætlun fyrir landið í heild. Auðvitað er þetta rétt, auðvitað lá það beint *fyrir að gera grein fyrir þessari* áætlun í heildarframkvæmdaáætlun fyrir landið. Þetta er hluti að sjálfsögðu í þeirri áætlun. En það var ekki hægt að gera það áður, vegna þess að vegáætlunina bar fyrr að. En ég sé ekki annað en það verði að taka þessa samgönguáætlun fyrir Vestfirði inn í heildarframkvæmdaáætlun landsins, þegar hún kemur fram.

Allar hugleiðingar og allt tal hv. stjórnarandstæðinga um þennan þátt málanna er ekki einungis ákaflega ófrjótt og skiptir litlu máli, heldur er það byggt á algerum misskilningi.

Það væri ástæða til þess að fara nokkrum orðum um ræðu hv. 3. þm. Vestf., sem hann hélt hér áðan. Ég sagði, að það væri ástæða til. En ég vænti þess, að enginn lái mér það, þó að ég fari ekki að eyða mörgum orðum til andsvara við þá ræðu.

Nú þegar með þessari framkvæmdaáætlun á Vestfjörðum er verið að stíga eitt stærsta spor, sem hefur verið stigið á Vestfjörðum til framfara í samgöngumálum fyrr og síðar, þá leyfir þessi hv. þm. sér að tala af fullkomnu ábyrgðarleysi og kæruleysi um þetta mál. Það væri undir venjulegum kringumstæðum erfitt að skýra slíkt framferði. En ég held, að það verði naumast hjá því komizt að víkja nokkuð við þetta tækifæri að afstöðu framsóknarmanna til þessa mikla hagsmunamáls Vestfirðinga, víkja að afstöðu framsóknarmanna til þeirrar hugmyndar að leita um aðstoð eða lántöku hjá viðreisnarsjóði Evrópuráðsins til þess að draga úr eða koma í veg fyrir fólksflótta frá Vestfjörðum. Sú saga er með eindæmum. Mig furðar þess vegna ekki á þeim hálfkæringi, sem lýsir sér í málflutningi hv. 3. þm. Vestf. nú í kvöld í þessum málum.

Þegar var til umr. 15. apríl 1964 till. til

þál. um að skora á ríkisstj. að taka til athugunar möguleika á aðstoð viðreisnarsjóðsins til þess að vinna að jafnvægi í byggð landsins, þá lét talsmaður Framsfl. til sín taka í þeim umr. og sagði þá, með leyfi hæstv. forseta: „Það má vel vera, að hægt sé að fá hingað fé úr þessum flóttamannasjóði. En ég vil eigi að síður vara við því í fullri alvöru, ef einhverjir láta sér detta það í hug, að þessi vestur-evrópski flóttamannasjóður eða landnámssjóður eða viðreisnarsjóður, hvað sem menn nú vilja kalla hann, muni taka það að sér sem sitt hlutverk að sjá um, að Íslendingar byggi land sitt og verji það þannig á eðlilegan og friðsaman hátt gegn ágangi annarra þjóða, enda þótt sjóðurinn kunni að láta eitthvað fé af mörkum, sé þess beiðzt. Eitt kynni að geta skeð í sambandi við umr. á alþjóðavettvangi um þetta innanlandsvandamál okkar Íslendinga, að einhverjum erlendum aðilum yrði þá ljósara en fyrr, hve mikið land og önnur náttúrugæði eru ónotuð hér á landi, og létu sér þá e. t. v. detta í hug, að Íslendingar gætu sér að meinalitlu látið af hendi, t. d. við flóttamenn eða atvinnulitla menn frá ýmsum löndum, en þeir skipta víst milljónum um þessar mundir, meira eða minna af þeim landshlutum, sem nú eiga í vök að verjast vegna fólksfækkunar, landssvæði, sem útlit sé fyrir, að Íslendingar vilji ekki sjálfir byggja eða geti ekki byggt. En ef slíkt ber á góma, þarf áreiðanlega að fara að með mikilli gát, því að þessi fámenna þjóð má því miður ekki við því af þjóðernisástæðum að veita viðtöku fjölmenni af öðrum þjóðernum eða jafnvel kynþáttum. Í seinni tíð hafa borizt hingað raddir utan úr heimi, sem gefa ótvírætt til kynna, að fólk jafnvel í mjög fjarlægum löndum, sem byggð eru okkur óskyldum þjóðum, sé búið að festa auga á hinu mjög svo fámenna framtíðarlandi með auðug fiskimið, orkulindir og gnótt gróðurmoldar hér á norðurhjara og láti sér jafnframt detta í hug, að hér mundi tekið við því opnum örmum. Mér kemur í hug í þessu sambandi blaðagreinin frá Jamaica í Vestur-Indíum, sem Morgunblaðið birti í íslenzkri þýðingu s. l. sumar, þar sem Jamaica-menn voru hvattir til að leita landvistar hér á Íslandi.“ Þetta var innlegg fulltrúa Framsfl. í 1. umr. um hugmyndina um að leita aðstoðar eða fá lán frá viðreisnarsjóði Evrópuráðsins, eins og ég hef hér tilfært þau eftir 3. þm. Norðurl. e.

En hvað er þetta? Hvers konar skilningur er á þessu vandamáli, jafnvægisvandamáli, sem kemur fram í þessu? Það er í fyrsta lagi það, að framsóknarmenn, eins og hér kemur fram, hafa verið haldnir þeim skilningi, að viðreisnarsjóðurinn sé, eins og þeir kalla hann, flóttamannasjóður. Þeir halda, að ef við höfum einhver kynni eða samskipti við viðreisnarsjóðinn, þá muni okkar land verða fyrir aðstreymi af flóttamönnum hvarvetna úr heiminum, svo mjög, að við getum átt á hættu að missa stór landssvæði undir byggð manna okkur fjarskyldra — af öðrum kynþáttum. Það er látið liggja að því, að hætta sé á miklum þjóðflutningum hingað frá Jamaica, ef við ræðum möguleikana á því að fá lán úr viðreisnarsjóði Evrópuráðsins til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

Ef menn hafa í huga slíkt hyldýpi skilningsleysis, sem fram kemur í þessum ummælum og framsóknarmenn í verki hafa svo tileinkað sér í sambandi við þetta mál, þá geta menn skilið sumt af því, sem hv. 3. þm. Vestf. sagði hér í kvöld. Þegar þetta mál var til meðferðar í fjvn., höfðu framsóknarmenn ekki áhuga. Þeir höfðu ekki áhuga á því, þó að það væri ekki annað en að fá ríkisstj. til þess að athuga, hvort hægt væri að gera raunhæfar aðgerðir í jafnvægismálunum með því að fá sérstakt fjármagn í því skyni. Þeir voru á móti því. Þeir vildu ekki standa að nál. fjvn. Þeir gerðu það ekki. En tvískinnungurinn í þessu máli einkenndi þá við hvert þeirra skref. Daginn eftir gengu þeir í sig og létu gefa út nýtt nál. og skrifuðu þá undir með fyrirvara.

Hvernig stendur á því, að flokkur, sem í tíma og ótíma er alltaf að segja, að hann sé hinn sérstaki útvaldi fulltrúi dreifbýlisins, skuli hafa þessa afstöðu? Hvernig stendur á því, að Framsfl., þegar hann er í stjórn landsins, kemur yfirleitt ekki með neinar uppbyggðar till. til þess að ráðast til atlögu við jafnvægisvandamálið? Hvernig stendur á því, að þegar hann lætur hafa sig í það, og það er yfirleitt ekki nema í stjórnarandstöðu, þá gerir hann sig sekan um að koma að jafnaði með ábyrgðarlausar yfirboðstillögur og sýndartill.?

Ég ætla ekki að svara þessum spurningum. Það yrði of langt mál. En ég hygg, að flestir greindir menn geti rennt grun í, hvers vegna þetta er. Og það er með þessari afstöðu Framsfl. almennt til vandamála dreifbýlisins og sérstaklega til hugmyndarinnar um það að brjóta nýjar leiðir í þeim efnum með því að fá aðstoð frá viðreisnarsjóði Evrópuráðsins, sem skýrð verður afstaða ræðumanna hans hér í þessum umr. núna.

Ég mun, eins og ég sagði áðan, ekki ætla mér þá dul að reyna að fara að svara efnislega hv. 3. þm. Vestf. En ég get ekki látið þessar umr. líða svo, að ég veki ekki athygli á því, sem aðrir hafa að vísu gert í þessum umr. áður, að með þeim aðgerðum, sem hæstv. ríkisstj. er nú að gera fyrir Vestfirði, er verið að brjóta blað í aðgerðum ríkisvaldsins til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Með þessu er tekin upp ákveðin áætlunargerð. Það er miðað að ákveðnu marki, stefnt að því að koma á ákveðnu ástandi, sem á að stuðla að því að draga úr fólksflóttanum. Hér er ekki um að ræða sérstakar bráðabirgðaaðgerðir, einstakar aðgerðir til þess að leysa aðkallandi vandamál, dægurmál. Hér er verið að leggja grundvöll að uppbyggingu til að skapa fólkinu skilyrði til þess að una betur við sitt á Vestfjörðum en verið hefur. Það er byrjað einmitt þar sem á að byrja í þessum efnum. Það er ekkert þýðingarmeira en að bæta samgöngurnar. Það þarf að tengja sam-

an byggðirnar, sem eru meira og minna einangraðar mikinn hluta ársins. Þetta verður gert með því að koma á fullkomnu vegasambandi. Með því að tengja byggðirnar þannig saman og með því einu verður mögulegt að skapa grundvöll fyrir því, að fólkið geti notið lífsins á svipaðan hátt á þessum stöðum og í þéttbýlinu. Með því að tengja byggðirnar saman skapast stærri vettvangur atvinnulega, menningarlega og félagslega. Og það er einungis með því móti, sem hægt er að skapa þá fjölbreytni í atvinnulífinu, sem þarf að vera á þessum stöðum. Það er aðeins með því móti, sem hægt er að koma upp þeim þjónustufyrirtækjum, sem fólkið krefst nú á dögum. Þess vegna er stefnt í rétta átt með þeim aðgerðum, sem nú er verið að gera. Og það er einmitt með slíkri víðsýni og stórhug, sem við þurfum að vinna á sem flestum sviðum.

Hér er til umr. vegáætlunin, og á síðustu árum hafa verið teknar upp nýjar vinnuaðferðir í þeim málum. Með setningu nýju vegalaganna er brotið blað í vegamálunum. Það eru tekin upp önnur vinnubrögð en áður voru. Það eru gerðar áætlanir fram í tímann, og það er miðað við að vinna stór verkefni í stórum áföngum. Það var einhver talsmaður Framsfl. hér í kvöld að segja, að við yrðum að ganga fram, en ekki aftur á bak í vegamálunum. En ég fullyrði, að það stærsta skref, sem hefur verið stigið í þessum málum, er einmitt sú löggjöf, sem sett var með nýju vegalögunum. Og ég held því, að það blikni nokkuð aðfinningar, sem stjórnarandstaðan hefur verið með í þessum málum, þegar við höfum þetta í huga og þá ötulu forustu, sem hæstv. samgmrh. hefur haft í þessum málum, síðan hann tók við þeim.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það, sem ég bæti nú við þessar umr., verður í þeim dúr að bæta heldur við en draga úr aðfinnslum gagnvart hæstv. samgmrh. vegna þessarar vegáætlunar, sem hér er til umr., ef hún á að skrifast á reikning hans öðrum mönnum fremur í stjórnarliðinu, sem er sennilega ekki ósanngjarnt að gera.

Ég skal taka það strax fram, að þegar ég sá þessa vegáætlun til fjögurra næstu ára, þá hnykkti mér við. Ég ætlaði naumast að trúa mínum eigin augum um, að það gæti verið svo, að fjárframlögin til nýbyggingar vega færu heldur lækkandi frá ári til árs heldur en hækkandi, og varð mér þá ljóst, að raungildi talnanna færi hraðminnkandi frá ári til árs. En það fór ekkert á milli mála við nánari athugun, svona var þetta, svona er þetta. Og það er það, sem hefur verið uppistaðan í þeim aðfinnslum, sem hér hafa verið hafðar í frammi í umr. um vegáætlunina, og það er ómögulegt að segja annað en það, þegar við lítum til baka og sjáum, að sérhver útgjaldaliður fjárl. hefur farið síhækkandi frá ári til árs, ef ekki átti stórlega að draga úr verðgildi fjárframlaganna, og svo blasir þetta við í einum þýðingarmestu málum fjárl., samgöngumálunum, að fjárveitingarnar til nýbyggingar vega eiga að fara ekki aðeins lækkandi að krónutölu, heldur enn meir auðvitað að raungildi, þá hlýtur mönnum að bregða í brún, þegar allar aðstæður eru þannig í landinu, að mikil þörf hefði verið á því, að aukin fjárframlög yrðu veitt og meiri átök gerð.

Ég held, að það sé í raun og veru fyllilega forsvaranlegt, þó að hv. þm. hafi hér í umr. látið þau orð hrjóta, að þessi vegáætlun væri hneyksli. Það er hún. Og ég hefði ekki lagt þm. það út *nema til hræsni, ef þeir hefðu* ekki skýrum orðum tjáð hugsun sína og afstöðu gagnvart þessari vegáætlun. Það bar þm. vitanlega að gera. Og ég veit, að það hefur ekki komið hæstv. samgmrh. á óvart, þó að dómar þm. yrðu harðir um þetta „pródúkt".

Ég læt þetta nægja, af því að nú er liðið nokkuð á kvöld, til þess að tjá afstöðu mína til vegáætlunarinnar.

Ég kemst þá ekki hjá því þessu næst að víkja nokkuð að þeim hluta þessarar áætlunar, sem að Vestfjörðum snýr, og umr., sem spunnizt hafa af því, hvernig staðið hefur verið að þeim málum að þessu sinni.

Það var enginn skoðanamunur, enginn ágreiningur milli okkar Vestfjarðaþingmanna á þeim tveim viðræðufundum, sem við áttum um það verkefni okkar að reyna að skipta fjárveitingunum til vega á Vestfjörðum. Okkur kom öllum saman um, að það verk væri erfitt og vandasamt vegna þess, hve upphæðirnar væru hryggilega lágar.

Ég verð að segja það, að stjórnarþingmennirnir báru sig nálega eins illa og við stjórnarandstöðuþingmennirnir, þegar þeir stóðu frammi fyrir þessu verkefni. En þegar þeir höfðu játað þetta, hversu upphæðirnar væru hryggilega smátt skornar, þá fóru þeir með varúð að láta okkur skilja, að það væri nú samt sem áður ekki alveg svona slæmt. Það stæði til að hjálpa dálítið upp á sakirnar í samgöngumálum Vestfjarða að öðrum leiðum, og þá fórum við auðvitað að verða forvitnir og spyrja: Hvernig, hvernig á það að verða? Jú, þá var okkur tjáð, að það hefði um skeið verið unnið í Efnahagsstofnuninni að undirbúningi viðreisnaráætlunar Vestfjarða og nú væri svo komið, að einn þáttur hennar væri langt til fullgerður, þó ekki alveg, og í því sambandi var upplýst, að miklar vonir stæðu til, að ríkisstj. fengi lán úr viðreisnarsjóði Evrópu, að upphæð 32 millj. kr., sem varið yrði til samgöngumála á Vestfjörðum á næstu fjórum árum. Það er rétt, sem hv. 4. þm. Vestfjarða (ÞK) sagði hér áðan, að það var ekki alveg fullyrt, að lánið væri fengið, en allar líkur taldar á því. En því var þá bætt við, að það skipti raunar ekki máli í þessu sambandi, því að ríkisstj. væri búin að skuldbinda sig til að fullnægja þessum þætti viðreisnaráætlunar Vestfjarða um 32 millj. kr. framlög, þó að þessi lántaka brygðist. Þannig var því slegið föstu, að þarna kæmi til að

öðrum leiðum 32 millj. kr. upphæð og leysti nokkuð úr þeim vanda, sem við stóðum þarna frammi fyrir. Hins vegar var það játað af stjórnarþingmönnunum, stjórnarstuðningsmönnunum, sem fluttu okkur þennan boðskap, að vandinn með skiptingu vegafjárins á Vestfjörðum minnkaði raunar ekki að ráði við það, að það hillti undir þessar 32 millj., því að það væri skilyrði a. m. k., ef lánið fengist úr viðreisnarsjóðnum, að á móti kæmi jafnmikið framlag innlent, og þá yrðum við, hvort sem okkur líkaði það betur eða verr, að leggja fjárframlög fjárlaga til samgöngumála á Vestfjörðum til þeirra vega, sem þeir vísu menn uppi í Efnahagsstofnun ákvæðu að skyldu fá framlögin úr viðreisnarsjóði Vestfjarða. Þannig yrðu mótframlögin á fjárl. bundin af ákvörðunum þeirra manna, sem hefðu verið að semja viðreisnaráætlunina í pukri uppi í Efnahagsstofnun.

Þá fórum við að spyrjast fyrir um það, hvaða vegir það væru, sem þeir væru búnir að útvelja með starfsmönnum Efnahagsstofnunarinnar fjögur næstu ár til þess að eiga að fá fjárframlögin. Og þá lét einn af hv. þm. stjórnarliðsins, Sigurður Bjarnason, skína á horn af miklum pappír upp úr vasa sínum og dró þar upp eitt mikið plagg, sem mun hafa verið eitt af skjölum Efnahagsstofnunarinnar, áætlun um það, hvernig viðreisnarsjóðsféð ætti að skiptast á vegi á Vestfjörðum. Varð mér þá ljóst, að stjórnarstuðningsþingmennirnir eru búnir að taka þátt í því að skipta vegafénu á Vestfjörðum sem mótframlögum gegn þessu fé og ákveða þannig fram í tímann skiptingu nálega alls vegafjár á Vestfjörðum næstu fjögur ár. Þetta fannst mér óbróðurlega að verki verið, þegar nálega ekkert var þá eftir til þess að skipta til annarra vega. Ég skal ekkert fara í launkofa með það, ég er maður hreinskilinn, að mér líka ekki þessi vinnubrögð. Ég tel, að þm. eins og sama kjördæmis, hvort sem þeir þessa stundina eða hina eru stjórnarstuðningsmenn eða í stjórnarandstöðu, þar sem ráð er fyrir því gert, að skipting fjár, hvort sem er til vega eða annars, skuli gerast á sameiginlegum fundum þm. allra fyrir kjördæmið, eigi ekki að hafa þau vinnubrögð, að það verði uppvíst, þegar að lokum er komið, að meiri hl. þm., þeir sem styðja stjórnina, sé búinn að ganga frá allri skiptingu á fénu og binda fastmælum, hvernig það skuli vera. Þá er það ekkert nema sýndarmennska, blekking, að mæta á fundi ásamt stjórnarandstöðuþm. og segja: Nú skulum við fara að skipta, — þegar það er búið. Ég minnist þess, að á þessum okkar fundi impraði Hermann Jónasson á því, að sér þætti miður, að með þessu yrði ekki hægt að ná saman veginum um Strandasýslu norður í Árneshreppinn á skemmri tíma en 3—4 árum, þætti það illt, ef ekki væri hægt að haga skiptingunni svo, að þetta mætti takast á 2 árum. Það var þess vegna hans ósk, að við reyndum að finna leiðir til þess, að það mætti takast, og ég lái honum það ekki. Ég man, að hv. 3. þm. Vestf. impraði á fjárveitingu til eins vegar, sem hann sagði að hefði ekki fengið neina fjárveitingu í ein 6—7 ár, en þyrfti mikilla umbóta við, og hefði ástand þess vegar valdið slysum. Ég minntist einnig á að fá smáfjárveitingu til eins vegar. Þetta voru allar okkar óskir um breytingar. Þessu stungu okkar kæru félagar á sig, fóru. Sumir þeirra þinguðu svo í fjvn. um málið. Þegar við svo sáum nál. og till. frá fjvn., varð okkur ljóst, að ekki ein einasta ósk okkar minni hl. í þingmannahóp Vestfirðinga hafði verið tekin til greina, — ekki ein einasta, en hins vegar sagt í nál., að skiptingin á vegafé í kjördæmunum væri öll gerð í samráði við þm. kjördæmanna. Eins og hér var í pottinn búið, var þetta ósatt að því er snerti Vestfirði, því að það hefur einmitt verið alveg forðazt að gera það í samráði við okkur, og við þeim fáu óskum, sem við bárum fram um breytingar, var ekki orðið, — ekki einni einustu. Það er ekkert að undra, þó að það verði nokkrar umr. um það, þegar ekki er beitt bróðurlegri vinnubrögðum eða viðkunnanlegri en þetta. Við í minni hl. mættum vera meira en lítið lítillátir og auðmjúkir, ef við teldum ekki ástæðu til að skýra frá þessu.

Það hefur mikið verið um það rætt, hvort það sé rétt, sem hv. 3. þm. Vestf. hafði sagt hér í dag, að það hafi komið fram á þessum okkar viðræðufundi, að ekki væri til þess ætlazt, að framlögin úr viðreisnarsjóði Vestfjarða kæmu inn á vegáætlunina. Það er þó sannleikur, sem engum tjáir að neita, að þetta bar á góma og einn af stjórnarstuðningsþm. sagði, að það væri ekki ætlunin, að þetta kæmi á vegáætlunina, lánsféð. Og það var meira að segja rökstutt, að það væri með tilliti til þess, að þá mætti búast við svipuðum kröfum úr öðrum kjördæmum. Þessu tjóar ekki að neita, þetta fór þarna fram. Ég hefði ekki talið ástæðu til að segja frá því, nema af því að hér er búið að bera ósannindi á einn af mínum þingbræðrum, sem hafði þarna sagt rétt frá, því að einmitt þegar við höfðum um þetta rætt, var bent á, að þetta stæðist tæpast, að halda lánsfénu þarna utan við, því að það bryti í bága við 10. gr. sjálfra vegal., þar sem segir: „Skal áætlunin annars vegar gera grein fyrir þeim framkvæmdum, sem fyrirhugaðar eru á tímabilinu, en hins vegar þeirri fjáröflun, sem gert er ráð fyrir vegna þeirra.“ Það að ætla að stinga undan hjá vegáætluninni lánsfé var beint brot á 10. gr., og einmitt þegar þessi orðaskipti okkar fóru fram, var á það bent. Seinna sáum við svo nál. meiri hl. fjvn. Þar kemur fram framarlega í nál., að fjvn.-mönnum var þetta auðvitað fyllilega ljóst, því að þar stendur svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Svo sem gert er ráð fyrir í hinum nýju vegal., eru nú gerðar till. um allar þær framkvæmdir, sem fyrirhugaðar eru á fjögurra ára tímabilinu. Gegnir þar sama máli um þær

framkvæmdir, sem unnar verða fyrir fjárveitingar úr vegasjóði, og þær framkvæmdir, sem vinna skal með væntanlegu lánsfé."

Í þriðja lagi kemur þetta svo í ljós á bls. 10 á þskj. 348, þ. e. a. s. brtt. fjvn., því að þar stendur:

„Heimilt er að vinna að lagningu hraðbrauta, þjóðbrauta og landsbrauta, svo sem rakið er hér á eftir, ef fjár verður aflað til framkvæmdanna."

Gagnályktun af þessu rökrétt er sú, að ekki sé heimilt að vinna að neinum framkvæmdum öðrum en hér séu taldar á eftir og fjár sé aflað til á vegáætluninni.

Það var þegar þetta lá allt saman fyrir, sem við hv. 3. og 1. þm. Vestf. töldum algerlega ógerlegt annað en að bera fram brtt. við vegáætlunina, þar sem gert væri ráð fyrir, til hvaða vega rynni þetta fé úr viðreisnarsjóði Vestfjarða, 32 millj., sem höfðu verið nefndar við okkur á fundi. Þess vegna ákváðum við að flytja okkar brtt., því að ella var okkur ljóst, að það var margskjalfest, að ef við flyttum engar slíkar till., var hægt að segja: Nú, þið fluttuð engar till. og höfðuð þó fyrir ykkur á þremur þskj., hvorki meira né minna en á þremur þskj., að það væri óheimilt að ráðast í nokkrar aðrar framkvæmdir en nefndar væru á vegáætluninni og gert ráð fyrir fjárútvegun. — Við vorum því algerlega til neyddir að flytja okkar brtt., svo sem við gerðum, eftir að málið lá svona fyrir.

Ég held, að það fari ekkert á milli mála, að á þessu stigi málsins var það algerlega ákveðið, að viðreisnarsjóðsféð ætti að fara utan við vegáætlunina, enda kom það í ljós á þessum fundi okkar Vestfjarðaþm., þegar ég lét í ljós, að ég hefði heyrt um þetta mál á skotspónum. Ja, hvaðan gat það borizt? Jú, þeir upplýstu það, okkar félagar úr stjórnarstuðningsliðinu. Samgmrh. upplýsti það aðspurður á fundi fjvn., að það þyrfti ekki að hugsa sérstaklega um lánsfjárútvegun fyrir Vestfirði, það yrði leyst með öðrum hætti. Þetta hafði ég einmitt frétt út af fundi fjvn., áður en Vestfjarðaþingmannafundurinn var haldinn. Þar með hafði hæstv. samgmrh. tjáð fjvn. það, að fyrir lánsfé ætti að sjá til vissra vegaframkvæmda á Vestfjörðum utan við vegáætlunina, það yrði gert með öðrum hætti en í sambandi við afgreiðslu vegáætlunar.

Ég held, að það sé því alveg fullkomlega sannað, að það er fyrst eftir umr. s. l. mánudagskvöld, að hik kemur á stjórnarliðið og hæstv. ráðh. um að afgreiða þessi mál svona afbrigðilega, halda þarna milljónatuga fjárveitingum utan við vegáætlun. Og þá var ætlunin að slíta umr. En þar kom babb í bátinn, og umr. var frestað, og þetta babb, sem var í bátnum, var þetta. Ég fagna því. Það minnkar enginn maður af því að gera heldur að athuguðu máli það, sem rétt er, heldur en lemja hausnum við steininn og rota sig á því að gera rangt. Og hæstv. ráðh. á það og hans samstarfsmenn, að þeir hafa nú heldur kosið að hverfa frá því, sem þeir ætluðu að gera rangt, og gera það nú með formlega réttum hætti, og það hefur gerzt hér í dag með flutningi og boðskap hæstv. fjmrh. og þeirri till., sem þeim boðskap svo fylgdi. Samkv. því fer þetta viðreisnarsjóðsfé Vestfjarða inn á vegáætlunina og er ætlað þar að leysa ákveðin, aðkallandi og nauðsynleg verkefni í vegamálum okkar. Skal ég ekkert skorast undan því að fagna því, að þetta fé er í fyrsta lagi útvegað, skiptir mig engu máli, hvort það hefði heldur verið útvegað frá Washington eða Moskvu eða frá viðreisnarsjóði eða flóttamannasjóði Evrópu. Það gerir allt saman sama gagnið, hvaðan sem það kemur, 32 millj. til vegamála á Vestfjörðum á næstu 4 árum er góður fengur, enda þörfin mikil.

Hitt kann ég ekki við, að hv. 4. þm. Vestf., sem talaði, eftir að hv. 3. þm. Vestf. hafði hér talað í kvöld, sagði, að Sigurvin Einarsson hefði talað af fullkomnu ábyrgðarleysi og vanþakkað þetta átak. Þetta er með öllu ómaklegt. Hv. 3. þm. Vestf. hafði um þessa fjárútvegun, þessar 32 millj. til vegamálanna á næstu 4 árum, svo mikil lofsyrði, að ég hef þar engu við að bæta a. m. k. Vissulega taldi ég þetta þakkarvert, en það er ekki hægt að ásaka hv. 3. þm. Vestf. fyrir það, að hann hafi talað sem vanþakklátur maður. Það var síður en svo.

Hér er talað um, að til hafnarmála, vegamála og flugvalla á Vestfjörðum eigi að koma 171.4 millj. kr. Um það hefur verið spurt hér, hvort þetta sé fé, sem eigi að koma að sem lánsfé með sama hætti og upphæðin til vegamálanna eða hvort þarna séu meðtalin nú ákveðin mótframlög á vegáætluninni fyrir næstu ár og að útvegaða féð sé aðeins helmingur af þessari nefndu upphæð, 171.4 millj. kr. Ég stend í þeirri meiningu, að hér sé aðeins um að ræða útvegað fé, sem nemi helmingnum af þessari upphæð, 171.4 millj., hitt séu fjárframlögin til vega og hafna og flugvalla á fjárl. nú og á næstu árum. Ég held, að þetta sé rétt, mundi þá heldur kjósa, að það væri svo, að hér væri ekki verið að tvítelja sama féð, heldur væri aðfengna upphæðin 171.4 millj., og skyldi ég þá enn bæta nokkrum lofsorðum við til hæstv. ríkisstj. fyrir að hafa útvegað það fé. En það verður áreiðanlega leiðrétt, ef það er misskilningur, að hér séu innifalin væntanleg framlög á fjárl. til hafnargerða, vegagerða og flugvalla og hér sé ekki um heildarupphæð að ræða, heldur aðeins um þá upphæð, sem viðreisnaráætlunin bætir við aðrar fjárveitingar.

Þá virðist það, eins og það bögglast fyrir okkur kannske að skilja þetta rétt, hafa bögglazt fyrir hv. 11. landsk. þm. að skilja till. okkar hv. 3. þm. Vestf. Þær eru margar og þær eru settar upp af ágætum starfsmanni þingsins. En kjarni þeirra er sá, að þegar við vissum um, að afla átti 32 millj. kr. lánsfjár til framkvæmda í vegamálum á næstu 4 árum til ákveðinna, mjög fárra vega, 5 vega, ef ég man rétt, og allir hinir að verða afstanz, þá lögðum við málin niður fyrir okkur

á þennan veg: Ef tekið er erlent lán upp á 32 millj., er þá skynsamlega með það farið með því að dreifa framkvæmdinni, sem fyrir þetta lánsfé á að koma, á 4 ár? Er ekki skynsamlegra að gera áætlunina þannig, að lánsfénu verði varið til stórframkvæmda í þessum höfuðáföngum í þessum þýðingarmiklu vegum á 2 árum, á þeim 2 árum, sem þm. eru yfirleitt að hugsa um, þegar þeir gera till. í sambandi við þessa vegáætlun, því að hitt eru meira tölur út í loftið, sem þeir setja á pappír fyrir þriðja og fjórða áætlunarárið? Menn vita, að það verður að endurskoða þessa áætlun eftir tvö árin. Framkvæmdatímabilið, sem um er að ræða, er því næstu tvö ár. Og hvers vegna er það skynsamlegra að vinna fyrir 32 millj. á næstu tveimur árum heldur en dreifa því á fjögur ár? Það er m. a. með tilliti til verðbólguófreskjunnar. Þetta vegafé væri búið að missa mikið af gildi sínu, ef helmingur þess ætti að bíða til áranna 1967 og 1968. Þess vegna er það uppistaðan í okkar till., að 16 millj. af vegafénu fari til framkvæmda á yfirstandandi ári, 1965, og aðrar 16 millj. — og þar með er því lokið — til vegaframkvæmda á Vestfjörðum á árinu 1966. Þetta gerði okkur mögulegt einmitt að nota á annan hátt og til fjárveitinga til miklu fleiri vega það fé, sem koma skal á fjárl., innlenda féð til vegaframkvæmda á Vestfjörðum, og það er með því fé, sem við leggjum til að ráðizt sé í vegaframkvæmdir á einum 20 vegum á Vestfjörðum, sem ekki áttu að fá neinar fjárveitingar vegna þess, hvað þessir fáu aðalvegir áttu að taka mikið upp, um 80—90%, bæði af lánsfénu og vegasjóðsfénu. Þetta á ekki að vera torskilið mál, en þetta er meginkjarni till., að taka lánsféð og verja því til meginframkvæmda á næstu tveimur árum, en dreifa því ekki á fjögur, og fá þá meira laust af vegasjóðsfjárframlögunum til hinna minni fjárveitinga til hinna dreifðu vega úti um byggðirnar. Það hefur þegar verið lagt þannig út af íbúum Vestfjarða, að ef eingöngu væri varið fé til vegarins sunnan Þingmannaheiðar og vegarins frá flugvelli á Patreksfirði norður um Litladal og Hálfdán til Bíldudals og síðan Gemlufallsheiði og Breiðadalsheiði til Ísafjarðar ásamt Bolungarvíkurvegi og vegi til Súgandafjarðar og Flateyrar, væru að verulegu leyti þessir vegir teknir fram úr, að þeir væru að nokkrum hluta sportvegir, en ekki litið við neinum vegum, kannske enn þá þýðingarmeiri, sem greinast út frá þessum vegarstofni um byggðirnar, þjónustuvegum fólksins. Ég veit, að það er ekki hugsað þannig af okkar þingbræðrum í þingmannahópi Vestfirðinga, að þessir vegir séu látnir sitja fyrir, af því að þeir séu ekki aðeins nytjavegir fólksins, heldur sportvegir umferðarinnar, almennu umferðarinnar. Það er af því, að þessir vegir eru ekki uppbyggðir vegir og ef þeir eru ekki endurbættir, er vegakerfið á Vestfjörðum ósamstætt og lítt nothæft nema um hásumarið, og þessar framkvæmdir eru því nauðsynlegar. En það er skynsamlegra að haga framkvæmdum eins og ég og hv. 3. og 1. þm. Vestf. leggjum til, að átakið sé gert í þessum vegum á tveimur árum og síðan sé varið meginhluta af innlenda fénu í umbætur á hinum vegunum jafnframt.

Það mun enginn hafa misskilið hins vegar brtt. okkar á þskj. 379, sem er um það að verja 300 þús. kr. til þess að brúa Steinadalsá í Strandasýslu. Hún þarf ekki útskýringa við. En það er fátt og smátt um fjárveitingar á þessari vegáætlun til brúargerða á Vestfjörðum, og við töldum því ekki neina goðgá að flytja þarna brtt. um eina litla brú.

Með þessu, sem ég nú hef sagt, skal ég láta máli mínu lokið og tel raunar, að tilefni hinna miklu umr. milli okkar Vestfjarðaþm. um vegáætlun að þessu sinni sé í fyrsta lagi óánægja með vegáætlunina sjálfa og í annan stað óánægja með það, hvernig að málinu var staðið af okkar félögum. Ef þingmannahópurinn á Vestfjörðum á að annast skiptingu fjárins, er það ekki viðkunnanlegt, að fjórir þeirra séu búnir að halda hvern fundinn eftir annan og ákveða fyrir fullt og fast alla skiptinguna, en koma síðan samt á tvo fundi með okkur og þykjast vera að skipta eða þykjast ætla að fara að skipta því, sem búið er að skipta, og geta þannig ekki tekið til greina neina till., smáa eða stóra, frá okkur; í annan stað að hafa unnið með opinberri stofnun hér í borginni að ákveðinni áætlun um þýðingarmikið mál í okkar kjördæmi, en hafa minni hl. þm., eins og þeir væru einhverjir hættulegir fjandmenn þessara mála, alveg utan við. Og í sambandi við þetta kemst ég ekki hjá að segja það hér, að mér mislíka einnig þau vinnubrögð opinberrar stofnunar að gauka skjölum, þýðingarmiklum skjölum til upplýsinga á vissum þýðingarmiklum kjördæmismálum, að stuðningsmönnum stjórnarinnar einum, svo að þeir þurfi bara að fara laumulega með þessi skjöl, en halda þeim leyndum fyrir þm. minni hl. Þetta eru engin embættisleg vinnubrögð, og verður að vita þau, en þannig hefur Efnahagsstofnunin í þessu tilfelli hagað sér.

Mín síðustu orð skulu svo vera þau, að ég tel, að það hafi verið mjög mikil þörf á því að útvega lánsfé, eins og lofað var fyrr á þinginu í vetur, lánsfé til vegamála á Vestfjörðum, og ég fæ nú ekki betur séð en það hefði verið full þörf á því að líta til Austfjarðanna eitthvað með líkum hætti, því að því verður ekki neitað, að það er mjög líkt ástatt með vegamálin á Vestfjörðum og Austfjörðum. Fjarlægðirnar eru miklar í þessum landshlutum, fjallendi mikið og ástandið í vegamálum þannig mjög áþekkt í báðum þessum landshlutum. Ég tek því undir það með hv. 5. þm. Austf., að Austfirðingum hlýtur að hitna í hamsi við það að fá ekki svipaða afgreiðslu á sínum málum á þessu þingi og við Vestfirðingar höfum þó fengið. Það má segja, að það sé í mörg horn að líta hjá fjárveitingavaldinu, en þarna er um tvo

landshluta að ræða, sem erfitt er að gera upp á milli, og ómögulegleiki, held ég, að það geti nú varla verið að útvega utanlands eða innan 32 millj. á 4 árum, eins og þetta er nú fyrirhugað til okkar. Þess vegna kemst ég ekki hjá að viðurkenna það, að mér finnst þarna vera gert upp á milli tveggja landshluta, sem standi mjög svipað að vígi og hefðu haft mjög svipaða þörf báðir. Þess vegna skil ég þm. Austfjarða mjög vel og tek undir þeirra mál og vil enn skírskota til hæstv. samgmrh. og ríkisstj. í heild, hvort þeir gætu nú ekki fullnægt réttlætinu betur og drýgt þannig meiri dáð en þeir jafnvel hafa gert með þessari útvegun til Vestfjarða. Er ekki til meira í viðreisnarsjóðnum gegn góðum tryggingum hins ágæta íslenzka ríkis?

Forseti (BF): Þá hafa ekki fleiri kvatt sér hljóðs og verður því að telja, að umr. sé raunverulega lokið. Hins vegar mun ég ekki slíta umr., þar sem ekki hefur tekizt í kvöld að fá samþykkt afbrigði fyrir fram kominni skrifl. brtt., og verður það gert í trausti þess, að ekki vekist upp umr. á ný á morgun.

Umr. frestað.

Á 38. fundi í Sþ., 2. apríl, var enn fram haldið síðari umr. um till. (A. 146, n. 350 og 356, 348, 357, 364, 365, 367, 377, 378, 379, 382, 399, 407).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 407, sem var útbýtt á fundinum, leyfð og samþ. með 49 shlj. atkv.

Brtt. 357,1—2.a felld með 30:26 atkv.
— 377,1.a felld með 30:26 atkv.
— 367,1 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 365 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 377,1.b.2.j tekin aftur.
— 377,1.b.1—3 felld með 30:27 atkv.
— 378 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 357,2.b felld með 27:26 atkv.
— 367,2—3 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 379 felld með 27:26 atkv.
— 357,3 felld með 29:27 atkv.
— 407 felld með 29:25 atkv.
— 377,2.a felld með 31:27 atkv.
— 399,1 samþ. með 48 shlj. atkv.
— 364,1 felld með 29:26 atkv.
— 382 felld með 28:24 atkv.
— 377,2.b felld með 27:26 atkv.
— 399,2 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 364,2 felld með 30:26 atkv.
— 367,4 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 357,4 felld með 30:27 atkv.
— 348, svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 44 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 420).

7. Kvikmyndasýningar í sveitum.

Á deildafundum 23. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um kvikmyndasýningar í sveitum [77. mál] (A. 102).

Á 14. fundi í Sþ., 25. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 25., 26. og 27. fundi í Sþ., 5., 10. og 24. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Sþ., 3. marz, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 4. þm. Austf. að flytja þá till. til þál. á þskj. 102, sem hér er til umr., um kvikmyndasýningar í sveitum. Till. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta fara fram í samráði við sveitarstjórnir athugun á því, hvernig hagkvæmast sé að skipuleggja kvikmyndasýningar í sveitum landsins."

Ef menn gefa því gætur, hvers konar skemmtanir eru efst á baugi hjá þjóðinni, kemur fljótt í ljós, að kvikmyndasýningar eru þar yfirgnæfandi að því leyti, að kvikmyndahúsin sækir miklu meiri fjöldi manna en aðrar almennar samkomur. Þetta er annars vegar vegna þess, að kvikmyndasýningar eru ódýrar skemmtanir borið saman við aðrar, en að hinu leytinu eru þær bæði fróðlegar og skemmtilegar og mjög fjölbreytilegar, og sé kvikmyndaeftirlit sæmilega rækt, verður ekki séð, að af kvikmyndasýningum stafi nokkur veruleg hætta, hvorki fyrir unga né gamla. Að vísu hafa kvikmyndir mjög misjafnt gildi. bæði til fróðleiks og skemmtunar, en hins vegar er úrvalið allmikið. Það er því auðskilið mál, vegna hvers kvikmyndahús eru mikið sótt.

En kvikmyndahús verða ekki starfrækt nema í þéttbýli. Fjárhagsleg afkoma þeirra byggist fyrst og fremst á því, að fjöldi sýningargesta fari ekki niður fyrir ákveðið lágmark. Af þessum ástæðum eru sveitirnar útilokaðar frá því, að þar verði starfrækt kvikmyndahús, og af þessu leiðir svo, að fólk í sveitum verður að sækja til næsta kauptúns eða kaupstaðar, ef það vill sækja kvikmyndahús. En þessu verður þó ekki við komið nema í næsta nágrenni bæjanna vegna vegalengda og þó varla þar heldur, því að sveitarstörfin rekast á sýningartíma kvikmyndahúsanna. Unga fólkið í sveitunum reynir að vísu að ná til þessara skemmtana af og til, þar sem þess er kostur, en eldra fólkið reynir yfirleitt ekkert til þess. Það má því segja, að þessi grein skemmtanalífsins fari fram hjá íbúum sveitanna.

Kvikmyndir hafa sitt aðdráttarafl, eins og ég drap hér á, og þetta aðdráttarafl verkar í

þá átt með mörgu öðru að draga fólkið úr dreifbýlinu til þéttbýlisins. Þeir, sem una því illa, að sveitirnar tæmist af starfhæfasta fólkinu, hljóta því að styðja hverja raunhæfa tilraun til að jafna aðstöðumuninn milli dreifbýlis og þéttbýlis á þessu sviði.

Það er öllum kunnugt, að kvikmyndir hafa lengi verið sýndar utan kvikmyndahúsa. Þetta hefur verið gert við margvísleg tækifæri. Kvikmyndir hafa verið sýndar í félagsheimilum og öðrum samkomuhúsum, en þær hafa einnig verið sýndar á heimilum, bæði í þéttbýli og dreifbýli. Þegar þess er gætt, að sýningar kvikmynda á heimilum hafa gefið góðan árangur, er eðlilegt, að sú spurning vakni, hvort ekki megi skipuleggja slíkar sýningar og flytja þannig inn í dreifbýlið mikilsverðan þátt skemmtanalífsins, sem það hefur farið á mis við fram að þessu. Það má hugsa sér þetta í framkvæmd í stórum dráttum þannig, að byggðarlag, t. d. ein sveit eða fleiri sveitarfélög saman, eignist sína sýningarvél með tilheyrandi tækjum, einhver maður, sem er búsettur í byggðarlaginu, kynni sér meðferð kvikmynda og annist sýningar. Sýningarstaðir verði fyrir fram ákveðnir og sýningartímar, en kvikmyndir verði að sjálfsögðu leigðar. Og þar sem hið opinbera á verulegt safn kvikmynda, t. d. fræðslumálastjórnin, þjóðleikhúsið, skólarnir o. fl., gætu þessir aðilar orðið til mikils stuðnings þessu máli. Félagsheimili ættu að geta komið í góðar þarfir við kvikmyndasýningar, en þar sem ekki er um þau að ræða eða of langt er fyrir fólk að sækja sýningar þangað, koma til greina sýningar á heimilum. Víða í sveitum eru nú komin svo góð húsakynni, að ekki er verulegum vandkvæðum bundið að sýna þar kvikmyndir. Auðvitað yrði þar ekki um stóran hóp sýningargesta að ræða, húsnæði setur þar sín takmörk. En ekki efast ég um, að fljótlega yrðu endurbætur gerðar á íbúðarhúsum í sveitum, sem bezt þættu til þess fallin að sýna þar kvikmyndir, svo að ekki þyrfti að stranda á húsnæði fyrir þann fámenna hóp, sem mundi sækja slíkar sýningar.

Ég hef orðið þess var, að menn álíta, að ekki geti þær kvikmyndir orðið með tali og tónum, sem sýna ætti í heimahúsum. Ég hef þess vegna leitað mér upplýsinga um þetta hjá kunnáttumanni í þessum efnum. Ég leitaði til Karls Guðmundssonar sýningarstjóra í Háskólabíó og lagði fyrir hann eftirfarandi spurningu: Eru einhver vandkvæði á því að sýna kvikmynd með tónum og tali í heimahúsum, hvort sem er um mjófilmu eða breiðfilmu að ræða? Og svar hans var á þessa leið: „Á þessu eru engin sérstök vandkvæði. Ég tel þó æskilegra, að filmurnar hefðu segultón, svo að hægt væri að tala á íslenzku skýringar inn á myndina, ef það þætti nauðsynlegt. Breiðfilmukvikmyndir eru hins vegar dýrari og einnig sýningarvélar fyrir þær.“ Þá hef ég rætt þetta mál við Stefán Júlíusson forstöðumann fræðslumyndasafns ríkisins og beðið hann um álit hans á þessu máli. Hann svaraði mér með svo hljóðandi bréfi:

„Vegna fyrirspurnar yðar, herra alþm., varðandi þáltill. ykkar Páls Þorsteinssonar um kvikmyndasýningar í sveitum, er mér ljúft og skylt að taka fram eftirfarandi atriði:

Á síðustu árum hefur talsvert verið sýnt af stuttum fræðslukvikmyndum, íslenzkum og erlendum, í sveitum landsins. Um þetta vitna útlánaskrár fræðslumyndasafnsins. Öðru máli gegnir um sýningar á löngum, leiknum kvikmyndum. Þar hefur ekki verið um auðugan garð að gresja í dreifbýlinu fram að þessu. Geri ég ráð fyrir, að þið alþm. hafið haft slíkar sýningar í huga, þegar þið báruð fram till. ykkar. Að mínum dómi væri auðveldast og hagfelldast að hafa sýningar á 16 mm filmum fyrir þá áhorfendur, sem nú fara á mis við kvikmyndasýningar, bæði með tilliti til fjölda áhorfenda og allra aðstæðna. 16 mm sýningarvélar eru víða til í sveitum og þorpum, ýmist í eigu skóla eða félagasamtaka, og mundi það létta undir með framkvæmd í byrjun. Slíkar vélar eru ódýrari í innkaupi en breiðfilmuvélar og því viðráðanlegri fyrir smáhópa. Þær eru líka léttari í vöfum og meðfærilegri í flutningi og notkun í litlum húsakynnum. Allar helztu kvikmyndir, sem sýndar eru í kvikmyndahúsum bæjanna, eru til í 16 mm útgáfu. Fræðslumyndasafnið hefur á undanförnum árum haft þetta mál til athugunar, en framkvæmdir hafa enn sem komið er strandað á fjárskorti. Leiga á löngum, leiknum 16 mm kvikmyndum er allhá. Þó má gera ráð fyrir, að safnið geri ofur litla tilraun með þessa starfsemi á næsta ári. Hafa kvikmyndafélög í Evrópu og Ameríku boðið safninu til leigu hundruð úrvalskvikmynda, ef það sæi sér fært að taka upp þessa starfsemi fyrir dreifbýlið. Ég tel því hiklaust, að koma mætti á allreglubundnum kvikmyndasýningum í öllum sveitum landsins, ef fyrir hendi væri fé til að tryggja leigu á nokkrum tugum kvikmynda, meðan aðgangseyrir innheimtist og komið yrði á skipulagi um framkvæmdir heima í héruðum.

Reykjavík, 30. nóv. 1964.

Stefán Júlíusson
forstöðumaður fræðslumyndasafns ríkisins.“

Ég vek athygli á því, að þegar forstöðumaðurinn talar um tilraun í þessum efnum á næsta ári, á hann við árið 1965, því að bréfið er skrifað á fyrra ári.

Samkv. þessum umsögnum tveggja kunnáttumanna í kvikmyndasýningum má ætla, að tæknileg vandamál þurfi ekki að hindra það, að komið verði á skipulögðum kvikmyndasýningum í sveitum. Hin fjárhagslega hlið þessa máls er í meiri óvissu enn sem komið er. Þá hlið málsins þarf að athuga rækilega, eins og lagt er til í þessari till. Mikið veltur á því, hvaða undirtektir og áhuga mál þetta fær í dreifbýlinu, svo og hvaða stuðnings má vænta

frá hinu opinbera, ríki, sveitarfélögum og einnig félagssamtökum og einstaklingum. En takist að leysa þetta mál á viðunandi hátt, tel ég vafalaust, að það mundi stórbæta félagslíf sveitanna, og þar er sannarlega ekki vanþörf á.

Ég tel ekki nauðsynlegt að fjölyrða frekar um þessa till. að þessu sinni, en legg til, herra forseti, að umr. verði nú frestað og málinu vísað til hv. allshn.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 30 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 40. fundi í Sþ., 7. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 102, n. 422).

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Till. til þál. um kvikmyndasýningar í sveitum, sem prentuð er á þskj. 102, hefur verið til meðferðar í allshn. Nefndin hefur fengið umsögn um þetta mál frá búnaðarþingi, Ungmennafélagi Íslands og fræðslumyndasafni ríkisins. Allar þessar umsagnir eru jákvæðar varðandi efni till., en fræðslumyndasafn ríkisins hefur sent nefndinni allýtarlega greinargerð um málið, sem prentuð er sem fskj. með nál., og leyfi ég mér að vísa til þess. N. hafði einnig leitað umsagnar hjá Sambandi ísl. sveitarfélaga, og barst svar frá stjórn sambandsins, sem kvaðst ekki treysta sér til þess að taka afstöðu til málsins, vegna þess að hún hefði ekki haft aðstöðu til þess að kanna vilja sveitarfélaga um þetta mál.

Að athuguðu máli og eftir að hafa athugað sérstaklega þær umsagnir, sem ég nú hef nefnt, ákvað n. að leggja til, að till. um kvikmyndasýningar í sveitum verði samþykkt, eins og hún liggur fyrir á þskj. 102.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 31:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 31:1 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 437).

8. Ræktun lerkis á Fljótsdalshéraði.

Á 25. fundi í Sþ., 5. febr., var útbýtt:
Till. til þál. um ræktun lerkis á Fljótsdalshéraði til framleiðslu á girðingarstaurum [118. mál] (A. 240).

Á 26. fundi í Sþ., 10. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 31. fundi í Sþ., 10. marz, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Till. sú til þál., sem ég vil mæla hér fyrir, er á þskj. 240, um ræktun lerkis á Fljótsdalshéraði, og er á þessa leið:

„Alþ. ályktar að fela landbrh. að hlutast til um, að Skógrækt ríkisins hefji nú þegar ræktun lerkis á Hallormsstað eða grennd með það fyrir augum að leitast við að fullnægja þörf Íslendinga fyrir girðingarstaura."

Þessari till. fylgir stutt greinargerð, þar sem dregin eru fram helztu rökin fyrir því, að hún er hér fram borin, en þau eru í stuttu máli þessi: að Fljótsdalshérað virðist vera bezta skógræktarhérað landsins; að lerki er fljótvaxnasta viðartegundin og sú, sem bezt hentar til þess að framleiða girðingarstaura; að eins og Fljótsdalshérað er yfirleitt einna bezt fallið til skógræktar af héruðum hér, þá er það sérstaklega að því er snertir einmitt þessa tegund viðar.

Ég vil aðeins, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér upp stuttan kafla úr ritgerð í Ársriti Skógræktarfélags Íslands frá 1964, sem fjallar um ræktun lerkis hér á landi. Hún er eftir skógarvörðinn á Hallormsstað, Sigurð Blöndal, og þar er dregið saman á glöggan hátt allt hið helzta, sem vitað er um ræktun þessa viðar hér, og niðurstöður dregnar af þeirri reynslu, sem fengin er hér á landi. En þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hallormsstaður: Þetta er sá staður á landinu, sem mestu lerki hefur verið plantað. Þar hefur það unnið sér fullkominn þegnrétt, því að þar hefur það borið þroskað fræ og þegar er önnur kynslóð í uppvexti. Skal nú stuttlega rakin saga lerkisins á Hallormsstað. Plöntuninni má skipta í 3 kafla: fyrsta árið 1922, annan árið 1937 og 1938 og þriðja frá árinu 1951. Búið er að planta alls 189400 lerkiplöntum í 33 ha. Árið 1922 var plantað sex aðskildum þyrpingum af lerki, alls á þriðja hundrað trjám. Uppruni fræsins er óþekktur. Árin 1937—38 var plantað lerki á tveimur stöðum í skóginum, alls 5850 plöntum í 0.8 ha. Annar teigurinn er Guttormslundur. Árið 1951 hófst svo aftur plöntun lerkis eftir langt hlé. Síðan hefur lerki verið plantað flest árin að Hallormsstað. Af þessu sést, að það er komin allgóð reynsla. Aðeins þar og í Eyjafirði er nokkuð til að ráði af lerki frá því fyrir 1951. Ef lögð er saman reynsla af eldri árgöngunum og hinum yngri, getum við slegið því föstu, að lerkirækt in er örugg á þessum tveimur svæðum.

Aðrir staðir á Héraði: Laust eftir 1920 voru gerðir trjágarðar víða við bæi á Héraði. M. a. var lerki plantað í þá flesta. Eru þannig til smáþyrpingar eða einstök tré frá þessum tíma, allt utan frá Héraðsflóa og inn í Fljótsdal. Þessir litlu lundir gefa ofur litla vísbendingu um vaxtarskilyrði lerkisins, og svo vel vill til, að þetta lerki er allt af árganginum, sem plantað var á Hallormsstað 1922, svo að viss samanburður fæst við skilyrðin þar. Fljótsdalshérað hefur sérstöðu af dölum Íslands í því, hversu lágt það liggur yfir sjávar-

mál langt inni í landi. Þegar komið er 85 km inn frá Héraðsflóa að Valþjófsstað, er hæðin yfir sjávarmál ekki nema um 40 metrar. Á Héraði eru því betri aðstæður til þess en annars staðar á landinu að gera sér grein fyrir því, hver áhrif nálægð hafsins hefur á trjágróður, án þess að áhrifa gæti af hækkun landsins. Kemur greinilega í ljós, að vöxtur lerkisins fer jafnt og þétt batnandi, eftir því sem lengra kemur inn í dalinn. Nær þetta bæði til trjáhæðar og lögunar. Árið 1938 var 800 lerkitrjám plantað á Eiðum, en sá staður er nokkuð utan við mitt Hérað. Þessi plöntun fór vel af stað, en stórskemmdist 1952 í norðanveðri, sem kom seint í maí eftir undanfarandi hlýindi. Munu trén seint losna við þau örkuml, er af kalinu leiddi. En lerkitré af sama kvæmi, sem voru fyrir ofan mitt Hérað, skemmdust ekkert né heldur elzta lerkið í Hjaltastaðaþinghá, sem áðan var getið. Árið 1951 hófst svo plöntun lerkis á nokkrum stöðum á Upphéraði, eins og víða á landinu. Af því er svipaða sögu að segja og því, sem hér hefur verið rakið frá Eyjafirði. Það hefur vaxið vel, enda þótt því sé alls staðar plantað í rýran móajarðveg nema í Ranaskógi í Fljótsdal. Þar er vöxturinn betri en á Hallormsstað, ef nokkuð er."

Og enn segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Suður- og Suðvesturland: Í þessum landshlutum hefur litlu verið plantað, sem vonlegt er. Í Múlakoti og í Haukadal í Biskupstungum eru til örlítil sýnishorn frá 1938. Í Haukadal hafa trén lengi borið merki vanþrifa, og í Múlakoti skemmdust þau allmikið í páskahretinu 1963. Í Reykjavík eru lerkitré til allvíða í görðum. Þessi tré eru víða snotur, en vöxtur þeirra fremur hægur, en þau stóðu sig furðanlega í páskahretinu 1963. Frá árinu 1951 hefur ofur litlu af lerki verið plantað við og við, bæði í Heiðmörk og Haukadal. Í Haukadal hafa trén skemmzt dálítið og vöxturinn verið hægur. Í Heiðmörk hefur það stundum skemmzt allmikið í vorhretum, einkum 1963."

Ég hef leyft mér að lesa upp þennan kafla, til þess að menn sjái, við hvað ég sérstaklega styðst, þegar ég flyt þessa þáltill., en það eru, eins og ég hef reynt að koma að í grg., þau rök, að einmitt á Fljótsdalshéraði mun vera auðveldast og öruggast að framleiða lerki. Það má segja, að það ætti ekki að skipta máli, hvort hér væri um allsherjarræktun að ræða, hvort sem væri til stauraframleiðslu eða annars. En ég vil benda á það, að samkvæmt reynslu í því efni, og er þá um reynslu á Hallormsstað að ræða, þá kemur í ljós, að til þess að fá góða girðingarstaura þarf að planta með sérstökum hætti. Það þarf að rækta samfelld svæði, planta miklu þéttara en ef fyrirhuguð er ræktun á stærri viði til lengri tíma. Þess vegna þarf að gera sér grein fyrir því þegar í upphafi, í hvaða skyni þessi ræktun er gerð. Það er oft minnzt á fábreytni framleiðslu okkar og atvinnuvega. Þetta er að vísu ekki stór liður, þegar um framleiðslu- eða atvinnumál er að ræða. En það gildir þó alltaf hinn gamli málsháttur, að það er kornið, sem fyllir mælinn. Þess vegna eigum við aldrei að vanmeta þá þætti, sem hægt er að snúa sér að í framleiðslumálum okkar, ekki heldur þá þeirra, sem kannske virðast vera litlir í fyrstu.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta. Ég vænti, að menn hafi áttað sig á, að það liggja sérstök rök að baki þessari till., einmitt að benda á ákveðna ræktun á þessu ákveðna svæði. Þess vegna vænti ég, að hún fái góðar undirtektir hér á hv. Alþ. Ég vil leyfa mér að leggja til, að þessari umr. verði nú frestað og till. verði vísað til hv. fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 44. fundi í Sþ., 28. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 240, n. 520).

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Till. sú til þál., sem hér er til umr., hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþ. ályktar að fela landbrh. að hlutast til um, að Skógrækt ríkisins hefji nú þegar ræktun lerkis á Hallormsstað eða grennd með það fyrir augum að leitast við að fullnægja þörf Íslendinga fyrir girðingarstaura."

Fjvn. sendi mál þetta til umsagnar til Skógræktarfélags Íslands og Skógræktar ríkisins og fékk álit þeirra um þáltill. Báðir þessir aðilar mæla með því, að till. verði samþ., og með því að álitsgerðirnar eru ekki langt mál, vil ég leyfa mér að lesa þær. Umsögn Skógræktarfélags Íslands hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Sem svar við bréfi hv. fjvn. Alþ. dags. 16. marz 1965, þar sem leitað er umsagnar Skógræktarfélags Íslands varðandi till. til þál. um ræktun lerkis á Fljótsdalshéraði til framleiðslu á girðingarstaurum, vill stjórn Skógræktarfélags Íslands taka fram eftirfarandi:

Stjórn Skógræktarfélags Íslands fagnar þessari till. og álítur, að hún miði í rétta átt, en telur, að hún sé aðeins einn þáttur í víðtækari athugun og framkvæmd, sem nauðsynlegt sé að verði gerð hið fyrsta, þ. e. skógrækt til viðarframleiðslu á Fljótsdalshéraði með ræktun lerkis. Stjórn Skógræktarfélags Íslands mælir því eindregið með því, að þáltill. þessi verði samþykkt.

F. h. Skógræktarfélags Íslands,

Hákon Guðmundsson,
Einar G. E. Sæmundsen."

Og í umsögn frá Skógrækt ríkisins segir svo, með leyfi forseta:

„Hv. fjvn. Alþ. hefur beðið umsagnar Skógræktar ríkisins um till. Jónasar Péturssonar til þál. um ræktun lerkis í Fljótsdalshéraði. Með því að ræktun lerkis allt frá 1922 hefur

sýnt, að það er bæði auðvelt og ekki seinlegt að rækta lerki á Hallormsstað, ekki aðeins til ræktunar á girðingarstaurum, heldur og til viðar, virðist sjálfsagt að samþykkja þessa till. Þess má geta, að þegar er búið að gróðursetja lerki í yfir 30 ha. lands á Hallormsstað, og er það allt í góðum vexti. Viðarmælingar hafa sýnt, að meðalvöxtur þess hefur verið 6 teningsmetrar viðar í svonefndum Guttormslundi, og með slíkum vexti hefur það gefið yfir 2600 kr. í nettóarð á ha. á ári. Nú þegar er búið að fella um 4500 girðingarstaura í Guttormslundi auk 1700 staurarengla, en samt stendur hávaðinn af viðarmagninu eftir, og eru flest trén orðin svo stór, að þau munu gefa margfalt meiri arð eftir fá ár með því að vera söguð í borð og planka heldur en ef þau væru felld nú og rifin niður í staura. Loks má geta þess, að girðingarstaurar úr lerki ganga næst eikarstaurum að endingu og eru því a. m. k. tvöfalt, ef ekki þrefalt endingarbetri en staurar þeir, sem íslenzkir bændur nota nú.

Með virðingu.

Hákon Bjarnason."

Í grg. fyrir till. þessari segir flm., að hann hafi nýlega séð áætlun um ræktun á girðingarstaurum úr lerki, sem nægja mundi til þarfa landsmanna, og er þá miðað við þann innflutning á slíkum staurum, sem verið hefur að meðaltali undanfarin ár. Þar segir m. a., að heildarnotkunin sé um 60 þús. staurar árlega, og samkv. áætlun, sem Sigurður Blöndal skógarvörður á Hallormsstað hefur gert, telur hann, að rækta megi 10 þús. girðingarstaura á ha. lands, ræktunin taki til jafnaðar um 20 ár og ætti því að þurfa að fullrækta um 120 ha. í þessu skyni til þess að fullnægja þörfum landsmanna.

Eins og fram kemur í áliti fjvn. um mál þetta, leggur n. einróma til, að till. verði samþ.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 540).

9. Síldarleit fyrir Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum.

Á deildafundum 17. des. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um síldarleit fyrir Vestfjörðum, Norðurlandi og Norðausturlandi [108. mál] (A. 179).

Á 24. fundi í Sþ., 3. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 28. fundi í Sþ., 3. marz, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Einar Ingimundarson): Herra forseti. Ég hef flutt á þskj. 179 ásamt nokkrum þm. úr Norðurlandskjördæmi vestra till. til þál. um síldarleit fyrir Vestfjörðum, Norðurlandi og Norðausturlandi. Hljóðar till. um, að Alþingi álykti að fela ríkisstj. að hlutast til um, að síldarleit á sjó fyrir Vestfjörðum, Norðurlandi og Norðausturlandi hefjist ekki síðar en 1. maí ár hvert. Verði skip þau, sem leitina annast, útbúin nauðsynlegum veiðarfærum til síldveiða eða síldveiðiskip fylgi leitarskipunum. Jafnframt hlutist ríkisstj. til um, að a. m. k. eitt síldarleitarskip haldi sig að jafnaði á miðunum fyrir Norðurlandi, meðan á sumarsíldveiðunum stendur.

Eins og í grg., sem fylgir þessari till., segir, er tilefni þess, að hún er flutt, það, að undanfarin ár hafa síldveiðar landsmanna í vaxandi mæli verið háðar leit að síldinni í djúpi hafsins, og má raunar segja, að hin mikla síldveiði undanfarin 4 sumur hafi nær eingöngu byggzt á leit — ötulli leit síldarleitarskipanna, sem stjórnað hefur verið af dugandi starfsmönnum atvinnudeildar háskólans. Hin eiginlega síldarleit hefur undanfarin sumur yfirleitt ekki hafizt fyrr en síðari hluta júnímánaðar, og hafa síldveiðiskipin yfirleitt ekki látið úr höfn fyrr en leitarskipin eru komin á miðin, enda telja þau, þ. e. a. s. veiðiskipin, til lítils að halda á miðin, fyrr en leitarskipin eru komin þangað, þar sem leitarskipin hafa venjulega vísað veiðiskipunum á síldartorfurnar, hvar sem þær kann að vera að finna.

Fróðir menn telja þó, að undanfarin sumur hafi síldargöngur haldið norður með Vestfjörðum og síðan austur með Norðurlandi eða komið utan úr hafi upp að Norðurlandi eða Norðausturlandi í maímánuði og fyrri hluta júnímánaðar, þ. e. alllöngu áður en hin eiginlega sumarsíldarleit hefur hafizt, og hafi af þessu leitt, að síldveiðiflotinn hafi misst af einni eða fleiri síldargöngum í byrjun vertíðar. Telja fiskifræðingar t. d. nokkurn veginn öruggt, að a. m. k. ein síldarganga hafi verið farin austur um með Norðurlandi vorið 1962, áður en síldarleit og síldveiðar hófust síðari hluta júnímánaðar það ár. Staðreynd er það einnig, að allmikil síldveiði var fyrir norðaustan land síðast í maí og fyrst í júní s. l. vor, en þá voru aðeins fá veiðiskip komin á miðin, og hin reglulega síldarleit á hafinu hófst þá að venju ekki fyrr en síðari hluta júnímánaðar. Var hér um að ræða stærstu og jöfnustu síldina og þar af leiðandi beztu söltunarsíldina, sem að landi barst á síðustu sumarsíldveiðum, þótt ekki væri leyft að salta þá síld vegna banns síldarútvegsnefndar.

Með tilliti til alls þessa telja flm. þessarar

till. nauðsynlegt að kanna, hvort síldargöngur kunni að vera á ferðinni fyrir Vestfjörðum, Norðurlandi og Norðausturlandi, áður en síldarleit og síldveiðar hafa almennt verið hafnar undanfarin sumur, en reynsla undanfarinna ára hefur sýnt, að síld hefur gengið á miðin undan þessum landshlutum fyrri hluta sumars, en á Austfjarðamið síðar á sumrinu. Undantekning frá þessu var þó s. l. sumar, þegar síld tók að veiðast af fullum krafti á Austfjarðamiðum upp úr miðjum júnímánuði.

Þá er í till. þessari bent á nauðsyn þess, að síldarleitarskipin séu búin nauðsynlegum veiðarfærum til síldveiða eða að síldveiðiskip fylgi þeim að öðrum kosti. Hefur það stundum komið fyrir, að leitarskipin hafa fundið torfur í hafdjúpinu, sem þau hafa talið vera síldartorfur, en svo hafa ekki reynzt vera það, heldur t. d. kolmunni, loðna eða þorskaseiði. Hefur stundum leitt af þessu gabb og vonbrigði, sem koma mætti í veg fyrir með því, að leitarskipin væru svo búin sem í till. þessari er gert ráð fyrir.

Þá er loks í síðari hluta þessarar till. lögð áherzla á nauðsyn þess, að a. m. k. eitt síldarleitarskip haldi sig á miðunum fyrir Norðurlandi, meðan á síldveiðunum stendur, jafnvel þó að þar virðist ekki vera mikla síld að finna. Með þessu er á engan hátt reynt að kasta rýrð á þá menn, sem síldarleitinni stjórna, eða störf þeirra, meðan leitarskipin halda sig á miðunum, en nokkuð hefur sumum Norðlendingum fundizt á það skorta undanfarin sumur, að síldarleitarskipin væru nægilega stöðug á miðunum fyrir Norðurlandi síðari hluta sumars, sérstaklega þegar lítil von er talin um, að leit mundi bera þar árangur, svo sem t. d. var á s. l. sumri.

Skal ég svo ekki að sinni hafa fleiri orð um þessa till., en legg til, að umr. um hana verði frestað og henni vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 29. fundi í Sþ., 4. marz, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 46 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 47. fundi í Sþ., 5. maí, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 179, n. 440).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Till. þessi, sem hér er á dagskrá, er þess efnis, að Alþingi álykti að fela ríkisstj. að hlutast til um, að síldarleit á sjó fyrir Vestfjörðum, Norðurlandi og Norðausturlandi hefjist ekki síðar en 1. maí ár hvert. Verði skip þau, sem leitina annast, útbúin nauðsynlegum veiðarfærum til síldveiða eða síldveiðiskip fylgi leitarskipunum. Jafnframt hlutist ríkisstj. til um, að a. m. k. eitt síldarleitarskip leiti jafnan síldar fyrir Norðurlandi, meðan á sumarsíldveiðum stendur.

Þessari till. var vísað til allshn., og allshn. fékk umsagnir fjögurra aðila um till., þ. e. a. s. Alþýðusambands Íslands, L. Í. Ú., Fiskifélags Íslands og atvinnudeildar háskólans. Alþýðusambandið mælti með því, að till. yrði samþ., sömuleiðis L. Í. Ú. Fiskifélag Íslands vísaði fyrst og fremst á þá stofnun eða þá menn, sem hefðu með síldarleit að gera, að eðlilegast væri að leita til þeirra og fara eftir þeirra ráðum. Frá fiskideild atvinnudeildar háskólans barst allýtarleg umsögn, undirrituð af Jakob Jakobssyni, og í þessari umsögn gerir hann till. til breyt. á þessari þáltill., sem hér liggur fyrir á þskj. 179.

Allshn. tók þessar ábendingar Jakobs Jakobssonar að verulegu leyti til greina, og þess vegna leggur n. til, að till. verði samþ. með þeirri brtt., sem er á þskj. 440 og fylgir nál., en samkv. till. n. á tillgr. að orðast svo:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um, að við síldarleit á sjó sé fyrir hendi nægur kostur vel útbúinna rannsóknar- og leitarskipa, svo að unnt verði að halda uppi öflugri, samfelldri og skipulagðri síldarleit fyrir Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum, meðan sumarsíldveiðarnar standa yfir. Skal síldarleitin hefjast eigi síðar en 15. maí sumar hvert."

Þær breytingar, sem í þessu felast, eru fyrst og fremst, að þarna er lögð áherzla á, að fyrir hendi sé kostur vel útbúinna rannsóknar- og leitarskipa, og enn fremur er svæðið stækkað, þannig að það er sett inn „Austfjörðum" í staðinn fyrir „Norðausturlandi", og þá er því sleppt úr till., að jafnan skuli eitt skip staðsett fyrir Norðurlandi yfir sumarsíldveiðitímann, en hins vegar sett inn ákvæði, að á öllu þessu svæði, fyrir Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum skuli vera öflug, samfelld og skipulögð síldarleit.

Með þessari breytingu mælir allshn. með því, að till. verði samþ.

Einar Ingimundarson: Herra forseti. Ég vil aðeins nota tækifærið til að þakka hv. allshn. fyrir afgreiðslu hennar á þeirri till., sem hér er til umr. Einnig get ég lýst yfir því fyrir mitt leyti, að ég get alveg sætt mig við það orðalag, sem n. hefur ákveðið á tillgr., enda er það að mestu samhljóða tillgr., eins og hún var orðuð upphaflega.

ATKVGR.

Brtt. 440,1 (ný tillgr.) samþ. með 32 shlj. atkv.

Brtt. 440,2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 645), með fyrirsögninni:

Þál. um síldarleit fyrir Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum.

10. Síldarflutningar og síldarlöndun.

Á deildafundum 7. des. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um síldarflutninga og síldarlöndun [90. mál] (A. 129).

Á 17. fundi í Sþ., 9. des, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 28. fundi í Sþ., 3. marz, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Till. sú til þál., sem ég flyt hér ásamt hv. 5. landsk. þm., fjallar um síldarflutninga og síldarlöndun. Efnislega er till. á þá lund, að Alþ. álykti að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir stofnun samtaka með síldarverksmiðjum og söltunarstöðvum um rekstur flutningaskipa, sem annazt gætu síldarflutninga til vinnslustöðva, þegar slíkir flutningar henta betur en flutningar veiðiskipanna sjálfra á eigin afla. Annað efnisatriði till. er svo það, að rannsakað sé, hvort ekki sé tímabært orðið og nauðsynlegt, að komið verði upp með samstarfi réttra aðila miðstöð, sem stjórni allri löndun síldveiðiskipa, með tilliti til þess, að sem fyllst nýting verði á afkastagetu vinnslustöðvanna og jafnframt á veiðimöguleikum síldveiðiflotans.

Í grg., sem þáltill. fylgir, er í megindráttum rakið, hvernig við höfum á undanförnum áratugum reynt að aðlaga verksmiðjukost okkar í síldarbræðslu þeim mikla breytileik, sem verið hefur á veiðisvæðum síldarinnar. Sú þróun, sem þar er greint frá, hefur að flestu verið næsta eðlileg. Fram á síðustu ár voru síldveiðar að langmestu leyti stundaðar á tiltölulega litlum bátum, allt niður í 30—40 tonna og jafnvel enn minni og sjaldnast yfir 100 tonna. Möguleikar slíks flota til þess að sigla langleiðir með afla og það jafnhættulega farma og síldin er voru litlir. Umskipun í stærri skip til flutninga var útilokuð af tæknilegum ástæðum og geymslupol aflans lítið. Afleiðingin varð því sú, að árangur í veiðum og vinnslu byggðist á því, að nægur kostur síldarverksmiðja og söltunarstöðva væri nærri veiðisvæðunum, og þá var sá kostur einn fyrir hendi að byggja nýjar verksmiðjur, eftir því sem unnt var, í námunda við hin breytilegu mið. Þannig höfum við í dag eignazt mikinn fjölda síldarverksmiðja í öllum landshlutum og söltunarstöðvar hið sama.

Í engri atvinnugrein hefur verið meiri fjárfesting nú um langt skeið en í síldariðnaðinum, en hún telst jafnvel í 100 millj. kr. allra síðustu árin, og allt bendir til þess, að hún muni fara vaxandi á næstu tímum. Það er augljóst, að árangur af þessari miklu fjárfestingu í verksmiðjum, söltunarstöðvum, skipum og síðast en ekki sízt margs konar tæknibúnaði hefur orðið mikill og hlutur síldariðnaðarins í þjóðarframleiðslunni er nú orðinn stærri og væntanlega árvissari en nokkru sinni áður. Þannig nam t. d. verðmæti síldarafurða 28.4% af heildarútflutningi 1962 og um 32% af heildarútflutningi árið 1963. Hlutur síldariðnaðarins gæti þó vafalaust vaxið enn, ef meiri áherzla væri lögð á meiri fullvinnslu til manneldis en gert hefur verið, en á því sviði virðast möguleikarnir vera stórkostlegir.

En þó að segja megi, að árangur hafi vissulega orðið mikill og möguleikar í heild vaxið á því að taka við þeim síldarafla, sem flotinn er fær um að skila að landi, stöndum við þó í rauninni enn í miðjum þeim vanda, sem ávallt hefur verið til staðar í þessari atvinnugrein, þ. e. a. s. þeim að aðlaga vinnslumöguleikana í landi þeim veiðimöguleikum, sem miðin bjóða. Undanfarin sumur hefur síldveiði fyrir Norðurlandi, þar sem langsamlega mestur verksmiðju- og vinnslustöðvakostur er fyrir hendi, tregazt mjög og þó mest á s. l. sumri, þegar nær engin síld veiddist fyrir vestan Melrakkasléttu. En jafnhliða hefur veiði út af Austfjörðum orðið óhemjumikil og staðið yfir lengri tíma en nokkru sinni áður. Og nú hefur það svo enn skeð, að síldveiði við Suður- og Suðvesturland, sem virtist vera næsta örugg að hausti og fyrri hluta vetrar síðustu 4—5 árin, hefur svo til alveg brugðizt á nýliðnu ári, en jafnframt hefur farið fram vetrarsíldveiði fyrir Austfjörðum og mjög mikill afli borizt þar á land langt fram á vetur. Á s. l. sumri voru verksmiðjurnar á Norðurlandi, sem eru nú 11 að tölu, flestar aðgerðarlitlar þrátt fyrir afkastagetu, sem mun nema um 60 þús. málum á sólarhring, og nægan mannafla, og 40 söltunarstöðvar voru einnig vel mannaðar, en því nær algerlega verkefnalausar og því reknar flestar með geigvænlegu tapi. Á s. l. hausti og vetri hafa svo verksmiðjurnar og söltunarstöðvarnar á Suðvesturlandi hlotið ekki ósvipað hlutskipti.

Afleiðingar þessara sviptibylja í atvinnulífinu og á vinnumarkaðinum eru auðvitað margvíslegar og leiða af sér margvísleg vandamál, m. a. mikla lægð í atvinnu og atvinnurekstri í síldarbæjunum á Norðurlandi, sem að verulegu leyti hefur byggzt á síldveiðum og síldarvinnslu. Fleiri slík ár í röð munu vafalaust leika þá svo, að þeir bera sumir hverjir varla sitt barr og almennur fólksflótti frá ónýttum atvinnutækjum, eignum og húsum brestur á, ef ekki koma til aðrar, stórfelldari aðgerðir til viðreisnar atvinnulífinu þar. Sömu sögu er e. t. v. ekki hægt að segja af sjávarplássunum á Suðvesturlandi, þótt í móti blási þar í þessum atvinnurekstri, þar sem að fleira er þar að hverfa, en varla lætur slíkt sig þó án nokkurs vitnisburðar, svo mikið fé sem lagt hefur verið þar í síldariðnaðinn og margir hafa haft af honum lífsframfæri síðustu árin. Það vandamál, sem hér ræðir um, yrði því ekki leyst nema að hálfu leyti, þótt farin væri sú leið, sem ein hefði verið fær fyrir áratug eða svo, þ. e. a. s. sú að setja allt inn á byggingar

nýrra og stærri vinnslustöðva í námunda við veiðisvæðin, þ. e. a. s. veiðisvæðin, sem nú hafa um sinn opnað nægtabrunn sinn fyrir Austfjörðum. Þó að slík leið yrði farin alfarið, stæði hinn mikli vandi vannýttrar og algerlega ónýttrar fjárfestingar og ónotaðs vinnuafls eftir og svo að hinu leytinu vinnuaflsskortur og vöntun á aðstöðu til þess að taka við þeim mannafla, sem til þyrfti, og búa honum varanleg og mannsæmandi lífsskilyrði, að ógleymdum þeim stórfelldu fjárframlögum, sem til hinna nýju atvinnutækja og aðstöðu allrar þyrfti. Örðugleikarnir á því að fara þessa leið til lausnar á vandamálunum eina virðast vera lítt yfirstíganlegir, jafnvel þó að gengið væri út frá því, að miðin yrðu um langt skeið staðbundin þar eystra. En varla mun nú nokkur sá vísindamaður, sem mundi vilja fullyrða slíkt og varla bera það fram sem tilgátu. Breytileiki veiðisvæðanna vofir sífellt yfir, og með honum ber alveg vafalaust að reikna og miða aðgerðir við það.

Við flm. þessarar till. álítum, að í þessum efnum beri jöfnum höndum að leysa vandann eða minnka hann að þeim tveim leiðum, sem til greina koma, þ. e. annars vegar með nokkurri afkastaaukningu á þeim slóðum, þar sem líkur fyrir hentugastri staðsetningu vinnslustöðva eru nú mestar, þ. e. á Norðaustur- og Austurlandi, og hins vegar með því að beina verulegri fjárfestingu að flutningatækni og flutningaskipaflota, sem gæti orkað því, að árviss nýting yrði á þeirri miklu fjárfestingu, sem þegar hefur verið framkvæmd í síldarverksmiðjum og söltunarstöðvum, þó að veiði bregðist tímabundið í næsta námunda við þær stöðvar.

Eins og nú horfir, virðist ekki mikil ástæða til að hafa uppi sterkar eggjanir um að festa fé í nýjum síldarbræðslum eða stækkun þeirra, sem fyrir eru, enda munu nú vera á umræðu- eða undirbúningsstigi framkvæmdir í þeim efnum, sem kosta sennilega varla undir 200 millj. kr. Um þessar fyrirhuguðu framkvæmdir vil ég aðeins segja það, að ég tel, að sérstaklega beri að leggja áherzlu á að koma upp nýjum bræðslum á þeim stöðum, þar sem veruleg söltun hefur átt sér stað eða möguleikar voru fyrir hendi að ættu sér stað undanfarin ár, en þar sem engar síldarbræðslur hafa verið fyrir hendi. Vil ég þar einkanlega nefna til Þórshöfn, Stöðvarfjörð og Djúpavog. Á slíkum stöðum er bygging síldarverksmiðja nauðsynleg framkvæmd til meiri vinnslu til manneldis og þar með í þá átt að stórauka afrakstur þessarar atvinnugreinar, en miklu fremur mætti láta stækkanir verksmiðja og nýbyggingar, þar sem verksmiðjur eru fyrir hendi, dragast eitthvað.

En þá er það hin leiðin, sú sem þessi till. fjallar aðallega um, flutningaleiðin. Það er rétt, að það komi þegar í upphafi fram, að enn búum við ekki yfir fullkomlega nægjanlegri reynslu til að geta fullyrt um það, hvernig síldarflutningar yrðu bezt tryggðir af miðum eða frá umhleðslustöðvum í landi. En slíkrar reynslu er alveg nauðsynlegt að afla með tilraunum og skynsamlegum framkvæmdum, og í raun og veru hefðu slíkar tilraunir ekki mátt dragast til næstu vertíðar, því að brýn nauðsyn er á því, að þá komi til verulegra framkvæmda. En á hinn bóginn er ekki heldur unnt að segja, að við höfum enga reynslu í þessum efnum. Við vitum t. d., að Norðmenn hafa um mörg ár flutt síld til vinnslu í verksmiðjur, jafnvel allt frá Íslandsmiðum. Slíkt hefur þótt svara kostnaði, a. m. k. betur en að láta verksmiðjurnar þar í landi standa ónotaðar. Hérlendis hafa síldarflutningar frá umhleðslustöðvum á Austfjörðum farið fram í nokkur ár á tiltölulega litlum flutningaskipum, og nú á s. l. sumri var gerð tilraun með flutning síldar af miðum í litlu tankskipi. Nú í vetur hafa svo lítils háttar tilraunir verið gerðar með flutning ísvarinnar síldar til söltunar og frystingar hér fyrir Suðvesturlandi. Sú reynsla, sem af þessu hefur fengizt, er að sjálfsögðu mikils virði og hefur yfirleitt aukið mönnum bjartsýni um það, að þessi leið geti reynzt hagkvæm og jafnvel valdið straumhvörfum í þá átt að ná meiri árangri en áður í því að stórauka framleiðsluna á þessu sviði og gera hana arðsamari. Hér er líka vafalaust til svo mikils að vinna, að einskis má láta ófreistað til þess að fá úr því skorið, að hve miklu leyti flutningaleiðin er hagkvæm. Ef reynslan, sem ég vil álíta að allt bendi til, af beitingu fullkominnar tækni og hagkvæmum flutningaskipaflota reyndist góð, þá virðist auðsætt, að vinnast mundi eftirfarandi:

Í fyrsta lagi: að dregið yrði úr nýrri fjárfestingu í verksmiðjum og vinnslustöðvum, en slík hundruð milljóna fjárfesting árlega gæti m. a. leitt til lækkandi hráefnisverðs til útvegsmanna og sjómanna og þá um leið til minnkandi afraksturs þessara aðila, þ. e. a. s. ef veiðimöguleikar aukast ekki að sama skapi, sem örðugt er að sjá fyrir um. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga, að hluti stofnkostnaðar, þ. e. a. s. vaxta af stofnkostnaði, og fyrningar verksmiðjanna á Norður- og Austurlandi mun nú vera reiknaður um 70—80 kr. af hverju máli bræðslusíldar. Aukning stofnkostnaðar án tilsvarandi aukningar á veiði mundi þýða skert kjör fyrir bæði útgerðina og sjómennina.

Í öðru lagi: Meira atvinnuöryggi mundi skapast í síldarbæjunum, sérstaklega á Norðurlandi, en einnig á Austfjörðum og á Suðvesturlandi, ef breytingar verða á veiðisvæðum. Rekstur verksmiðja og vinnslustöðva yrði jafnari og hagstæðari. Vinnuafl mundi nýtast betur, ekki síst ef unnt reynist að flytja söltunarhæfa síld langleiðir, en á því virðast vera talsverðar líkur.

Í þriðja lagi: Veiðimöguleikar síldarflotans sem heildar gætu stóraukizt, með því að biðin eftir löndun og flutningar veiðiskipanna sjálfra með eigin afla langleiðir yrðu mikið til úr sögunni.

Í fjórða lagi: Rekstrarmöguleikar báta 60—

100 tonna, sem nú eiga í hvað mestum örðugleikum, mundu batna verulega, sérstaklega ef reynsla yrði góð af flutningum beint af miðunum með dælingu á milli skipa.

Í fimmta lagi yrði sú fjárfesting, sem framkvæmd yrði í flutningum og flutningatækni, þannig, að hún kæmi að sama gagni, þótt stórbreytingar yrðu á veiðisvæðunum, gagnstætt þeirri fjárfestingu, sem er algerlega staðbundin.

Þegar þessi fimm atriði eru höfð í huga, má vissulega segja, að til nokkurs er að vinna.

Í þeirri till., sem hér er rædd, er gert ráð fyrir því, að ríkisstj. hafi forgöngu um stofnun samtaka um síldarflutninga, samtaka, sem síldarverksmiðjur og söltunarstöðvar stæðu að. Það er skoðun okkar flm., að það mundi ekki heppilegt eða vænlegt til góðs árangurs, að hver verksmiðja eða hver vinnslustöð kæmi sér upp aðstöðu til síldarflutninga ein fyrir sig, þar sem með slíkum hætti hlyti nýting tækja og skipa að vera tiltölulega léleg og flutningar því of kostnaðarsamir. Það verður ekki heldur séð fyrir, hvar eða hvenær þörfin er brýnust á flutningum, og því hagkvæmast, að áhættu og kostnaði sé dreift á sem flestar vinnslustöðvar. Og það er ástæða til í þessu sambandi að hafa í huga sérstaklega þá þróun, sem virðist vera hér á Suðvesturlandi, að einstakar verksmiðjur kaupi stór tankskip hver af annarri í algeru skipulagsleysi — og ég vil segja með aðstoð ríkisvalds, án þess að hliðstæð aðstoð komi þá til fyrir aðra landshluta.

Ríkið sjálft er stærsti aðilinn í síldarverksmiðjurekstrinum, og þjóðfélagið í heild á ríkra hagsmuna að gæta um þróun þess iðnaðar. Stjórnarvöldunum ber því að hafa eðlilega forgöngu í þessu máli. Er þá ekki þar með sagt, að kostnaður eigi að berast uppi af ríkinu nema að eðlilegum hluta. Þvert á móti verður að telja líklegt, að eigendur flestra verksmiðja og vinnslustöðva séu fúsir til að leggja fram hver að eðlilegum hluta fjármagn til nauðsynlegra tilrauna og framkvæmda á þessu sviði.

Um síðari hluta till., sem fjallar um athugun á því, hvort ekki sé orðið nauðsynlegt að koma upp sameiginlegri miðstöð vinnslustöðva og útgerðarmanna til þess að stjórna allri síldarsöltun, get ég verið stuttorður. Hér er í rauninni um að ræða mál, sem er náskylt fyrra málinu, þ. e. a. s. að leitast við að nota sem bezt veiðimöguleikana, eins og þeir eru hverju sinni, og jafnframt afkastagetu vinnslustöðva í landi. Ég vil ekki fullyrða á þessu stigi máls, hver niðurstaða yrði af slíkri athugun, en bendi aðeins á, að Norðmenn t. d., sem eru sú þjóð, sem við getum helzt lært af í þessum efnum, hafa haft slíkt fyrirkomulag hjá sér um alllangt skeið. Með tilliti til þess og einnig hins, að mikill glundroði og oft dýrkeyptur hefur ríkt hjá okkur á þessu sviði, virðist nauðsynlegt, að þetta atriði sé krufið til mergjar af réttum aðilum.

Ég vil svo aðeins að lokum lýsa þeirri von minni, sem m. a. styðst við augljósan og almennan áhuga fyrir þessu máli nú síðustu mánuðina, að það megi hljóta skjóta afgreiðslu hér á hv. Alþingi og þá helzt svo, að hafizt verði handa um skipulegar framkvæmdir án verulegra tafa, og þá ekki síst með tilliti til hagsmuna Norðlendinga og þess alvarlega atvinnuástands, sem þar er ríkjandi. Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að afgreiðslu till. verði frestað og henni vísað til hv. allshn.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Þar sem ég tel þáltill. þá á þskj. 129 um síldarflutninga og síldarlöndun, sem hér er til umr., hina markverðustu, vil ég með fáum orðum lýsa yfir stuðningi við hana og jafnframt hvetja hv. alþm. til að samþykkja ályktunina, þar sem hún er tvímælalaust hið þarfasta mál. Efnislega er tillagan, eins og kom fram í umr. í dag, tvíþætt. Annars vegar er skorað á ríkisstj. að beita sér fyrir stofnun samtaka með eigendum síldarverksmiðja og söltunarstöðva um rekstur flutningaskipa, er annazt gætu flutninga síldar til verksmiðja og söltunarstöðva, þegar þeir henta betur en flutningar veiðiskipanna á eigin afla. Í öðru lagi er ríkisstj. falið að athuga um samstarf sömu aðila og áðan voru nefndir svo og útvegsmanna í þeim tilgangi að koma á fót miðstöð, er stjórni allri löndun síldveiðiskipa, með tilliti til sem fyllstrar nýtingar afkastagetu vinnslustöðvanna og á veiðimöguleikum síldveiðiflotans.

Höfuðástæðan fyrir flutningi þessarar till. er að sjálfsögðu sú staðreynd, að á síðasta sumri skeði það, að hvergi nærri var hægt að salta alla þá síld, sem hægt var að selja. Myndin, sem við blasir frá síðasta sumri og hausti, er í stórum dráttum þannig: Síldaraflinn, sem veiddist norðanlands og austan, var hagnýttur þannig, að 360 þús. tunnur voru saltaðar, 51 þús. tunnur fóru í frystingu og í bræðslu fóru 2 millj. 713 þús. mál. Aldrei fyrr í síldveiðisögunni hefur jafnmikið magn síldar borizt á land á sumar- og haustvertíð, og er það að sjálfsögðu öllum mikið fagnaðarefni. En þrátt fyrir þessa góðu veiði, þrátt fyrir það, að á land bárust á nokkrum mánuðum 3 millj. 200 þús. mál og tunnur síldar, reyndist ekki unnt að salta upp í gerða samninga, og vantaði 74 þús. tunnur á, að svo væri. Þegar tillit er tekið til, hversu mjög síldin er verðmætari til útflutnings, þegar hún er flutt út söltuð, en ekki sem mjöl og lýsi, má gera ráð fyrir, að gjaldeyristap það, sem þjóðin hefur orðið fyrir sökum þess, að ekki var hægt að standa við gerða samninga, nemi um 60 millj. kr. Og nú er það vitað, eins og ég gat um áðan, að unnt hefði verið að semja fyrir fram um sölu á mun meira síldarmagni en gert var, og skiptir það magn, sem hægt var að selja, en ekki tókst að salta, sennilega hundruðum þús. tunna, og þá geta allir séð, hversu geysilega mikið gjaldeyristap það er fyrir þjóðarheildina, sem hér hefur á orðið.

Ástæðan fyrir því, að saltað var aðeins um 10% af öllum síldaraflanum á sumar- og haustvertíðinni, er sú, að skipin fengu veiðina fyrst og fremst fyrir austan Langanes. Og á því svæði voru saltaðar s. l. sumar og haust 262 þús. tunnur, en aðeins 92205½ tunna vestan Langaness. Á svæðinu Húsavík — Siglufjörður, ef báðir staðirnir eru meðtaldir, var saltað aðeins 23650 tunnur á þeim mörgu stöðum, þar af aðeins á Siglufirði, sem lengst af var höfuðborg síldveiðanna og síldarinnar, 12634 tunnur, en á þessum stað eru 22 söltunarstöðvar.

Það er vægast sagt hörmungarsaga og hörmungarástand hjá þjóð eins og Íslendingum, sem byggir lífsafkomu sína á sjávarútvegi, svo sem raun ber vitni, að aðeins 10% af síldarafla gjöfulasta síldveiðasumarsins skuli nýtt til söltunar. Og þegar maður ræðir þessa staðreynd við útlendinga, hafa þeir sumir hverjir látið í ljós, að þetta sé nærri því eins mikið undrunarefni og tilkoma Surtseyjar.

Fullyrða má, að ef flutningarnir á fersksíld til söltunar hefðu verið skipulagðir á síðasta sumri, hefði útkoman orðið önnur. Það kom fram í umr. á ráðstefnu, sem haldin var í Siglufirði um atvinnumál í sept. s. l., að fulltrúi einn úr síldarútvegsnefnd hélt því þar fram, að síldarútvegsnefnd ætti ekki að sjá um síldarflutninga, enda vantaði alveg ákvæði í lög þar að lútandi. Og þetta er að nokkru leyti rétt. Það kom líka þar fram, sem menn vissu, að saltendur Norðurlands hófust ekki heldur handa s. l. sumar. Þeir voru fjárhagslega lamaðir og höfðu ekki þá samstöðu, sem þurfti að hafa í því stórmáli. Ég vil segja, að þessi afstaða síldarútvegsnefndar og saltenda kallar á samþykkt álíka og þá, sem hér er á dagskrá. Síldveiðisaga s. l. árs bendir ótvírætt á, að hæstv. ríkisstj. verður að beita sér fyrir því á komandi sumri, að ef síldin verður á miðum fjarri stærstu og afkastamestu síldarvinnslustöðvunum, verður að flytja hana þangað. Annað er óhjákvæmilegt, ekki fyrst og fremst vegna fólksins, sem þar býr, sem er að sjálfsögðu veigamikið atriði, heldur einnig vegna útgerðarmanna, vegna sjómanna og vegna ríkissjóðs sjálfs, og þá eru hafðar í huga bæði gjaldeyristekjur og annað. Það er ekkert lítið í húfi, ef staðir eins og Skagaströnd, Siglufjörður og Húsavík og aðrir sambærilegir staðir lamast alvarlega. Það er búið að leggja milljónir á milljónatugi í kostnað til að byggja upp þessa staði til að taka á móti síldinni. Það skiptir hundruðum millj. kr., andvirði síldarverksmiðja, sem eru þarna. Það er búið á þessum stöðum að byggja götur, skóla, sjúkrahús og fleiri mannvirki fyrir einnig hundruð millj. kr., svo að það er ekkert lítið hér í húfi.

Í opinberum umr. hefur komið fram, að það voru menn framarlega í sjávarútvegsmálunum, sem hvöttu á síðasta vori til skipulagðra síldarflutninga sumarið 1964. En þeir fengu enga áheyrn. Ég vil leyfa mér að segja, að það er ekki hugsanlegt að ætla sér að salta 500—800 þús. tnr. á svæðinu austan Langaness á einu sumri. Ég hef ekki alveg tölur hér hjá mér, hvað hægt hefði verið að selja mikið af síld s. l. sumar, en ætli þetta séu tölur, sem eru mikið út í loftið? Ég held ekki. Og þetta verða menn að gera sér ljóst. Það er útilokað, eins og ástandið er núna og uppbygging fyrir austan, að ætla sér að salta kannske allt að 800 þús. tunnur á Raufarhöfn og á stöðvunum fyrir austan Langanes. Og það er einmitt gott, að hv. alþm. geri sér þetta alveg ljóst núna við þessar umr., að þetta er útilokað. En ef við getum selt þetta magn, sem ég nefndi nú, og e. t. v. meira á þessu ári, þarf vissulega að grípa til síldarflutningaskipanna næsta sumar. Og ég hef enga trú á, þó að saltendur hafi fullan hug á því að skipuleggja sjálfir flutningana, að þeir geri það, eins og fjárhag þeirra er núna komið.

Það hafa heyrzt raddir, sem telja ófært að flytja síld til söltunar frá Austfjörðum og t. d. vestur á Skagaströnd, Sauðárkrók eða til Siglufjarðar vegna fjarlægðanna, vegna ótta við það, að síldin skemmist. En sérfræðingar í þessum málum telja nú annað. Í fróðlegri grein eftir Hjalta Einarsson verkfræðing í 10. og 12. tölublaði 1964 blaðsins „Frost", sem Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna gefur út, ræðir verkfræðingurinn þessi mál, þ. e. a. s. sérstaklega einn þátt geymsluaðferðar, þ. e. sjókælingu. Verkfræðingurinn segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Langsamlega víðtækust mun sjókæling vera í laxabátum á Kyrrahafsströndinni. Þar er aðferðin útbreidd og viðurkennd. Standsby fullyrðir t. d., að sjókæling eigi drjúgan þátt í því, hversu stór og vel rekinn laxaiðnaðurinn er á þessum slóðum."

Og svo koma hér fréttir, sem eru nokkuð fyrir okkur að hlusta á:

„Laxinn færir sig til, eins og síldin okkar, og flotinn fylgir göngunum eftir. Fjöldi vinnslustöðva er langt frá veiðisvæðunum, og allar stöðvarnar hafa komið sér upp flota af flutningaskipum til að flytja laxinn til sín. Það er fullyrt, að sjókæling hafi gert þessum bátum kleift að flytja lax í góðu ástandi lengra en áður þekktist. Vinnslustöðvunum hefur jafnframt tekizt að jafna vinnsluna frá degi til dags, fjölga vinnudögum og bæta hag sinn. Stærsta skipið," segir Hjalti áfram, „sem ég hef heimildir fyrir, er flutningaskipið Dumbo með 225 smál. af laxi í tönkum. Rækjubátar í Washington nota sjókælingu, og heimildir eru fyrir því, að rækjubátar í Mexikóflóa geri það einnig að einhverju leyti. Auk þess munu hollenzkir rækjubátar vera með sjókælingu og gefizt vel. Íslenzkir humarbátar hafa margir notað einfalda sjókælingaraðferð. Humarinn er þá settur í tunnur með sjó og ís, sem engin tilraun er gerð til að hringrása eða kæla mekaníska, aðferð, sem telja verður, að sé of gróf til að skila öruggum árangri. Sjókæling á humar er einnig notuð í sumum frystihúsum."

Svo segir Hjalti hér síðar, þar sem hann kallar hugleiðingar um hagnýtt gildi sjókælingar á Íslandi:

„Telja verður, að sjókæling sem geymsluaðferð sé komin yfir tilraunastig í laxaiðnaði á Kyrrahafsströnd Bandaríkjanna og Kanada. Í Evrópu hafa í nokkur ár verið framkvæmdar tilraunir, aðallega á rannsóknarstofunum, en um almenna útbreiðslu sjókælingar er ekki að ræða enn sem komið er a. m. k." Svo segir verkfræðingurinn þó hér: „Ég tel þó, að sjókæling eigi að geta komið íslenzkum sjávarútvegi að gagni, og tel, að tímabært sé að setja upp kerfi í tilraunaskyni, bæði í fiskvinnslustöð og í fiskibát. Æskilegt er, að kerfin séu nokkuð stór, t. d. 10—20 smál. tankar. Ég nefni hér þrjú tilfelli, þar sem líklegt er, að sjókæling eigi erindi til sjávarútvegs Íslendinga. Sjókæling virðist eiga að geta komið að góðum notum við síldveiðar, sömuleiðis við þorsk- og ýsuveiðar með nót. En það er einmitt við þessar veiðar, sem erfiðast er að koma við ísun. Ég hef þegar rætt um það, hversu mikill vinnusparnaður er að sjókælingu fram yfir ísinn." Verkfræðingurinn kemur að því hér, sem ég sá ekki ástæðu til að lesa upp úr grein hans: „Notkun flutningaskipa í sambandi við síldveiðar er nú mjög á dagskrá, einkum tankskipa. Þá kemur vissulega til greina, hvort ekki sé hentugt að flytja síld til söltunar og frystingar í þessum tankskipum sjókælda."

Hér lýkur tilvitnuninni í grein Hjalta verkfræðings Einarssonar. Ég vil í sambandi við þetta mál upplýsa, sem hv. þm. e. t. v. vita, að á vegum síldarútvegsnefndar og Fiskifélagsins hafa verið gerðar tilraunir með geymslu síldar, m. a. með skelís og með skelís og salti og einnig nokkuð með sjókælingu. Ég tel líka rétt að geta þess hér, að nokkur ótti í sambandi við sjókælingu hefur komið fram varðandi útlit síldarinnar, þ. e. a. s. að hún missi e. t. v. eitthvað af hreistri. En allt er þetta svo merkilegt, að fyllsta þörf er á því, að á vegum atvinnudeildar háskólans og þessara aðila, sem hafa verið hér nefndir, verði gerðar mjög alvarlegar tilraunir næsta sumar með flutning á síld með þessari aðferð, þ. e. sjókælingu.

Þá er og vitað, að síld hefur verið og er flutt langa vegu ísuð, og við vitum, að það þarf ekki stórátak til að koma skelísframleiðslu í betra horf en hún nú er. Í því sambandi vil ég minna alveg sérstaklega á það, að ríkið á stórt hraðfrystihús á Seyðisfirði, sem það leigir fyrir lítinn pening. Möguleiki væri á að breyta þannig framleiðslu þess, að þar væri hægt að fá skelís fyrir skip í sambandi við þessa flutninga, og sömuleiðis ættu stöðvar á Norðurlandi að geta komið upp skelísframleiðslu. Ég minnist þess líka í sambandi við síldarflutninga, að í miðjan september eða seinni hl. september kom skipið Siglfirðingur frá fjarlægum miðum til Siglufjarðar. Þetta skip er 274 smál. Það kom með síld, sem var yfir 30 klukkustunda gömul, þegar hún var söltuð, og hún var kæld. Skipið hefur kæliútbúnað. Nú er búið að yfirtaka þessa síld, þennan farm, og það var engin einasta tunna tekin burt, vegna þess að varan væri ekki nógu góð. Þetta segir líka sína sögu og gefur auga leið, að það eru ekki ótal ljón á veginum í sambandi við þessa síldarflutninga, eins og sumir vilja vera láta.

Enn hefur verið tæpt á einni leið í sambandi við síldarflutninga. Það er að nota hina svokölluðu Trelleborgdráttarbelgi. Það hefur ekki verið mikið um þá talað hér á landi, og ég vissi sáralítið um það fyrr en fyrir nokkrum mánuðum. En um þessa helgi ritaði Haraldur Böðvarsson útgerðarmaður, sem mikið hugsar um þessi mál, grein í Morgunblaðið, sem mig langar til þess að lesa örstuttan útdrátt úr, með leyfi forseta. Haraldur Böðvarsson segir m. a. svo um þessa belgi, sem ég veit ekkert um, hvort geta hentað okkur eða ekki, en í umr. eins og þessum er sjálfsagt að minnast á alla möguleika í sambandi við síldarflutninga, — Haraldur Böðvarsson segir svo:

„Við erum komin talsvert áleiðis í fiskveiðatækni, og fiskiðnaður er líka á uppleið. En betur má, ef duga skal. Eitt af þeim verkefnum, sem nú eru mest aðkallandi, er flutningur á síld frá fiskimiðunum, þegar mest aflast, til staða í öðrum landsfjórðungum, sem hafa aðstæður til að geta unnið mikið magn með heimafólki sínu. Flutningur á bræðslusíld er venjulega framkvæmdur með algengum flutningaskipum eða tankskipum. Einnig mætti sennilega taka upp nýmæli hér og flytja síld í gúmmibelgjum, eins og sums staðar hefur tíðkazt að flytja í olíu. Þessir belgir, sem eru slöngulagaðir, eru dregnir aftan í skipum langar leiðir. Enn fremur gætu togarar komið að liði, bæði sem flutningaskip og dráttarskip belgjanna. Þá komum við að mesta vandamálinu, þ. e. flutningum á síld til frystingar og söltunar af fjarlægum miðum. Það er þegar komin nokkur reynsla á geymslu fisks og síldar í kældum sjó, 0—3° C, og er talað um, að fiskur geti geymzt þannig óskemmdur jafnvel 2—3 vikur eða lengur, og fiskur eða síld á að geta geymzt nokkra daga óskemmd, þótt hitastigið fari 2—3° yfir frostmarkið í kældum sjó.

Nú vil ég beina geiri mínum," segir greinarhöfundur, „til tæknifræðinga og vísindamanna og skora á þá að hjálpa til við að finna heppilega og hagnýta lausn á þessu máli. Það duga ekki orðin tóm, heldur verða að fylgja í kjölfarið tilraunaskip, sem flytja aflann óskemmdan að landi. Komið getur til mála að nota togara eða venjuleg flutningaskip, sem gætu m. a. geymt aflann í gervi-efna- eða gúmmítönkum í lest og jafnvel á dekki. Slíkar tilraunir sem þessar geta hvorki fjárvana útgerðarmenn né eigendur vinnslustöðva gert á sinn kostnað í byrjun, en ég geri ráð fyrir, að þeir muni fljótlega geta gert þetta á eigin spýtur, ef þessar til-

raunir lánast, sem ég er ekki í vafa um. Íslendingar hafa sýnt, að þeir eru ekki neinir eftirbátar í fiskveiðitækni, og þeir geta líka verið fremstir á þessu sviði, ef rétt er að farið."

Haraldur Böðvarsson lýkur þessari grein sinni með því að segja: „Atvinnudeild háskólans og rannsóknastofnanir sjávarútvegsins ættu að hafa forgöngu í þessu mikilvæga máli. Það er til mikils að vinna, og þessar tilraunir mega ekki mistakast."

Ég kaus að lesa þetta hér upp. Bæði er hér um nýmæli að ræða, eins og ég gat um, og einnig sýnir það, að það erum ekki bara við Norðlendingar, sem berum sérstaklega hag Norðlendinga fyrir brjósti og teljum nauðsynlegt, að skipulagi verði komið á síldarflutninga á komandi sumrum.

Á því, sem ég hef nú sagt, sést, að það eru til fleiri en ein leið til síldarflutninga og að þeir verða að hefjast á komandi sumri, ef síldin hagar sér eitthvað svipað og hún gerði s. l. sumar og haust. Á takmörkuðu svæði, eins og t. d. Austfjörðum, er engan veginn hægt að salta, eins og ég sagði í upphafi máls míns, á einu sumri allt það síldarmagn, sem Íslendingar geta selt. Sagan frá síðasta sumri sýnir það, og það eru ekki á döfinni þær stórframkvæmdir fyrir austan í sambandi við stöðvarbyggingar, að það breyti nokkru.

Afskipun á þeim 262 þúsund tunnum, sem saltaðar voru austan Langaness 1964, hefur ekki gengið eins vel og skyldi, vegna þess, að síldarsaltendur á þessu svæði hafa ekki haft nægilegt vinnuafl nú í haust og vetur. Og síldarútvegsnefnd hefur af þessum sökum þurft að fresta umsömdum afskipunum, og síldarútvegsnefnd hefur þurft að greiða upphæðir til flutningaskipa vegna biðtíma, þar sem söltunarstöðvar höfðu af ástæðum, sem ég hef greint frá, ekki tilbúið umsamið síldarmagn, sem átti að afskipa. T. d. er síld, sem átti að vera farin í febrúar, ekki farin enn. Og þetta er mjög hættulegt, vegna þess að erlendir kaupendur þurfa að fá sína síld ekki síðar en í febrúar til að koma henni allri á vetrarmarkaðinn í sínum heimalöndum. Og ef síldarútskipun af hálfu okkar Íslendinga dregst fram í marz, ég tala nú ekki um apríl, þá eru okkar erlendu markaðir jafnvel í voða. Við getum ekki selt eins mikla síld og skyldi, ef við getum ekki skipað henni út á tilsömdum tíma. Það er nóg að vanefna á einu sviði, þótt það sé ekki á fleirum. Þetta er líka atriði, sem ber að hafa í huga, þegar verið er að ræða þessa þáltill. um síldarflutninga og síldarlöndun.

Ég hef nú aðallega rætt um flutning milli landshluta á síld, sem ætluð er til söltunar. En að sjálfsögðu er þörf á flutningi á bræðslusíld milli hinna sömu svæða, til að greiða fyrir skjótum löndunum úr síldveiðiskipunum og tryggja verksmiðjunum fjarri miðunum hráefni. Merk tilraun var gerð í þessum efnum á s. l. sumri, og um hana segir fiskimálastjóri í janúarhefti Ægis á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Á s. l. sumri gerði síldarverksmiðja Einars Guðfinnssonar í Bolungarvík með stuðningi hins opinbera tilraun til flutninga á bræðslusíld með tankskipi. Var tankskipið Þyrill notað til flutninganna. Var síldinni dælt úr veiðiskipunum, fyrst inni á höfnum og síðar úti á miðum. Tilraun þessi," segir fiskimálastjóri, „gaf þá raun, að mikill áhugi hefur vaknað hjá eigendum síldarverksmiðjanna á Suður- og Vesturlandi að taka upp slíka flutninga í allstórum stíl, og er líklegt, að af því verði þegar á þessu ári. Mun þetta leiða til þess hvors tveggja, að betri nýting verður á þeim verksmiðjukosti, sem fyrir er í landinu, og jafnframt munu veiðimöguleikar flotans aukast. En einnig er nauðsyn á, að teknir verði upp flutningar á síld til annarrar vinnslu (söltunar og frystingar), og hefur þetta ekki sízt komið í ljós eftir reynsluna í haust og vetur, er síldveiðarnar hafa brugðizt við Suðvesturland."

Hér talar fiskimálastjóri um, að mikill áhugi hafi vaknað hjá eigendum síldarverksmiðjanna á Suður- og Vesturlandi fyrir því að taka upp slíka flutninga í allstórum stíl. En ég vil bara bæta því við, að þessi áhugi er ekki síður fyrir hendi hjá eigendum verksmiðjanna á Norðurlandi. Tankskipið Þyrill flutti aðeins 20 þús. mál s. l. sumar. Ég veit ekki alveg, hvers vegna Þyrill var ekki lengur við veiðarnar, e. t. v. hefur fjármagnið verið þrotið, sem það opinbera styrkti flutningana með, eða skipið þá e. t. v. samningsbundið við aðra flutninga, mér er ekki alveg kunnugt um það. En það verður að harma, að skip eins og Þyrill skyldi ekki vera lengur við flutningana og betri reynsla eða frekari reynsla a. m. k. hefði þá fengizt á þetta dælufyrirkomulag, ef svo má kalla það.

Það er sameiginlegt, bæði hvað snertir flutninga á síld til söltunar og bræðslu, að það kostar auðvitað peninga. Það kostar peninga að koma þessu skipulagi á. Það kostar peninga að flytja e. t. v. mörg hundruð þús. mál á milli svæða austanlands og norðan. En það verður að finna kleifan veg í sambandi við fjármálin. Í þessu sambandi virðist eðlilegt, að stofnaður verði sjóður, sem standi undir flutningunum, og í fljótu bragði virðist mér, að þessi sjóður ætti að byggjast upp af vissri prósenttölu af síldarverðinu. Mér finnst eðlilegt, að saltendur, sem fengju ekki síld, nema til flutninga kæmi, ættu auðvitað að borga og svo ríkissjóður einnig. Að sjálfsögðu þarf hann að leggja líka fram upphæð í þessu skyni, því að hann hefur stórkostlegra hagsmuna að gæta, eins og ég vék að í upphafi máls míns.

Að lokum vil ég segja þetta í sambandi við framleiðslu á saltsíld:

Ef enn minnkar bilið milli verðs á bræðslusíld og síld til söltunar, skulum við gera okkur alveg ljóst, að þá er það viss hætta, sem vofir yfir saltsíldarframleiðslunni almennt, og

það er fyllsta ástæða til þess að gefa slíkri hættu gaum.

Ég sé nú ekki ástæðu til að ræða hér á kvöldfundi síðari lið þáltill., þar sem er talað um að koma á einni löndunarstöð. Þetta er mál, sem sjálfsagt er að athuga, og ég veit ekki betur en Norðmenn hafi líka skipulagningu á sínum síldveiðimálum og lagt er til í síðari hluta þáltill. á þskj. 129.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég hef áður hér á hv. Alþingi við annað tækifæri lýst þeirri skoðun minni, að síldarflutningar séu nú eitt hið mikilvægasta mál Norðlendinga. Það er alkunna, að atvinnugrundvöllur norðlenzkra sjávarplássa er að verulegu leyti háður síldarvinnslunni. Það eru bæði verksmiðjur og síldarplön, sem um er að ræða. Slík atvinnutæki eru yfirleitt uppistaðan í atvinnu í norðlenzkum sjávarplássum. En nú undanfarin ár, má segja, hefur skapazt mjög alvarlegt ástand á Norðurlandi, vegna þess að fiskur hefur brugðizt þar á miðum, bæði þorskfiski og síldveiði. Af þessu hefur skapazt mjög slæmt atvinnuástand, og ég hygg, að atvinnuástandið verði trauðla bætt með öðru, a. m. k. ekki fyrst um sinn, heldur en því að sjá fiskverkunarstöðvunum og síldarstöðvunum fyrir hráefni, og ég hygg, að síldarflutningar séu þar efst á blaði. Að svo miklu leyti sem eigin geta síldarverksmiðja og síldarsaltenda á Norðurlandi hrekkur ekki til, verður hið opinbera að hlaupa hér undir bagga. Ég tek því eindregið undir þá stefnu, sem fram kemur í þáltill. Það er of mikið í húfi til þess að láta sem ekkert sé.

Það er áreiðanlega ekki frá öðrum tekið, þótt Norðlendingar fái sinn skerf af síldaraflanum, þegar þess er gætt, að á Norðurlandi hefur afkoma manna um áratuga skeið verið að verulegu leyti byggð á síldarvinnslu og allt atvinnulíf fjölmargra staða þar er, ef svo má segja, innstillt á síldarvinnsluna. Og auk þess er verksmiðjukostur á Norðurlandi langmestur, miðað við aðra landshluta, og þar eru einnig stærstu og mestu síldarplönin. Það er auðvitað fagnaðarefni, hve síldin ætlar að reynast Austfirðingum mikil lyftistöng, og ekki vil ég hafa af Austfirðingum möguleikana til að notfæra sér hinn mikla síldarafla. En á hitt vil ég leggja ríka áherzlu, að Norðlendingum er það lífsnauðsyn, að áframhald geti orðið á því, að þeir njóti síldaraflans að sínum hluta.

Við stöndum að vísu frammi fyrir því vandamáli að leggja verulegt fjármagn til síldarflutninganna, en ég held þó, að það sé leysanlegt spursmál, ef eindreginn vilji er fyrir hendi og sameinuðu átaki beitt í því skyni. Vandamál fjármagnsins er þó hverfandi hjá vandamáli atvinnuleysisins á Norðurlandi. Allir sjá, hvert langvarandi atvinnuleysi leiðir um síðir. Það leiðir til þess, að þessir staðir tæmast af fólki. Það er ekkert við að vera og fólk yfirgefur eignir sínar, staðfestu sína, og með því fara milljónir í súginn og það skapar enn ný vandamál. Auk þess er það þjóðhagslega séð meira en hæpið að láta stórvirk, vönduð og dýr atvinnutæki standa auð og aðgerðalaus. Í því er áreiðanlega mjög lítil fyrirhyggja.

Ég er þeirrar skoðunar, að verksmiðjurnar á Norðurlandi, a. m. k. margar hverjar, ættu að hafa sjálfar sæmileg skilyrði til þess að bera stóran hluta af flutningskostnaðinum. Það fer m. a. eftir því, hvernig að þeim yrði búið um lánakjör vegna þess kostnaðar, sem af flutningunum leiðir. Ef t. d. væri hægt að dreifa stofnkostnaði í flutningatækjum yfir nógu langan tíma, er það mikilvæg aðstoð. Svo kemur og hitt til, að margar verksmiðjanna eru löngu afskrifaðar og byggðar á hagstæðum tíma. Má því segja, að þær ættu að geta keypt hráefni dýrara verði.

Alla þessa hluti þarf að athuga. En meginmálið er það, að atvinnuástandið á Norðurlandi er slíkt, að það verður að finna lausn á því, og þar koma síldarflutningar af fjarlægum miðum einna helzt til greina. Frá tæknilegu sjónarmiði eru flutningar á bræðslusíld auðveldir, ekki sízt að sumarlagi. Tæknilega séð eru litlar sem engar hindranir á því máli. En það er bara ekki nóg að flytja bræðslusíld. Það er líka nauðsynlegt að sjá síldarsöltunarstöðvunum fyrir hráefni. Það er vafalaust höfuðvandamálið. En með skipulagi og einhverri fjárhagsaðstoð mætti þó leysa það mál einnig. Það er alls ekki dæmalaust, að söltunarsíld hafi verið flutt austan fyrir land allt til Eyjafjarðarhafna.

Ég endurtek það, að ég tel þetta mál eitt hið mikilvægasta fyrir Norðurland, og það er nauðsynlegt að gera ráðstafanir fyrir næstu síldarvertíð til þess að stórauka síldarflutninga. Það er vonandi ekki nema stundarfyrirbæri, að síldin leggst frá Norðurlandi, og það yrði síðar talið glapræði, ef þetta stundaraflaleysi hefði verið látið valda atvinnulegri upplausn í norðlenzkum sjávarplássum með þeim afleiðingum, sem slíku hljóta að fylgja.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 29. fundi í Sþ., 4. marz, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 45 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 47. fundi í Sþ., 5. maí, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 129, n. 494).

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Allshn. hefur haft til athugunar till. til þál. um síldarflutninga og síldarlöndun, sem flutt er af hv. 4. þm. Norðurl. e. (BJ) og mér.

Í till. okkar var að því stefnt, að Alþ. gerði ályktun um að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir stofnun samtaka með síldarverksmiðjum og síldarsöltunarstöðvum um rekstur flutningaskipa, sem gætu annazt flutninga á síld. Jafnframt var í till. skorað á ríkisstj. að at-

huga, hvort ekki væri nauðsynlegt, að hún hefði forgöngu um samstarf eigenda söltunarstöðva og síldarverksmiðja og útvegsmanna um, að komið yrði á fót miðstöð, sem stjórnaði allri löndun síldveiðiskipanna með tilliti til sem fyllstrar nýtingar á afkastagetu vinnslustöðvanna og á veiðimöguleikum síldveiðiflotans.

Nefndin leitaði strax álits nokkurra aðila, sem málið varðar, og bárust umsagnir frá síldarverksmiðjusamtökum Austur- og Norðurlands, Alþýðusambandi Íslands, Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi og Landssambandi ísl. útvegsmanna.

Álit þessara aðila var nokkuð mismunandi. Landssamband ísl. útvegsmanna tekur mjög jákvæða afstöðu til málsins. Varðandi síldarflutningana vísar stjórn sambandsins til fyrri samþykkta um það efni, þar sem rætt er um gagnsemi síldarflutninga. Stjórn Landssambandsins segir um seinni lið till., þann er fjallar um miðstöð, sem stjórni allri löndun, með leyfi forseta:

„Varðandi síðari lið þáltill., þá teldum við rétt, að athugaðir yrðu möguleikar á því, hvort síldveiðiskipin gætu eigi fengið á einum stað upplýsingar um það, hvernig útlit sé með að fá löndun hjá hinum ýmsu síldarverksmiðjum og síldarverkunarstöðvum, svo að þannig verði komizt hjá því, að þau tefðust frá veiðunum óeðlilega langan tíma.“

Þarna er sem sagt lýst fylgi við þá meginhugsun, sem í þessari till. er fólgin, þó að nokkuð sé dregið úr og ekki reiknað með, að um beina stjórnun sé að ræða.

Félag síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi tók einnig mjög jákvæða afstöðu til síldarflutninga almennt, en í þeirri umsögn er það hins vegar dregið í efa, hvort ríkisvaldið eigi að hafa afskipti af þessu máli.

Síldarverksmiðjusamtökin á Austur- og Norðurlandi segjast hins vegar hafa rætt málið töluvert, en alls ekki náð samstöðu um einróma afgreiðslu og svari því alls ekki í bili og slái málinu á frest.

Alþýðusamband Íslands telur, að hér sé um stórmál að ræða, sem kunni að hafa víðtæka þjóðfélagslega þýðingu, og mælir eindregið með samþykkt till.

Eftir nokkra athugun varð algert samkomulag í n. um að mæla með samþykkt till. með nokkurri breyt., og þessi brtt. hefur verið birt á þskj. 494. Í þessari brtt. eru fólgnar fjórar breyt. Í stað inn fyrir að ræða um það, að stofna skuli samtök síldarverksmiðja og söltunarstöðva um rekstur flutningaskipa, er ríkisstj. falið að beita sér fyrir samstarfi þessara aðila. Í öðru lagi er svo komizt að orði, að rekstur síldarflutningaskipa eigi einkum við, þegar móttökuskilyrði séu eigi fyrir hendi í næstu höfnum við miðin. Í þriðja lagi er því skotið inn í till., sem ekki var áður, að sérstaklega skuli hafa í huga að bæta með síldarflutningum atvinnuástand þeirra staða, sem verða hart úti vegna skorts á síld til verkunar og vinnslu. Í fjórða lagi er sú breyt. gerð á því atriði, sem fjallaði um miðstöð til að stjórna síldarlöndun, þá er það orðað svo, „að ríkisstj. hafi forgöngu um samstarf síldarsaltenda, síldarverksmiðja og útvegsmanna um bætt skipulag á löndun og annað, er miðað gæti að sem fyllstri nýtingu á afkastagetu síldarvinnslustöðvanna og veiðimöguleikum síldveiðiflotans.“

Enda þótt ég persónulega sé ekki alveg sannfærður um, að þessar breyt. séu allar til bóta, tel ég till. í hinu breytta formi fullnægjandi og mjög nauðsynlega, og ég er mjög ánægður með, að það hefur náðst algert samkomulag í n. um jákvæða afgreiðslu till. Hér er stórmál á ferðinni, sem getur haft mjög mikil og góð áhrif í för með sér, einkum á þeim stöðum norðanlands, sem búa við erfitt atvinnuástand vegna síldarleysis. Margir þessara staða eru, eins og er, byggðir upp og byggja algerlega afkomu sína á síldarmóttöku og síldariðnaði, eða a. m. k. að verulegu leyti, og síldarleysið á undanförnum árum hefur haft mjög lamandi áhrif á allt atvinnulíf á þessum stöðum. Síldarflutningar mundu geta bjargað ótrúlega miklu og forðað mörgum þessum stöðum nánast frá hruni. Þar á ofan bætist svo það atriði, sem margoft hefur verið bent á og margrætt er, hve geysimikla þjóðhagslega þýðingu það hefur að nýta veiðimöguleika síldveiðiskipanna, sérstaklega þegar mikill afli berst á land og skipin liggja jafnvel í biðröð marga daga og bíða eftir afgreiðslu.

Þetta eru allt saman atriði, sem hafa verið þrautrædd og komu mjög skýrt fram í framsöguræðu hér áður, og ég sé ekki ástæðu til að ræða það frekar. Ég vildi hins vegar bæta því við og skjóta því hér inn í, að þessi till. fjallar einungis um flutning á síld, þ. e. a. s. saltsíld og bræðslusíld. Ég er samt þeirrar skoðunar, að skipulagðir flutningar milli landshluta komi einnig til greina í sambandi við flutning fleiri fisktegunda en síldar. Á undanförnum árum hefur verið mikið og almennt aflaleysi fyrir Norðurlandi, en á sama tíma hefur verið ágæt veiði við Suðvesturland og í vetur a. m. k. við Breiðafjörð. Bátarnir norðanlands hafa í vaxandi mæli flutt sig af heimamiðum og hingað suður, en hér sunnanlands og vestan er aflinn oft svo gífurlegur, að vinnslustöðvarnar hafa tæpast undan. Ég er sannfærður um það, að sá tími kemur, að skip, sem búin eru til síldarflutninga með góðum kæliútbúnaði, verða einnig fengin til þess að flytja bolfisk til þeirra staða, sem við erfitt atvinnuástand búa og þar sem vinnuafl er fyrir hendi ónotað. Ég á þar fyrst og fremst við flutning á þeim fiski, sem þau veiðiskip veiða, sem að norðan eru, en þó kemur það einnig til greina almennt, þegar um mjög mikinn afla er að ræða, sem berst á land, og vinnslustöðvarnar hafa ekki undan.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta atriði, þar sem till., sem var borin fram, hvorki hún né brtt., fjallar um það, en hér er um mikilsvert mál að ræða, sem er nátengt

síldarflutningunum og sjálfsagt að drepa á það í leiðinni.

Ég vænti þess svo, að till. verði samþykkt í hinu breytta formi og hljóti góða og hraða fyrirgreiðslu hjá hæstv. ríkisstj.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég sé ástæðu til að segja örfá orð í sambandi við þetta mál. Þetta er stórmál, og hefur mikið verið rætt undanfarið, hvað skynsamlegt sé að gera í þessum efnum, að flytja síldina æðilanga vegu frá síldarmiðunum í síldarverksmiðjur og jafnvel til söltunar.

Ég vil fyrst segja, að ég tel engan vafa á því, að það sé langhagkvæmast þjóðhagslega séð og eins mun það skila hæstu hráefnisverði til sjómanna og útvegsmanna, að sem mest af síldinni sé hagnýtt í landi sem næst fiskimiðunum. Það er enginn vafi á því, að þessa staðreynd verður að hafa í huga, og því hefur það verið laukrétt stefna að vinna að því að efla síldarverksmiðjukostinn á Austurlandi og Norðausturlandi sem næst miðunum og búa út þar söltunarstöðvar, eftir því sem hægt hefur verið. Hefur verið unnið í þessa stefnu, og má ekki láta neitt trufla sig í því að koma upp í öllum byggðarlögum á þessu svæði síldarverksmiðjum, hæfilega stórum, a. m. k. til stuðnings söltun. Allvel er komið áleiðis í þessu, en þó ekki til enda.

Þó að ég segi þetta, vil ég bæta því við, að ég tel skynsamlegt og hef verið stuðningsmaður þess í stjórn síldarverksmiðja ríkisins, að ráðstafanir séu gerðar til að flytja síld í fjarlægari byggðarlög til bræðslu, og ef það reyndist unnt, þá til söltunar. En ég vil leggja áherzlu á, að það á að beina flutningunum að þeirri síld einni, sem ekki er hægt að fullnýta í þeim verksmiðjukosti, sem næst liggur veiðistöðvunum, og svo náttúrlega halda sömu stefnu varðandi síld til söltunar.

Ég vil alveg sérstaklega í sambandi við þetta benda á eina mgr. í umsögn Alþýðusambands Íslands um þetta mál til Alþingis, sem mér líkar vel, og það er líka frá mínu sjónarmiði kjarni þessa máls. Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Auðvitað á að fullnýta þann verksmiðjukost, sem næst liggur veiðistöðvunum, en þegar vinnslugeta þeirra þrýtur, eiga flutningarnir að koma til.“

Þetta er vitanlega kjarni málsins, hvort sem átt er við söltun eða vinnslu í verksmiðjum. Þó geta menn sagt, að þetta geri málinu ekki skil til enda, því að þá sé eftir að gera það upp við sig, hversu mikla áherzlu beri að leggja á að byggja nýjar síldarverksmiðjur næst síldarmiðunum. Þar vil ég, að stefnan sé sú, eins og ég gat um áðan, að koma upp síldarverksmiðjum í öllum byggðarlögum og þá sem lágmark til stuðnings söltun. En síðan álít ég, að reynslan eigi að skera úr um það, hve langt á að ganga í því að byggja verksmiðjur á þessum svæðum eða hvort halla eigi sér meira að flutningunum, og þá eigi að fara eftir því, hvað reynslan sýnir um kostnaðinn við að flytja, samanborið við kostnaðinn við að stækka verksmiðjurnar. Þá finnst mér mega taka tillit til þess, að viss byggðarlög, t. d. á Norðurlandi, hafa byggt alla sína afkomu á síldveiðum langa hríð og því eðlilegt, að þessi pláss fái síld áfram, eftir því sem hægt er að koma við, miðað við eðlilegar starfsreglur og starfsaðferðir.

Það ber því að athuga gaumgæfilega með samanburði á kostnaðarliðum og öðrum ástæðum og athugun reynslunnar, hversu langt á að fara í því að stækka verksmiðjur, eftir því sem síldin flytur sig til. En það er mín skoðun, að eins og nú er orðið ástatt með síldargöngur og möguleikana á að taka síldina, þá eigi að vera síldarverksmiðjukerfi allt umhverfis landið, þær eigi að vera mismunandi stórar eftir því, hvernig ástatt er, en það eigi að vera síldarverksmiðjukerfi allt umhverfis landið. Og það vantar ekkert ákaflega mikið á, að því marki verði náð. Síðan sé það meira almennt reikningsdæmi á grundvelli tilrauna og reynslu, hversu stórar þessar verksmiðjur skuli vera á hverjum stað, og þá verður að taka inn í það dæmi þennan nýja lið, sem er að koma til, þ. e. a. s. síldarflutningana. En ég legg áherzlu á, að enn þá veit enginn, hvernig sá liður kemur inn í dæmið, því að enn veit enginn í raun og veru neitt fullnægjandi um flutningskostnað á síld.

Það fæst sennilega nokkur reynsla í sumar, hvernig gengur að flytja síldina og hvað það kostar. Það eru nokkrar öfgar oft hér hjá okkur í málunum og kannske öfgar í því, hversu miklir flutningar eru fyrirhugaðir á næsta sumri. Það mundu a. m. k. reynast miklar öfgar, ef þannig færi, að meginhlutinn eða nálega öll síldin yrði gripin úti á hafinu og flutt á fjarlæga staði til vinnslu, en síldarverksmiðjur, sem næst lægju miðunum, fengju nálega enga síld. Það mundi verða skrípamynd, sem þá kæmi fram.

En hér er við svo litla reynslu að styðjast, að ég treysti mér ekki til þess að fella þungan dóm um, hvort sá undirbúningur, sem nú á sér stað, er í raun og veru miklir öfgar, en hitt vitum við, að það er talsverður undirbúningur undir að flytja síld, og í sumar fæst veruleg reynsla um flutningskostnað á síld.

Ég tel ekki, að það sé hægt að byggja á þeirri reynslu, sem um þetta hefur fengizt á vegum síldarverksmiðja ríkisins, því að aðstaða hefur ekki verið svo góð við þær tilraunir, að hægt sé að draga fullnægjandi ályktanir af henni. En það eru meiri líkur til, að hægt verði að draga ályktanir af reynslu síldarverksmiðja ríkisins eftir sumarið í sumar og einnig reynslu annarra.

Ég tel ekki heldur, að hægt sé að draga hinar minnstu ályktanir um hagkvæmni þess að flytja síld af þeirri tilraun, sem gerð var á Þyrli s. l. sumar, því að kostnaðardæmið í því sambandi hefur aldrei verið gefið upp og líklega aldrei gert upp. Þar var svo mikið lagt til gefins af ríkisins hendi, í sambandi við lán á skipi og annað slíkt, að það dæmi

hefur aldrei verið gert upp og hefur ekki getað gefið neinar leiðbeiningar, sem að gagni geta komið til að draga ályktanir um kostnaðarhliðina. Þetta segi ég ekki til að telja eftir, að stutt var að því, að þessi tilraun var gerð. Ég álít, að það sé sjálfsagt að styðja allar skynsamlegar tilraunir í þá átt að finna sem heppilegastar og ódýrastar aðferðir til þess að flytja síldina á milli skipa og færa hana á milli eins og hagkvæmt er.

En ég legg áherzlu enn á ný á þessa setningu í ályktunargerð Alþýðusambandsins, sem mér líkar mjög vel og ég vil gera að minni stefnuyfirlýsingu, að það á auðvitað að fullnýta þann verksmiðjukost, sem næst liggur veiðistöðvunum. En þegar vinnslugeta þeirra þrýtur, eiga flutningarnir að koma til, og þá eiga að mínu viti fyrst og fremst þau byggðarlög að sitja fyrir hráefninu, sem hafa haft um langan aldur aðalatvinnu sína af síldarvinnslu. Það er í þá staði, sem á að beina síldarflutningunum fyrst og fremst, að svo miklu leyti sem þeir eru eðlilegir, þ. e. a. s. á umframsíld, ef svo mætti segja.

Ég vildi, að þetta sjónarmið kæmi hér fram við þessar umr. Ég hef undrazt ýmsar ályktanir, sem komið hafa fram um þessi efni og nánast virðast benda til þess, að menn haldi, að hægt sé að flytja síldina kostnaðarlaust, að það verði enginn kostnaður við að flytja síldina langa vegu. Það verður auðvitað mjög kostnaðarsamt, en það dæmi er óuppgert. En það hef ég mest undrazt, að ýmsir hafa gengið svo langt að mæla á móti eðlilegum verksmiðjubyggingum á Austurlandi á þeim grundvelli, að það ætti heldur að snúa sér að því að flytja síldina í aðra landshluta. En ég legg áherzlu á hitt, að á Austurlandi og annars staðar sé komið upp samfelldu kerfi síldarverksmiðja til stuðnings síldarmóttöku um gervallt landið og til stuðnings söltuninni, svo að hún geti farið fram sem víðast.

ATKVGR.

Brtt. 494 (ný tillgr.) samþ. með 32 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 646).

---

11. Tekjustofnar sýslufélaga.

Á deildafundum 8. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um endurskoðun á gildandi reglum um tekjustofna sýslufélaga [144. mál] (A. 305).

Á 31. fundi í Sþ., 10. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 32., 33. og 36. fundi í Sþ., 17., 24. og 31. marz, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Sþ., 7. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Jón Árnason): Herra forseti. Á þskj. 305 hef ég ásamt 3 öðrum hv. þm. leyft mér að flytja till. til þál. um endurskoðun á gildandi reglum um tekjustofna sýslufélaga, en tillgr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að láta, svo fljótt sem auðið er, hefjast handa um endurskoðun á gildandi reglum um tekjustofna sveitarfélaga í því skyni að setja skýrari ákvæði um tekjustofna sýslufélaga og sjá þeim fyrir nægilegum tekjum til þess að mæta lögboðnum og öðrum óhjákvæmilegum útgjöldum.“

Till. þessi er flutt eftir beiðni sýslunefnda Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, en á fundum þeirra, sem haldnir voru í júnímánuði s. l., samþykktu báðar sýslunefndirnar ályktanir, sem hnigu í sömu átt og till. þessi kveður á um.

Verkefni sýslufélaga eru bæði margvísleg og í sumum tilfellum binda þau sýslufélögunum fjárhagslega bagga, enda verða þau þá að standa undir ýmsum sameiginlegum kostnaði sveitarfélaganna. Verksvið sýslufélaga má segja, að sé sérstaklega markað í IV. kafla l. nr 58 1961, um sveitarstjórnir. Er þar sett fram sú meginregla, að sýslufélögin skuli annast stjórn á öllum sveitarstjórnarmálum, sem varða sýslu í heild. Eftir lögum eru sveitarfélög tvenns konar. Annars vegar eru það hrepparnir, en hins vegar kaupstaðir, sem eru þá jafnframt sjálfstæð lögsagnarumdæmi.

Sem dæmi um almenn lagaákvæði, sem leggja skyldur og fjárhagslegar skuldbindingar á sýslufélög, má nefna vegalög, nr. 71 frá 1963, lög um almenningsbókasöfn, þar sem sú skylda er lögð á sýslufélög að sjá héraðsbókasöfnum fyrir húsnæði, þá eru lög um lax- og silungsveiði, sem skylda sýslusjóð til bótagreiðslna vegna friðunaraðgerða í fallvötnum, lög um húsmæðrafræðslu, þar sem lagt er á sýslufélög að greiða hluta kostnaðar við byggingu og rekstur húsmæðraskóla í sveitum, lög um lögreglumenn, en þar er ákveðið, að viss hluti kostnaðar af löggæzlu í viðkomandi sýslu eða lögsagnarumdæmi sé af þeim greiddur. Þá er rétt að benda á þátt sýslnanna í greiðslu kostnaðar við byggingu og rekstur héraðsskjalasafna, byggðasafna, framlög í þágu heilbrigðismála, t. d. greiðslu ljósmæðralauna og til byggingar sjúkrahúsa. Þá er nokkur stuðningur við skóla og almenna menntun, íþróttamál og hvers konar æskulýðsmál.

Eins og segir í grg. fyrir till., er í 101. gr. sveitarstjórnarlaganna frá 1961 að finna meginákvæði um tekjustofna, sem sýslufélögum eru ætlaðir til þess að standa straum af hinum sameiginlega kostnaði, en þar segir, að því, sem á vantar, að tekjur sýslusjóðs

hrökkvi fyrir útgjöldum hans, skuli jafnað niður á hreppana eftir tilteknum reglum, sem greinir nánar í l. Af þessu orðalagi mætti ætla, að megintekjustofninn sé fastur og því, sem á vanti, að endar nái saman, skuli jafna niður á hreppana. Þessu er þó á annan veg farið. Tekjur sýslufélaga eru að heita má einungis hið niðurjafnaða gjald, sem lagt er á sveitarfélögin. Í þessu sambandi má nefna sem dæmi, að af heildartekjum sýslusjóða Mýra- og Borgarfjarðarsýslu eru aðeins rúmlega 8% teknanna til komnar frá öðrum tekjustofnum en niðurjöfnuninni. Ég geri ráð fyrir, að svipuð hlutföll séu einnig um tekjur annarra sýslufélaga, þó að ég hafi ekki aflað mér upplýsinga þar um.

Þegar höfð eru í huga þau miklu verkefni, sem sýslufélögunum er skylt að leysa og hafa forustu um, er ekki óeðlilegt, að athugun fari fram á þeim möguleikum, sem sýslufélögin hafa til þess að afla sér tekna og standa með því undir sameiginlegum kostnaði. Ég geri ráð fyrir, að allir séu sammála um, að æskilegt sé að efla frekar en draga úr sjálfsstjórn héraðanna og með því skapa þeim aðstöðu til þess að hafa forustu og frumkvæði að margvíslegum umbótum og framförum, hvort heldur er á sviði menningarmála, atvinnuhátta eða öðru því, sem helzt treystir og tengir fólkið við sína heimabyggð.

Með því að efla sjálfsstjórn héraðanna og treysta fjárhagslegan grundvöll þeirra, væri á vissan hátt stigið raunhæft spor í þá átt að auka jafnvægi í byggð landsins.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja frekar um málið, en legg til, að umr. verði frestað og málinu vísað til fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 41. fundi í Sþ., 13. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 47. fundi í Sþ., 5. maí, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 305, n. 580).

Frsm. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Till. á þskj. 305 var send til fjvn., en hún var flutt af þm. Vesturlands samkv. ósk sýslunefndanna í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. Till. þessi fjallar um tekjustofna sýslufélaga, um endurskoðun lagaákvæða þar að lútandi. Við upphaf umr. í hv. þingi gerði 1. flm., hv. 4. þm. Vesturl., grein fyrir till., og mun ég þar engu við bæta. Fjvn. fékk þetta mál til meðferðar, eins og áður var sagt, og var sammála um að leggja til, að till. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 32 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 647).

12. Lýsisherzluverksmiðja.

Á 10. fundi í Sþ., 11. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um lýsisherzluverksmiðju [69. mál] (A. 77).

Á 11. fundi í Sþ., 12. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 25. og 26. fundi í Sþ., 5. og 10. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Sþ., 24. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Á þskj. 77 flytur hv. 1. þm. Norðurl. v., Skúli Guðmundsson, og sex aðrir hv. þm. till. til þál. um lýsisherzluverksmiðju. Efnislega er till. á þá leið, að ríkisstj. láti kanna sem allra fyrst möguleika á sölu hertrar síldarfeiti á erlendum mörkuðum og ef sú rannsókn leiðir í ljós, að slíkt sé hægt með góðum árangri, verði hafin bygging lýsisherzluverksmiðju í Siglufirði, en liðin eru nú 23 ár, síðan lög voru samþ. þar að lútandi.

Höfuðröksemd fyrir flutningi þessarar till. er í fyrsta lagi, að nauðsynlegt þykir, að ýtarleg rannsókn sé gerð á því, hvort ekki eru möguleikar á að selja það síldarlýsi, sem við framleiðum nú, sem herta feiti í stað fljótandi vöru, eða sem sagt í sama ásigkomulaginu og var gert fyrir hálfri öld, þegar fyrstu síldarverksmiðjur voru byggðar hér á Íslandi. Íslendingar eiga í dag tvímælalaust einar fullkomnustu síldarverksmiðjur í heimi, og verður að segjast eins og er, að það er ekki vansalaust, að framleiðsla þeirra sé seld og flutt út á því frumstigi, sem raun ber vitni. Og það virðist svo, að þeir, sem koma nærri þessum málum, láti sér ekki detta annað í hug en að svona eigi þetta að vera. Önnur höfuðröksemdin fyrir þáltill., sem hér er til umr., er hin knýjandi þörf að auka atvinnu og atvinnuöryggi á Siglufirði til hagsbóta fyrir Siglfirðinga og fyrir þjóðarbúið í heild. Siglufjörður hefur um áratugi haft þýðingarmiklu hlutverki að gegna í þjóðarbúskapnum, og hann má engan veginn verða lítilsmegandi þorp, það gæti orðið dýrkeypt þjóðinni allri síðar meir.

Í grg. fyrir umræddri þáltill. segir m. a. svo:

„Sumarið 1942 samþykkti Alþingi lög um að reisa nýjar síldarverksmiðjur. Í niðurlagi 1. gr. þeirra laga er svo hljóðandi ákvæði: „Enn fremur lætur ríkið reisa verksmiðju til herzlu síldarlýsis, þegar rannsóknir sýna, að það sé

tímabært.“ Árin liðu, en verksmiðjan var ekki reist. Á Alþingi 1944 flutti Sigurður Kristjánsson, þá 7. þm. Reykv., svo hljóðandi till. til þál. um þetta mál.: „Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að framkvæma svo fljótt sem auðið er fyrirmæli síðari mgr. 1. gr. l. nr. 93 25. sept. 1942.“ Till. þessi var samþ. í sameinuðu Alþingi 5. jan. 1945. Á næstu árum var keypt eitthvað af vélum til væntanlegrar lýsisherzluverksmiðju, en verksmiðjan var ekki reist. Hinn 18. nóv. 1948 urðu umr. um málið í sameinuðu Alþingi í tilefni af fsp. frá Áka Jakobssyni, þáv. þm. Siglf. Árið 1961 bar Björn Pálsson, 5. þm. Norðurl. v., og þrír aðrir þm. fram till. á Alþingi um málið. Hún var á þessa leið: „Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta nú þegar fara fram rannsókn á því, hvort tímabært sé að reisa verksmiðju til herzlu síldarlýsis, sbr. 1. gr. l. nr. 93 25. sept. 1942.“ Till. þessari var vísað til þn. til athugunar, en hlaut þar ekki afgreiðslu.“

Þessi lestur minnir á það, sem áður var vitað, að nokkuð af vélum lýsisherzlustöðvar voru komnar til Siglufjarðar fyrir tæpum 20 árum í þeim tilgangi, að þar yrði byggð lýsisherzluverksmiðja. Og þegar þær voru keyptar, þótti það tiltækilegt. Því miður varð ekkert úr framkvæmdum, og því var þá haldið fram af þeim, sem stóðu að því að selja þessar vélar, sem komnar voru norður, að sölumöguleikar á hertri síldarfeiti væru þá ekki fyrir hendi. Síðan þessum þætti lýsisherzluverksmiðjunnar lauk, hefur ekkert gerzt í málinu. Till. efnislega samhljóða þeirri, sem hér er flutt á þskj. 77, fékkst ekki einu sinni afgr. á þingi 1961, heldur var látin daga uppi í nefnd.

E. t. v. kann einhver að spyrja: Eru möguleikar á Siglufirði fyrir stórfyrirtæki sem þessa lýsisherzluverksmiðju? Og þá er haft í huga í sambandi við slíka fsp. aðstaða með rafmagn, vatn og önnur frumskilyrði. Því er til að svara, að nyrzt á Siglufjarðareyri er stór lóð í eigu síldarverksmiðja ríkisins og Siglufjarðarkaupstaðar, og hefur skipulag Siglufjarðarkaupstaðar verið miðað við það, að þarna yrði reist síðar myndarleg og afkastamikil lýsisherzluverksmiðja. Það má fullyrða í sambandi við rafmagn, að það getur verið fyrir hendi. Hvort tveggja er, að það eru möguleikar til að stækka Skeiðsfossvirkjunina og líka tengja hana öðrum virkjunum á Norðurlandi. Í sambandi við vatn má benda á það, að stóra, Skútuáin, rennur straumþungt í fjörðinn, og hefur hún enn ekki verið virkjuð. Þarna bendi ég á þrjú veigamikil atriði, sem þarna eru fyrir hendi.

Ég tel, að bygging og rekstur lýsisherzluverksmiðju á Siglufirði gæti gerbylt því óhugnanlega ástandi í atvinnumálum, sem þar ríkir nú. Það er gömul og ný kenning, sem segir, að ef hús nágrannans brennur, er mitt í hættu. Eldur aðgerðarleysisins í atvinnumálum Siglfirðinga sækir nú ört á hvert einasta heimili í Siglufirði. Takist þeim ógnvaldi að eyða byggð norður þar, vil ég meina og margir aðrir, að sjálft þjóðarheimilið sé í vissri hættu. Ef stórkostleg framleiðslustöð eins og Siglufjörður lamast alvarlega, stafar ríkisbúskapnum mikil hætta þar af.

Í niðurlagi þeirrar grg., sem ég vitnaði til í upphafi máls míns, segir svo m. a.:

„Dagana 19. og 20. sept. 1964 var haldin á Siglufirði ráðstefna um atvinnumál að tilhlutan verkalýðsfélaganna þar. Á ráðstefnunni var gerð eftirfarandi ályktun:

Ráðstefna verkalýðsfélaganna á Siglufirði um atvinnumál Siglufjarðar skorar eindregið á ríkisstj. að undirbúa framkvæmd laga um byggingu lýsisherzluverksmiðju og láta reisa hana á Siglufirði. Leggur ráðstefnan áherzlu á, hve afar mikla þýðingu það hafi jafnt fyrir atvinnuuppbyggingu bæjarins sem efnahagslíf landsins, að slík verksmiðja yrði reist hér.“

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál, en legg til, að umr. verði frestað og þáltill. vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 28. fundi í Sþ., 3. marz, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 47. fundi í Sþ., 5. maí, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 77, n. 597).

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Fjvn. hefur haft þessa till. til athugunar og leggur til, að till. verði samþ. með þeirri breytingu, í stað niðurlags till., þ. e. „sýni rannsóknir hagstæða útkomu, skal þegar hefja byggingu verksmiðjunnar“, að það orðist á þann hátt: „Sýni rannsóknirnar hagstæða útkomu, skal þegar kanna til hlítar, hvar verksmiðjan skuli staðsett, og að því loknu hefja undirbúning að byggingu hennar.“ En í upphaflegu till. var gert ráð fyrir, að verksmiðjan yrði byggð á Siglufirði.

Fjvn. leitaði umsagnar tveggja aðila. Iðnaðarmálastofnunin mælir með því, að umrædd rannsókn á möguleikum á sölu hertrar síldarfeiti á erlendum mörkuðum verði látin fara fram í því skyni að kanna, hvort tímabært sé að byggja verksmiðju hérlendis til herzlu síldarlýsis í stærri stíl en nú á sér stað. Enn fremur var leitað umsagnar fiskideildar atvinnudeildar háskólans, en hún telur, að þetta mál sé ekki í sínum verkahring, og tekur því ekki afstöðu til þessarar till.

Það er rétt að taka það fram, að mjög hefur verið rætt um, ef slík rannsókn skyldi leiða í ljós, að í framkvæmdir verði farið, að kanna þá sérstaklega, hvort ekki sé rétt, að verksmiðjan verði staðsett á Siglufirði, með tilliti til þess, að þar eru stærstu síldarverksmiðjur landsins og á vegum ríkisins. Hins vegar þótti n. ekki rétt að ákveða í till. þann stað, sem reisa skuli verksmiðjuna á, ef rannsóknir sýndu hagstæða útkomu og í þetta fyrirtæki yrði ráðizt. N. mælir því ein-

róma með samþykkt till., eins og hún er orðuð á þskj. 597.

ATKVGR.
Brtt. 597 (ný tillgr.) samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 648).

13. Eftirlit með fyrirtækjasamtökum.

Á 23. fundi í Sþ., 1. febr., var útbýtt:
Till. til þál. um eftirlit með fyrirtækjasamtökum [111. mál] (A. 228).

Á 24. fundi í Sþ., 3. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 40. fundi í Sþ., 7. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Þáltill. um eftirlit með fyrirtækjasamtökum á þskj. 228 var flutt af Unnari Stefánssyni og fleiri Alþfl.-mönnum, er hann átti hér sæti fyrr á þessu þingi. Till. hljóðar — með leyfi hæstv. forseta — svo:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta athuga, með hverjum hætti hið opinbera geti haft eftirlit með viðleitni fyrirtækja til að hafa með sameiginlegri afstöðu á markaði óæskileg áhrif á verðmyndun í landinu og hvernig bezt megi tryggja, að neytendur fái notið ávaxta aukinna framleiðsluafkasta í meira vöruúrvali og hagstæðara verðlagi."

Till. þessi hefur verið flutt áður, gekk þá til n. og var vísað til umsagnar ýmissa aðila. Vil ég benda á, að flestir þeir aðilar, sem um voru spurðir, tóku vel í till. og mæltu með því, að slík athugun færi fram. Meðal þeirra, sem veitt hafa meðmæli, eru t. d. Reykjavíkurborg, Verzlunarráð Íslands og ýmsir fleiri. Og ekki þarf að efast um, að bæði samvinnuhreyfingin og verkalýðshreyfingin séu fylgjandi slíku máli, því að þetta er eitt af baráttumálum þeirra um allan heim.

Ísland er nú eina ríkið meðal þjóða Vestur-Evrópu, sem hefur ekki lög um heimild hins opinbera til að hamla á móti einokun fyrirtækja eða samtaka fyrirtækja til að halda uppi í skjóli einokunaraðstöðu óeðlilega háu verði til að afla sér óréttmæts ágóða. Verðlagseftirlit í núverandi mynd gegnir ekki þessu hlutverki. Í Noregi er t. d. verðlagseftirlit, en þar fyrir utan hafa verið bannaðir um 400 verðsamningar einkaaðila, sem taldir eru brjóta í bága við þessar meginreglur.

Ýmislegt bendir til þess, að fyrirtækjasamtök séu orðin útbreidd hér á landi, en þó vantar að verulegu leyti formlega vitneskju um ástand þeirra mála, og er þess vegna rík ástæða til þess að gera þá athugun, sem tillagan fer fram á. Lengra gengur hún ekki.

Einmitt þessa daga eru miklar deilur um stórkostlega verðhækkun á tryggingum bifreiða, sem tilkynnt hefur verið, og það hefur ekki farið fram hjá mönnum, að öll félög, sem starfa að slíkum tryggingum, hvar í hópi sem þau eru, hlutafélög eða samvinnufélög, hafa tekið saman höndum og tilkynnt verðhækkunina sem einn aðili. Þetta hefur ýtt undir þá spurningu, sem gengur manna á meðal, hvort slík verðmyndun sé ekki óeðlileg og hvar verndun neytandans sé, hvar hin frjálsa samkeppni sé, þegar allt að 100% verðhækkanir detta yfir menn með tilkynningum frá slíkum samsteypum, sem þarna virðist vera um að ræða. Og hygg ég þó, að þetta sé ekkert einsdæmi, þó að þetta mál hafi vakið sérstaka athygli.

Hér á Íslandi er þetta vissulega viðkvæmt og erfitt mál vegna þess, að þjóðfélag okkar er lítið, efnahagskerfið er lítið og það er á mörgum sviðum svo, að okkur hlýtur að reynast hagkvæmast í framleiðslu og þjónustu, að ekki séu of margir aðilar um störfin. Þess vegna verðum við öðrum fremur að reyna að finna leið til þess að nota hagkvæman stórrekstur, eins og nútímatækni krefst, en forðast jafnframt þá ágalla, sem eru á hvers konar einokun og einokunaraðstöðu, bæði í framleiðslu og alveg sérstaklega til að ákveða verð á vörum. Hættur á þessu sviði hafa vissulega aukizt við það, að viðskipti hafa verið gefin mun frjálsari en þau áður voru. Enn stefnir í þá átt, svo að ástæða er ríkari en nokkru sinni til þess að samþykkja þessa till. og láta fram fara athugun á þessu máli, ekki sízt vegna þess, sem ég gat um áðan, að aðilar eins og Verzlunarráð Íslands annars vegar, en verkalýðs- og samvinnuhreyfingin hins vegar virðast vera sammála um nauðsyn þess, að athugað sé, hvernig ástand þessara mála er og hvort ekki er rétt fyrir Íslendinga, eins og svo til allar þjóðir í okkar hluta heims, að setja einhverja löggjöf um þessi mál.

Herra forseti. Ég legg til, að umr. verði í dag frestað og málinu, þegar það verður gert, vísað til allshn.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð í sambandi við þessa till., sem ég tel mjög gagnlega og nauðsynlegt, að samþykkt sé og fylgt fljótt eftir. Ég sé það í grg. þessarar till., að þar er mjög réttilega sagt á bls. 2, með leyfi hæstv. forseta: „Af þessum ástæðum má fullyrða, að stórum hafi dregið úr gildi frjálsrar samkeppni um verð í nútíma verzlunarháttum." Þykir mér mjög vænt um að uppgötva það, að öðrum hv. stjórnarflokknum er orðið þetta ljóst. Ég hef nokkrum sinnum verið að ræða um það hér, að þessi frjálsa samkeppni, sem hæstv. ríkisstj., ef ég man rétt, byggði að

miklu leyti tilveru sína á, þegar hún byrjaði, hún er nokkurn veginn dauð fyrir alllöngu. Og það, að einokunarhringar og annað slíkt hafi tekið við af henni, er staðreynd, sem blasir við í mestöllum nútímaheiminum, ef menn kynna sér eitthvað hagfræðilega þróun. Ég sé þess vegna ekki betur en einmitt með þessari grg. sé verið að kveða upp mjög greinilegan dauðadóm yfir þeirri stefnu, sem hæstv. ríkisstj. hefur fylgt í þessu efni, og var sannarlega tími til kominn, vegna þess að það er ósköp leiðinlegt að sjá menn t. d. í stærsta blaði borgarinnar vera að þrefa um það ár eftir ár, að það sé einhver frjáls samkeppni til í þessum efnum, á sama tíma sem menn hafa daglega staðreyndirnar fyrir sér um, að hún sé löngu dauð.

Við getum litið á eitt svið hérna, sem ekki er neitt smáræðissvið. Það er olíusalan. Það er búið að viðgangast hér í áratugi, að olían er seld með sama verði af öllum þeim þrem félögum, sem með hana hafa að gera. Og það, sem raunverulega hefur gerzt í þessum efnum, er bara, að þessir þrír hringar koma sér saman um að starfa sem einn hringur, en leggja bara því meira á, sem þarf fyrir þreföldum kostnaði við alla dreifingu olíu og benzíns á Íslandi. Ár eftir ár, líka á tímum vinstri stjórnarinnar, flutti Alþb. till. um, að það væri tekin upp ríkiseinkasala á olíu, af því að það er alveg greinilegt, að það var eina aðferðin, sem til var til þess að tryggja, að það væri reynt að setja þarna nokkurn veginn rétt verð á, eða þá, ef verðið var haft hærra en nauðsynlegt var, að það rynni þá til ríkisins, en ekki einhverjir hringar skiptu því upp á milli sín. Ár eftir ár hefur þetta viðgengizt. Menn tala um frjálsa samkeppni, menn vita, að hún er ekki til, menn láta þessi einokunarsamtök starfa áfram, og við þessu er ekki annað að gera en að gerbreyta um efnahagsstefnu, taka upp verðlagseftirlit, sem menn hafa verið að afnema undanfarið, taka upp þjóðnýtingu, sem menn hafa verið á móti undanfarið. Sannleikurinn er sá, að það að ætla að knýja fram frjálsa samkeppni á hinum og þessum sviðum, það er ekki til neins. Það er eins og að berjast við vindmyllur. Stigið þarna áfram er mikið eftirlit af hálfu ríkisins, harðvítugt eftirlit af hálfu ríkisins, í staðinn fyrir að sú pólitík, sem rekin hefur verið, hefur miðað að því að leyfa hverjum aðila að græða eins og hann getur á almenningi, án þess að ríkið hafi nokkurt eftirlit með því. Þess vegna er ástæða einmitt til þess að fagna því, að það skuli vera allmargir Alþfl.-þm., sem standa að þessari till.

Hv. 5. þm. Vesturl. nefndi hér áðan annað dæmi, viðvíkjandi vátryggingarfélögunum. Það er vitanlegt, að vátryggingarfélögin hér hafa um alllangt skeið haft opinber samtök sín á milli, haft samtök um að hafa sama verð. En á hvern hátt keppa þau? Jú, það er til keppni hjá þeim. Sú keppni fer fram í því, að þau eru að veita lán. M. ö. o.: vátryggingafélögin hér vinna eins og bankar að nokkru leyti og veita lán og reyna að binda menn til vátrygginga með lánveitingum. Þetta er náttúrlega starfsemi, sem á ekki að þrífast. Ef um vátryggingar er að ræða, á að leyfa þar frjálsa samkeppni, ef menn ætla ekki að þjóðnýta þetta, og þá ætti að banna þessum vátryggingarfélögum að skipta sér nokkurn skapaðan hlut af lánamálum, það er það eina rétta í því, láta þau ekki geta keppt á þann máta. Það er vitanlegt, að vátryggingar hér á Íslandi eru allt of háar og það er okrað á Íslendingum í þessu og ríkið beinlínis hjálpar til við þetta með því móti að borga svo og svo mikið af öllum þessum vátryggingum sjálft. Einstaka félög geta tekið upp á því að borga svo sinn bónus, eins og t. d. Samvinnutryggingar gera að einhverju leyti. Þar er visst form, t. d. að reyna að lækka þetta fyrir neytendur, en kerfið sjálft er orðið tóm vitleysa. Við höfum ekkert að gera við 10—20 vátryggingarfélög á Íslandi. Það er í hæsta lagi rúm fyrir eitt.

Og svona er það á fjöldamörgum sviðum hér hjá okkur. Ef við ætlum að læra nokkra nútímatækni, þá er það fyrsta, sem við lærum í því, að það þarf að vera stórrekstur, til þess að það sé eitthvert vit í því. Hvernig skyldi samkeppnin vera í bílunum hérna? Menn þyrftu líklega ekki nema ganga eftir Suðurlandsbrautinni til þess að sjá, hvernig því muni vera háttað, og sjá bílaumboðshallirnar þar.

Ég fagna því, að það skuli koma fram svona till., ég er algerlega fylgjandi henni. Og ég held, að það þurfi að fylgja þessu eftir með því, ekki aðeins að reyna að hressa við þessa frjálsu samkeppni, þar sem hún sé að drepast, heldur þar sem hún er raunverulega dauð, þá þurfi að fylgja þarna eftir með verðlagseftirliti, með þjóðnýtingu og með ríkisrekstri.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 41. fundi í Sþ., 13. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 47. fundi í Sþ., 5. maí, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 228, n. 596).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Þessi till. um eftirlit með fyrirtækjasamtökum er þess efnis, að Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að láta athuga, með hverjum hætti hið opinbera geti haft eftirlit með viðleitni fyrirtækja til að hafa með sameiginlegri afstöðu á markaði óæskileg áhrif á verðmyndun í landinu, og hvernig bezt megi tryggja, að neytendur fái notið ávaxta aukinna framleiðsluafkasta í meira vöruúrvali og hagstæðara verðlagi. Þessi þáltill. hefur oft verið flutt hér á Alþ. áður, þó að hún hafi aldrei

áður komizt svo langt áleiðis að verða afgr. úr n. Ég geri þess vegna ráð fyrir, að hv. þm. sé þetta mál allvel kunnugt, og get leyft mér að vísa sérstaklega til þess, sem segir í grg. með till., og þá alveg sérstaklega tilvitnunar til umsagnar Hagstofu Íslands um **málið**, en hagstofan segir, að ýmislegt bendi til þess, að fyrirtækjasamtök séu nú orðin talsvert útbreidd hér á landi. En hins vegar vantar alla vitneskju um ástand þessara mála í einstökum atriðum, vegna þess að aldrei hefur farið fram nein athugun á þeim. Hníga ýmis rök að því, að slík athugun verði látin fara fram. Þegar þessi till. kom fyrst fram á Alþ., var hún einnig send til umsagnar Verzlunarráði Íslands, sem gaf jákvæða umsögn um till.

Þessu máli var vísað til allshn., og allshn. leit svo á, að nauðsynlegt væri að láta þá athugun fara fram, sem till. gerir ráð fyrir, og því mælir allshn. með því, að till. verði samþ.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 649).

14. Vigtun bræðslusíldar.

Á deildafundum 10. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um vigtun bræðslusíldar [65. mál] (A. 72).

Á 16., 17., 25. og 26. fundi í Sþ., 2. og 9. des., 5. og 10. febr., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 27. fundi í Sþ., 24. febr., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Á þskj. 72 flyt ég ásamt 7. landsk. þm. (SvJ), 8. þm. Reykv. (PS) og 3. þm. Sunnl. (GuðlG) till. um vigtun bræðslusíldar, og er efni hennar á þá leið að skora á ríkisstj. að skipa 5 manna n. til þess að athuga möguleika á því, að síld, sem lögð er í verksmiðjur til bræðslu, verði hér eftir keypt eftir vigt. Við leggjum til, að í þessa nefnd verði skipað samkv. tilnefningu frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, Sjómannasambandi Íslands, síldarverksmiðjum Austur- og Norðurlands og síldarverksmiðjum ríkisins, sinn fulltrúinn frá hverjum aðila, og fimmti maður verði skipaður af ríkisstj. án tilnefningar.

Nú kann einhver að spyrja: Hvers vegna er verið að flytja hér þáltill. um, að athugun fari fram á því, að öll bræðslusíld, sem lögð er í verksmiðjur norðanlands og austan, verði hér eftir keypt eftir vigt, en ekki máli, eins og verið hefur, og einhvern kann að reka minni til laga, sem samþ. voru á Alþingi 9. maí 1930, en í þeim 1. segir í 1. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Öll síld, sem seld er bræðsluverksmiðjum til vinnslu, skal hér eftir vegin, ef seljandi óskar þess. Við vigt á síld skulu notaðar þar til hæfar vogir, er taki í einu a. m. k. innihald tveggja mælikera ásamt tæki því, sem síldin er vegin í. Eitt mæliker skal rúma 135 kg af síld, og telst það verðeining."

Þessi lög eru enn í gildi, en þau hafa aldrei verið framkvæmd hvað snertir bræðslusíld við Norður- og Austurland, og á síðustu a. m. k. tveimur áratugum hefur ekki verið á þau minnzt, enda eru þau nú, ef ætti að fara að framkvæma þau, orðin úrelt að öðru leyti, og því má segja, að þau séu eins og frá byrjun gagnslaus. Og þá má segja: Er þá ekki rétt, að þessir aðilar, sem hér eiga hlut að máli, semji um þessi mál? En það er vegna þess, að samkomulag hefur ekki náðst á milli þessara aðila þrátt fyrir ítrekaðar óskir um, að síld verði vegin, en ekki mæld, óskir frá sjómannasamtökum um allt land og útvegsmannasamtökum. Hafa verksmiðjurnar staðið þar í vegi. Skal ég ekki rekja þær ástæður. En þegar síld fór að veiðast hér við Faxaflóa og Suðvesturland, var öll síld, sem lögð var í síldarbræðslur, vegin, en ekki mæld, og er það svo enn án undantekninga hjá öllum verksmiðjum, sem risið hafa á þessu svæði.

Eftir að síld fór að veiðast hér syðra, sáu sjómenn og útvegsmenn fljótt, að það var mikill munur á því, hvað síldarafli þeirra kom betur út, þegar landað var í verksmiðju hér sunnanlands, í samanburði við það, sem út kom, þegar síld var landað í verksmiðjur á Norður- og Austurlandi, þar sem hún er mæld, og er þá miðað við, að málið sé 135 kg. Þessi óánægja hefur mjög magnazt á undanförnum árum, og það hafa verið gerðir tugir samþykkta í hinum ýmsu sjómannafélögum víðast hvar á landinu og í flestum útvegsmannafélögum og sömuleiðis heildarsamtökum þessara aðila, og þá sérstaklega hafa verið gerðar margar samþykktir í heildarsamtökum útvegsins, Landssambandi ísl. útvegsmanna, og það sent þessar kröfur frá sér til síldarverksmiðjanna, og sömuleiðis hafa fleiri aðilar látið þetta mál til sín taka. T. d. vil ég vitna hér í, að á fiskiþingi árið 1960 var samþykkt ályktun frá fiskiðnaðar- og tækninefnd þingsins, og þar segir í upphafi ályktunarinnar, að athugun fari nú fram á því, hvort framkvæmanlegt sé kostnaðar vegna og af tæknilegum ástæðum að taka upp vigtun á bræðslusíld í stað mælingar, og telur fiskiþingið eðlilegt, að þeirri athugun sé hraðað.

Svör síldarverksmiðja ríkisins hafa yfirleitt verið mjög neikvæð hvað snertir þessi mál, og hefur ýmsu þar verið borið við. M. a. er

því borið við af verksmiðjustjórn, að síldinni sé landað með löndunartækjum á eigin bryggjum verksmiðjanna og þessar bryggjur séu úr tré og sé erfitt og kostnaðarsamt að koma vigtum fyrir á þeim og hætta á, að vigtirnar bili vegna mikils hristings á bryggjunum í sambandi við notkun tækjanna og vegna súgs, sem stundum er við bryggjurnar. Enn fremur hafa talsmenn síldarverksmiðjanna iðulega bent á það, að verð bræðslusíldarinnar sé miðað við meðaltal afurða úr mældri síld á 5—10 ára tímabili. Ljóst sé, að yrði tekin upp vigtun, mundi verða að áætla, að minna magn fengist af afurðum úr hverju máli og verðið á málinu mundi lækka sem því svaraði, þótt vigtun yrði tekin upp, og gæti það þess vegna orðið til þess, að menn fengju ekki, svo að neinu næmi, meira verð fyrir sama farm, því að það, sem bræðslusíldarmálunum mundi fjölga, kæmi fram í lækkuðu verði á hverju máli vegna minni afurða úr hverri máleiningu. Þetta eru þau rök, sem fram hafa komið frá talsmönnum síldarverksmiðjanna.

Það er skoðun mín og okkar flm. þessarar till., að frá hendi verksmiðjanna hafi þessi mál ekki fengið þá athugun, sem sjálfsögð var, vegna þess að ráðamenn þeirra hafa í raun og veru fram til þessa verið því andvígir, að síld sé vigtuð, og hafa viljað halda áfram mælingu síldarinnar. Lengi vel voru svör verksmiðjanna heldur loðin og látið að því liggja, að þessar athuganir mundu fara fram og þessu yrði breytt innan ekki langs tíma. Nýjar verksmiðjur hafa risið upp, einkum á Austfjörðum á síðustu árum. Þær verksmiðjur hafa í byrjun orðið að kaupa síld eftir vigt, og þá hefur enginn greinarmunur verið gerður á því við verðlagningu síldar, hvort viðkomandi verksmiðja hefur orðið að kaupa síldina eftir vigt eða eftir máli. Síðan hefur sú breyting verið gerð á, að þessar verksmiðjur hafa flestar hverjar komið sér upp mælitækjum, og svo langt hefur það gengið á einstaka stöðum, að þar sem mælitæki hafa verið tekin upp, hefur síldinni verið ekið eftir sem áður á bílum og fram hjá vigtum á stöðunum, í staðinn fyrir að vigta hana. Þess vegna hafa mælitækin verið notuð áfram, vegna þess að verksmiðjurnar hafa haft meira upp úr því en áður var.

Óánægja sjómanna og útvegsmanna hefur farið mjög vaxandi á síðustu árum, og hvað sem líður viðhorfum síldarverksmiðjanna á Norður- og Austurlandi, er það ekki nema eðlilegur og sjálfsagður hlutur, að allar verksmiðjur í landinu búi við sömu aðstöðu í þessum efnum, og alveg eins og hægt er að kaupa síld hér sunnanlands eftir vigt, á einnig að vera hægt og sjálfsagt að gera það hjá verksmiðjum á Norður- og Austurlandi.

Nokkrir útvegsmenn hafa síðustu sumur látið gera tilraun með það, hvernig síld hefur komið út, sem hefur verið mæld, og látið vigta þessa sömu síld, að vísu aldrei nema nokkur mál í einu. Og á s. l. sumri var einn bátur, sem leggur síld upp í verksmiðju, 48 mál, og hann lætur vigta þessa síld, og þá kemur meðaltal á mál út samkv. vigt 153.2 kg, en til grundvallar í málinu eru lögð 135 kg. Þetta dæmi er eitt af mörgum dæmum þess, að hér er um ónákvæmni að ræða, sem er eðlilegt að ráða bót á, og það er ekki lengur hægt að láta við það sitja, að kröfum og óskum allra sjómanna í landinu og útvegsmanna sé ekki sinnt. Þess vegna er þetta mál hér flutt í trausti þess, að þessi till. nái hér samþykki á Alþingi. Till. gerir ekki ráð fyrir því, að þetta nýja form verði tekið upp á þessu sumri, þótt till. verði samþykkt, heldur verði stefnt að því, að breytingin eigi sér stað fyrir sumarsíldveiðar 1966, þannig að við flm. till. höfum ekki viljað hafa till. það ákveðna og það skamman tíma til stefnu, að aðilar geti ekki komið fram með sín sjónarmið. En það er okkar skoðun, að tæknilega séð sé vel hægt að framkvæma þessa breytingu, án þess að hún komi til með að kosta verksmiðjurnar neitt tilfinnanlegt fé, og þar með verða við óskum sjómanna og útvegsmanna. Og ég tel, að þáttur sjómanna og útvegsmanna í síldveiðum sé það mikils virði og lítið væri af síld unnið, ef þessir aðilar væru ekki, að það sé ekki hægt að ganga fram hjá þessum óskum lengur en orðið er, því að það eru nú liðin nálega 7 ár, frá því að stanzlausar till. hafa verið samþykktar í þessum efnum, áskoranir á síldarverksmiðjurnar, án þess að neitt hafi verið gert, sem hefur sýnt, að áhugi sé fyrir að breyta hér um.

Ég vænti þess, að þessari till. verði vel tekið og að Alþingi sýni þessu máli skilning og þá um leið óskum þessara framleiðslustétta þá viðurkenningu, að þetta mál fái eðlilega afgreiðslu í n., eins og við flm. leggjum til. Að lokinni þessari umr. legg ég til, að till. verði vísað til síðari umr. og hv. allshn.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Með þessari þáltill. er lagt til, að ríkisstj. skipi 5 manna n. til þess að athuga möguleika á því, að síld, sem lögð er í síldarverksmiðju til bræðslu, verði keypt eftir vigt.

Í sambandi við þessa till. þykir mér rétt að benda á, að það hefur eflaust ekki farið fram hjá þeim, sem flytja þessa till., að til eru lög um vigtun á bræðslusíld, alveg fortakslaus lög, sem kveða svo á um, að ef seljandi að bræðslusíld krefst þess, að síld sé vigtuð, er kaupandinn algerlega skyldugur til þess. Og auðvitað þarf ekki að athuga það neitt, að það er hægt að koma þessu í kring, því að þetta fer nú fram á ýmsum stöðum á landinu, svo að á því er auðvitað enginn vafi. Ég sé því ekki, að það sé í rauninni neitt annað í þessu að gera, þar sem reynslan hefur sýnt, að þetta hefur verið gert á ýmsum stöðum á landinu, að síld er keypt eftir vigt, og það fer ekkert á milli mála, að það er hægt, lög mæla alveg tvímælalaust fyrir um það, og það er í rauninni ekki hægt að skjóta sér undan þeim lögum, ef seljandinn gerir kröfu um það,

því að þau eru alveg fortakslaus. Þá er eins rammlega um þetta búið og hægt er að gera af hálfu ríkisvaldsins. Ég á ekki von á því, að svona nefnd geri mikið annað en það, að hún athugi eitthvað um, hvað það mundi kosta að breyta þessum löndunartækjum. Ég fyrir mitt leyti sé því ekki mikla ástæðu til þess að taka á þessu vandamáli á þennan hátt. Ég álít, að ef það er virkilega svo, að seljendur að hræðslusíld séu mjög ákveðnir í því að knýja þetta í gegn, eigi þeir bara að sýna það, að lög skuli gilda í landinu, og ganga afdráttarlaust eftir því, að lögin séu haldin.

En fram hjá hinu verður auðvitað ekki heldur gengið, að eins og nú er komið verðlagningu á síld, þá er í rauninni búið að kippa rökunum undan þessari gömlu kröfu, svo réttmæt sem hún var lengi vel. Það er búið að kippa rökunum undan þessari kröfu að verulegu leyti. Verðlagningunni er orðið þannig háttað, að þetta skiptir ekki neinu verulegu máli, hvort hér er heldur mælt eða vegið, eins og nú er komið. Ef farið er eftir þessum reglum, sem í gildi eru og verðlagsráðið telur sig fara eftir við ákvörðun á verðinu á hræðslusíld á hverjum tíma, hefur þetta í rauninni ekkert að segja. Og mér er nær að halda, að þegar seljendur að síld sáu, að svona var komið, að það var búið að breyta verðlagningarreglunum á þennan hátt, hafi þeim ekki verið eins fast í hendi og áður var að fá þessu breytt.

Ég fyrir mitt leyti tek undir það, ég álít, að það sé réttast að vigta alla síld, sem fer til hræðslu. Ég álít, að það sé miklu réttari leið og það beri að stefna að því. Og ég held, að eina leiðin til þess að knýja það í gegn sé hreinlega að gera þeim það ljóst, sem kaupa síldina, að þeir eru skyldugir til þess samkv. lögum, ef t. d. seljendur síldarinnar krefjast þess, og þá gera þeir það. Þeir geta ekki skotið sér undan því frekar en öðru. En auðvitað skjóta þeir sér undan því að breyta þarna um, á meðan seljendurnir gera ekki meira en það, sem þeir hafa gert, að þegar síldarvertíðir eru löngu umliðnar, kvaka þeir eitthvað lítillega í málinu, en láta það að öðru leyti eiga sig.

Ég óttast það sem sagt, að þó að svona nefnd yrði skipuð eins og þessi, þá verði engin breyting í þessu máli. Af því hefði mér fundizt hitt vera hreinna, að samtök útvegsmanna sjálfra, sem verða að teljast seljendur í þessum efnum, geri skýlausa kröfu um, að lögunum sé framfylgt, ef þeir þá meina þetta, en ég held, að út úr nefndarskipuninni komi sáralítið.

Þá vil ég einnig benda á það, að samsetning á þessari nefnd er að mínum dómi óeðlileg. Ef slík nefnd sem þessi yrði skipuð í þetta mál, þá er vitanlega eðlilegt, að Alþýðusamband Íslands eigi einn fulltrúa í þessari nefnd, sem er sá eini stéttarlegi aðili, sem þarna kemur fram fyrir sjómennina alla, en ekki aðeins fyrir Sjómannasamband Íslands, sem aðeins hefur innan sinna vébanda örfá sjómannafélög, en meginhlutinn af stéttarsamtökum sjómanna stendur þar fyrir utan. Ég vil því benda á það, að ef þessi till. verður samþ. og nefndin verður skipuð, þá á vitanlega að breyta þessu atriði, því að þetta er óeðlilegt. En hinu vil ég sem sagt skjóta bæði til flm. og eins til þeirrar nefndar, sem fær með málið að gera, hvort ekki eru til aðrar hagkvæmari leiðir til þess að koma þessu máli í gegn og líklegri en það að setja málið í nefnd á þennan hátt, sem þarna er lagt til.

Flm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Hv. 5. þm. Austf. benti á það, að til væru lög, — ég las meira að segja upp meginkafla laganna í minni framsöguræðu fyrir till., — og hann taldi, að það væri ekki líklegt til árangurs að skipa nefnd sem þessa, því að það væru bein lagafyrirmæli um, að það ætti að vigta alla síld. Þessi lagafyrirmæli hafa verið, eins og ég benti á í minni framsögu, frá 9. maí 1930. Það er núna í mörg ár búið að krefjast þess af þeim aðilum, sem selja hræðslusíld í verksmiðjur norðan- og austanlands, að síldin sé vigtuð, en ekki mæld. Svarið hefur verið, að það væri svo kostnaðarsamt, og þegar komið er fram á síldveiðar. þá er auðvitað engin aðstaða til þess að vigta, þar sem málið hefur ekki verið undirbúið. Þessa samkomulagsleið hefur verið reynt að fara núna í ein 6 eða 8 ár frá heildarsamtökum útvegsins við verksmiðjurnar, og heildarsamtök útvegsmanna eru orðin alveg uppgefin á að fá verksmiðjurnar inn á þessar brautir. Og það, sem hefur gerzt, er enn verra, að þær verksmiðjur, sem hafa hafið sína starfrækslu, eins og ég benti á í minni framsöguræðu, og keyptu fyrst síld eftir vigt, hafa lagt það niður og komið sér upp mælitækjum þrátt fyrir þessi lög frá 9. maí 1930. Og það er skoðun okkar flm. þessarar till., að þetta langa tímabil, þar sem reynt hefur verið að leita samkomulags í þessum málum, sé á enda liðið og því sé ekki um annað að ræða en að bera málið hér fram á Alþingi í trausti þess, að það verði, ef þessi till. nær samþykki þingsins, skipuð nefnd, sem tekur þetta mál föstum tökum, og við höfum eitt ár til stefnu, að þessum málum verði breytt fyrir sumarsíldveiðarnar 1966. Og það er mín skoðun, og ég hygg, að ég megi segja, að það sé skoðun annarra stjórnarmanna í L.Í.Ú., að þetta sé sú leið, sem við almennt álítum að sé líklegust til þess að ná árangri. Þetta er sömuleiðis skoðun fjöldamargra sjómanna, og óánægja þeirra er alls ekki minni en útvegsmanna, enda hafa þeir nákvæmlega sömu hagsmuna að gæta. Hitt getur svo verið álitamál, sem hv. 5. þm. Austf. benti á áðan í sinni ræðu, hvort það ætti að vera tilnefndur maður frá Sjómannasambandi Íslands eða Alþýðusambandi Íslands, og það er sjálfsagt að taka það mál til athugunar í þeirri n., sem fær till. til afgreiðslu að lokinni þessari umr.

ATKVGR.
Till. vísað til síðari umr. með 31 shlj. atkv. og til allshn. með 31 shlj. atkv.

Á 42. og 44. fundi í Sþ., 21. og 28. apríl, var till. tekin til síðari umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 47. fundi í Sþ., 5. maí, var till. enn tekin til síðari umr. (A. 72, n. 469).

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Till. sú, sem hér er til umr., er þess efnis, að Alþ. álykti að skora á ríkisstj. að skipa 5 manna n. til þess að athuga möguleika á því, að síld, sem lögð er í síldarverksmiðju til bræðslu, verði keypt eftir vigt.

Allshn. hv. Sþ. hefur haft þessa till. til meðferðar og sent hana til umsagnar og rætt hana á fundum sínum. Það má segja, að það sé einróma álit þeirra aðila, sem fengið hafa málið til umsagnar, að þeir mæli með samþykkt till. Málið hefur m. a. verið sent til Félags síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi, og þeir mæla með samþykkt. Þeir geta þess, að þetta sé mál, sem valdið hafi miklum ágreiningi á undanförnum árum, og meðfram vegna þess mæla þeir með því, að þessi stefna sé tekin. Síldarverksmiðjusamtök Norður- og Austurlands sendu allýtarlega umsögn, þar sem þau ræddu vandamálið í heild. Þau mæla jafnframt með þessu. Síldarverksmiðjur ríkisins gátu þess í umsögn sinni, að þær hefðu ekki getað kallað til fundar, en í gegnum viðtöl við viðkomandi aðila í stjórn verksmiðjanna er stjórn síldarverksmiðjanna sammála um að mæla með samþykkt till., og sömuleiðis má segja um stjórn Landssambands ísl. útvegsmanna og aðra þá, sem hafa að gera með sölu síldar. Síldarútvegsnefnd hins vegar getur þess, að hún hafi aldrei haft nein afskipti af vigtun bræðslusíldar og taki þess vegna ekki afstöðu til málsins. Alþýðusamband Íslands getur þess, sem kom fram í fyrri hl. umr. um þetta mál, að það séu ótvírætt skýr ákvæði um það í íslenzkum l., að ef seljandi óski þess, þá sé hægt að fá síld vigtaða, sem seld er til bræðsluverksmiðja. Það er hins vegar staðreynd, að af þessu hefur ekki orðið, þrátt fyrir ítrekaðar óskir bæði sjómannasamtaka og samtaka þeirra útvegsmanna, sem hafa með þessi mál að gera, og því eru allir aðilar ásamt allshn. sammála um að mæla með samþykkt þessarar till., með þeirri breyt. þó, að í stað orðanna „1. okt. 1965“ í þáltill. komi: 1. jan. 1966. Þetta verður að teljast eðlilegt, meðfram af því, að till. kemur seint fram til afgreiðslu hér á hv. Alþ., og hv. Alþ. verður að ætla þeim mönnum, sem koma til með að vinna að þessu máli, þann tíma, sem nauðsynlegur er.

Persónulega er ég sannfærður um það, að með þessari till. er farið inn á rétta braut. Með þeirri tækni, sem ryður sér nú til rúms, verður það fram undan a. m. k. í sambandi við bræðslusíld, að það verður dælt frá skipunum með sjálfvirkum tækjum og inn á sjálfvirka rás, sem hefur á sinni rás vigtun. Og eins og tekið hefur verið fram bæði af flm. og af öðrum, sem sent hafa inn umsagnir, þá er hér um mikið áhugamál bæði útvegsmanna og sjómanna að ræða, og undir það áhugamál hefur allshn. tekið ásamt öðrum, sem sent hafa inn umsagnir, og því mæla þeir eindregið með því, að till. þessi verði samþ.

Sverrir Júlíusson: Herra forseti. Það er ekki vegna þess, að ég þurfi að tjá hug minn í sambandi við þáltill. þá, sem hér er til umr., þar sem fyrir liggur afstaða mín til þáltill., þar sem ég er meðflm. að henni. En ég vil leggja áherzlu á þetta mál og tel, að þetta sé réttlætis- og nauðsynjamál. En sérstaklega kvaddi ég mér hljóðs vegna ummæla hv. 5. þm. Austf. við fyrri umræðu þessa máls. Hann vildi halda því fram, að með tilvísun til l. nr. 36 9. maí 1930, þá væri þessi till. alveg óþörf, því að ef farið væri fram á vigtun, t. d. af samtökum seljenda, sjómanna og útvegsmanna, eða eigendum síldarinnar sjálfum, þá væri ekki hægt annað en verða við þeirri beiðni. Viðvíkjandi þessu atriði get ég ekki látið hjá líða að benda á, að þessar óskir hafa verið uppi um 6—8 ára skeið. Það mun fyrst hafa verið, sem formlega var farið fram á þetta, á árinu 1958, og var þá samþ. till. um það á aðalfundi Landssambandsins, að athuga yrði um vigtun á síld. Ég vil biðja þingheim að taka eftir því, að þetta er á þeim tímum, þegar hv. 5. þm. Austf. fór með sjávarútvegsmál, en framkvæmd þessara mála var sú, að skrifað var til allra síldarverksmiðja, bæði einkaverksmiðja og síldarverksmiðja ríkisins, en afstaða síldarverksmiðjanna kemur fram í bréfi, sem skrifað er 9. maí 1958, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í tilefni af bréfi yðar, dags. 10. marz s. l., viljum við taka fram, að SR hafa á undanförnum árum mælt bræðslusíld þá, sem þær hafa tekið á móti, í löglegum mælitækjum. Síldinni er landað með löndunartækjum á eigin bryggjum verksmiðjanna, bryggjur þessar eru úr tré og erfitt og kostnaðarsamt að koma vigtum fyrir á þeim og hætta á, að vigtirnar bili vegna mikils hristings á bryggjunum í sambandi við notkun tækjanna og vegna súgs, sem stundum er við bryggjurnar. Þar sem ekki getur leikið neinn vafi á því, að síldin sé rétt mæld í mælitækjum SR, sem löggilt eru árlega, þá telur verksmiðjustjórnin ekki ástæðu til þess að taka upp kostnaðarsamari og ef til vill ónákvæmari aðferð við ákvörðun þess bræðslusíldarmagns, sem tekið er á móti hverju sinni.“

Það kemur fram í bréfinu einnig, að þessi till. var samþ. með atkv. allra stjórnenda síldarverksmiðjanna, en þar eiga allir stjórnmálaflokkar sína fulltrúa. Ég er ekki í neinum vafa um það, að þegar hv. 5. þm. Austf. fór með þessi mál, þá hefur þetta einnig verið í fullu samræmi við hans vilja. En það er sama, hver hefur farið með sjávarútvegsmálin

á þessum árum, þá hefur einatt verið skotið sér á bak við þessa skoðun, en þetta hefur verið mjög mikið alvöru- og hitamál hjá sjómönnum og útvegsmönnum.

Hv. 5. þm. Austf. vildi einnig halda því fram, að það skipti ekki öllu máli, hvor aðferðin væri notuð, mælt eða vigtað, ef hið sama væri lagt til grundvallar í sambandi við verðlagningu. Þá sagði hann, að einhver breyting hefði orðið á við tilkomu verðlagsráðs. Ég vil taka það fram, að hið sama er lagt til grundvallar, bæði magn og nýting, við ákvörðun á þessu, eins og var áður. Breytingin er aðeins sú í sambandi við verðlagsráðið, að áður var það háð till. stjórnar verksmiðjanna og staðfest af sjútvmrh., en nú er þetta, má segja, á samningsgrundvelli á milli kaupenda og seljenda, en að sjálfsögðu tekið tillit til þess, hvernig útkoman hefur verið á hverjum tíma. Ég vil þess vegna leggja mikla áherzlu á, að þessi athugun fari fram, svo að rutt verði úr vegi gömlu ágreiningsmáli, sem uppi hefur verið um langan tíma.

Ég get að vissu leyti verið sammála hv. 5. þm. Austf. um það, að ef alltaf væri gengið út frá sömu forsendu í öllum tilfellum, þá mundi niðurstaðan verða sú sama. En þessu er alls ekki þannig farið. Í mörgum tilfellum er síldin misjöfn til mælingar. Ef hún er ný og spriklandi, fer mun minna í málið en ef hún er slegin, og kunnugir segja mér, að munur geti verið allt að 10%. Í heild kemur þetta vissulega framleiðendunum til góða í sambandi við verðákvörðunina. Það dylst engum. En svo er annað, sem vert er að benda á í sambandi við þetta: Í vaxandi mæli og sérstaklega á 2 síðustu árum, sér í lagi á síðustu síldarvertíð, sem kom til vegna þess, hve síldin var smærri og mikið magn síldarinnar fór til söltunarstöðvanna, er ekki samræmi í því, þegar síld er lögð inn frá söltunarstöðvunum eða beint úr skipunum. Vigtað er í þeim tilfellum það, sem kemur frá síldarsöltunarstöðvunum, en mælt í hinum tilfellunum, svo að þetta skapar einmitt misræmi, svo sem hv. 11. landsk. tók fram við 1. umr. þessa máls.

Ég vil svo að síðustu leggja áherzlu á það, að till. þessi verði samþ., og ég vil einnig leggja áherzlu á það, að þessari athugun verði hraðað sem allra mest. Þetta mál kom fram snemma á þessu þingi, en nú er komið að þingslitum, og þess vegna er sú brtt. fram komin, að þetta verði látið gilda frá 1. jan. 1966, í staðinn fyrir 1. okt. 1965, eins og var upphaflega í till.

Þá vil ég að lokum, til þess að sýna hug þeirra manna, sem eiga mikið undir þessu, með leyfi hæstv. forseta, lesa till., sem samþ. var á aðalfundi Landssambandsins nú í haust:

„Fundurinn lýsir ánægju sinni yfir fram kominni þáltill. frá Matthíasi Bjarnasyni o. fl. um vigtun á síld og skorar á Alþ. að samþykkja hana, enda verði gerðar tilraunir með vigtun a. m. k. í tveim síldarverksmiðjum á næsta sumri.“

Ég vil leggja áherzlu á, að hæstv. sjútvmrh. hlutist til um, að þessar tilraunir verði framkvæmdar í tveim verksmiðjum nú á næstu síldarvertíð. Mér hefur verið tjáð, að með þeim miklu framförum, sem átt hafa sér stað á ýmsum sviðum, m. a. hafa átt sér stað í vigtun, séu möguleikar á því með elektrónískum vigtaraðferðum að framkvæma þetta með litlum tilkostnaði, en till. þessi gerir ráð fyrir, að þetta verði athugað, bæði kostnaðarhliðin og annað. Ég vil, eins og ég sagði áðan, beina því til hæstv. sjútmrh., að hann hlutist til um að koma þessu í framkvæmd eins fljótt og möguleikar leyfa.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það var nú aðeins að leiðrétta lítils háttar misskilning, sem kom fram í ræðu hv. 7. landsk. þm., sem var nú síðast að tala. Hann lét orð að því liggja, að hann teldi víst, að sú afstaða, sem fram hefði komið í svari stjórnar síldarverksmiðja ríkisins árið 1958 varðandi kröfu þá um að taka upp vigtun á síld, sem lögð yrði inn til bræðslu, sú afstaða muni hafa verið í samræmi við minn vilja, sem þá hafi verið sjútvmrh. Ég efast ekki um, að þessi hv. þm. veit það mætavel, að því er ekki þannig farið, að sjútvmrh. stjórni samþykktum, hvorki hjá stjórn síldarverksmiðja ríkisins né annarra slíkra, og minn vilji hefur komið mjög skýrt fram í þessu máli oft áður, að ég hef verið á þeirri skoðun, að það ætti að taka upp vigtun á bræðslusíld, og hefði verið til mín leitað í sambandi við það á þessum tíma, þá hefði kannske verið unnið að því á annan veg en gert hefur verið. En hitt hlaut ég vitanlega að benda á hér, þegar þetta mál var hér til fyrri umr., að það er vægast sagt einkennilegt að leggja það til, að sett skuli niður sérstök athugunarnefnd til þess að rannsaka a. m. k. í heilt ár, hvernig eigi að bregðast við tilteknum lagaákvæðum, sem eru alveg tvímælalaus og skýr, að það er skylda hvers og eins, sem kaupir síld til bræðslu, að kaupa hana eftir vigtun, ef seljandi krefst þess. Þetta er svo skýrt í l., að fram hjá þessu verður ekki gengið. Ef hins vegar sá, sem kaupir, neitar að hlýða l., eru líka til lagasetningar um það, hvernig með slíkt skuli fara. Og það eru líka ákvæði í þessum l., hvaða sektarákvæði eigi hér að koma til. En hitt er svo annað mál, að það er alveg rétt, að þeir, sem hafa selt síldina á undanförnum árum, hafa engan veginn borið sig að á eðlilegan hátt í þessum efnum. Þeir hafa látið sér það nægja að gera nokkrar samþykktir hér og þar á fundum og senda þær stundum til stjórnar síldarverksmiðja ríkisins, sem jafnan hefur sannað þeim það með bréfi aftur á móti, að þetta mundi kosta skolli mikið og þeir þyrftu að breyta bryggjum sínum, ef þeir færu að lögum í landinu. Og við þetta hefur verið látið sitja. En vegna þess að það er nokkur óróleiki í ýmsum útvegsmönnum í sambandi við þetta, þykir mönnum a. m. k., að það sé þá unninn tími á því að setja málið í n. og

lofa því að hvíla í n. 1—2 ár enn og gera um það eflaust nokkrar samþykktir í millitíðinni.

Auðvitað vitum við það, að þetta er ekkert vandamál. Það kostar nokkra peninga að taka upp þetta fyrirkomulag hjá þeim, sem ekki hafa það, það er enginn vafi á því. En í þessum efnum er valdið hjá þeim, sem selja síldina samkv. l., og þeir geta gengið eftir þessu, ef þeir vilja, og það þarf enga sérstaka n. til þess að athuga málið þess vegna.

Hins vegar kom það skýrt fram hjá mér, þegar málið var hér til fyrri umr., að ekki var ég á móti því, að n. sé sett. Það kannske miðar þá hægt að því, að það verði farið að framkvæma þessi lagaákvæði. Ég tel það alveg sjálfsagt að framkvæma þau. E. t. v. hefst það upp úr þessum ársfresti, sem menn taka sér hér, að þá verði tekin upp þessi regla.

Ég gat þess hér einnig við fyrri umr. málsins, að því verður ekki neitað, að þetta mál hefur tekið talsverðum breytingum við tilkomu þeirra reglna, sem nú er búið að taka upp við verðlagningu á sjávarafurðum. Á því er auðvitað enginn vafi, að nú eru reglurnar um það, hvernig ákveða skuli verðið, fastbundnar í l., en voru það ekki áður. Áður var þetta miklu lausara, hvernig verðið var ákveðið, og gat þar oltið á ýmsu, og stundum var það beinlínis samningamál, hvað verðið var ákveðið. En nú er þetta fyrir mælt í l., svo að þetta er í sjálfu sér farið að hafa miklu minna gildi en það hafði áður, þó að þetta sé miklu eðlilegri viðskiptaháttur, að vigta síldina heldur en mæla hana á þann hátt, sem nú er gert.

Ég minntist einnig á það, að ef sætti að setja þessa n., fyndist mér eðlilegt, að í till. yrði því bætt, að það kæmi hér inn fulltrúi frá Alþýðusambandi Íslands, sem er tvímælalaust sá aðilinn, sem fer með umboð mikils meiri hl. síldveiðisjómanna í landinu, hins vegar hefði ég ekkert við það að athuga, að þeir aðilar allir, sem nefndir eru í till., hefðu fulltrúa, en að ganga fram hjá Alþýðusambandinu er út af fyrir sig mjög óeðlilegt í þessum málum.

Ég vildi aðeins gera þessar aths., en tek það fram eins og áður, að ég er algerlega því sammála, að tekinn verði upp sá háttur að vigta síld, sem lögð er inn til bræðslu, og er að sjálfsögðu ekki á móti því, að þessi n. sé skipuð, en hef bara bent á, að það er hægt að framkvæma þetta mál eftir lögum landsins án þess að skipa í það nefnd.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég vil þakka allshn. fyrir afgreiðslu á þessu máli og vona, að hæstv. sjútvmrh. taki til athugunar þær ábendingar, sem hv. 7. landsk. benti hér á áðan í sambandi við það, að tilraun verði gerð með vigtun bræðslusíldar þegar á komandi sumri.

En út af því, sem hv. 5. þm. Austf. sagði, vildi ég segja hér nokkur orð. Hann tók það fram, að hann hefði bent á það, þegar málið var hér til fyrri umr., að til væru lög í landinu, þar sem væru ákvæði um, að öll bræðslusíld skyldi vigtuð, en ekki mæld. Ég vil taka það fram til þess að fyrirbyggja allan misskilning, að þegar ég fylgdi þessari till. úr hlaði, benti ég einmitt á þessi lög og vissi mjög gerla um þau og það jafnframt, að eftir þeim hefur ekki verið farið, hvorki á einn né annan veg, frá því að þau voru sett á árinu 1930. Nú verð ég að segja það, að þeir menn, sem farið hafa með sjávarútvegsmál á þessum tíma, hefðu auðvitað fyrst og fremst átt að sjá um, að þessum l. væri framfylgt, og m. a. fór hv. 5. þm. Austf. með sjávarútvegsmál á árunum 1956—1958, og það hefði því verið eðlilegt, að hann hefði gefið a. m. k. síldarverksmiðjum ríkisins ákveðin fyrirmæli um það, að hér eftir skuli verksmiðjur ríkisins fara að lögum, og jafnframt hnippa þá í aðra. En hann gerði það ekki frekar en aðrir þeir ráðh., sem farið hafa með sjávarútvegsmál í öll þessi ár. Ég get ekki séð varðandi 35 ára gömul lög, þar sem er um ákveðin sektarákvæði að ræða í krónutölu, að það hafi mikið að segja að beita þeim núna. Þau eru líka sniðin með allt aðra vigtunarmöguleika fyrir dyrum en núna eru, svo að þau eru á alla lund orðin úrelt núna á þessari öld tækninnar.

Ég vil einnig benda á það í sambandi við það, sem hv. 5. þm. Austf. sagði um þær reglur, sem væru um verðlagningu á síld, að það undarlega hefur skeð á undanförnum árum, að reglurnar eru þær sömu, hvort sem síldin er keypt eftir máli eða vigt, og þessar verksmiðjur greiða nákvæmlega það sama, enda hefur þetta ákvæði orðið til þess, að verksmiðjur, fátækar og litlar verksmiðjur, sem voru að hefja sinn rekstur, keyptu fyrst síld eftir vigt, en síðan komu þær sér upp þessum forláta mælitækjum til þess að drýgja fyrir sig, og hafa keypt eftir máli, og þegar þessi þróun hefur verið á þennan veg, er ekki að búast við því, að útvegsmenn eða sjómenn almennt sætti sig við þessa afgreiðslu. Hitt er hægt að segja, þegar komið er fram á síldveiðar, að ákveðnir bátar segi: Við leggjum ekki síld til bræðslu, nema hún verði vigtuð. — Þá eru ekki nein slík tæki til. Og þetta hefur verið látið danka á þennan hátt árum saman. Þessi till. er því flutt af fullkominni ástæðu til að kippa þessum málum í lag og sætta þá, sem frumhráefnisins afla, sjómenn og útvegsmenn, við þessi mál, því að lengur geta þeir ekki unað þessu fyrirkomulagi, sem verið hefur.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð í sambandi við ummæli, sem hér féllu hjá hv. 11. landsk. þm. Hann sagði, að sér fyndist, að ég hefði þann tíma, sem ég var sjútvmrh., átt að sjá um það, að SR færu að lögum og keyptu þá síld samkv. vigtun. En hér er um misskilning hjá hv. þm. að ræða. Virðist vera, að hann hafi ekki kynnt sér þau lög, sem hann hefur sjálfur vitnað hér í áður. Lögin eru ekki þess eðlis, að þau fyrirskipi

það, að síld skuli keypt eftir vigtun, heldur eru l. þannig, að ef seljandi krefst þess, þá er kaupandi skyldur að gera það. Það er vitanlega ekki ráðh. að vita um það eða segja til um það, hvernig þeir haga sínum skiptum í tilfelli eins og þessu, seljandi og kaupandi. En hafi sem sagt seljandi verið ákveðinn í því að vilja láta gildandi l. vera sér í hag í þessum efnum, þá gat hann gengið eftir því. Og ég hef bent á það, að til mín var ekki leitað sem ráðh. í þessum tilfellum, hvorki af samtökum útvegsmanna né annarra, til þess að sjá um framkvæmd á þessu, svo að það stóð ekki á mér á nokkurn hátt. En hitt er svo annað mál, eins og ég hef sagt hér áður, að mér virðist, að seljendur hafi tekið nokkuð misjafnlega á þessu í sambandi við framkvæmd málsins. Það er því rangt, sem hér hefur verið sagt, að það hafi staðið eitthvað á mér að sjá um það, að l. væru haldin í þessum efnum. Hitt er annað mál, að það hefur verið ljóst, að stjórn síldarverksmiðja ríkisins og ýmsar aðrar stjórnir síldarverksmiðja hafa verið að skjóta sér undan þessu og komizt upp með það, vegna þess að lögum hefur ekki verið haldið að þeim í þessu tilfelli af þeim, sem hefðu vissulega getað gert það.

Það var aðeins þetta atriði, sem ég vildi leiðrétta, en að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að þreyta hér kapp um þessar athugasemdir, sem hér hafa verið gerðar í sambandi við þetta mál.

ATKVGR.

Brtt. 469 samþ. með 33 shlj. atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 37 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 650).

Þingsályktunartillögur, vísað til ríkisstjórnarinnar.

1. Framtíðarstaðsetning skóla.

Á deildafundum 5. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um framtíðarstaðsetningu skóla og eflingu Akureyrar sem skólabæjar [48. mál] (A. 53).

Á 10. fundi í Sþ., 11. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 12., 14., 16., 17., 24. og 25. fundi í Sþ., 18. og 25. nóv., 2. og 9. des., 3. og 5. febr., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 26. fundi í Sþ., 10. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Umrædda till., sem er á dagskrá, flyt ég ásamt samflokksmönnum mínum, hv. 1. þm. Norðurl. e., Karli Kristjánssyni, og hv. 3. þm. Norðurl. e., Gísla Guðmundssyni. Í grg. fyrir till. þessari eru rakin nokkuð ýtarlega meginrökin fyrir því máli, sem till. fjallar um. Vil ég leyfa mér að vísa til hennar um aðalmálsástæður og röksemdir, jafnframt því sem ég vil leyfa mér að fara nokkrum almennum orðum um till. nú við þessa umr.

Efni till. er einkum þríþætt: Í fyrsta lagi, að ríkisstj. láti gera áætlun um framtíðarstaðsetningu sérskóla og annarra menningarstofnana. Í öðru lagi, að Akureyri verði efld sem skólabær. Og í þriðja lagi, að stefnt verði að því, að háskóli starfi á Akureyri í náinni framtíð.

Hér á landi hefur lengi verið rætt um nauðsyn þess að efla jafnvægi í byggð landsins, sem kallað er, og stundum við heldur daufar undirtektir, og jafnvel hefur gætt sterkrar andstöðu af sumra hálfu gegn hugmyndinni um viðhald og eflingu landsbyggðarinnar. Hafa menn þá litið á það sem óhjákvæmilega þróun, sem ekki væri ómaksins vert að hamla á móti, þótt byggðin drægist saman í stórum landshlutum og fólksflutningar ættu sér sífellt stað á eitt landshornið, með þeim afleiðingum, að fólki fækkaði bæði beint og að tiltölu í öðrum landshlutum en þeim, sem fólkið flyzt til. Þessi þróun er öllum kunn og óþarfi að skýra hana nánar, enda hefur það oft verið gert hér í umr. á hv. Alþingi. Það er rétt, að þessi þróun er ekkert sérstaklega íslenzkt fyrirbrigði, heldur almennt og alþjóðlegt fyrirbæri, sem sett hefur svip sinn á sögu þessarar aldar um allan heim að meira eða minna leyti. Í sumum löndum hefur beinlínis verið beitt gagngerum og áhrifamiklum aðgerðum til þess að örva slíka þróun, þar sem hún hefur verið liður í hraðri uppbyggingu áætlaðs hagkerfis eða þjóðfélagsmótunar, sem að var stefnt. Í öðrum löndum hefur þróunin orðið án beinna áætlana, heldur var um að ræða vaxandi áhrif auðmagnsins á atvinnulífið og staðsetningu atvinnutækja og afleiðingar tæknibyltingar, sem óhjákvæmilega fóru í þessa átt. Í mörgum greinum var þessi þróun því eðlileg og að ýmsu leyti óhjákvæmileg. Um það ætti varla að verða ágreiningur.

Vöxtur borga og bæja hefur vissulega oft verið tákn vaxandi gengis meðal þjóða, bæði hvað snertir menningu og atvinnulíf. Fjölbreytt atvinnulíf og starfsgreining í þjóðfélaginu hefur leyst orku og hugvit úr læðingi og átt sinn þátt í efnalegum framförum. En flestum er nú að verða ljóst, að vöxtur eða ofvöxtur einnar borgar er síður en svo heillavænlegur, þegar til lengdar lætur, ekki aðeins frá sjónarmiði þeirra staða, sem straumurinn liggur frá, heldur allt eins fyrir stórborgina sjálfa. Menn eru farnir að finna, að það eru takmörk fyrir því, hversu hollur vöxtur og útþensla er borginni sjálfri. Menn eru ekki lengur sannfærðir um, að einhliða vöxtur einnar eða mjög fárra borga sé sjálfsagður hlutur og svo eðlileg þróun, að það sé ekki ómaksins vert að hamla gegn henni. Og einkum á þetta við um ofvöxt höfuðborg-

anna, sem er orðið alþjóðlegt vandamál, og víða um heim er nú reynt að sporna við frekari útþenslu höfuðborganna. T. d. er á Norðurlöndum vakin hreyfing fyrir því að finna ráð til þess að létta á höfuðborgunum, m. a. með því að dreifa ríkisstofnunum víðar um löndin en verið hefur. Jafnframt eru uppi ráðagerðir um öfluga aðstoð við atvinnuvegina úti um landsbyggðina, bæði með beinum fjárframlögum og ýmsum ívilnunum við einstaklinga og fyrirtæki. Með því vinnst það tvennt, sem auðvitað er það sama, að fólk unir sér í heimabyggð sinni eða landshluta og fólksstraumurinn til höfuðborgarinnar stórminnkar. Á þennan hátt er unnið að jafnvægi í byggð landsins með virkum aðgerðum.

Það er athyglisvert, einkum í sambandi við þá till., sem hér er til umr., að norsk mþn., sem kosin var til að gera till. um dreifingu ríkisstofnana, hefur mælt með því, að um 20 stofnanir, sem hingað til hafa haft aðsetur í Osló, verði fluttar þaðan til annarra staða. Það er álit n., að stofnanir þessar séu eins vel staðsettar utan höfuðborgarinnar sem innan hennar. Þetta er vissulega athyglisvert. Við Íslendingar höfum ástæðu til þess að veita þessu alveg sérstaka eftirtekt. En í sambandi við þessa till., sem hér liggur fyrir, vekur þó hvað mesta athygli það álit hinnar norsku mþn., að hún telur næsta lítil vandkvæði á að flytja ýmsar menntastofnanir og alveg sérstaklega sérskóla frá höfuðborginni og staðsetja þá í öðrum bæjum og borgum Noregs. Helzta vandkvæðið, segir n. í því sambandi, gæti orðið, að skortur yrði hæfra stundakennara, en fyrir það má girða með því að koma upp sérstökum skólamiðstöðvum eða skólabæjum, þar sem fleiri skólar en einn væru starfandi og staðsettir.

Eins og við flm. þessarar till. höfum gert grein fyrir í grg. okkar, sem prentuð er með till., teljum við brýna nauðsyn bera til þess, að farið verði að vinna að því í alvöru að dreifa um landið opinberum skrifstofum og stjórnsýslustofnunum, fyrst og fremst í þjónustuskyni og til hagsbóta fyrir almenning og atvinnuvegi úti um land og einnig til þess að létta á höfuðborginni sem slíkri, enda er Reykjavík þegar orðin að tiltölu allt of stór miðað við landsbyggðina.

Ein aðalástæðan til hins mikla vaxtar Reykjavíkur er sú stefna að staðsetja þar flestar ríkisstofnanir og opinber fyrirtæki. Hér er ekki um stjórnsýslustofnanir einar eða skyldar stofnanir að ræða, heldur flestar skóla-, mennta- og menningarstofnanir o. s. frv. Þessi stefna hefur leitt til ofrausnar í garð höfuðborgarinnar, sem hún á kannske fullt í fangi með að taka við og landsbyggðin þolir ekki til lengdar að sjá af. Því er kominn tími til að snúa þessum straumi við. Við flm. teljum rétt að ýmsu leyti að hefjast handa í þessu máli með því að gera áætlun um framtíðarstaðsetningu skóla og annarra menningarstofnana, enda líklegt, að almenn samstaða mundi fást um það öðru fremur að dreifa sérskólum meira um landið en verið hefur.

Um það verður ekki efazt, að á næstu árum og áratugum þarf skólakerfið hér á landi að vaxa mjög verulega og færast yfir á miklu víðara svið. Aukin skólaganga og menntun er hvarvetna talin til undirstöðuþátta efnahagslegrar uppbyggingar. Menningarframfarir og efnahagsframfarir haldast í hendur, enda munu flestir á einu máli um, að svo sé. En mun þá ekki vera nauðsynlegt, að við förum að gera okkur grein fyrir í tæka tíð, hvernig þessi þróun mætti verða með sem hagfelldustu móti og með það fyrir augum, að uppbygging skólakerfisins mætti verða einn liðurinn í raunverulegri eflingu landsbyggðarinnar í framtíðinni?

Reynslan er ólyginn vottur þess, að staðsetning skóla hefur feikileg áhrif á byggðaþróun og heimilisfesti manna. Reykjavík hefur notið þess í ríkum mæli, að hæfileikamenn úr öllum landsfjórðungum hafa sótt þangað til náms á mótunarskeiði æskuáranna og fest þar rætur og ílenzt þar með ýmsum hætti og ekki átt afturkvæmt til heimahaganna, jafnvel þótt þeirra væri rík þörf, einkum til framkvæmda- og forustustarfa, enda hafa margir komizt vel af í höfuðborginni, komizt þar vel til manns, orðið henni og stundum öllu landinu að góðu gagni. En hinu er ekki að leyna, að höfuðborgin hefur beinlínis sogað til sín allt of stóran hluta hæfileikamanna, sem þörf er fyrir úti í byggðum landsins.

Í till. okkar flm. þessa máls er m. ö. o. skorað á ríkisstj. að láta gera áætlun um sérskóla, sem þjóðin kann að þarfnast í náinni framtíð, og leitazt verði við að dreifa þeim sem hagfelldast um landið. Orðið sérskóli má þó ekki skilja í of þröngri merkingu í þessu sambandi. Þannig ætlumst við að sjálfsögðu til þess, að bygging menntaskóla og annarra almennra framhaldsskóla komi hér einnig til álita, því að bæði mun þörfin fyrir þá fara vaxandi, ank þess sem þeir ráða e. t. v. mestu um framtíðarstörf og staðfestu æskufólksins. Þá felst það einnig í till., að gerð verði áætlun um uppbyggingu annarra mennta- og menningarstofnana en skóla. Ég tel, að þar komi fyrst til álita efling bókasafna og bætt aðstaða til sjálfstæðs náms og fræðiiðkana, svo og stofnun listasafna, a. m. k. í öllum fjórðungum landsins, en um það þarf að setja löggjöf, sem geri ráð fyrir eðlilegum fjárstuðningi ríkisins við slík menningarfyrirtæki gegn framlögum annars staðar frá.

Í till. segir, að í sambandi við fyrirhugaða áætlun um framtíðarstaðsetningu skóla skuli miða að því að efla Akureyri sem skólabæ og gera ráð fyrir háskóla þar í náinni framtíð. Þetta atriði till. er m. a. borið fram í þeirri trú, að æskilegt og hagfellt sé að ýmsu leyti að mynda skólamiðstöðvar og Akureyri hafi öðrum stöðum fremur skilyrði til þess að verða mikill skólabær, enda eðlilegt, að Akureyri sé efld á sviði menningarmála til nokkurs mótvægis við höfuðborgina. Ég vil

þó vara við þeim skilningi á þessari till., að við flm. ætlumst algerlega til þess, að allir skólar, sem ekki hljóta staðsetningu í Reykjavík, verði settir niður á Akureyri. Það vakir ekki fyrir okkur. Við viljum þvert á móti, að fleiri möguleikar séu kannaðir. En hins vegar er okkur ríkt í huga, að á Akureyri verði svo fjölbreytt skólalíf, að Akureyri megi bera nafnið skólabær með réttu, enda er efling bæjarins sem almenns skólabæjar ef til vill nauðsynlegur undanfari þess, sem hlýtur þó að verða fyrr eða síðar, að þar rísi háskóli með meiri eða minni deildaskiptingu í þágu Norðlendinga.

Ég vil engu spá um það, hvenær sú stund rennur upp, að háskóli eða háskóladeild taki til starfa á Akureyri. En það kann að vera skemmra undan en margur hyggur. Og að mínum dómi er hér ekki um lítilsvert atriði að ræða fyrir framtíð landsins. Það má enn vitna til aðgerða Norðmanna í svipuðu máli og við svipaðar aðstæður. Í Noregi er nú að taka til starfa nýr háskóli, og er hann staðsettur í einum af nyrztu bæjum landsins, Tromsö, sem ýmsum mun ekki þykja stór, sízt á heimsmælikvarða og ekki einu sinni á mælikvarða Norðurlandaþjóða, því að í Þrymsey kváðu búa vart meira en 13000 manneskjur, og bærinn er þannig aðeins lítið eitt stærri en Akureyri. Allir vita, að háskóli er í Osló, en Norðmenn líta svo á, að það sé til styrktar efnahags- og menningarframförum í Norður-Noregi, að þessi landshluti hafi sinn eigin háskóla. Margt er líkt um byggðaþróun í Noregi og á Íslandi og úrbótaþarfir svipaðar í báðum löndum. Hugmyndin um háskóla á Akureyri þarf því að verða að veruleika fyrr en síðar.

Í sambandi við till. þessa þykir mér rétt að benda á, að við flm. höfum, svo og sá stjórnmálaflokkur, sem við fylgjum, bæði nú á þessu þingi og áður, markað almenna afstöðu um nauðsyn þess að efla landsbyggðina, og ég lít á þessa till. um framtíðarstaðsetningu skóla sem einn lið í því stóra máli og alls ekki þann ómerkasta. En þó að afstaða Framsfl. sé skýrt mörkuð í þessu máli, dettur mér ekki í hug að ætla, að aðrir flokkar geti ekki tekið undir ýmsa þætti þess, og einkum þykir mér líklegt, að um þá till., sem hér liggur fyrir, ætti að geta orðið samstaða í meginatriðum. Ég er sannfærður um, að hér er um athyglisvert mál að ræða, sem nauðsynlegt sé að gera sér fulla grein fyrir.

Herra forseti. Ég legg til, að umr. verði frestað og málinu vísað til hv. allshn.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég get að mörgu leyti tekið undir það, sem frsm. þessa máls hér sagði, og þá stefnu, sem þeir leggja til, að mörkuð verði í sambandi við þessi mál. Að sjálfsögðu hljótum við öll að viðurkenna, að eðlilegt sé, að höfuðborg landsins vaxi og þar verði staðsettar meginmenntastofnanir. En hitt er einnig rétt, að hætta getur verið á í þessu sambandi, að um ofvöxt sé að ræða, og tel ég, að hina öru fólksfjölgun hér í Reykjavík á undanförnum árum megi nokkuð rekja til þess, að hér hafa verið allar aðalmenntastofnanir landsins staðsettar. Ég tel, að líta verði á þetta mál út frá því sjónarmiði, að eðlileg þróun höfuðborgarinnar geti átt sér stað, en ekki um of á kostnað dreifbýlisins.

Hvað Akureyri viðvíkur, er það viðurkenndur skólabær utan Reykjavíkur og ekki nema eðlilegt, að þm. þess héraðs sæki á það, að hann verði einnig efldur. En að sjálfsögðu ber að hafa það í huga í sambandi við Akureyri eins og Reykjavík, að það má ekki einblína um of á þann eina stað, heldur dreifa menntastofnunum og sérskólum um landið, eins og heppilegast verður að teljast á hverjum tíma. Þegar ég tala um sérskóla, kemur upp í huga mínum till., sem hér var samþykkt á síðasta þingi um athugun á möguleika fyrir að setja á stofn fiskiðnskóla hér á landi. Ég mundi t. d. telja mjög eðlilegt, að hann væri staðsettur utan Reykjavíkur, og er ég þá fyrst og fremst með í huga stærstu verstöð landsins, Vestmannaeyjar. Ég tel, að þar séu fyrir hendi öll skilyrði til þess, að slíkur skóli verði þar staðsettur. Ég mundi telja eðlilegt, að svo yrði, og vona, að niðurstöður þeirrar n., sem um þetta mál mun fjalla, verði í þá átt, að frekar verði að því stefnt, að slíkur skóli yrði staðsettur í þessari stærstu verstöð landsins heldur en hér í höfuðborginni.

Að öðru leyti skal ég ekki á þessu stigi málsins fjölyrða frekar um þetta mál, en tel, að sú stefna, sem með frv. er mörkuð og kom fram í framsöguræðu 1. flm., sé mjög þess virði, að þetta mál fái hér framgang.

Flm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég vil þakka hv. síðasta ræðumanni fyrir góðar undirtektir við þetta mál. Og ég vil líka taka undir það, sem hann sagði um fiskiðnskólann, að þegar hann kemur, sem vonandi verður innan tíðar, er vafalaust rétt, að hann verði staðsettur utan Reykjavíkur. Það er vafalaust rétt hjá honum. En ég vil aðeins árétta eitt í þessu sambandi. Hann nefndi, hv. þm., að ekki væri rétt að einblína um of á einn stað sem skólabæ. Ég reikna með, að honum hafi fundizt, að ég hafi stefnt þar nokkuð fast á Akureyri sem slíkan. En ég útskýrði það í frumræðu minni, hver ástæðan var til þess, að ég gerði svo. Það er í fyrsta lagi þannig, að Akureyri þarf að vaxa til nokkurs mótvægis á móti Reykjavík og þ. á m. í menningarefnum ekki síður en atvinnumálum og framkvæmdum, og svo hitt, að ég hygg, að það sé rétt, sem fram kemur í nál. norsku mþn., sem ég nefndi, að æskilegt sé að efla skólabæi. Og það er með tilliti til þess ekki sízt, að ég stefndi á Akureyri, vegna þess að á Akureyri er þegar sennilega einna stærstur vísir til skólabæjar hér á landi utan Reykjavíkur.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 27. fundi í Sþ., 24. febr., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 42. og 44. fundi í Sþ., 21. og 28. apríl, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 47. fundi í Sþ., 5. maí, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 53, n. 470).

Sigurður Jóhannesson: Herra forseti. Ég vil í fjarveru frsm. allshn. í þessu máli segja nokkur orð um álit það, sem hér liggur fyrir fundinum.

Allshn. hefur fjallað um till. þá til þál., sem lögð var fram á þskj. 53 af hv. 1., 3. og 5. þm. Norðurl. e. Umsagnir um till. voru fengnar frá fræðslumálastjóra, bæjarstjórn Akureyrar, skólameistara menntaskólans á Akureyri, skólastjóra gagnfræðaskólans á Akureyri og Landssambandi framhaldsskólakennara. Þessar umsagnir fylgja með á þskj. 470. Umsagnir allra þessara aðila voru jákvæðar um meginatriði till., en það er ástæðulaust að gera ríkisstj. um framtíðarstaðsetningu hinna ýmsu sérskóla sem og fleiri menntastofnana og í því sambandi efling Akureyrar sem skólabæjar.

Í svari því, sem barst frá bæjarstjórn Akureyrar, er skorað á Alþingi að samþ. till., og eins og segir í þeirri áskorun, telur bæjarstjórn Akureyrar, að sú ástæðulausa ákvörðun, sem gert er ráð fyrir í þáltill., geti orðið mikilvægt spor í þá átt að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, sem svo mjög hefur verið á dagskrá að undanförnu, og í þessu sambandi bendir bæjarstjórn Akureyrar sérstaklega á, að fjórðungsiðnskóli, Tækniskóli Íslands og garðyrkjuskóli verði staðsettir á Akureyri.

Fræðslumálastjóri segir í svari sínu, að hann sé eindregið fylgjandi því, að í sambandi við þörf landsbúa fyrir sérskóla verði fullt tillit tekið til aðstöðu Akureyrar til að halda slíka skóla, og telur fræðslumálastjóri, að mjög komi til greina að stofna kennaraskóla á Akureyri, þegar Kennaraskóli Íslands hefur náð þeirri stærð, sem telja verður æskilega og hagkvæma.

Í bréfi skólameistara menntaskólans á Akureyri telur hann eðlilegt, að staðsetning skóla sé gaumgæfilega athuguð, m. a. í sambandi við ráðstafanir, sem kunni að verða gerðar til eflingar jafnvægi í byggð landsins, eins og nú er á dagskrá, og ef eftir verði byggðakjarnar úti um land, þá hljóti skólar að koma þar mjög við sögu. Einnig segir skólameistari, að þótt margir telji, að sérskólarnir séu bezt settir í höfuðborginni, af því að þar sé mest mannval og hægast að fá kennara, þá geti verið, að slíkum stofnunum hætti til að drukkna í umhverfinu, ókyrrð staðarins glepji, svo að jafnvel starfsmennirnir verði síður heilir í starfinu. Á minni stöðunum verði friðurinn meiri og mönnum gefist þeim mun betri kostur á að sækja í sjálfa sig það, sem þar er að hafa, en það er ekki minnst um vert.

Þetta voru orð skólameistara menntaskólans.

Skólastjóri gagnfræðaskólans á Akureyri segir m. a. í svari sínu, að hann hafi mikla ástæðu til að fagna því, að þessi till. hafi komið fram, og það sé ekki að efa, að bæjarfélagið í heild og hið næsta umhverfi muni njóta mikils góðs af fjölgun og eflingu skóla á Akureyri, bæði menningarlega og efnahagslega, enda sé þegar fengin hin ágætasta reynsla af menntaskólanum á Akureyri. Fjölgun sérgreinaskóla og annarra ríkisstofnana muni auka á menningarlega reisn bæjarins, héraðs og fjórðungs, og fjöldi vel menntaðra kennara muni flytjast þangað, og fer ekki hjá því, að umhverfið hljóti að njóta góðs af þekkingu þessara kennara, bæði beint og óbeint, og fullkomin þörf sé nú þegar fyrir ýmsa sérskóla norðanlands, sem þá yrðu bezt staðsettir á Akureyri, og sú þörf mun án efa fara vaxandi, þegar tímar líða. Þá segir skólastjóri gagnfræðaskólans, að í tæp tvö ár hafi starfað á Akureyri undirbúningsdeild tækniskóla með mikilli prýði og þyrfti að stefna að því, að á Akureyri risi fullkominn tækniskóli, sem brautskráði tæknifræðinga. Iðnskólann, sem á núna við hin hraklegustu húsnæðisskilyrði að búa, þyrfti að efla. Verzlunarskóli þyrfti að komast upp sem fyrst, annaðhvort sem framhaldsdeild við gagnfræðaskólann eða sem sérstök stofnun. Einnig segir skólastjóri gagnfræðaskólans svo: „Mjög er nú til umræðu stofnun garðyrkjuskóla á Akureyri, og er erfitt að hugsa sér betri staðsetningu hans sakir hagstæðra veður- og jarðvegsskilyrða hér og gróinnar ræktunarhefðar og reynslu í bæ og héraði, ekki síst ef hingað fengist heitt jarðvatn við borunarframkvæmdir þær, sem nú standa yfir. Einnig mætti hugsa sér fleiri skóla, svo sem vélskóla, sjómannaskóla, tónlistarskóla, sem að vísu hefur starfað við þröngan kost í 20 ár," og myndlistarskóla nefnir hann einnig. Og hann segir, að æskilegt sé, að það verði komið upp rannsóknar- og tilraunastofnunum af ýmsu tagi og þá helzt í þágu atvinnuveganna, svo sem til jarðvegs-, fiski- og byggingarefnarannsókna, svo og almennri efnarannsóknarstofu.

Í bréfi Landssambands framhaldsskólakennara lýsir stjórn landssambandsins sig fylgjandi því, að athuganir þær og áætlanir, sem um getur í till., verði látnar fara fram.

Ég hef nú nefnt í fáum orðum umsagnir eða skoðanir þeirra aðila, sem umsagna var leitað hjá um meginatriði till. Um þriðja atriðið, hvort stefna skyldi að því, að háskóli tæki til starfa á Akureyri í náinni framtíð, voru skoðanir umsagnaraðila nokkuð skiptar, og töldu flestir, að ekki væri enn þá orðið

tímabært að hyggja til stofnunar háskóla á Akureyri, þótt að því hlyti að koma, þegar tímar líða. Og með tilliti til þessara skoðana, sem fram hafa komið í bréfum umsagnaraðila, og þá sérstaklega þess, sem fram kom í bréfi fræðslumálastjóra, að rannsókn væri hafin fyrir atbeina menntmrn. á skólaþörf þjóðarinnar, þá er n. sammála um að gera það að tillögu sinni, að þessu máli verði vísað til ríkisstj.

ATKVGR.
Till. á þskj. 470 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 33 shlj. atkv.

2. Símagjöld á Suðurnesjum.

Á deildafundum 10. des. var útbýtt frá Sþ.: **Till. til þál. um símagjöld á Suðurnesjum** [98. mál] (A. 144).

Á 24. fundi í Sþ., 3. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 28. fundi í Sþ., 3. marz, var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 31. fundi í Sþ., 10. marz, var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að endurflytja hér till. til þál. á þskj. 144 um símagjöld á Suðurnesjum. Till. þessi var flutt á síðasta þingi, en náði þá ekki fram að ganga, og fylgir tillögunni nú sama grg. og fylgdi henni þá, og er efnislega samhljóða till., sem flutt var árið 1960 af hv. núv. 3. þm. Reykn., en enn þá hefur sú breyting, sem ályktunin gerir ráð fyrir, ekki komið til framkvæmda. Þess vegna er till. þessi flutt enn, nú í þriðja sinn.

Svo sem þskj. ber með sér, er efnið það að fá samræmingu á símagjöldum Suðurnesjamanna, t. d. á borð við afnotagjöld þess fólks, er byggir landssvæðið frá Reykjavík suður til Hafnarfjarðar. Ákvörðun um sama afnotagjald á þessu byggðasvæði er m. a. byggð á þeim staðreyndum, að stór hluti íbúanna æskir þess, sækir á sameiginlega vinnustaði og náin félagsleg samskipti eru á milli byggðarlaga, sem eru á svæðinu frá Viðey við Reykjavík að Hvaleyrarholti við Hafnarfjörð.

Fyrir örfáum árum hélt sjálfvirknin innreið sína í símaþjónustuna hér á landi og vinnur nú verk margra handa, öllum þeim, er njóta, til mikils hagkvæmnisauka. Eðlilega hafa ýmsir byrjunarörðugleikar orðið samfara hinni miklu byltingu, sem sjálfvirknin hefur haft í för með sér. Næst á eftir fyrrnefndu landssvæði hélt sjálfvirkni talsímans innreið sína á Reykjanesskagann, en símnotendur þar telja sig misrétti beitta miðað við landssvæðið frá Reykjavík til Hafnarfjarðar. Að því er virðist liggja nákvæmlega sams konar rök til þess, að íbúar Suðurnesja sitji við sama borð í þessum efnum, og í mörgum atriðum e. t. v. enn ríkari þörf, ef hliðsjón væri af því höfð, hve atvinnuvegir íbúanna á Suðurnesjum eru einhæfir, þ. e. bundnir við sjó og sjávarstörf og þar af leiðandi í orðsins fyllstu merkingu háðir duttlungum íslenzkrar veðráttu. Í dag er meginhluti fiskiflotans e. t. v. allur sunnan Reykjaness við Grindavík eða e. t. v. vestan Reykjaness í Sandgerði, en á morgun í Keflavík vegna veðráttu eða aflamöguleika. Við jafnsveiflukennda atvinnuaðstöðu kemur tækni talsímans sérstaklega að góðu haldi og er af þeim sökum mikið notuð í nauðsynlegum tilgangi. Hin dreifðu byggðarlög Suðurnesja hafa aðeins eina af- og útskipunarhöfn millilandaskipa í Keflavík. Þessi sérstaða krefst einnig mikillar símanotkunar, sem öllum, er minnstu kynni hafa af, er augljós.

Við, sem búum hér á landssvæðinu frá Reykjavík til Hafnarfjarðar, teljum sjálfsagt að greiða kr. 1.10 eða rúmlega það fyrir símtalið án tillits til lengdar þess. Suðurnesjamenn greiða sama gjald fyrir hverjar 24 sek., sem þeir tala saman milli byggðarlaga þar, án viðvörunarmerkis um það, hvenær símtalinu er lokið. Hér er um ósanngjarnt misræmi að ræða, misræmi, sem vart verður lengur varið. Vegalengdin milli útvegsbæjanna á Suðurnesjum verður vart lengur talin geta staðið í vegi fyrir því, að talsímanotendur á Suðurnesjum sitji við sama borð í greiðslu afnotagjalda talsímans.

Við tölum oft fjálglega um nauðsyn þess, að vel sé að sjávarútvegi og starfsfólki þjóðarinnar þar hlúð, og spörum oft ekki fjárframlög í því skyni. Hér er aðeins farið fram á rökrétt jafnrétti þessa fólks, án stórfelldra fjárútláta.

Nefnd sú, sem tillögu þessa fær væntanlega til meðferðar, verður að breyta því í till., sem nú fær ekki lengur staðizt af þeim ástæðum, hve langt er um liðið, síðan tillagan var fyrst lögð fram.

Herra forseti. Ég legg til, að till. verði að loknum umræðum nú frestað og málinu vísað til hv. allshn.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 47. fundi í Sþ., 5. maí, var fram haldið einni umr. um till. (A. 144, n. 485).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Till. þessi til þál. um símagjöld á Suðurnesjum er á þá leið, að Alþ. skori á ríkisstj. að

hlutast til um, að nú þegar eða eigi síðar en um næstu áramót verði fyrirkomulag símtala á Suðurnesjum og gjald vegna þeirra samræmt þannig, að allar stöðvar í símasókn þeirri, er hafi leiðatölu 92, en þær eru sjálfvirku stöðvarnar í Keflavík, Njarðvík, Gerðum, Sandgerði, Grindavík og stöðvarnar í Höfnum og Vogum, sem báðar verða væntanlega sjálfvirkar á næsta ári, verði eitt gjaldsvæði varðandi aðra landshluta, en innbyrðis komi ein greiðslueining fyrir hvert símtal án tillits til lengdar þess. Þessari till. var vísað til allshn. N. aflaði sér umsagnar póst- og símamálastjóra um till., og segir hann svo m. a. í sinni umsögn, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef efni till. ætti að koma til framkvæmda um næstu áramót, mundi verða mikill glundroði á símasambandinu á Suðurnesjum vegna allt of mikils álags, bæði á línurnar og sjálfvirka búnaðinn, þannig að gera má ráð fyrir nærri stöðvun á viðskiptunum. Til þess að unnt yrði að ráða við álagsaukninguna, yrði bæði að leggja viðbótarjarðsíma milli stöðva og fá meiri vélabúnað, en afgreiðslufrestur á honum er um 2 ár. Kostnaður við lagningu jarðstrengja milli stöðva og kaup á viðbótarvélbúnaði mundi nema a. m. k. 10 millj. kr. auk kostnaðar vegna rekstrar og viðhalds í sambandi við aukninguna. Enn fremur mundu rekstrartekjur minnka um 2—3 millj. kr. á ári. Fjarlægðin milli Keflavíkur, Grindavíkur og Gerða til Sandgerðis er tæplega 40 km, og víða um land eru mun minni fjarlægðir milli stöðva, sem gætu með svipuðum rétti talið sig á einu innanbæjargjaldsvæði. Ef sama fordæmi yrði fylgt þar, yrði landssíminn fyrir mjög miklum útgjöldum, og hallarekstur yrði óhjákvæmilegur. Enn fremur myndaðist mikið ósamræmi milli símtalagjalda við handvirka og sjálfvirka afgreiðslu."

Þetta var úr umsögn póst- og símamálastjóra um till. Það, sem skort hefur á í þessum málum, er það, að til væri einhver heildarregla yfir allt landið, sem hægt væri að miða við, bæði á Suðurnesjum og annars staðar, þar sem það kæmi til álita að gera svæði að einu gjaldsvæði varðandi aðra landshluta og innbyrðis kæmi ein greiðslueining fyrir hvert símtal án tillits til þess, hversu langt það er.

Allshn. komst því að þeirri niðurstöðu, að rétt væri að vísa þessu máli til ríkisstj., og forsendur fyrir tilvísun til ríkisstj. koma fram í nál. á þskj. 485. Ég vil leyfa mér af því tilefni að leiðrétta, að það hefur orðið þarna prentvilla í þessu nál. Þar segir í fyrri mgr. nál.: „Enn fremur telur póst- og símamálastjóri, að í till. geti falizt fordæmi fyrir aðra staði á landinu, sem mundi, ef fylgt yrði, baka landsmönnum mjög aukin útgjöld og óhjákvæmilegan hallarekstur." Þetta orð „landsmönnum", það átti að standa þarna „landssímanum", en að því leyti hefur prentvillupúkinn rétt fyrir sér, að útgjöld landssímans lenda auðvitað á landsmönnum um það er lýkur. En í niðurlagi þessa nál. koma þær höfuðforsendur fram frá n. hálfu, að við ákvörðun þess, hvort nálægir kaupstaðir og kauptún skuli vera eitt símagjaldsvæði innbyrðis og út á við, þurfi aðallega að meta þrjú atriði, þ. e. a. s. fjarlægðina á milli þeirra, notendafjöldann og kostnað við að koma þessu fyrirkomulagi á. Og í því sambandi telur n. rétt að setja heildarreglu, sem yrði þá væntanlega fyrst og fremst verk póst- og símamálastjórnarinnar og viðkomandi rn., heildarreglu, sem gæti gilt fyrir landið allt, en þegar sú regla væri fundin, yrði að leysa þessi mál á Suðurnesjum í samræmi við hana. Og með tilvísun til þessara raka hefur allshn. lagt til, að till. verði vísað til ríkisstj.

ATKVGR.

Till. á þskj. 485 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 31 shlj. atkv.

3. Ríkisframfærsla sjúkra manna og örkumla.

Á deildafundum 5. nóv. var útbýtt frá Sþ.: **Till. til þál. um endurskoðun l. um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla** [49. mál] (A. 55).

Á 10. fundi í Sþ., 11. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 14., 16., 17., 24., 25. og 26. fundi í Sþ., 25. nóv., 2. og 9. des., 3., 5. og 10. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Sþ., 24. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Alfreð Gíslason): Herra forseti. Á þskj. 55 flyt ég till. til þál. um endurskoðun l. um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla. Efnið er um það, að l. um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla verði tekin til endurskoðunar hið fyrsta og að brtt. í frv.-formi verði síðan lagðar fyrir Alþingi. Þessi lög um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla voru sett árið 1936, sama árið og annar lagabálkur um sjúkrahjálp var settur, nefnilega l. um alþýðutryggingar.

Þessir tveir lagabálkar, sem fjalla um sama efni, sjúkrahjálpina, hafa öðlazt mjög misjafna þróun síðan árið 1936. L. um alþýðutryggingar og síðar l. um almannatryggingar hafa tekið tíðum breytingum á þessum 30 ára tíma og margvíslegar endurbætur á þeim

gerðar öðru hverju. L. hafa sem sagt fengið að fylgjast með breyttum tímum, og með breytingum á þeim hafa verið gerðar lagfæringar í samræmi við kröfur tímanna. Þetta gildir ekki um l. um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla. Þessi lög hafa staðið svo til óbreytt, síðan þau voru sett árið 1936.

Upprunalega var þess gætt við setningu þessara lagabálka, að fullt samræmi ríkti á milli þeirra, þannig að ekkert misrétti skapaðist við setningu þessara tveggja lagabálka. Smám saman og af þeim ástæðum, sem ég hef þegar greint, hefur skapazt mikið misræmi á milli l. um almannatryggingar annars vegar og l. um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla hins vegar. Það hefur skapazt misræmi og misrétti, sem bitnar á einstaklingum, þeim sjúku mönnum, sem falla undir ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla.

Það er ekki fjarri lagi að segja, að þessi lög um ríkisframfærslu séu orðin að steingervingi í þjóðfélaginu og langt á eftir tímanum, ef borið er saman við aðra löggjöf um sjúkratryggingar. Það má segja, að nú sé ástandið þannig, að sjúku fólki sé skipað í tvær fylkingar eftir því, hvers eðlis vanheilsan er. Hvað hjálpina snertir, er annar hópurinn háður ákvæðum löngu úreltra laga, en hinn hópurinn nýtur góðs af því, sem bezt er veitt á hverjum tíma. Þetta mun enginn telja réttlátt og það því síður sem misréttið bitnar á þeim, sem um sárast eiga að binda í þessum efnum, þ. e. a. s. þeim, sem eiga við að stríða erfiðustu og langvinnustu sjúkdómana.

Samkv. almannatryggingalögunum eiga allir sjúklingar rétt og kröfu á ókeypis sjúkrahúsvist án tillits til efnahags og svo lengi sem þörf krefur. Hér eru ákvæðin fortakslaus. Það er frumskylda sjúkrasamlaganna að veita þessa hjálp. En í l. um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla eru ákvæðin á allt annan veg og þannig orðuð, að sjúklingar, sem undir þau falla, skuli koma til greina við úrskurðun styrkveitinga, eins og það er orðað í l., að styrkur verði ekki veittur þeim, sem teljast færir um að standast sjálfir kostnaðinn af sjúkdómi sínum, og að ráðh. úrskurði, hver sjúklingur sé styrkhæfur og hver ekki. Af þessum samanburði má nokkuð ráða, hversu mjög þessi lög eru aftur úr, hversu mjög þessi lög eru á eftir tímanum. Það er ekki talin ástæða til að líta á efnahaginn, þegar um smávægilega sjúkdóma er að ræða, þá skal sjúklingurinn án tillits til efnahags njóta ókeypis sjúkrahúsvistar, en sé um langvinna, erfiða sjúkdóma að ræða, skal líta á efnahaginn.

Í þessu felst að mínum dómi mjög gróft misræmi. Það er sem sagt í þessum l. svo ákveðið, að ráðh. skuli ákveða það hverju sinni, hvort sjúklingur fái ríkisframfærslustyrk eða ekki. Og þannig er þetta framkvæmt enn. Á sjúkradeildum og í hælum, sem ætluð eru fólki með langvinna sjúkdóma, njóta þannig sumir sjúklinganna ríkisframfærslu og aðrir ekki, og það sem verra er, að oft virðist hrein hending hafa ráðið, hvort ofan á verður. Það er þannig alls ekki óalgengt, að séu tveir sjúklingar með sams konar sjúkdóm á svipuðu stigi og álíka efnahag, þá fái annar ríkisframfærslu, en hinn ekki. Og þetta misræmi hefur undir mörgum kringumstæðum skapazt af því, að úrskurðurinn var felldur á mismunandi tímabili í sjúkdómi sjúklingsins.

Allir, sem til þessara mála þekkja, munu fyrir löngu sammála um, að þessi lög séu óhæf í þeirri mynd, sem þau eru nú, og telja, að annaðhvort verði að breyta þeim til samræmis við breytta tíma og til samræmis við aðra löggjöf skylda, eins og l. um almannatryggingar, eða að öðrum kosti að afnema þessi lög með öllu og láta mál ríkisframfærslunnar falla undir tryggingarnar og þá sérstaklega lífeyris- og sjúkratryggingarnar.

Ég skal aðeins benda á hér, að n., sem endurskoðaði l. um almannatryggingarnar, l., sem samþykkt voru 1963, hafði opin augun fyrir þessum ágöllum í l. um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla og athugaði það mál allgaumgæfilega, þótt það væri strangt tekið ekki í hennar verkahring. Þessi n. lét í ljós skoðun sína í grg., sem fylgdi frv. til l. um almannatryggingar 1963, og ég leyfði mér að taka þann kafla úr grg. upp sem fskj. með þessari till., sem ég flyt á þskj. 55. Og þar er ekki farið í launkofa með, að l. um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla séu orðin langt á eftir tímanum og brýn þörf úr að bæta. En síðan þetta var, eru liðin 2 ár, og ekkert hefur gerzt í þessu máli. Að vísu mun sama n. eitthvað hafa athugað þetta mál síðan, en án nokkurrar niðurstöðu, og nú um langt skeið mun ekkert hafa verið gert í því að endurskoða þessi l. um ríkisframfærsluna.

Eg flyt þessa till. fyrst og fremst til þess að vekja athygli á þessu máli og ef verða mætti til þess að flýta fyrir því, að þessi brýna endurskoðun, sem allir aðilar, sem til þekkja, virðast sammála um, verði framkvæmd.

Herra forseti. Ég legg til, að þessari umr. verði síðan frestað og till. vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 47. fundi í Sþ., 5. maí, var fram haldið einni umr. um till. (A. 55, n. 574).

Frsm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Allshn. hefur haft til meðferðar till. til. þál. um endurskoðun laga um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla. Þessi till. fjallaði um það, að ríkisstj. væri falið að láta fara fram endurskoðun laga um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla. Skyldi þeirri endurskoðun hraðað og brtt. í frumvarpsformi lagðar fyrir Alþingi svo fljótt sem verða

mætti. Allshn. hefur nú athugað nokkuð þessa till., og innan n. voru menn sammála um nauðsyn þess, að endurskoðun laganna færi fram. En við nánari athugun í stjórnarráðinu kom í ljós, að félmrn. vinnur nú að endurskoðun þessara laga og hefur lýst því yfir, að þar hafi nú verið samin drög að frv. um þetta efni. Allshn. leggur því til, að þessari till. verði vísað til ríkisstj. í trausti þess, að þessu starfi verði haldið áfram og því lokið eigi síðar en um næstu áramót.

ATKVGR.

Till. á þskj. 574 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 35 shlj. atkv.

Þingsályktunartillögur ekki útræddar.

1. Stóriðjumál.

Á 1. fundi í Sþ., 13. okt., var útbýtt:
Till. til þál. um stórvirkjunar- og stóriðjumál [13. mál] (A. 13).

Á 4. og 7. fundi í Sþ., 21. og 28. okt., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 8. fundi í Sþ., 4. nóv., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. 1. málsgr. till. hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að kjósa 7 manna nefnd til þess að kynna sér niðurstöður þeirra rannsókna á stórvirkjunarmöguleikum í landinu, er fram hafa farið á vegum raforkumálastjórnarinnar, svo og athugunum stóriðjunefndar á möguleikum til stóriðju. Nefndin velur sér formann."

Þetta er aðalefni þessarar þáltill. Ég vil leyfa mér að fara nokkrum orðum um þetta mál og rökstyðja till.

Á síðasta Alþingi svaraði hæstv. iðnmrh. fsp. varðandi undirbúningsathuganir á möguleikum til stórvirkjana og stóriðju á Íslandi. Við, sem flytjum þessa till., vorum þeirrar skoðunar eftir að hafa hlýtt á skýrslu hæstv. ráðh., að stórvirkjunar- og stóriðjumálin væru komin á það stig, að skylt væri og raunar óhjákvæmilegt, að um þau mál væri fjallað af Alþingi sjálfu. Stungum við þá upp á því, að málsmeðferðin yrði á þá lund, að byrjað yrði með því að kjósa mþn. eins og þá, sem þessi till. gerir ráð fyrir, en hún var flutt efnislega eins á síðasta þingi.

Við teljum, að málin séu á því stigi samkv. því, sem hér hefur verið upplýst á hv. Alþingi, að hæstv. ríkisstj. eða starfsmenn hennar ættu ekki að hafast neitt að umfram það, sem búið er, fyrr en Alþingi hefur átt þess kost að kynnast því nánar, sem fyrir liggur um málið, og marka stefnu í því. Teljum við það nauðsynlegan aðdraganda að kjósa mþn., sem reyndi að sjálfsögðu að hraða störfum sem allra mest, og yrði n. sjálfsagt að hraða því meira störfum, sem lengur hefur dregizt að koma henni á laggirnar.

Það er skoðun okkar, og ég vona, að á það geti í raun og veru allir fallizt, að það sé óeðlilegt að ákveða um stórvirkjun, ráðast í stórvirkjun eða ákveða stað fyrir stórvirkjun, hvað þá stofna til stóriðju í landinu, t. d. með þátttöku útlendinga og ákveða, hvar sú stóriðja skuli sett upp, án þess að Alþingi sé með í ráðum, og málin fái áður athugun í nefnd, þar sem allir flokkar eigi sína fulltrúa.

Við teljum óeðlilegt, að rætt sé við erlend stóriðjufyrirtæki og fjármálastofnanir um stóriðjurekstur hér á landi til nokkurra úrslita, án þess að málið hafi fengið þá meðferð, sem við leggjum til með þessari þáltill. En það kom fram á hv. Alþingi í fyrra, að farið var að ræða við erlendar fjármálastofnanir um framkvæmdir af þessu tagi, en þó ekki glöggt, á hvaða stigi þær umr. voru.

Í þessu sambandi leyfi ég mér að vekja athygli á því, að 22. marz 1961 samþykkti Alþingi þáltill. um að undirbúa virkjun Jökulsár á Fjöllum til stóriðju, og raunar man ég ekki eftir, að aðrar ákvarðanir hafi verið teknar á Alþingi um að framkvæma rannsóknir með hugsanlega stóriðju fyrir augum. Þessi ályktun hljóðaði þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta hraða gerð fullnaðaráætlunar um virkjun Jökulsár á Fjöllum og athugun á hagnýtingu orkunnar til framleiðslu á útflutningsvörum og úrræðum til fjáröflunar í því sambandi."

Síðan þessi þáltill. var samþykkt, eru nálega 3 ár liðin, en engin skýrsla hefur enn verið gefin hv. Alþingi eða í þingnefndum um, að þessu verki væri lokið, sem þó var ákveðið að framkvæma með þessari þál., sem ég var að lesa. Það hefur verið lauslega drepið á það í sambandi við skýrslur um þessi mál og umr., að athuganir hafi farið

fram, en engar upplýsingar gefnar um lokaniðurstöður af rannsóknum við Jökulsá á Fjöllum.

Ég álít, að þegar þessi mál eru rædd eða íhuguð, hljóti að koma til margar spurningar, sem þarf að svara, áður en ákvarðanir eru teknar. Ég vil aðeins minnast á sumt af því, sem kemur til álita og hugsa þarf um og ræða, en sumt af því er mjög vandasamt og áreiðanlega hollt, að sem flest sjónarmið komi fram á frumstigi þessara mála, þegar um svo vandasöm og nýstárleg efni er að ræða.

Í sambandi við þessi mál kemur t. d. upp spurningin um, hvort eigi að taka upp samstarf við erlenda aðila varðandi rekstur í landinu sjálfu, svo sem t. d. alúmíníumverksmiðju til raforkukaupa frá stórvirkjun, sem oft hefur verið rætt um. Og ef lagt verður í slíkt, kemur til greina að gera sér grein fyrir því, hvernig á að tryggja hagsmuni Íslendinga í því sambandi. Íslendingar hafa enga reynslu í því að setja slíkri starfsemi eðlilegan ramma, og er þetta mjög vandasamt mál fyrir okkur. Enn fremur er ekki reynsla hér í því að setja slíkri starfsemi löggjöf. Hvernig sem á þetta vandasama mál er litið, er því brýn nauðsyn á, að þetta sé allt gaumgæfilega skoðað í tæka tíð.

Þá knýr á í þessu sambandi spurningin um, hvar setja eigi upp stórvirkjanir og stóriðju, ef til greina kæmi, hvernig yrði hægt að koma byggingu stóriðjuvers t. d. á eðlilegan hátt inn í framkvæmdaáætlanir Íslendinga, án þess að setja úr skorðum eðlilegt athafna- og framkvæmdalíf og uppbygginguna í landinu. Þá kemur spurningin um, hvort nýjar stórframkvæmdir, ef til greina koma, ættu að verða til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins eða hvort ráðstafanir í þessum málum ættu að verða til þess að auka enn vandann í þeim efnum, sem flestir virðast nú vera að verða sammála um, að sé ærinn fyrir hendi. Þessar spurningar knýja á, en Alþingi hefur ekki fengið nokkur þau gögn í hendur, að það geti í raun og veru svarað þeim á viðhlítandi hátt á þessu stigi málanna. Því er þessi till. flutt um, að Alþingi kjósi sérstaka nefnd, er skoði þessi mál ofan í kjölinn, að sjálfsögðu með hæstv. ríkisstj.

Ég hika ekki við að segja, að það sé eitt af aðalsmerkjum íslenzks þjóðarbúskapar, að nálega allur atvinnurekstur í landinu er í höndum Íslendinga sjálfra. Ég tel, að þeirri sömu meginstefnu beri að fylgja framvegis. En spurningin er einvörðungu sú, hvort skynsamlegt sé og nauðsynlegt að gera undantekningu frá þessari reglu, þegar sérstaklega stendur á og alveg sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Framsfl. hefur litið svo á, að slíkt gæti komið til greina, ef með því móti væri unnt að leysa tiltekin, aðkallandi verkefni í þágu alþjóðar, sem óhugsandi væri að leysa öðruvísi, en því aðeins ætti þetta að koma til greina. Ef menn vilja gera slíka undantekningu, t. d. til þess að unnt sé að virkja stórt, þarf að liggja fyrir, hvað rafmagn fæst miklu ódýrara með því móti, þ. e. hve stórfellt hagræði íslenzkur þjóðarbúskapur hefði af því, og svo hvað þarf að vinna til. Hvað höfum við svo mikið vatnsafl hentugt til virkjunar, og erum við aflögufærir í stórrekstur, annan en okkar eigin, þann, sem eðlilegt er, að við höfum með höndum sjálfir?

Raforkuþörf okkar eykst með ofsahraða, og talið er, að haganlega virkjanlegt vatnsafl verði fullnýtt upp úr næstu aldamótum hér á landi með sama hraða og nú er virkjað. Í sambandi við alúmíníumverksmiðju hefur verið talað um 30 þús. lesta ársframleiðslu fyrst um sinn, en látið að því liggja, að vel geti komið til mála, að framleiðslan verði aukin, og þá hljótum við enn að spyrja: Hafa Íslendingar ráð á að binda mikið rafmagn í þess konar fyrirtæki eða fyrirtækjum?

Tvenns konar sjónarmið geta komið fram varðandi það, með hvaða hætti atvinnurekstur útlendinga hér á landi kæmi til greina. Líklega er hægt að gera slíka samninga nokkuð trygga varðandi íslenzka hagsmuni með skýrum ákvæðum um tiltekið fyrirtæki, þar sem starfssvið þess væri skýrt afmarkað og leyfi bundið við það eitt sem sérstaka undantekningu, og þá miðað beinlínis við að leysa þjóðfélagslegt vandamál sérstaks eðlis, t. d. að skapa grundvöll að einni stórri virkjun. En hins vegar væri líka hægt að hleypa erlendum aðilum, jafnvel einum aðila sterkum, hér inn í landið með svo rúmum samningsákvæðum, að erlent stórfyrirtæki kæmi sem eins konar Trójuhestur inn í íslenzkt atvinnulíf og gæti svo þanið sig út í landinu og fléttað sig inn í íslenzkt efnahags- og atvinnulíf. En slíkt má vitaskuld alls ekki koma til mála, og er margt að varast í því sambandi, eins og ég hef hér minnzt á. Þarf því að ganga vel og tryggilega frá öllum hnútum, ef þetta á yfir höfuð að koma til mála.

Það er engin trygging í því, þótt erlent fyrirtæki væri hér í samstarfi við íslenzka einstaklinga. Einstaklingar íslenzkir geta ofmetið persónulega hagsmuni sína og komizt í þjónustu hins erlenda fjármagns, og það eru engar getsakir um einn eða neinn, að það verður að gera ráð fyrir því, að sú hætta sé fyrir hendi hér, eins og hjá öllum öðrum þjóðum.

Ef til greina kæmi, að útlendingar fengju hér aðstöðu til atvinnurekstrar, yrði að vera sérstakur samningur og sérstök löggjöf hverju sinni. Hins vegar er það mjög eftirtektarvert og hefur komið fram við umr. um þessi efni, sem átt hafa sér stað síðustu árin eða síðustu missirin, að hin almenna löggjöf, sem nú er í gildi hér um réttindi útlendinga, er orðin mjög úrelt, er afar léleg og lítið öryggi í henni fyrir landið og þjóðina og miklu veikari hér en sums staðar annars staðar hjá nágrannaþjóðum okkar. Framsóknarmenn lögðu fram í fyrra till. um endur-

skoðun á þeirri löggjöf með það fyrir augum að tryggja Íslendinga gegn óeðlilegum áhrifum útlendinga í atvinnurekstri hér, og mun það mál verða flutt aftur á þessu þingi.

Ég gat um það áðan, að það væri enginn smáræðis þáttur í þessu máli, hvernig stóriðnaðarframkvæmdir gætu komizt inn í eðlilega framkvæmdaáætlun landsmanna og orðið liður í því að tryggja skynsamlega byggð í landinu, en ekki til þess að auka vandann frá því, sem verið hefur. Og þar erum við komnir að einum veigamesta þætti í þessum málum, þ. e. uppbyggingu íslenzka þjóðarbúsins framvegis og hvernig á að setja atvinnureksturinn niður í landinu með það fyrir augum að byggja landið allt. En eins og kunnugt er, viljum við í Framsfl. leggja ríka áherzlu á, að stefnan sé miðuð við það að byggja allt landið, því að við álítum, að verði það ekki gert, muni þjóðinni aldrei takast að halda öllu landinu.

Nú horfir á hinn bóginn erfiðlega í þessum efnum og allt virðist stefna að því, að Íslendingar safnist saman flestir í einni borg. Ef svo fer, mun okkur ekki farnast vel í landinu, og ég vona, að um það séu í raun og veru allir sammála, þótt menn leggi mismunandi áherzlu á þetta, og þessu sjónarmiði vona ég, að aukist skilningur.

Það, sem fyrst og fremst þarf að gera, er að koma upp þéttbýlismiðstöðvum í öllum byggðarlögum, sem gætu orðið miðstöðvar iðnaðar, verzlunar, samgangna og mennta. Með því væri að mínu viti dreifbýlinu í sveitunum alveg borgið. Á flokksþingum og fundum framsóknarmanna hefur oft verið ályktað um þetta mál og einmitt í þessa stefnu og rík áherzla lögð á þessa þætti.

Þá verður umfram allt að vinna að því, að upp rísi fleiri borgir en höfuðborgin, fleiri borgir en Reykjavík, og efla kaupstaði og kauptún í öllum landshlutum. T. d. þarf að vinna skipulega að því, að Akureyri verði borg, og mundi það, eins og nú standa sakir, verða eitt stærsta skrefið, sem unnt væri að stíga til að snúa þeirri þróun við, sem verið hefur og margir óttast. Þetta er ekki síður hagsmunamál íbúa höfuðborgarinnar sjálfrar en annarra landsmanna, því að Reykjavík yrði ekki lengi höfuðborg sjálfstæðrar þjóðar, ef svo færi, að landsbyggðin eyddist og aðrar borgir kæmu ekki upp í landinu.

Af þessu leiðir, frá sjónarmiði okkar flm. þessarar till., að það verður að hafa byggðaþróunina mjög ofarlega í huga í sambandi við stórvirkjunar- og stóriðjumálin. Á þessu virðist af og til hafa komið fram nokkur skilningur á Alþingi. 1961 var, eins og ég sagði áðan, t. d. samþ. einróma þál. um að rannsaka möguleika á virkjun Jökulsár á Fjöllum með stóriðju til framleiðslu útflutningsvöru fyrir augum, og var þá vafalaust þetta sjónarmið um jafnvægi í byggð landsins haft mjög í huga, þegar áherzla var lögð á að rannsaka virkjunarskilyrði einmitt á þessum stað, auðvitað fyrst og fremst með það fyrir augum, að stórfyrirtæki gætu komið upp á Norðurlandi, og þá væri ekki þýðingarlítið, ef það gæti orðið t. d. í grennd við Akureyri og orðið liður í því að gera Akureyri að borg.

Ég minnist þess raunar ekki, að hafi verið gerðar aðrar ályktanir en þessi um stórvirkjanir í sambandi við hugsanlega stóriðju, en ég fullyrði, að þetta byggðajafnvægissjónarmið lá mjög að baki þessari þáltill. En eins og ég hef þegar getið um, hefur ekkert verið upplýst um niðurstöðu þessarar athugunar enn sem komið er.

Það hefur verið lauslega talað um, að e. t. v. yrði að virkja sunnanlands, en leggja línu norður, og byggja stórfyrirtæki norðanlands, t. d. í grennd við Akureyri. Um þetta var talað í fyrra. Þetta kom fram hjá einhverjum ráðherranum m. a., og var ánægjulegt að heyra úr þeim herbúðum, að skilningur var á þessu. En allt þetta tal var lauslegt og óljóst, enda kannske ekki óeðlilegt á því stigi málanna, sem þau voru þá og eru máske enn. En ég er að rekja þetta allt til að sýna, hve þessi mál eru stórkostleg og að hér er um alger grundvallarmálefni að ræða, sem snerta meira en nokkur önnur málefni framtíð þjóðarinnar í landinu, hvernig byggðin verður og hvernig landið verður notað.

Ég vil segja það sem mína skoðun, að það beri hiklaust að leggja í verulegan kostnað, til þess að stóriðja, ef kæmi til greina, gæti stuðlað að heppilegri byggðaþróun. Það á því ekki að ráða þessu beinhart peningasjónarmið, ekki það eitt, hvað ódýrast er í bili. Ég álít, að það væri ekki leyfilegt að láta beinhart peningasjónarmið eitt ríkja í þessu tilliti. Og ég vil segja, að þegar litið er á þá óhemjusóun, sem hér á sér stað í landinu í sambandi við fjárfestingarframkvæmdir landsmanna og handahófið í þeim efnum, og allan þann lúxus og eyðslu, sem í er lagt og ekkert skilur eftir, — þegar litið er á þetta, ætti mönnum ekki að vaxa í augum, þótt verulegu fjármagni væri varið til þess að stuðla að lífsnauðsynlegri byggðaþróun í landinu, sem fleiri og fleiri sjá að þarf að verða, ef þjóðin ætlar raunverulega að byggja þetta land og lifa hér sjálfstæð og óháð framvegis.

Og ég spyr: Hvenær á að kryfja þessi mál til mergjar og marka stefnu í þeim, ef ekki þegar taka á ákvarðanir um iðnaðaruppbyggingu í landinu og stórvirkjanir? Hvenær á að kryfja þessi mál til mergjar og taka ákveðna stefnu í þeim, ef það verður ekki gert, þegar slíkar ákvarðanir eru teknar?

Ég vil vona, að af þessum fáu orðum, sem ég hef sagt, skýrist, að þessi mál öll eru stórfelld og að lífsnauðsynlegt er, að þau séu ekki aðeins rædd á Alþingi í tíma, þ. e. áður en menn festa sig á einu eða öðru. Það er of seint að ræða þessi mál, þegar menn hafa raunverulega tekið ákvörðun, þ. e. a. s. meiri hl. Það er ekki skynsamlegt.

Þegar um svona stórfelld mál er að ræða, er um að gera að ræða þau strax á frumstigi og bezt, að þá komi sem flestar skoðanir til athugunar. Það er ekki þar með sagt, að allir geti endanlega orðið sammála, en það á að tryggja, að sem flestar skoðanir komi til athugunar strax, og það gæti verið stórkostlegur ávinningur að því fyrir þá, sem eiga að bera ábyrgð á framkvæmdunum að lokum, að hafa heyrt nógu snemma, hvað hinir hafa til málanna að leggja, og geta þá tekið í tíma tillit til þess af því, sem þeim sýnist þess virði. En hitt er hættulegt, að taka ákvarðanir og heyra síðan ýmsar aths., langa til að taka þær til greina, en eiga erfitt með það vegna þess, sem búið er að gera. Því er það lífsnauðsynlegt og það eina lýðræðislega í þessu efni, að Alþingi fjalli um þessi mál nú þegar, og þá er bezta formið að setja milliþinganefnd, sem allir flokkar eiga sæti í. Ég held, að það þurfi ekkert að óttast, að slíkt yrði til þess að tefja þessi mál óeðlilega, og því fer alls fjarri, að það vaki fyrir flm. þessarar till. að tefja þessi miklu mál á einn eða annan hátt, heldur eingöngu hitt, að bjóða fram samstarf um þessi mál og fá á þeim sameiginlega athugun.

Í umr., sem farið hafa fram um stóriðjumálin, hefur verið rætt nokkuð um alúmíníumverksmiðju, eins og ég gat um áðan, sem jafnvel yrði rekin af útlendingum, og olíuhreinsunarstöð hefur líka verið nefnd. Um olíuhreinsunarstöð vil ég segja, að olíuhreinsunarstöð fyrir okkar þarfir er ekki stærra mannvirki en t. d. sementsverksmiðjan og áburðarverksmiðjan og því Íslendingum vel viðráðanlegt eftir venjulegum leiðum að koma upp slíku fyrirtæki, ef það þætti rétt. Það hefur líka komið fram, að það mundi varla hugsanlegt að koma upp slíku fyrirtæki eða reka það hér, án þess að það ræki sig að einhverju leyti á viðskiptahagsmuni sjávarútvegsins. Ég fyrir mitt leyti álít, að það gæti alls ekki komið til mála að fara að setja hér upp olíuhreinsunarstöð, sem kæmi að einhverju leyti í bága við hagsmuni sjávarútvegsins. Ef til kæmi með olíuhreinsunarstöð, mundu í henni verða hreinsaðar olíur og benzín fyrir Íslendinga sjálfa fyrst og fremst, og í reyndinni mundi það auðvitað verða þannig, að slíkt fyrirtæki fengi hér einhvers konar einkaréttaraðstöðu varðandi þessar vörur. Þess vegna finnst mér, að slíkt fyrirtæki yrði að vera algerlega á valdi Íslendinga sjálfra og tryggt, að það yrði rekið með hag þeirra fyrir augum. Mér hefur líka skilizt, að olíuhreinsunarstöð gæti orðið byrjun að ýmiss konar öðrum efnaiðnaði, og það mundi væntanlega þýða það, að ef útlendingar hefðu raunverulega yfirráð yfir slíkri stöð, þá gætu þeir gegnum hana ofið sig inn í ýmsar aðrar greinar íslenzks efnahags- og atvinnulífs, einmitt á þann hátt, sem ég áðan vildi vara við.

Olíur og benzín eru um helmingur af öllu því vörumagni, sem nú er flutt til landsins, og það snertir allt mjög mikið okkar þjóðarbúskap, hvernig fjallað er um þau efni. Þetta segi ég til þess að sýna, hve þetta mál, olíuhreinsunarstöðvarmálið, er stórt, en það hefur nokkuð blandazt inn í þetta, og ekki dregur það að mínu viti úr nauðsyn þess, að málin séu athuguð sameiginlega, að einmitt slíkt fyrirtæki er líka til skoðunar og umr. a. m. k.

Ég vil svo segja að lokum, að með flutningi þessarar till. viljum við eiga okkar þátt í því, að sem víðtækast samstarf gæti orðið um athugun þessara mála og sem flest sjónarmið gætu komið til greina, áður en örlagaríkar ákvarðanir yrðu teknar, og við teljum, að þau sjónarmið verði að komast að, áður en það væri orðið of seint — eða þegar kannske væri raunverulega búið að taka ákvörðun í þeim. Ég leyfi mér að vænta þess, að þó að þessi þáltill. fengist ekki afgreidd í fyrra, þá verði nú hægt að fallast á að samþykkja hana. Ég læt það á vald forseta, í hvaða nefnd hann stingur upp á, að henni verði vísað.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Sú till., sem framsóknarmenn flytja hér, er góðra gjalda verð, margar góðar hugsanir, sem fram komu í ræðu hv. 1. þm. Austf., formanns Framsfl., þegar hann ræddi um þessi mál. Þó eru nú þau vandræði fyrir okkur hérna í stjórnarandstöðunni í sambandi við þessa till., að við eigum þar undir náð stjórnarmeirihl. að sækja, hvort hún verði samþykkt. Ég álít það vera mjög rétt, sem hv. frummælandi gerði, að bjóða fram samstarf um lausn þessara mála af hálfu Framsfl., og vil taka undir það fyrir hönd okkar Alþb.-manna, að við erum reiðubúnir til slíks samstarfs. En þó verð ég að láta þá persónulegu skoðun í ljós, að enn þá æskilegra álít ég, að það hefði verið, ef Framsfl. hefði fengizt til að leggja fram starf til þess að vinna í þeirri nefnd, sem þegar er skipuð og kosin af Alþingi til þess að starfa að þeim málum, sem um fjallar í þessari þáltill. Það er alltaf hæggara að halda sér við það, sem maður hefur, og reyna að hagnýta það til fulls heldur en að sækja, þegar maður er í stjórnarandstöðu, undir náð ríkisstj. og ætla þar að fara að koma nýjum till. fram.

Það er svo, að fyrir 9 árum var kosin hér á Alþingi nefnd, mþn., 7 manna mþn., sem hafði eftirfarandi verkefni, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að kjósa 7 manna mþn. til að gera till. um eflingu núverandi atvinnuvega og nýjar atvinnugreinar til framleiðslu- og atvinnuaukningar og hagnýtingar náttúruauðæfa landsins. N. er heimilt að ráða sérfróða menn til að vinna úr gögnum, sem fyrir hendi eru, og til vísindalegra rannsókna, eftir því sem hún telur nauðsynlegt vegna starfa sinna. Skulu rannsóknarstofnanir, sem starfa á vegum ríkisins, veita n. aðstoð eftir þörfum. Enn fremur skulu aðrar opinberar

stofnanir og embættismenn greiða svo sem verða má fyrir störfum hennar. N. skal gera till. um framkvæmdir og rekstrarform, gera grein fyrir þjóðhagslegri þýðingu framkvæmdanna og fjárþörf og benda á leiðir til fjáröflunar."

Enn fremur segir í þessari till.:

„Þá skal n. gera till. um, hvernig bezt verði til frambúðar skipulögð og samræmd starfsemi þeirra rannsóknarstofnana, sem nú vinna að rannsóknum á náttúruauðlindum landsins, og leita úrræða til að auka og endurbæta afköst í þeim atvinnugreinum. Skal n. endurskoða gildandi lagaákvæði um þessar stofnanir. Nefndarkostnaður greiðist úr ríkissjóði."

Þetta var samþykkt á Alþingi 20. apríl 1955. Þessi nefnd hlaut síðan nafnið atvinnumálanefnd ríkisins. Hún átti, eins og fram gengur greinilega af ákvörðun Alþingis í sambandi við kosningu hennar, að búa til áætlanir um þróun þeirra gömlu atvinnuvega á Íslandi og um sköpun nýrra atvinnugreina og hafði allar heimildir og allt ráð frá Alþingi til þess að vinna að þessu og fyrirheit um þær fjárveitingar, sem nauðsynlegar væru til slíks. Enda var ekki stílað neitt lágt, þegar þessi n. var sett á laggirnar. Sjálfur formaður Framsfl. þáverandi, hv. 1. þm. Vestf., var kosinn formaður hennar og var það, þangað til hann varð forsrh. Þá var látinn taka við maður, sem ég býst við að hafi verið öllu valdameiri en forsrh. Framsfl., a. m. k. var sú reynsla okkar, sem höfðum með vinstri stjórnina að gera. Það var þáverandi miðstjórnarmeðlimur Framsfl., Vilhjálmur Þór bankastjóri, og hefur hann verið formaður þeirrar n. síðan. Og ég býst við, að Framsfl. hafi þótt sínum málum vel fyrir komið, að það væri þar með öruggt og tryggt, hve stórhuga yrði unnið að þessum málum, þar sem valdamesti maður flokksins var settur til þess að vinna í þessu og hafa þar forustu.

Ég skal ekki rekja starfsemi þessarar n. Mönnum er kunnugt um, hv. þm., að hún hefur skilað fyrir nokkrum árum áliti um síðari hluta eða síðasta hluta þessarar ályktunar, um rannsóknarstofnanirnar, en höfuðverkefnið, sem hún átti að vinna, hefur hins vegar farið nokkuð öðruvísi um. Að vísu hefur n. unnið ýmislegt á því sviði. N. hefur rætt um ýmis einstök hugsanleg stóriðjumál. Alúmíníumverksmiðja, kísilgúr og ýmislegt annað fleira hefur verið í n. rætt. Enda býst ég við, að verið hafi í n., þegar framkvæmdastjóri hennar er talinn með, sem líka er náskyldur Framsfl., þá hafi verið í n. tveir áhugamestu menn Framsfl. um alúmíníumvinnslu á Íslandi. Og þessi mál voru þarna þó nokkuð rædd, en hins vegar aldrei tekin fyrir sem heild: íslenzkt atvinnulíf, möguleikar á þróun þeirra gömlu atvinnugreina og möguleikar á myndun þeirra nýju atvinnugreina, sem var aðalverkefni nefndarinnar.

Nú gerðist það, ég held í s. l. viku, að fulltrúi Framsfl. og formaður n., Vilhjálmur Þór bankastjóri, kallaði þessa n. saman, eftir að hún hafði sofið nokkurn tíma, og lagði til, að þar sem n. liti svo á, að hún hefði ekki verkefni að vinna og ýmis verkefni hefðu verið tekin frá henni, þá sæi hún ekki sérstaka ástæðu til starfa. Og þessi till. frá fulltrúum Framsfl. í n. og forustumönnum n. var þar samþ. Ég var einn á móti henni, en ég átti sæti í þessari n. Ég lýsti mig andvígan því, vegna þess að ég áleit, að þessi n. ætti sínu höfuðverkefni ólokið og ætti að vinna að því, og þó að ég vissi, að þessi ágæta till. framsóknarmanna var fram komin, þá var ég ekki eins bjartsýnn á góðan vilja hæstv. ríkisstj. eins og Framsfl., að það væri nú öldungis víst, að við fengjum þetta mál gegnum þingið. Það gæti verið alveg eins öruggt að reyna að halda í það gamla, sem maður fékk í gegn fyrir 9 árum, þó að gamalt væri orðið, heldur en að treysta á að geta smíðað nýtt far til þess að hrinda á flot. Ég álít þess vegna, að n. ætti að halda áfram að starfa. N. hefur ekki, svo að mér sé kunnugt um, af hálfu hæstv. ríkisstj. verið neitað um fé til sinna starfa. Það hafa verið tekin einstök mál þarna út og sett í sérstakar n., slíkt getur ríkisstj. alltaf gert. Hún hefur tekið þarna mál eins og kísilgúrmálið. Það hefur síðan verið afgreitt hér á Alþingi. Við það er út af fyrir sig ekkert að athuga. Og þó að sett verði t. d. sérstök stóriðjunefnd af hálfu ríkisstj., þá þýðir það náttúrlega ekki, að fulltrúar Alþingis eigi endilega að líta svo á, að þeir eigi þar með að hætta störfum í nefnd, sem Alþingi hefur falið þeim að sitja í. Það verður þá að reyna á það, hvort stjórnarmeirihl., sem nú er annar en þá, vilji leggja þá n. niður, sem áður hefur verið kosin á Alþingi til að vinna að þessum verkefnum.

Ég álít þess vegna órétt að láta n. raunverulega hætta eða sveifa hana þannig. Hins vegar skal ég segja það, að þó að ég sé á móti því að sveifa þær n., sem við höfum kosið hér áður fyrr á Alþingi og Framsókn hefur haft langa forustu fyrir, þá verð ég náttúrlega ekki á móti því að vekja nýjar n. til lífsins, ef meiningin er, að þessar gömlu n. eigi að sveifa svefninum langa. Þess vegna er náttúrlega út af fyrir sig sjálfsagt að vera með þessari till., svo framarlega sem engin ráð finnast til þess að fá Framsfl til þess að vekja þessa gömlu n. aftur, sem hann svona lengi hefur skipað forustu fyrir.

Ég hef lengi litið svo á, að þessi spursmál um stóriðju á Íslandi væru einhver allra veigamestu málefni, sem yfirleitt við gætum rætt, og oft komið með þau hér á Alþingi, venjulega í sambandi við áætlunarráð, sem þau í raun og veru heyra fyrst og fremst undir. Ég skal þess vegna aðeins, eftir að hafa gert þessa athugasemd um sjálfa till. og minnt á það, að það er að vísu gott að flytja góða till., en það er betra að starfa vel í þeim n., sem mönnum er falin forusta í, þá vil ég nú ræða þetta mál, sem hér liggur fyrir.

Það er alveg hárrétt, sem hv. frsm. sagði, að þetta mál er þess eðlis, að framtíð okkar þjóðar, jafnvel þjóðernis, getur að miklu leyti verið undir því komin, hvernig við bregðumst við svona málum. Alþingi hefur áður fyrr borið gæfu til þess að bregðast hraustlega við, þegar hættur hafa verið á ferðinni í þessum efnum. Ég veit, að allir alþm. muna eftir því, að þeir fossar, sem við ræðum um nú, t. d. í Þjórsá og allir íslenzkir fossar að Soginu og Laxá undanteknum voru komnir í eigu erlendra auðhringa um árið 1919. Og það var Alþingi, sem þá greip þannig inn í, að þeir erlendu auðhringar gátu ekki notað þessar auðlindir okkar. Og það er ekki lengra liðið en 16 ár, síðan við keyptum Þjórsá fyrir 3 millj. kr. af því fyrirtæki, sem hafði þá eignazt hana, því að Alþingi hafði gert því fyrirtæki ómögulegt að nota Þjórsá.

Og það er raunverulega svipað á ferðinni nú, þegar það liggur við, að erlendum stórfyrirtækjum sé hleypt hér inn í landið til þess að geta ef til vill drottnað yfir íslenzku atvinnulífi. Það er þess vegna mjög heppilegt og mjög eðlilegt, að þegar einmitt svona till. eru fluttar eins og þessi, þá sé tækifærið um leið notað til þess að æskja skýrslna frá hæstv. ríkisstj. um, hvernig stendur í þessum málum. Hæstv. dómsmrh., sem hefur með þessi mál að gera, gaf fyrir tveim árum, ef ég man rétt — (Gripið fram í.) fyrir einu ári, þá gaf hann mjög ýtarlega skýrslu um þetta mál og var svo spurður aftur í fyrra einu sinni að þessu og hafði þá ekki neinu nýju við að bæta. Og það væri vissulega mjög gott nú að fá að heyra, hvort nokkuð sérstakt hefur gerzt þar síðan.

Ég vil mjög taka undir það, sem hv. 1. þm. Austf. og frsm. þessa máls sagði, að í sambandi við hugsanlegan undirbúning samninga við erlenda auðhringa er það mjög óheppilegt, að að slíkum samningum eða samningatilraunum standi einvörðungu þeir menn, sem hafa áhuga á því að fá slíka samninga í gegn. Og þegar pólitíska skiptingin er þannig í þinginu, að t. d. stjórnarflokkar eru fylgjandi slíkum samningum og álíta slíka samninga æskilega, en stjórnarandstaðan gegn því, þá er það fyrir ríkisstj. sjálfa ákaflega heppilegt, að stjórnarandstaðan taki þátt í slíkum samningum, m. a. til þess að geta bent ríkisstj. á, vegna sinnar andstöðu gegn málinu, hvað hættulegast er í því, vegna þess að ekki er það aðeins, að betur sjá augu en auga, líka þeir, sem eru andvígir þessu, koma til með að sjá miklu betur gallana þarna á heldur en þeir, sem því eru hliðhollir.

En ég þykist hins vegar vita, að ástandið muni vera þannig í sambandi við kapphlaupið um alúmíníumsamningana, að þar muni þeir, sem fremstir hafa verið í flokki í þeirri stóriðjunefnd, sem starfaði af hálfu ríkisstj., hafa fundið til þess, að ef til vill þurfti þó nokkuð mikið til að vekja áhuga alúmíníumhringanna fyrir Íslandi. Mér er ósköp vel kunnugt um það, hvílík stórfyrirtæki það eru, sem alúmíníumhringarnir eru að leggja í, sérstaklega í Afríku. Það er t. d. sérstaklega í Ghana og Guinea verið með stórkostleg fyrirtæki. Það er allt upp í 400 þús. tonn af alúmíníummálmi, sem á að framleiða í einu af þeim stóru raforkuverum, sem þar er verið að setja upp, svo að við getum gert okkur í hugarlund, hvers konar risavaxnir samningar það eru, sem þarna eru gerðir, og hvernig þessir alúmíníumhringar, sem hafa svo að segja einokun á þessu um allan hinn kapítalistíska heim, geta látið aðila jafnt í Afríku, Suður-Ameríku sem hér úti á Íslandi keppa í raun og veru um það að ná fjármagni til sín, ef menn álíta eftirsóknarvert að fá það. Þess vegna er svo mikið um þetta í svipinn, að í þeim fagblöðum, sem um þessi mál skrifa, er almennt talið, að 1966 muni verða offramleiðsla á alúmíníum í heiminum, og það er alveg vitað, að menn eru farnir að kippa nokkuð að sér hendinni um þetta, ekki hvað sízt vegna þess, hvað friðvænlega lítur út í veröldinni, þannig að menn halda kannske, að það verði ekki eins mikið um notkun alúmíníums til hernaðarþarfa og verið hefur undanfarið.

Í sambandi við alúmíníumverksmiðjuna er það eitt mál, sem fyrst og fremst hefur verið haldið fram, að það ætti að gera það eftirsóknarvert fyrir okkur að fá hana, og það er, að við gætum lagt í stærri raforkuver með slíku móti.

Ég býst ekki við, að það sé neitt leyndarmál fyrir Alþingi eða alþjóð, að fyrir nokkru var skipuð n. af hálfu ríkisstj., sem stjórnarandstæðingar eiga líka ýmsir aðild að eða einstakir stjórnarandstæðingar eru a. m. k. í, sem átti einmitt að athuga um ný raforkuver og samvinnu þeirra aðila, sem undanfarið hafa starfað að raforkumálum á Íslandi, ríkisins, Reykjavíkurbæjar og Akureyrar, að slíku. Ég hef orðið fyllilega var við það í þeim skýrslum, sem okkur hafa þar verið birtar, að ýmsir sérfræðingar, sem af hálfu þess opinbera eru að athuga þessi mál, virðast leggja eindregið til, að það sé lagt í virkjun við Búrfell, og gengið út frá alúmíníumvinnslu hér syðra, ef hún eigi að koma upp, og látið til að byrja með nægja með olíustöðvar fyrir norðan, ekki einu sinni gert neitt með þann spotta, sem stundum var talað um, að leggja skyldi norður, þegar alúmíníumvirkjun yrði gerð. Ég vil segja það fyrir mig, að ég er mjög andvígur þessu, og ég býst við, að svo muni vera með fleiri í n., en það hefur um tíma ekki verið haldinn neinn fundur í þessari n. En mér sýnist, að þessi mál séu að komast í hreint óefni hjá okkur, vegna þess að það sé verið að bíða eftir hugsanlegum samningum um alúmíníumverksmiðju og sú raforkuvinnsla, sem orðið er Íslandi lífsnauðsyn að leggja í, sé gerð háð þessum vonum, sem kannske reynast tálvonir, kannske reynist verra en það, skaðsamlegri, ef þær rættust. Mér er farið að finnast, að það sé farið að tefja myndun þeirra nauðsynlegu

raforkuvera, sem við þurfum að leggja í, vegna hugmynda um alúmíníumvinnsluna. Ég held, að við verðum að fara að taka okkar ákvarðanir um raforkuver alveg án tillits til, hvort við ætlum að leggja í alúmíníumvinnslu eða ekki.

Ég held þess vegna, um leið og við ræðum þessi mál, þá komust við ekki hjá því að ræða um raforkumálin. Og ég vil aðeins taka það fram, án þess að fara lengra út í þessi mál, að ég álít það mjög orðum aukið, það sem haldið hefur verið fram, hvað alúmíníumverksmiðja mundi bjarga okkur mikið í þeim efnum að gera okkur mögulegt að virkja stærra og virkja þess vegna ódýrara. Ég held, að það væri stærri spurning og meiri hagsmunir Íslands, sem fengjust fram með því að reyna að tryggja ódýrari lán og lægri vexti til raforkuvera heldur en að leggja í stór raforkuver handa alúmíníumverksmiðju. Ég vil bara minna á, út frá því, sem hv. frsm. kom inn á, — hann talaði um, að það væru 30 þús. lestir af hreinum alúmíníummálmi, sem ætti að framleiða í þeirri verksmiðju, sem hér yrði sett upp, til að byrja með, — að til þess þyrfti 55—60 þús. kw. Ef þetta er stækkað upp í 90 þús. lesta framleiðslu, sem er meðalframleiðsla í Evrópu, þá þurfum við til þess hvorki meira né minna en 160—180 þús. kw., m. ö. o.: svo að segja allt það rafmagn, sem virkjað yrði í Búrfelli. Og hvað hagsmuni landsins snertir, þá vitum við ósköp vel, að þetta rafmagn yrði alveg hræódýrt, öðruvísi fengjum við ekki þessa hringa, nema selja þeim það alveg hræódýrt. og það, sem við hefðum upp úr þessu, ef þetta kæmist upp, er vinna fyrir 300—400—500 manns í mesta lagi. Við skulum segja, að það yrði byggt hér syðra, sem þýddi samsvarandi áhrif eins og af Keflavíkurflugvelli á sínum tíma, þyrfti að leggja nokkrum bátum upp til þess að taka sjómennina þar í vinnu. Ég er þess vegna hræddur um, að það væri ákaflega lítið fyrir okkur hagsmunalega séð að sækjast eftir í þessum efnum. Ég geri mér nefnilega ekki vonir um, að þeir skattar eða tollar eða annað slíkt, sem alúmíníumhringarnir kæra sig um að borga, verði svo miklir, að það væri sérstök eftirsókn í því. Ég held þess vegna, að við eigum að fara að ráða þessum raforkumálum okkar og það nú í haust til lykta og taka ákvarðanir í þeim, án þess að hanga lengur yfir þessum alúmíníummálum, sem búin eru að tefja okkur allan þennan tíma.

Svo aðeins nokkur orð út af tveim til þrem atriðum, sem fram komu í ræðu hv. 1. þm. Austf. Í fyrsta lagi kom hann inn á spursmálið um samvinnu við erlent auðmagn. Ég vil leyfa mér að spyrja hann án allra umsvifa um afstöðu Framsfl. til alúmíníumverksmiðju á Íslandi, af því að ég gerði mér satt að segja, þó að ég hafi ekki allt of háar hugmyndir um Framsfl., vonir um, að það mundi vera það mikið eftir af því gamla bændaeðli í honum, að hann mundi „prinsipielt" andvígur erlendu auðvaldi á Íslandi. Ég vil leyfa mér að spyrja formann Framsfl. þess vegna, hvort við eigum að skilja hans hugleiðingar svo, að Framsfl. sé með í að hleypa erlendu auðvaldi inn í landið í sambandi við alúmíníumvinnslu, ef Jökulsá á Fjöllum verði virkjuð, en sé á móti því að gera slíkt, svo framarlega sem það er Þjórsá, sem er virkjuð, hvort við án allra umsvifa og umbúða megum ekki skilja afstöðu Framsfl. þannig, að við fengjum þetta hreint út.

Ég vil um leið benda á það, — að vísu skal ég ekki alveg fullyrða, hvert aflið er í Jökulsá á Fjöllum, — en hræddur er ég um það, að alúmíníumverksmiðjan, ef hún væri þefölduð, mundi taka það nokkurn veginn allt. Ég vil hins vegar taka það fram um mína afstöðu, að ég er jafnt á móti alúmíníumverksmiðju með erlendu fjármagni, hvort sem það er virkjað fyrir norðan eða sunnan eða hvar sem það er gert, og treysti okkur Íslendingum sjálfum til þess að ráða við okkar byggðaþróun á Íslandi, ef við kunnum að stjórna okkar eigin málum.

Í öðru lagi vil ég taka undir það, sem hann sagði um tilhneigingar og eðli auðhringa, þar sem þeir komast inn. Það er engin spurning um það, menn hafa verið að ræða um það í sambandi við alúmíníumhringinn t. d., sem er einn voldugasti hringur heims, á sína anga víðast hvar, að þegar yrðu ekki nema 200—300 manns í vinnu þarna, þá gæti hann nú varla orðið voldugur. Það fjármagn, sem þar er í 30 þús. lesta framleiðslu, er í stofnkostnaði 1100 millj. kr. Það, sem mundi þurfa í 90 þús. lesta framleiðslu, er yfir 3000 millj. kr., sem er álíka fjármagn og nú er í öllum okkar sjávarútvegi, fiskiskipum og fiskiðnaði, þannig að það fjármagn, sem erlendur auðhringur væri búinn að festa hér á Íslandi eftir slíka ráðstöfun, væri samanborið við það, sem er t. d. í Noregi og öðrum slíkum löndum, það væri margfalt, margfalt meira en þekkist í nokkrum slíkum löndum. Það er eðli auðhringa að reyna að ná pólitískum tökum ekki bara á efnahagslífi þeirra landa, þar sem þeir starfa, sem oft kemur nokkuð af sjálfu sér, heldur líka á stjórnmálalífi þeirra. Það er eðlilegt af hálfu auðhringanna að reyna að gera slíkt, því að þeir eiga framtíð sína undir því og vald sitt í landinu og auð sinn í landinu, að þeir nái slíkum pólitískum tökum.

Ef það er t. d. vitað, að stórir flokkar í landinu og margir hópar manna og samtaka stæðu eindregið að því að krefjast þjóðnýtingar slíkra erlendra auðhringa og þeirra fyrirtækja, þegar þau væru komin hér upp, þá er það ósköp eðlileg sjálfsbjargarviðleitni slíks auðhrings að reyna að ná slíkum áhrifum í íslenzkum stjórnmálum, að þeir flokkar kæmust ekki til valda, sem þjóðnýttu eignir þeirra. Og um þetta hefur staðið barátta í þorranum af öllum þeim löndum, sem sjálfstæð hafa orðið nú á þessum síðasta áratug í veröldinni, þannig að við Íslendingar ættum að

þekkja þetta ósköp vel. Það er þess vegna alveg sjálfsögð árátta af hálfu auðhrings að reyna að ná stjórnmálalegum ítökum í landi til þess að vernda sína hagsmuni. Og það er vitað, að einstakir auðhringir ráða ríkjum, eins og í sumum Mið-Ameríkuríkjunum og Suður-Ameríkuríkjunum, hringir eins og ávaxtahringurinn United Fruits Co. eða tinhringurinn eða aðrir slíkir, þannig að ég vil gjarnan með hv. 1. þm. Austf. undirstrika það, hver hætta er á slíku, því að það er reynt að gera lítið úr því. Ég vil einnig minna á það, að ég þykist vita, hvers konar skatt- og tollfríðindi og annað slíkt og hve ódýrt rafmagn hringurinn mundi heimta sér til handa. Ég vil minna á, að ég gæti trúað, að mörgum íslenzkum atvinnurekendum þætti líka fært að reka ýmsa nýja atvinnu hér á Íslandi, svo fremi þeir fengju sams konar skilyrði, jafnódýrt rafmagn og sams konar skatt- og tollfríðindi og slíkur hringur fengi sér til handa. Og ég vildi mega spyrja þá, sem eitthvað hafa hugsað um slíka samninga fram að þessu: Hefur þeim dottið í hug að láta útlenda auðhringa á Íslandi, sem hafa margfalt betri aðstöðu til þess að græða vegna síns stórrekstrar, fá kjör, sem væru betri en íslenzkir atvinnurekendur hafa, eða erum við sokknir svo djúpt, að það á að setja íslenzka atvinnurekendur við einhvern óæðri bekk og veita útlendum aðilum einhver sérréttindi, og það þó að þeir séu stærri en allir íslenzkir atvinnurekendur kannske samanlagt?

Þá vil ég aðeins minnast á það, sem hv. 1. þm. Austf. sagði viðvíkjandi byggðaþróuninni, og mér virtist í raun og veru, að því er ég heyrði á allri hans ræðu, að hann væri ekki hrifinn af því máli, sem þarna var verið að ræða, um útlenda auðvaldið og þess innrás í Ísland. Mér virtist eins og þetta væri hans siðferðilega afdrep í þessu máli, að ef við gætum fengið alúmíníumhringinn til þess að ráða við byggðaþróun á Íslandi, þá væri kannske rétt að hleypa honum inn.

Ég vil taka það fram, að ég álít, að við Íslendingar getum ráðið við byggðaþróunina algerlega sjálfir. Við getum losað okkur sjálfir við allt það handahóf, eyðslu og aðra ókosti, sem hann lýsti sjálfur mjög greinilega, að ríkti í núverandi fyrirkomulagi hjá okkur. En til þess er ekki nóg að stofna einhvern sjóð, sem eitthvert fé er veitt í. Til þess þarf að taka yfirstjórn allrar fjárfestingar í hendur ríkisins með áætlunargerð, með áætlunarbúskap. Það er ekkert minna, sem dugir. Og það er þar, sem satt að segja hafa af hálfu Alþb. í heilan áratug verið gerðar tilraunir til þess að koma vitinu fyrir Framsfl. og jafnvel lengur, og það hefur ekki tekizt.

Við höfum lengi lagt það til, Sósialistaflokkurinn áður og Alþb. nú, hér á Alþingi að reyna að koma á slíkri áætlunargerð, þar sem m. a. miðstjórn í slíkum málum réði staðsetningu atvinnutækjanna, og það er staðsetning atvinnutækjanna, sem gerir út um það, hvar byggðin kemur upp. Það er hún, sem er uppistaðan, og það er hægt að ráða byggðaþróuninni með því að ráða þeirri staðsetningu atvinnutækjanna og með því að láta ekki það blinda lögmál peninganna ráða þarna lengur.

Ég man eftir því, þegar lítil tilraun var gerð um slíkt á nýsköpunartímanum forðum daga, þegar 4 togarar voru staðsettir á Akureyri. Það kostaði þá Sósialistaflokkinn í bæjarstjórn Akureyrar 10 ára baráttu að fá það fram að koma upp hraðfrystihúsi á Akureyri til þess að láta vinna úr afla þessara togara, — 10 ára baráttu. Þetta var þá m. a. skilningur Framsfl. á því að efla byggðaþróunina og gera Akureyri að borg, svo að ég ekki tali um afstöðuna til togaranna. Við getum myndað hér aðra stóra bæi og séð um, að svo og svo mikið af þeirri gífurlegu viðbót, sem á hverju ári safnast núna á nokkur nes við Faxaflóann, komi annars staðar á Íslandi, með því að stjórna þessari þróun, og þetta höfum við lagt til ár eftir ár. Þetta lögðum við til, og þetta sömdum við um við Framsfl., þegar vinstri stjórnin var mynduð, og þetta sveik Framsfl. okkur um að gera og neitaði allan tímann, m. a. till., sem bæði Alþb. og Alþfl. voru sammála um, um að koma á áætlunarbúskap og um að tryggja það, að yfirstjórn Seðlabankans væri um leið yfirstjórn í slíkri áætlunargerð, þannig að það væri sameinað í eitt valdið yfir lánveitingunum á Íslandi og lánapólitíkin og þar með möguleikinn til þess að staðsetja atvinnutækin og það væri gert samkv. áætlun. En Framsfl. neitaði slíku.

Þess vegna vil ég aðeins minna á það í sambandi við það frv., sem ég er búinn að flytja ár eftir ár á Alþingi um áætlunarráð ríkisins, þar sem ég tek t. d. fram í grg. um byggðaþróunina, þegar ég er að undirstrika atriði síðustu málsgr. í 3. gr. þess frv., þar sem stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Áætlunarráðið skal og gera áætlanir um, hvar tæki skuli staðsett, og tillögur um byggingar, byggðaþróun og aðrar framkvæmdir í því sambandi."

Og í grg. stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Það skal sérstaklega undirstrika gildi síðustu málsgr. um staðsetningu atvinnutækja, byggðaþróun o. s. frv. Það er mikil nauðsyn eigi aðeins þjóðarbúskap vorum, heldur og þjóðerni voru og þjóðarerfðum, að breytt verði um frá því, sem nú er, að láta blint lögmál peninganna ráða byggðaþróun í landinu með þeim afleiðingum, að aukning þjóðarinnar safnast á einn stað: Reykjavík og nágrenni og Reykjanes. Með viturlegum áætlunarbúskap getur þjóðin sjálf stjórnað þessari þróun, látið allstóra bæi rísa í hinum ýmsu fjórðungum landsins, þar sem skilyrði eru hagstæðust, með því að beina þangað fjármagni og framleiðslutækjum."

Það er þess vegna í raun og veru ánægjulegt, að Framsfl. skuli nú loksins vera að

átta sig ofurlítið á þessum málum. Það er að vísu slæmt, að hann skuli gera það, þegar hann er í stjórnarandstöðu. Það hefði verið betra, að hann hefði gert það, þegar við höfðum sameiginlega völdin til þess að framkvæma þessa hluti, sem við nú erum að óska eftir. Ég vil samt lýsa ánægju minni yfir því, að Framsfl. skuli nú leggja til að lífga við nýja n. í stað þeirrar, sem hann hefur drepið eða svæft, og er algerlega fylgjandi því að lífga við og skapa þessa nýju n., fyrst sú gamla á víst að svæfast svefninum langa. Ég vil líka lýsa ánægju minni yfir því, að Framsfl. skuli vera kominn inn á það, að þjóðin verði sjálf að reyna að stjórna sinni byggðaþróun, og vil vona, að hann beri gæfu til þess að læra, hvaða tækjum og aðferðum þarf að beita til þess að stjórna á þennan máta. Það þýðir að vísu, að við erum að óska eftir því nú, að beitt sé aðferðum, sem við höfðum aðstöðu til þess að beita 1956—58 og vanrækt var vegna skilningsleysis og þjösnaskapar að beita þá, en við skulum vona það, og ég skal alveg taka undir hans ósk til hæstv. ríkisstj. og stjórnarmeirihl., að þeir mættu bera gæfu til þess að skilja, að þessa till. þurfi að samþ., sem hér er, og vinna nú skjótt að því, ekki láta hana sofa í nein 9 ár, heldur vinna nú þegar að því, þannig að á þessu þingi væri hægt að taka upp þau vinnubrögð, sem þurft hefði að taka upp fyrir mörgum árum.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég vil láta í ljós ánægju mína yfir þeim yfirlýsingum, sem hér komu fram frá hv. 1. þm. Austf. í sambandi við þetta mál, að hann og hans flokkur væru að bjóða fram samstarf og vildu, að á kæmist sem víðtækast samstarf í sambandi við hugsanlegar stóriðjanir og stóriðju á Íslandi. Ég lét í ljós alveg sömu skoðun hér á þinginu í fyrra, að ég teldi mjög mikilsvert í sambandi við ráðagerðir í þessum stóru málum, að hægt væri að koma á sem víðtækustu samstarfi, og þá átti ég auðvitað við einingu um þessi mál, þegar eða ef til ætti að taka, og við erum víst ekki í nokkrum vafa um virkjanirnar hér á landi. Það kann að vera, að orki eitthvað meira tvímælis hjá mönnum um stóriðjuna eða með hverjum hætti hún er tengd við stórvirkjanirnar. Hv. 3. þm. Reykv. sagðist nú alveg vera tilbúinn til samkomulags líka í upphafi sinnar ræðu, en það voru hins vegar nokkuð margir fyrirvarar, þegar leið á ræðuna hjá þessum hv. þm., um þann samkomulagsvilja, eins og vænta mátti og okkur þm. er ekki ókunnugt um, af afstöðu hans og ræðum um skyld og svipuð mál hér.

Varðandi almennt virkjunarmálin og stóriðjuna í því sambandi er ég alveg sammála hv. 1. þm. Austf., þegar hann sagði, að hann teldi það óeðlilegt að ákveða stórvirkjun eða stefna til stóriðju, án þess að Alþingi sé haft með í ráðum. og einnig það, sem hann sagði, að það væri óeðlilegt, að rætt sé til nokkurra úrslita við erlenda aðila í þessu sambandi, án þess einnig að Alþingi sé með í ráðum. Þetta er nákvæmlega sú sama skoðun sem ég lýsti yfir á þinginu í fyrra, þegar við ræddum þessi mál, að það yrði að sjálfsögðu Alþingis að marka framtíðarstefnu okkar í þessum málum.

Ég tek alveg undir þau varnaðarorð hv. 1. þm. Austf., sem fram komu um það, að það þyrfti vel að vanda og vel að athuga hugsanlegar samningagerðir við útlendinga í sambandi við atvinnurekstur hér á landi. Hann lýsti því sem sinni skoðun, að það yrði sennilega tryggilegast að gera þessa samninga, ef til þeirra kæmi, við tiltekin fyrirtæki hverju sinni og ekki nema þeir væru eitthvað sérstaks eðlis, og í þessu er auðvitað mikið satt og rétt. Við ættum ekki að hleypa hér inn neinum Trójuhesti í íslenzkt atvinnulíf með samningagerðum við erlent fjármagn. Það vona ég, að við þurfum aldrei að upplifa, að svo óhöndulega til takist af hálfu okkar Íslendinga, ef við ætlum að hafa samráð við útlendinga, bæði á sviði fjármála og tækni í sambandi við þessi mál.

Hv. 1. þm. Austf. vék aðeins að því, að þm. Framsfl. hefðu talið þörf á sérstakri endurskoðun á löggjöf um atvinnuréttindi og fasteignaréttindi útlendinga hér á landi og flutt um það till. á s.l. þingi, — taldi, að núgildandi löggjöf á þessu sviði hjá okkur væri allmjög úrelt. Þegar þessi till. var til umr. á síðasta þingi, var það upplýst, að endurskoðun á þessari löggjöf væri þegar í gangi af hálfu ríkisstj., hefðu bæði farið fram athuganir og endurskoðun af hálfu stóriðjunefndar og einnig í sambandi við fríverzlunarmálið af hálfu viðskmrn. og sérfræðinga í því, og með vísun til þess var þeirri till. þá vísað til ríkisstj. Nú hefur athugun þessara mála að sjálfsögðu haldið áfram og með auknum hraða, því að það er skoðun okkar í ríkisstj., að það sé mjög eðlilegt, að slík athugun fari fram í sambandi við hugsanlega samvinnu í stóru eða smáu við útlendinga eða erlent fjármagn í sambandi við stóriðju hér á landi. Ég get því miður ekki á þessu stigi málsins sagt, hvenær þeim athugunum verður lokið, en það er að þeim unnið mjög ötullega nú, og hefur það fallið í minn hlut innan ríkisstj. að hafa forgöngu um það. En ég hafði hugsað mér, svo fljótt sem verða mætti, að gera þinginu grein fyrir þeim athugunum með skýrslum og þá e. t. v. flutningi frv., eftir því sem niðurstöður athugananna gefa ástæðu til.

Þetta vildi ég aðeins sagt hafa, af því að hv. 1. þm. Austf. vék að því, að þeir hefðu í hyggju, framsóknarmenn, að flytja enn á þessu þingi þessa sömu till., sem var til meðferðar á síðasta þingi.

Um afstöðu mína til þeirrar þáltill., sem hér liggur fyrir, vil ég segja það, að eins og vikið er að í henni, svaraði ég fsp. á síðasta þingi, sem þá voru fram bornar varðandi undirbúningsathuganir á möguleikum til stór-

virkjana og stóriðju á Íslandi. Ég lagði áherzlu á það þá, að ríkisstj. hefði ekki talið ástæðu til frekari upplýsinga en þá voru gefnar, vegna þess að undirbúningsathuganirnar væru ekki lengra komnar, þeim yrði haldið áfram og Alþingi mundi verða gerð grein fyrir niðurstöðum athugananna, jafnóðum og ástæða þætti til, og lagði í því sambandi ríka áherzlu á, að á engan hátt vekti fyrir ríkisstj. að draga að gefa upplýsingar eða dylja Alþingi nokkurs í þessu máli, og ég held, að ég hafi ítrekað það síðar á sama þingi að gefnu tilefni í umr., sem þá fóru aftur fram um svipuð málefni.

Ég get sagt um olíuhreinsunarstöðvarmálið, sem hv. 1. þm. Austf. vék aðeins örfáum orðum að, að ég hef um það mál engu við að bæta það, sem ég sagði á síðasta þingi, og held, að það sé á mjög svipuðu eða sama stigi og það var þá. Hins vegar hefur verið haldið áfram undirbúningsathugunum um möguleika til samningsgerðar við alúmíníumfyrirtæki og margháttuðum athugunum og rannsóknum í sambandi við stórvirkjunarmöguleika hér á landi. Þessar athuganir hafa hins vegar ekki, eins og gefur að skilja, þar sem ekki hefur komið neitt fram frá ríkisstj. enn á þinginu, verið taldar vera komnar það langt, að ástæða væri til frekari upplýsinga eða skýrslugerðar af hálfu stjórnarinnar en þegar hefur verið gefin. Ég vil þó segja það, að mér finnst allt benda til þess, að það verði innan mjög skamms, sem ríkisstj. muni geta lagt fyrir þingið frekari skýrslur um bæði þessi mál, virkjunarmálin og stóriðjumálin í tengslum við þau. Hversu fljótt það verður, veit ég ekki, en mér finnst ástæða til að ætla, að það muni ekki dragast lengi úr þessu. Og með hliðsjón af því, sem ég nú hef sagt, og því, sem lýst var yfir fyrir hönd ríkisstj. í fyrra, finnst mér engin ástæða til þess, að Alþingi nú marki afstöðu sína til þess að kjósa nefnd í þessu máli með þeim hætti, sem farið er fram á í þeirri þáltill., sem hér liggur fyrir til umræðu.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Till. sú, sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir því, að Alþingi kjósi 7 manna nefnd til þess að kynna sér niðurstöður þeirra rannsókna á stórvirkjunarmöguleikum og varðandi stóriðjumálin, sem nú liggja fyrir. Þegar þessi mál voru rædd hér á síðasta þingi, lýsti ég því yfir fyrir hönd okkar Alþb.-manna, að við værum samþykkir þessari till. og við teldum, að full ástæða væri til, að slík nefnd yrði skipuð af Alþingi til þess að taka upp athugun á þessum mjög svo veigamiklu málum. Ég vil ítreka þessa yfirlýsingu hér enn einu sinni.

Við teljum, að það sé ástæða til þess, að Alþingi fái að kynna sér til hlítar þessi mál og fái að skyggnast í öll þau gögn, sem fyrir liggja og fram hafa komið í þeim rannsóknum, sem þarna hafa átt sér stað nú nokkuð á fjórða ár. Ég hygg, að liðin séu rúm 3 ár eða eitthvað nokkuð á fjórða ár, síðan hæstv. ríkisstj. skipaði sína stóriðjunefnd, að vísu með þeim sérstaka hætti, að hún birti enga tilkynningu um það, að slík nefnd hefði verið sett á laggirnar, en það fóru smátt og smátt að berast fréttir af því, að n. væri til, og m. a. fréttum við það úr erlendum blöðum, að menn úr þessari nefnd væru þar staddir til þess að ræða þar við ýmsar fjármálastofnanir og ýmsa aðra erlenda aðila um þessi mál. Nú höfum við einnig séð það á ríkisreikningi þeim, sem nýlega var útbýtt hér á Alþingi, að ríkisstj. hefur þegar greitt út allmyndarlegar fjárhæðir til þeirra aðila, sem í þessum rannsóknum hafa staðið. Frá því er m. a. skýrt nú, að á s. l. ári, 1963, hafi nm. í þessari svonefndu stóriðjunefnd verið greiddar 225 þús. kr. aðeins í þóknun fyrir sín störf. Sérfræðileg aðstoð hefur einnig verið greidd vegna starfa þessarar n., sem nemur rúmum 203 þús. kr. Og einnig er skýrt frá því, að greitt hafi verið til einhverra aðila vegna rannsóknar á byggingu olíuhreinsunarstöðvar 291 þús. kr. á þessu ári, 1963. Þá vitum við einnig, að rannsóknarkostnaður í sambandi við virkjunarframkvæmdir, sem standa í beinu sambandi við stóriðjumálin, skiptir orðið tugum millj. kr. á síðustu árum, svo að það er vitanlega full ástæða til, eins og unnið hefur verið að þessum málum, að Alþingi fái að skyggnast í þau gögn, sem fyrir liggja og fram hafa komið varðandi þessi stóru mál.

Það er með öllu óviðunandi að heyra það frá hæstv. ríkisstj., eins og hér var endurtekið nú af hæstv. iðnmrh., að það sé ætlun ríkisstj. að leyfa Alþingi að fylgjast með þessum málum og marka afstöðuna um afgreiðslu þessara mála, en halda þó þannig á málinu, að Alþingi sé raunverulega haldið fyrir utan allan undirbúning málsins, alla undirbúningsathugun á málinu. Það er vitanlega ekki nema aðeins að forminu til, að Alþingi verði gefinn kostur á því að marka afstöðu um afgreiðslu í málinu, ef Alþingi á að standa frammi fyrir því á sínum tíma, að ríkisstj. gerir till. um ákveðna lausn á málinu, leggur fram frv., sem hún óskar eftir að verði hér staðfest, sem auðvitað eru byggð á tiltölulega einhliða rannsókn eða athugun á þessum málum af hálfu þeirrar n., sem ríkisstj. hefur í málið sett. Það þýðir í raun inni að svipta Alþingi sem heild möguleika á því að geta tekið afstöðu til málsins með eðlilegum hætti. Slík mál sem þessi eru svo viðamikil og flókin, að það er engin aðstaða til þess, að Alþingi geti tekið afstöðu til afgreiðslu málsins á viðunandi hátt, nema Alþingi hafi fengið tíma til þess að fylgjast með undirbúningsathugunum á málinu. Og það er einmitt það, sem er verið að fara fram á með þeirri þáltill., sem hér liggur fyrir, að n. verði skipuð af hálfu Alþingis, sem fái að kynna sér öll þau gögn, sem fram hafa komið, nú eftir þriggja ára undirbúningsvinnu í málinu og að innan slíkrar nefnd-

ar gætu farið fram eðlilegar viðræður um sjónarmið í þessum stórmálum og í gegnum n. gæfist öllum þingflokkunum kostur á því að láta sín sjónarmið koma fram, áður en hin raunverulega afstaða hefur verið tekin til málsins í ríkisstj. Ég vil nú fyrir mitt leyti skora á hæstv. ríkisstj. enn einu sinni, að hún endurskoði sína afstöðu í þessum málum með tilliti til þessarar sérstöku beiðni, að það verði skipuð slík nefnd sem þessi og þingflokkunum öllum verði gefinn kostur á því að fylgjast með undirbúningi málsins. Ríkisstj. hefur að sjálfsögðu alla möguleika til þess að láta fara fram þá sérstöku athugun, sem hún óskar eftir, eftir sem áður. Spurningin er aðeins um það: Á að leyfa Alþingi sem heild, flokkunum öllum að fylgjast með undirbúningi málsins, eða á að halda næstum að segja helmingi alþm. fyrir utan og meira og minna óvitandi um það, hvað fer fram um undirbúning þessara mála?

Ég held, að hæstv. ríkisstj. geti ekki verið þekkt fyrir það að halda öllu lengur á þessu máli á þann hátt, sem hún hefur gert. Það hefur komið hér fram frá hæstv. ríkisstj., að henni er vel kunnugt um það, að skoðanir eru skiptar meðal landsmanna og meðal alþm. um það, hversu réttmætt er að ráðast í þá stóriðju, sem hér hefur aðallega verið rætt um, og hversu réttmætt það sé eða nauðsynlegt fyrir okkur að leyfa erlendu fjármagni að komast inn í íslenzkt atvinnulíf. Um þetta eru skiptar skoðanir. Og einmitt vegna þess, að þessar skiptu skoðanir liggja fyrir, er ekki óeðlilegt, að öllum aðilum, sem hér eiga hlut að máli, verði gefinn kostur á því að koma sínum sjónarmiðum fram einmitt á undirbúningsskeiði málsins.

Mig langar til þess að fara hér örfáum orðum um stóriðjumálin sem slík. Ég held, að það geti ekki leikið nokkur vafi á því, hver er ástæðan til þess, að um það hefur verið rætt nú síðustu árin að efna til stóriðju á Íslandi, — stóriðju eins og t. d. byggingu alúmíníumverksmiðju, því að vitanlega hljóta að vera einhverjar ástæður fyrir því, að menn hafa tekið það upp að berjast fyrir því, að í þessar stóru framkvæmdir yrði ráðizt. Ástæðurnar hafa komið mjög skýrt fram hjá þeim aðilum, sem mest hafa opinberlega um þetta ritað, en það eru einmitt efnahagsmálasérfræðingar ríkisstj. Þeir hafa sagt með alveg skýrum orðum, að ástæðurnar séu þær, að svo sé komið með okkar íslenzku atvinnuvegi, þ. e. a. s. sjávarútveg, landbúnað og þann iðnað, sem hér hefur mest borið á, að þessir atvinnuvegir muni ekki duga okkur a næstu árum. Það er ekki hægt að halda uppi hliðstæðri hagþróun á Íslandi eins og allar líkur benda til að muni verða hér í löndunum í kringum okkur, ef við höldum áfram að byggja á þessum atvinnuvegum sem undirstöðu. Um þetta hafa þeir báðir, bæði Jónas Haralz og Jóhannes Nordal, skrifað mjög greinilegt mál, þetta væri grundvallarástæðan fyrir því, að menn nú töluðu um, að það þyrfti að koma upp stóriðju á Íslandi, það yrði að leita nýrra úrræða, til þess að við gætum aukið okkar þjóðartekjur til jafns við aðrar þjóðir. Ég skal ekki í þessum umr. fara út í það, hvaða útreikninga þeir lögðu til grundvallar um vaxtarmöguleika bæði sjávarútvegs, landbúnaðar og iðnaðar, en um það hafa þeir birt allgreinilegar skýrslur og tölur, hvaða áætlanir þeir þar gerðu um vaxtarmöguleika þessara atvinnuvega á komandi árum. En niðurstaða þeirra var sem sagt sú, að vaxtarmöguleikarnir í þessum atvinnugreinum væru svo litlir, að við hlytum að dragast aftur úr í efnahagsþróuninni borið saman t. d. við nágrannalönd. Og þá þurfti að reyna að finna eitthvert nýtt úrræði, reyna að koma upp einhverri nýrri framleiðslu hér á Íslandi, sem leyst gæti vandann.

Nú hefur auðvitað þróunin sýnt það, að þessir útreikningar þessara ágætu manna hafa reynzt alrangir. Vaxtarmöguleikinn t. d. í sjávarútveginum hefur reynzt miklum mun meiri en þeir reiknuðu með, og vöxtur þjóðarteknanna hefur að sama skapi vaxið langt umfram það, sem þeir reiknuðu með.

En ég kem þá að hinu: Hvaða möguleikar eru þá tengdir við það að ráðast t. d. í byggingu alúmíníumverksmiðju af þeirri stærð, sem hér hefur verið rætt um, fyrir okkar þjóðarframleiðslu, hvaða vinningur mundi fást við það að ráðast í slíka framleiðslu, og hverju þarf til að kosta? Nýlega var frá því skýrt af einum nm., sem starfað hefur í stóriðjunefndinni, í sérstökum útvarpsþætti, að hann reiknaði með, að alúmíníumverksmiðjan og hið mikla raforkuver, sem henni verður að fylgja, mundi færa Íslendingum í kringum 120 millj. kr. á ári í auknar gjaldeyristekjur. Auðvitað sjá allir, að þetta út af fyrir sig, þó að rétt væri, sem ég vil nú gera sérstaka aths. við á eftir, það getur ekki ráðið neinum úrslitum, bygging þessarar verksmiðju út af fyrir sig getur ekki ráðið neinum úrslitum um hagvöxt á Íslandi á næstu árum eða um okkar heildarþjóðartekjur, því að hér er um svo tiltölulega litla framleiðslu að ræða borið saman við okkar heildarframleiðslu, að þetta dregur sáralítið. Það er því rétt að gera sér strax í upphafi grein fyrir því, að auðvitað dettur þeim ekki í hug, sem tala um nauðsyn þess að koma upp stóriðju á Íslandi og hafa eitthvað grundað sínar skoðanir í þeim efnum, að það sé þessi eina alúmíníumverksmiðja, sem um er að ræða. Í þeirra hugum er þessi alúmíníumverksmiðja aðeins fyrsta skrefið í sambandi við stóriðju, sem útlendingar þurfa að koma hér upp og verða að reka. Það er því vitanlega ekki hægt að líta á þetta mál þannig. Hvorki út frá efnahagslegu sjónarmiði séð né í sambandi við þær hættur, sem menn sjá af því, að erlent fjármagn fari að hreiðra um sig í íslenzku atvinnulífi, þá er vitanlega ekki hægt að líta á þetta mál, sem hér er um að ræða, aðeins út frá því, hvort eigi að byggja eina alúmíníumverksmiðju af þessari stærð eða ekki.

Þessi framleiðsla upp á 120 millj. kr. í auknum gjaldeyristekjum á ári er sem sagt sáralítil, þegar sjávarútvegur okkar á hverju ári framleiðir nú gjaldeyrisverðmæti fyrir yfir 4000 millj. kr.

En er það nú víst, að málin séu svona, eins og þessi stóriðjunefndarmaður sagði í útvarpsþættinum, að við eigum von á því, að þessi alúmíníumverksmiðja muni veita okkur auknar gjaldeyristekjur á hverju ári, sem nemi 120 millj. kr. og hér sé um raunverulegan, hreinan vinning að ræða í okkar tekjuöflun? Nei, því fer alls fjarri. Sannleikurinn er sá, að þeir hafa báðir, þeir mætu menn, sem ég minntist hér á fyrr í minni ræðu, Jóhannes Nordal, bankastjóri Seðlabankans, og Jónas Haralz, þeir hafa gert þessu allt önnur skil, þar sem þeir hafa rætt um þetta. Jóhannes Nordal hélt um þessi mál mjög ýtarlega ræðu á þingi íslenzkra verkfræðinga fyrir rúmum 2 árum og birti þar sína útreikninga. Þessir útreikningar sýndu, að hið mikla raforkuver, sem mundi kosta okkur 1100—1300 millj. kr. að koma upp og að hálfu leyti yrði byggt fyrir alúmíníumverksmiðjuna, og alúmíníumverksmiðjan, sem kostar álíka upphæð, mundu þýða fyrir okkur Íslendinga það, að a. m. k. á fyrstu 10 árunum, eftir að raforkuverinu mikla væri komið upp og alúmíníumverksmiðjunni væri komið upp, yrði um bein gjaldeyrisútgjöld hjá okkur Íslendingum að ræða, við þyrftum að borga meira úr landi en við fengjum inn í gjaldeyri samkv. útreikningum þessara ágætu manna. Þær afborganir, sem við yrðum að standa undir af hinu mikla raforkuveri, og þær vaxtagreiðslur, sem við yrðum að standa undir, næmu á fyrstu árunum hærri fjárhæðum en við fengjum inn fyrir selda raforku. Þar yrði því um beinan halla að ræða. Þetta er auðvitað ekkert nýtt. Þetta er það, sem við eigum að venjast í sambandi við það að koma upp miklum raforkuverum. Þar verður allajafna um nokkurn hallarekstur að ræða fyrstu árin, en svo, þegar fer að líða á starfstímann, þá verða þetta mjög hagstæð fyrirtæki og geta skilað nokkrum ágóða. En hitt er hins vegar alveg rétt, sem sjálfsagt er að komi skýrt fram, að sá hagnaður, sem Íslendingar gera sér vonir um í sambandi við þessar miklu framkvæmdir, liggur í tvennu aðallega. Í fyrsta lagi liggur hann í því, að með því að virkja hina stóru virkjun, sem ekki verður aðeins fyrir þörf Íslendinga, heldur einnig fyrir þörf alúmíníumverksmiðjunnar, er hægt að koma upp raforkuveri fyrir Íslendinga, sem kostar nokkru minni fjárhæð miðað við stærð heldur en þær virkjanir mundu kosta, sem væru ætlaðar Íslendingum einum. Það yrðu mögulelkar á því að framleiða rafmagn í hinu nýja orkuveri, sem væri nokkru ódýrara en það rafmagn yrði, sem framleitt yrði í minna orkuveri. Hér er þó ekki um ýkjaháar upphæðir að ræða, en það vitanlega dregur sig saman í mikilli orkuframleiðslu og það á mörgum árum. Þetta er annað vinningsatriðið, en hitt liggur í því, að þegar þetta mikla raforkuver, sem Íslendingar væru að ráðast í á þennan hátt, hefði starfað t. d. í 25 ár, væri það að mestu leyti búið að borga sig niður og það væri komið a. m. k. niður í mjög lágt stofnverð. En þá er hins vegar talið, að þetta orkuver geti orðið okkur að miklu gagni áfram í næstu 25 ár. Við mundum sem sagt á næstu 25 árunum að langmestu leyti eignast þetta orkuver, og á síðari 25 árunum vitanlega mundi það vera okkur mjög hagstætt fyrirtæki og við mundum græða á því. Þetta er hið sama og gerist með og hefur verið að gerast með öll okkar raforkuver.

Þetta eru þau tvö meginatriði, sem efnahagslega séð eru jákvæð fyrir okkur Íslendinga. En hitt er rangt, að halda því fram, að þó að við réðumst í byggingu þessa mikla orkuvers og heimiluðum útlendingum að byggja hér í sambandi við það umrædda alúmíníumverksmiðju, að það yrði til þess að bjarga okkar gjaldeyrismálum eða fjárhagsmálum almennt á næstu árum. Það yrði þvert á móti til þess að íþyngja hjá okkur. Og það er eins og ég sagði áðan, að jafnvel þó að maður tæki þá upphæð, sem hér var nefnd af einum stóriðjunefndarmanni, að hér gæti verið um að ræða 120 millj. kr. gjaldeyrishagnað, þá vitanlega skiptir það tiltölulega litlu í sambandi við afkomu okkar í heild. Ég býst við því, að þessi tala sé þannig til komin, að raunverulega er verið að breyta því vinnuafli, sem ætlazt er til að við leggjum fram í sambandi við alúmíníumvinnsluna, það er verið að breyta því vinnuafli í gjaldeyri og segja, að það sé hagnaður okkur til handa. En það væri aðeins hagnaður okkur til handa, ef um það væri að ræða, að þetta vinnuafl yrði að liggja ónotað ella. En við höfum nóg að gera fyrir þetta vinnuafl og í ýmsum öðrum greinum, þar sem það mundi skila miklu meiri gjaldeyrisframleiðslu en ef við ráðstöfuðum því á þennan hátt, og það er mergurinn málsins.

Nei, það, sem skiptir því höfuðmáli í þessum efnum, er að gera sér grein fyrir því, að þetta stóra mál, sem hér er um rætt, getur aldrei snúizt út af fyrir sig um þessa alúmíníumverksmiðju eina, sem hér er aðallega rætt um að koma upp. Hún getur engin úrslitaáhrif haft í þessum efnum. En með því að leggja inn á þessa braut er verið að taka „prinsip"-afstöðu í veigamiklu máli, því að það er alveg gefið mál, að á eftir mundu þeir menn koma fram, sem segðu: Hvers vegna ekki að heimila þeim að stækka verksmiðjuna, t. d. að þrefalda afköstin? Hvers vegna ekki að heimila þeim aðrar framkvæmdir, eins og að byggja olíuhreinsunarstöð? Og þeir eru þegar byrjaðir á að nefna hana. Og hvers vegna ekki að heimila þeim ýmsan annan rekstur í landinu? Er alúmíníumframleiðsla eða olíuhreinsun svo sérstaks eðlis, að það eigi að taka slíka framleiðslu alveg út úr og heimila erlendum aðilum að stunda slíkan

atvinnurekstur á Íslandi, en neita þeim um að taka þátt í ýmiss konar annarri framleiðslu? Nei, auðvitað eru engar sérstakar ástæður til þess, nema þá þær einar, að menn segðu: Við viljum ekki heimila erlendu fjármagni að ráða yfir íslenzku atvinnulífi að meiri hluta en sem nemur einni lítilli alúmíníumverksmiðju.

En það er einmitt þetta, sem ræður úrslitum um það að mínum dómi, að hér er um stórkostlega varhugavert mál að ræða, að ætla að ganga inn á þá braut að heimila erlendu auðmagni að komast inn í íslenzkt atvinnulíf. Eins og hér hefur verið bent á af ýmsum, eru auðvitað til mörg dæmi um það úr öðrum löndum, hvaða vandkvæði slíku geta fylgt. Ég ætla aðeins að benda á eitt atriði, af því að ég las um það fyrir ekki löngu í sambandi við stjórnmálaumr., sem þá fóru fram í því tiltölulega auðuga og mikla landi, Kanada, en þá kom í ljós í stjórnmálaumr. þar, að þar töldu forustumenn, að eitt af mestu vandamálum ríkisstj. þar í landi væri bundið við það, að svo væri komið, að stjórnarvöld í Kanada réðu ekki yfir þýðingarmestu þáttum síns atvinnulífs, þeir væru í höndum erlendra aðila, og þar með höfðu stjórnarvöldin þar í landi ekki nema mjög takmarkaða getu til að hafa áhrif á útþenslu og uppbyggingu atvinnuveganna í landinu. Í Kanada eiga menn við að stríða mikið atvinnuleysi, og það er því afgerandi mál þar hjá ríkisstj. landsins að finna leiðir til þess, hvernig á að komast fram hjá þessu mikla atvinnuleysi, hvaða nýjar atvinnugreinar eiga að taka við því fólki, sem bætist við á vinnumarkaðinn hverju sinni. En ef erlendir aðilar, sem stjórnarvöldin þar í landi ráða ekki nema lítið yfir, eru einráðir um það að ráðstafa afrakstri atvinnuveganna, þá vitanlega sjá allir, að stjórnarvöldin hafa takmarkað vald til þess að ráða við slíkt vandamál eins og t. d. mikið atvinnuleysi er, því að það er eðli málanna, að það er atvinnulífið sjálft, sem að meira eða minna leyti leggur fram það stofnfé, sem þarf til áframhaldandi uppbyggingar og útþenslu. Vitanlega mundum við hér geta staðið frammi fyrir sams konar vandamálum, ef svo væri komið, að verulegur hluti af íslenzku atvinnulífi væri upp byggður með þeim hætti, að erlendir aðilar ættu atvinnufyrirtækin og ættu einir ráðstöfunarrétt á þeim hagnaði, sem þar félli til, því að það væri þeirra mál að ákveða það, hvort þeir vildu setja þennan hagnað í nýja uppbyggingu, stækkun eða aukna framleiðslu. Þetta mál snýst því um hvorki meira né minna en efnahagslegt sjálfstæði.

Sumir þeir aðilar, sem vilja halda á lofti, að það sé mikil þörf fyrir okkur Íslendinga að ráðast í svonefnda stóriðju, gera mjög mikið úr þeim auðlindum, sem við Íslendingar eigum í okkar fallvötnum, og það sé alveg nauðsynlegt, fyrst við ekki getum sjálfir virkjað þessar auðlindir okkur til hagsbóta, að gefa erlendum aðilum kost á því að notfæra sér þessar auðlindir. En sannleikurinn er nú sá, að þessar auðlindir okkar, sem vissulega eru dýrmætar, eru þó ekki óþrjótandi, því fer alls fjarri. Og ég vil biðja menn um að athuga það, að þeir okkar vísindamenn, sem bezt vita um þessi mál, hafa bent á, að virkjanlegt vatnsafl á Íslandi með hagstæðu móti er ekki talið meira en svo, að það eigi að endast okkur Íslendingum aðeins í 50 ár, ef vöxturinn hér á landi verður með svipuðum hætti varðandi raforkunotkun og hann hefur verið í háþróuðum iðnaðarlöndum hér í kringum okkur. M. ö. o.: þessi orkulind, sem við eigum að vísu þarna og eigum vitanlega að notfæra okkur, er þó ekki meiri en þetta. Það sýnist ekki vera nein brýn nauðsyn á því að reyna að selja þessar orkulindir úr landi, ekki sízt ef sá böggull skyldi fylgja, sem ég hef hér minnzt á um áhrif erlendra aðila í íslenzku atvinnulífi.

Nei, hitt er mönnum nú að verða miklu ljósara en áður, að það er margt annað en t. d. undirstöðuraforka, sem hefur afgerandi áhrif á þróun efnahagsmálanna í hverju landi. Þetta atriði kom mjög skýrt fram á landsráðstefnu verkfræðinga, sem haldin var hér fyrir rúmum 2 árum, en þá bentu m. a. okkar færustu menn í þessum efnum einmitt á þessa staðreynd, að það hefði sýnt sig, að það hefði alls ekki skipt neinu meginmáli varðandi hin iðnþróuðu lönd, hvort þau áttu við að búa sérstaklega hagstæðar orkulindir frá náttúrunnar hendi eða ekki. Þeir drógu fram staðreyndir eins og þær, að það hefði síður en svo skipt höfuðmáli um iðnþróun í Noregi annars vegar og Hollandi eða Danmörku hins vegar, að Noregur hafði miklu meiri og ódýrari undirstöðuorku en hinar tvær þjóðirnar. Við einstaka framleiðslu hefur þessi undirstöðuorka afgerandi þýðingu, en í miklu fleiri greinum er það annað, sem ræður þarna úrslitum.

Ég held, að bæði þessi atriði, sem ég hef minnzt hér á, og þau, sem aðrir ræðumenn hafa minnzt á í þessum umr. varðandi stóriðjumálin, sýni, að það er full ástæða til þess, að þessi mál fáist rædd á þann hátt, að ríkisstj. liggi ekki á neinum upplýsingum varðandi þessi mál og að hin ýmsu sjónarmið fái að koma fram um það, hvaða leiðir er réttast að velja í þessum efnum, en það sé ekki unnið að málunum með því pukri, sem verið hefur gagnvart Alþingi, og á þann hátt, sem verið hefur gagnvart almenningi í landinu, þar sem hann hefur alls ekki fengið réttar upplýsingar um það, hvað er í raun og veru verið að tefla í sambandi við spurninguna um stóriðju. Það er enginn vafi á því, að margir þeir aðilar, sem hafa hallazt að því að heimila erlendu fjármagni að taka þátt í atvinnulífi hér á landi og hafa hallazt að því, að efnt yrði til stóriðju, þeir hafa gert sér allt aðrar hugmyndir um það, hvað á bak við þetta í raun og veru er, heldur en rétt er.

Það er nú komið allmikið fram yfir venju-

legan fundartíma, og ég skal því láta máli mínu lokið að þessu sinni, en ég vildi að lokum aðeins endurtaka áskorun mína til hæstv. ríkisstj. um það, að hún fallist á, að slík nefnd verði kosin af Alþingi, sem gert er ráð fyrir í þessari till., eða þá að ríkisstj. efni til þess með öðrum hætti, að þingflokkarnir allir fái aðstöðu til þess að fylgjast með öllum undirbúningi þessa mikla máls og að almennar umr. geti farið fram hér á Alþingi um málið, meðan það er á undirbúningsstigi, en að Alþingi verði ekki í raun og veru stillt þarna frammi fyrir gerðum hlut.

Umr. frestað.

Á 9. fundi í Sþ., 6. nóv., var fram haldið fyrri umr. um till.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég er einn af flm. till., sem hér liggur fyrir á þskj. 13, en það er ekki þess vegna, sem ég kvaddi mér hljóðs við umr. í fyrradag, því að hv. 1. flm. till. hefur mælt svo skilmerkilega fyrir henni, að þar þarf ekki neinu við að bæta. En af því að umr. hafa orðið um þetta mál og komið víða við og af því að gagn getur verið af að ræða málið frá ýmsum hliðum og rifja upp ýmislegt, sem gerzt hefur eða ekki gerzt í þessu máli, ætla ég að fara nokkrum orðum um ýmis atriði, sem borið hefur á góma nú eða fyrr.

Á Alþingi 1960 fluttum við 7 þm. að norðan till. til þál. um að undirbúa virkjun Jökulsár á Fjöllum til stóriðju, eins og það var orðað í þskj. Þessi till. hljóðaði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta hraða gerð fullnaðaráætlunar um virkjun Jökulsár á Fjöllum og athugun á hagnýtingu orkunnar til framleiðslu útflutningsvöru og úrræðum til fjáröflunar í því sambandi."

Flm. till. voru samkv. þskj. Gísli Guðmundsson, Jónas G. Rafnar, Karl Kristjánsson, Garðar Halldórsson, Björn Jónsson, Magnús Jónsson og Bjartmar Guðmundsson. Enn einn þáv. hv. þm., Friðjón Skarphéðinsson, landsk. þm., stóð að flutningi till., en vegna fjarveru var nafn hans ekki á þskj. Í framsöguræðu var aðildar hans getið í samráði við hann.

Í grg. þessarar till. var í nokkrum orðum gerð grein fyrir virkjunarmöguleikum Jökulsár á Fjöllum og þess getið samkv. heimildum, að ána mundi mega virkja í tveimur orkuverum, öðru við Dettifoss, hinu við Vígabergsfoss, samtals a. m. k. 300—400 þús. kw. eða 4—5 sinnum meiri orku en fengist úr Soginu fullvirkjuðu. Í grg. þessari, sem við lögðum fram með till., segir enn fremur, með leyfi hæstv. forseta:

„Þótt Jökulsárvirkjun mundi verða öflugur varasjóður fyrir núverandi og fyrrverandi orkuveitur á Norður- og Austurlandi, er flm. till. þessarar ljóst, að í þá virkjun verður naumast ráðizt í náinni framtíð, nema jafnhliða verði komið upp iðjuverum, sem hagnýti orkuna. Þegar hafa verið gerðar ýmsar bráðabirgðaathuganir á því, hvers konar efnaiðnaður helzt kæmi til greina í því sambandi, en þó er eftir að rannsaka þá hlið málsins til hlítar. Það virðist ótvírætt, að slík iðjuver muni kosta miklu stærri fjárhæðir en nokkurt núverandi fyrirtæki hérlendis kostar. Það er mikilvægt að gera sér jafnframt grein fyrir því, hvernig afla skuli fjármagns til þessara miklu framkvæmda. Þótt unnið sé nú að áætlanagerð um virkjun Jökulsár og nokkuð hafi verið hugleitt um iðjuver í sambandi við virkjunina, telja flm. till. þessarar, að hér sé um svo stórfellt hagsmunamál að ræða fyrir byggðirnar í nágrenni væntanlegrar virkjunar og þjóðina í heild, að rétt sé, að Alþingi lýsi þeim vilja sínum, að ríkisstj. leggi allt kapp á að hraða sem mest fullnaðarafgreiðslu málsins."

Ég vil leyfa mér að fara nokkrum orðum um aðdraganda þeirrar hugmyndar, sem þarna var á ferðinni fyrir um það bil 4 árum, því að vissulega átti hún sér aðdraganda. Það var sem sé ekkert nýmæli fyrir 4—5 árum, að til greina kæmi að hefjast handa um virkjun hinna stærri fallvatna hér á landi. Það eru víst nálega 50 ár, síðan farið var að ræða um slíkt hér. Þjóðskáldið mikla, sem átti aldarafmæli fyrir nokkrum dögum, kvað um stóriðjuhugmyndina og einmitt í sambandi við Dettifoss eitt af sínum snjöllustu ljóðum. Og síðustu tvo áratugina, áður en við fluttum okkar till., hefur þessi mál, stórvirkjunar- og stóriðjumál almennt, um möguleika til slíkra framkvæmda hér, víða borið á góma, a. m. k. öðru hverju. Mér er nær að halda, að um það hafi verið meira og minna spjallað í öllum stjórnmálaflokkum utan Alþingis við ýmis tækifæri. En a. m. k. einn af stjórnmálaflokkunum gerðist til þess að reifa þetta mál formlega á Alþingi fyrir 18 árum. Sá flokkur var Sósfl., sem þá var meðal þingflokka hér, og aðalformælandi hans í því máli þá var hv. núv. 3. þm. Reykv., Einar Olgeirsson.

Haustið 1946 var stjórnarkreppa hér á landi. Þá var nýsköpunarstjórnin, sem svo var nefnd, í þann veginn að hætta störfum, og þá fóru fram viðræður milli stjórnmálaflokkanna um möguleika á því að koma upp nýrri stjórn. Í sambandi við þær umræður lagði Sósfl. fram hinn 6. nóv. 1946 svo hljóðandi till., með leyfi hæstv. forseta:

„Undirbúningur með hvers konar rannsóknum sé hafinn til þess að geta komið upp hér á landi á næsta áratug stóriðju, sem fyrst og fremst byggist á ódýrri raforku og vinnu úr innlendum hráefnum, sem nú þegar eru fundin eða finnast kunna við rannsóknir, og úr erlendum hráefnum, sem borga mundi sig að flytja inn. Skulu sérstaklega rannsökuð virkjunarskilyrði Þjórsár og fjárhagslegur möguleiki á mjög stóru orkuveri."

Árið eftir eða 1947 var lagt fram á Alþingi frv. um fjárhagsráð, og varð það síðar að lögum. Einar Olgeirsson, hv. núv. 3. þm. Reykv., lagði þá fram fyrir hönd flokks síns

ýmsar brtt. við þetta frv., og fólst í þeim m. a., að í l. skyldi standa, að fjárhagsráði væri falið að „undirbúa sem aðalverkefni sitt uppkomu stóriðju í landinu á grundvelli ódýrrar raforku, og skal því leggja höfuðáherzlu á að láta fram fara nauðsynlegar undirbúningsrannsóknir og tilraunir, til þess að hægt verði á árabilinu 1950—55 að reisa slík raforkuver, er geti framleitt orkuna sem ódýrast og svo mikla, að hún nægi jafnt til sköpunar stóriðju hér sem rekstrar vel rekins landbúnaðar og fiskiðju."

6 árum síðar eða á Alþingi 1953 flutti svo þessi sami hv. þm. af hálfu flokks síns á þskj. 230 frv. til l. „um ný raforkuver og fleiri ráðstafanir í raforkumálum". Samkv. 6.—8. gr. þessa frv. skyldi lagt fyrir raforkumálastjórnina að undirbúa stórvirkjun við Þjórsá eða Hvítá í Árnessýslu og athuga stórvirkjunarmöguleika við Blöndu og Vatnsdalsá. Síðan segir í 9. gr. frv.: „Samtímis undirbúningi að stórvirkjun í þessum ám skal raforkumálastjórnin í samráði við raforkuráð ríkisins framkvæma rannsóknir á því, hverjum greinum stóriðju sé vænlegast að koma upp. Sérstaklega skal rannsaka möguleika á því að vinna alúmíníumoxyd úr bauxit við jarðhita og síðan hreinan alúmíníummálm úr alúmíníumoxyd með raforku."

Í grg. þessa frv. segir svo, sbr. bls. 500 í A-deild Alþingistíðinda 1953:

„Sósfl. hefur löngum einn allra stjórnmálaflokka á Íslandi brýnt það fyrir þjóðinni, að til þess að geta bætt lífsafkomu sína að staðaldri þurfi hún að hagnýta þær miklu auðlindir, sem hún á í fossum sínum, og nota þær þá m. a. til þess að koma upp stóriðju í landinu."

Síðar í grg. segir svo: „Stórvirkjun í Þjórsá — sem og í Blöndu — verður að miðast við framleiðslu til útflutnings að miklu leyti, þótt hún hljóti auðvitað að efla alla þá atvinnuvegi íslenzka, sem fyrir eru. Þess vegna er nauðsynlegt, samtímis því sem hafinn er undirbúningur að virkjun Þjórsár, að hefja ýtarlegar rannsóknir á því, hvaða stóriðju kæmi fyrst og fremst til greina að reka með raforku Þjórsár. Ef íslenzk stóriðja á að geta keppt á alþjóðamarkaði, verður hún að vera í eins stórum stíl og stóriðja stórþjóða. Af því leiðir, að að líkindum verður að einbeita sér að einni tegund stóriðju, þótt margs konar smærri iðja fylgi í kjölfarið." Og enn segir í þessari grg. frá 1953: „Stóriðja á grundvelli ódýrrar raforku er raunhæft framtíðarmarkmið fyrir Íslendinga, sem þegar þarf að fara að gera að veruleika. Það er lífsnauðsyn til þess að skapa jafnvægi í atvinnulífi okkar og draga úr áhættum þess."

Ég hef lesið þessi tilvitnuðu ummæli úr Alþingistíðindum frá Sósfl. og núv. hv. 3. þm. Reykv. vegna þess, að þau komu fram á þskj. á Alþingi á þessum tíma, fyrir meira en áratug, þegar aðrir höfðu enn eigi, svo að ég muni, gert neitt til þess að reifa málin á þennan hátt á þessum vettvangi. En eins og ég sagði áðan, voru þessi stóriðju- og stórvirkjunarmál í þann tíð víðar á döfinni en hjá Sósfl., þótt aðrir færu hægar í sakirnar. Allt þetta var okkur að sjálfsögðu kunnugt fyrir 4 árum og þá jafnframt hitt, að við Jökulsá á Fjöllum höfðu þá þegar farið fram allmiklar rannsóknir á virkjunarskilyrðum. Hinn 6. maí 1960 eða nokkru áður hafði raforkumálastjóri að gefnu tilefni ritað fjvn. Alþingis um þetta efni á þessa leið:

„Um nokkur undanfarin ár," segir raforkumálastjóri þar, árið 1960, „hefur verið unnið að rannsóknum og áætlanagerðum um virkjun Dettifoss og Vigabergsfoss í Jökulsá. Áætlanagerð þessi var unnin með það fyrir augum að fá nægilega ábyggilega vitneskju um kostnaðarverð raforku frá stórvirkjun hér á landi til að draga af ályktanir um skilyrði til rekstrar orkufrekrar stóriðju. Fyrsta áfanga þessarar áætlunargerðar er lokið og talið, að hann hafi leitt í ljós, að úr Jökulsá megi vinna raforku á svipuðu kostnaðarverði og stóriðjuver, svo sem alúmíníumverksmiðjur, greiða fyrir orkuna víða erlendis. Hins vegar er eftir að athuga, hversu mikið afl eða ársorku megi fá úr ánni á svo lágu verði."

Þetta voru ummæli raforkumálastjóra í bréfi til fjvn. hinn 6. maí 1960 um þær undirbúningsrannsóknir, sem þá höfðu verið gerðar við Jökulsá og lágu fyrir, áður en við fluttum okkar till. þá. Till. okkar norðanmanna um Jökulsá var samþ. óbreytt að efni og orðalagi sem ályktun Alþingis 22. marz 1961 með shlj. atkv. alþm. Á því gat varla leikið vafi, hvað í henni fólst, sem sagt yfirlýstur vilji Alþingis um það, að næsta verkefni á þessu sviði ætti að vera að fullgera Jökulsárárásætlunina og kanna til hlítar möguleika á notkun hennar til einhvers konar vöruframleiðslu til útflutnings. Og þetta var á margan hátt eðlileg ákvörðun Alþingis á þeim tíma, því að rannsóknir á virkjunarmöguleikum í Jökulsá voru lengra komnar en annars staðar og árangurinn sá, sem raforkumálastjóri lýsti í bréfi sínu til fjvn. vorið 1960. Það hlutu auðvitað frá almennu sjónarmiði að vera skynsamleg vinnubrögð að ljúka þessu verki, þar sem það þegar var svo vel á veg komið og hafði borið slíkan árangur, áður en lengra væri farið.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að jökulvötn eru mörg á þessu landi. Það getur vafizt fyrir sumum að muna nöfn þeirra allra, t. d. við próf, og að finna þau á landabréfinu. En af því er skemmst að segja, að hæstv. ríkisstj. fann ekki Jökulsá á Fjöllum, a. m. k. ekki á því herrans ári 1961. Hún hóf að sönnu stórvirkjunarrannsóknir á jökulvatni, en ekki því jökulvatni, sem ályktun Alþingis fjallaði um, heldur öðru, — þar sem undirbúningsrannsókn þá var miklu skemmra á veg komið, — hér sunnan fjalla. Auðvitað var sú rannsókn mikilsverð. En eins og eðlilegt var, þótti mörgum Norðlendingum og Austfirðingum, sem áhuga höfðu á fram-

kvæmd ályktunar Alþingis frá 22. marz 1961, þetta næsta einkennileg framkvæmd á þingvilja, að byrja á því að fara að rannsaka allt annað fallvatn en ályktun Alþingis, sem samþ. hafði verið einróma, fjallaði um. Nú leið svo árið 1961. En þegar kom fram á vetur, tóku Norðlendingar og Austfirðingar að halda fundi um þetta mál og láta á sér skilja óánægju út af því, að þannig hefði verið á málum haldið. Fundur um þetta efni var haldinn í Húsavíkurkaupstað hinn 11. apríl 1962, þar sem mættir voru fulltrúar sveitarstjórna í báðum Þingeyjarsýslum og gerðu ályktun og áskoranir um þetta mál, að farið yrði að ályktun Alþingis. Hinn 19. febr. 1962 var fundur í Bændafélagi Fljótsdalshéraðs haldinn í Egilsstaðakauptúni. Þessi fundur samþykkti m. a. svo hljóðandi ályktun:

„Fundurinn telur það afgerandi nauðsyn fyrir fólk í öllum byggðum Norður- og Austurlands, að Jökulsá á Fjöllum verði valin til næstu stórvirkjunar í landinu, ef til þess kemur. Telur fundurinn, að atvinna og stóriðnaður, sem fylgir slíkum framkvæmdum, mundi öðru fremur jafna aðstöðuna í byggðum landsins og mundi flestu öðru fremur vinna á móti þeirri þróun, sem alþjóð hefur viðurkennt að sé óheppileg, að meiri hluti þjóðarinnar safnist í eitt horn landsins, þar sem ein stórvirkjun enn á Suðurlandi mundi örva þá þróun. Fyrir því skorar fundurinn á alla þm. kjördæmanna á Norður- og Austurlandi að vinna að því að skapa órjúfandi samstöðu fólksins á þessu svæði til að standa vörð um þetta réttlætis- og hagsmunamál. Í þessu sambandi vill fundurinn benda á sem heppilega leið til að ná samstöðu í málinu, að komið verði á fulltrúafundi sveitarfélaga á þessu svæði til þess að samræma sjónarmiðin, og beinir því til þm., að þeir gangist fyrir því, að slíkur fundur verði haldinn."

Ég get þessa fundar sérstaklega, sem haldinn var á Austurlandi, og les ályktun hans vegna þess, að hún varð til þess að koma nýrri hreyfingu á þetta mál. Fundurinn beindi máli sínu til þm. Norðlendinga og Austfirðinga og til sveitarfélaganna og fór fram á, að þm. á Norður- og Austurlandi beittu sér fyrir fulltrúafundi um þetta mál til þess að knýja það fram, að ályktun Alþingis frá 1961 yrði framkvæmd.

Þessi samþykkt mun hafa orðið til þess, að hinn 17. apríl 1962 var haldinn í alþingishúsinu í Reykjavík fundur alþm. úr kjördæmum Norður- og Austurlands. En niðurstaða þessa fundar varð sú, að samþ. var með atkv. allra alþm., er fundinn sátu, að boða skyldi til fulltrúafundar í júní- eða júlímánuði 1962, þannig að til fundar yrðu kvaddir 3—5 fulltrúar frá hverju sýslu- og bæjarfélagi á Norður- og Austurlandi. Á þessum fundi var kosin undirbúningsnefnd og henni falið að ákveða nánar fundartíma, fundarstað og fleira og boða til fundarins. Ég vil geta þess, að það mun hafa gerzt um svipað leyti og þessi þingmannafundur var haldinn, — en þm. þeir, sem að honum stóðu og þar mættu, a. m. k. flestir, munu hafa verið um 20, — að þá eða litlu síðar rituðu þeir þm., sem staðið höfðu að þál. frá 1961, bréf til raforkumálaráðh., þar sem segir svo:

„Þar sem fyrir liggur yfirlýsing um vilja Alþingis um það málefni, sem hér er um að ræða, treystum vér því, að það verði látið sitja í fyrirrúmi, þegar undirbúningsframkvæmdir í stórvirkjunarmálum verða skipulagðar af hálfu ríkisstj."

Þessi fundur, sem þm. Norðlendinga og Austfirðinga boðuðu til, var haldinn á Akureyri hinn 8. júlí 1962 og var mjög fjölmennur, sóttur víða að af alþm. Norðlendinga og Austfirðinga og fulltrúum sýslunefnda og bæjarstjórna í þessum landshlutum. Sá fundur samþykkti svo hljóðandi ályktun um þessi mál:

„Fundur fulltrúa frá sýslunefndum og bæjarstjórnum frá Norður- og Austurlandi, þar sem einnig eru mættir alþm. þessara landsfjórðunga, haldinn á Akureyri 8. júlí 1962, lýsir yfir því, að hann treystir því og leggur á það ríka áherzlu, að framkvæmdur verði á þessu ári yfirlýstur vilji Alþingis samkv. þál. 22. marz 1961, þar sem skorað var á ríkisstj. að láta hraða gerð fullnaðaráætlunar um virkjun Jökulsár á Fjöllum og athugun á hagnýtingu orkunnar til framleiðslu á útflutningsvöru og úrræðum til fjáröflunar í því sambandi. Krefst fundurinn þess, að framkvæmd þingviljans, sem kemur fram í þál., verði látin sitja fyrir undirbúningsathugunum annars staðar af sama tagi, enda verði ekki tekin ákvörðun um staðsetningu stórvirkjunar í landinu, fyrr en þessar áætlanir eru fullgerðar.

Enn fremur leggur fundurinn ríka áherzlu á eftirfarandi: Að það er þjóðarnauðsyn að beizla sem fyrst fallvötn landsins til eflingar útflutningsframleiðslu þjóðarinnar. Að það er hagsmunamál allrar þjóðarinnar, að hugsanleg stóriðjuver leiði ekki til enn meira ósamræmis í atvinnu- og framleiðsluaðstöðu einstakra landshluta, heldur verði til þess að jafna aðstöðu þeirra. Jafnframt telur fundurinn nauðsynlegt, að fram fari ýtarleg og sérfræðileg athugun á því, hver áhrif slík stórvirkjun og stóriðja tengd henni mundi hafa á þróun þeirra atvinnuvega, sem fyrir eru í landinu. Að virkjun Jökulsár á Fjöllum og bygging iðjuvers til hagnýtingar þeirrar orku er í senn hin mikilvægasta ráðstöfun til atvinnu- og framleiðsluaukningar í landinu og áhrifamikið úrræði til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Að virkjun Jökulsár mundi jafnframt fullnægja raforkuþörf Norðurlands og Austurlands og vera ómetanleg lyftistöng fyrir ýmiss konar iðnað og framleiðslu, sem þarfnast raforku. Að bráðabirgðarannsóknir hafa ótvírætt bent til þess, að umrædd virkjun geti veitt raforku til stóriðju á samkeppnisfæru verði. Að jafnframt stóriðju kemur til greina útflutningur á raf-

orku byggður á stórvirkjun Jökulsár á Fjöllum.

Fundurinn skorar á Alþingi og ríkisstj. að taka til greina í þessu stórmáli rök þau, er fram koma í ályktun þessari. Samhliða heitir fundurinn á fólk allt á Norður- og Austurlandi að mynda órjúfandi samstöðu í þessu máli og fylgja því fram til sigurs með fullri einurð og atorku. Fundurinn ákveður að fela bæjarstjóra Akureyrar og sýslumanni Þingeyjarsýslu að vinna með undirbúningsnefnd fundarins að framkvæmd þessarar ályktunar."

Þetta var sú ályktun, sem Akureyrarfundurinn um Jökulsármálið samþ. hinn 8. júlí 1962, þar sem mættir voru fulltrúar bæjarstjórnanna og sýslunefndanna á Norður- og Austurlandi ásamt alþm. þessara landsfjórðunga.

Þá var það eftir öll þessi fundahöld eða líklega snemma sumars þetta ár, sem hæstv. ríkisstj. tókst að finna Jökulsá á Fjöllum, ef svo mætti segja, og þá hófust þar einnig rannsóknir. En í rannsóknirnar hér syðra hefur verið varið miklu meira fé.

Þetta ár, 1962, snemma á því ári, mun það líklega einnig hafa verið, sem hæstv. ríkisstj. skipaði svokallaða stóriðjunefnd, en þó má vera, að það hafi verið eitthvað fyrr, því að af þeirri n. fóru litlar sögur. Það var, eins og hér var sagt í gær, ekkert tilkynnt um skipun hennar, svo að ég muni, þegar hún var skipuð af ríkisstj. En það varð vart við þessa n. á Akureyrarfundinum í júlí, því að formaður hennar mætti á þeim fundi ásamt raforkumálastjóra og þeir fluttu þar allýtarleg erindi, sem fjölluðu um rannsóknir þær, sem farið höfðu fram við Jökulsá fyrir löngu, og hinar nýju rannsóknir í Þjórsá. Og á þessum fundi voru af hálfu þessara aðila birtar ýmsar tölur, samanburðartölur um kostnað við byggingu raforkuvera og raforkuframleiðslu, sem fundarmönnum skildist að ættu að sýna, að það væri eitthvað ódýrara pr. kwst. að virkja við Þjórsá en við Jökulsá. En öllum var það kunnugt þá, að við Jökulsá hafði engin ný rannsókn farið fram á því stigi málsins og að rannsóknirnar við Þjórsá mundi hvergi nærri lokið, enda hefur það sýnt sig, að sú rannsókn hefur staðið yfir síðan til þessa dags, og stendur sennilega yfir enn. Menn þóttust á fundinum finna það á því, sem þessir ágætu starfsmenn ríkisstj. sögðu, að hugur stjórnarvalda stæði til Þjórsárvirkjunar, en ekki til Jökulsárvirkjunar, en að öðru leyti skal það, sem fram kom á þeim fundi, ekki rætt hér.

Svo gerðist það síðar á sama ári á Alþingi, að hv. 1. þm. Norðurl. e. og tveir aðrir flm. till. frá 1961 lögðu fram fyrirspurn til ríkisstj. um það, hvað þessu máli liði. Sú fsp. var í beinu framhaldi af því, sem samþ. hafði verið á Akureyrarfundinum. Það var verið að inna eftir því, hverjar undirtektir hefðu orðið og væru undir þann fundarvilja, sem þar kom fram. Hæstv. raforkumálaráðh. svaraði þessari fsp. 21. nóv. 1962. Mikið af því svari hæstv. ráðh. fjallaði almennt um virkjunarrannsóknir, sem gerðar hefðu verið hér og þar og einkum við Þjórsá, en nokkuð um stóriðjumöguleika og staðsetningu stóriðjufyrirtækis. Hann upplýsti það þá, hæstv. ráðh., að búið væri að verja þá, haustið 1962, til hinna nýju rannsókna í Þjórsá við Búrfell nærri 18 millj. kr., en við Dettifoss 4 millj. þá um sumarið. En varðandi Jökulsárvirkjun fórust hæstv. ráðh. orð m. a. á þessa leið:

„Það er langt síðan Jökulsá á Fjöllum varð fyrir augum manna sem heppilegt vatnsfall til stórvirkjana á íslenzkan mælikvarða. Þetta er mikið vatnsfall, og vatnsrennslið er jafnara allt árið um kring en í flestum öðrum jökulám eða dragám landsins. En augljóslega er það þó fallið kringum Dettifoss, sem bezt liggur við til virkjunar. Allra fyrstu mælingar fyrir virkjun Dettifoss voru framkvæmdar þegar á árunum 1915—20. Kringum 1955 gerði Sigurður Thoroddsen á vegum raforkumálaskrifstofunnar áætlun um fullvirkjun Jökulsár og taldi þá, að aðalfalli árinnar yrði að skipta í tvennt: fall frá Selfossbrún niður fyrir Hafragilsfoss annars vegar og hins vegar það, sem þá var eftir, allt niður fyrir eða niður að Löndum í Axarfirði. Smávirkjun væri þó auk þess hægt að gera upp við Möðrudal. Sigurður miðaði áætlun sína við mjög háa stíflu og á þann hátt fulla miðlun og taldi, að virkja mætti í ánni ½ millj. kw. og vinna í þeim stöðvum um 4 millj. kwst. á ári, meðalári. Árið 1957 var svo að tilhlutun þáv. raforkumrh. leitað til ameríska firmans Harza Engineering Co. til að fá þá til að gera nánari áætlun um virkjun Jökulsár í samvinnu við íslenzka verkfræðinga með það fyrir augum að ákveða með meiri nákvæmni en enn hafði fengizt, á hvaða verði unnt væri að bjóða stóriðju raforku úr Jökulsárvirkjun eða úr svipuðum stórvirkjunum hérlendis. Til að fá fram örugga áætlun á skömmum tíma var það ráð tekið að áætla í fyrstu virkjunartilhögun, sem ekki byggist á háum stíflum og mikilli miðlun, heldur væri miðað við minnsta rennsli árinnar eða lítið eitt þar fram yfir. Þá væri hægt að komast af með lægri og mun ódýrari stíflur og í bili hægt að komast hjá tímafrekum rannsóknum, sem gera þyrfti, ef áætlun fylgdu stórar vatnsuppistöður, sem breiddu sig yfir mikið landflæmi. Með því að hafa samvinnu við þetta heimsþekkta verkfræðifirma vannst það, að erlendir bankar, svo og erlend iðjufyrirtæki, mundu treysta tölum áætlunar, en hætt við, að þessir aðilar mundu ekki vilja láta sér nægja áætlanir gerðar af íslenzkum verkfræðingum einum. Niðurstöður þessara áætlana voru þær, að á þennan hátt mátti fá úr Dettifossfallinu rúmlega 100 þús. kw. og álíka mikið í neðri hluta fallsins. Virkjunarkostnaður við Dettifoss var mjög lágur og orka þeirrar virkjunar því mjög ódýr, en virkjun neðri hluta fallsins, þar sem vegalengd vatnsvega var mörgum sinnum meiri en

upp frá, var miklu dýrari og orkan til muna dýrari."

Þetta var það, sem að hæstv. raforkumrh. upplýsti þá sem svar við þessari fsp. varðandi Jökulsá á Fjöllum, og var það í raun og veru lítið fram yfir það, sem kunnugt var fyrir af hinum fyrri rannsóknum þar.

Á síðasta þingi gaf hæstv. iðnmrh. skýrslu um þessi mál að gefnu tilefni, fsp., sem fram var lögð, mig minnir af hv. 3. þm. Reykv. Þar kom það fram í skýrslu hæstv. iðnmrh., að uppi væri hugmynd um að virkja Þjórsá og leggja línu norður yfir fjöll til alúmíníumverksmiðju við Eyjafjörð. Engin ákvörðun væri þó um það tekin, sagði ráðh., og yfirleitt engin ákvörðun um það, hvort í stórvirkjun yrði ráðizt og þá hvar henni yrði valinn staður. En það var einmitt í tilefni af þessari skýrslu hæstv. iðnmrh., sem sú till., sem hér liggur fyrir, var í öndverðu flutt, sú sem nú hefur verið endurflutt og liggur fyrir um kosningu 7 manna n. frá hinu háa Alþingi til að kynna sér niðurstöður þeirra rannsókna á stórvirkjunarmöguleikum hér á landi, sem fram hafa farið á vegum raforkumálaskrifstofunnar, svo og athugana stóriðjunefndar á möguleikum til stóriðju.

Eftir að umr. fóru fram hér á Alþingi um þessa skýrslu, mun það hafa gerzt, líklega í vor, að hæstv. ríkisstj. skipaði tvær nýjar n. enn til viðbótar stóriðjunefnd. Um þetta hefur ekki verið tilkynnt, svo að ég viti, fremur en um stóriðjunefndina á sínum tíma. Allar þessar n. hæstv. ríkisstj. eru það, sem kalla mætti huldunefndir, þ. e. menn vita, að þær eru til, en það hefur ekkert verið frá þeim sagt. En önnur n. er, eftir því sem frétzt hefur, 4 manna n. og er kölluð tækninefnd, — ég skal taka það fram, að ég hef ekki séð nein gögn um þetta opinberlega birt, en ég hef spurnir af því, að skipun n. muni vera á þessa leið, sem ég nú nefni, — önnur n. mun vera þessi 4 manna tækninefnd, og það hefur frétzt, að henni hafi verið falið að gera till. um, á hvern hátt haganlegast yrði leyst úr raforkuþörf Norðurlands og þá líklega Austurlands líka, ef Þjórsá yrði virkjuð við Búrfell og alúmíníumverksmiðja byggð hér í nánd við Reykjavík eða á því svæði, sem nú er kallað Stór-Reykjavík. Hin n. er sögð vera 10 eða 11 manna n. Ég hef ekki fengið glöggar fréttir, hvort heldur er, en hún er allfjölmenn, og það hef ég heyrt, að þeirri n. sé ætlað að gera till. um einhvers konar samvinnu milli raforkufyrirtækja, sem nú eru starfandi, Sogsvirkjunar og Laxárvirkjunar, og ríkisins, — samvinnu þessara aðila í sambandi við hugsanlega stórvirkjun. Enn þá er þó allt nokkuð á huldu um hug stjórnarvalda í þessu máli. Síðast nú í fyrradag sagði hæstv. iðnmrh., sem ræddi þá till., sem hér liggur fyrir, að athuganir væru ekki taldar vera komnar það langt, að ástæða sé til að gefa upplýsingar, en hann sagði, að það mundi ekki dragast lengi að gefa slíka skýrslu. Það ríkir sem sé mikil leynd á því, sem gert er í þessum málum, og meðferð þeirra er sú, að hún er öll á vegum hæstv. ríkisstj. og að yfir henni hvílir meiri leynd en æskilegt væri.

Þetta, sem ég nú hef sagt, er reyndar orðið nokkuð langt. En ég tel gagnlegt að rifja upp ýmis gögn í þessu máli, sem fram hafa komið nú síðustu árin. Þetta, sem ég hef sagt, er upprifjun til athugunar og minnis. En áður en ég lýk máli mínu, vil ég fara nokkrum orðum um þessi mál almennt eða fáein atriði varðandi þessi mál, eins og þau horfa við frá mínu sjónarmiði persónulega.

Mér finnst þetta stórvirkjunarmál ekki vera komið á ákvörðunarstig. Ég hef litið svo á, að stórvirkjunar- og stóriðjumálunum annars vegar og hins vegar aðkallandi framkvæmdum til að bæta úr rafmagnsskorti á Suðvesturlandi hafi verið óþarflega mikið blandað saman undanfarin ár. Mér þykir það ekki ólíklegt, að nauðsynlegt geti reynzt að bæta með sérstökum og minni vatnsvirkjunarframkvæmdum bæði á Norður- og Suðvesturlandi úr rafmagnsskortinum, áður en ákvörðun verður tekin um stórvirkjun. Ég segi, að mér þykir það ekki ólíklegt, að það geti reynzt svo. Ef hægt er að sameina þetta hvort tveggja, svo að viðunandi sé, þá er það vel. Og hugmyndin um orkulínu suður eða norður yfir fjöll er vissulega athyglisverð, ef hún er í alvöru fram sett. En mér finnst það undarlegt, sem nú liggur í loftinu, en ekkert hefur verið tilkynnt um, að nú sé það ef til vill efst á baugi að virkja Þjórsá til almennra nota fyrir Suðvesturland og til að reisa alúmíníumverksmiðju hér í nágrenni Reykjavíkur, en koma upp gastúrbínustöðvum fyrir Norðlendinga og Austfirðinga.

Við, sem stóðum að till. um virkjun Jökulsár á Fjöllum og höfum haft vilja til að ýta því máli fram eða einhvers konar stórvirkjun á Norðurlandi af heilum hug, höfum ekki gert þá kröfu, að sú framkvæmd yrði hafin nú þegar eða á tilteknum tíma. Við höfum hins vegar lagt áherzlu á, alveg eins og bændafundurinn á Egilsstöðum gerði á sínum tíma og ýmsir fundir á Norðurlandi, að hún yrði fyrsta stórvirkjunin, sem ráðizt yrði í með orkufrekan iðnað fyrir augum, ef að því yrði horfið. Ég lít svo á, að nauðsynleg rannsókn því til undirbúnings hafi enn ekki farið fram. Í því sambandi eigi að athuga til hlítar þær tegundir iðnrekstrar, sem til greina koma, og ég held, að notkun raforku til hitunar á stóriðjuveri eigi einnig að koma til athugunar. Viðhlítandi undirbúningsrannsókn vegna staðsetningar hugsanlegs iðjuvers eða iðjuvera hefur ekki heldur farið fram, svo að mér sé kunnugt, t. d. athugun hafnarskilyrða á austanverðu Norðurlandi. Ég minnist þess, að þegar hæstv. raforkumrh. svaraði fsp. 1962, í nóv. þá, sagði hann um þetta atriði, þ. e. a. s. um athugun hafnarskilyrða fyrir verksmiðju, þá sagði hann m. a. þetta um Norðurland:

„Norðanlands er í rauninni meira vafamál, hvar staðsetja ætti alúmíníumverksmiðju, og hefur í því sambandi augum verið rennt yfir

land- og sjókort allt frá Eyjafirði og austur á Seyðisfjörð og dregnar fram þær upplýsingar, sem fyrir hendi eru og hægt var að afla á þessum tíma um hafnarskilyrði á þessari strandlengju landsins."

Þessi rannsókn á hafnarskilyrðum á Norðurlandi fyrir slíkt fyrirtæki var þá ákaflega lausleg, eins og þessi ummæli ráðh. benda til, og mér er nær að halda, að hún sé það enn, það hefur víst lítið verið gert í því efni síðar.

Ég vil minnast jafnframt á það, sem síðar er fram komið í þessu máli, þar sem eru virkjunarmöguleikarnir í Laxá í Þingeyjarsýslu, að viðbættum þverám Skjálfandafljóts, sem ráðgert hefur verið að veita þangað vestur, en um þessa möguleika komu fram ýtarlegar skýrslur og verkfræðilegar einmitt nú á þessu ári. Ég vil segja það, að ég mundi telja, að það væri full ástæða til þess að athuga það mál gaumgæfilega, áður en ákvarðanir yrðu teknar um stórvirkjun. Til þess þarf auðvitað nokkurn tíma. Það getur að vísu verið, að eitthvað meira hafi verið rannsakað á þessu sviði en almennt er kunnugt, þótt skýrsla ráðh. hér á Alþingi í fyrradag bendi ekki til þess sérstaklega. Og einmitt í því sambandi er ástæða til að vekja enn einu sinni athygli á því, hve óheppileg sú leynd er, sem hvílt hefur yfir meðferð þessa máls í nefndum hæstv. ríkisstj. Sú leynd er, held ég, engum að gagni. Margs konar lausafregnir berast út um eitt og annað, sem fram hefur komið í sambandi við þessar rannsóknir sérfræðinga og nefnda, sem hvorki er staðfest né borið til baka, t. d., svo að maður nefni dæmi, um virkjunarskilyrðin við Þjórsá og Búrfell, hvernig þau séu, og örðugleika, sem komið hafi fram í sambandi við athugun þess máls, að útlendir aðilar, sem ríkisstj. hefur leitað eftir aðstoð hjá, séu ekki sammála um það, hvernig virkjunarskilyrði séu eða hvernig bezt sé að leysa virkjun Þjórsár o. s. frv. Ég gæti útskýrt þetta nokkru nánar, sem ég hér er að minnast á, en tel ekki ástæðu til þess að gera það, því að mér þykir líklegt, að hæstv. ríkisstj. fallist á, að kosin verði sú nefnd, sem till. fer fram á, og þá koma slíkar upplýsingar að sjálfsögðu fram í n. En hitt er annað mál, að ef sú nefnd verður ekki skipuð eða kosin, þá verða menn að sjálfsögðu hér á hinu háa Alþingi að reyna eftir þinglegum leiðum að afla sér upplýsinga um atriði í sambandi við þessi mál, sem eðlilegt væri að fá á annan hátt á vettvangi nefndar, þar sem alþm. hafa aðstöðu til að fylgjast með.

Ég vil enn einu sinni taka undir það, sem ýmsir aðrir hafa sagt, að ef ráðizt verður í stórvirkjun hér á landi með iðjuver eða slíkt fyrir augum, ætti byggðajafnvægið milli landshlutanna að ráða mestu um staðsetningu slíkra framkvæmda. Ég tel, að það væri stórslys í skipulagsmálum landsbyggðar að láta þetta sjónarmið gleymast. Það er hárrétt, sem hv. 1. flm. þessarar till. sagði í fyrradag, þegar hann spurði eitthvað á þessa leið: Hvenær á að kryfja jafnvægismálin til mergjar, ef ekki í sambandi við stórvirkjun og stórfellda iðnaðarbyltingu? Undir þau orð vil ég taka. Og ég vil bæta við: Afstaðan til staðsetningar stóriðjufyrirtækis, ef til kemur, mun sýna, hver alvara mönnum er, þegar þeir tala um nauðsyn jafnvægis í byggð landsins, hve djúpt sú alvara stendur, þegar á reynir. Það mun sýna sig, að slíkt atvinnufyrirtæki hefur aðdráttarafl, jafnvel meira en mannfjöldinn, sem við það mundi vinna, bendir til, að það verður m. a. miðstöð verkfróðra og tæknimenntaðra manna, þar sem það verður staðsett.

Í sambandi við stofnsetningu orkufreks iðnaðar eða stóriðnaðar hér á landi er nú margt spjallað hér innan þings og utan um hættu af útlendu fjármagni, að fremur beri að efla hina fornu undirstöðuatvinnuvegi, að iðjuver mundi veita of mörgum — eða of fáum — mönnum atvinnu o. s. frv. Ég held, að málið liggi ekki þannig fyrir, að ástæða sé til að spyrja t. d., hvort við eigum heldur að efla sjávarútveg eða stóriðnað eða hvort heldur landbúnað eða stóriðnað t. d. Það er nefnilega ekki svo nú, að svo að segja öll þjóðin stundi þessa tvo gömlu undirstöðuatvinnuvegi. Landbúnað, fiskveiðar og fiskverkun stunda nú um þessar mundir samtals, allar þessar þrjár atvinnugreinar, að ég ætla, rúmlega 30% af þjóðinni. Síðustu tölur um landbúnaðinn, sem eru líklega 2—3 ára gamlar, sögðu, að um 17% af þjóðinni lifði á landbúnaði, það mun vera færra nú. Og þeir, sem vinna við fiskveiðar og fiskverkun, virðast ekki vera mjög miklu fleiri samtals en þeir, sem að landbúnaði vinna. Nálægt 70% af þjóðinni vinna þá að einhverju öðru en þessum undirstöðuatvinnuvegum okkar. Hér hefur sem sé orðið ákaflega mikil breyting á frá því, sem var fyrir nokkrum áratugum. Fólkið hefur, ég verð að segja: því miður, horfið í stríðum straumum frá undirstöðuatvinnuvegunum, að vísu mjög margt af því til annarra þarflegra atvinnugreina, en þó misjafnlega þarflegra.

Við eigum auðvitað að efla sjávarútveginn eins og unnt er og landbúnaðinn líka, annað kemur ekki til mála að mínum dómi og sjálfsagt margra. En þjóðinni fjölgar, að því er virðist, ef fjölgunin verður svipuð framvegis og hún hefur verið undanfarið, um 100 þús. manns á næstu 23 árum, 54% Við gerum víst ekki ráð fyrir, að þetta fólk fari allt í búskap og á fiskiskipin eða í frystihúsin. Onei, það þarf víst fleira að koma til.

Ég hef ekki, — það er annað mál, — en ég hef ekki nein gögn fyrir því, sem ég tek gild, að það sé fullreynt, að ekki sé hægt að koma hér upp stóriðjuveri af einhverju tagi nema með beinni útlendri fjárfestingu. Ef slíkt liggur fyrir, býst ég við, að íslenzkir alþm. verði að vera menn til þess að meta, hvort það, sem koma skal, sé þess virði og á þann hátt gert, að framtíð Íslands og sjálfstæði sé ávinningur að því, að áhættan sé tekin. Það

er nú víst svo, að án nokkurrar áhættu er ekki hægt að lifa þessu lífi, hvorki fyrir menn né þjóðir. En áhættan verður helzt að vera þess virði, að hún sé tekin.

Ég verð að segja það eins og það er, að ég hef alltaf tekið það trúanlegt, að orkan í fallvötnunum og jarðhitanum sé mikils virði fyrir Íslendinga. En því aðeins getur slíkt orðið mikils virði, að notin af því séu mikil eða verði einhvern tíma mikil. Nú koma að vísu fram ýmsar nýjar kenningar um þessa hluti, t. d. að landið, er sagt, ef ég man tölurnar rétt, það getur verið, að það hafi ruglazt eitthvað hjá mér, en ef ég man tölurnar rétt, þá er sagt, að Ísland eigi 35 milljarða kwst. í auðnýtanlegri vatnsorku og noti nú um þessar mundir ½ milljarð. Ég vil ekki alveg fullyrða, að ég muni þessar tölur rétt, en þær gefa samt nokkra hugmynd um það raunverulega, sem haldið hefur verið fram af verkfræðingum og orkufróðum mönnum um þetta. Og nú heyrir maður stundum, að fólk óttast um það, að við kunnum að verða uppiskroppa þá og þegar með þessa orku. Einnig kemur fram sú hugmynd, að orkulindir séu ekki lengur undirstaða framfara og muni kannske aldrei verða. Ekki verður því þó neitað, að öll iðnaðarstórveldi 19. aldar og framan af þessari öld áttu kol í jörðu og olíu, og svo kom vatnsorkan. Það er hægt að flytja inn olíu. Það er hægt að framleiða raforku í dísilstöðvum, stórum og litlum dísilstöðvum, það er hægt að flytja inn alla skapaða hluti, en það þarf að borga fyrir það allt. Ég vil að svo stöddu halda mig við það, að orkan í vötnum og jarðhitanum sé verðmæt eins og önnur náttúrugæði hérlend, og ég held, að við eigum að stefna að því að nota hana og þá fyrst og fremst að nota hana til þess að hjálpa okkur, þessari fámennu þjóð, til þess að byggja okkar stóra land. Skal ég svo ekki hafa um þetta fleiri orð að sinni.

Flm. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það eru nokkur orð út af ræðu hv. 3. þm. Reykv. (EOl) og hæstv. ráðh.

Hv. 3. þm. Reykv. blandaði inn í þetta óskyldum efnum og kastaði nokkrum hnútum að Framsfl., sem ég mun láta liggja á milli mála að svo stöddu. Það er ekki ástæða til að blanda neinu öðru inn í þetta mál. En eitt atriði minntist hann á, sem ég þarf að skýra. Hann sagði, að honum fyndist nær, að framsóknarmenn létu vinna af sinni hendi í atvinnumálanefnd ríkisins en að leggja til, að settar væru á fót nýjar nefndir af því tagi, sem hér er gerð uppástunga um. Hann sagði, að formaður þessarar n., atvinnumálanefndar ríkisins, sem væri Vilhjálmur Þór, hefði lagt til, að n. yrði lögð niður. Fyrst vil ég segja, að Vilhjálmur Þór hefur ekkert samráð haft, hvorki við mig né Framsfl., um það, hvað hann hefur lagt til í þessari atvinnumálanefnd ríkisins varðandi störf hennar eða fyrirkomulag á störfum hennar, svo að það er hans mál þar af leiðandi, en ekki flokksins, upp á hverju hann hefur stungið. En ég forvitnaðist um, hvað þarna hefur gerzt, út af því, sem hv. þm. sagði, þar sem hann tók það fram, að Vilhjálmur Þór hefði lagt það til, að n. yrði lögð niður. (**EOl:** Ég sagði aldrei: lögð niður.) Ég bið hv. þm. afsökunar, ef ég hef misskilið, en ég skildi það svo, að hann hefði lagt til, að nefndin yrði lögð niður. En þá hef ég misskilið, og þá upplýsist það rétta, því að ég hef kynnt mér, hvað það var, sem Vilhjálmur Þór lagði til, en það var svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Atvinnumálanefnd taldi þegar í upphafi eitt meginverkefni sitt að undirbúa löggjöf um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Því verki lauk hún á árinu 1962. Síðan hefur nefndin ekki fengið verkefni til meðferðar, núv. ríkisstj. hefur beint þeim annað. N. telur því ekki ástæðu til þess að starfa, eins og nú standa sakir.“

Þetta er mér sagt, að það hafi verið, sem þarna kom fram. En ég skildi hv. þm. þannig, og þannig held ég að aðrir hafi skilið hann líka, að það hafi verið gerð till. um að leggja n. niður.

Hér er það rétta upplýst í þessu. En þessa till. hefur Vilhjálmur Þór ekki flutt að neinu leyti í samráði við Framsfl. eða mig, svo að það er úr lausu lofti gripið, sem hv. þm. vildi víst láta koma fram, að Framsfl. hafi setið af sér eitthvert tækifæri til þess að hafa áhrif á meðferð þessara stórvirkjunar- og stóriðjumála með því að eiga hlut að þessari afstöðu, sem þarna kemur fram.

Þá er rétt, að það komi fram, að eins og hv. þm. veit, er þetta nálega óviðkomandi þessu máli, sem hér er verið að tala um, vegna þess að þessi nefnd hefur ekki fengið neinar af þeim upplýsingum varðandi stórvirkjanir og stóriðjumálin, sem við viljum að komi fram, sem leggjum til, að þessi mþn. verði kosin. Það getur því ekki verið ætlun þessa hv. þm., að þessi þáltill. sé óþörf. Hann er þá ekki einlægur í málinu, ef hann hefur verið að segja þetta til að gefa í skyn, að þessi þáltill. væri óþörf, því að þessi atvinnumálanefnd hefur engum tökum náð á þessum stórvirkjunar- eða stóriðjumálum, og eftir því sem ég bezt veit, hefur hún ekki átt aðgang að þeim upplýsingum, sem við viljum fá fram í nýju mþn. Það gefur einnig auga leið, að þessi hv. þm., sem eftir því sem ég bezt veit á sæti í atvinnumálanefndinni, — er það ekki rétt? (**EOl:** Jú.) veit það, sem máli skiptir í þessu sambandi, að atvinnumálanefndin hefur ekki náð tilgangi sínum í þessum stóru málum. Það hefur hún áreiðanlega ekki gert, og þess vegna var náttúrlega út í hött hjá hv. þm. að vera að blanda þessu hér inn í. Reynslan yrði líka sú, að jafnvel þó að hægt yrði nú að láta atvinnumálanefndina halda áfram að starfa, sem ég mundi fyrir mitt leyti telja eðlilegt, þá mundi ekki vera hægt að ná inn í þá n. þeim upplýsingum, sem við gerum ráð fyrir að fá inn í mþn. um stórvirkjunar- og stóriðjumálin. Reynslan er

einnig ólygnust í þessu. Stjórnin yrði þá að gerbreyta um allan aðbúnað að atvinnumálanefndinni, og það vottar ekki fyrir neinu slíku. Stjórnin hefur meira að segja, til þess að geta gengið fram hjá atvinnumálanefndinni, sett á sínum vegum nýja stóriðjunefnd, þar sem enginn fulltrúi er frá stjórnarandstæðingum. Ríkisstj. hefur því miður ekki viljað hafa neina samvinnu við stjórnarandstæðinga við undirbúning stórvirkjunar- og stóriðjumálanna. Þess vegna hefur verið gengið fram hjá atvinnumálanefndinni í því sambandi, og þess vegna hefur verið skipuð ný stóriðjunefnd á vegum stjórnarinnar. Þetta teljum við, sem flytjum þessa þáltill., alveg ranga stefnu og teljum, að í staðinn fyrir þessi vinnubrögð þurfi að koma önnur alveg ný, sem séu fólgin í því að setja upp sérstaka mþn. Og ef hv. þm. er einlæglega með því, að slíkur háttur verði á hafður, þá finnst mér, að þessi útúrdúr hans um atvinnumálanefndina hafi ekki átt neitt erindi inn í þetta mál.

Ég kem þá aðeins örfáum orðum að því, sem hæstv. ráðh. sagði, en hann sagði orðrétt m. a.:

„Varðandi almennt virkjunarmálin og stóriðjuna í því sambandi er ég alveg sammála hv. 1. þm. Austf., þegar hann sagði, að hann teldi það óeðlilegt að ákveða stórvirkjun eða stefna til stóriðju, án þess að Alþingi sé haft með í ráðum, og einnig það, sem hann sagði, að það væri óeðlilegt, að rætt væri til nokkurra úrslita við erlenda aðila í þessu sambandi, án þess einnig að Alþingi sé með í ráðum.“

Þetta sagði hæstv. ráðh. orðrétt. Í annan stað sagði hæstv. ráðh.:

„Ég teldi mjög mikilsvert í sambandi við ráðagerðir í þessum stórmálum, að hægt væri að koma á sem víðtækustu samstarfi, og þá átti ég auðvitað við einingu um þessi mál, þegar eða ef til ætti að taka.“

Þegar ég hafði nú heyrt hæstv. ráðh. segja þetta, sem ég nú er að lesa, og annað í sama anda, þá datt mér ekki í hug annað en niðurlag ræðu hans hlyti að verða með því móti að leggja til, að þessi þáltill. yrði samþ., því að hér er svo eindregið látið í ljós, að hann sé sammála því, að það verði að efna til samstarfs um athugun á þessum málum, því að það getur ekki verið meining hæstv. ráðh., að það sé um nokkurt samstarf að ræða, ef þá fyrst er um málin rætt við stjórnarandstöðuna t. d., þegar ákvarðanir hafa raunverulega verið teknar og öllum undirbúningsathugunum er lokið. Slíkt væri ekki neitt samstarf. En því miður sagði hæstv. ráðh. eftir að hafa lýst þannig skoðun sinni, að honum fyndist engin ástæða til þess, að Alþingi nú marki afstöðu sína til þess að kjósa nefnd í þessu máli.

Ég vil, þangað til annað kemur í ljós, líta svo á, að þetta sé ekki endanlega synjun þess að samþykkja þessa till., þó að hæstv. ráðh. finnist ekki ástæða til þess að samþykkja hana nú þessa dagana, og ræð ég það af því, sem hann hefur áður sagt um þessi efni, og enn fremur vil ég mega líta svo á, að þessi ummæli þýði það, að þessi mál séu ekki neitt farin að nálgast úrslitastig, því að það væri náttúrlega algert ósamræmi í því, ef þau væru farin að nálgast úrslita- eða örlagastig og ráðh. vildi samt ekki fallast á að samþykkja þessa till. einmitt núna.

Ég vil leggja áherzlu á það, að með þessari þáltill. erum við að bjóða fram samstarf um athugun og undirbúning þessara mála. Ef því samstarfi verður nú hafnað, eins og gert hefur verið áður, t. d. í fyrravetur, þá er það því miður í beinu framhaldi af þeirri framkvæmd varðandi stórvirkjunar- og stóriðjumálin, sem hefur verið höfð fram að þessu, sem sé að útiloka stjórnarandstöðuna algerlega frá því að fylgjast með og eiga þátt í undirbúningi þessara mála, sem eru þó meðal hinna þýðingarmestu. En þetta er ekki hyggilegt, og ég vil enn einu sinni leggja áherzlu á það við hæstv. ríkisstj., að þetta er ekki hyggilegt. Ég vil benda hæstv. ríkisstj. á, að hún hefur mjög nauman meiri hl. og nær helmingur þjóðarinnar hefur hér á hv. Alþingi aðra umboðsmenn en ríkisstj. og þm. stjórnarflokkanna. Þessa umboðsmenn nálega helmings þjóðarinnar er ekki viturlegt að útiloka frá því að hafa bein áhrif á þessi mál með því að ætla þeim að standa, þegar þar að kemur, frammi fyrir gerðum ákvörðunum af naumum meiri hl. að lokum og segja við þá, að þeir geti sagt já eða nei. Þetta eru ekki heppileg vinnubrögð, ekki einu sinni fyrir hæstv. ríkisstj., hvað þá heldur fyrir þjóðina, að svona sé unnið, að naumur meiri hl. á Alþingi ákveði raunverulega bak við tjöldin um hin allra örlagaríkustu mál, sem lengi hafa komið til greina, og komi síðan, þegar ákvarðanir hafa raunverulega verið teknar, og leggi ákvarðanir fyrir og segi við hina: Þið getið sagt já eða nei, en hér verður engum stafkrók breytt.

Þetta er ekki samstarf, og þetta eru ekki vinnubrögð, sem þjóðin vill láta viðhafa, ég fullyrði það, og það nær ekki aðeins til þeirra, sem kjósa stjórnarandstæðinga á þing, heldur einnig fjöldans af hinum, sem kjósa stjórnarflokkana. Svona vilja menn ekki láta vinna að málum eins og þessum. Ég vona, að það beri ekki að skilja ráðh. svo, að það sé hans skilningur á samstarfi, að þannig eigi að fara með málin, þótt að vísu e. t. v. mætti líta svo á, að bólaði á þessari skoðun, þar sem hæstv. ráðh. talaði um víðtækt samstarf, og þá væri auðvitað átt við einingu um þessi mál, þegar eða ef til ætti að taka. En samstarf um undirbúning er auðvitað ekki það, að allir segi já og amen að lokum við því, sem gert hefur verið á bak við þá og þeir hafa ekki neitt verið með í ráðum um.

Það verður að hafa samráð um undirbúninginn. Það verður að hafa raunverulega samráð um málin. Ég tel, að það sé þegar orðið mjög ámælisvert, að ekki hefur verið efnt til þessa samstarfs. En það er kannske hægt að bæta mikið úr því með því að efna til þess nú í vetur, jafnvel þó að menn séu ekki

reiðubúnir til þess að samþykkja það alveg þessa dagana.

Ef ekkert samstarf verður raunverulega haft um þessi efni, er það líkast því, sem verið sé að gera leik að því að skapa tortryggni um þessi stóru og vandasömu og viðkvæmu mál, og það gerir engum gott. Og ef þannig verður haldið á þessum málum, þá er verið að þjóna einhverju öðru en hagsmunum almennings, því að óhugsandi er, að svona mál, alger nýmæli, geti beðið tjón við það, að öll sjónarmið komi fram við undirbúning þeirra á fyrri stigum eða áður en ákvarðanirnar eru teknar.

Þess ber hér að gæta, að allir þeir, sem kunnugir eru því, hvernig unnið er að vandasömustu stórmálum, vita það, að afstaðan í málum eins og þessum skapast smátt og smátt, eftir því sem rannsóknum miðar áfram og samtöl um málin eiga sér stað milli þeirra, sem að þeim starfa. Og við vitum það, sem höfum fengizt við þess háttar, að þeir einir hafa þar raunverulega áhrif, full áhrif a. m. k., sem taka þátt í þessu langa og flókna undirbúningsverki. Það getur því orðið býsna örlagaríkt, hvernig að þessu er staðið.

Hæstv. ráðh. hefur sagt, að nú á þessari stundu teldi hann ekki ástæðu til að kjósa mþn. Um það er ég honum algerlega ósammála, eins og komið hefur fram í því, sem ég hef sagt. En þetta mál fer nú til n. og fær sína athugun, sem tekur einhvern tíma, og vildi ég mega vænta þess, að svo geti farið, að ekki yrði langt að bíða eftir því, að tímabært þætti að efna til samvinnu um athugun á þessum málum í þeim anda, sem þessi þáltill. gerir ráð fyrir.

Ég vil svo að lokum aðeins taka undir það, sem hv. 3. þm. Norðurl. e. sagði hér áðan, að ef ætlunin er að halda stjórnarandstæðingum algerlega utan við þessi efni, sem ég vona nú að ekki verði, þeirri stefnu verði ekki haldið til þrautar, þá verðum við að reyna að finna einhverjar leiðir til þess að fá að vita sumt af því, sem vitanlega hlýtur að liggja nú þegar fyrir.

Ég spyr t. d. í því sambandi: Er meiningin að halda skýrslunni um olíuhreinsunarstöðvarmálið leyndri fyrir alþm., sem greiddar hafa verið, eins og annar hv. þm. upplýsti, 291 þús. kr. úr ríkissjóði til þess að semja? Þessi skýrsla hlýtur að koma fram. Og ýmis fleiri atriði hljóta að koma fram, ef farið verður að spyrja hæstv. ríkisstj. út úr í þessum málum. Eru það heppilegri vinnubrögð fyrir hæstv. ríkisstj. og fyrir þjóðina og fyrir okkur alla, að það verði farið að pína fram upplýsingar um einstök atriði þessara mála, sem við getum gert og munum gera á hv. Alþingi, en kannske þá um einstök atriði málanna, en ekki þannig, að það fáist heildarmynd? Verða það heppilegri vinnubrögð en taka bara hreinskilnislega á þessu og efna til þess, að menn skoði þetta sameiginlega? Eins og tekið var fram hér af einum hv. þm., 5. þm. Austf., hafa verið borgaðir milljónatugir fyrir undirbúningsrannsóknir í raforkumálum, en ekki verið gefnar hér neinar skýrslur, sem því nafni er hægt að nefna, um þau efni, og um þetta hlýtur líka að vera spurt og margt fleira í sambandi við þetta. En við sjáum í hendi, að það er miklu hagfelldara og eðlilegra fyrir alla að hafa hina leiðina, eitthvað svipaða því, sem lagt er til í þessari þáltill., og ég vil þess vegna vonast eftir því, að þetta verði athugað öfgalaust í þeirri n., sem fær það til meðferðar, og samtölum við hæstv. ríkisstj.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég þakka hv. 1. þm. Austf. fyrir eina kennslustundina enn í því, hvernig ríkisstj. eigi að hegða sér, og engu líkara en að hann haldi bara, að hann sé ráðh. enn. En það er hann nú því miður ekki, og þeir, sem á hverjum tíma fara með ráðherraembættin, verða sjálfir að meta það og gera það upp við sig, hvað þeir telja hentugust vinnubrögð og ekki sízt í stórmálunum. Ég stend upp nú aðeins til þess að segja það, að ég sagði ekkert í minni ræðu hér fyrir 2 dögum annað en það, sem ég sagði á þinginu á s. l. vetri, er ég svaraði fsp. um þetta mál, og ég hygg, að miklu fremur hefði mátt ásaka mig þá fyrir að tala of mikið um það, sem mig í raun og veru skorti nauðsynlegar undirstöður fyrir af fenginni rannsókn og athugun. En í því fólst einmitt vilji minn til þess að leyna alls ekki neinu, sem mér var kunnugt um. En samfara þessari skoðun minni var svo hitt, að ég áleit, að þau mál, sem um var rætt, þyrftu að komast á nánara stig, lengra stig undirbúningsathugana og rannsókna, áður en það gæti gert þeim gott, að skipuð væri nefnd um þau, eins og þá var lagt til og nú, eða gefnar væru frekari skýrslur en búið var að gera.

Hér hefur hv. 1. þm. Austf. búið til sögu um málatilbúnað ríkisstj. um, hvernig hún hafi unnið að þessum málum, búið til sögu og endurtekið sögu, sem hann er að segja, og segir svo: Þetta eru ekki góðar vinnuaðferðir. — En vinnuaðferðirnar eru ekki svona, og það mun sýna sig í þessu máli, að það er rétt skoðun hjá ríkisstj. að gera sitt ýtrasta til þess, að svona mál séu raunverulega rannsökuð og undirbúin nægjanlega, til þess að menn geti tekið afstöðu til þeirra bæði hér á þingi og í nefndum. Það er farsælla en hitt, að flumbrast með svona mál og ætlast til þess, að menn taki afstöðu til þess, áður en þær undirbúnings- og frumrannsóknir liggja fyrir, sem algerlega eru nauðsynlegar. Það er rangt, að það hafi nokkurn tíma vakað fyrir ríkisstj., — og hið gagnstæða sagði ég á þinginu s. l. og það gagnstæða sagði ég í fyrradag, — að stilla þm. frammi fyrir þeirri afstöðu að segja já eða nei við gerðum hlut. Þetta er alrangt, og þetta er fullkomin mistúlkun á því, sem ég hef haldið fram í þessu máli og sagt af heilum og einlægum hug í málinu. Og það hefur verið heill og einlægur hugur minn, að um þetta mál gæti

skapazt sem víðtækust samstaða, og ég hef lagt mig eins mikið fram og ég hef getað til þess, að þm. þurfi einmitt ekki að kvarta undan því, að þær rannsóknir og undirbúningur þessara mála færu fram, sem leiða má af, að ríkisstj. væri beinlínis skylt að láta fara fram samkv. margítrekuðum ályktunum á þingi og á bændafundum og á öðrum vettvangi, sem hv. 3. þm. Norðurl. e. gerði grein fyrir áðan. Menn ætlast væntanlega ekki til annars en stjórnin taki alvarlega, þegar slíkar samþykktir eru gerðar á þingmannafundum víðs vegar um landið, þál. samþ. hér á Alþingi, og þá felst það í því að reyna að rannsaka málin og undirbyggja þau með rannsóknum þannig, að þm. geti á eðlilegan hátt tekið afstöðu til málsins.

Það hefur oft og iðulega verið rætt um bæði stóriðju á sviði alúmíníum- og köfnunarefnisverksmiðju og margt fleira, en ég hygg, að við séum að komast að lokastigi þess máls, að það sé með réttu hægt að ætlast til þess, að þm. taki afstöðu með eða móti virkjunum á vissan hátt og stóriðju í sambandi við þær, vegna þess að það verði lagt upp í hendurnar á þm. það fullkomnar og ýtarlegar rannsóknir og athuganir, sem ég er ekki í nokkrum vafa um, að þeir munu þakka fyrir, þegar þær liggja fyrir. En þær hafa ekki að mínum dómi, — og við erum sammála um það í ríkisstj., — legið fyrir í dag. En ég sagði í fyrradag, að ég teldi, að það væri mjög skammt í land, að hægt væri að gefa hv. Alþingi fyllstu upplýsingar um þessi mál.

Að lokum vil ég aðeins endurtaka það, að ég tel, að það hafi verið alger mistúlkun og rangtúlkun á mínum ummælum bæði fyrr og síðar, að við höfum haft nokkra löngun til þess að leyna þingið nokkru eða nokkuð hafi komið fram í mínum yfirlýsingum um það, að þm. yrðu settir í þá aðstöðu að þurfa að taka afstöðu með því að segja já eða nei við meira og minna ráðnum og fyrir fram ákveðnum hlut af hálfu ríkisstj. Það er rangt að stilla málinu í þetta ljós, og það gefur manni fyllstu ástæðu til þess að ætla, að flutningur þessarar till. sé eitthvað annað en jafneinlægur og ég vildi, að hann væri, heldur sé reynt að láta líta svo út, að það sé verið að klípa út úr hinni leyndardómsfullu ríkisstj. einhverjar upplýsingar, sem öðruvísi verði ekki gert en með þessari skeleggu frammistöðu Framsóknarþm. hér á þingi. Það er alveg ástæðulaust að hafa þennan hátt við. Ef við allir viljum vera einlægir, þá er ég sannfærður um það, að þm. hafa ekki undan neinu að kvarta og munu ekki þurfa að hafa undan neinu að kvarta í þessu máli, þegar að því kemur, að menn eiga að taka afstöðu til jafnviðurhlutamikilla mála. Þetta hef ég sagt bæði fyrr og nú, og þetta er efni málsins, og þess vegna sagði ég, að till. eins og þessi er algerlega óþörf, ástæðulaust að taka afstöðu til þess nú, eins og ég orðaði það, hvort það eigi að setja í gang svona nefnd. Ég held meira að segja, því miður, að meðan málin eru ekki meira upplýst, hvorki fyrir okkur í ríkisstj. en þau hafa verið og þar af leiðandi var ekki hægt að upplýsa þau meira fyrir þm., þá hafi margt verið sagt hérna og eytt töluverðum tíma í það, sem var eiginlega fullkominn óþarfi. En menn þurfa engu að kvíða, því að ríkisstj. mun ekki dylja þingið neitt í þessum málum og það verður staðið við fyrri fyrirheit um það.

Arnór Sigurjónsson: Herra forseti. Ef ég verð ekki þinglegur í því, sem ég segi um þetta mál, þá er það fyrir það eitt, að ég kann ekki þingsköp þau, sem hér gilda. En ég gekk hér upp í stólinn til þess að varpa fram till. eða við getum kallað hana uppástungu, ekki til þál., ekki til afgreiðslu hér í sameinuðu þingi, heldur til afgreiðslu utan þingsins á milli stjórnarandstöðunnar og stjórnarflokkanna. Það er till. um hrossakaup, sem ég held, að báðir mundu græða dálítið á. Og hrossakaupin eru þessi: að stjórnarliðið samþykki þessa till., sem hefur komið frá Framsfl., en í staðinn láti Framsfl. þessa till., sem hann fékk hér samþykkta í gær, liggja dauða í gröf sinni, þar sem hún er nú komin, í nefnd. Þetta er vegna þess, að ég lít þannig á, að það sé blátt áfram vansi fyrir stjórnina og stjórnarliðið að neita um samþykkt þessarar till. Við verðum að gæta þess, að stjórnin, sem nú situr, situr a. m. k. að nafni til í umboði alls þingsins. Við getum að vísu sagt, að hún hafi ekki fengið beina kosningu aðra en stjórnarliðsins, en það hefur þó verið viðurkennt hingað til, að hún væri sú rétta ríkisstj., og það er ekki hægt frá mínu sjónarmiði séð fyrir stjórnina að neita sínum umbjóðendum að fylgjast með þeim málum, sem eru virkileg stórmál, og það er viðurkennt, að þetta mál, sem hér um ræðir, er stórmál.

Ég veit það vel, að ráðh. sagði hér áðan, — ég heyrði það alveg skýrt fram tekið, — að hann ætlaði ekki að leyna stjórnarandstöðuna neinu, þegar þær upplýsingar, sem stjórnin hefur undirbúið og óskað eftir, væru fram komnar. En hún neitar um hitt, að stjórnarandstaðan fái nokkra þátttöku í undirbúningi málsins, og þetta álít ég, að stjórnarliðinu og stjórninni sé ekki sæmilegt, þar sem virkilegt þingræði gildir. Það er ekki af illvilja við stjórnina og ekki stjórnarliðið heldur, að ég óska þess, að utan þingfundar verði blátt áfram samið um það, að þessi till. verði samþ. Ég lít aftur á hitt málið, sem rætt var í gær, að það sé í raun og veru ekkert annað en svo lélegt kosningaflesk, að það sé Framsfl. til háborinnar skammar að hafa eytt löngum þingtíma í að ræða það. Það var hvorki hugsað sem réttlætismál né nokkur sú lausn, sem nokkur gat tekið alvarlega. Og ég ætla líka að beina því til stjórnarinnar og fylgismanna stjórnarinnar að gera það fyrir Framsfl., ef hann getur ekki gert það sjálfur, að láta þetta dautt liggja.

Eins og ég hef þegar sagt, er þetta, sem ég segi núna, kannske ekki þinglegt, af því að það er uppástunga eða till. um það, að þm. geri þetta utan þingfundar, en ég flyt þetta a. m. k. að vissu leyti í fullri alvöru, því að ég álít, að það sé nauðsynlegt, að um þetta séu gerð hrossakaup.

Umr. frestað.

Á 10. fundi í Sþ., 11. nóv., var enn fram haldið fyrri umr. um till.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til fjvn. með 36 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

2. Kaup Seðlabankans á víxlum iðnaðarins.

Á 1. fundi í Sþ., 13. okt., var útbýtt:

Till. til þál. um endurkaup Seðlabankans á framleiðslu- og hráefnavíxlum iðnaðarins [14. mál] (A. 14).

Á 4. fundi í Sþ., 21. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 7. fundi í Sþ., 28. okt., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Þessi till., sem hér er til umr., er raunar gamall kunningi á Alþingi. Þetta er í fimmta sinn, sem ég er flm. að henni ásamt öðrum, og þar áður eða fyrir 6 árum hafði hún verið samþykkt hér á þingi nokkurn veginn shlj. því og hún liggur fyrir á þskj. 14. En efni þessarar till. er það, að Seðlabankinn endurkaupi framleiðslu- og hráefnavíxla iðnfyrirtækja eftir ákveðnum reglum, er settar verði með svipuðu sniði og reglur þær, er gilda um endurkaup framleiðsluvíxla sjávarútvegs og landbúnaðar.

Þó að þannig sé nú ástatt, eins og ég hef þegar sagt frá, að svipuð till. hafi verið samþ. hér á Alþingi fyrir 6 árum og síðan hafi verið minnt á hana mörgum sinnum hér á Alþingi, hefur hún enn ekki verið látin koma til framkvæmda. Mér finnst ekki úr vegi í sambandi við þessa umr. að athuga það nokkuð, hvað því geti valdið, að þessi till. hefur ekki verið látin koma til framkvæmda, og til þess að gera það ekki í allt of löngu máli, finnst mér rétt að bera þetta fram í spurningaformi og svara þeim síðan lítils háttar á eftir.

Það fyrsta, sem mér finnst rétt, að komi til athugunar í þessu sambandi, er það, hvort þessi dráttur geti stafað af því, að iðnaðurinn eigi ekki að njóta jafnréttis við landbúnað og sjávarútveg, hvort hann sé ekki atvinnuvegur, sem eigi að vera jafnrétthár hinum tveimur. Ég veit það, að allir þm. eru sammála um, að það á að efla landbúnað og sjávarútveg svo sem frekast er kostur. En ég hygg, að öllum sé það einnig ljóst, að þó að þessir atvinnuvegir séu auknir, nægir það ekki til þess að sjá þeirri fólksfjölgun, sem verður í landinu, fyrir meiri atvinnu. Og þess vegna þarf að byggja upp aðra atvinnuvegi, og þar að sjálfsögðu kemur iðnaðurinn fyrst og fremst til greina. Þjóðin hefur þess vegna engu minni þörf fyrir það, að iðnaðurinn sé efldur, heldur en hinir tveir fornu atvinnuvegir þjóðarinnar, landbúnaður og sjávarútvegur, enda er það staðreynd, sem ekki verður sniðgengin, að engin nútíma menningarþjóð getur verið án vaxandi og blómlegs iðnaðar. Þess vegna liggur það í augum uppi, að það er sjálfsagt, að iðnaðurinn njóti sama réttar og landbúnaður og sjávarútvegur í þessum efnum sem öðrum.

Þá kemur annað til athugunar, sem kynni að geta valdið því, að þessi till. hefur ekki verið látin koma til framkvæmda, og það er sú spurning, hvort iðnaðurinn þurfi á þessari fyrirgreiðslu að halda, sem hér er rætt um. Ég hygg, að allir þeir, sem eitthvað þekkja til iðnaðar, geri sér það fullljóst, að iðnaðurinn hefur fyllstu þörf fyrir sömu aðstoð eða fyrirgreiðslu í þessum efnum og landbúnaður og sjávarútvegur. Það hefur verið og er mikill lánsfjárskortur hjá íslenzkum iðnaðarfyrirtækjum, enda staðreynd, að í þeim efnum býr iðnaðurinn íslenzki við miklu lakari aðstöðu en iðnaður annarra landa. Ég vil aðeins geta þess í þessu sambandi, að í því blaði, sem gefið er út af Félagi ísl. iðnrekenda, Íslenzkum iðnaði, hefur hvað eftir annað verið vikið að því á þessu ári, að iðnaðurinn búi við mikinn og vaxandi lánsfjárskort og það hái iðnaðinum alveg stórkostlega. Ég minni t. d. á það, þm. fá þetta blað, að í þessu blaði, sem kom út í maímánuði s. l., fjallar aðalgreinin á forsíðu blaðsins um þetta mál undir fyrirsögninni „Mikill lánsfjárskortur iðnfyrirtækja“, og í því blaði af Íslenzkum iðnaði, sem seinast hefur komið út, septemberblaðinu, er það mjög skilmerkilega rakið, hvernig lánsfjárskorturinn þrengi nú að vélaiðnaðinum og geri honum eiginlega ómögulegt að keppa við erlenda aðila á þessu sviði. Samkeppnisaðstaða flestra íslenzkra iðnfyrirtækja byggist nú allt of mikið annaðhvort á tollvernd eða lágu eða ódýru vinnuafli. Tollvernd er hér miklu meiri en í flestum öðrum löndum, og vinnuafl er hér ódýrara en í nágrannalöndum okkar, og þetta tvennt er allt of mikið aðalstoðir margra íslenzkra iðnaðarfyrirtækja í dag. Þetta þarf að breytast. Við þurfum að vinna að því að koma málum okkar í það horf, og þróunin í heim-

inum mun gera það einnig nauðsynlegt, að tollverndin sé heldur minnkuð, og það er líka óhjákvæmilegt að stuðla að því, að íslenzkir iðnaðarmenn eða iðnverkamenn njóti nokkurn veginn svipaðra lífskjara og stéttarbræður þeirra í nálægum löndum, þ. e. að launakjörin verði ekki lakari hér en þar. Þess vegna má ekki treysta á það, að iðnaðurinn geti til frambúðar byggt eins mikið á þessum tveimur stoðum, mikilli tollvernd og ódýru vinnuafli. Og þetta verður að sjálfsögðu að gera með því að laga fyrir honum á annan hátt eða með öðru móti og þá ekki sízt með því að sjá svo um, að hann hafi aðgang að nægu lánsfé eins og erlend iðnaðarfyrirtæki og auk þess séu lánskjörin ekki lakari en erlendur iðnaður á við að búa. Og eitt stærsta atriðið í þessu er að sjálfsögðu það, sem þessi till. fjallar um, að hann njóti svipaðrar fyrirgreiðslu og landbúnaður og sjávarútvegur hvað snertir kaup á framleiðsluvíxlum. Það atriði hefur svo að sjálfsögðu meginþýðingu í þessum efnum, að það sé unnið að því að efla framleiðni iðnaðarins á allan hátt, en á því sviði erum við áreiðanlega mjög á eftir og þar þurfa að verða stærstar umbætur, en eitt hið mikilvægasta til þess að gera iðnaðinum mögulegt að auka framleiðni sína er einmitt það að tryggja honum aðgang að nægilegu lánsfé, því að það er náttúrlega útilokað fyrir iðnfyrirtæki að ætla að bæta framleiðni sína, nema það fái lánsfé til þess að rísa undir þeim framkvæmdum, sem eru nauðsynlegar í því skyni, að framleiðnin verði aukin. Það er líka víst, að það, sem hefur staðið því hvað mest fyrir þrifum á undanförnum árum, að framleiðni íslenzkra iðnaðarfyrirtækja hafi aukizt til jafns við það, sem hefur átt sér stað víða erlendis, ein meginástæðan til þess er einmitt sá lánsfjárskortur, sem iðnfyrirtækin hafa þurft við að búa á undanförnum árum. Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða það frekar að sinni, hvort iðnaðurinn hafi þörf fyrir þá fyrirgreiðslu, sem hér um ræðir, því að það, sem ég hef aðeins nefnt hér stuttlega, sýnir alveg augljóslega, að hann hefur ekki minni þörf fyrir þá fyrirgreiðslu í þessum efnum, sem hér um ræðir, heldur en landbúnaður og sjávarútvegur.

Og þá kem ég að þriðju spurningunni, sem ég tel að sé ástæða að velta fyrir sér í þessu sambandi, þegar menn vilja gera sér grein fyrir því, vegna hvers hæstv. ríkisstj. hefur ekki framkvæmt þessa till. eða framfylgt þessari till., og sú spurning er á þá leið, hvort það hafi verið möguleikar af fjárhagslegum ástæðum til þess að láta þessa till. koma til framkvæmda, eða með öðrum orðum sagt, hvort fjármagn hafi verið fyrir hendi til að fullnægja þessum þörfum iðnaðarins. En ég hygg, að þeirri spurningu megi svara í ákaflega stuttu máli, og nægir alveg að benda á þá miklu frystingu sparifjár, sem hér hefur átt sér stað á undanförnum árum. Nú eru í Seðlabankanum, — ég má segja, að það séu um 1000 millj. kr. af sparifé, sem eru frystar þar, og það þyrfti ekki að sjálfsögðu nema nokkurn hluta þeirrar upphæðar til þess að fullnægja þeirri þörf iðnaðarins, sem hér er um að ræða. Hæstv. ríkisstj. hefur þess vegna haft fulla aðstöðu til þess að framkvæma þessa till., ef nægur vilji hefði verið fyrir hendi í þeim efnum, með því aðeins að draga nokkuð úr frystingu sparifjárins og nota það fjármagn til þess að veita iðnaðarfyrirtækjunum þá fyrirgreiðslu, sem hér um ræðir. Það sýnir svo ásamt öðru því, sem ég hef minnzt á, hver þörfin er í þessum efnum, að ég held, að það hafi naumast verið haldinn svo fundur iðnrekenda eða iðnaðarmanna á undanförnum missirum, að það hafi ekki verið lögð sérstök áherzla á það, að iðnaðurinn fengi þá fyrirgreiðslu til jafns við landbúnað og sjávarútveg, sem þessi till. fjallar um.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð fleiri að sinni. Ég vil vænta þess, að hæstv. ríkisstj. taki upp aðra stefnu í þessum málum en hún hefur fylgt að undanförnu, þannig að hún fallist á, að ályktun Alþingis frá 1958 komi loks til framkvæmda. En vegna þeirrar slæmu reynslu, sem á hefur orðið í þessum efnum, þá hygg ég, að það sé ekki vanþörf á því, að Alþingi láti í ljós vilja sinn í annað sinn.

Ég leyfi mér svo að leggja til við hæstv. forseta, að þessari umr. verði frestað og málinu vísað til fjvn.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, sem ég vildi segja um þetta mál á þessu stigi málsins.

Hv. 1. flm. er duglegur við að flytja till. og ekki aðeins þær, sem hann sjálfur býr til og á frumkvæði að, heldur einnig till. annarra, sem Alþingi hefur samþ., og er það heldur óvenjulegt. En ekkert hef ég við því að segja, þótt hann flytji till., sem sjálfstæðismenn hafa áður flutt á þinginu, og fái þær endursamþykktar.

Ríkisstj. mun hafa haft þetta mál til athugunar í samráði við Seðlabankann, og áður en sú breyting varð á ríkisstj., að ég tók við embætti iðnmrh. Hvað ætla má, að geti orðið úr framkvæmd á endurkaupum Seðlabankans á víxlum iðnaðarins, skal ég ekki segja neitt á þessu stigi málsins. Það verður haldið áfram að athuga það, og kannske liggja fyrir nánari upplýsingar undir meðferð þessa máls um það, meðan það er fyrir þinginu. Hitt er alveg ljóst, að það er gerólíku saman að jafna, endurkaupum á afurðavíxlum landbúnaðar og sjávarútvegs eða iðnaðar. Það er í raun og veru svo ólíkt, að það mun vera aðalorsökin fyrir því, að ekki hefur verið hægt að framkvæma einmitt þann vilja, sem fram kom hjá Alþingi í þessu sambandi, og af því tilefni hefur einmitt verið leitað annarra leiða og hugsuð önnur úrræði. Það er ekki aðeins, að í heild sé aðstaðan allt öðruvísi og ósambærileg varðandi iðnaðinn og sjávarútveginn og landbúnaðinn hins vegar, heldur er svo mikill mismunur innbyrðis í iðnrekstrinum og iðn-

aðarframleiðslunni, að það er naumast fljótt á litið líklegt, að með góðu móti verði þetta framkvæmt, enda þótt að því yrði hnigið, öðruvísi en þannig, að iðnaðinum sjálfum eða iðnfyrirtækjunum og einstökum greinum iðnaðarins mundi sýnast mjög misgert innbyrðis sín á milli, sem þó mundi ekki verða gert til þess að mismuna þeim, heldur ef til vill aðeins að það yrði ekki hægt að komast hjá því vegna eðlis málsins. Þetta skal ég ekki hafa fleiri orð um að sinni.

Hitt finnst mér ástæðulaust, sem hér hefur verið til umr. og er nú gert töluvert úr og líka vitnað til í málgögnum iðnaðarmanna, að það sé eitthvað sérstaklega farið verr með iðnaðinn í sambandi við lánastarfsemi en aðrar iðngreinar og að iðnaðurinn eigi við vaxandi lánsfjárskort að búa. Þetta fær alls ekki staðizt, hvorki hjá hv. flm. né heldur í málgögnum iðnrekenda, ef það er rétt haft eftir. Ég veit ekki, hvernig það mætti einnig heimfærast, að þessi atvinnugrein ætti við versnandi eða vaxandi lánsfjárskort að búa eftir það, að á skömmu tímabili hefur verið komið upp með löggjöf hér frá Alþingi sérstökum banka fyrir iðnaðinn, Iðnaðarbankanum, eftir að iðnlánasjóður hefur verið efldur svo stórkostlega sem raun ber vitni um núna á 2 síðustu árum, eftir að Framkvæmdabankinn hefur stóraukið lánveitingar til iðnaðarins á einmitt 2 síðustu árum frá því, sem áður hefur verið, og eftir að Alþingi á síðasta þingi afgreiddi lög um að breyta lausaskuldum iðnaðarins í föst lán, en að því máli er nú unnið af hálfu ríkisstj. í samvinnu við Seðlabankann og í samvinnu við aðra viðskiptabanka, að það mál geti orðið verulega til framdráttar iðnaðinum, en getur þó ekki orðið svo vegna þess, hvernig löggjöfin er, fyrr en búið er að setja ýtarlega og mótaða reglugerð um það mál, sem ég hef ekki getað gert sem iðnmrh. fram til þessa og mun ekki gera, fyrr en tekizt hefur ákveðin samvinna um það við aðra banka, fyrst og fremst undir forustu Seðlabankans og annarra viðskiptabanka, iðnlánasjóð og Iðnaðarbankann, svo að að virkilegu haldi komi.

Það hefur verulega verið gert til eflingar lánamálum iðnaðarins á undanförnum árum, og hef ég þó enn gleymt því, að ríkisstj. hefur á undanförnum síðustu árum hlutazt til um, að iðnaðurinn hefur fengið lán af hinum erlendu amerísku lánum, PL-480 lánum, samtals 50 millj. og 500 þús. kr. nú á síðustu árum í þrennu lagi. Ég veit ósköp vel, að iðnaðurinn á í vök að verjast um lánsfé eins og allir aðrir og aðrar atvinnugreinar, en það er ástæðulaust að segja hvítt svart og svart hvítt og tala um vaxandi lánsfjárskort, þegar þó er sí og æ verið að bæta úr þessum erfiðleikum. Iðnlánasjóður lánaði frá 1935, þegar hann var stofnaður, og til 1960, ef ég man rétt, samtals á þessum árum eitthvað 14 millj. kr. Fyrst í stað voru þetta 25 þús. kr. á ári, hækkaði um nokkra tugi þús. upp í nokkur hundruð þús., smám saman upp í hæst, sem hann komst fyrir 1960, 2 millj. kr. Síðan iðnlánasjóðslögin voru endurskoðuð og um það leyti, hefur verið fast framlag til iðnlánasjóðs, 2 millj. kr. á fjárl., eins og hv. þm. er kunnugt um, en síðan var tekið upp iðnlánasjóðsgjaldið, sem rennur til iðnlánasjóðs og iðnaðurinn borgar sjálfur og ekki hefur orðið vart við annað en iðnaðarmenn og iðnrekendur greiði af fúsum vilja. Þetta gjald mun nema nú kannske eitthvað um 10—12 millj. kr. árlega, og það er auðvitað gífurlega mikill styrkur fyrir iðnlánasjóð. En samtímis þessu hefur svo iðnlánasjóður fengið af PL-480 lánunum, eins og ég sagði, samtals rúmar 50 millj. kr., eða 50 millj. og 500 þús., og fyrst í stað var það fyrir 3 árum 21 millj., ef ég man rétt, síðan 14.5 millj. á s. l. ári og á þessu yfirstandandi ári 15 millj. kr., eða sem sagt samtals 50.5 millj., og þetta hefur allt saman orðið til þess, að iðnlánasjóður hafði til ráðstöfunar og lánaði ráðstöfunarfé á s. l. ári tæpar 40 millj. kr., og það standa vonir til þess, að hann hafi til ráðstöfunar á þessu yfirstandandi ári nærri 60 millj. kr., eða að meðaltali 1963 og 1964 50 millj. kr. Auðvitað veit ég, að það er þörf fyrir miklu meira fé þarna, en þetta er þó mikill munur frá því, sem áður var, fyrir nokkrum árum, fyrir örfáum árum, 4—5 árum, þegar iðnlánasjóður hafði 2 millj. kr. og þaðan af minna til ráðstöfunar á ári.

Það ber ekki að ganga alveg fram hjá þessu eða líta fram hjá staðreyndum, eins og hér er um að ræða. Ég vil nefna Framkvæmdabankann, ég vék að honum áðan. Hann mun hafa lánað á s. l. ári til iðnfyrirtækja milli 40 og 50 millj. kr., og er það langhæst, sem er veitt til iðnaðar, og miklu fleiri lán til iðnaðar en nokkru sinni áður. Ég held, að hann í heild hafi lánað 130—140 lán til iðnaðar, frá því að hann hóf göngu sína eða starfsemi á árinu 1953, en á s. l. ári voru veitt 54 lán af þessum 133 einmitt til iðnfyrirtækja. Og vegna lánsfjárskortsins hjá iðnaðinum, sem að mörgu leyti hv. síðasti ræðumaður vék réttilega að, hefur verið hneigzt að því að auka öðru fremur lánveitingar til iðnaðarins af fjárfestingarlánum Iðnaðarbankans til þess að létta þarna undir. Og í þeim fjárskorti, sem iðnlánasjóður býr við núna í bili, er nú til athugunar, að Framkvæmdabankinn hlaupi eitthvað undir bagga með honum fram að áramótum, og geri ég mér vonir um, að það geti orðið til þess, eins og ég sagði áðan, að í heild muni iðnlánasjóður hafa til ráðstöfunar á þessu ári um 60 millj. kr.

Hv. 5. þm. Reykv. vék réttilega að því, að vélaiðnaðurinn ætti hér í vök að verjast, og íslenzki vélaiðnaðurinn á það ekki skilið að vera útundan eða hornreka í þjóðfélaginu, því að hann hefur byggt sig upp með framúrskarandi dugnaði á undanförnum árum og er þeim kostum búinn, að hann hefur algerlega verið samkeppnisfær við erlendan vélaiðnað. Það á sérstaklega við frystivélaframleiðsluna hér á landi og ýmsar tegundir af vélum í

síldarverksmiðjurnar. En það er rétt, að menn hafa á undanförnum 2 árum a. m. k. getað fengið og þó lengur, en það hefur borið aðallega á því á þessum síðustu árum, þá hafa menn getað fengið keyptar slíkar vélar erlendis frá með gjaldfresti, með lánum, sem hafa verið frá 3—5 ára, og þetta hefur í okkar litla þjóðfélagi orðið til þess, að menn hafa í æ ríkara mæli fest kaup á þessum vélum erlendis frá, enda þótt þeir vildu í sjálfu sér alveg eins kaupa hinar íslenzku vélar vegna gæða og vegna verðs og alveg sérstaklega vegna þess, að þeir eiga í langflestum tilfellum miklu öruggari þjónustustarfsemi í sambandi við íslenzku vélarnar. En íslenzku fyrirtækin hafa ekki getað veitt þessa gjaldfresti, og framleiðslufyrirtækin hafa ekki haft aðgang að lánastofnunum. Nú er að leysast úr þessum málum líka, og ég tel, að það sé í raun og veru hægt að reikna með því, að þetta mál verði þannig leyst, alveg á sama hátt og Norðmenn leystu tilsvarandi vandræði hjá sér, að íslenzka vélaiðnaðinum verði búin sú aðstaða, að hann standi alveg jafnfætis í samkeppni sinni við erlendan vélaiðnað, að því er snertir lánsmöguleika til vélaframleiðslunnar. En það er rétt, að þetta hefur háð vélaiðnaðinum að undanförnu og orðið til þess að draga mjög mikið niður afköst hans. En sem betur fer, er nú úr þessu máli að rætast. Þetta hefur stjórnin haft til meðferðar frá því á s. l. sumri. Það hefði náttúrlega verið æskilegra að vera búinn að leysa úr því fyrr, nokkrum mánuðum fyrr. Það var fyrst og fremst kvartað um þetta við mig sem iðnmrh. á miðju sumri, að þessir erfiðleikar, held ég, að ég megi segja að séu nú um það bil að verða yfirstignir. Ég vil ekki gera nánar grein fyrir því hér, vegna þess að formlega er ekki búið að ganga frá þessum málum, en það ætti að verða alveg þessa dagana.

Fleira hef ég ekki um þetta mál að segja, en vildi láta þessar aths. fram koma á þessu stigi málsins.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Það er rétt hjá hæstv. ráðh., að till. svipaðs efnis hefur áður verið samþ. á Alþingi, en samt er ég búinn að flytja hana nokkuð oft, en það stafar einfaldlega af því, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki látið samþykkt Alþingis koma til framkvæmda og ég hef talið nauðsynlegt, meðan það var ekki gert, að minna hæstv. ríkisstj. á, að þetta þyrfti og ætti að framkvæmast.

Hæstv. ráðh. hélt því fram nú, að það væri alls ekki hægt að bera iðnaðinn saman við landbúnað og sjávarútveg, hvað þessi lán snerti, aðstaða þessara atvinnuvega væri alveg ósambærileg. Hæstv. ráðh. hefur ekki litið þannig á 1958, þegar hann samþykkti þessa till., og ég held, að hann hafi litið alveg rétt á málin þá, vegna þess að hér er um alveg sambærilega aðstöðu að ræða. Það stendur þannig á, bæði hjá sjávarútveginum og landbúnaðinum, að þessir atvinnuvegir þurfa að fá viss lán, meðan þeir eiga sínar framleiðsluvörur óseldar, svokölluð afurðalán, og það gildir alveg hið sama um iðnaðinn, að hann þarf að fá viss lán, meðan hann á sínar framleiðsluvörur óseldar, svo að aðstaðan er nákvæmlega hin sama í þessum efnum hjá þessum atvinnuvegum, aðstaða þeirra er sú, að þeir þurfa á vissu fjármagni að halda, frá því að þeir hafa framleitt sínar vörur og þangað til þeir geta selt þær. Þess vegna er ekki hægt að halda því fram með neinum rétti, að aðstaða iðnaðarins sé einhver önnur í þessum efnum en landbúnaðar og sjávarútvegs. Hér eru vandamálin hin sömu hjá þessum atvinnuvegum, og þeir eiga að vera jafnréttháir, á að leysa þau á sama eða svipaðan hátt. Um það atriði, sem kom fram hjá hæstv. ráðh., að það væri erfitt að framkvæma þetta, vegna þess að það væri mismunandi aðstaða hjá ýmsum iðngreinum, þá held ég, að þetta sé ekki rétt hjá honum, því að einmitt þeir menn, sem hér eiga bezt að þekkja til, sem eru iðnrekendur sjálfir og iðnaðarmenn, hafa hvað eftir annað lagt áherzlu á, að þetta mál næði fram að ganga, og að sjálfsögðu hefði það ekki gert það, ef þeir hefðu ekki talið, að þetta væri framkvæmanlegt.

En þá vildi hæstv. ráðh. gera lítið úr lánsfjárskortinum hjá iðnaðinum. Ég held, að það sé óþarft fyrir okkur að vera að þræta um þetta hér á Alþingi. Þeir menn, sem eru miklu dómbærari um þetta en bæði ég og hæstv. ráðh., hafa kveðið upp úr um þetta og sagt, að lánsfjárskorturinn væri mikill, og það eru iðnaðarmennirnir sjálfir, þeir, sem bezt þekkja til, hvernig ástatt er í þessum efnum.

Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðh., að lán til iðnaðarins hafa heldur aukizt tölulega á undanförnum árum, en þörfin fyrir lánsfé virðist þó hafa aukizt enn meira, sem er ekkert óeðlilegt, eins og fjármálaþróunin hefur verið hjá okkur að undanförnu. Hin miklu verðbólga, sem hefur verið í landinu á undanförnum árum, hefur gert það að verkum, að þörfin fyrir lánsfé hjá atvinnuvegunum hefur stórkostlega aukizt og það ekki síður hjá iðnaðinum en öðrum atvinnuvegum, þannig að þótt það fjármagn, sem atvinnuvegirnir hafa fengið til umráða, hafi heldur aukizt, hefur það hvergi nærri nægt til þess að vega á móti hinni vaxandi þörf, sem skapazt hefur í þessum efnum.

Hæstv. ráðh. skýrði frá því í ræðu sinni áðan, að það mundu verða gerðar ráðstafanir til þess að bæta aðstöðu vélaiðnaðarins, þannig að hann gæti verið samkeppnisfær við erlenda keppinauta hvað snerti þau lán, sem hann veitir sínum viðskiptamönnum. Ég er ánægður yfir því, að hæstv. ríkisstj. hefur hér leyst úr nauðsyn þessarar iðngreinar. En það er að sjálfsögðu ekki nema um takmarkaða lausn að ræða, því að það eru fleiri iðngreinar, sem búa við svipaða erfiðleika í þessum efnum og vélaiðnaðurinn, t. d. skipasmíðastöðvarnar hafa átt við svipaða erfiðleika að stríða í þessum efnum og vélaiðnaðurinn,

þannig að erlendir keppinautar hafa getað boðið miklu betri lánskjör. Ég vildi þess vegna spyrja að því í þessu sambandi, hvort það hefði þá ekki verið tryggt í leiðinni, að skipasmíðarnar nytu svipaðrar fyrirgreiðslu og vélaiðnaðurinn.

Ég sé svo ekki ástæðu til að þessu sinni að karpa öllu meira við hæstv. ráðh. um þessi mál. Það, sem mestu máli skiptir, er, að þráðurinn frá 1958 verði tekinn upp aftur og iðnaðurinn fái þá fyrirgreiðslu, sem þessi till. fjallar um og hann á fullkominn rétt á, ef hann á að njóta sama réttar og aðrir atvinnuvegir landsins.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það er ekki rétt hjá hv. 5. þm. Reykv. að koma hér á eftir mér upp í ræðustólinn og segja, að ég hafi gert lítið úr lánsfjárskorti iðnaðarins. Ég held, að það sé alls ekkert í minni ræðu, sem túlka megi þannig, að ég hafi gert lítið úr lánsfjárskorti iðnaðarins. En ég vakti athygli á því, að það er ekki rétt að horfa fram hjá því, þegar menn eru að tala um lánamál einnar atvinnugreinar hér, að á fjölmörgum sviðum hefur á undanförnum árum verið stórlega bætt úr lánsfjáraðstöðu iðnaðarins, og það er ekki vaxandi lánsfjárskortur hjá atvinnugrein, sem hefur þó fengið það miklar úrbætur í sambandi við þessi mál eins og raun ber vitni. Það var náttúrlega oft og tíðum þröngt fyrir dyrum hjá iðnaðinum um lánsfjármál, og það var á þeim tímum, sem flokkur hv. þm. hafði mest ráð í þessu landi. Það var bara lítið talað um, að það þyrfti að efla iðnaðinn þá eða veita honum meiri lán, og þetta er eitthvað nýtilkomið, þessi mikli áhugi hér hjá þessum hv. þm. fyrir iðnaðinum.

Sannast að segja er mér alveg ljóst, að iðnaðurinn hefur átt og á í vök að verjast. Ég held, að ég hafi bæði innan þings og utan stuðlað að einhverju leyti, eftir því sem mér hefur verið fært, að öllum þeim málum, sem hafa miðað að eflingu eða betri lánsfjáraðstöðu þessarar atvinnugreinar, bæði í sambandi við setningu Iðnaðarbankans hér á þingi, þegar löggjöf var um það sett, með eflingu iðnlánasjóðs með löggjöf hér á þingi, með lánveitingum í Framkvæmdabankanum sem einn aðili, sem þar á hlut að máli, og í sambandi við lausaskuldir iðnaðarins bæði með stuðningi við frv. og breyt. á því á s. l. þingi, og einnig hef ég verið að vinna að því máli nokkuð sleitulaust síðan að reyna að koma því í framkvæmd. Hitt er svo alveg rétt, að ég hef talað miklu minna um þessi mál hér á þingi og hvað ég bæri iðnaðinn mikið fyrir brjósti heldur en hv. 5. þm. Reykv. núna upp á síðkastið. Það var hins vegar dauðaþögn hjá þessum hv. þm. áður fyrr um hagsmuni iðnaðarins.

Það er misskilningur hjá hv. 5. þm. Reykv., að ég hafi sagt eða ætlað að segja, — kann þá að vera að einhverju leyti mín sök, — að aðstaða atvinnugreinanna varðandi lánsfjárþörf þeirra væri allt önnur og ekki sambærileg, landbúnaðar, sjávarútvegs og iðnaðar. Hafi menn skilið mig þannig, þá er ástæða til þess að leiðrétta það. Það, sem ég vildi hafa sagt og taldi, að ég hefði sagt með minni fyrri ræðu, var þetta, að það væru ákaflega ósambærilegir möguleikarnir til þess að framkvæma þessi endurkaup á afurðavíxlum, sem hér er um að ræða, ekki fyrir það, að iðnaðurinn í heild ætti ekki að njóta jafnréttis við aðrar atvinnugreinar á þessu sviði eins og öðrum. Þetta sjá menn og skilja náttúrlega ósköp vel, þegar málið er hugleitt. Landbúnaðurinn framleiðir sína landbúnaðarvöru, allir bændur sömu tegundar, sjávarútvegurinn sína framleiðslu, að langmestu leyti vöru sömu tegundar. Þetta er í stórum birgðum frá vertíð til vertíðar hjá útveginum, og afurðir landbúnaðarins falla til einnig á ákveðnum árstíðum. Hér er þess vegna í framkvæmdinni tiltölulega hægt um vik að koma við sambærilegri lánastarfsemi. Hins vegar er iðnaðurinn í fjölþættum framleiðslugreinum mjög mismunandi tegundar og að mjög mismunandi magni frá einni iðngrein til annarrar, frá einu iðnfyrirtæki til annars, og það var þetta, sem ég vakti athygli á eða vildi hafa vakið athygli á, og í því sambandi sagði ég, að hefði m. a. verið þrándur í götu þess, að fram til þessa hefði tekizt að koma þessari hugsun í framkvæmd, að iðnaðurinn hefði einhverja svipaða aðstöðu og landbúnaður og sjávarútvegur með því að fá afurðavíxla sína endurkeypta í Seðlabankanum. En til þess að Seðlabankinn endurkaupi framleiðslu- og hráefnavíxla eða afurðavíxla, eins og kallað hefur verið, hjá iðnaðinum, þarf þessi iðngrein fyrst að hafa afurðavíxla og hráefnavíxla, eins og útvegurinn hefur haft og eins og landbúnaðurinn hefur haft, þegar viðskiptabankarnir lána fyrst út á afurðirnar og síðan endurkaupir Seðlabankinn af bönkunum þessa víxla. En viðskipti iðnaðarins við viðskiptabankana eru bara með allt öðrum hætti. Þau eru í umsömdum lánum, ýmist föstum lánum með veðum í fasteignum, hlaupareikningsviðskiptum eða stuttum og tímabundnum víxlum, án þess að þeir séu eða hafi verið fram til þessa bundnir nokkuð tiltekið við tiltekna framleiðslu iðnaðarins. Það kann að vera, að það sé hægt að ráða bót á þessu, og ég er ekki í nokkrum vafa um, að það mætti að verulegu leyti endurkaupa eitthvað af víxlum, sem lánað væri til iðnaðarins út á framleiðsluvöru, sem iðnaðurinn liggur með á lager. Það yrði þá langsamlega og í ríkustum mæli hjá nokkrum, örfáum langstærstu iðnfyrirtækjunum, sem þannig stendur á um. Þær framleiða — við skulum segja eins og í vélaiðnaðinum — svo og svo mikið af vélum og tækjum til síldarverksmiðja og frystiiðnaðarins o. s. frv. Við vitum líka t. d. um eitt fyrirtæki eins og Hampiðjuna, veiðarfæraframleiðslu hennar. Hún hefur oft legið með stóra lagera. Út af fyrir sig er þarna lítill vandi, ef viðskiptabankarnir hefðu beinlínis

lánað út á þessa lagera og með veð í þessum lagerum, sem þeir hafa yfirleitt ekki gert, og Seðlabankinn endurkeypti þessa víxla og viðkomandi aðilar fengju svo þar af leiðandi frekari lán hjá sínum viðskiptabönkum. En það er mikið af fyrirtækjum, sem liggur með þessa stóru lagera, sem nokkru um munaði, eða lánað hefur verið út á í því formi, að til endurkaupa kæmi. Það þyrfti þá fyrst í stað að breyta fyrirkomulagi því, sem venjan hefur skapað um lánin hjá viðskiptabönkunum til iðnfyrirtækjanna, áður en til endurkaupa kæmi, og þá mundu menn fljótt reka sig á það, að þarna er aðstaðan afskaplega ólík.

Við skulum þess vegna hafa út úr heiminum allan misskilning okkar á milli, hv. 5. þm. Reykv. og ég, að við séum ekki sama sinnis um það, að iðnaðurinn eigi að njóta jafnréttis á þessu sviði sem öðrum við aðrar atvinnugreinar, en aðeins hitt, að ég er að vekja hér athygli á því, að þegar til framkvæmdanna kemur, er allt önnur aðstaða, og það hefur því miður dregið úr möguleikunum að létta iðnaðinum lánsfjárerfiðleikana í þessu formi. En einmitt vegna þess hefur m. a. í ýmsu öðru formi verið reynt að létta lánsmöguleika iðnaðarins og bæta úr lánsfjárþörfinni og því er að sjálfsögðu rétt að halda áfram, og að mínum dómi er einnig rétt að halda áfram að kanna, að hve miklu leyti, í hve ríkum mæli og með hverjum hætti t. d. væri hægt að styðja iðnaðinn af hálfu Seðlabankans, sem þá, ef hann að einhverju leyti tæki við lánum frá viðskiptabönkunum, mundi létta á þeim og bæta þeim aðstöðu sína til þess á annan hátt að veita iðnaðinum bæði meiri rekstrarlán og stofnlán heldur en þeir hafa gert fram til þessa.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Þegar till. um það mál, sem hér er nú til umr., hafa verið ræddar hér stundum áður á Alþingi, þ. e. a. s. um að taka upp þann hátt að veita innlenda iðnaðinum sams konar rétt til afurðalána frá Seðlabankanum og vissar greinar sjávarútvegsins og landbúnaðarins hafa notið að undanförnu, þá hef ég stundum gert hér aths. við þann málflutning, sem hafður hefur verið uppi í sambandi við flutning á þessum till., og mér þykir ástæða til þess að gera hliðstæða aths. hér enn einu sinni.

Þeir, sem standa að flutningi þeirrar till., sem hér liggur fyrir, virðast leggja á það höfuðáherzlu í málflutningi sínum, að íslenzkur iðnaður sé sérstök hornreka í sambandi við lánveitingar og hann fái ekki að njóta sömu réttinda og sjávarútvegur og landbúnaður. Og þessu halda þessir menn fram hér ár eftir ár, þó að þeir hafi verið leiðréttir í þessum efnum, og ég fullyrði nú orðið, að þeir halda þessu fram gegn betri vitund. Það hefur aldrei verið um það að ræða, t. d. gagnvart sjávarútveginum, að sjávarútvegurinn sem heild geti fengið endurkaupalán, þ. e. a. s. þessi lán, með sérstökum vöxtum, sem Seðlabankinn leysir út, því að stórar greinar sjávarútvegsins geta ekki fengið þessi lán. Þessi lán eru miðuð við alveg tiltekna framleiðslu. Á löngu tímabili var það svo, að okkar togaraútgerð var um það bil helmingurinn af allri okkar útgerð. Þá var ekki um nein afurðalán út á allan togarareksturinn að ræða og er ekki enn. Þó að togararnir framleiddu fyrir mörg hundruð millj. kr., var ekki um það að ræða samkv. þeim reglum, sem í gildi voru, að hægt væri að fá þessi svonefndu afurðalán eða Seðlabankinn veitti lán til þeirrar sjávarútvegsframleiðslu. Um það er ekki að ræða. Þannig mætti vitanlega taka fleiri greinar hjá sjávarútveginum, þar sem þessi lán koma ekki til greina. En það, sem um hefur hins vegar verið að ræða, er það, að þær reglur hafa gilt, að Seðlabankinn hefur skuldbundið sig til þess að lána tiltekinn hluta út á þær afurðir til útflutnings, sem eru framleiddar og er orðið öruggt um sölu á. Seðlabankinn er því að veita tiltekið lán út á raunveruleg gjaldeyrisverðmæti, sem bíða þess að breytast í harðan pening. Það er það, sem um er að ræða.

Þetta kemur t. d. alveg glögglega fram hjá okkur á hverju ári svo að segja í sambandi við síldarsöltun. Á þeirri stundu, sem tilkynning kemur frá síldarútvegsnefnd um það, að nú sé búið að salta upp í gerða samninga, sú síld. sem eftir tiltekinn dag er látin í tunnurnar, sé ekki fyrir fram seld og það sé í óvissu um það, hvernig fari um sölu á þessari síld, þá tilkynnir Seðlabankinn: Við lánum ekki út á þessa síld, þótt hún sé framleidd. Um endurkaupalán er þar ekki að ræða. Það er því alveg augljóst mál, að gagnvart sjávarútveginum hefur verið um það að ræða að veita þessi afurðalán, þessi endurkaupalán, með nokkuð sérstökum kjörum og með lægri vöxtum út á framleidda útflutningsvöru. Og iðnaðurinn hefur notið hins sama. Það er þá a. m. k. nýlega, ef breyting hefur orðið á í þeim efnum. Ég veit, að þann tíma, sem ég var í ríkisstj., giltu nákvæmlega sömu reglurnar, og endurkaupalán voru veitt úr Seðlabankanum með sams konar vaxtakjörum út á þær iðnaðarvörur, sem framleiddar voru til útflutnings og vitað var um söluverð á, og ég fyrir mitt leyti segi það enn, að það væri hreint óvit að setja upp slíkar reglur að neita íslenzkum iðnaði um sams konar fyrirgreiðslulán frá Seðlabankanum í sambandi við vöru, sem iðnaðurinn framleiðir til sölu á erlendum markaði.

Þeir, sem eru í raun og veru að kvarta undan því, að íslenzkur iðnaður eigi í lánsfjárerfiðleikum, eiga því að reka mál sitt á allt öðrum grundvelli en þeir gera. Þeir eru raunverulega með þessum málflutningi, — og það er mjög farið að bera á því hér í framkvæmd líka, — þeir eru að grafa undan þeim sjálfsagða stuðningi, sem þarna á sér stað til hinna atvinnuveganna, sem fullkomin rök eru fyrir að veita. Það hefur einmitt borið á því í umr. hér á Alþingi nú síðustu árin, að það er farið af vissum aðilum að reyna að halda

því fram, að Seðlabankinn geti ekki með góðu móti frá peningalegu sjónarmiði séð veitt þessi afurðalán út á framleiddar útflutningsvörur, einmitt út frá þessari villukenningu, að það sé verið að mismuna eitthvað nú milli sjávarútvegs og iðnaðar í þessum efnum. En það er rangt. Ég skil það mætavel, að íslenzkur iðnaður á nú við lánsfjárskort að stríða, það er rétt. Í mörgum greinum skortir iðnaðinn lánsfé, og það er mál út af fyrir sig, hvernig á að leysa það. En það er heldur ekkert vit í því að taka allan íslenzkan iðnað þar í eitt númer og ætlast til þess, að nákvæmlega sömu reglurnar gildi til aukinna lánveitinga til allra greina iðnaðarins. Þeir, sem reka þetta mál á þeim grundvelli, vinna íslenzkum iðnaði ekkert gagn. Það er vitanlega engin ástæða til þess að setja hér upp reglur, sem fyrirskipa Seðlabankanum að lána jafnmikið út á framleiðslu súkkulaðiverksmiðju og annarrar verksmiðju, sem framleiðir miklu nytsamari varning en súkkulaðið er. En sá málflutningur, sem hér hefur verið hafður í frammi, m. a. af flm. þessarar till., bendir alveg í þá átt, að það eigi að setja reglur um það að skylda Seðlabankann til þess að lána öllum íslenzkum iðnaði út á hvaða framleiðslu sem er eftir sömu reglum.

Nei, það á vitanlega að gera sér grein fyrir því, að ákveðnar framleiðslugreinar innlenda iðnaðarins eru þurfandi fyrir aukið fé, og það á að reyna að leysa fjárhagsmálefni þeirra greina, og það er mikil þörf á því í ýmsum greinum. En það á ekki að vinna að því að leysa það mál á þann hátt að stagast á þeim ósannindum, að það sé verið að mismuna almennt íslenzkum iðnaði og íslenzkum sjávarútvegi í sambandi við þessi lán. Við erum ekki einir þjóða með reglur um það að hafa nokkuð sérstök lánskjör fyrir þá framleiðslu, sem miðuð er við útflutning. Það er einmitt það, sem hér hefur nú komið fram í þessum umr. og við erum að verða svo áberandi varir við, þegar við kaupum t. d. frystivélar og þurfum á þeim að halda hér, þegar við kaupum þær erlendis frá, þá getum við fengið þessar frystivélar keyptar með þeim kjörum, að svo sem ¾ af verðinu fást lánaðir til 4—5 ára. En þegar við þurfum að kaupa þessar frystivélar af innlendri framleiðslu hér, segir sú framleiðsla, að hún geti ekki veitt lán á þessu til neins tíma, hún verði að fá þetta borgað strax.

Hvað er það, sem þarna er að gerast? Það er það, að erlendar þjóðir hafa sett upp þær reglur hjá sér, að þær eru að greiða fyrir þeirri iðnaðarframleiðslu sinni, sem er seld út úr landinu. Þar geta framleiðslufyrirtæki þau, sem eru að framleiða fyrir erlendan markað, fengið lán til þeirrar framleiðslu með sérstökum vaxtakjörum og sérstakri fyrirgreiðslu ríkisins. En þessi sömu fyrirtæki erlendis fá ekki sams konar fyrirgreiðslu þar eins og þau fá til þess að standa undir svonefndum export-credit lánum, þau fá það ekki til þeirrar framleiðslu, þó að sömu tegundar sé, sem er ætluð fyrir heimamarkað.

Það er sem sagt enginn vafi á því, að það eru bæði peningaleg rök fyrir því og frá beinu bankalegu sjónarmiði er það hægt og frá þjóðhagslegu sjónarmiði er það rétt og nauðsynlegt að hafa ákveðnar reglur, ekki ósvipaðar þeim, sem við höfum nú í sambandi við framleiddar útflutningsvörur sjávarútvegsins, til þess að gera útflutning kleifan, til þess að stuðla að útflutningsframleiðslu, og það er meira að segja meiri þörf á því hér hjá okkur en mörgum öðrum þjóðum, vegna þess að viðskiptin fara fram á þann hátt hér hjá okkur, að það er lengra bil á milli framleiðslunnar sjálfrar og sölunnar en hjá flestum öðrum þjóðum. Það er ástæða til þess að halda uppi lánum slíkum sem þessum. Og það eru rök fyrir því líka frá peningalegu sjónarmiði. En hitt er allt annað mál, að það er ekki hægt að þenja þessa reglu út í það að ætla að lána hvaða aðila sem er á sambærilegum grundvelli út á þá framleiðslu, sem fer á innanlandsmarkaðinn. Um það verða að gilda allt aðrar reglur.

Ég vil svo í tilefni af þessu, sem ég hef hér sagt, undirstrika það, af því að maður þekkir nú svo vel, að það er svo auðvelt að snúa út úr því, sem maður segir, sérstaklega ef maður gerir einhverjar aths. á svipaðan hátt og ég hef gert hér, að með þessum aths. mínum er ég ekki á nokkurn hátt að draga úr því, að reynt verði að liðka til um rekstrarfé handa íslenzkum iðnaði. Ég er þvert á móti þeirrar skoðunar um ýmsar greinar iðnaðarins, að þær þurfi á verulega auknu rekstrarfé að halda. En sú leið, sem stungið er sérstaklega upp á í þessari till., ég álít, að hún sé ekki framkvæmanleg, hún eigi ekki rök fyrir sér heldur. Og ég vara við því að ætla að sækja þetta mál fyrir íslenzkan iðnað á þeim grundvelli sérstaklega að tefla fram rökum, sem gætu orðið til þess, að niður kynnu að verða felld þau lán, sem nú standa að svo miklu leyti eins og raun ber vitni um undir okkar sjávarvöruframleiðslu og útflutningsframleiðslu.

Í þessu efni ætla ég ekki að fara neitt inn á lánveitingar til landbúnaðarins. Það er talsvert mikið annað að segja um þau lán frá almennu, peningalegu sjónarmiði heldur en um útflutningsvöru sjávarútvegsins, enda hafa verið gerðar alveg sérstakar ráðstafanir til þess að hafa peninga þar á móti í bankakerfinu, svo að hægt væri að standa undir þeim lánum.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Ég skal reyna að verða fáorður, herra forseti, enda get ég komizt af með stutt mál.

Í sambandi við ræðu hv. síðasta ræðumanns vil ég segja það, að ég held, að hún hafi verið byggð á mjög miklum misskilningi. Hv. þm. virðist líta þannig á, að ekki sé neitt annað gjaldeyrisverðmæti en vörur, sem hægt er að flytja út. En að sjálfsögðu eru þær vörur, sem eru framleiddar í landinu sjálfu

og spara innflutning, líka gjaldeyrisverðmæti og verka alveg á sama hátt. Og það er að sjálfsögðu ekkert minna nauðsynlegt að efla þær atvinnugreinar, sem spara okkur innflutning, heldur en þær, sem stuðla að útflutningi. Báðar þessar atvinnugreinar eru jafnnauðsynlegar, og við þurfum að leggja kapp á að efla þær báðar. Þess vegna er það hreinn misskilningur hjá hv. þm., að það eigi ekki að veita þeim iðnaði, sem framleiðir fyrir innlendan markað, svipaða fyrirgreiðslu og þeim atvinnuvegum, sem framleiða fyrir útlendan markað, svo framarlega sem við á annað borð álítum, að hér sé um nauðsynlega framleiðslugrein að ræða.

Það er líka mesti misskilningur hjá hv. þm., þegar hann er að tala um, að þessi till. mundi verða til þess að grafa grunninn undan þeirri aðstöðu, sem aðrir atvinnuvegir, þ. e. a. s. landbúnaður og sjávarútvegur, hafa notið hingað til. Hér er ekki farið fram á annað en iðnaðurinn njóti sömu aðstöðu og þessir atvinnuvegir hafa haft, en ekki, að það sé verið að taka neitt frá þeim. Og hv. þm. veit mætavel, að það eru ekki nein vandkvæði á að framfylgja þessu af hálfu Seðlabankans. Hann veit það ekki síður en ég, að það eru mörg hundruð millj. kr. af frystu sparifé í Seðlabankanum, sem ætti að nota til þess að veita iðnaðinum þessa fyrirgreiðslu. Og það þarf ekki að taka neitt frá neinum með því að láta iðnaðinn búa við sömu aðstöðu og aðrar atvinnugreinar hvað þetta snertir.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að segja meira um það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði. Ég held, að þegar hann athugar þessi mál betur og með dálítið meiri yfirsýn, komist hann að þeirri niðurstöðu, að hans ummæli flest hér hafi verið byggð á þeim misskilningi, að það sé eitthvað ónauðsynlegra að framleiða verðmæti og vörur, sem spara innflutning, heldur en þær, sem hægt er að flytja út.

Í tilefni af því, sem hæstv. ráðh. sagði, þarf ég ekki heldur að segja margt. Hann mótmælti því, að hann hefði gert lítið úr lánsfjárskorti iðnaðarfyrirtækja. En ég held, að hæstv. ráðherra hafi orðað þetta þannig, að bæði ég og málgögn iðnaðarins hefðu gert of mikið úr lánsfjárskortinum, svo að ég hygg, að það hafi ekki verið fjarri lagi, sem ég hafði eftir honum. Þá held ég, að það gildi um hæstv. ráðh., að hann geri allt of mikið úr þeim tæknisku framkvæmdaörðugleikum, sem eru á því, að hægt sé að veita iðnaðinum hliðstæð lán og landbúnaði og sjávarútvegi hvað þetta snertir. Hér þarf vitanlega, á sama hátt eins og óseld framleiðsla sjávarútvegs og landbúnaðar er metin nú, að finna reglur til þess að meta óselda framleiðslu og þær birgðir, sem iðnaðurinn liggur með, á sama hátt og veita lán út á það. Og ég held, að það sé ekki neinn erfiðleiki að finna reglur fyrir þessu, ef það mál er tekið til einhverrar athugunar. Enda er það áreiðanlegt, að það er ekki vegna þessa atriðis, sem það hefur strandað, að till. Alþingis frá 1958 kæmi til framkvæmda, heldur hitt, að það hefur verið stefna stjórnarvaldanna að stuðla að vissum lánsfjárskorti í landinu, og af þeim ástæðum hefur m. a. verið haldið í þessi lán. En íslenzkur iðnaður er þannig staddur í dag, að hann þolir ekki, að það sé búið að honum á þennan hátt. Hann þolir það ekki, að hann búi við meiri lánsfjárskort en erlendir keppinautar og önnur vaxtakjör. Í erlendum iðnaði gerist það nú í risaskrefum, að framleiðnin eykst, og við þurfum að vinna að því ekki síður hér á landi en annars staðar að auka framleiðnina. En að sjálfsögðu er það einn mesti þrándur í götu hennar, þegar ekki fæst lánsfé til að gera þær framkvæmdir, sem nauðsynlegar eru til að auka framleiðnina. En það gengur vitanlega út yfir framleiðnina, þegar iðnfyrirtækin þurfa að nota það fé, sem þau gætu notað í þeim tilgangi, sem rekstrarfé og eru samt í skorti með starfsemina. Þess vegna út frá því sjónarmiði einu, að við þurfum að auka framleiðni íslenzka iðnaðarins stórkostlega frá því, sem nú er, þá þarf að létta af honum þeim lánsfjárhöftum, sem á honum hvíla í þessum efnum, og þess vegna vænti ég þess, að þessi till. fái góðar undirtektir hjá hv. alþm. nú og einnig hjá hæstv. ríkisstj.

Umr. frestað.

Á 8. og 9. fundi í Sþ., 4. og 6. nóv., var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 10. fundi í Sþ., 11. nóv., var fram haldið einni umr. um till.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það eru nú liðnir allmargir dagar síðan umr. var frestað hér um þetta mál, en þá hafði ég kvatt mér hljóðs til þess að gera hér stutta aths. út af ummælum, sem hv. 5. þm. Reykv. lét hér falla um það, sem ég hafði sagt um mál þetta. En það er nú svo, þegar þannig stendur á, að langt er um liðið frá umr., þá er næstum að segja þörf á því að fara að rifja upp mikið af því, sem áður hafði verið sagt, til þess að menn megi skilja samhengið í málflutningi. En aðalatriðið í því, sem hv. 5. þm. Reykv. hafði sagt í tilefni af ummælum mínum, var, að hann taldi, að mínar aths. væru í rauninni á misskilningi byggðar, vegna þess að ég hefði ekki gætt þess, að í rauninni væri jafnmikil þörf á því að veita lán til þeirrar framleiðslu í landinu, sem sparar landsmönnum gjaldeyri, eins og til hinnar framleiðslunnar, sem er til gjaldeyrisöflunar fyrir landið. Og hann vildi því telja, að það væri jafneðlilegt út af fyrir sig, að Seðlabankinn veitti lán til hvers konar smáiðnaðar, sem rekinn er í landinu, eins og t. d. út á framleidda útflutningsvöru, sem hann lánar eftir föstum reglum út á, eins og mönnum er kunnugt um.

Þeir, sem tala á þessa lund sem hv. 5. þm. Reykv. gerði, gera í rauninni engan mun á

því, hvaða starfsemi seðlabanki á að hafa og aftur aðrir viðskiptabankar. Þeir virðast líta þannig á, að banki sé banki og það verði að gilda nákvæmlega sömu almennu reglurnar um alla banka. En þessu er ekki svona farið. Mér er það alveg ljóst, að það væri vitanlega á sama hátt hægt að segja, eins og rétt þykir, að Seðlabankinn veiti lán með þeim hætti, sem hann gerir nú út á framleiddar útflutningsvörur sjávarútvegsins, að jafnmikil þörf væri á því, að Seðlabankinn lánaði útgerðinni lán t. d. til þess að kaupa sér veiðarfæri, kaupa olíu til rekstrarins og annað þess háttar. Auðvitað verður útgerðin ekki rekin, nema fé sé til staðar til þess að kaupa þessar nauðsynjavörur, og ef sá, sem annast útgerðarreksturinn, á ekki nægilegt fé til sjálfur til þess að leggja í það að kaupa þessar nauðsynlegu vörur, þá þarf vitanlega reksturinn að fá lán í þessu skyni. En engum manni hefur vitanlega komið til hugar að setja upp þá kröfu, að seðlabanki landsins færi að lána útgerðinni í landinu til þess að kaupa þessi veiðarfæri eða til þess að kaupa olíu. Með slíka lánsbeiðni snúa menn sér til viðskiptabankanna, af því að það er þeirra verksvið að annast um slík lán. Hins vegar er það verksvið Seðlabankans að lána öðrum bönkum, miðla fé í vissum tilfellum eða að lána ríkissjóði stutt lán, sem öruggt má telja að ríkissjóður geti aftur endurgreitt, venjulega á sama ári, eða þá að Seðlabankinn lánar stutt lán út á gjaldeyrisvöru, sem framleidd er og nokkurn veginn er tryggt með sölu á og skilar sínu andvirði í hendur Seðlabankans innan tíðar. Þessa starfsemi á Seðlabankinn að hafa með höndum með eðlilegum hætti. Hins vegar er það hlutverk viðskiptabankanna í landinu að lána til hvers konar annarrar starfsemi eða framleiðslu í landinu, sem aðallega gengur þar manna á milli.

Það er enginn ágreiningur, eins og ég hef sagt hér áður, á milli mín og hv. 5. þm. Reykv. um, að það geti verið mikil þörf á því að útvega lán handa innlendum iðnaði, og ég efast ekkert um það, að ýmsar iðngreinar okkar þurfa á auknu lánsfé að halda. Og ég vil standa með honum í því að gera kröfur um það, að úr þessu verði bætt. En mér dettur hins vegar ekki í hug að koma fram með þá kröfu, að það skuli verða hlutverk Seðlabankans út af fyrir sig að leysa úr slíkri lánafyrirgreiðslu. Það er óeðlilegt. Það stenzt ekki. En þegar þannig stendur á hjá iðnaðarfyrirtækjum, að þau framleiða vöru til útflutnings, sem tryggð er sala á, þá eiga þau að hafa nákvæmlega sama rétt eins og t. d. sjávarútvegurinn til þess að njóta lánanna úr Seðlabankanum.

Ég tók líka eftir því, að hv. 5. þm. Reykv. sagði hér, að Seðlabankinn gæti vel veitt þessi endurkaupalán til iðnaðarins, vegna þess að það væri búið að draga inn svo mikið af sparifé landsmanna og binda í Seðlabankanum. Ég skal taka undir það með honum, að þegar það er gert, að sparifé landsmanna er dregið inn í Seðlabankann, þá skapar það Seðlabankanum aðstöðu til þess að geta farið að taka að sér almenn viðskiptalán, það er rétt. En nú veit ég, að hv. 5. þm. Reykv. er eins og ég á móti þessari sparifjárbindingu og leggur til, að henni verði hætt, og sá, sem er á móti þessari sparifjárbindingu og leggur til, að henni verði hætt, getur ekki á sama tíma komið fram með till. um, að það verði farið að efna til lánveitinga úr Seðlabankanum einmitt í krafti þessarar lánsfjárbindingar. Slíkt er vitanlega ekki hægt heldur. Í þessum efnum verður maður að vera samkvæmur sjálfum sér og halda sér fast við efnið.

Ég veit, að það er rétt, að það er uppi sú tilhneiging nú að fara einmitt inn á þessa braut, og það kom í fyrsta skipti fram á síðasta þingi. Þá kom einmitt fram hér till. á vegum hæstv. ríkisstj. um, að þessi einkennilegi háttur yrði hafður á, að það yrði aukið við sparifjárbindinguna í Seðlabankanum, væri dregið þangað inn meira fé, og það var rökstutt með því, að síðan ætti Seðlabankinn að taka að sér að lána m. a. innlendum iðnaði eða öðrum slíkum aðilum. En þá er að mínum dómi farið að snúa hlutunum við og haga þeim hér á landi á allt annan veg en þekkist í öllum öðrum löndum. Sparifé og önnur söfnun, sem getur átt sér stað og á að koma auðvitað inn í viðskiptabankakerfi landsins, á að nota til þess að lána almenn rekstrarlán og til að greiða fyrir ýmiss konar framleiðslu. En það er ekki neinum til góðs að fara að hafa þann hátt á að draga fé með valdi inn í Seðlabankann og ætla svo að láta Seðlabankann fara að taka að sér almenn viðskiptabankastörf.

Ég þarf í rauninni ekki að gera frekari athugasemd við það, sem hér var sagt. Ég veit það, að við hv. 5. þm. Reykv. skiljum vel hvor annan, og ég er næstum viss um það líka, að flestir alþm. hafa skilið meginatriði þessara mála. Mín afstaða er þessi: Ég vil í fyrsta lagi gera mikinn mun á því, þegar rætt er um íslenzkan iðnað, hvaða iðngreinar eiga í hlut. Ég vil ekki leggja allan íslenzkan iðnað þar undir ein og sömu ákvæði. Ég vil ekki skylda neinn banka í landinu til þess, að hann skuli lána öllum íslenzkum iðnaði, hverrar tegundar sem hann er, ákveðin framleiðslulán. Ég geri t. d. í þessum efnum mjög mikinn mun á því, hvort á að veita lán til okkar mjög svo þarfa járnsmíðaiðnaðar eða t. d., eins og ég hef nefnt hér áður, til sælgætisgerðar. Ég vil ekki leggja þetta að jöfnu. Ég vil ekki skylda neinn banka til þess að kaupa framleiðsluvíxla hvors um sig eftir sömu reglum. Og í öðru lagi er það afstaða mín, að það sé mikil þörf á því að leysa úr lánaþörf ýmissa iðngreina og það sé hægt að gera það. En ég vil ekki heldur gera það með því að leggja kvaðir á Seðlabankann, sem augljóslega leiða til þess, að hann fer að binda til sín sparifé með þeim hætti, sem gert hefur verið, eða kæmi hér á fót óeðlilegri bankastarfsemi. Og ég vil ekki heldur reka

þetta mál á þann hátt að halda því fram, að sjávarútvegur okkar njóti í þessum efnum varðandi seðlabankalánin nokkurra sérstakra hlunninda fram yfir aðra atvinnuvegi landsins, því að það gerir hann ekki.

Það mundi hvergi sýnast mikið, þó að hægt sé að fá lán til nokkurra mánaða úr seðlabanka út á framleidda útflutningsvöru og þegar selda, eins og nú er gert. En þeir, sem flytja málefni iðnaðarins á þeim grundvelli, sem hér hefur að talsverðu leyti verið gert, eru raunverulega að taka þátt í því að grafa undan því, að sjávarútvegurinn t. d. fái haldið þeim lánum, sem hann hefur í þessum efnum, en oft og tíðum einmitt heyrist á það minnzt, að hann njóti þarna sérstakra hlunnindalána, sem vafasamt sé að veita honum. Allar aðrar starfsgreinar landsmanna geta notið hins sama, ef eins stendur á fyrir þeim, að þær eru að framleiða vöru, sem þegar er seld fyrir erlendan gjaldeyri. Um vörur, sem seldar eru hér almennt á innanlandsmarkaði, gildir allt annað, og það er í rauninni hlutverk viðskiptabankanna að sjá um rekstrarlán í slíkum tilfellum.

Þetta er sem sagt í aðalatriðum mín afstaða í sambandi við þann málflutning, sem hér hefur komið fram hjá flutningsmönnum þessarar till.

Umr. frestað.

Á 12. fundi í Sþ., 18. nóv., var enn fram haldið einni umr. um till.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 13. fundi í Sþ., 19. nóv., var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

3. Tæknistofnun sjávarútvegsins.

Á deildafundum 19. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um tæknistofnun sjávarútvegsins [20. mál] (A. 20).

Á 4. fundi í Sþ., 21. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 7., 8. og 9. fundi í Sþ., 28. okt., 4. og 6. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 10. fundi í Sþ., 11. nóv., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Till. þá til þál., sem er hér til umr., flutti ég einnig á síðasta Alþingi, en hún hlaut þá ekki afgreiðslu. Ég vil nú freista þess að flytja hana á ný í þeirri von, að betur gangi, því að hvað sem segja má um þá stefnu, sem mörkuð er í till., þá mun engum hv. alþm. blandast hugur um, að þar er hreyft við mikilvægu máli, sem verður að fá farsæla lausn, eftir hvaða leiðum eða í hvaða formi sem það verður. Hér er að mínum dómi um að fjalla eitt brýnasta nauðsynjamál sjávarútvegsins í dag og á komandi tímum, og ég er sannfærður um, að með hverju ári, sem líður án þess að hér sé hafizt handa um margþætta og vel skipulagða leiðbeininga- og tilraunastarfsemi í þágu fiskveiða, þá sé ótöldum milljónatugum varpað á glæ og jafnframt látið hjá liða að afla í þjóðarbúið verðmæta, sem kynnu að nema mjög háum upphæðum.

Ég varð þess greinilega var, eftir að ég flutti þessa þáltill. í fyrra, að meðal sjómanna og útvegsmanna er mikill og vaxandi áhugi á þessum málum. Ég vil því mega vænta þess, að hv. Alþingi, sem nú situr, gefi þessu máli hinn fyllsta gaum og afgreiði það á jákvæðan og farsælan hátt.

Það þarf í rauninni ekki að fara um það mörgum orðum, að grundvöllur framfara og bættra lífskjara í nútímaþjóðfélagi er aukin þekking, aukin tækni, sem ekki hvað sízt hlýtur að byggjast á umfangsmikilli upplýsinga- og rannsóknarstarfsemi. Það er staðreynd, að framleiðni í íslenzkum sjávarútvegi er mikil, ekki aðeins miðað við aðra íslenzka atvinnuvegi, heldur einnig miðað við atvinnuvegi í háþróuðum löndum. Magn og verðmæti sjávarafla hefur að undanförnu vaxið mjög verulega ár frá ári. Að langmestu leyti má þakka þetta bættum skipakosti og nýrri veiðitækni. Einkum liggur þetta í augum uppi að því er varðar síldveiðarnar, þar sem nú aflast með ágætum við aðstæður, sem fyrir nokkrum árum hefðu þýtt algeran aflabrest á síldveiðum. Á hinu leikur hins vegar enginn vafi, að framleiðni í sjávarútvegi má enn aukast stórlega, og það telst ekki neitt vanmat á öðrum atvinnuvegum í því, þótt staðhæft sé, að afkoma okkar og möguleikar til að lifa góðu lífi hér á landi í náinni framtíð sé að ákaflega miklu leyti undir því komin, að hér verði stundaðar fiskveiðar og fiskiðnaður á grundvelli fullkominnar tækni, verkmenningar og vísindalegrar þekkingar.

Miðað við mikilvægi sjávarútvegsins skortir enn ákaflega mikið á, að leiðbeininga- og rannsóknarstarfsemi í þágu hans sé nægilega mikil og fjölþætt. Að því er sjálf fiskiskipin snertir skortir enn mjög á, að fram hafi farið skipulegar rannsóknir á hæfni þeirra og hagkvæmni við hinar ýmsu veiðar, sem stundaðar eru eða stundaðar kunna að verða hér við land. Þetta gildir bæði um stærð skipa, gerð þeirra og útbúnað. Að sjálfsögðu leitast útgerðarmenn við að laga sig eftir því, sem reynsla sjálfra þeirra og annarra kennir þeim. En

stundum verður sú reynsla nokkuð dýrkeypt og oft og tíðum miklu kostnaðarsamari einstaklingunum og þjóðarbúinu í heild en þurft hefði að vera. Jafnvel það eitt, að föst stofnun hefði með höndum skýrslugerð og miðlun upplýsinga um það, hvaða gerðir og stærðir fiskiskipa skiluðu beztum og hagfelldustum árangri við hinar ýmsu tegundir veiða, jafnvel þetta eitt gæti komið að verulegum notum. En jafnframt þyrfti slík stofnun að hafa bolmagn til þess að aðstoða útgerðarfélög og einstaka útgerðarmenn, sem vildu gera tilraunir með álitlegar tækninýjungar á sviði skipagerðar og skipaútbúnaðar hvers konar. Þá er það ekki síður nauðsynlegt, að fiskveiðiþjóð eins og við Íslendingar komi sér upp tækni- og rannsóknarstofnun, sem hafi með höndum prófun og upplýsingastarfsemi um veiðarfæri og fiskleitartæki. Á hverju ári koma á markað veiðarfæri úr nýjum gerviefnum eða veiðarfæri með nýju sniði. Framleiðendur og seljendur slíkra veiðarfæra og fiskleitartækja hafa að sjálfsögðu tekið sölutækni nútímans í þjónustu sína, og hver um sig heldur fram sinni vöru og gæðum hennar. En meðan hér er engin föst stofnun, sem hefur það sérstaka hlutverk að fylgjast með nýjungum á þessu sviði og kanna þær með tilliti til íslenzkra aðstæðna, þá eiga útgerðarmenn oft úr vöndu að ráða. Þeir vilja að sjálfsögðu fylgjast sem bezt með, og hinir framsæknustu leggja oft í áhættusamar og dýrar tilraunir. Þeir eru að prófa sig áfram með nýjungar bæði að því er varðar skipin, eins og ég sagði, veiðarfæri og fiskleitartæki. Þetta er vitanlega ágætt, svo langt sem það nær, og hefur átt ríkan þátt í þeim tækniframförum, sem hér hafa orðið við sjávarsíðuna, t. d. við síldveiðarnar. En útgerðarmenn og sjómenn þurfa í þessu efni að hafa traustan bakhjarl, eins og tæknistofnuninni er ætlað að verða samkv. þáltill. minni.

Nú fá útvegsmenn t. d. í einstökum tilfellum opinbera aðstoð til að prófa álitlegar nýjungar, sbr. tilraunir með síldardælur og ýmislegt fleira. Í öðrum svipuðum tilfellum er engu líku til að dreifa, og þá yrðu það stundum margir aðilar, sem leggja út í áhættusamar tilraunir samtímis alveg leiðbeininga- og skipulagslaust af opinberri hálfu. Slíkt getur kostað stórfé, án þess jafnvel að árangur verði, eins og nefnd eru dæmi um í grg. fyrir þessari till.

Og loks er það vafalaust, að hingað berast ekki fyrr en þá seint og um síðir ýmsar erlendar nýjungar, sem sjálfsagt væri að prófa hér. Þær berast hingað ekki af þeirri ástæðu, að enn er enginn aðili til, sem hefur það verkefni sérstaklega að fylgjast stöðugt með framvindu þessara mála með öðrum fiskveiðiþjóðum og miðla um þau efni fræðslu, veita tæknilega aðstoð og gera rökstuddar till. um fjárhagsstuðning af opinberri hálfu til styrktar tilraunum og endurbótum í sambandi við skip og veiðar.

Það eru mörg atriði, sem nefna mætti sem dæmi um verkefni slíkrar tæknistofnunar, sem hér er lagt til að sett verði á fót. Ég vil aðeins nefna veiðarfærarannsóknir, rannsóknir á hentugustu stærðum og gerðum skipa til mismunandi veiða, tilraunir og prófanir í sambandi við bætta tækni við löndun á síld og öðrum fiski, tækniaðstoð í sambandi við geymslu hráefnis o. s. frv. Verkefnin eru að heita má óteljandi. Þetta hafa flestar aðrar fiskveiðiþjóðir séð, sumar fyrir löngu, og því hafa þær komið sér upp slíkum leiðbeininga- og tilraunastofnunum, og ég hygg, að þær hafi yfirleitt gefið mjög góða raun.

Ég tel mig naumast þurfa að færa að því fleiri rök, hver nauðsyn okkur er á að taka þessi verkefni miklu fastari tökum en gert hefur verið fram að þessu. Hins vegar vil ég, áður en ég lýk máli mínu, fara um það nokkrum orðum, hvort hagkvæmara muni vera, að sérstakur aðili hafi þetta verkefni með höndum, eins og ég legg til, eða hvort réttara sé að fela það einhverri þeirri stofnun, sem fyrir er á sviði sjávarútvegsins. Fyrir nokkrum árum samdi milliþn. mikið lagafrv. um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Það frv. hefur verið lagt fram hér tvívegis á hv. Alþingi, en ekki náð fram að ganga. Nú hefur það verið lagt fram á ný í upphafi þings, og er þess að vænta, að það verði að þessu sinni tekið hér til rækilegrar meðferðar og hljóti nú afgreiðslu. Í þessu frv. er ráð fyrir því gert, að hluti þeirra verkefna, sem ég legg til að heyri undir tæknistofnun sjávarútvegsins, skuli vera eitt af mörgum viðfangsefnum hafrannsóknadeildar. Þetta fyrirkomulag yrði sjálfsagt til einhverra töluverðra bóta frá því, sem nú er. En að mínu viti er það alls ekki fullnægjandi. Hér er um að ræða svo sérstætt og margbrotið starfssvið, að sjálfstæð stofnun, sem hefði töluvert starfslið og allmikið eigið rekstrarfé, er að mínu viti langlíklegust til að skila verulegum og nauðsynlegum árangri. Hitt kynni aftur á móti að koma mjög til greina, að ákvæðum um tæknistofnun sjávarútvegsins væri bætt inn í frv. um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, en þó því aðeins að slík stofnun yrði þá algerlega sjálfstæð deild, jafnrétthá fyrirhugaðri hafrannsóknastofnun og rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, þ. e. að hún yrði sjálfstæð ríkisstofnun með sérstökum forstjóra og sérstakri stjórn. Ég er ekki í neinum vafa um, að slík stofnun gæti á mjög skömmum tíma sannað tilverurétt sinn eftirminnilega með því að stuðla að miklum umbótum og örum framförum á sviði íslenzkra fiskveiða. Hún mundi bæði spara okkur mikið fé, og hún mundi auka gjaldeyrisverðmætin stórlega.

Herra forseti. Ég skal ekki lengja mál mitt meira. Ég legg til, að umr. um þessa þáltill. verði frestað og till. verði vísað til hv. allsherjarnefndar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 11. fundi í Sþ., 12. nóv., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndaráliti frá minni og meiri hl. allshn., á þskj. 504 og 513, var útbýtt 26. og 27. apríl, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

4. Akvegasamband um Suðurland til Austfjarða.

Á deildafundum 20. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um akvegasamband um Suðurland milli Austfjarða og Reykjavíkur [25. mál] (A. 26).

Á 4. fundi í Sþ., 21. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 7., 8. og 9. fundi í Sþ., 28. okt., 4. og 6. nóv., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 10. fundi í Sþ., 11. nóv., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Óskar Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt nokkrum þm. Framsfl. í Suðurlands- og Austfjarðakjördæmi að flytja hér í Sþ. till. til þál., sem er á þskj. 26, um akvegasamband um Suðurland milli Austfjarða og Reykjavíkur, er hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta svo fljótt sem auðið er athuga til hlítar aðstöðu til þess að gera samfelldan akveg um Skaftafellssýslur og hraða þar framkvæmdum við vega- og brúagerðir með það fyrir augum að tengja akvegasamband um Suðurland milli Austfjarða og Reykjavíkur."

Í grg., sem fylgir þáltill. þessari, er að nokkru bent á helztu rök fyrir nauðsyn þess, að hraðað verði, svo sem tök eru á, að fullgera samfelldan akveg um Skaftafellssýslur, er opna mundi vegasambandið milli Austfjarða og Reykjavíkur um Suðurland. Þetta er engan veginn nýtt mál hér á hv. Alþingi. Á nokkrum undanförnum þingum hafa þm. úr Austfjarðakjördæmi og einnig úr Suðurlandskjördæmi flutt þáltill., er hníga í sömu átt í einni eða annarri mynd, er sannar áhuga og þörf fólksins á þeim landssvæðum, er þessir hv. þm. voru og eru umbjóðendur fyrir, um það, að umræddum vega- og brúagerðum verði komið í framkvæmd í Skaftafellssýslu. Því ber að fagna og þakka, að málflutningur þessi hefur vissulega þokað allvel áfram með lagningu Suðurlandsvegar um Skaftafellssýslu, einkum þegar á það er litið, að á þessu landssvæði er við margar og miklar torfærur að glíma, sér í lagi hin rammefldu jökulfljót og miklar vegalengdir. Þó er bót í máli, að aðstaða til vegagerðar er víða allgóð, yfir slétta og langa sanda að fara, þar sem ekki þarf að óttast holklaka, er víða spillir vegum og gerir viðhald þeirra kostnaðarsamt.

Í Austur-Skaftafellssýslu hafa á síðari árum verið byggðar allmargar og kostnaðarsamar brýr. Er nú svo komið, að ekki er eftir þar í sýslu nema ein stórá óbrúuð. Það er Jökulsá á Breiðamerkursandi. Samkv. upplýsingum vegamálastjóra er nú áætlun fyrir hendi um byggingu brúar yfir það fljót, sem mun verða hið mesta stórvirki. Auk þess eru nokkrar minni ár og lækir í austursýslunni, er brúa verður, og eru helztar þeirra Fellsá í Suðursveit og í Öræfum Hrútá og Kotá og Svínafellsá. Að vísu er verið að vinna að undirbúningi brúar á Kotá. Er þess að vænta, að ár þessar verði brúaðar samhliða Jökulsá, svo að full not verði þess mikla mannvirkis, er því er lokið.

Það er von þeirra, sem um þessi mál fjalla, að þessum framkvæmdum verði lokið innan 3—4 ára. Má þá segja, að Suðurlandsvegur frá Almannaskarði að austan að Skeiðarársandi að vestan sé lagður og í nothæfu ástandi og þar með rofin einangrun Öræfasveitar hvað vegasamband snertir að austan.

En þá er eftir að leysa þann vanda, sem þáltill. er sérstaklega beint að, en það er vega- og brúargerð yfir Skeiðarársand. Samkv. samþykkt Alþingis frá 20. des. 1962 var ríkisstj. heimilað að festa kaup á skriðbíl, sem hentað gæti til ferðar um torleiði á landi og sem ferja yfir vötn, og reyna slíkt tæki á jökulvötnum og aurum Skaftafellssýslu til þess að fá úr því skorið, hvort á þann hátt yrði opnuð samgönguleið fyrir Skaftfellinga og ökufært yrði á léttum bílum umhverfis landið. Ríkisstj. framkvæmdi þessa heimild. Vatnadrekinn, eins og þetta tæki hefur verið kallað, kom til landsins hinn 24. maí 1963. Nokkrar breytingar þurfti á honum að gera, og eftir það var hann reyndur á Skeiðarársandi seint í ágúst og aftur í sept. það ár.

Á liðnu sumri voru enn gerðar tilraunir á Skeiðarársandi með vatnadrekann. Eftir þeirri reynslu, sem fengizt hefur, er sýnt, að dreki þessi mun koma að mjög takmörkuðum notum sem ferja yfir allan Skeiðarársand, bæði vegna kostnaðar við rekstur og ýmissa tæknilegra örðugleika, einkum í þungum vatnsstraumi. Þó mætti hugsa sér hann sem bráðabirgðaferju yfir Skeiðará um stundarsakir, þegar vegasamband er komið að henni beggja vegna frá, a. m. k. fyrir smábíla.

Tilraun þessi með vatnadrekann var vissulega virðingarverð og sannar áhuga og vilja til að opna vegasamband yfir Skeiðarársand og getur ef til vill komið til ómetanlegra nota í neyðartilfellum, en hún bendir ótvírætt í þá átt, að huga verður í alvöru að vega- og brúagerð yfir Skeiðarársand. Um Skeiðarársand renna nú þrjár höfuðár: Núpsvötn með Súlu,

Sandgígjukvísl með Sigurðarfitjará og Blautukvísl og Skeiðará. Samkv. áliti verkfræðinga vegagerðar ríkisins mun, eins og nú er, engum alvarlegum vandkvæðum bundið að brúa Núpsvötn og Sandgígjukvísl. Hins vegar mun ekki hafa farið fram veruleg athugun um brúargerð á Skeiðará.

Það, sem fyrst og fremst hefur dregið úr og stöðvað aðgerðir og framkvæmdir á Skeiðarársandi, eru jökulhlaup þau, er venjulega á um 10 ára millibili geysast fram sandinn og upptök sín eiga í Vatnajökli. Hin miklu jökulhlaup, sem fyrirfarandi hafa ruðzt yfir meginhluta Skeiðarársands, eiga tvö meginupptök: Grænalón, sem liggur bak við Eystrafjall í Núpsstaðalandi. Lón þetta hefur myndazt þannig, að stór jökultunga hefur gengið austan og norðan úr Skeiðarárskriðjökli og stíflað vatnsrennsli úr jöklinum norðan Eystrafjalls. Er vatnið hefur vaxið mjög, hefur það sprengt jökultunguna og hlaupið fram og þá mest í Súlu og Núpsvötn. Voru þetta oft hin mestu hlaup og að mörgu lík hinum miklu jakahlaupum, sem komu í Jökulsá á Sólheimasandi fyrir nokkrum árum, en nú eru að mestu horfin, því að jökultangi sá, er þau myndaði, er nú horfinn. Og nú er sem betur fer sama sagan að gerast við Eystrafjall. Jökulruðningurinn þar hefur gengið mjög saman, og líkindi eru til, að Grænalón hverfi fljótlega úr sögunni, ef svo horfir með eyðingu jökla sem hefur verið undanfarin ár. Það virðist því þverrandi hætta á, að hlaupin á vestanverðum Skeiðarársandi komi að verulegri sök, að því er kunnugir segja. Þessi þróun ýtir mjög á, að gerlegt sé að brúa þessi vötn, sem oftast láta fremur lítið yfir sér. Upptök Skeiðarárhlaupa eiga sér hins vegar upptök í Grímsvatnagíg. Úr þeim mikla geymi koma oft stórhlaup, er fara vítt um Skeiðarársand. Við þessar náttúruhamfarir verður vitanlega vandi að glíma.

Nú er talið, að von muni slíks hlaups mjög bráðlega, að kunnugra manna dómi. Mun þá sjálfsagt að láta athuga að því loknu og jafnvel meðan á því stendur, hvers konar brýr mundu henta bezt við slíkar aðstæður. E. t. v. álíta menn sem svo, að vonlaust sé að hugsa um að brúa slíkt torleiði. Þannig var líka hugsað, áður en síminn var lagður yfir Skeiðarársand. En reynslan hefur sýnt og sannað, að ótrúlega litlar skemmdir hafa í símanum orðið og mönnum lærzt að ganga þannig frá honum, að skemmdir hafi orðið mjög litlar, þó að hlaup hafi komið. Gera menn sér því vonir um, að sama mundi koma á daginn með vel og hentuglega gerðar brýr.

Nú er það áhugamál allra þeirra, er eygja þann möguleika, að opna megi vegasamband Suðurlandsvegar um Skaftafellssýslur, að allt verði gert, sem unnt er, til að hraða þeirri framkvæmd svo sem verða má og spara hvorki fé né fyrirhöfn til að finna þau úrræði, er hagkvæmust verða talin. Því er ekki að leyna, að mjög þarf að endurbæta brúakerfið á Suðurlandsvegi, auk þess sem brúa þarf og leggja veg yfir Skeiðarársand. Má þar til nefna, að ýmsar brýr í Vestur-Skaftafellssýslu eru orðnar gamlar og úr sér gengnar og þurfa endurbóta við, svo sem á Hverfisfljóti og Brunná. Þær brýr eru síðan 1912, og sjá allir, að þær munu ekki fullnægja þeirri umferðarmenningu, sem nú er orðin. Það mætti einnig telja upp nokkrar fleiri brýr á Suðurlandsvegi, sem vissulega er þörf á að endurbyggja sem fyrst, og er vonandi, að að því verði unnið vel og ötullega, svo sem raunar hefur verið gert á undanförnum árum.

Að sjálfsögðu kosta þessar framkvæmdir mikið fé, og þörfin kallar víða að. En þegar litið er til þess, hversu stórkostlega þýðingu opnun Suðurlandsvegar til Austfjarða mundi hafa í margföldum skilningi, svo sem fyrir hina strjálu byggð í Skaftafellssýslu, sem með þessum aðgerðum kæmist í þjóðbraut, svo og fyrir hinn ört vaxandi útgerðarbæ í Hornafirði, að ég tali ekki um þá stórbrotnu leið, sem opnaðist öllu skemmtiferðafólki, bæði innlendu og erlendu, þá er hér um brýna nauðsyn að ræða. Einnig má á það minna, að í ráði mun vera að gera Skaftafell í Öræfum að þjóðgarði, þar með Bæjarstaðaskóg. Mun margan fýsa að koma þar í framtíðinni, því að efamál er, að á nokkrum öðrum stað á landinu eigi fólk þess kost að virða fyrir sér á einum stað stórbrotnari andstæður, er náttúra Íslands geymir í skauti sínu, en þar.

Hinn mikli og ört vaxandi síldarútvegur á Austfjörðum kallar á greiðari og styttri landleið við höfuðborgina. Það er því augljóst mál, að opnun Suðurlandsvegar, þegar hann kemur til nota, mun verða stórkostleg lyftistöng fyrir byggðir Austfjarða svo og þau landssvæði, er hann liggur um. Þá má á það minna, að þessi þjóðvegur mun, ef að líkum lætur, örugglega skjóta stoðum undir nokkurn þéttbýliskjarna á syðsta og einum byggilegasta hluta landsins, sem ekki hefur enn verið sett fram af þeim, er till. hafa gert um þau mál.

Eftir athugun og umsögn þaulkunnugra manna um aðstöðu alla á Skeiðarársandi höfum við, sem að þessari þáltill. stöndum, trú á því, að framkvæmanlegt sé og réttmætt frá þjóðhagslegu sjónarmiði að brúa vötnin á Skeiðarársandi og tengja þannig saman akvegakerfið um Suðurland til Austfjarða og þar með hringveg kringum landið. Ég vil mega treysta því, að allir hv. alþm. styðji þetta mál, svo og hæstv. ríkisstj. og sérstaklega hæstv. samgmrh. geri allt, sem frekast er unnt, til að skila þessu máli í höfn sem allra fyrst.

Herra forseti. Að umr. þessari lokinni vil ég óska þess, að umr. verði frestað og málinu vísað til hv. fjvn.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég hef flutt till. hér á tveimur þingum áður um sama mál og þessi þáltill. fjallar um, sem hér liggur nú fyrir til umr. Í fyrra skiptið flutti ég þáltill. um þetta mál ásamt með Karli Guðjónssyni, sem þá átti hér sæti á Alþingi, en

aftur flutti ég þessa till. á síðasta þingi, og ég hef nú leyft mér að endurflytja þessa till. í þriðja skipti. Ég fagna því út af fyrir sig, að það skuli nú vera fleiri að bætast hér í hópinn, sem virðast hafa mikinn áhuga á þessu máli. Allmyndarlegur hópur framsóknarmanna hefur nú tekið sig saman um að leggja hér fram till. um þetta mál, sem þeir virðast ekki hafa haft mikinn áhuga fyrir fram til þessa, a. m. k. hafa þeir ekki tekið undir þá till., sem ég hef flutt um málið og við, en nú var það gert á mjög myndarlegan hátt af frsm. málsins. Ég hef þrátt fyrir það, þó að hér sé tekið undir meginmál það, sem við höfum hér flutt áður, afráðið að flytja mína fyrri till. aftur, vegna þess að ég tel, að orðalag þeirrar till., sem við höfum hér flutt áður um málið, sé betra og eðlilegra. En þó vil ég ekki gera úr því meginatriði og mundi glaður samþykkja þá till., sem þeir framsóknarmenn hafa hér flutt, ef á því stæði að ná samkomulagi um afgreiðslu málsins. En í þeirri till., sem ég hafði staðið að því að flytja áður um þetta mál, var lögð megináherzla á, að þannig yrði staðið að framkvæmdum í þessu máli, að við það yrði miðað að opna þessa leið á næstu 2 árum. Mér þykir miklu miður að tala um það í áskorun til ríkisstj., að hún láti fara fram athugun á máli eins og þessu svo fljótt sem auðið er, því að það hefur allajafna þótt býsna langur tími, þegar um stórmál er að ræða.

Því verður ekki neitað, að hér er um stórmál að ræða. Það er skoðun mín, að það eigi ekki að leika neinn vafi á því, að það er hægt að gera veg þá leið, sem hér er rætt um. Vegagerðin yfir sandana er tiltölulega auðveld, og við höfum þegar fengið fulla reynslu í vegagerð á hliðstæðum svæðum. Og þó að þar þurfi að fara yfir allmargar vatnakvíslar, þá er það síður en svo meira en það, sem við höfum áður gert á öðrum hliðstæðum stöðum. En það er hins vegar rétt, að þegar kemur til brúargerðar á þeim stöðum á leiðinni, þar sem hin miklu jökulhlaup hafa ruðzt fram á undanförnum árum, þá eru mjög miklar líkur til þess, að ekki þyki ráðlegt, a. m. k. fyrst í stað, að gera þar brýr með sama hætti og almennt hefur verið gert, úr varanlegu efni, og því er það, sem við í okkar till. bendum beinlínis á það, að á slíkum stöðum verði gerðar brýr aðallega úr timbri og hreinlega reiknað með því, að þær geti farið, þegar mestu hlaupin eiga sér stað. Hins vegar er það dómur kunnugra manna, að þessi jökulhlaup hafi breytzt svo mjög hin síðari ár, að það séu miklu meiri vonir til þess, að sæmilega gerðar brýr geti staðið í flestöllum tilfellum, heldur en áður var haldið um þessa leið. Ég álít því, að það eigi að gera ráð fyrir því í þeirri athugun á þessu máli, sem beinlínis er tekið fram í till. minni, að það sé í fyrsta lagi rannsakað, hvað kosta mundi að gera brýr á þessari leið á þann hátt, sem mætti telja varanlegar brýr og fullkomnar brýr, en einnig eftir hinni leiðinni, þar sem um er að ræða ófullkomnari gerð af brúm og hreinlega reiknað með því, að það gæti orðið um endurbyggingu á þeim að ræða.

Ég skal svo ekki að þessu sinni fara mörgum orðum um þetta mál að öðru leyti. Ég tek undir það, sem frsm. málsins hefur sagt. Hér er um stórmál að ræða, ekki aðeins fyrir þær sveitir, sem kæmust beint í akvegasamband hér, en eru einangraðar nú, heldur er hér um stórmál að ræða fyrir allan Austfirðingafjórðung og í rauninni fyrir landið allt, því að hringvegur um landið mundi vissulega verða mikið notaður. Rök fyrir því að ráðast í þessa framkvæmd eru mörg, og ég mun víkja nánar að því, sem ég vil einkum leggja áherzlu á í þeim efnum, þegar sú till. kemur hér til umr., sem ég stend að flutningi á um þetta sama mál. Ég sem sagt lýsi fylgi mínu við þessa till. út af fyrir sig, þótt mér hefði fundizt eðlilegra, að flm. hennar hefðu haft samráð við þá, sem eru nú búnir að flytja þetta mál tvívegis áður, meðan þeir mundu ekki eftir málinu.

Jónas Pétursson: Herra forseti. Mig langar aðeins til að rifja upp í örstuttu máli nokkur atriði í forsögu þessa máls, þó að það væri að vísu gert að nokkru af báðum þeim hv. ræðumönnum, sem hér hafa talað á undan. En ég vil minna á það, að á Alþingi 1961 fluttum við allir þm. Austurlands till. til þál., sem samþykkt var hér á hv. Alþingi, um rannsókn á skilyrðum til samgöngubóta á eyðisöndum Skaftafellssýslu. Þar var m. a. fyrsti liður hennar um rannsókn á brúarstæði á Jökulsá á Breiðamerkursandi. En það mál er nú komið svo áleiðis, að telja má, að það komist í höfn. Í öðru lagi um að athuga nýjar tegundir samgöngutækja, sem kynnu að geta hentað á Skeiðarársandi. Og í þriðja lagi, ef um einhverjar tæknilegar nýjungar væri að ræða til brúargerða á jökulvötn Skeiðarársands. Næst er það, að við afgreiðslu fjárl. fyrir jólin 1962 flutti ég ásamt tveim öðrum þm., Sigurði Ó. Ólafssyni og Eggert G. Þorsteinssyni, heimildartill. um að kaupa vatnadreka, sem þá stóð til boða að fá frá Ameríku. Og eins og hv. alþm. er kunnugt og fram kom einnig í ræðu frummælanda hér, var þessi dreki keyptur og reyndur lítillega þá næsta sumar. Á síðasta Alþingi fluttum við einnig nokkrir þm., — það var ég, Ragnar Jónsson, Páll Þorsteinsson og Sverrir Júlíusson, — till. um það að skora á ríkisstj. eða beina því til samgmrh. að láta reyna betur þennan vatnadreka, sérstaklega með það fyrir augum, hvort það væri hagfræðilegur grundvöllur að nota hann. Mátti telja, að það væri reynt, að tæknilega væri það mögulegt. Þeirri till. var vísað til ríkisstj. á síðasta Alþingi. Á síðasta sumri var svo gerð nokkur tilraun með þennan dreka, að vísu ekki jafnvíðtæk, ef svo mætti segja, og við hefðum kosið og okkar till. fór fram á, en hins vegar tilraun, sem var nokkurs virði og m. a. vegna þess, að í henni tóku þátt verkfræðingar frá vegagerðinni, sem not-

uðu þá jafnframt tækifærið einmitt til þess að athuga aðstæður til brúargerða þarna á söndunum yfir þessi vötn, sem hingað til hafa verið talin mundu vera mjög erfið viðureignar til brúargerða. En þetta þykir mér rétt að láta koma hér fram.

Ég skal aðeins drepa á það, að eftir því sem ég veit bezt um álit verkfræðinganna við þessa fyrstu rannsókn, þá mun þeim ekki hafa vaxið svo mjög í augum með brúargerðir á vestari vötnin á Skeiðarársandi, en hafa hins vegar ekki viljað tjá sig neitt enn um sjálfa Skeiðará. En eitt hafa þeir þó látið í ljós, og það er, að það sé nauðsynlegt að rannsaka gaumgæfilega, þegar hlaup kemur þarna á sandana, en það er talið, bæði af kunnugum mönnum, sem þarna eru í nágrenninu, og enn fremur mun það vera álit jarðfræðinga, að hlaups sé að vænta nú í vetur, vor eða á næsta sumri í síðasta lagi. Og bæði hlaupið sjálft og þær afleiðingar, sem það hefur, telja þeir, svo sem raunar mjög skiljanlegt er, æskilegt og mikilvægt að geta rannsakað.

En ég hef viljað árétta þetta og láta þetta koma fram hér og benda enn fremur á það, að enda þótt það kunni að fara svo, að þessi vatnadreki, sem aflað var samkv. heimild í fjárl. frá 1963, komi ekki að þeim notum, sem kannske vonir stóðu til og máttu standa til, þá er það ómótmælanlegt, að einmitt sú útvegun og sú reynsla, litla reynsla, sem gerð hefur verið með hann síðan, á áreiðanlega mestan þáttinn í því að skapa þann áhuga, sem nú er vakinn svo að segja um allt land fyrir því að fara að sigra þessi vötn og opna samgönguleiðina að sunnan og mynda þannig hringleið um landið. Þessi áhugi og þessar vonir hafa að vísu alltaf verið til í næsta nágrenni Skeiðarársands, en hins vegar vitum við það, að þeir, sem fjær hafa verið, hafa litið á þetta — a. m. k. í næstu framtíð — sem óyfirstíganlegan þröskuld. Það er of snemmt að vísu að fella dóm um það, hvernig gengur að sigra hann. Mér finnst þó allt benda til þess, að það sé nær en við kannske margir ætlum, og ég er sannfærður um það, að þegar ekki verður eftir nema Skeiðará, þá verður hún einnig sigruð á einhvern hátt. Ég vil þess vegna undirstrika það, sem komið hefur fram hjá báðum þeim hv. ræðumönnum, sem hér hafa talað á undan, að hér er um mjög mikilvægt mál að ræða, sem snertir ekki einasta byggðirnar, sem næstar eru, heldur landsmenn alla.

Flm. (Óskar Jónsson): Herra forseti. Ég fagna þeim undirtektum, sem þessi þáltill. hefur fengið hjá hv. þm., sem hér hafa talað um þetta mál, og ég vænti, að það bendi til þess, að þingið taki vel á þessum málum ogýti þeim áfram í höfn.

Ég vil aðeins segja hv. 5. þm. Austf. það, að við framsóknarmenn höfum ekki alltaf verið tómlátir um þetta mál, því að þegar Karl Guðjónsson var með það hér á sínum tíma, þá studdi ég hann eindregið, og ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að þm. Framsfl. hafi haft fullan áhuga á og séð nauðsyn þess, að þetta stóra mál kæmist áfram, því að þetta er stórmál. Það er ekkert minna mál að fá vegasamband gegnum Skaftafellssýslu við Austfirði heldur en fyrir Vestfirðinga eða Vestmanneyinga eða aðra að fá skip. Það er alls ekki minna mál fyrir þá, og þess vegna er það, að það ber vissulega að fylgja því fast eftir.

Það má deila um það, hvernig brýr eigi að byggja á Skeiðarársandi, en ég vil bara benda á það, að 1922 var byggð brúin á Jökulsá á Sólheimasandi úr steinsteypu með steinsteypustöplum, og síðan hafa komið þar mörg og stór hlaup, einkanlega fyrst eftir að brúin kom. Hún hefur staðið þetta allt af sér, það hafa aldrei orðið neinar skemmdir á henni, því að yfirleitt munu það hafa verið frekar litlir jakar, sem komu í þessum hlaupum, ekki gríðarlega stórir, heldur smáir, og þeir skaða ekki vel gerða steinstöpla.

Ég hef svo ekki fleira um þetta að segja, en þakka hið góða hljóð, sem þetta mál fær, og vænti, að þingið afgreiði það frá sér á raunhæfan hátt.

Ragnar Jónsson: Herra forseti. Ég vil aðeins segja hér nokkur orð vegna þeirrar þáltill., sem hér er til umr. Eins og menn kannske vita, eru rannsóknir á vegastæði og brúargerð á Skeiðarársandi þegar hafnar. Verkfræðingar frá vegagerðinni voru þarna s. l. sumar að byrjunarathugunum og mælingum. Það hefur til skamms tíma verið talið ómögulegt að brúa árnar á Skeiðarársandi, og þáltill., sem kom fram hér á Alþingi 1961 og flutt var af öllum þm. Austf., bendir einmitt til þess, orðalag hennar bendir til þess, að jafnvel þá hafi verið talið illmögulegt að brúa árnar á Skeiðarársandi, því að till. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj.: 1) Að láta rannsaka til hlítar brúarstæði á Jökulsá á Breiðamerkursandi og gera kostnaðaráætlun um brú þar. 2) Að láta athuga — með sérstöku tilliti til samgangna á Skeiðarársandi — nýjar tegundir samgöngutækja til samgangna um torfærur á landi með hliðsjón af reynslu á slíkum tækjum erlendis. Síðan skal gera tilraunir með slík samgöngutæki á Skeiðarársandi, ef ætla má að athugun lokinni, að þau muni reynast hæf til samgöngubóta þar. 3) Að láta fylgjast sem bezt með tæknilegum nýjungum við brúargerðir, er kynnu að gera kleift að brúa jökulvötnin á Skeiðarársandi."

En þetta er nú breytt, jafnvel á svo stuttum tíma sem frá árinu 1961. Það er álit fróðra manna, að Núpsvötnin og Súla muni jafnvel vera hætt að hlaupa, en í þessum vötnum hafa verið mikil og stór hlaup oft undanfarið. Sandgígjukvísl, sem er stórt vatnsfall á miðjum Skeiðarársandi, er nú orðið í föstum farvegi og ekki hætta á því, að hún brjót-

ist út á sandinn. Hlaupin í Skeiðará hafa ekki verið stór síðan 1934, að mig minnir. Þau hafa verið miklu smærri, þau hlaup, sem komið hafa síðan, heldur en þau gerðust áður.

Eftir því sem kunnugir menn telja, eru því orðnir miklir möguleikar til þess, að takast megi að brúa þessar ár á sandinum, og virðist vera aðeins um fjárhagsspursmál að ræða.

Ég átti kost á því s. l. haust að fara yfir Skeiðarársand með vatnadrekanum, sem hér hefur verið minnzt á. Og ég tel eftir þá reynslu, sem fékkst í þeirri ferð, að það sé vel mögulegt að nota hann við Skeiðará, — ef búið væri að brúa vötnin vestar á sandinum, Núpsvötn, Súlu og Sandgígjukvísl, þá væri vel mögulegt að nota þennan vatnadreka til þess að ferja bíla á yfir Skeiðará til bráðabirgða. Annar möguleiki væri líka fyrir hendi, og það væri að hafa drekana tvo, annan vestar á sandinum, sem ferjaði yfir Sandgígjukvísl, sem er austust af vatnsföllunum vestur á sandi, og svo hinn við Skeiðará. En það er satt bezt að segja, að drekinn er seinfær og hann er ekki vel fallinn til flutninga á landi, ef um langan veg er að ræða, en aftur á móti virðist hann komast yfir hvaða vatnsfall sem vera skal. Ég held, að brýr á sandinum séu það, sem koma skal. Og eins og einn hv. ræðumaður tók hér fram áðan, þá finnst mér það ekkert ógurlegt, þó að brú á Skeiðará yrði að endurnýjast á 10—20 ára fresti, vegna þess að þessi samgönguleið er það mikilvæg, að brú mundi borga sig á örstuttum tíma. Við vitum það, að nú eru vörubílar í flutningum milli Reykjavíkur og Austfjarðanna allra og alla leið suður á Hornafjörð alla tíma ársins, þegar fært er. En leiðin fyrir sunnan jökla styttir þennan veg um nálega 500 km. Auk þess er þetta snjólaus leið meiri hluta ársins, eins og við þekkjum hér á Suðurlandi. Ég er því sannfærður um, að það verður fast sótt á um að fá þessu mikla hagsmunamáli þokað áleiðis, ekki aðeins fyrir Austur-Skaftfellinga og Austfirðinga, heldur fyrir landsmenn alla. Ég vil lýsa stuðningi mínum við hverja þá tilraun, sem miðar að því að greiða fyrir því, að þessi vegur komi sem allra fyrst.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Hv. 1. flm. þessarar till. hefur nú gert svo skýra grein fyrir þessu máli, að í raun og veru er litlu við það að bæta, og allir þeir, sem tekið hafa til máls, hafa látið í ljós áhuga sinn á því, að lausn fengist á samgöngumálum hér um Suðurland, og er það vissulega vel farið. En það hefur komið fram í þeim ræðum, sem hér hafa verið fluttar, að menn hafa farið að rifja upp það, sem áður hefur verið lagt fram í þessu máli hér á hv. Alþingi, en vegna þess að í þeim samanburði gleymdist upphafið, þá þykir mér rétt að segja um þetta örfá orð.

Það var strax á árinu 1956, að þetta mál — efnislega sama málið og hér er til umr. — kom fyrst fram hér á hv. Alþingi. Það var með till. til þál., sem ég bar fram í sameinuðu þingi. Og er hún svo hljóðandi, efni ályktunarinnar er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta í samráði við vegamálastjóra athuga nýjar tegundir samgöngutækja til samgangna um torfærur á landi með hliðsjón af reynslu, sem fengin er af slíkum tækjum erlendis. Síðan skal gera tilraunir með ný samgöngutæki á eyðisöndum Skaftafellssýslu, ef ætla má að athugun lokinni, að þau muni reynast hæf til samgöngubóta þar. Kostnaður, sem leiðir af athugun þessari og tilraunum með ný samgöngutæki, greiðist úr ríkissjóði."

Þessari till. var á þinginu 1956 vísað til fjvn. og hún átti góðum skilningi að mæta hjá hv. fjvn., því að n. skilaði áliti um till., sem er dagsett 18. marz 1957, samhljóða áliti, þar sem hún lagði til, að till. mín yrði samþykkt óbreytt, enda var hún afgreidd sem ályktun frá sameinuðu Alþingi á því þingi. En nál. fjvn. 1956 er örstutt, og ég ætla — með leyfi hæstv. forseta — að lesa það. Það er svo hljóðandi:

„Nefndin telur, að mikil þörf sé á, að athuganir séu gerðar um það, á hvern hátt verði unnt að yfirstíga þá miklu farartálma, sem eru á aðalþjóðvegakerfi landsins í Skaftafellssýslu. Margt bendir til, að ný tækni geti komið þarna að liði, og því er nauðsynlegt, að yfir því sé vakað, að fylgzt sé með þeim nýjungum, sem þar gætu komið til greina. N. mælir með því, að till. verði samþykkt."

Og undir þetta álit skrifa Karl Guðjónsson, Halldór Ásgrímsson, Sveinbjörn Högnason, Halldór E. Sigurðsson, Magnús Jónsson, Karl Kristjánsson, Jón Kjartansson, Áki Jakobsson og Pétur Ottesen. Þetta gerðist áður en hv. 3. þm. Austf. gekk inn í þennan sal og áður en hv. 5. þm. Austf. flutti þá till., sem hann var að vitna hér til.

Nú má segja, að í þessari ályktun Alþingis 1956 hafi ekki beinlínis verið rætt um brúargerðir, heldur fremur aðrar leiðir. En til þess liggja alveg augljósar ástæður, því að þá var eftir að leysa af hendi svo mörg önnur verkefni í Skaftafellssýslu, sem að allra manna dómi, bæði verkfræðinga og hinna kunnugustu manna, þar búsettra, hlutu að sitja í fyrirrúmi fyrir framkvæmdum á Skeiðarársandi vegna aðstöðunnar og hvers eðlis verkefnin eru. Ég minni á það, að þegar hér voru sett lög um, eða lagabreyting var gerð á vega- og brúarlögum á þingi 1943, þá var tæknin í þessu landi ekki lengra komin en það, að þáv. vegamálastjóri, Geir Zoëga, sem var reyndur verkfræðingur og hafði mikla lífsreynslu í starfi, hann taldi vafa á, að það væri hægt að brúa Hornafjarðarfljót, og þá var gerður sérstakur fyrirvari í l. um, að sú brú skyldi því aðeins reist, að rannsókn væri áður látin fara fram á því, hvort það væri kleift. Síðan hefur þetta þróazt stig af stigi. Með aukinni tækni hefur verið hægt að leysa af hendi stærri og stærri verk. Jökulsá í Lóni

var brúuð 1952, eitt af stórvötnum Skaftafellssýslu. Það var lokið við brú á Hornafjarðarfljótum 1961. Brú á Fjallsá á Breiðamerkursandi, sem er nærri 140 m á lengd, var byggð 1962, brú á Steinavötn smíðuð 1964. Og nú er, eins og hér hefur komið fram hjá fyrsta flm. þessarar till., verið að gera áætlun og teikningar af brú að Jökulsá á Breiðamerkursandi, og við vonum, að það eigi ekki langt í land, að sú brú verði byggð. Öll þessi verkefni hlutu að ganga á undan brúargerðum á Skeiðarársandi, og þess vegna var það alveg eðlilegt, að 1956 væri ekki verið að stefna að því að gera samþykktir um það hér á hv. Alþingi, heldur aðra úrlausn mála. Nú er aftur búið að leysa af hendi hin stóru verkefni, sem ég hef talið upp, og það má segja, að nú hillir undir það, að það sé alveg tímabært að fara í alvöru að huga fyrir brúargerðum á Skeiðarársandi.

Ég man nú ekki betur — en að því má náttúrlega gæta í Alþingistíðindum — en ég tæki hér í þingræðum mjög jákvæða afstöðu með till. þeirri, sem Karl Guðjónsson og Lúðvík Jósefsson fluttu og enn er fram borin hér á þingi. Mín skoðun hefur alla tíð, síðan ég kom til starfa í þessari stofnun, verið óbreytt um það að vinna að því að bæta samgöngur í Skaftafellssýslu og tengja svo fljótt sem auðið er akvegasambandið um Suðurland. Við framsóknarmenn höfum yfirleitt staðið saman um þá stefnu. Og sem betur fer hefur mér virzt vera almennur skilningur á þessu máli, og vitna ég þar enn til samstöðunnar, sem fjvn. hafði strax um hina fyrstu till. í þessu efni, sem kom hér inn á þingið, og það gleður mig sannarlega, að þær umr., sem hér hafa farið fram, virðast benda til þess, að slík samstaða sé enn fyrir hendi og að almennur skilningur sé á þeirri nauðsyn, sem fyrir hendi er í þessum efnum.

Lúðvík Jósefsson: Hæstv. forseti. Ég vil nú ekki verða til þess að tefja fyrir því, að þetta mál fái að komast til n., heldur gera aðeins örstutta aths. En hún er sú, að hér hefur komið upp allbroslegur metingur um það, hverjir hafi lagt tiltekið mál hér fyrir þingið og hverjir hafi fyrst staðið að því, og líklega hefur það sært menn nokkuð, sem ég sagði í þeim efnum. En það, sem komið hefur hér fram í þessu máli í sambandi við þessa tilburði manna til þess að reyna að eigna sér till. um þetta mál, hefur allt sannað það, að fyrstu till., sem komu hér fram um það að leggja veg yfir sandana og leysa samgöngumálin þannig, komu fram hjá mér og Karli Guðjónssyni. Hinar till. voru um allt annað, voru um það að kaupa tæki til þess að selflytja þarna yfir í ákveðnum vandræðum og rannsaka um brúarstæði yfir Jökulsá á Breiðamerkursandi, og hér urðu m. a. umr. á Alþingi um það, hvort ætti að leggja meiri áherzlu á að fara þá leið, sem við bentum á, að leysa stór og mikil vegamál og brúargerð, eða hverfa að því að kaupa þetta selflutningstæki. En sem sagt, þetta skiptir mjög litlu máli. Við erum allir sammála um aðalatriði málsins og þurfum því að reyna að vinna að því, að málið sjálft verði leyst.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 11. fundi í Sþ., 12. nóv., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndaráliti frá meiri og 1. minni hl. fjvn., á þskj. 603 og 614, var útbýtt 4. og 5. maí, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

5. Héraðsskóli að Reykhólum.

Á deildafundum 26. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um héraðsskóla að Reykhólum í Austur-Barðastrandarsýslu [32. mál] (A. 33).

Á 7., 8., 9., 10. og 12. fundi í Sþ., 28. okt., 4., 6., 11. og 18. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 14. fundi í Sþ., 25. nóv., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það munu vera 15 og þó líklega nær 16 ár síðan síðast var byggður héraðsskóli hér á landi. Afleiðingin af þessu athafnaleysi á sviði skólamála er sú, að það er nú algeng saga, að ungmenni, einkanlega úr sveitum landsins, verða að bíða 1—2 ár eftir því að geta fengið námsvist í héraðsskóla. Þetta er vitanlega alveg óviðunandi, því að það verða að teljast einhver dýrmætustu mannréttindi æskufólks að eiga þess kost að afla sér almennrar menntunar. En hér eru göturnar ekki eins greiðar og vera skyldi, og er það athafnaleysi af hendi þjóðfélagsins, sem í vegi stendur. Þetta kemur í viðbót við það, að þjóðfélagið hefur ekki innt af hendi sínar skyldur, til þess að hægt sé að framkvæma gildandi skólalöggjöf á barnaskólastigi í sveitum landsins.

Hér er þjóðfélaginu því vissulega skylt að bæta úr. Héraðsskóla, máske fleiri en einn, þarf nú að reisa vegna þess, hversu löng bið hefur orðið á því, að þar væri fylgzt með þróun tímans. Við leggjum til, sem stöndum að þessari þáltill., hv. 3. þm. Vestf. og ég, að byggður verði héraðsskóli að Reykhólum í Austur-Barðastrandarsýslu. Reykhólar hafa hin beztu skilyrði til þess að vera skólasetur. Það var áreiðanlega rétt, þegar horfið var að því að velja heita staði til þess að reisa héraðsskólana á. Með tilliti til slíkra náttúruauðæfa var héraðsskólunum á Laugarvatni,

Laugum, Reykholti, Reykjanesi og Reykjum í Hrútafirði valinn staður. Reykhólar hafa sams konar náttúruauðæfi og þessir nefndu skólastaðir og eru að því leyti tilvaldir sem skólastaður. Jarðhitinn sparar mikið fé, er ekki lengi að skila byggingarkostnaði skóla í þeim verðmætum, sem sparast við upphitun húsakosts og sundlaugar. Að öðru leyti liggja Reykhólar vel við sem staður fyrir héraðsskóla. Ef þar risi héraðsskóli, væru héraðsskólar á Vesturlandinu tveir, í Reykholti í Borgarfirði og að Reykhólum í Austur-Barðastrandarsýslu.

Þá hefur ríkið nokkur afskipti af Reykhólum, þessu fornfræga stórbýli. Það mun vera starfandi sérstök nefnd, Reykhólanefnd, sem á að stuðla að uppbyggingu staðarins. Það er þörf á þéttbýlismyndun í Austur-Barðastrandarsýslu. Reykhólar hafa fyrir löngu verið valdir til þess hlutverks. Reykhólanefndin hygg ég að hljóti að hafa á prjónunum ýmislegt það, sem stuðli þar að aukinni byggð. Og ég hygg, að það sé rétt, að eitt af því, sem Reykhólanefndin hefur mjög í huga sem eitt af því fyrsta, sem gera beri til uppbyggingar Reykhóla sem þéttbýliskjarna í Austur-Barðastrandarsýslu, sé einmitt héraðsskóli. Þessi till. ætti því að falla inn í opinber áform um eflingu Reykhóla.

Héraðsskólarnir eru ekki nema 7 á öllu landinu, og eftir þeim upplýsingum, sem ég fékk frá fræðslumálaskrifstofunni, geta þeir ekki tekið við samtals nema 250—300 nýjum nemendum á ári eða um og yfir 30 nemendum hver í 1. bekk. Þessi lága tala sýnir, að því fer fjarri, að unga fólkið eigi þess kost að hefja nám í héraðsskólum svo sem eðlilegt væri.

Ég hygg, að utan þings hljóti þessi till. að fá stuðning úr héraði, af opinberum aðila eins og Reykhólanefndinni, og enn fremur trúi ég ekki öðru en hv. alþm. fallist á það, að 16 ára svefn í héraðsskólamálum sé of langur svefn og það sé kominn tími til þess að rumska og byggja a. m. k. einn og líklega tvo héraðsskóla, þar sem þörfin er brýnust í landinu núna, sem allra skjótast, og það sé því tímabært, sem í þessari till. er farið fram á, að ríkisstj. sé falið að undirbúa byggingu héraðsskóla að Reykhólum í Austur-Barðastrandarsýslu.

Ég vil svo, herra forseti, að þessum orðum sögðum leggja til, að till. verði vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 15. fundi í Sþ., 26. nóv., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til allshn. með 33 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

6. Landfundir Íslendinga í Vesturheimi.

Á deildafundum 27. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um landfundi Íslendinga í Vesturheimi [34. mál] (A. 35).

Á 7. fundi í Sþ., 28. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 8., 9. og 12. fundi í Sþ., 4., 6. og 18. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 16. fundi í Sþ., 2. des., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Till. þessi fjallar um það, að Alþingi skori á ríkisstj. að leita samvinnu við ríkisstjórnir Kanada og Bandaríkjanna um rannsóknir varðandi landfundi Íslendinga í Vesturheimi á 10. eða 11. öld. Það þarf ekki að lýsa því fyrir hv. þm., að landfundir Íslendinga í Vesturheimi eru tvímælalaust sögulegasta afrek, sem íslenzkir siglingamenn hafa unnið. Þess vegna er það líka skylda Íslendinga að sjá um, að þetta afrek verði viðurkennt og aflað um það upplýsinga, svo sem kostur er. Það er að sjálfsögðu mjög mikilsvert, sem nýlega hefur gerzt í þessum málum, að þing Bandaríkjanna hefur gert 9. okt. ár hvert að sérstökum fánadegi til minningar um, að Leifur Eiríksson hafi fyrstur Evrópumanna fundið Ameríku. Með því hefur það verið staðfest enn þá rækilegar en áður eða viðurkennt, að frásagnir íslenzkra fornrita um landfundi Íslendinga vestanhafs hafi við gild rök að styðjast. Hins vegar er enn margt órannsakað í þessum efnum, sem æskilegt er, til þess að fá þessum málum fyllri og betri staðfestingu. Enn þá eru stór landssvæði vestanhafs, sérstaklega í Kanada, sem eru órannsökuð, en þar sem líklegt er, að finna megi enn frekari minjar um siglingar og landnám Íslendinga á þessum slóðum en þær, sem nýlega hafa fundizt á Nýfundnalandi. Það á að sjálfsögðu að vera skylda Íslendinga að hafa frumkvæðið um, að þessar rannsóknir séu gerðar, og jafnframt eðlilegt, að í þeim efnum sé leitað samvinnu við ríkisstjórnir Bandaríkjanna og Kanada, sem þetta mál snertir einnig og hafa að ýmsu leyti góða aðstöðu til að hjálpa til við slíkar rannsóknir. T. d. hafa fróðir menn bent á það, að floti og flugher þessara ríkja gæti unnið nokkurt starf í þessum efnum í samráði við vísindamenn, vegna þess að þessir aðilar halda sig allmikið á þeim slóðum, sem enn hafa ekki verið rannsakaðar. Ég tel efalaust, að slíkri málaleitun af okkar hendi sem þessi till. fjallar um yrði vel tekið af þessum ríkisstj. og þess vegna standi hér ekki á öðru en skorti á okkar eigin frumkvæði.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um þessa till. að sinni, en leyfi mér að leggja til, að umr. verði frestað og till. vísað til fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 17. fundi í Sþ., 9. des., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

7. Verðtrygging sparifjár.

Á 7. fundi í Sþ., 28. okt., var útbýtt:

Till. til þál. um verðtryggingu sparifjár [39. mál] (A. 40).

Á 8., 9., 12., 14. og 16. fundi í Sþ., 4., 6., 18. og 25. nóv., 2. des., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Sþ., 9. des., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Ég hef ásamt 4 öðrum hv. þm. Framsfl. leyft mér á þskj. 40 að flytja till. til þál. um verðtryggingu sparifjár, en tillgr. sjálf hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að kjósa 5 manna mþn. til að athuga, með hverjum hætti verði við komið verðtryggingu sparifjár að öllu eða einhverju leyti. N. skal skila áliti svo fljótt sem kostur er."

Ég tel ástæðulítið að fylgja till. þessari úr hlaði með mjög langri ræðu, þar sem henni fylgir allýtarleg grg. Sá verðbólguvöxtur, sem hér hefur ríkt undanfarandi ár, er nú kominn á það stig, að hugsandi mönnum hrýs hugur við. Að vísu má segja, að svipaðrar óheillaþróunar gæti í ýmsum viðskiptalöndum okkar, en þó hvergi nærri í neitt svipuðum mæli og hér hjá okkur síðustu tvö árin. Allir hljóta að viðurkenna, að hækkandi framleiðslukostnaður á útflutningsafurðum Íslendinga umfram þær hækkanir, sem viðskiptalönd okkar eru reiðubúin til þess að samþykkja og greiða, leiðir til hvers kyns vandræða og jafnvel stöðvunar á ýmsum þáttum útflutningsframleiðslunnar fyrr eða síðar.

Á undanförnum árum hefur verið reynt hér að hamla gegn verðbólguvexti með ýmsum hætti, m. a. með lagasetningu, samningum og fræðslustarfsemi, en árangur þessa hefur verið alltakmarkaður. Flm. þessarar till. telja, að nú sé tímabært að grípa til nýrra úrræða í glímunni við verðbólgudrauginn. Þeir telja, að verðtrygging sparifjár og vísitölubinding útlána þess fjár sé ekki einasta sanngirnismál, heldur einnig til þess fallin að draga úr verðþenslu og stuðla að jafnvægi í efnahagslífinu, sem nú skortir mjög á. Við trúum því enn fremur, að með verðtryggingu sparifjárins muni aukning spariinnlána í bankakerfinu verða það mikil, að grundvöllur skapist til þess að fullnægja þörfum atvinnuveganna fyrir eðlileg stofnlán og rekstrarlán, og væri þá ekki svo lítið unnið.

Á valdatímabili hæstv. núv. ríkisstj. hefur orðið veruleg töluleg aukning á spariinnlánum í bankakerfinu, eins og oft áður, þegar vel hefur árað til lands og sjávar. Af þessu hefur verið mjög gumað og að mínum dómi meira en efni standa til. Ef hafðar eru í huga þær verðhækkanir, sem orðið hafa síðustu árin, svo sem rétt er að gera, þegar verið er að ræða um aukningu sparifjárins, sést, að raunveruleg aukning þess, miðað við kaupmátt eða framkvæmdamátt, getur ekki talizt mjög stórvægileg. En verðhækkunarvísitala sýnir vel, hvernig þjóðin hefur farið með þá borgara, sem gegnt hafa því þarfa hlutverki að leggja inn sparifé sitt í lánastofnanir landsins. Þessu verður að breyta. Þjóðfélagið getur ekki leyft sér lengur að meðhöndla sparifjáreigendur, sem margir hverjir eru gamalt fólk, á þennan hátt. Vísitölukerfið, sem hæstv. ríkisstj. fékk að mestu afnumið á árinu 1960, hefur nú verið tekið upp á flestum sviðum aftur. Hagsmuni stéttanna á að tryggja með þessu. Það gegnir því furðu, að hinni fjölmennu stétt sparifjáreigenda skuli ekki veitt svipuð trygging á hagsmunum sínum af hendi þjóðfélagsins, og það þeim mun frekar sem hagsmunir sparifjáreigenda hafa verið svo herfilega fyrir borð bornir á undanförnum árum eins og ég hef hér lítillega drepið á. Það leiðir svo af sjálfu sér, að eigi að verðtryggja sparifféð, sem lagt er í lánastofnanir landsins, verður jafnframt því að vísitölubinda útlán þess fjár. Lántakendum þess er þá gert skylt að endurgreiða hverja lánaða krónu með sama verðgildi og hún hafði, þegar hún var lánuð. Er það fullkomið sanngirnismál og líklegt til þess að hafa heillavænleg áhrif á yfirspennt efnahagslíf landsmanna.

Ég legg svo til, herra forseti, að að þessari umr. lokinni verði máli þessu vísað til hv. fjvn.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Ég tel, að hér sé hreyft athyglisverðu máli, og mín skoðun er sú, að hv. Alþingi beri að taka jákvæða afstöðu til þeirrar till., sem hér hefur verið flutt. Það hefur að vísu talsvert verið um það, bæði á yfirstandandi þingi og undanförnum þingum, að hv. stjórnarandstæðingar hafa flutt ýmsar till. um efnahagsmál, bæði einstaka þætti þeirra og jafnvel efnahagsmál-

in í heild. En því miður er það þó svo um flestar þessara till. að mínu áliti, að þær eru með því marki brenndar, að ef samþ. hefðu verið, hefði það ekki verið spor í þá átt að leysa vandann, heldur þvert á móti, enda tilgangur margra þessara till. fyrst og fremst sá að veiða atkv. meðal hinna óþroskaðri kjósenda, frekar en að benda á raunhæfa lausn þessara mála. Hvað sem líður þessum öðrum till., verður það sama ekki sagt að mínu áliti um till. þá, sem hér liggur fyrir, og ber því einmitt sérstaklega að fagna.

Annars var það ekki tilgangur minn með því að standa hér upp að ræða hina almennu stjórnmálahlið þessa máls, heldur er ástæðan m. a. sú, að ég gerðist til þess fyrir 2 árum að flytja hér á hv. Alþingi till. um verðtryggingu lífeyris og líftrygginga, þannig að segja má, að sú till. sé skyld þeirri, sem hér er um að ræða, þó að hún væri að vísu allmiklu þrengri. Þessi till. var samþ. hér á hv. Alþingi, og er skylt að geta þess, að hv. stjórnarandstöðuflokkar báðir sýndu því máli vinsemd, en ef svo hefði ekki verið, býst ég ekki við, að till. hefði náð fram að ganga, því að hún var það seint á ferðinni. Fyrir það er ég hv. stjórnarandstöðuflokkum þakklátur. Mér var síðan falið að semja álitsgerð um málið, og lauk ég henni snemma á árinu 1963. Þó að svið þessarar till., eins og ég nefndi, væri að vísu allmiklu þrengra en þeirrar, sem hér liggur fyrir, þá var spurningin um það, hvort rétt væri að taka upp almenna verðtryggingu sparifjár, töluvert rædd í þessu áliti. Ég komst að vísu að þeirri niðurstöðu þá, að slíkt væri ekki tímabært, en benti þó á það, að þær aðstæður gætu skapazt í efnahagsmálum Íslendinga, að slík leið hlyti að koma mjög til álita, og hvatti til þess, að það mál yrði áfram til athugunar. Eins og ég sagði, var frá þessari álitsgerð gengið í ársbyrjun 1963, en hefði það verið u. þ. b. hálfu ári síðar, eða eftir að sú verðbólgualda skall á, sem átti sér stað á seinni hluta ársins 1963, þá býst ég við, að ég hefði tekið dýpra í árinni í því efni.

Svo að farið sé aðeins fáeinum orðum um efnishlið þessa máls, þá er ég alveg sammála hv. 1. flm. um það, að ef tekin væri upp meira eða minna víðtæk verðtrygging sparifjár, mundi það vera verulegt spor í þá átt að koma á jafnvægi á lánamarkaðinum. En ekki þarf að fara í grafgötur um það, að nú er verulegt jafnvægisleysi á lánamarkaðinum. Þrátt fyrir þá háu vexti, sem eru, er ekki hægt að fullnægja eftirspurninni eftir lánsfé. Að vísu er það svo, gagnstætt því, sem stundum hefur verið haldið fram, að þetta ójafnvægi mundi auðvitað verða enn þá meira, ef vextirnir væru lækkaðir, en hvað sem því líður, er þetta ójafnvægi fyrir hendi, og ég tel ekki vafa á því, að það mundi lagfærast, ef tekin væri upp víðtækari verðtrygging en nú er. Eitt af fleiru, sem við það væri unnið, væri það, að með því móti ætti að vera hægt að útrýma hinum svarta lánamarkaði, sem jafnan er fyrir hendi, þegar svo stendur á sem hér er um að ræða, og ætti ekki að vera ágreiningur um það, að slíkt væri spor í rétta átt. Þegar fólki eru allar bjargir bannaðar með að fá lán með ríkjandi vaxtakjörum, þá er hætta á því, að menn leiti á þennan svarta markað, alveg á sama hátt og þegar ekki er hægt að fá húsnæði með löglegum kjörum, þá myndast svartur húsaleigumarkaður. Það eru alveg sömu lögmálin, sem hér eru að verki.

Þetta er fyrra atriðið, sem benda má á í sambandi við þá kosti, sem verðtryggingin mundi hafa í för með sér. En ég er einnig sammála hv. 1. flm. um það, að von er til þess, að verulegt skref væri stigið í þá átt að stöðva verðbólguþróunina, ef verðtrygging sparifjár væri tekin upp. Að vísu má segja, að með því einu að taka upp verðtryggingu sparifjár væri verðbólguþróunin ekki stöðvuð, en það mundi draga mjög úr hinum óhagstæðu áhrifum, sem verðbólgan hefur á efnahagslífið, ef slíkt skref væri tekið. En þessi óhagstæðu áhrif eru m. a. fólgin í því, að missi menn trú á verðgildi peninganna, verður mikil ásókn í það að koma lausafé í föst verðmæti, sem bæði verður til þess að örva verðbólguþróunina og leiðir í öðru lagi til óhagstæðrar gjaldeyrisaðstöðu, svo að hætta er á því, að grípa verði til meira eða minna víðtæks haftakerfis með þeim óþægindum, sem það skapar, þannig að þótt verðbólgan væri út af fyrir sig ekki stöðvuð með slíkri verðtryggingu, væri mjög dregið úr óhagstæðum áhrifum hennar, og af því mundi aftur að mínu áliti leiða það, að menn mundu þá uppgötva smátt og smátt og verða það ljósara en nú er, að það græðir í rauninni enginn á verðbólguþróuninni, en það mundi auðvitað aftur skapa hagstæðari skilyrði fyrir því, að hana mætti stöðva. Í því sambandi má á það benda, að skuldarar, sem af eðlilegum ástæðum líta það a. m. k. ekki óhýru auga, þó að verðlagið hækki, af því að það dregur úr skuldabyrði þeirra, mundu, ef tekin væri upp vísitölutrygging sparifjár og annarra peningakrafna, snúa við blaðinu og styðja ráðstafanir til þess að hefta verðbólguna, því að enginn kærir sig um, að nafnverð skulda hans komi til að hækka. Þetta eru þeir kostir, sem verðtryggingin mundi hafa í för með sér.

Nú er hugmyndin um verðtryggingu sparifjár engan veginn ný. Hún kom þegar fram að lokinni fyrri heimsstyrjöldinni og var þá mikið rædd í ýmsum löndum. Hér á landi er þessi hugmynd ekki heldur ný. Það hafa öðru hverju síðan í byrjun fyrri áratugs verið skipaðar í það nefndir eða einstökum aðilum falið að gera athugun á þessum efnum. En þá vaknar sú spurning: Hvernig stendur á því, þar sem verðbólguvandamálið hefur svo víða reynzt erfitt úrlausnar, að þessi leið hefur ekki verið farin fyrir löngu í öllum þeim löndum, sem við verðbólguvandamálið eiga að stríða? Svarið við því er

að minu áliti það, að framkvæmd almennrar verðtryggingar sparifjár hlýtur að vera háð mjög miklum framkvæmdarörðugleikum. Að vísu eru þeir örðugleikar ekki óyfirstíganlegir. Að svo er, leiðir þegar af því, að slíkt fyrirkomulag hefur verið tekið upp í allmörgum löndum nú þegar, eins og réttilega er á minnzt í grg. fyrir þessari þáltill. En víða hefur það reynzt allmiklum örðugleikum háð, og án þess að ég geti farið nánar út í það hér að ræða það, er þó eitt atriði, sem benda má á í sambandi við framkvæmdina á þessu. En sú spurning hlýtur auðvitað strax að koma upp: Hvað viðtæk á þessi verðtrygging að vera? Að gera verðtrygginguna svo viðtæka, að hún næði til allra lána, jafnt rekstrarlána og fjárfestingarlána, er auðsæjum annmörkum háð. Það má gera ráð fyrir því, að það mundi m. a. sæta mikilli mótspyrnu af hálfu atvinnuveganna, ef rekstrarlán til þeirra ættu að vera vísitölutryggð. Þó að slíkt væri auðvitað hægt að gera og það ástand gæti skapazt, að það væri varla önnur leið fyrir hendi, þá hygg ég, að það gæti varla verið álitamál, að mjög erfitt væri að taka upp slíka almenna verðtryggingu. Hitt hlýtur að minu áliti hins vegar mjög að koma til álita, að gera verðtryggingu almenna, þegar um lán til fjárfestingar er að ræða, eins og nú þegar á sér stað í allstórum stil, eins og hv. þm. er kunnugt, hvað snertir lán til íbúðarhúsabygginga. Fasteignir og önnur slík verðmæti hækka jafnan í verði til samræmis við hinar almennu verðhækkanir, þannig að það ætti ekki að vera ofviða þeim, sem slík lán taka, þó að þau séu vísitölubundin. Gegn þessu mundi þá auðvitað aftur koma það, að þeir sparifjáreigendur, sem verðtryggingarinnar nytu, yrðu að kaupa hana því verði að festa fé sitt um skemmri eða lengri tíma, eftir því sem nánar væri ákveðið hverju sinni.

Það lítur í sjálfu sér mjög vel út, að verðtryggingin eigi að ná til fjárfestingarlána og bundins sparifjár, aftur á móti ekki til rekstrarlána og sparifjár, sem ekki er bundið. En einmitt það að kljúfa þannig lánamarkaðinn hefur reynzt vera talsverðum örðugleikum háð. Finnland er það eina Norðurlandanna, eftir því sem ég bezt veit, sem í verulegum mæli hefur tekið upp verðtryggingu sparifjár og peningakrafna, enda hafa Finnar átt við mjög erfiða verðbólgu að stríða. Og mér er kunnugt um það, að í Finnlandi hafa forstöðumenn lánastofnana yfirleitt verið því meir eða minna andvígir, að þetta fyrirkomulag væri tekið upp, enda hlýtur þetta að valda töluverðum erfiðleikum í rekstri slíkra stofnana. Nú hefur það verið þannig í Finnlandi, að sú leið hefur verið farin, sem álitlegust sýnist, að láta verðtrygginguna fyrst og fremst ná til fjárfestingarlána og aðeins til bundins sparifjár, hins vegar ekki til rekstrarlána og sparifjár, sem hægt er að hefja án uppsagnar. En af þessu hefur svo aftur leitt, að tilhneiging hefur verið til þess, að miklar færslur hafa verið milli hinna vísitölutryggðu reikninga og þeirra, sem ekki voru það. Þegar verðhækkanir hafa verið örar og almenningur hefur óttazt rýrnun á verðgildi peninganna, þá hefur sparifé eðlilega streymt yfir á hina vísitölutryggðu reikninga, en það hefur aftur leitt til þess, að lánastofnanir hafa átt í miklum örðugleikum með að fullnægja eftirspurn atvinnuveganna eftir rekstrarfé. Hins vegar hefur það á öðrum tímum komið fyrir, ef verðlag hefur verið stöðugt alllangan tíma, að þá hafa hreyfingarnar verið í hina gagnstæðu átt. Nú er það yfirleitt þannig, sem telja má raunar sjálfsagt, að vextir eru yfirleitt lægri af sparifé, sem er vísitölutryggt, heldur en af sparifé, sem ekki er það. Þegar fólk svo hefur búizt við því, að verðbólgan væri stöðvuð, þá hafa menn viljað njóta hinna hærri vaxta og flutt sparifé sitt af hinum vísitölutryggðu reikningum, en af því hefur þá aftur leitt, að lánastofnanirnar hafa lent í erfiðleikum með að fullnægja eftirspurn eftir lánum til íbúðarhúsnæðis og öðrum fjárfestingarlánum.

Þetta er eitt þeirra atriða, sem á má benda. Og að minu áliti er það í sjálfu sér ekki álitamál, að ef maður væri þeirrar trúar, að auðvelt mundi vera á næstu árum að stöðva verðbólguna eftir öðrum leiðum, þá mundi ég telja það æskilegustu lausnina. Það væri æskilegt að geta sloppið við að taka upp svo viðamikið kerfi, sem hér er um að ræða. Þess vegna snertir það að minu áliti mjög kjarna þess máls, sem hér er um að ræða, þegar einn hv. þm. Alþb. komst þannig að orði, þegar frv. um útboð skuldabréfaláns ríkisins var hér til umr. fyrir fáum dögum, að hann sæi ekki ástæðu til þess að bjóða svo hagstæð kjör sem gert var með þessu láni, því að gera mætti sér vonir um það, að með júnísamkomulaginu í vor milli atvinnurekenda og launþegasamtakanna væri mörkuð ný stefna í verðlagsmálum, þannig að þess mætti vænta, að verðlagsþróunin yrði stöðugri á næstunni en nú er. Eins og ég sagði áðan snertir þetta mjög kjarna þess máls, sem hér er um að ræða, því að væri sú skoðun rétt, sem ég mundi fyrir mitt leyti mjög óska, að vænta mætti þess, að sams konar samvinna, sem tókst um það á s. l. vori milli hagsmunasamtakanna og ríkisstj. að gera raunhæfa tilraun til þess að stöðva verðbólguþróunina, gæti haldið áfram, þá væri ekki ástæða til þess að fara þá krókaleið til stöðvunar verðbólgunni, sem hér er um að ræða. En valt er því að treysta að minu áliti með tilliti til fenginnar reynslu, og má í því efni segja, eins og í ýmsum öðrum hliðstæðum samböndum, að rétt er að vera búinn við því versta, því að það góða skaðar ekki. Og með tilliti til þessa tel ég, að hvað sem öðru líður, sé nú fyllilega tímabært að gera á því nánari athuganir en hingað til hefur verið gert, hvort ekki geti komið til greina sem lausn á verðbólguvandamálinu að taka

upp almenna verðtryggingu sparifjár. Að mínu áliti er það leið til þess að leysa þann vanda, sem hér er um að ræða, þó að vissulega sé hún að ýmsu leyti torfær. Í öðru lagi má á það benda, hvað sem því líður, hvort gera má sér vonir um það, að verðbólgan verði stöðvuð eftir öðrum leiðum en þessari, þá er það óbreytt skoðun mín, frá því að ég flutti þá þáltill., sem ég minntist á áðan um verðtryggingu lífeyris- og líftrygginga, að þegar um það er að ræða að binda fé til langs tíma, eins og þegar safna á í lífeyrissjóði og keyptar eru líftryggingar, þá eru engar líkur á því, að verðlagsþróunin verði svo stöðug næstu áratugi, að það eigi ekki fullan rétt á sér að verðtryggja slíkt sparifé, hvað sem öðru líður, enda verið inn á þá braut farið í ýmsum nágrannalanda okkar, svo sem Norðurlöndunum öðrum en Finnlandi, þar sem verðbólgan hefur þó verið miklu minni en hér hjá okkur.

Ég hef þessi orð svo ekki fleiri, en endurtek það að lokum, sem ég sagði í upphafi máls míns, að ég tel, að hv. Alþingi beri að taka jákvæða afstöðu til þeirrar till., sem hér hefur verið flutt.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Aðeins nokkrar aths. í sambandi við það, sem hér hefur komið fram. — Ég þóttist taka eftir því réttilega, að frsm. þessa máls, 1. flm. málsins, benti á það í ræðu sinni, að verðtryggingu á sparifé yrði knapplega við komið án þess, að um leið yrði tekin upp sams konar verðtrygging eða vísitölubinding á útlánum almennt, enda ætla ég, að allir, sem um þessi mál vilja hugsa, hljóti að verða að viðurkenna, að það muni verða allörðugt viðfangs að ætla að halda uppi raunverulegri verðtryggingu á innistæðufé, án þess að vísitölubinding komi til í sambandi við útlán á þessu sama fé. Að vísu veitti ég því einnig athygli, að þáltill., sem hér er flutt, fjallar í rauninni aðeins um athugun á verðtryggingu á sparifé, en minnist ekki á hinn þáttinn. En þegar menn hafa komizt að þessari niðurstöðu, að verðtryggingin á sparifé muni verða örðug viðfangs, án þess að einnig komi til hliðstæð trygging á öllum útlánum eða flestum útlánum, þá kemur vandinn upp, þá reka menn sig á erfiðleikana við framkvæmdir í þessa átt, eins og greinilega kom fram í ræðu hv. 10. þm. Reykv., sem hér var að ljúka við að tala og hefur eflaust hugsað allmikið um þessi mál. Ég tel því, að það sé enginn að bættari í sambandi við þessi mál að flytja till. eins og þá, sem hér liggur nú fyrir um einhliða verðtryggingu á sparifé, eða gefa almenningi í landinu og þá sérstaklega sparifjáreigendum eitthvað undir fótinn um það, að nú standi til með nefndarskipun að tryggja þá fyrir voða verðbólgunnar, án þess að það komi þá alveg skýrt fram um leið, hvaða örðugleikum þetta er bundið og undir hvaða vanda almenningur í landinu mundi gangast, um leið og slík verðtrygging yrði veitt, í sambandi við ýmislegt annað, sem við kemur almenningi í landinu.

Það er jafnvel minnzt á, að það mætti e. t. v. vísitölubinda öll svonefnd fjárfestingarlán, jafnvel þó að rekstrarlánin yrðu ekki öll vísitölubundin. Ég er hræddur um, að menn komist fljótlega að raun um, að þetta mundi ekki duga, rekstrarlánin yrðu hér að koma inn í líka, því að annars fengi þetta ekki staðizt. En jafnvel fjárfestingarlánin er miklum erfiðleikum bundið að vísitölubinda, þótt þau væru tekin öll, og það mundi koma æðihart við marga, svo framarlega sem verðbólgan héldi áfram að geisa, en það er nú meginvandinn í því máli, sem hér er um að ræða. Auðvitað yrðu ýmsir aðilar, sem taka fjárfestingarlán, að reikna með því, í öllum heilbrigðum rekstri verða menn að gera það, að þeim takist að standa í skilum með sín fjárfestingarlán. Við skulum bara hugsa okkur eitthvert dæmi. Við skulum taka dæmi af því, að bæjarfélag eða einhver slíkur tekur fjárfestingarlán til þess að byggja höfn eða koma upp einhverju öðru mannvirki, og auðvitað þarf þessi aðili að afla sér tekna til þess að standa undir þessu fjárfestingarláni. Ef þetta fjárfestingarlán er með þeim hætti, að það skríður jafnt og þétt fram, hækkar í sífellu, afborganirnar hækka, útgjöldin verða meiri af þessu stofnláni, þá gerir þessi aðili ekki annað en það, að hann verður að reikna með þessu í sínum útgjöldum, hækka sínar álögur, innheimta hærri hafnargjöld í þessu tilfelli eða meiri tekjur af þessum framkvæmdum, sem fjárfestingarlánið hefði gengið til. Þannig mundi þetta yfirleitt verða í öllum tilfellum. Sama er að segja vitanlega um rekstrarlánin. Þegar menn veita því athygli, að það verður einnig að vísitölubinda slík útlán á móti því, ef á að verðtryggja öll innlán, þá er það líka alveg gefið mál, að þeir, sem eiga að standa undir rekstrarlánunum, verða að gera ráðstafanir til þess, að þeirra tekjur geti farið vaxandi á móti slíkum óvæntum útgjöldum.

Ég ætla, að menn komist fljótlega að þeirri niðurstöðu, þegar þessi mál eru athuguð, að í rauninni er hér ekki um neina björgun að ræða í sambandi við meginvandamálið, ekki nema þá að þessar aðgerðir leiddu beinlínis til þess, að hægt yrði að stöðva dýrtíðina. En ég held fyrir mitt leyti, að það séu allt aðrar og miklu stærri orsakir í rauninni til þess, að verðbólgan æðir yfir, heldur en þær, sem liggja í þessu atriði út af fyrir sig. Það er nefnilega hætt við því, ef verðbólgan heldur áfram, sem ég held að væru allar líkur til að hún mundi gera þrátt fyrir svona ráðstafanir, að útkoman af þessu verði einungis sú, að verðtryggingin á innistæðufé þýði í framkvæmd það sama og hækkaðir vextir, ekkert annað. Og ég hélt satt að segja, að þeir væru nú að verða fleiri, en ekki færri, sem væru að sannfærast um það, að hinir háu vextir, sem hér hafa verið notaðir nú um skeið og áttu að vera til þess að draga

úr vexti dýrtíðar og verðbólgu, hamla gegn útlánum og hafa þannig þau áhrif í efnahagskerfinu, að um meira jafnvægi yrði þar að ræða, — ég hélt, að þeir væru að verða fleiri, en ekki færri, sem hefðu sannfærzt um það, að þessir háu vextir verka öfugt. Þeir gera miklu frekar að kynda undir dýrtíðinni í landinu og gera erfiðleikana meiri en það, að þeir leysi vandann. En það, sem liggur raunverulega á bak við þennan tillöguflutning, tel ég, er sú ágæta löngun hjá flm. að reyna að finna ráð til þess að vernda sparifjáreigendur í landinu fyrir þeim áföllum, sem þeir hafa orðið fyrir og verða jafnan fyrir á dýrtíðartímum. Það er ofur eðlilegt, að reynt sé að finna ráð til þess. Núverandi hæstv. ríkisstj. fann það ráð við þessum vanda, að hún veitti innistæðueigendum í landinu hærri vexti en þeir höfðu áður fengið. Ég held, að þeir hafi ekki grætt á þeirri ráðstöfun. Og ég efast líka um það, að sparifjáreigendur mundu græða á þessari ráðstöfun, þegar til lengdar lætur.

Það, sem ég vildi einkum segja í sambandi við þær umr., sem hér hafa farið fram, er þetta: Ég álít, að meginvandamálið í þessum efnum sé verðbólgan sjálf og það eigi að snúa sér að því með öðrum ráðum en þessum að finna leiðir til þess að hemja þessa verðbólgu og það sé höfuðatriðið. Það er alveg rétt, að það verður sennilega nokkuð erfitt að fá fulla samstöðu um ráðstafanir í þeim efnum, og það þekkjum við vel af þeim umr., sem hafa farið fram á undanförnum árum hér á Alþingi um leiðir í þeim efnum. En ég held, að það þýði ekki, þegar við þennan vanda er að glíma, verðbólguvandann, sem bitnar að vísu þungt á sparifjáreigendum og ýmsum öðrum, að líta undan, þora ekki að horfast í augu við vandamálið sjálft. Það er verðbólguvandamálið, sem við er að glíma, og það þarf að reyna að ná samstöðu um það, hvernig á að stöðva verðbólguna, en ekki víkja sér undan vandanum á þennan hátt. Ég held, að það mundi ekki leysa vandann.

Við höfum á undanförnum árum búið við það ástand í okkar efnahagsmálum, að verðlag hefur farið ört hækkandi hér á Íslandi. Það hefur það gert þrátt fyrir það, þó að opinberar skýrslur sýni okkur, að verðlag á innfluttum vörum til landsins hefur fremur farið lækkandi en hækkandi. Hverjar eru þá ástæðurnar? Sumir halda því fram, að ástæðurnar liggi í því, að kaupgjald sé almennt of hátt hér á landi og það valdi mestu um mikla dýrtíð hér. Á það hefur hins vegar verið bent, að kaupgjald verkafólks og annarra almennra launþega á Íslandi virðist nú vera nokkru lægra en í nágrannalöndum okkar, en hins vegar kemur líka í ljós, að þjóðartekjur okkar á hvern mann í landinu eru fyllilega eins háar eða hærri. Þegar þessar staðreyndir liggja fyrir, sem ég held, að verði ekki mjög mikið deilt um, sýnist mér alveg augljóst, að það komi upp í þessu máli, að hér eru ýmsir aðrir aðilar, sem ráða þróuninni meir um verðlagsmálin og verða þess valdandi, að hér gengur yfir þessi mikla verðbólga. Þar tel ég, að komi mjög til ýmsir opinberir aðilar á Íslandi, sem verða þess valdandi, að kostnaður allur hér verður óvenjulega hár. Hér eru t. d. miklum mun hærri vextir en í nálægum löndum, og þeir spinna mjög upp á sig og eiga stóran þátt í hinu háa verðlagi í landinu. Hér er líka um það að ræða, að bæði ríki og bæjarfélög taka tiltölulega mjög mikið til sín, innheimta tiltölulega mjög mikið. Þessir aðilar hafa lengi staðið í allmiklum framkvæmdum á ýmsu sviði, og þetta verður til þess, að álögur þessara aðila á framleiðsluna í landinu eru þannig, að það getur ekki leitt til annars en þess, að verðlag verður hér tiltölulega hátt. Og ýmiss konar annar óeiginlegur kostnaður millilíða er tiltölulega mikill hér. Það er því mín skoðun, að það þurfi að snúast að því hér, til þess að reyna að hamla gegn hækkandi verðlagi eða óeðlilegri hækkun á verðlagi hér fram yfir það, sem er í nálægum löndum, að lækka ýmsa þá kostnaðarliði í verðlaginu, sem eru úr hófi fram háir. En um það hefur ekki fengizt samstaða, þrátt fyrir það að hér hafa verið fluttar ýmsar till. í þá átt. Um það hefur ekki fengizt samstaða.

Ég skal svo ekki ræða þetta mál hér lengur. Ég hef ekki á móti því, að nefnd eins og sú, sem stungið er upp á í þessari till., verði kosin, málið verði athugað, en ég tel mjög varhugavert að gefa nokkrar falskar vonir um það, hvernig megi losa sig við þennan mikla vanda, sem sívaxandi verðbólga er í okkar efnahagskerfi og hún er einnig fyrir sparifjáreigendur í landinu. Ég held um þá leið, sem hér er stungið upp á eða mest er rætt um, að ætla að taka upp einfalda verðtryggingu á spariinnlögum og þá um leið einnig á útlánum, að það muni fleiri komast að þeirri niðurstöðu en ég, og það skilst mér reyndar að hafi þegar komið fram hjá þeim, sem þessi mál hafa athugað allvel, að sú leið er ekkert auðveld.

Flm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Mig langar til að segja hér örfá orð í tilefni af ræðu síðasta hv. ræðumanns. Hann byrjaði ræðu sína á því að tala um, að við með tillöguflutningi okkar reyndum að vekja falskar vonir, eins og hann orðaði það, hjá fólki um, að auðvelt væri að stöðva verðbólguna með því að taka upp verðtryggingu á sparifé. Og hann bætti við, að tillgr. bæri það ekki með sér, að jafnframt því, sem verðtrygging yrði tekin upp á innlánum í bankastofnanir landsins, ætti að koma vísitölubinding á útlán þess fjár. Það er að vísu rétt, að tillgr. sjálf talar hvergi um, að vísitölubinda skuli það verðtryggða sparifé, sem lánað verður út aftur. En ég hygg þó, að hverjum manni, sem eitthvað hefur um þessi mál hugsað og les sjálfa tillgr., sé ljóst, að eðlileg afleiðing af verðtryggingu sparifjár hljóti að verða sú,

að vísitölubinda verði það innlánsfé, sem verðtryggt er og lánað út.

Till. gengur út á, að Alþingi kjósi 4 manna mþn. til þess að athuga, með hverjum hætti verði komið við verðtryggingu sparifjár. Ég hygg, að flestum sé það ljóst, að slíkt verður ekki gert nema vísitölubinda útlán þess fjár. Væri hins vegar svo, að einhverjum kynni að vera það hulið við lestur sjálfrar tillgr., er það mjög undirstrikað í þeirri grg., sem fylgir till., eins og kemur fram á bls. 3. Þar segir, með leyfi forseta, svo:

„Eðlilegt er að miða verðtryggingu sparifjárins við vísitölu neyzluverðlags, eins og hún er á hverjum tíma. Auðvitað yrði þá einnig að vísitölubinda útlán þess fjár með samsvarandi hætti."

Hér er það alveg skýrt tekið fram, að forsenda þess, að þessari verðtryggingu sparifjárins verði komið á, er sú að vísitölubinda útlán þessa sama fjár.

Síðasti hv. ræðumaður virtist ekki hafa mikla trú á því, að verðtrygging sparifjár í sjálfu sér væri til þess fallin að hamla gegn vexti verðbólgu. Ég er honum ósammála um þetta atriði. Ég vil benda á þá staðreynd, að síðan verðbólguvandamálið fór að verða vandamál í íslenzku þjóðfélagi eftir lok síðustu heimsstyrjaldar, hafa allir flokkar setið í ríkisstj. um lengri eða skemmri tíma. Örlög flestra eða allra þessara ríkisstj. hafa verið þau að hafa fallið í glímunni við verðbólgudrauginn. Ég held, að tillögur til lausnar á verðbólguvandamálinu hafi margar verið reyndar á þessum tíma, en með mjög misjöfnum árangri. Og mér er nær að halda, að almenn verðtrygging sparifjárins sé eina ráðstöfunin gegn verðbólgu, sem ekki hefur verið reynd hér á landi síðustu 15—20 árin, og það er sannarlega fyrir því reynsla erlendis, að verðtrygging sparifjár og vísitölubinding útlána hefur einmitt gefizt mjög vel til þess að hamla á móti verðbólguaukningu. Ég held því, að það sé sjálfsagt með hliðsjón af því, sem ég hef verið að segja, fyrir Íslendinga að taka til mjög gaumgæfilegrar athugunar, hvort það ráð, sem vel hefur gefizt víða erlendis, geti ekki einnig komið okkur að gagni í baráttunni við verðbólgudrauginn.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Þetta mál, sem hér er um að ræða, er raunverulega þáttur í því, sem við höfum verið að ræða síðustu 20 árin hér á Alþingi. Það er rétt, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að það hefur riðið að falli ýmsum ríkisstj. viðureignin við þetta. Hins vegar er það alltaf rétt, áður en maður gerir ákveðnar ráðstafanir, að reyna eins mikið og hægt er að gera sér ljóst, hverjar afleiðingar þeirra verða, því að það er ekki gott fyrir þjóðfélagið, að maður geri það bara að tilraunastöð fyrir meira eða minna vanhugsaðar till. Við höfum prófað heilmikið með þessar vísitölutryggingar og raunverulega gert með þetta heilmargar tilraunir. Allir þekkja baráttuna viðvíkjandi vísitölukaupi, og þarf ég ekki að fara út í það.

Það hefur verið vísitala á ýmis skuldabréf, sem það opinbera hefur gefið út, og var núna nýlega verið að gera slíkt. Stundum hefur þetta verið gert undir, að því er ég álít, alveg hlægilega vitlausum kringumstæðum. Ég vil nefna sem dæmi, að það var núna nýlega verið að gefa upplýsingar um það, að bréf, sem Reykjavíkurbær eða Sogsvirkjun, — ég man ekki, hvort var, — hefði gefið út, hefðu verið endurgreidd með 40% álagi vegna rafmagnsvísitölu, sem á þeim var. Ef ég man rétt, var þetta ca. 25 millj. eða 30 millj. kr. lán, sem Sogsvirkjunin var látin taka. Til hvers? Til þess að borga ríkissjóði tolla af vélunum til Sogsvirkjunarinnar. Og ég sýndi fram á það hvað eftir annað í þeim umr., sem fram fóru, þegar þetta var samþ. hér á Alþingi, að þetta væri ídíótísk verðbólguráðstöfun, að ríkið, sem á Sogsvirkjun að hálfu leyti á móti Reykjavíkurbæ, leggur toll á vélarnar, sem það er sjálft að kaupa til þess að setja í Sogsvirkjunina, síðan ákveður ríkið, af því að engin lánsstofnun úti í þeim stóra heimi vildi náttúrlega fara að lána einu ríki fé til þess að borga skatta til sjálfs sín af sinni eigin eign, þá ákveður ríkið að gefa út skuldabréf upp á, að ég held, 25 millj. kr., ríki og Reykjavíkurbær, sem skuli vera rafmagnsvísitala á, til þess að þau seljist, til þess að borga ríkinu þessa tolla. Og þetta var gert. Hvað þýddi þetta? Auðvitað þýddi þetta ekkert annað en beina verðbólguráðstöfun, ekki nokkurn skapaðan hlut annan, og kemur nú, þegar borgað er til baka, 40% álag. Svona er ekki hægt að stjórna, ef menn ætla að stöðva verðbólgu. Þá bar fjmrh. að segja: Hér er talað um, að ríkið eigi að fara að borga sjálfu sér 25 millj. kr. tolla. Þetta gerum við ekki. Við afnemum þessa tolla. — Þessir tollar á vélum til rafmagnsframleiðslu eru ekkert annað en að ákveða að minnka peninga í verði, að hækka rafmagn. Það var ómögulegt að koma neinu viti fyrir menn með þetta. Og enginn talar auðvitað um þetta núna, þetta er bara hið almenna sukk, 40% álag, það er ekki verið að spyrja um það, þó að það sé kastað þarna út um 10—12 millj. kr. Það er ekki talað um það. En það er þarna, sem verður að stöðva, ef menn ætla sér að fara að ráða eitthvað við verðbólgudrauginn, en ekki bara að velta svona yfir.

Nú nýlega var tekin ákvörðun, og hún hefur reyndar verið gerð áður, um, að það skuli vera vísitala á lánunum til húsnæðisbygginga. Þetta var í gömlu lánunum eða vissum þætti þeirra og er einhver óvinsælasti partur af þeim lánum, B-lánin svokölluðu. Ég þori ekki að fara með þessar tölur nú, hvað það er orðið, sem verður að borga nú í hækkanir á þeim vísitölubréfum, það er mikið. Og það var eitt, sem var einkennandi, þegar rætt var um þessa hluti, bæði í gamla daga, þegar B-lánin voru ákveðin, og eins núna með þessi, að menn kunna enn þá ekki að hugsa í raun-

verulegum vöxtum, þegar menn eru að tala um þetta. Að vísitölutryggja skuldabréf og vera að tala um vexti frá 4% og jafnvel upp í 7%, það er ídíótí. Það á að tala um 2—3% vexti í hæsta lagi á bréfum, sem menn ætla að vísitölutryggja. Hitt er bara að gefa mönnum einhver sérréttindi í þjóðfélaginu.

Ef við ætlum að komast niður á það stig að reyna að stöðva verðbólgu, þá verðum við um leið að þora að horfast í augu við, að það verður að lækka vextina og fyrst og fremst vextina á þessum hlut og það svo, að það muni verulega um það. Meðan Ísland var bláfátækt og ekki öll þessi peningahringiða og vitleysa komin, sem nú er, þá þótti eðlilegt að lána til húsnæðisbygginga með 2½% vöxtum til 42—80 ára. Það fátæka Ísland skildi það. En þeir vitleysingar, sem hafa ráðið stefnunni í sambandi við fjármálin upp á síðkastið á Íslandi, eru orðnir svo trylltir í háa vexti, sem eru mesta bölvun fyrir hverja þjóð, sem er að byggja sitt land upp, að þeir leyfa sér jafnvel, þegar talað er um vísitölutryggingar, að fara upp í 4—7% vexti.

Menn hafa verið að reyna það á undanförnum árum á öllum mögulegum sviðum, við útlán, við innlán og kaup og annað slíkt, að miða við vísitöluna. Og það hefur alltaf verið ósköp góður vilji, sem býr þarna á bak við, hvort þetta gæti á einhvern hátt bætt mönnum upp verðbólguna eða stöðvað verðbólguna. Nú vil ég segja það sem mína skoðun, ég hef að vísu ekki þrauthugsað þessi mál, en mér finnst það, þegar ég athuga þau, ef það er ákveðið að vísitölubinda sparifé og vísitölubinda útlán, þá hlýtur þetta í framkvæmd að verða nokkurn veginn óframkvæmanlegt nema með einu einasta móti. Ef það er framkvæmt og það er byrjað að framkvæma þetta, þá hlýtur þetta að verða hringiða, sem verður alveg óþolandi, sem maður ræður ekki við. Það er aðeins eitt stórt og gott, sem getur í þessu falizt, og það er, ef það er tekin ákvörðun um að vísitölubinda útlán og vísitölubinda sparifé, þá er það raunverulega siðferðileg yfirlýsing frá hálfu stjórnarvalda um, að verðbólga verður ekki látin eiga sér stað, — og það getur verið alveg stórkostlega þýðingarmikið, — eða hæg verðbólga, eins og er nú almennt í þjóðfélögunum og er almennt nauðsynleg í þjóðfélögunum, svo hæg verðbólga, að hún komi ekki að sök. Ég held þess vegna, að þegar við athugum þessa hluti, þá geti að vísu vel komið til mála að vísitölubinda sparifé og vísitölubinda útlán, en menn verða um leið að gera sér ljóst, að þetta er ekki ráðstöfun til þess að láta neina verðbólgu halda áfram og bæta úr henni með þessu, heldur er þetta eingöngu harðvítug yfirlýsing frá hálfu viðkomandi stjórnarvalda, að öll verðbólga verði stöðvuð.

Og þá komum við að hlut, sem ég veit ekki hvort nokkur maður hér á Alþingi kærir sig um að ræða um eða horfast í augu við. Við skulum ekki vera að fara í neinar grafgötur um það, hvað verðbólga hefur á vissan máta þýtt fyrir Ísland á þeim 25 árum, sem hún hefur geisað. Það er ekkert spursmál um það, að verðbólgan er pískur, sem pískar menn í það að festa fé, að byggja upp, að forða sínu fé í fasteignir, og þær fasteignir eru mismunandi: atvinnutæki, hús og allt mögulegt annað. Það hefði varla verið byggt svona mikið á Íslandi, — það má segja alveg hreinskilnislega, — það hefði varla verið byggt svona mikið á Íslandi, eins og hefur verið byggt á undanförnum árum, ef það hefði ekki verið um leið sá spori, sú hvöt hjá mönnum að bjarga sínu fé, þeim sem fé áttu. Húsbyggingar og íbúðabyggingar hafa verið sparisjóðurinn, sem menn hafa sett sitt fé í. Það er ekkert spursmál um það. Við vitum líka, að þegar aukning hefur verið í atvinnurekstrinum hjá okkur, þá hefur það verið ákaflega mikið það, að okkar útgerðarmenn og okkar atvinnurekendur og aðrir slíkir, sem hafa getað fengið lán, þeir hafa vitað, að þessi lán minnkuðu alltaf í verði, þannig að það var beinn gróði að því, þó að enginn gróði væri á atvinnurekstrinum, að fá lánað fé og byggja sína báta og sín hraðfrystihús eða annað slíkt.

Við skulum gera okkur ljóst, að verðbólga hefur verið pískur á framkvæmdirnar í landinu á vissum skeiðum. Það er ekkert spursmál um það. Og það held ég líka, að þeir lærðu hagfræðingar hljóti að vera sammála mér um. M. ö. o.: ef við þess vegna tækjum svona ákvörðun, sem getur verið út af fyrir sig mjög viturleg, þá þurfum við að reyna að sjá allar afleiðingarnar af henni. Í fyrsta lagi, við verðum að stórlækka vexti. Vextirnir, sem við þá förum að tala um, eru frá 2% upp í 4%, líka á sparifénu. Það verður að haldast í hendur allt saman. Í öðru lagi það, sem við komum til með að byrja að horfast í augu við, ef við stöðvum verðbólguna, það er það, sem menn hafa stundum verið að tala um, að menn fara að fara á hausinn í hópum, eins konar hrun, ökonómískt hrun. Verðbólgan hefur verið aðferð til þess að losna við vissar afleiðingar, sem alltaf hljóta að vera í ökonómísku lífi kapítalismans. Við flýjum undan þeim afleiðingum. Í þeim almenna kapítalisma gengur það þannig fyrir sig, að þeir smáu og veikari fara á höfuðið og þeir stóru og sterkari kaupa upp þeirra fyrirtæki, ef þeir láta þau þá ekki bara verða einskis virði. Og þá gengur þróunin í þá átt, að það verði fá og sterk og vel rekin fyrirtæki, en þeim bjargálna atvinnurekendum, sem áður var talað um, fækki. Ég segi þetta nú, af því að hv. framsóknarmenn hér á þinginu flytja þetta frv., að við skulum horfast alveg í augu við þetta. Þetta er reynslan í öllum þeim löndum, þar sem verðbólgan ekki er. Það er ekkert spursmál um það, að verðbólgan hefur bjargað mörgum smáatvinnurekendum hér á Íslandi. Við skulum bölva henni, og við vitum allir, hve hún er slæm, en við skulum bara um

leið sjá hitt, sem hún hefur gert. Meiri eða minni kreppa þýðir, að þeir smáu fokka og þeir stóru lifa af og verða ríkari og voldugri.

Ef við viljum koma í veg fyrir þetta, þá höfum við aðeins eina leið, og það er að „kontrolera" af hálfu ríkisins alla þróun efnahagslífsins og atvinnurekstrarins í þjóðfélaginu, þannig að slíkt gerist ekki, en tryggja samt, að þróunin sé það praktísk, að það verði alltaf stærri og betur skipulögð fyrirtæki, sem taka við. Ég veit, að menn sjá, hvert ég er að fara. Ég vil aðeins vekja athygli manna á þessu. Þetta er ekkert auðvelt mál að glíma við. Og við skulum hugsa þetta alveg til enda og ræða þetta til enda og sjá lok brautarinnar, um leið og við förum inn á hana, því að með okkar reikningsheilum, sem nú eru til, eigum við að geta reiknað þetta út, meira að segja alveg nákvæmlega, hvað margir færu á hausinn og hvað margir stórir risu upp.

Við höfum lifað hér á Íslandi án verðbólgu. Auðvitað höfum við lifað hér án verðbólgu. Þeir, sem muna tímabilið frá 1920—30, þeir muna ósköp vel, hvernig gengur án verðbólgu. Það gengur með kreppum og gjaldþroti, og nokkrir stórir dóminera á endanum yfir öllu saman, og kannske á endanum, ef kreppan er mjög harðvítug, fara þeir allir saman á hausinn líka og draga jafnvel bankana með sér. Eða þá að maður stöðvar þetta allt saman, stöðvar þessa þróun og fer inn á þá leið að láta ríkið fara að tryggja allt saman. Það var það, sem við upplifðum milli 1930 og 1940. Við erum búnir í 25 ár að lifa án þess að fá að kynnast nokkurri kreppu. Við höfum komizt hjá því, komizt hjá þeim venjulegu afleiðingum kapítalísks atvinnulífs með því að láta verðbólguna ganga alltaf. Þetta er ósköp vel hægt. En það er ekki hægt að halda áfram með það. Þannig er það, það er ekki hægt að halda áfram með það alla tíð. Og þess vegna erum við komnir þarna að mörkum, sem við eigum að stanza við.

Og þá vil ég segja það og kasta fram þeirri spurningu hér að lokum: Er nokkur möguleiki fyrir því að ræða þessi mál hér í þingi eða nefndum þannig, að við ræðum þetta virkilega, ég mundi helzt vilja segja eins og vísindamenn, til þess að taka þessi mál fyrir og reikna þau út og allar þeirra afleiðingar? Það getum við, ef við viljum leggja saman. Er það möguleiki? Eða á að skella fram einni tillögu í dag til að tryggja sparifjáreigendur? Blessaðir sparifjáreigendurnir, það er búið að stela frá þeim í 20 ár. Eigum við ekki að tryggja þá? Því ekki það? Við skulum segja þá um leið: Jú, við verðum að tryggja útlánin líka. Útgerðarmennirnir og allir þessir, sem kaupa sína báta, þeir skulu héðan af ekki skáka í því skjólinu, hvorki nafni minn Sigurðsson né aðrir, að verðbólgan hjálpi þeim til þess að borga þetta. En við verðum að tryggja um leið, að það verði keyptir bátar, að menn vilji reka þá. Þjóðfélagið verður að tryggja það. Og við skulum reikna með, að það þurfi að kaupa eins mikið af bátum og byggja eins mikið af hraðfrystihúsum og við höfum gert. Og það verður að liggja fyrir um leið, hverjir ætla að gera það. Þeir verða að taka upp áætlunarbúskap með það sama, ef þeir ætla ekki að lenda í kreppum og öðru slíku.

Það er engin auðveld völ í þessum efnum. Við erum að stjórna þjóðfélagi, sem er hvað rekstur snertir eins og eitt stórt fyrirtæki. ASEA, það sænska rafmagnsfyrirtæki, hefur, ef ég man rétt, 38 þús. verkamenn í sinni þjónustu, svipað og er í Alþýðusambandi Íslands. Og ef við viljum tryggja okkar fólki lífsstandard, sem sé jafnhár og í Svíþjóð, eða annað slíkt, þá verðum við að reka hlutina jafnvel og stærstu auðfélögin gera þar. Og þegar ég heyri hjá sumum mönnum, að við viljum hafa ákaflega marga sjálfstæða, bjargálna atvinnurekendur, kannske með einn verkamann í sinni þjónustu, hvernig ætlið þið að reka nútímaþjóðfélag með slíku móti? Það er ósköp fallegt að segja það. En ég veit, að skynsamari menn meðal framsóknarmanna mundu segja: Nei, við viljum hafa nákvæma samvinnu milli allra þessara manna. — En það munu nú kannske ekki allir vera á því. Þess vegna er, þegar við förum út í að ræða þessi mál, ákaflega vinsælt að koma fram með svona hluti: Við skulum verðtryggja sparifé — og segja svo í grg.: Náttúrlega er um leið óhjákvæmilegt að vísitölubinda útlán. — En ef við ætlum svo að ræða allar afleiðingarnar af þessu, skoða það niður í kjölinn, og það þarf að gera í þeirri nefnd, sem þetta fer til, þá koma öll vandamálin upp fyrir okkur, sem við mundum glíma við næstu 10—20 árin eftir stöðvun verðbólgunnar á Íslandi, sem er orðin mjög nauðsynleg fyrir okkur, a. m. k. að stöðva hana það mikið, að hún verði ekki nema sú hæga verðbólga, sem annars á sér yfirleitt stað í þjóðfélögunum og er alveg nauðsynleg. Viss hæg verðbólga er nauðsynleg í hverju þjóðfélagi, af því að það þýðir mátt lífsins sjálfs á móti því dauða eignarréttarskjali. Það er krafa framvindunnar og framþróunarinnar í sjálfu þjóðfélaginu og framfaranna á móti skuldabréfinu, sem sá maður á, sem upphaflega hafði kannske til fé þarna. Öll þróunin hefur alltaf gengið út á það að smáafskrifa skuldabréfin í þjóðfélaginu.

Ég vildi nú aðeins koma með þessar hugleiðingar, fyrst farið var að ræða þetta mál hérna og það mjög skynsamlega og vel yfirleitt. Við vitum, að einmitt okkar atvinnurekendastétt hefur sérstaklega grætt á verðbólgunni allan þennan tíma. Ef við værum dómarar yfir henni með spursmálinu, því gamla latneska, qui bono: hverjum til góðs, þá sjáum við, að atvinnurekendastéttin í dag er orðin forrík auðmannastétt á Íslandi, sem þarf að láta gera sérstakar ráðstafanir til þess að fela sinn auð og vera skattfrjáls, eins og aðallinn í Frakklandi fyrir stjórnar-

byltinguna. Okkar peningaaðall hér í Reykjavík hugsar nokkuð svipað og álíka skammsýnt og franski aðallinn. Verkalýðurinn hins vegar býr við það, að laun lægst launuðu verkamanna eru í dag 10% lægri en þau voru 1945, þrátt fyrir það að það hafi verið barizt allmikið í 20 ár fyrir því að reyna að leiðrétta hans hag.

Við sláum því þess vegna föstu, að verðbólgan hefur verið atvinnurekendastétt Íslands til góðs, og ýmislegt hefur hlotizt af henni líka, sem er til góðs, þó að hún hafi hins vegar í heild verið á kostnað fyrst og fremst sparifjáreigendanna og þar næst launþeganna almennt. Ef við nú sláum því föstu, að nú stöðvum við, nú setjum við vísitölutryggingu á sparifé og við tökum upp vísitölutryggingu á útlán, þá skulum við um leið á þessu þingi, þar sem við gerðum svona ákvarðanir, gera okkur ljóst, hvernig við rekum atvinnulífið á Íslandi framvegis án þess að fá atvinnuleysi og án þess að fá kreppu, því að hvorugt viljum við.

Það er vandasamt að sigla þar á milli og rekast á hvorugan klettinn, verðbólguna eða kreppuna. Og það er erfið sigling. Ef við ætlum að stjórna þeirri siglingu, þurfum við að þekkja öll lögmál sjávar og vinda, sem um okkur leika þar, lögmál þjóðfélagsins, sem við búum í.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Eins og hv. síðasti ræðumaður, 3. þm. Reykv., tók fram, hafa þessar umr. að ýmsu leyti verið athyglisverðar, hófsamari og skynsamlegri en oft má heyra um þessi mál hér í þingsölunum. Vil ég þó ekki neita því, að mér fannst einkanlega í seinni hluta ræðu hans sjálfs nokkuð hinn gamli Adam stinga upp hausnum, og við því er kannske ekki mikið að segja. Hans ræða var einnig eins og fyrri ræður manna mjög athyglisverð. En einmitt vegna þess, að hér hefur verið um að ræða málefnalegar aths., vildi ég leggja nokkur orð í belg.

Hv. 5. þm. Austf. varpaði fram þeirri spurningu, sem vissulega hlýtur að vakna í huga manna, þegar við hugleiðum þennan verðbólguvanda: Hvernig stendur á því, að verðbólgan skuli vaxa meira á Íslandi en í nágrannalöndum, þegar innfluttar vörur eru jafnmikill hluti af lífskostnaði manna hér á Íslandi og raun ber vitni um og þær hafa ekki hækkað til jafns við hinar innlendu vörur og jafnvel lækkað, eins og hv. þm. sagði? Og ég hygg, að það sé óvefengjanlegt og liggi í augum uppi, að þar sem Íslendingar eiga meira undir utanríkisviðskiptum, bæði í innflutningi og útflutningi, heldur en allar aðrar þjóðir, þá er þessi spurning, sem hv. 5. þm. Austf. þarna varpaði fram, fyllilega íhugunarverð. Og ég verð að játa, að ég hef reynt að velta þessu fyrir mér sjálfur, reynt að spyrja aðra, heyra á skýringar manna, og ég hef ekki fengið við þessu fullnægjandi svör.

Hv. 5. þm. Austf. segir: Það hlýtur að vera vegna þess, að ýmiss konar milliliðakostnaður er meiri hér en annars staðar, hann notaði ekki það orð, en hv. þm. gerir aths., ef með því er ekki í stuttu máli tekin fram hans hugsun, og þá á hann bæði við milliliði af fyrirtækjum og af hálfu ríkisins og bankanna með þeirra vöxtum. Nú skulum við aðeins íhuga þetta. Er það rétt, að álagning verzlana hér sé meiri en annars staðar? Það er fullyrt, ekki einungis af kaupmönnum, heldur líka af samvinnufyrirtækjum, og hafa ekki verið færð rök þar í gegn, að álagning í verzlun sé hér yfirleitt lægri en annars staðar, enda er það svo, að hér eru eftir verðlagshömlur, sem víða annars staðar er búið að afnema. Og afleiðing alls þessa er sögð sú, að álagning hér sé minni. Það getur þess vegna ekki verið þessi álagningarkostnaður, sem oftast er átt við, þegar talað er um milliliði, sem hér skilur á milli.

Hv. þm. sagði enn fremur: Ríkið eða hið opinbera tekur til sín meiri hlut hér en annars staðar. — Eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja, held ég, að þetta fái ekki staðizt. Ég held, að opinber gjöld, og þá sé tekið tillit bæði til gjalda, sem ríkið innheimtir, sveitarsjóðirnir innheimta og almennar tryggingar, séu yfirleitt lægri en í öðrum Vestur-Evrópulöndum, það séu kannske einhver sambærileg, en mörg séu mun hærri, og Ísland er þar áreiðanlega í lægri kantinum, svo að það fær ekki staðizt, að það sé vegna óhæfilegra álagna af hálfu ríkisins, sem tilkostnaður hér virðist vaxa meir en víða annars staðar.

Það er annað atriði, og má segja, að það komi ekki þessu atriði beint við, en ég vil þó aðeins víkja að, að menn hafa sagt: Það ber ekki að þakka það, þó að álögur á Íslandi séu ekki meiri en annars staðar, vegna þess að við sleppum við herkostnað. — Þetta er út af fyrir sig rétt, að við sleppum við herkostnað og hann er verulegur hluti útgjalda flestra annarra ríkja. En við verðum gegn því að minnast þess, sem ég hygg að sé e. t. v. stærsti þátturinn í því vandamáli, sem við eigum við að etja, og meginorsökin, að ríkisútgjöldin hér og opinber útgjöld almennt eru sambærileg að hæð við það, sem annars staðar tíðkast, vegna þess að okkar litla þjóðfélag í þessu nokkuð stóra landi, við getum sagt mjög stóra landi miðað við okkar fámenni, krefst svo mikils kostnaðar umfram það, sem aðrar þjóðir fjölmennari og þéttbýlli þurfa að leggja hlutfallslega á sína borgara. Það, að við höldum uppi sérstöku ríki, að við höldum uppi byggð um allt okkar stóra land, þann hluta, sem byggilegur er, með þeim mikla tilkostnaði, sem því er samfara, gerir það að verkum, að okkar tilkostnaður hlýtur eðli málsins samkv. að verða hlutfallslega miklu meiri en annarra og mundi verða svo mikill, ef við hefðum herkostnað einnig, að hann yrði okkur nánast óviðráðanlegur. Þess vegna er það eðlilegt, að þarna sé tiltölulega meiri kostnaður, sem ríkið verður undir að standa,

og aðrir opinberir aðilar, heldur en annars staðar er. En leiðir þetta ekki einnig til þess, sem hv. 5. þm. Austf. undraði sig á, að þjóðartekjur á mann skyldu vera hér nokkuð sambærilegar við það, sem er annars staðar, en kjör manna þó rýrari? Nú veit ég ekki, hvort fullar tölulegar heimildir liggja fyrir um það, að okkar þjóðartekjur á mann séu alveg sambærilegar við það, sem annars staðar er, né heldur, hvort raunveruleg lífskjör hér eru lakari en annars staðar er. Ég mundi segja, að í stórum dráttum séu lífskjör á Íslandi nokkuð sambærileg við það, sem víðast er í Vestur-Evrópu og t. d. í miklum hluta Norðurlanda, ég vildi segja: Finnlandi, Noregi, jafnvel Danmörku, þó að Svíþjóð sé þar mun fremri. En út af fyrir sig væri það ekkert óeðlilegt, þó að þessi tilkostnaður, sem stafar af því að halda uppi jafnlitlu þjóðfélagi, bara það að halda uppi jafnlitlu þjóðfélagi, þegar það er gert í jafnstóru landi, kæmi einnig fram í því, að meiri hl. af þjóðartekjunum færi í súginn, ef svo má segja, hér án þess að koma fram í beinum tekjum, notkunartekjum til handa hverjum einstökum, — þó að meira færi í súginn í okkar þjóðfélagi heldur en annars staðar. Ég hygg, að það sé eðlilegt og hljóti svo að vera, að alveg eins og tilkostnaðurinn verður meiri fyrir ríkið sjálft, þjóðfélagið í þess sameiginlega búi, verður tilkostnaðurinn fyrir rekstur einkafyrirtækjanna hlutfallslega meiri en annars staðar. Þetta er að vissu leyti sama hugsunin og hv. 3. þm. Reykv. drap á hér og hefur oft talað um ella, að auðvitað er hægt að reka eitt stórfyrirtæki skynsamlegar — ódýrar skulum við segja, sleppum skynseminni úr því, — hægt er að reka það ódýrar en ótalmörg smáfyrirtæki dreifð um allt landið með þeim mikla tilkostnaði, sem því svarar.

Hitt vil ég svo leggja áherzlu á og beini því ekki síður til hv. 3. þm. Reykv. en 5. þm. Austf., að óhnekkjanleg rök eru til fyrir því, að hluti verkalýðsins í þjóðartekjunum, sem hafa mjög farið vaxandi síðustu ár, hefur í stórum dráttum ekki haggazt, og það er algerlega villandi, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði, að raunverulegar tekjur verkamanna væru nú 10% minni en þær voru 1945. Það eru tilbúnar tölur og ímyndaður útreikningur, sem getur átt sér stað í reikniheila, en ekki hjá þeim, sem þekkir íslenzkt þjóðfélag, sem kemst að þessari niðurstöðu. Það er kannske hægt, eins og ég segi, að taka eitt dæmi og reikna út frá því, en lífið sjálft er allt öðruvísi, og það vitum við. Í stórum dráttum er það þannig, að verkalýðurinn, launastéttirnar, hafa fyllilega fengið sinn hlut af vexti þjóðarteknanna. Þetta hefur nokkuð sveiflazt, lítillega frá ári til árs, á milli stétta, en í heild hafa þær fyllilega haldið sínum hlut. Það er svo annað mál, að þarna kemur inn í vinnutími og margt fleira, sem þarf að bæta, og óheppileg vinnubrögð og ýmislegt slíkt. Það er annað mál.

En þegar á heildina er litið, hafa þessar stéttir ekki orðið afskiptar, og það má ekki halda áfram að þylja mjög svo villandi tölur í þessu hér á Alþingi og allra sízt í málefnalegum umr., þar sem menn eru að reyna að leita lausnar á verulegu vandamáli, vandamáli, sem hv. 4. þm. Reykn. alveg réttilega sagði að allar ríkisstj. hafa verið að glíma við, — hann sagði frá stríðslokum, það er hægt að segja allt frá 1940 a. m. k., og því miður hefur engin fundið fullnægjandi ráð við. Þess vegna er mjög ánægjulegt og æskilegt, að menn tali um þetta hér öfgalaust og reyni að gera sér grein fyrir, hvers eðlis þessi vandi er og af hverju okkur gengur verr en ýmsum öðrum, ekki öllum öðrum, en okkur gengur verr en ýmsum öðrum að ráða við þetta. Það eru ýmsar þjóðir, sem gengur enn þá verr að ráða við vandann. Og það er ekki nóg, eins og hv. 3. þm. Reykv. sagði, þó að einhver ríkisstj. ákveði, að nú ætli hún t. d. með yfirlýsingu, sem ég vil segja og er sammála hv. 3. þm. Reykv. um það að felist í slíkri allsherjar verðtryggingu eins og hér er verið að tala um, það jafngildi í raun og veru yfirlýsingu um, að það verði að stöðva verðbólguna. En það er bara ekki á valdi neinnar ríkisstj. að gefa þessa yfirlýsingu eða standa við hana, hvorki hér á Íslandi né annars staðar og hvorki í hinum vestræna lýðræðisheimi né hinum austræna skipulagningarheimi, sem hv. þm. svo oft vitnar til, að það sé hægt að ráða við allt með skipulagsbúskap. Þetta fær ekki heldur staðizt. Hv. þm. talar oft um það, og það er talað um það í hans málgögnum, að í hinum austrænu ríkjum séu allar kreppur úr sögunni. Þessu var hægt að halda fram áður, en það tjáir ekki að halda því fram núna.

Hv. þm. talaði réttilega um þá miklu kreppu, sem við allir hugsum til með hryllingi, sem átti sér stað hér á árunum 1930—40. Og við þurfum ekki að fara út í orsakir hennar, þær voru minnst Íslendingum að kenna. Það var afleiðing hluta, sem gerðust annars staðar, þó að okkur gengi ekki betur en öðrum að ráða við það fyrirbæri, sem við áttum við að etja. En þó að ástandið væri illt á Íslandi, og við minnumst hér enn þúsunda atvinnuleysingja, sem þá þurfti að bjarga og hugsa um að hefðu í sig og á yfir vetrarmánuðina, t. d. á fyrstu árunum, þegar ég var í bæjarstjórn Reykjavíkur og kynntist þessum málum vel af störfum mínum þar, — en þó að þá gengi illa hér, þá var það þó hátíð við þá kreppu, sem gekk yfir í Rússlandi. Þá var borið á móti því, en nú er játað af öllum, að þá drápust menn þar, fengu að deyja drottni sínum, margar millj., ef ekki miljónatugir manna í mestu akuryrkjuhéruðum Evrópu. Það er hægt að láta eins og þetta hafi ekki verið kreppa. Auðvitað var þetta það freklegasta form af kreppu, sem heimurinn hefur séð um okkar daga. Alveg eins og þau efnahagsvandræði, sem hafa

verið í Rússlandi síðustu árin, eru auðvitað sízt auðveldari viðureignar eða hefur þeim gengið betur að ráða við þau heldur en okkur hefur gengið á Íslandi. Ég man ekki, hvort það hefur verið sagt frá því áður, þegar Krúsjoff, aldrei þessu vant, kallaði á sendiherra Íslands fyrir sig, Pétur Thorsteinsson, þegar hann var að flytjast frá Moskvu til Bonn. Það var ljóst af öðru, ég skal ekki fara í það, en Krúsjoff vildi koma vissum skilaboðum áleiðis til hinna þýzku valdhafa, láta sendiherrann, sem fór þarna á milli, vera undir tilteknum áhrifum um, hvaða fyrirætlanir væru í huga Rússa. Þá sagði Krúsjoff: „Ja, það er aðeins eitt, sem okkur hefur ekki tekizt að ráða við, og það er landbúnaðurinn. Okkur hefur mistekizt það, en nú skal úr því bætt.“ Krúsjoff er fallinn, m. a. vegna þess, að honum tókst ekki að ráða við vandamál landbúnaðarins austur í Rússlandi. En vandamálið er enn óleyst. Það getur verið, að þeim hafi þar heppnazt að ráða við verðbólguna betur en okkur, en þeim hefur þá ekki tekizt að ráða við önnur vandamál efnahagslífsins jafnvel og okkur og öðrum vestrænum þjóðum.

Þessi vandi hvílir ekki eingöngu á okkur. Það er alls staðar við svipað að etja, og verðbólguvandann hefur hvergi tekizt að leysa nema þar, sem heppnazt hefur að koma á fullkomnum skilningi allra aðila þjóðfélagsins á því, að verðbólguna yrði að stöðva. Þetta hefur okkur ekki tekizt á Íslandi, og ræða hv. 3. þm. Reykv., sem að því leyti var fyllilega málefnaleg og mjög þörf og ég vil segja hugrökk hugvekja um gæðin, sem eru samfara verðbólgunni, er ein skýringin á því, að okkur hefur ekki tekizt að ráða við þennan vanda. Það er einfaldlega vegna þess, að það eru líka viss gæði verðbólgunni samfara, annaðhvort raunveruleg gæði eða a. m. k. ímynduð gæði. Og það eru svo margir aðilar í þjóðfélaginu, sem hafa talið sig hafa hag af henni, við getum sagt innan allra stétta, að það hefur gert þessa baráttu miklu örðugri en ella. En nú játa menn, eins og hv. 3. þm. Reykv. gerði, að nú er komið svo langt, að fótum verður við að spyrna. Og ég tel einmitt, að þessar umr., sem hér hafa orðið, séu ánægjulegt vitni þess, að menn í alvöru og án flokkatogstreitu, án þess að kenna hver öðrum um, eins og er alltaf auðvelt, en er gersamlega þýðingarlaust, vilji hugleiða þessi mál. Og þá er sjálfsagt að taka af alvöru þátt í þeim umræðum og reyna að velta fyrir sér vandanum og átta sig á, í hverju hann raunverulega er fólginn.

Varðandi vextina og varðandi verðtrygginguna hafa þm., bæði hv. 5. þm. Austf. og hv. 3. þm. Reykv., vakið alveg réttilega athygli á því, að það hangir auðvitað alveg saman, og sérstaklega 3. þm. Reykv. vakti athygli á því. Hann sagði: „Í þeim ráðagerðum, sem nú eru uppi að lána viss húsnæðislán með lægri vöxtum en ella gegn verðtryggingu, þá eru vextirnir of háir.“ Þetta er alltaf matsatriði. En ég vek athygli á því, að þar er þó um stórkostlega lækkun vaxta að ræða frá því, sem verið hefur. Og sú vaxtalækkun getur ekki, eins og nú horfir, staðizt, nema því aðeins að verðbólguáhættan sé lögð á lántakendurna. Þetta sjálfsagða samhengi vildi hins vegar 1. þm. Austf. ekki fallast á á dögunum, þegar þetta mál var rætt, einfaldlega vegna þess, að hann vildi þá ekki ræða málið málefnalega, heldur var í þeim stríðsham, sem mikið af umr. hér á þingi eiga sér stað í. En hv. 3. þm. Reykv. viðurkenndi alveg samhengið þarna á milli og það er auðsætt og óhjákvæmilegt samhengi þarna á milli. Og meðan verðbólgan heldur áfram og meðan jafnmikið er keppt eftir framkvæmdum vegna þeirrar svipu, sem hv. 3. þm. Reykv. talaði um, þá eru þessir háu vextir, eða við skulum segja: þá eru háir vextir óhjákvæmilegir til þess bæði að vernda sparifjáreigendur að verulegu leyti og til þess að hamla á móti alveg trylltri fjárfestingu. Og verðbólguvöxturinn yrði enn þá meir hraðfara, — það er viðurkennt nú af öllum, að hann sé of hraðfara, — ef á vaxtahæðinni yrði slakað. Hins vegar, ef þarna tekst að koma á raunhæfri stöðvun, þá er tímabært og þá eru, hygg ég, allir sammála um, að það verði að lækka vextina og sé sjálfsagt að gera það. En þá verður að vera komið nokkurt stöðvunartímabil, þannig að menn hafi trú á því, að um virkilega stöðvun sé að ræða og vaxtalækkuninýti ekki undir nýtt kapphlaup.

Þetta eru engin ný sannindi, sem ég er hér að segja, en ég vildi þó af minni hálfu taka þátt í þessum umr., einmitt vegna þess, að mér virtust þær vera málefnalegri en flestar þær umr. um þetta mál, sem ég hef lengi hlustað á hér í þingsalnum, og er þess vegna þm. hv. þakklátur fyrir að taka þær upp.

Ég geri mér ljóst, að það má segja, að það sé ekki föst niðurstaða í mínu tali frekar en annarra hv. þm., enda væri það, ef einhver okkar hefði fullkomna lausn á þessum vanda, þá þyrftum við ekki að vera að þessum bollaleggingum. En ég kemst þó ekki hjá því að segja, að þessi viðleitni okkar til þess að reyna að gera meira en við ráðum við á skömmum tíma og þessi trú, að það sé hægt að bæta lífskjörin með hækkun á krónukaupi umfram raunverulega gjaldgetu, þetta eigi mjög verulegan þátt í þessu vandamáli, svo verulegan þátt, að það væri fullkomin sjálfsblekking að neita því, að þessar meinsemdir verður að stöðva, til þess að öðru leyti sé hægt að ráða við þennan vanda.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 18. fundi í Sþ., 12. des., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til fjvn. með 33 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

8. Verðlags- og peningamál.

Á deildafundum 2. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um verðlags- og peningamál [41. mál] (A. 44).

Á 8., 9., 14., 16., 17. og 25. fundi í Sþ., 4., 6. og 25. nóv., 2. og 9. des., 5. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Sþ., 10. febr., var till. enn tekin til fyrri umr.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Flm. þáltill. þeirrar um verðlags- og peningamál, sem hér er til umr., Arnór Sigurjónsson, situr ekki á Alþ. nú. Hann hefur farið þess á leit, að ég flytti framsöguræðu þá, sem hann hafði samið, og vil ég — með leyfi hæstv. forseta — verða við þeim tilmælum.

Lengi hafa rosknir menn minnzt kreppuáranna miklu 1931—1932. Hallsteinn Jónsson, samlagsbóndi minn um nokkur ár, minntist þeirra jafnan með þessum orðum: „Það var þegar dilkurinn var 7 kr.“ S. l. haust fengust meira en 700 kr. fyrir meðaldilk, svo að verðið hefur hundraðfaldazt. Á þessum kreppuárum kenndi Sveinn bóndi á Egilsstöðum kaupfélagsstjóranum á Reyðarfirði það ráð á aðalfundi kaupfélagsins, að hann skyldi segja upp öllu starfsfólki félagsins, kaupa í staðinn páfagauk og kenna honum að segja: Ekki til. Ekki til. — Enn þá áhrifameiri varð þó ræða Steingríms Baldvinssonar í Nesi á aðalfundi Kaupfélags Þingeyinga 1932. Rætt var um að halda hátíðlegt hálfrar aldar afmæli kaupfélagsins þá um vorið. Steingrímur spurði, hvernig fólkið ætti að vera búið á slíkri hátíð. Hann kveðst eigi sjálfur eiga klæði, sem hæfðu slíkri stórhátíð, og sæi sér ekki fært að afla þeirra. Umr. hljóðnaði og hátíðin var ekki haldin.

Á þessum árum hugsuðu flestir um efnahagsmál og verðlagsmál í fullri alvöru. Það reyndi ég líka, og þá myndaði ég mér um þau skoðanir, sem ég hef haft síðan í grundvallaratriðum. Ég hef reynt að endurmeta þær við viðhorf hvers tíma og alltaf sannfærzt betur og betur um réttmæti þeirra. Og nú langar mig til að bera þær fram, af því að mér finnst ég hafa ofur litla aðstöðu til þess, og ég held, að þetta sé réttur tími til þess.

Mér er ljóst, að með því að bera þetta mál fram nú og reifa það með þessum formála, er ég að leggja mig undir sama spottið og Þorsteinn Erlingsson beitti, er annar maður reifaði gamalt áhugamál sitt:

> Jón minn liggur lengi á,
> leiðast mundi kríu
> að vera unga út eggjum frá
> áttatíu og níu.

En þess ber að gæta, að úrræði í efnahagsmálum, sem eiga að endast, þurfa að geta átt við ólíka tíma, líðna, líðandi og ókomna. Þau verða að gilda fyrir Urð, Verðandi og Skuld, jafnólíka tíma og 1932 og 1964 eða 1965. Því þurfa þau langan undirbúning, bæði í huga okkar og reynslu. Ég vil gjarnan gera grein fyrir því, að hvort tveggja er til í nokkrum mæli.

Ég vil fyrst skýra frá því, að ég reifaði þetta mál á opinberum vettvangi í blaði þegar 1933, en þá af talsverðri hvatvísi. Ég vil gjarnan lesa nokkuð af því, er ég hafði þá helzt um það að segja:

„Síðan í styrjöldinni miklu (hér er átt við heimsstyrjöldina fyrri) hefur nærri hvert ríki í veröldinni leiðzt út í að falsa mynt sína. Í því öllu hefur verið fálm og ráðleysi. Allt verðlag hefur verið á ringulreið, engin eign viss að verðmæti, engum viðskiptum að treysta. Aldrei verður það fullkomlega metið, hversu mikið tjón er af slíkri ringulreið fjárhagslega, menningarlega og siðferðilega. Röskun á hlutföllum verðgildis eigna manna og annarra verðmæta er gegndarlaus. Lán, sem íslenzkir bændur tóku fyrir fáum árum og þá voru 100 dilka virði, verða þeir nú að greiða með 300—400 dilkum auk vaxtanna. Verkamaður fær 388 kr. fyrir vinnu 1932, er hann fékk 100 kr. fyrir 1914. Kúabóndi fær 161 kr. fyrir afurðir, er hann fékk 100 kr. fyrir 1914. Fjárbóndi fær 68 kr. fyrir sömu afurðir 1932 og hann fékk 100 kr. fyrir 1914. Lífsþarfirnar, er kostuðu 100 kr. 1914, kostuðu 236 kr. 1932. Þó að ekki séu fleiri dæmi nefnd, má af þessu verða ljóst, að samræmið í kjörum framleiðenda og launþega er á hverfanda hveli. Af því leiðir truflun á allri framleiðslu, kaupstreitu og launabaráttu, þindarlaus hlaup úr einum atvinnuvegi í annan. Menn hafa ekki hugmynd um, hvað þeir eiga og hvað þeir eiga ekki. Eignalausir og menntunarlausir angurgapar lifa eins og konungar. Starfandi og heiðarlegt fólk getur ekki staðið í skilum á heiðarlegan hátt þrátt fyrir ágæta mennt og alúð við störf. Fáum er stætt að vera drenglyndur og heiðarlegur í viðskiptum, því að öll viðskipti og fjármál þjóðarinnar eru menguð ósannindum. Verst er, að þetta er talið sjálfsagt.“

Till. sú til úrbóta þessu, er ég lagði fram og gerði grein fyrir 1933, var að meta allt verðlag eftir meðalverði allrar íslenzkrar framleiðslu og reisa síðan efnahagskerfi okkar á því mati eða mælingu verðlagsins. Hún fékk ofur litinn hljómgrunn í fyrstu, en á næstu árum færðist verðlag í áttina til fyrra horfs og öll efnahagsmál löguðust nokkuð. Vonuðum við þá flestir, að lagfæring fengist án stefnubreytingar. Svo kom síðari heimsstyrjöldin, þegar hver og einn hugsaði helzt

um það að bíða af sér óvissuna. Eftir þá styrjöld vildu flestir leita erlendra fyrirmynda og erlendra ráða um efnahagsmál okkar. Nú hefur svo margt slíkt verið reynt, sem allt hefur illa gengið, að tími er til kominn að svipast eftir því, hvort ekki séu til innlendar fyrirmyndir og innlend ráð, er reynslu hafa notið. Hugmyndir mínar og skoðanir á þessum málum 1933 voru eigi aðrar en þær, að við leituðum til fornra, íslenzkra fyrirmynda.

Í sögu Páls biskups Jónssonar segir frá því, að á hans dögum hafi svo mjög borið á ranglæti, bæði erlendra manna og innlendra, við mælingu varnings, að ekki hafi þótt svo búið mega lengur standa. Þá var í lög tekið árið 1200 með ráði Haukdæla, Oddaverja og annarra íslenzkra höfðingja að mæla vaðmál öll og léreft með stikum, er voru með tvöfaldri lengd álnar þeirrar, er mörkuð var á kirkjuvegg á Þingvöllum. Einnig skyldi merkja stikulengd að hverri grafarkirkju og megi menn þar til ganga, ef á skilur um álnir. Þannig var öllum Íslendingum tryggð rétt lengdarmæling alls varnings. Ekki eru jafnótvíræðar heimildir um, hvernig tryggð var lagar-, þyngdar- og verðlagsmæling, en það var líka gert.

Mæling verðlagningarinnar var í álnum, eins og lengdarmælingin, og var upphaflega miðað við alin fullgildrar söluvoðar sem verðeiningu, en við þróun verðgildis mælingarinnar við alin á landsvísu, sem var reiknað meðalverð allra meðalverða, er var vísitala framleiðslu þjóðarinnar, helztu landbúnaðarafurða, sjófangs og heimilisiðnaðar, og var landbúnaðinum, sem þá var aðalatvinnuvegurinn, að því leyti gert hæst undir höfði, að búfé var reiknað inn í meðalverðið.

Þessi verðgildismæling hélzt fram á síðari hluta 19. aldar. Jarðir voru metnar til hundraða, þ. e. 120 álna á landsvísu, minni verðeiningar til álna aðeins, en öll verðmæti, einnig vinna, metin til gildiseininga, sem voru hver ein með sama gildi frá degi til dags, hvort sem við keyptum eða seldum. Nú höfum við breytt um einingar í lengdarmáli, lagarmáli, þyngdarmáli og verðgildismáli. En við höfum haldið því að löggilda mælingar eða matseiningar í lengdarmáli, lagarmáli og þyngdarmáli þannig, að ekki er hætta á, að þær haggist eða breytist frá degi til dags eða eftir því, hvað við mælum eða hver mælir. En á verðgildinu höfum við ekki lengur mat, sem gildir frá degi til dags eða er hið sama, hvað sem við kaupum og seljum. Þess vegna erum við nú í sömu sporum og menn voru á dögum Páls biskups, er svo mjög bar á ranglæti, bæði erlendra manna og innlendra, við mælingu varnings, að ekki þótti lengur mega við svo búið standa.

En er þá til nokkur sú alin, að okkur dugi að marka hana á kirkjuvegg á Þingvelli? Þetta hugði ég 1932, er ég athugaði efnahagsmál okkar í þeim þrengingum, er þá voru, og það hygg ég enn, er ég lít á þau nú í erfiðleikum okkar, er á ytra borði sýnast gagnólíkir, jafnvel gagnstæðir því, er þá var. Þessi alin er landaurar okkar, framleiðsluverðsvísitala á hverjum tíma, meðalverð allra meðalverða framleiðslu okkar.

Áður en lengra er rakið, skulum við líta á tvennt, sem er ofur lítið til hliðar: Annað, hvenær og hvers vegna lögðum við hið forna verðlagskerfi niður? Hitt, hvað er það, sem bilað hefur við það verðlagskerfi, sem við höfum?

Við lögðum hið forna verðlagskerfi okkar til hliðar smám saman á síðari hluta 19. aldar og á árunum fram að fyrra stríðinu. Þá höfðum við danska peninga til að miða alla verðlagningu við, fundum á þeim litlar verðbreytingar frá ári til árs, enda voru þá rólegir tímar í efnahagsmálum. Breytingar á atvinnuháttum okkar og efnahagsmálum höfðu verið hægar um aldir, og menn voru hættir að breyta landaurareikningnum eftir breytingum atvinnuháttanna og hann því orðinn á eftir tímanum, en dönsku peningarnir voru svo hentugir, að mönnum fannst mega nota þá við verðlagsmat hugsunarlaust án alls umreiknings. Þetta olli ekki neinum erfiðleikum í efnahagsmálum okkar fyrr en í fyrra stríðinu, og við urðum erfiðleikanna ekki varir, fyrr en við fengum okkar sérstöku mynt, íslenzku krónuna.

Fyrstu árin þar á eftir voru efnahagserfiðleikar okkar samferða heimskreppunni eftir styrjöldina, og þó að þeir yrðu meiri hér en í öðrum löndum, er við styrjöldina sluppu, gáfu menn því ekki sérstaklega gaum. Árin 1924—1929 voru okkur hagstæð efnahagslega, og verðlagning færðist þá um sinn til jafnvægis. Það var fyrst að áliðnu ári 1930, að verðlags- og efnahagsmál tóku að færast úrskeiðis. Um þverbak keyrði fyrst 1931 og 1932, og skal þetta svo ekki lengra rakið um sinn.

Það, sem bilað hefur, er, að peningar okkar hafa algerlega brugðizt okkur sem mælikvarði á verðmæti, af því að hann sjálfur, verðmælirinn, hefur ekki verið við neitt miðaður. Reynt hefur verið öðru hverju að miða gildi hans við gull eða vissa erlenda mynt, en hvorugt hefur verið haldið nema um stundarsakir, og svo hefur ekkert samræmi orðið í mælingunni á verðlaginu. 1931—1932 kom þetta skýrast fram í ósamræminu milli verðs á afurðum, sem framleiddar voru fyrir erlendan markað, sem var mjög lágt, og verðs á vinnu, sem þá var tiltölulega hátt, og það ósamræmi leiddi til atvinnuleysis og minnkandi þjóðartekna. Nú kemur þetta skýrast fram í ósamræminu milli gangverðs og matverðs fasteigna, og með því ósamræmi hefur verið lagður grundvöllur að viðtækum skattsvikum. Svo hefur miklu fleira komið til, sem ekki er eins augljóst að komi verðlagsmálum okkar og efnahagsmálum beinlínis við, eins og t. d. það, hve almennt er, að menn líti svo á, að hvorki verðlagning né skattlagning sé byggð á viðleitni til heiðarleika eða réttlætis, og þar með er raunverulega sterkustu stoðunum kippt undan heil-

brigðum viðskiptum og efnahagsmálum, og um leiðréttingu er tæplega að ræða, nema tekið sé upp nýtt efnahagskerfi, sem þannig er upp byggt, að menn trúi því, að leitað sé réttlætis.

Talsvert hefur verið reynt að leiðrétta efnahagskerfi okkar öðru hverju og færa ýmislegt til réttlátara horfs en stefnt hefði annars. Af því hefur reynzt langsamlega mikilvægast það vísitölukerfi, sem tekið hefur verið upp til mælinga á verði lífsnauðsynja og einnig var notað við greiðslu kaupgjalds og launa við lok fyrra stríðsins og fyrstu árin þar á eftir og aftur í síðara stríðinu og eftir það fram til 1960 og er nú enn í uppsiglingu. Gengisfellingin 1950, tilfæringarnar milli verðs útfluttrar og innfluttrar vöru 1958, bjargráðin og gengisfellingin 1960, viðreisnin svo kallaða voru einnig tilraunir til leiðréttingar á efnahagskerfinu. Og allar voru þessar tilraunir til umbóta öðrum þræði í bráð. En gengisfellingin 1950 með hliðarráðstöfunum sínum var, þegar árið var liðið, að litlu orðin nema fálmið eitt, bjargráðin reyndust allt of flókin og erfið í framkvæmd, enda þannig hugsuð, að þau gátu eigi orðið annað en bráðabirgðaúrræði. Hvor tveggja þessi úrræði voru tilraunir til þess eins að færa verð á útfluttum og innfluttum vörum til samræmis eða e. t. v. réttara sagt tilraunir til að leggja saman kvarða og verð þessarar hvorrar tveggja vöru, án þess að gera sér grein fyrir, hvert hið rétta alinmál var. Með gengisfellingunni 1960 var meiri alúð lögð við að gera sér grein fyrir kvarðanum og nær komizt að samræma innlenda og erlenda vöruverðið, en með henni var jafnframt lögð til hliðar tilraun sú til réttlætis í kaupgjaldsmálum, sem fólst í kaupgjaldsvísitölunni, og með því einnig stefnt að því að gera skiptahlut þeirra, sem minnst báru frá borði áður, enn minni en áður hafði verið. Yfirlýsingum um, að slíkt væri aðeins til bráðabirgða, var að vísu trúað af sumum fyrst í stað, en sú trú hefur þorrið og þetta leitt til þverrandi trúar á þjóðfélagslega viðleitni til réttlætis í verðlags- og efnahagsmálum. Nú er enn í byrjun að reikna vísitölubreytingar á kaupgjald og jafnvel lán og skuldabréf. Þetta er aukin viðleitni til réttlætis í kaupgjalds- og efnahagsmálum. Sú vísitala, sem nú er enn upp tekin, er í eðli sínu hin sama og notuð hefur verið hér áður, framfærsluvísitalan, sem á að vera meðalverð allra meðalverða helztu lífsnauðsynja. En það er mín skoðun, að við eigum heldur að taka upp framleiðsluvísitölu, meðalverð allra meðalverða framleiðslu okkar, þ. e. hið forna landaurakerfi fært til nútímaaðstæðna. Þær ástæður, sem ég tel að mæli með því, eru þessar:

1) Það mundi, ef því yrði fylgt undanbragðalaust, tryggja betur réttláta skiptingu þjóðarteknanna milli allra vinnandi þegna þjóðarinnar, eigi aðeins launþega einna.

2) Það mundi síður freista til þess, að skipt yrði meiru en aflað er á hverjum tíma. Framfærsluvísitalan hlýtur alltaf að vera öðrum þræði reist á kröfum okkar til lífsþarfa, en stöðug hætta er á, að þær kröfur vaxi yfir höfuð þess, er við öflum, einkum ef sambandið þar á milli liggur ekki í augum uppi. Einnig ætti að vera minni hætta á, að skotið yrði undan við skiptingu, þar sem framleiðsluvísitala er í gildi, en þar sem framfærsluvísitala gildir.

3) Engin þjóð selur eins mikið af framleiðslu sinni úr landi og við Íslendingar. Þegar breytingar verða á verði útfluttrar framleiðsluvöru, er miklu fljótlegra að jafna þeim breytingum á alla þjóðina og forðast þannig truflanir í efnahagsmálum hennar með því að búa við framleiðsluvísitölu en ef búið er við framfærsluvísitölu.

4) Með framleiðsluvísitölunni gefum við hverjum starfandi manni beina hlutdeild í öllum umbótum á framleiðslu okkar, þeim er leiða til hærra verðlags. Þetta mundi bæði glæða starfsáhuga hvers manns, en einnig áhuga hans á þjóðarframleiðslunni allri. Framleiðsluvísitölunni ætti einnig að fylgja hækkað kaupgjald og laun með aukinni framleiðslu, enda ætti að vera auðvelt að finna reglur um slíka hækkun.

5) Framleiðsluvísitalan mundi verða brýning á alla þjóðina og öllum skiljanleg til að halda öllum þegnunum vel vinnandi, hverjum einum til efnahagslegrar farsældar.

Ég hef hugsað mér, að framleiðsluvísitalan, landaurarnir, yrði í fyrstu tekin upp sem viðbót eða frádráttur eftir ástæðum við þann gjaldmiðil, sem við höfum nú, krónuna, á sama hátt og framfærsluvísitalan, og aðeins reiknað verð framleiðslunnar. Þetta yrði áhættuminnst og auðveldast til reynslu. Framleiðsluaukning hvers árs gæti þá komið sem tekju- og launahækkun að hverju ári loknu, og væri þá starfandi jöfnunarsjóður, er fengi nokkuð af verðmæti framleiðsluaukningar hvers árs, þegar um framleiðsluaukningu er að ræða, til þess að mæta áföllum í slæmu árferði.

Ég tel, að eðlilegra og einfaldara sé að mæla ákveðna framleiðsleiningu, sem jafnframt væri meðalverð allra meðalverða, sem gjaldmiðil. En ég hætti ekki á að leggja fram till. um slíkt, meðan mál þetta er ekki betur hugsað og skoðað en ég hef haft orku og varið tíma til. Þess vegna legg ég til, að fyrst verði framleiðsluvísitala reynd á þann hátt, sem ég hef bent á hér að framan. Það er auðvitað og auðskilið, að ekki á að gera breytingu á verðmæti því, sem þjóðin notar, eða á gjaldmiðli hennar nema að mjög vel athuguðu máli og samþykki mikils meiri hl. þeirra manna, er láta sig þau mál varða. Því óska ég þess, að þetta mál verði athugað af fjölmennri mþn., er bæði hafi skilyrði til að skoða málið frá mörgum hliðum og koma fram þeim úrlausnum, er vænlegastar þykja til að standast öldurót breytilegra tíma.

Herra forseti. Ég hef þá lokið við að flytja framsöguræðu fím. Ég legg til, að að lokinni

þessari umr. verði till. vísað til síðari umr. og allshn.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Ég vil taka það fram í upphafi, að það eru mjög mörg atriði í grg. hv. flm. fyrir þessari till., sem ég er ósammála, enda fer hann þar út í almennar stjórnmálahugleiðingar. En m. a. með tilliti til þess, að hv. flm. á nú ekki lengur sæti á þingi, þá mun ég ekki ræða það frekar. Hvað snertir hins vegar efni þeirrar tillögu, sem hér er flutt, þá tel ég hana mjög athyglisverða, og ég get meira að segja sagt það, að ólöstuðum öllum þeim öðrum þáltill., sem eru á dagskrá þessa fundar, — en þær snerta margar hverjar nytsöm málefni, — þá tel ég þó, að þetta sé stærsta málið, sem fyrir þessum fundi liggur, því að að mínu áliti var það engan veginn ofsagt, sem fram kom í framsöguræðunni, að hér er beinlínis um það að ræða að taka upp nýtt efnahagskerfi.

Ýmislegt er að öðru leyti í orðalagi bæði grg. og framsöguræðunnar, sem er dálítið nýstárlegt, og skal ég ekki fullyrða, að ég skilji flm. í öllum atriðum rétt. Þennan fyrirvara tel ég rétt að hafa fyrir því, sem ég segi, og þeirri túlkun, sem ég gef á hugmyndum hv. flm. En mér skilst, að hér sé um tvö nýmæli að ræða, og eru bæði að mínu áliti hin athyglisverðustu. Annað nýmælið er það, að hv. flm. leggur til, að í stað framfærsluvísitölukerfisins, sem nú er yfirleitt miðað við í vísitölusamningum, hvort sem um er að ræða kaupgjaldssamninga, lánasamninga eða annað, sé tekin upp vísitala, sem sýni framleiðni eða framleiðsluafköst, eða framleiðsluvísitala, eins og hv. flm. kallar það. Og lætur hann þá skoðun í ljós í grg., að skynsamlegra sé og heilbrigðara að miða við slíka vísitölu heldur en þá, sem nú er miðað við. Ég er honum í rauninni alveg sammála í þessu efni, og er það önnur meginástæðan til þess, að ég tel tillögur hans athyglisverðar. En á því eru þó framkvæmdaörðugleikar, sem ég tel rétt, að sé vakin athygli á, og stafa þeir aðallega af tvennu. Í fyrsta lagi hefur það komið í ljós, þegar sú hugmynd hefur verið sett fram, að eðlilegra væri að miða kaupgjaldsvísitölu við framleiðsluaukningu heldur en vísitölu framfærslukostnaðar, að verkalýðurinn hefur verið tortrygginn gagnvart þeirri hugmynd og sú skoðun útbreidd meðal launþega, að slíkt fyrirkomulag yrði þeim óhagstæðara en það, sem nú er. Þetta tel ég að vísu á misskilningi byggt með tilliti til þess, að kjarabæturnar geta ekki undir neinum kringumstæðum orðið umfram aukningu framleiðsluafkasta. Það er að vísu hægt að semja um meiri kauphækkanir en svarar til aukningar framleiðsluafkasta og mörg dæmi um, að slíkt hafi verið gert. En þá hlýtur það, sem umfram er aukningu framleiðsluafkasta, alltaf að renna út í sandinn, þannig að verkalýðurinn gæti aldrei orðið verr settur, þó að miðað væri við framleiðsluaukninguna, en vísitölu framfærslukostnaðar, en hins vegar vel hugsanlegt, að þegar miðað er við vísitölu framleiðslukostnaðar, þá beri verkalýðurinn oft meira úr býtum en vera mundi, ef miðað væri við hitt atriðið, svo að þetta er að mínu áliti á misskilningi byggt. Annar vandi er þó í þessu efni að mínu áliti meiri, og hann er sá, að miklir örðugleikar eru á því að finna mælikvarða á framleiðniaukninguna, og að jafnaði er það þannig, að þær upplýsingar, sem í því efni yrði að byggja á, liggja ekki fyrir fyrr en kannske löngu eftir að þessar upplýsingar þarf að nota. Hér er um meira vandamál að ræða. En þó finnst mér, að full ástæða sé til þess, að athugun sé gerð á þessum málum. Hugmyndin er auðvitað engan veginn ný, og mig rekur minni til þess, — ég held, að það hafi verið fyrir einum 16 árum eða árið 1948, — að ég átti sæti í nefnd ásamt þeim hæstv. núv. menntmrh. og hv. 1. þm. Norðurl. v., og var okkur falið það verkefni að gera athugun á því, hvort hægt væri að finna einhverja vísitölu fyrir verðmæti útflutningsframleiðslunnar, eins og mig minnir að það hafi verið orðað. Við reyndum að leysa þetta verkefni, sem okkur hafði verið falið, af höndum eftir beztu samvizku, en erfiðlega gekk okkur samt að komast að einhlítri niðurstöðu í því efni, og rek ég það ekki nánar. En þess má nú geta í því sambandi, að upplýsingar um þau atriði, sem máli skipta í þessu efni, voru auðvitað miklu fátæklegri á þeim tíma en nú er.

Hitt meginnýmælið, sem felst í tillögum hv. flm., er, að mér skilst, að hann hugsar sér að allir lánasamningar verði vísitölubundnir, og byggi ég þetta á því, sem stendur í lok grg., þar sem hv. flm. kemst svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er skoðun flm., að við Íslendingar þurfum og eigum að taka upp vísitölukerfi á öllum sviðum fjármála okkar og skilja ekkert eftir.“

Mér finnst ótvírætt, að í þessu liggi það, að allir lánasamningar eigi að verða vísitölubundnir. Í því sambandi finnst mér rétt að vekja athygli á því, að fyrir jólin var til umr. hér á hv. þingi till. frá nokkrum hv. framsóknarmönnum, sem gengur að mínu áliti mjög í sömu átt, eða till. um verðtryggingu sparifjár. En þó er það þannig, að till. þeirra hv. framsóknarmanna gengur allmiklu skemmra en hér er um að ræða, því að hér er gert ráð fyrir því, að allir lánasamningar verði vísitölubundnir. Þessari till., sem fjallar um mjög skylt efni, hefur þegar verið vísað til n., og vildi ég því vekja athygli á því, að mér finnst eðlilegt, að það verði sama þingnefndin, sem fjallar um báðar þessar till. Ef ég man rétt, þá var till. þeirra framsóknarmannanna vísað til fjvn., en hér hefur verið lagt til, að þessari till. væri vísað til allshn. Ég mundi telja eðlilegt, að það væri sama n., sem um þetta fjallaði.

Hvað snertir þessa hlið till., get ég raunar í meginatriðum vísað til þess, sem ég sagði

um það efni, er till. þeirra framsóknarmannanna var hér til meðferðar, og skal því ekki verða orðmargur um þetta, en rétt er að vekja athygli á því. Ég tel ástæðu til að endurtaka það, að hér er að mínu áliti raunverulega um lausn verðbólguvandamálsins að ræða, ef það fyrirkomulag væri tekið upp að vísitölutryggja alla lánasamninga, því að í hverju er það, sem vandi verðbólgunnar er fólginn? Hann er í sjálfu sér ekki fólginn í því, að reiknað sé í hærri tölum en áður hefur verið gert. Það er út af fyrir sig hvimleitt, en það á út af fyrir sig ekki að valda svo geysimikilli röskun. Nei, hinn raunverulegi vandi verðbólgunnar er fólginn í því, að verðbólgan skapar óryggisleysi á lánamarkaðinum. Í nútímaþjóðfélagi er lánamarkaðurinn einn þýðingarmesti þáttur efnahagskerfisins. Og rétt er að vekja athygli á því, þó að það sé hlutur, sem því miður sést oft yfir, að til þess að hægt sé að fá lán, þá þurfa auðvitað að vera tveir aðilar, lántakandi og lánveitandi, en um nauðsyn þess, að fyrirtæki og einstaklingar geti fengið lán, hljóta auðvitað allir að vera sammála. Það er atriði, sem öllum er ljóst. En til þess að hægt sé að fá lán, þarf einhver aðili auðvitað að fást til þess að veita lánin. En ef verðgildi peninganna fer stöðugt rýrnandi og menn tapa trú á því, þá kemur þar, að enginn vill eiga peninga eða peningakröfur, og þá verður ekki heldur hægt að fá nein lán. Og skapist öngþveiti á lánamarkaðinum, skapar það einnig öngþveiti annars staðar í efnahagskerfinu, á gjaldeyrismarkaðinum o. s. frv. Það er í þessu, sem vandinn er fólginn.

Nú er vitanlega til önnur einfaldari og að mínu áliti æskilegri leið til þess að leysa þann vanda, sem hér er um að ræða. Leiðin er sú, að samkomulag takist um ráðstafanir, sem nægi til þess að halda verðlaginu í skefjum og koma í veg fyrir áframhaldandi verðbólguþróun, eða samkomulag milli ríkisstj. og hagsmunasamtakanna. Þetta er sú leið, sem beinast liggur að markinu og vitanlega er æskilegast að fara. En fyrir því er auðvitað því miður ekki trygging, að sú lausn sé fáanleg, og þá verður að svipast um eftir öðrum leiðum.

Á því að fara þá leið, sem hér er um að ræða, eru vitanlega miklir framkvæmdaörðugleikar. Í því efni vil ég leyfa mér að vísa til þess, sem ég sagði, þegar þetta mál var til meðferðar hér á hv. Alþingi fyrir jólin, en þessi leið hefur, eins og fram kom í þeim umr., verið farin í ýmsum löndum, og sé hin einfaldari og skynsamlegri leið af einhverjum ástæðum ekki fær, þá hlýtur það að koma mjög til álita að mínum dómi, að þessi leið sé athuguð og jafnvel farin, ef önnur úrræði eru ekki fyrir hendi. Hin svo kallaða haftaleið, sem ástæða er til að ætla, að ýmsir líti hýru auga, er að mínu áliti engin leið, en ég vil ekki lengja umr. hér með því að fara út í það atriði. En ég vil endurtaka það að lokum, sem ég minntist áðan á, að ég teldi eðlilegt, að sama n. fjallaði um þessa till. og till. um verðtryggingu sparifjár, en það var hv. fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv. og til fjvn. með 38 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

9. Fiskiðjuver við Rifshöfn.

Á 9. fundi í Sþ., 6. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um fyrirmyndar fiskiðjuver við Rifshöfn [54. mál] (A. 60).

Á 10. fundi í Sþ., 11. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 16., 17., 24., 25. og 26. fundi í Sþ., 2. og 9. des., 3., 5. og 12. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Sþ., 24. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Í þeim umr., sem fram hafa farið um jafnvægi í byggð landsins, hefur oft verið á þá hugmynd minnzt, að gera þyrfti skipulegar áætlanir um uppbyggingu einstakra héraða til þess að styrkja þau og bæta lífsbaráttu fólksins þar og tryggja, að byggð haldist þar og aukist.

Ef litið er á norðanvert Snæfellsnes, kemur fljótlega í ljós, að á undanförnum árum, í tíð núv. ríkisstj., hafa á því svæði verið gerðar stórkostlegar framkvæmdir, og má segja, að þar hafi í raun og veru verið tekið fyrir heilt byggðarlag og undirstaða lífsbaráttu fólksins þar styrkzt á stóráberandi hátt, þótt ekki hafi verið gerð formleg og föst áætlun um það. Framkvæmdir hafa verið gerðar á þessu svæði fyrir tugi millj., fyrst og fremst í vegamálum og hafnarmálum. Ruddir hafa verið vegir fyrir fjöll og firði, jafnvel firðir brúaðir og nýjar hafnir verið gerðar, en þær eldri stórbættar. Má fullyrða, að þessar framkvæmdir hafi í heild orðið til þess að stórbæta lífsafkomu fólksins á þessu svæði og auka líkur fyrir því, að þarna muni ekki aðeins haldast byggð, heldur geta stóraukizt á komandi árum. Þarna er sannkallað uppbyggingarsvæði, sem getur nú litið til baka til stórfelldra framkvæmda á fáum árum, enda þótt þar séu enn framundan mikil verkefni, eins og vænta má. Þessar framkvæmdir hafa leitt til þess, að byggðirnar á norðanverðu Snæ-

fellsnesi hafa tengzt nýjum böndum. Nú er aðeins stuttur akstur á milli þeirra og bílakostur mikill, eins og annars staðar á landinu, og má þegar sjá mikil merki þess, að samstarf fer vaxandi á milli kauptúnanna í félagslífi og skemmtanalífi og í sjálfu atvinnulífinu. Það er farið að sameina kaupfélögin, og samstarf verkalýðsfélaganna fer vaxandi, og fleira mætti benda á, sem horfir í þá átt, að þarna er að myndast ný heild, sem getur í næstu framtíð haft mikinn efnahagslegan styrk og dregið til sín íbúa. Miklar endurbætur hafa verið gerðar á höfnum í öllum byggðunum á norðanverðu Snæfellsnesi, frá Stykkishólmi og út að Rifi. Slipp er verið að koma upp í Stykkishólmi, og þar verður sjálfsagt viðgerðar- og þjónustumiðstöð fyrir allt svæðið. Síðan hafa hafnirnar í Grafarnesi og Ólafsvík verið stórbættar, ekki sízt í Ólafsvík, þar sem mikið atvinnulíf og mikill bátafloti var þegar fyrir og þurfti á stórbættri höfn að halda. Loks kemur þarna til skjalanna landshöfnin í Rifi, sem nú er á góðri framkvæmdaleið eftir alllanga bið. Hugmyndin með landshöfnunum var sú að skapa eitthvað nýtt í útgerðarmálum okkar, nýja aðstöðu, þar sem aðstaða var ekki til áður. Þess vegna hlýtur Ólafsvík t. d. og Grundarfjörður að fá lausn sinna hafnarmála og eru að fá það, eins og aðrar byggðir, en í kringum landshöfnina á Rifi er sjálfsagt að reyna að skapa nýja útgerð og nýjan fiskiðnað, sem á að draga til sín fólk, og þarna hlýtur í framtíðinni að myndast nýtt kauptún eða nýr kaupstaður.

Um leið og hafnarmannvirkin hafa orðið að veruleika í Rifi, vaknar sú spurning, hverjir verði til þess að reisa fiskiðnað við þessa nýju og stóru höfn. Fyrst í stað mun að sjálfsögðu verða bjargazt við það, sem fyrir er, frystihúsið á Hellissandi, lítið fiskiðjuver, sem er við Rif, og öflugan fiskiðnað í Ólafsvík, sem þó mun hafa ærin verkefni að vinna við þann afla, sem floti Ólafsvíkinga sjálfra ber að landi. Till. sú, sem ég hef flutt, er þess efnis, að ríkisstj. verði falið að hafa forgöngu um það, að stofnað verði til stóriðju í fiskiðnaði á skipulegan hátt við þessa nýju landshöfn, sem þarna er að verða til. Það er augljóst mál, að mörg af fiskiðjuverum okkar eru allt of lítil til að standast nútímakröfur og allt of dreifð, og ég er þeirrar skoðunar, að það væri mun farsælla, ef þarna væri sameinað átak til að koma upp einu fiskiðjuveri, sem fullnægði ýtrustu kröfum nútímans um tækni og um þá stærð, að rekstur þess gæti orðið sem hagkvæmastur. Ef þetta verður ekki gert, má búast við, að einstaklingar og félög og jafnvel sveitarfélög eigi aðild að mörgum þeim smáu fyrirtækjum, og þá yrði haldið áfram á þeirri braut, sem hér hefur víða verið farin, og ekki er hagkvæmt að hafa mörg fiskiðjufyrirtæki við tiltölulega litlar hafnir. Ég hef hugsað mér, að þarna yrðu sameinaðir allir kraftar, sem hægt er að ná til: Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Samband ísl. samvinnufélaga, sjómenn, útgerðarmenn, aðrir einstaklingar og hlutafélög. Þetta má gjarnan mín vegna vera almenningshlutafélag, ef menn telja það líklegt, þar sem svona margir og ólíkir aðilar sameina krafta sína. En aðalatriðið er það, að þeir, sem sérkunnáttu hafa og reynslu í rekstri slíkra fyrirtækja, verði þarna aðilar og segi fyrir um það, hvernig þessi stóriðja í fiskiðnaði getur hagkvæmust og bezt orðið. Ég vænti þess að sjálfsögðu, að stuðningur og fyrirgreiðsla ríkisvaldsins komi þarna einnig til skjalanna.

Þessari hugmynd er varpað hér fram skömmu áður en tímabært er að reisa fyrstu fiskiðjuverin við Rifshöfn, og ég vil vænta þess, að menn íhugi þetta mál og styðji þá hugmynd, að þarna verði á einhvern hátt gert sameiginlegt, nýtt átak, en þessi mál ekki látin fljóta áfram skipulagslaust, eins og ella kynni að verða.

Herra forseti. Ég legg til, að þessari umr. verði frestað og till. vísað til allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndaráliti frá meiri hl. allshn., á þskj. 514, var útbýtt 27. apríl, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

10. Dreifing framkvæmdavalds.

Á deildafundum 9. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um dreifingu framkvæmdavalds og sjálfstjórn héraða [59. mál] (A. 66).

Á 16., 17., 25. og 26. fundi í Sþ., 2. og 9. des., 5. og 10. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Sþ., 24. febr., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Ég flyt hér ásamt tveimur öðrum hv. þm. þáltill. á þskj. 66 um dreifingu framkvæmdavalds og eflingu á sjálfstjórn héraða. Till. þessi er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að kjósa 7 manna mþn., sem hafi það verkefni að athuga, með hvaða hætti helzt verði unnið að dreifingu framkvæmdavalds til fleiri staða en nú er og til eflingar á sjálfstjórn í landsfjórðungunum eða öðrum stórum landssvæðum. N. athugi sérstaklega um möguleika á að flytja að meira eða minna leyti ýmsar ríkisstofnanir eða mikilvægar þjónustustofnanir frá höfuðborginni til staða úti á landi í þeim tilgangi

að auðvelda afgreiðslu mála og skapa meira jafnvægi í landinu. Þá verði einnig athugað gaumgæfilega um möguleika á að veita héraðsstjórnum rétt til fjármálalegrar yfirstjórnar og ráðstöfunar á tilteknum fjárveitingum, sem varða viðkomandi hérað eða umdæmi. Till. n. skulu við það miðast, að dregið verði úr því mikla miðstöðvarvaldi, sem orðið er í Reykjavík, og komið í veg fyrir áframhaldandi ofvöxt þess. N. skal skila till. sínum og álitsgerð til Alþ. fyrir 1. jan. 1966. Allur kostnaður af störfum n. greiðist úr ríkissjóði."

Eins og hv. alþm. er kunnugt, hefur mikið verið rætt og ritað á undanförnum árum um jafnvægi í byggð landsins og þau vandamál, sem eru því samfara, þegar byggðin í landinu raskast verulega. N. hafa verið skipaðar til þess að athuga þessi mál og jafnvel sérstakur sjóður settur á laggirnar til þess að hafa áhrif til úrbóta í þessum málum. En þær umr., sem fram hafa farið varðandi þessi mál, hafa að langmestu leyti snúizt um aðstöðuna í atvinnumálum. Það hefur verið um það rætt að gera ráðstafanir í hinum einstöku landshlutum til þess að auka þar atvinnu og til þess að skapa þar meira atvinnuöryggi en verið hefur og bæta þannig nokkuð aðstöðu manna til þess að lifa á þessum stöðum. En um þá þætti þessara mála, sem þessi till. fjallar, hefur hins vegar miklu minna verið rætt.

Það er skoðun okkar flm. þessarar till., að að sjálfsögðu beri að leggja mikla áherzlu á það að reyna að sjá svo um, að atvinnuöryggi og næg atvinna sé alls staðar fyrir hendi, því að auðvitað er grundvöllur hverrar lífvænlegrar byggðar einmitt næg atvinna og fullt atvinnuöryggi. Það er auðvitað enginn vafi á því, að það ber að leggja mikla áherzlu á þessa meginþætti. En það er okkar skoðun, að það séu miklu fleiri atriði, sem grípa inn í þetta vandamál, heldur en aðeins varðandi atvinnumálin ein, það séu mörg önnur mál, sem geti haft hér mikið um að segja, hvernig til tekst með þróun byggðarinnar í landinu. Þar til koma t. d. samgöngumál. Á því er enginn vafi, að góðar og öruggar samgöngur geta ráðið miklu um það, hvernig til tekst með þróun byggðarinnar. Hið sama er að segja um aðstöðu í menningar- og menntamálum, hvernig aðstaða er til þess, að menn geti komið börnum sínum til náms og haft aðstöðu til þess að sinna menningarmálum, og hvernig aðstaðan er yfirleitt til þess, að menn geti unnið að sínum áhugamálum og komið fram sínum hugðarefnum.

Að þessum atriðum öllum er nokkuð vikið einmitt í þessari till. og þeirri grg., sem fylgir með till. Reynslan hefur sýnt okkur, að ýmsir staðir úti á landsbyggðinni hafa nú um allmörg ár verið fyllilega samkeppnisfærir varðandi atvinnuafkomu alla við það, sem bezt gerist á landinu, en þrátt fyrir það hefur þeim stöðum ekki tekizt að halda í við aðra staði, hvað uppbyggingu snertir eða fólksfjölda. Það hefur sem sagt borið á því, að þrátt fyrir mikla atvinnu, þrátt fyrir háar atvinnutekjur árum saman hefur þar orðið um samdrátt að ræða í byggðinni. Það er alveg augljóst mál, að hér eru miklu fleiri þættir en atvinnumálaþátturinn, sem hafa mjög mikil áhrif.

Nú hefur þannig til tekizt, að skipun mála í landinu hefur orðið sú, að svo að segja allt framkvæmdavald í landinu hefur verið staðsett í Reykjavík og í næsta nágrenni Reykjavíkur, þ. e. a. s. flestar þær stofnanir, sem hafa með að gera fyrir hönd ríkisvaldsins sjálfs framkvæmdir í mikilvægum efnum. Ég vil víkja að þessu nokkru nánar til þess að skýra mál mitt.

Hér í Reykjavík er yfirstjórn fræðslu- og menntamála. Hér eru miðstöðvar þeirra mála, en það þýðir, að allir þeir, sem óska eftir því að stofnsetja nýja skóla, byggja ný skólahús, gera meiri háttar breytingar í þeim málum, verða eðlilega að leggja leið sína hingað suður til Reykjavíkur og fjalla um öll þau mál við yfirstjórn fræðslumálanna, sem situr hér með sérfræðinga sína, og er síðan séð um það, að allir nýir skólar skuli teiknast hér, gerðar áætlanir um þá hér og í rauninni séð að meira og minna leyti varðandi framkvæmdir og síðan byggingar þessara skóla héðan frá þessu miðstöðvarvaldi í Reykjavík. Nú vaknar auðvitað sú spurning, hvort nokkur nauðsyn sé á því lengur en orðið er að einbeita þessu miðstöðvarafli öllu á þennan hátt hér í Reykjavík. Það má vel vera, að það hafi verið eðlilegt á tímabili að reikna með því, að allt þetta miðstöðvarvald yrði sett hér. En það hlýtur vitanlega að koma að því, að þetta vald verði svo umsvifamikið, það safni svo utan á sig, eins og er lögmálið í nútímaþjóðfélagi að slíkt vald geri, að það komi til mála að skipta þessu upp að meira eða minna leyti til hagræðis fyrir þá, sem langt eiga að sækja til þessa valds.

Það er t. d. skoðun mín, að það kæmi fyllilega til greina varðandi yfirstjórn menntamálanna, sem ég hef hér minnzt á, að landinu yrði skipt í nokkur aðalumdæmi varðandi framkvæmdir í þessum efnum, að t. d. eitt umdæmi gæti verið Austur- og Norðurland, og á sama hátt væri hægt að ákveða önnur umdæmi. Og þá yrði að sjálfsögðu gert út svo að segja um öll þessi mál, sem nú þykir nauðsynlegt að gera út um hér hjá miðstöðvarvaldinu í Reykjavík, hjá þessari yfirstjórn í umdæminu, sem þarna yrði sett upp. Á þeim stöðum mundu þá aftur rísa upp stofnanir, sem hefðu með að gera að skipuleggja skólamálin á þessu sérstaka svæði og hafa með að gera að meira eða minna leyti eftirlit og með framkvæmdir að gera varðandi það, sem er verið að gera í þessum málum í viðkomandi umdæmi. Væri staðið að málinu á þennan hátt, væri skipulega unnið að því að dreifa þessu mikla miðstöðvarvaldi, sem sífellt fer vaxandi hér í Reykjavík, þá væri unnið að því að dreifa því til

nokkurra staða víðs vegar á landinu með vitanlega tilheyrandi áhrifum.

Svipað er að segja um ýmsar aðrar mjög þýðingarmiklar framkvæmdastofnanir á vegum ríkisins. Tökum t. d. vegamálastjórn ríkisins. Öll yfirstjórn vegamála hefur aðsetur hér í Reykjavík. Nú er þannig unnið að framkvæmdum í þessum efnum, að engin brú er svo byggð á landinu, teiknuð og efni til hennar keypt, að hún verði ekki að teiknast í ákveðnu húsi hér suður í Reykjavík. Hér skulu allir þeir menn vera búsettir í rauninni, sem eiga að vinna að undirbúningi og framkvæmdum þessara mála. Þeir, sem eiga að sjá um það að gera innkaup til þessara framkvæmda, verða í rauninni að vera hér. Og hver og einn í landsbyggðinni, sem þarf um þessi mál að leita til framkvæmdavaldsins, verður að leggja leið sína alla leið hingað.

Nú sýnist mér, að það komi alveg eins til mála að skipta landinu í þessum efnum niður í nokkur framkvæmdasvæði, og það yrði til verulegs hagræðis ásamt með öðrum vinningi, sem af því hlytist, ef stjórn vegamálanna í þessum efnum væri deilt nokkuð upp frá því, sem nú er. Ekkert væri hins vegar á móti því, að hér í Reykjavík, hér í höfuðborginni, væri eftir sem áður staðsettur vegamálastjóri sjálfur með nokkrar skrifstofur og í miðju af einu af þessum framkvæmdaumdæmum, og hann gæti haft sína ákveðnu yfirstjórn yfir hinum umdæmunum, án þess þó að hrifsa hér til sín og staðsetja hér í Reykjavík allar þessar framkvæmdir, sem þessum málum tilheyra og fara vitanlega sífellt vaxandi og draga til sín bæði fólk og fjármagn og eru þess eðlis, að það verður stórum miklu erfiðara fyrir þá, sem eiga heima langt frá þessu miðstöðvarvaldi, að þurfa að leita til þess í öllum einstökum tilfellum.

Nákvæmlega sama er að segja í þessum efnum að mínum dómi varðandi t. d. hafna- og vitamálin. Sama uppbyggingin hefur þar átt sér stað varðandi þann stóra málaflokk, og skal ég ekki frekar fara út í það. En ég sé enga ástæðu til þess að einbeita þessu framkvæmdavaldi öllu hér á einn stað í landinu.

Svipað hefur farið í þessum efnum með hið mikla bákn, sem tengt er við Tryggingastofnun ríkisins. Það hefur risið upp einmitt hér í Reykjavík gífurlega stór stofnun, sem dregið hefur til sín framkvæmdavald, sem með góðu móti ætti að geta farið fram á fleiri stöðum á landinu og væri alveg tvímælalaust til hagræðis fyrir íbúana annars staðar á landinu. En við höfum séð, hvað hefur verið að gerast í þessum efnum á undanförnum árum, og ég efast ekki um, að alþm. geta gert sér í hugarlund, hvað muni gerast í þessum efnum, ef þróunin verður svo sem hún hefur verið að undanförnu, hvað muni gerast í þessum efnum á næsta áratug t. d. að taka.

En það eru ekki aðeins þessir stóru framkvæmdaþættir, sem ég hef minnzt á nú, heldur er svo málum háttað hjá okkur, að svo að segja allir meiri háttar lánveitingasjóðir hafa bækistöð sína hér í höfuðborginni, draga fjármagnið hingað til sín, og hér skal það geymt, og héðan er síðan öllum þessum lánum úthlutað til sérhverra framkvæmda, sem ráðizt er í í landinu. Einn af þessum stóru lánasjóðum er nú orðið byggingarsjóður ríkisins, sem húsnæðismálastjórn hefur með að gera. En við vitum, að þar er skipulagið þannig, að í rauninni er það nú orðið svo, að enginn maður getur byggt sér íbúðarhús úti á landi, án þess að hann þurfi að senda sínar umsóknir og venjulega skrifa mörg bréf og senda mikið af alls konar skjölum til ákveðinnar stofnunar hér suður í Reykjavík, sem um þetta fjallar og deilir út sínum lánum eftir sínum reglum, ekki aðeins til þeirra, sem hér eiga heima, heldur til margra manna, hvar sem þeir búa á landinu. Þetta er mjög umhendis og ómögulegt að draga saman allt þetta mikla framkvæmdavald hér á einn stað og engin ástæða í rauninni til þess að byggja upp kerfið á þennan hátt. Hér væri vitanlega alveg eins hægt, ef menn vilja hafa eina yfirstjórn yfir þessu, að haga málunum þannig, að hún deildi út því fjármagni eftir ákveðnum reglum í ákveðin umdæmi í landinu, út í fjórðunga eða á annan hátt, en þar væru aftur á móti stofnanir, sem sæju um dreifinguna á fjármagninu eða úthlutunina á lánum í sínum umdæmum. En ég veit, að svo til allir alþm. hafa haft talsvert af þessu að segja og vita, hvers konar vandræðaástand þetta er í rauninni í framkvæmd, eins og það er nú, og hve mikið óhagræði er fyrir fólk úti á landi að þurfa að búa við skipulag sem þetta. En það er einmitt það, sem ég gat um í upphafi míns máls, sem hefur ótrúlega mikil áhrif á það, hvernig tekst til með búsetu manna í landinu, ef þeir finna það í gegnum eitt og annað, í gegnum stórt og smátt, að það er erfiðara að flestöllu leyti að eiga heima úti á landsbyggðinni en t. d. í Reykjavík.

Nú vitum við það, að hin algengasta leið í þessum efnum, sem þeir verða að fara, sem eiga heima úti á landi, er að reyna að tala sínu máli við þm. sinn, sem er eins og umboðsmaður héraðsins í þessum efnum hér í Reykjavík, vegna þess að aðilarnir, þeir sem sjálfir standa í húsbyggingum, hafa ekki sömu aðstöðu og hinir, sem hér eiga heima, að tala beint við þá aðila, sem hafa allt þetta mikla vald í sínum höndum, að úthluta þessum lánum.

Hér er staðsettur hinn gífurlega stóri og voldugi atvinnuleysistryggingasjóður með nú orðið yfir sína 600 millj. kr. eign. Allir þeir, sem til hans þurfa að leita, óska eftir lánum til framkvæmda og annars slíks, þeir verða vitanlega að leggja leið sína hingað suður til miðstöðva sjóðsins, ræða þar við stjórnarmenn og þurfa iðulega vitanlega að

fara hingað margar ferðir, áður en þeir hafa fengið málin **afgreidd til fullnustu.**

Ég veit, að í einstaka tilfelli kann það svo að verða, að það sé nokkrum vandkvæðum bundið **að dreifa þessu valdi,** sem ég er hér um að ræða, frá einu miðstöðvarvaldi hér í Reykjavík, en ég efast þó ekkert um, að þetta er á okkar færi hér á Íslandi eins og í öðrum löndum, þar sem þessi mál eru nú mjög ofarlega á dagskrá, að við getum gert stóra hluti í þessum efnum til mikils hagræðis fyrir fólkið úti á landi, þó að vitanlega allt vinnist það ekki í einu. Stundum er á það bent, að ef sumum af þessum framkvæmdastofnunum yrði skipt niður í nokkrar minni **stofnanir, sem væru dreifðar** um landið, og það kæmu jafnvel upp þrjár eða fjórar í staðinn fyrir eina, þá kunni rekstrarkostnaður þessara stofnana að verða eitthvað hærri við það. Ég fyrir mitt leyti geri lítið úr því og bendi á þar á móti, að þá er líka rétt að taka þar með í reikninginn, ef kostnaðurinn kynni á pappírnum að verða eitthvað svolítið hærri í slíkum tilfellum, að það kostar ekki lítið fé fyrir allt það fólk, sem nú verður að vinna að framkvæmd þessara mála, að leita til þessara stofnana með því að ferðast til Reykjavíkur eða hafa sína umboðsmenn í Reykjavík til þess að ná þar fram sínum hlut í þessum efnum. Og ég er hræddur um það, að sá kostnaðarauki, sem kynni að verða af beinum rekstrarkostnaði fleiri svona framkvæmdastofnana, ef settar yrðu upp, sá kostnaðarauki, sem þar kæmi fram hjá þeim, væri lítill í samanburði við þann kostnað, sem fólkið úti á landi verður nú að leggja á sig, vegna þess að þessar stofnanir eru allar á einum stað í landinu.

Þessi ríka tilhneiging að þjappa hér öllum stofnunum og öllu valdi saman í Reykjavík, sem yfir hefur gengið nú um langan tíma, hefur í ýmsum efnum alveg gengið út í öngþveiti, og það er alveg sýnilega búið að taka upp svo einhliða sjónarmið þeirra, sem með þessi mál hafa að gera hér í höfuðborginni, að það er verið að auka mönnum erfiði langt fram yfir það, sem nokkur þörf er á, einnig miðað við þetta skipulag, því að það er vitanlega alveg hóflaust, að aðili, sem heima á úti á landi og hefur fengið tilkynningu um, að það sé búið að veita honum húsnæðismálalán, skuli með engu móti hafa möguleika til þess að fá að undirskrifa lánsskjölin sjálfur og taka við láninu greiddu á sínum heimastað, þar sem ef til vill er starfandi banki, en nú er fyrirkomulagið þannig, að það er sett sem alveg ófrávíkjanlegt skilyrði, til þess að menn geti fengið þessi lán, að þeir verði að útvega sér einhvern umboðsmann í Reykjavík, sem gengur inn í ákveðið hús hér í borginni, leggur fram öll gögn og skrifar undir lánsskjölin, tekur þar út peningana og verður að sjá um að senda þá. Ég hygg, að þetta fyrirkomulag sé svona enn varðandi stofnlán til landbúnaðarins, að enn verði að **ganga** frá öllum lánsskjölum viðvíkjandi stofnlánum til landbúnaðarins í höfuðbankanum hér í Reykjavík, en það sé með öllu útilokað, að bændur geti fengið að ganga frá lánsskjölum sínum eða undirskrifa þau sjálfir, þó að um útibú frá bankanum sé að ræða í þeirra heimabyggðarlagi. Þetta vitanlega nær engri átt, þegar þetta framkvæmdavald, svo mikið sem það er orðið í höfuðborginni, verður svona einstrengingslegt í sínum vinnuaðferðum, og það veldur auðvitað mönnum úti á landi stórum og miklum erfiðleikum í mörgum efnum.

Í þessari tillögu er sem sagt lagt til, að sett verði sérstök milliþn., sem athugi þessi mál og að hvaða leyti hægt sé að dreifa þessu mikla framkvæmdavaldi frá aðalstöðvunum hér í Reykjavík til staða úti um landið, og þá fyrst og fremst til að auka á hagræði fyrir fólkið á hinum ýmsu stöðum utan höfuðborgarinnar, og svo auðvitað til þess að hafa þau áhrif, um leið og það verður auðveldara fyrir þá, sem búa utan Reykjavíkur, að komast í gegnum þessar stofnanir og fá afgreiðslu sinna mála, verði þetta einnig til þess, að sá fjölmenni hópur manna, sem alltaf verður fjölmennari og fjölmennari, sem annast þjónustustörfin í þjóðfélaginu, hin margvíslegustu þjónustustörf, þessi hópur geti átt heima á fleiri en einum stað í landinu. Ég held, að það mundi koma í ljós hjá okkur eins og öðrum, að ef myndarlega yrði tekið til hendinni í þessum efnum, að draga nokkuð úr þessu mikla samþjöppunarvaldi hér í Reykjavík, þar sem öllu þessu valdi hefur verið saman þjappað, — ef það yrði dregið nokkuð úr því og ýmsar stofnanir, sem vel gætu verið staðsettar úti á landi, væru fluttar þangað, þá held ég, að það mundi hafa verulega mikil áhrif til góðs í sambandi við þetta stóra vandamál, sem er misvægið í byggð landsins.

Í nánu sambandi við þetta er svo annað mál, sem hér hefur nokkuð verið rætt á þessu þingi undir öðrum dagskrárliðum, en það er staðsetning skóla í landinu. Það er enginn vafi á því, að það hefur verið gengið allt of langt í þá átt á undanförnum árum að setja niður ýmsa framhaldsskóla hér í höfuðborg landsins. Hún hefur að sjálfsögðu haft margt til að bera og það svo, að það er ekkert óeðlilegt kannske, að mönnum hafi fundizt það á sínum tíma eðlilegast að setja þessar skólastofnanir niður í Reykjavík. En tímarnir eru að breytast í þessum efnum. Við sjáum, að það er ekki æskilegt að draga þannig alla hluti hingað til Reykjavíkur. Það hefur mikið þjóðhagslegt gildi að efla fleiri staði í landinu, og það er enginn vinningur, hvorki fyrir Reykjavík sem slíka né þjóðfélagið í heild, að það hlaupi í hana sérstakur ofvöxtur. Ég leyni því t. d. ekki, að það er mín skoðun, að það hefði verið miklu betur og eðlilegar fyrir komið, að sá mikli og myndarlegi sjómannaskóli, sem byggður var hér í Reykjavík og er staðsettur hér, hefði á sínum tíma verið staðsettur annars staðar. Það var satt

að segja ekkert, sem mælti sérstaklega með því. Ég kom að vísu ekki auga á það, þegar verið var að byrja á framkvæmdum í þessum efnum. En ég þykist sjá það nú, að það hefði verið miklum mun réttara að staðsetja þá stofnun annars staðar en hér í höfuðborginni. Og það er mín skoðun, að það hefði einnig átt að taka á svipaðan hátt á staðsetningu kennaraskólans. Ég minnist þess, ég held ég fari ekki rangt með það, að upplýsingar hafi þá verið gefnar um það, að um alllangan tíma muni um ⅔ hlutar allra þeirra nemenda, sem sóttu kennaraskólann, hafa átt heima utan Reykjavíkur, en eigi að síður þótti sjálfsagt að setja hann niður hér og hvergi annars staðar en hér.

Ég nefni þetta aðeins sem dæmi um það, að við þurfum að huga miklu betur að því eftirleiðis en hingað til, hvar þýðingarmiklar skólastofnanir eru settar niður í landinu, því að þær geta haft mikið að segja upp á byggðaþróunina í landinu og það jafnvægi í byggð landsins, sem svo mjög er talað um. Ég held, að það beri að vinna að því alveg markvisst að staðsetja ýmsar framhaldsmenntastofnanir úti á landsbyggðinni, einmitt með þetta í huga, að láta þá staðsetningu hafa sín miklu og almennu áhrif á það, hvernig til tekst með þróun byggðarinnar. Þegar rætt er t. d. um það nú að ákveða, að það skuli vera staðsettur menntaskóli á Austurlandi, þá veit ég mætavel, að það er alveg eins hægt að leysa þann vanda að mennta þá unglinga undir stúdentspróf, sem upp alast á Austurlandi, t. d. í skóla hér í Reykjavík, með því að byggja góða heimavist við menntaskóla hér í Reykjavík. Það er vitanlega hægt að framkvæma það á þann hátt, þannig að unglingarnir, sem þar alast upp, geti allir náð þessari menntun. En það er ekki fyrst og fremst það, sem er verið að leita eftir í þessum efnum. Það er verið að leita eftir því jöfnum höndum að geta haldið unglingunum þetta miklu lengur á sínum heimaslóðum og draga inn í nýtt umdæmi það kennaralið, sem má prýða einn góðan menntaskóla, með öllum þeim áhrifum, sem slík menntastofnun og slíkir menntamenn hafa á hina almennu þróun mála í viðkomandi umdæmi. Hér er því að mjög verulegu leyti um að ræða hið almenna byggðasjónarmið. Teljum við, flm. þessarar till., að það sé einmitt eitt af því, sem athuga eigi sérstaklega varðandi þessi mál með skipun þessarar mþn., sem lagt er til að kosin verði. Það er einmitt um, hvað hægt sé að gera varðandi staðsetningu skóla og annarra menningarstöðva til þess að bæta nokkuð hag dreifbýlisins frá því, sem verið hefur.

Ég skal svo ekki eyða hér lengri tíma að sinni í að ræða þetta mál. Ég vona aðeins, að það megi takast að fá þessa nefnd kosna, sem lagt er til að kosin verði samkv. þessu frv., og að hún taki hér til óspilltra mála og athugi, hvað hægt er að gera í þessu veigamikla máli, sem hér er fjallað um. Ég er fyrir mitt leyti ekki í neinum vafa um, að það er ekki síður þýðingarmikið fyrir okkur varðandi það að leysa hið mikla vandamál um misvægið í byggð landsins að grípa á þessum vandamálum, sem hreyft er í þessari till., heldur en hinum, sem snúa beint að hinum almennu atvinnumálum.

Herra forseti. Ég legg svo til, að að lokinni þessari umr. verði þessari till. vísað til hv. fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 31 shlj. atkv. og til fjvn. með 33 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

11. Vegasamband milli Fljótshverfis og Suðursveitar.

Á 10. fundi í Sþ., 11. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um opnun vegasambands milli Fljótshverfis og Suðursveitar, þannig að vegakerfið myndi órofa hringleið um landið [67. mál] (A. 75).

Á 11. fundi í Sþ., 12. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 17., 25. og 26. fundi í Sþ., 9. des., 5. og 10. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Sþ., 24. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Þáltill. sú, sem hér er til umr. um opnun á vegasambandi á milli Fljótshverfis og Suðursveitar, er nú flutt hér af mér í þriðja sinn. Ég vænti því, að ég þurfi ekki að hafa hér langa framsögu fyrir þessari till. að þessu sinni. Mál þetta hefur verið hér allýtarlega rætt nokkrum sinnum, bæði á undanfarandi þingum og eins fyrr á þessu þingi, þar sem önnur till., sem mjög fór í sömu átt, hefur verið hér til umr. áður. En orðalagið á þessari till. minni er nokkuð á annan veg en orðalag á þeirri annarri till., sem ég minntist hér á, að flutt hefur verið um þetta sama mál.

Meginefni þessa máls er í rauninni það, að unnið verði að því að koma á hringvegasambandi um landið, þ. e. a. s. að lagður verði akfær vegur á um það bil 30 km vegalengd yfir Skeiðarársand, þar sem nú er veglaust, og brúuð verði þau vatnsföll, sem þar þarf

yfir að fara, og þá fyrst og fremst Skeiðará. Það var lengi svo talið, að það mundi vera mjög erfitt að brúa þessi vatnsföll, sem þarna eru á leiðinni, á þann hátt, sem fengi staðizt hin miklu jökulhlaup, sem þarna eiga sér stað alltaf annað slagið. Hins vegar hefur nú á seinni árum orðið veruleg breyting á því, hvernig þessi jökulhlaup haga sér, og reynslan bendir til þess, að miklar líkur séu á því, að sæmilega vel gerðar brýr mundu standast þessi hlaup, eins og þau eru orðin nú. En í till. er þó gert ráð fyrir því, að e. t. v. sé réttmætt að fara þá leið að koma þarna upp ódýrari brú, þar sem hættan teldist vera mest, trébrú, og þá hreinlega gert ráð fyrir því, að það geti þurft að byggja þá brú upp með ákveðnu millibili, eða þegar þessi stórhlaup koma í ána, sem e. t. v. eyðilegðu þá brúna. En það er skoðun mín, að það eigi ekki lengur að dragast að leggja í það að koma á þessu vegasambandi, koma þarna upp brúm, þrátt fyrir þá annmarka, sem á þessu eru í framkvæmd, en þeir séu þó ekki meira en sumt, sem við þurfum við að glíma annars staðar á okkar vegakerfi, þótt með öðrum hætti sé þar. En þar verðum við að ganga út frá því að hafa sífellt mikinn kostnað af vegagerðum og viðhaldi á vegunum og halda þeim opnum árlega, og slíkur kostnaður mun vera í ýmsum tilfellum ekki minni en þó að þyrfti að byggja þarna upp heldur ódýra brú í þeim tilfellum, sem þarna yrðu meiri háttar jökulhlaup.

Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja frekar um málið að þessu sinni, en vænti þess nú, að þetta mál fái afgreiðslu á þessu þingi, svo góðar undirtektir sem málið hefur fengið, þegar það hefur borið hér á góma í umr., og það hefur komið í ljós, að menn úr öllum flokkum telja nú, að það sé orðið rétt, að ráðizt verði í þessar framkvæmdir.

Ég leyfi mér svo að óska eftir því, að umr. um till. verði frestað og till. verði vísað til n., sem mun vera allshn., sem hefur fengið þetta mál áður.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 28. fundi í Sþ., 3. marz, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndaráliti frá meiri og 1. minni hl. fjvn., á þskj. 604 og 619, var útbýtt 4. og 5. maí, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

12. Hlutverk Seðlabankans að tryggja atvinnuvegunum lánsfé.

Á 10. fundi í Sþ., 11. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um, að framfylgt verði lögum um það hlutverk Seðlabankans að tryggja atvinnuvegunum hæfilegt lánsfé [68. mál] (A. 76).

Á 11. fundi í Sþ., 12. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 25., 26. og 27. fundi í Sþ., 5., 10. og 24. febr., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Sþ., 3. marz, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt tveimur þm. öðrum að flytja hér till. þess efnis, að Alþingi álykti að skora á ríkisstj. að hlutast til um, að Seðlabanki Íslands kappkosti að fullnægja því hlutverki, sem honum er ætlað í l. frá 1961, að vinna að því, að framboð lánsfjár sé hæfilegt miðað við það, að framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt.

Ef fylgzt er með þeim ályktunum, sem hafa verið gerðar á undanförnum árum á fundum samtaka atvinnuveganna og atvinnurekenda, kemur glöggt í ljós, að það er eitt mál alveg sérstaklega, sem þrengir mjög að vexti þeirra og viðgangi og kemur í veg fyrir, að framleiðslugeta þeirra sé fullkomlega hagnýtt. Þetta mál eða þessi vandi er lánsfjárskortur. Ég held, að það hafi varla verið haldinn svo fundur af hálfu þessara samtaka, að það hafi ekki komið mjög eindregið fram þar ósk um, að bætt væri úr þessu mikla vandamáli, sem atvinnuvegirnir þyrftu að glíma við. Það er alveg sama, hvort hér er frekar verið að ræða um samtök bænda, útgerðarmanna, iðnaðarmanna eða einhverra annarra atvinnurekenda. Hjá öllum þessum aðilum hefur það komið mjög skýrt og greinilega í ljós, að þeir teldu lánsfjárskortinn vera eitthvert hið mesta vandamál, sem atvinnuvegirnir ættu nú við að fást.

Skv. íslenzkum lögum er einum aðila ætlað alveg sérstaklega það verkefni að koma í veg fyrir lánsfjárskort hjá atvinnuvegunum. Í l. um Seðlabanka Íslands, sem vitnað er til í þessari till., er tekið fram í 2. gr., hvert eigi að vera hlutverk Seðlabanka Íslands, og þar segir á þessa leið í upphafi gr., með leyfi hæstv. forseta: „Hlutverk Seðlabanka Íslands er: 1) Að annast seðlaútgáfu og vinna að því, að peningamagn í umferð og framboð lánsfjár sé hæfilegt, miðað við það, að verðlag haldist stöðugt og framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt.“ Þetta er sem sagt

fyrsta atriðið af því, sem er talið verkefni Seðlabankans, og á þar af leiðandi að vera aðalverkefni hans, þ. e. að sjá svo um, að peningamagn í umferð og framboð lánsfjár sé hæfilegt miðað við það, að framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt.

Ég held, að það, sem ég rakti hér í upphafi um umsagnir atvinnuveganna sjálfra um þetta mál, sýni, að mjög skorti á það, að Seðlabankinn hafi fullnægt þessu hlutverki sínu, og því alvarlegri er þessi vanræksla Seðlabankans og ég vil segja brot á lögum Seðlabankans, að þetta stafar ekki af því, að Seðlabankinn hafi ekki getað haft nægilegt lánsfé til umráða, því að sá háttur hefur verið upp tekinn af hálfu Seðlabankans eða réttara sagt af ríkisstj., sem ræður gerðum hans, að frysta stórar upphæðir af sparifé landsmanna og koma þannig í veg fyrir, að atvinnuvegirnir gætu notfært sér þetta fjármagn. Ég hygg, að frystingin hjá Seðlabankanum nemi nú orðið eitthvað á milli 1100 og 1200 millj. kr. Ef þetta fé, þótt ekki væri nema að nokkru leyti, væri hagnýtt í samræmi við það, sem lög Seðlabankans gera ráð fyrir, til þess að tryggja atvinnuvegunum nægilegt lánsfé, þá byggju atvinnuvegirnir ekki við þann gífurlega lánsfjárskort, sem nú ber raun vitni um. M. ö. o.: þessi lánsfjárskortur er búinn til af þeirri stofnun, sem á að sjá um það og vaka yfir því, að atvinnuvegirnir búi ekki við lánsfjárskort. En það finnst mér rétt að taka fram, að hér er ekki fyrst og fremst þá menn að saka, sem eru bankastjórar Seðlabankans, heldur hæstv. ríkisstj., sem fyrst og fremst ræður því, hvernig störfum bankans er háttað, og öðrum fremur er hér að sjálfsögðu um að saka hæstv. viðskmrh., sem eins og bankamálaráðh. á að vaka yfir gerðum þessarar stofnunar.

Ég held vegna þess, sem ég hef nú rakið, að það sé fullkomlega tímabært fyrir Alþingi að vekja athygli hæstv. ríkisstj. á þeirri vanrækslu á framkvæmd seðlabankalaganna, sem hér á sér stað, og Alþingi gangi eftir því, að þeirri löggjöf, sem það hefur sett um þetta efni, verði framfylgt. Mér finnst rétt að geta þess í þessu sambandi, að sú röksemd hefur stundum verið færð fyrir frystingu Seðlabankans á sparifé, að þetta væri gert, eins og segir í þeirri grein seðlabankalaganna, sem ég hef vitnað til, að frystingin væri gerð til þess að halda verðlagi stöðugu. Ég held, að það þurfi ekki mörg orð til að svara þessari fullyrðingu, því að aldrei hefur verðlag verið óstöðugra hér á landi en einmitt síðan sparifjárfrystingin var upp tekin. Ég er ekki að segja, að sparifjárfrystingin sjálf eigi þátt í þessu nema að takmörkuðu leyti, en þetta sýnir hins vegar, að sparifjárfrysting er ekki neitt ráð eða meðal til að tryggja það, að verðlag sé stöðugt í landinu, og þess vegna eru það ekki haldbær rök að ætla að réttlæta sparifjárfrystinguna með því, að hún tryggi stöðugt verðlag í landinu. Nei, sparifjárfrystingunni er haldið uppi vegna þess, að þeir, sem ráða málum í landinu, hafa ekki réttan skilning á því, sem hér þarf að gera, eða m. ö. o. nota vald sitt ekki rétt, hvort sem það er gert viljandi eða óviljandi. En þá röksemd er nú mjög farið að færa til afsökunar fyrir þá stjórnarstefnu, sem nú er fylgt í landinu, að valdhafarnir hafi a. m. k. rétt til að gera þetta, þó að þeirra stefna sé kannske ekki rétt, en vald hafa þeir til þess að framkvæma það, sem þeir vilja, hvort sem það er rétt eða ekki.

Ég sé ekki ástæðu til að rekja þetta mál frekar að sinni. En ég hygg, að öllum hv. þm., sem hafa fylgzt með aðstöðu atvinnuveganna á undanförnum missirum, hljóti að vera ljóst, hvílíkt vandamál lánsfjárskorturinn er, og þess vegna hljóti þeim jafnframt að vera áhugamál um, að þeim lögum sé framfylgt, sem þeir hafa sett til tryggingar því, að atvinnuvegirnir búi ekki við lánsfjárskort, og sú stofnun, sem öllum öðrum fremur á að vaka yfir því, að atvinnuvegirnir hafi nægilegt lánsfé, framfylgi þeim fyrirmælum, en geri það ekki á þann hátt að skapa stórfelldan lánsfjárskort, eins og Seðlabankinn gerir nú með frystingu á sparifé.

Ég leyfi mér svo að leggja til, að þessari till. verði að loknum umr. nú vísað til allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

13. Afréttamálefni.

Á deildafundum 19. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um afréttamálefni [75. mál] (A. 95).

Á 25., 26. og 27. fundi í Sþ., 5., 10. og 24. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Sþ., 3. marz, var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Göngur og réttir eru töfrandi orð í sauðfjársveitum og láta líka vel í eyrum flestra Íslendinga, a. m. k. hinna eldri, hvar sem þeir eru búsettir. Í haust sem leið heyrðist kveðið samstillt frá þilförum nokkurra síldveiðibáta, sem lágu hlið við hlið í höfn einni á Austurlandi: „Eins mig fýsir alltaf þó, aftur að fara í göngur.“ Og þetta var svo að segja mitt í velgengni síldveiðanna. Síldveiðimennirnir kváðu ekki vegna hinnar hugljúfu vísu

Jónasar Hallgrímssonar, þótt hún legði þeim orðin á tungu. Þeir kváðu vegna þess, að hugir þeirra leituðu um þetta leyti til þeirrar miklu lífsrómantíkur, sem Íslendingar hafa um aldir notið og njóta enn í göngum og réttum.

Ég hef þetta, sem ég nú hef sagt, sem stuttan formála að því, er ég ætla að segja um till., sem hér liggur fyrir. Með formálanum leyfi ég mér að minna á, að málefnið er þeirrar tegundar, að það verður ekki mælt í krónum einum saman. M. ö. o.: málefnið á dýpri rætur í sögu og lífsvitund þjóðarinnar en efnishyggjan ein getur spannað eða tölfræðin greint. Af þessum ástæðum eru skyldur forráðamanna þjóðfélagsins og löggjafa þess gagnvart málefninu jafnvel enn þá meiri en ella væri og uppfylling þeirra skyldna líka skemmtileg.

Þjóðlífsbreytingar eru um þessar mundir svo örar og margvíslegar, að mikils þarf með til þess að virkja afl þeirra til velfarnaðar og gæta þess, að sumar þeirra valdi ekki óbætanlegu tjóni. Röskun búsetunnar er eitt hið viðsjárverða vandamál þjóðlífsbreytinganna. Finna þarf ráð til þess, að fólki, sem eftir situr, þegar aðrir hverfa búferlum burtu, verði ekki félagsleg eða efnahagsleg ofraun að dveljast áfram við staðfestur sínar, ef frá þjóðfélagslegu sjónarmiði er æskilegt, að byggð haldist á þeim stöðum, eða kannske hreint og beint þjóðfélagsleg nauðsyn, að þar sé mannabyggð.

Eitt af því, sem gengið hefur úr skorðum við búseturöskunina, er fjallskilakerfið. Ég tala um fjallskilakerfi, af því að skipulag haustleita hefur undanfarnar aldir verið fastmótað og kerfisbundið um allt land. Hver afréttur hefur verið genginn og hver skiki lands, þar sem kinda getur verið von, hefur verið leitaður. Þetta hefur verið framkvæmt eftir föstum reglum. Héruð hafa skipað málunum með reglugerðum, en ríkisstj. hefur staðfest slíkar reglugerðir. Hins vegar hafa þó hin óskráðu lög venjunnar og þarfanna einna mest haft að segja. Ákveðnar fjallskilaskyldur hafa hvílt á hverri byggð eftir staðháttum, en byggðirnar hver hjá sér jafnað þeim skyldum á búendur og aðra fjáreigendur. Skyldur sveitar gagnvart sveit hafa víða verið merkur þáttur þessarar félagslegu starfsemi, af því að sauðkindur neyta löngum sumarfrelsis til þess að rása langt frá heimastöðvum og afrétti heimabyggða. Fjallskilakerfið hefur um aldir átt að sjá fyrir því, að þessar víðförlu skepnur komi til skila eða a. m. k. andvirði þeirra, ef í mikla fjarlægð er lent. Í Jónsbók eru skilmerkileg ákvæði um þetta. Svo snemma voru þessi málefni skipulögð fyrir landsheildina. Sumir hafa talið, að hin óhjákvæmilegu samtök fjáreigenda við að ná heim til sín fénu af hinum víðáttumiklu heiðum og öræfum landsins hafi leitt til stofnunar sveitarfélaganna og verið frumvísir þeirra. Hvort sem það er eða ekki, er óvefengjanlegt, að nauðsyn sú, er knúði menn strax á fyrstu árum Íslandsbyggðar til þessara samtaka, hefur haft mikil áhrif til að kenna mönnum að taka höndum saman að leysa félagslega það, sem einum eða fáum er ofvaxið að vinna.

Ég haga orðum mínum á þennan hátt, þegar ég mæli fyrir till. á þskj. 95 um afréttarmálefni, af því að ég vil leggja á það sérstaka áherzlu, að þau málefni eru að fornu og nýju málefni alls landsins og nærri því að mega heita þegnskylda. Gangnaseðillinn hvert haust í sveitum landsins er nokkurs konar útboð til að gegna herkvöð í þágu þjóðlífsins. Við búsetubreytingarnar, sem orðið hafa á seinni árum, hefur hið forna fjallskilakerfi rofnað á sumum stöðum. Það hafa komið skörð í leitarfylkingarnar. Um langan aldur hefur hver afréttur og hver almenningur á öræfum, sem utan hinna tilteknu afrétta liggur, verið leitaður af íbúum tiltekinna byggða, er næst liggja, „því at þat hæfir ei hverju byggðarlagi einn veg," eins og segir í Jónsbók.

Enn eru víðáttur landsins hinar sömu og áður. Enn fara kindur á sömu stöðvar og fyrr. Enn þarf því að leita sömu langvegi og áður, ef fé á að heimtast og ekki að verða úti. En í einstaka sveitum er orðið svo fáliðað, að þær hafa ekki mannafla lengur til þess að rísa undir fjallskilakvöðunum að smala, svo að sauðlaus verði löndin, sem hin aldagamla þróun í þessum málum hefur úthlutað þeim til umsjár, að því er gangnaskyldurnar snertir. Næstu sveitir hafa nóg á sinni könnu og geta ekki hlaupið í skörðin. Til er, að í þessum málum sverfi svo fast að bændum, að þeir telji erfiðleikana með fjallskilin fulla ástæðu til að hætta búskap. Að þessu verða þeir, sem málum þjóðfélagsins stjórna, að gæta og leitast við að ráða bót á, áður en byggðareyðing hlýzt af. Á það ber einnig að líta, að það er þjóðfélagsmál, að löndin verði með einhverjum ráðum smöluð áfram, vegna aðkomufjárins, þótt enginn fjáreigandi verði lengur í byggðinni. Betra er auðvitað fyrir ríkið að styðja fámenna sveit við þessa þegnskyldu en að verða að annast fjallskilin alveg, þegar fólkið allt er farið, sem kvöðunum gegnir enn þá af veikum mætti. Eða hver mundi eiga að gera það annar en þjóðfélagsheildin?

Till., sem ég er að mæla fyrir, er á þskj. 95 og hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta í samráði við Búnaðarfélag Íslands gera yfirlit um þá sauðfjárafrétti í landinu, sem eru svo víðáttumiklir, að fullnægjandi haustleitir á þeim eru vegna mannfæðar ofviða þeim sveitum, er að standa. Að fengnu því yfirliti — eða samhliða öflun þess — láti ríkisstj., einnig í samráði við Búnaðarfélag Íslands, gera athugun á því, hvernig haganlegast verði fyrir komið nauðsynlegri og sanngjarnri þátttöku ríkisins í fjárhreinsun þessara afrétta.

Ríkisstj. leggi skýrslu um málið fyrir Alþ., svo fljótt sem við verður komið.

Kostnaður við athugun þessara mála samkv. þáltill. þessari greiðist úr ríkissjóði."

Við, sem till. flytjum, erum tveir þm. úr Norðurl. e. og tveir þm. úr Vestfjarðakjördæmi. Í kjördæmum okkar eru til sveitir mjög illa settar með fjallskil, eins og bent er á í grg. okkar með till. Hólsfjöllin í Norðurl. e. og Efrafjallsbæirnir tveir, sem teljast til Austurlandskjördæmis, en hafa svipað hlutskipti í fjallskilamálum og Hólsfjallabæirnir og sennilega ekki betra, eiga í vök að verjast með fjárleitir sínar. Þetta veit ég, að allir geta skilið, sem á Íslandskortið líta og aðgæta umhverfi fjallabyggðarinnar eða hafa farið um þjóðveginn þarna og skyggnzt um víðáttuna. Nú munu aðeins vera 6 bændur eftir á Hólsfjöllum og 3 bændur eftir á Efrafjalli, þ. e. í Víðidal og Möðrudal. Á þessum 9 bændum hvílir sú herkvöð þegnskyldunnar að annast fjárheimtur úr hinum mikla heiðageim þarna, ekki aðeins sjálfra sín vegna, heldur líka vegna annarra sveita, sem eiga fé, sem þangað leitar á sumrin.

Sauðaneshreppur á Langanesi er einnig afar illa settur nú orðið vegna þess, hve hann hefur fáum á að skipa til að ganga á þau afar víðáttumiklu landflæmi, sem honum tilheyra.

Á Vestfjörðum er Snæfjallahreppur augljóst dæmi. Þar eru, að mér skilst, aðeins 7 bændur eftir. Þeir þurfa nú, síðan Grunnavíkurhreppur fór í eyði, að leita hans lönd auk sinna.

Skyldi nokkur vera til, sem telur ekki allmiklu fórnandi til þess, að Hólsfjöllin fari ekki í eyði? Það er einmitt þjóðarnauðsyn, að þau haldist í byggð, vegna umferðarinnar milli Norður- og Austurlands. Og hver ætli sæi eftir, að þjóðfélagið kostaði einhverju til, að vildisjarðirnar á Snæfjallaströnd, sem enn er búið á, haldist í byggð? En það þarf að byrgja brunninn, áður en barnið er dottið ofan í, rétta hjálparhöndina, meðan einhver er til að taka í hana.

Ég hef nefnt ákveðin dæmi um sveitir, sem er aðstoðar þörf vegna afréttamála. Án efa eru þær fleiri, sem þannig eru settar. Þess vegna er líka till. okkar flm. á þessu stigi ekki um ákveðinn stuðning við ákveðnar sveitir, heldur um að ríkisstj. láti í samráði við Búnaðarfélag Íslands rannsaka ástæður byggða landsins í þessum efnum og síðan einnig í samráði við Búnaðarfélag Íslands gera till. um úrbætur. Ætti með því móti að mega treysta því, að glöggt yfirlit fáist, svo að réttlæti geti orðið fullnægt í þessum efnum. Fyrir mitt leyti á ég ekki von á því, að sveitirnar reynist mjög margar, sem aðstoðar þurfa við fjallskilin. En jafnsjálfsagt er og skylt, að þjóðfélagið komi til liðs við þessar byggðir, þótt þær séu ekki margar. En nauðsynlegt er, að kannaðar séu aðstæður í þessum efnum um land allt, svo að sem gleggst yfirlit fáist og misrétti skapist ekki. Búnaðarfélag Íslands er þannig sett, að því er auðvelt að láta gera þetta yfirlit. Búnaðarfélagið er í alla staði réttur aðili til þess.

Þetta er ekki stórmál, en það er eigi að síður brýnt mál. Hið aldagamla net samtakanna, sem riðið var af reynslunni eftir staðháttum um land allt til þess að ná fé af fjalli, má ekki fá á sig möskvaföll, svo að fé verði eftir þess vegna. Jafnvel þó að ekki væri um eignatjón að ræða fyrir þá, sem fé eiga og heimta það ekki, er annað, sem er ákaflega þungt á metum líka: Það er manndóarskylda að láta ekki sauðkindina, sem er húsdýr þjóðarinnar, verða úti eða líða nauð í vetrarhörkum fyrir tómlæti. Þetta er í og með dýraverndunarmál, sem fámennið ræður ekki við.

Hér er ekki verið að leggja til, að gert sé það, sem ríkisheildinni geti orðið mikil gjaldabyrði, þó að rætt sé um að létta oftaksbyrðum, sem lagzt hafa fyrir breytta búsetu þjóðarinnar á herðar nokkurra þýðingarmikilla útvarða dreifbýlisins. Það er fáliðanum í þessum efnum oftaksbyrði, sem þjóðarheildina munar ekkert um að lyfta svo undir, að vel bær verði.

Til eru þau verk, sem menn fást helzt ekki til þess að vinna, þótt gjald sé í boði. En svo vel vill til í þessu sambandi, að fjárframlagi af þjóðfélagsins hálfu til stuðnings fjallskilum, ætti að vera auðvelt að breyta í vinnu við fjallskil, því að svo marga fýsir alltaf að fara í göngur. Göngurnar eru öðrum þræði ævintýralegt sport, þótt svaðilfarir fylgi þeim stundum. Þess vegna eru þær með vinsælustu verkum. Það gerir þessi mál allmiklu auðveldari í úrlausn en sum önnur mál.

Herra forseti. Ég legg til, að þegar fyrri umr. till. er lokið, verði henni vísað til síðari umr. og hv. fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til fjvn. með 33 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

14. Ökuskóli.

Á deildafundum 24. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um ökuskóla [79. mál] (A. 106).

Á 14. fundi í Sþ., 25. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 28. fundi í Sþ., 3. marz, var till. tekin til einnar umr.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Á s. l. hausti átti Pétur Pétursson sæti hér á hv.

Alþ. í stað 5. þm. Vesturl. og flutti þá till. til þál., sem hér liggur fyrir nú. Þáltill. er örstutt. Leyfi ég mér til skýringar á málinu að lesa hana. Hún er svo hljóðandi:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að undirbúa löggjöf, svo fljótt sem verða má, um ökuskóla. Miða skal við að stórauka verklegt og bóklegt nám þeirra, sem ganga undir ökupróf og fá ökuskírteini. Löggjöf þessi skal undirbúin í samráði við lögreglustjóra og bifreiðaeftirlitið."

Í grg. sinni bendir flm. á nauðsyn þess að gera meiri kröfur til ökuhæfni bifreiðarstjóra en gert er nú, sér í lagi með tilliti til hins stóraukna fjölda bifreiða, sem sífellt kemur á markaðinn.

Það þarf engum blöðum um það að fletta, og ég hygg, að um það geti allir hv. þm. verið sammála, að bifreiðainnflutningur hefur með riftun allra hafta í sambandi við innkaup á bifreiðum stóraukizt, og miðað við okkar vegakerfi og eldri götur og vegi hefur samfara þessum stóraukna innflutningi áreiðanlega stórlega dregið úr öryggi vegfarenda og jafnframt bifreiðarstjóra í þessari mjög svo miklu umferð. Það ætti því ekki að þurfa að vera ágreiningsatriði, að gert væri allt, sem í mannlegu valdi stæði, til þess að auka þetta öryggi og bæta, svo sem verða má, með hliðsjón af þessum stóraukna fjölda bifreiða, sem á markaðinn kemur næstum mánaðarlega.

Ég vil því fyrir hönd flm. óska þess, að umr. um málið verði nú frestað, en till. vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

15. Markaðsrannsóknir í þágu útflutningsatvinnuveganna.

Á deildafundum 26. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um markaðsrannsóknir og sölustarfsemi í þágu útflutningsatvinnuveganna [85. mál] (A. 116).

Á 28. fundi í Sþ., 3. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Sþ., 10. marz, var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Á þskj. 116 höfum við 6 þm. Framsfl. flutt svofellda till. til þál., með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að kjósa 5 manna mþn. til að athuga í samráði við fulltrúa atvinnuveganna, á hvern hátt megi efla markaðsrannsóknir og sölustarfsemi í þágu útflutningsatvinnuvega þjóðarinnar svo og bæta gæðaeftirlit, þannig að sem beztum árangri verði náð með minnstum tilkostnaði, og leggja niðurstöður fyrir næsta reglulegt Alþ."

Tilgangurinn með tillöguflutningi þessum er að freista þess að fá mótaða stefnu í markaðsmálum og sölustarfsemi, sem byggist á nánu samstarfi fulltrúa útflutningsatvinnuveganna annars vegar og fulltrúa ríkisvaldsins hins vegar, en slíkt samstarf er nauðsynlegt til þess að kraftarnir nýtist sem bezt og til þess að tryggja samræmdar aðgerðir allra þeirra, sem að málum þessum vinna.

Utanríkisverzlun Íslendinga vex nú ár frá ári að verðmæti. Fjölbreytni útflutningsins eykst einnig nokkuð. Lífskjör þjóðarinnar ákvarðast ekki hvað sízt af því, hversu til tekst um sölu afurðanna á erlendum mörkuðum. Það er því áríðandi, að sölustarfsemi og markaðsmálefni landsmanna séu í góðu lagi og keppt sé að því að endurbæta hana og auka til jafns við það, sem bezt gerist annars staðar, eftir því sem geta þjóðarinnar leyfir.

Á því er ekki minnsti vafi, að margt má lagfæra í þessum málum frá því, sem nú er. Eitt af því allra nauðsynlegasta er þó að byrja á því að marka ákveðna stefnu um vinnubrögð, er laði hið opinbera og samtök atvinnuveganna auk annarra, sem með þessi mál hafa sérstaklega að gera, til samstarfs og samvinnu um þau. Ekki sízt á sviði hvers kyns markaðsupplýsinga er mikið og stórt verkefni óunnið, enda er góð markaðsupplýsingaþjónusta ein meginforsenda þess, að aukin fjárfesting í eldri og nýjum atvinnugreinum skili þeim arði, sem nauðsynlegur er, til þess að búið verði menningarlífi í landinu. Það er þannig áberandi, að Íslendingar hafa ekki enn þá komið á þeirri skipulagsbreytingu á starfsháttum utanríkisþjónustunnar, sem gerí henni mögulegt að annast upplýsingasöfnun og auglýsingastarfsemi í þágu atvinnuveganna, eins og algengast er nú orðið meðal flestra þjóða. T. d. vantar algerlega sérmenntað fólk í utanríkisþjónustuna til að sinna þessu verkefni.

Ég er þess ekki umkominn á þessum stað og þessari stundu að segja til um, hvernig málum þessum verði bezt fyrir komið í öllum smáatriðum, enda gengur till. sú, sem ég er nú að mæla fyrir, út á það, að kosin verði 5 manna mþn. sérfróðra manna um markaðsmálefni, sem í samráði við fulltrúa atvinnuveganna marki stefnuna í þessum málum. Ég endurtek, eins og ég sagði í upphafi, að aðalatriðið er að marka stefnu í markaðsmálefnum, sem laði til samstarfs og samræmdra aðgerða í þessum mikilvægu málum, og í þeim tilgangi er þessi till. flutt.

Ég legg svo til, herra forseti, að máli þessu verði vísað til síðari umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og til allshn. með 37 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá allshn., á þskj. 642, var útbýtt 6. maí, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

16. Raforkumál.

Á deildafundum 30. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um raforkumál [86. mál] (A. 117).

Á 16. fundi í Sþ., 2. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 28. fundi í Sþ., 3. marz, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 32. fundi í Sþ., 17. marz, var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Hér er til umr. þáltill. á þskj. 117 um raforkumál. Flytjendur málsins eru 8 þm. Framsfl. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa tillgr. Hún er þannig:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að fela raforkumálastjóra og raforkuráði að ljúka hið allra fyrsta framkvæmdaáætlun um rafvæðingu allra sveitaheimila, sem ekki hafa nú þegar rafmagn frá samveitum eða sérstökum vatnsaflsstöðvum, og sé áætlunin við það miðuð, að rafvæðingunni verði að fullu lokið á árinu 1968. Í áætluninni sé stefnt að því, að raforkuþörf heimilanna verði fullnægt með línum frá samveitum, að svo miklu leyti sem fært þykir, en fyrir þau heimili, sem eru svo mjög afskekkt, að ekki þykir fært að leggja til þeirra raflínur frá samveitum og ekki hafa hagstæð skilyrði til vatnsaflsvirkjunar, setji rafmagnsveitur ríkisins upp dísilstöðvar, er leigðar séu með þeim kjörum, að notendur þeirra njóti a. m. k. ekki minni stuðnings af opinberri hálfu heldur en þeir, sem fá rafmagn frá samveitum. Einnig verði þeim, sem koma upp vatnsaflsstöðvum til heimilisnota utan samveitusvæðanna, veitt sambærileg aðstoð, t. d. með auknum og hagstæðum lánum."

Þannig hljóðar okkar till.

Samkv. nýjum upplýsingum, sem ég hef fengið frá raforkumálaskrifstofu ríkisins, telur hún, að um næstliðin áramót, þ. e. í árslok 1964, hafi 2911 sveitabýli haft rafmagn frá almenningsrafveitum hér á landi. Flest hafa þau rafmagn frá héraðsrafmagnsveitum ríkisins, en nokkuð á þriðja hundrað frá öðrum almenningsveitum. Raforkumálaskrifstofan telur einnig, að um síðustu áramót hafi um 480—490 býli haft raforku frá sérstökum vatnsaflsstöðvum. Það eru þannig um það bil 3400 sveitabýli samtals, sem nú hafa rafmagn frá samveitum eða sérstökum vatnsaflsstöðvum. Byggðar jarðir hér á landi eru nokkuð yfir 5000. Raforkumálaskrifstofan mun áætla þær tæplega 5200, en Landnám ríkisins telur, að í fardögum 1964 hafi þær verið 5362, þar af 129 býli, þar sem aðallega sé stunduð garð- og gróðurhúsarækt, alifugla- og svínarækt. Mér er ekki fyllilega ljóst, hvernig stendur á þessum mismun, sem þarna kemur fram hjá þessum tveim stofnunum. En af þessum tölum kemur þó fram, að býlin, sem eru án rafmagns, eru enn hátt á annað þúsund.

Ríkið hefur lagt fram fé á fjárlögum til nýrra raforkuframkvæmda allt síðan rafvæðing dreifbýlisins hófst fyrir rúmum 10 árum. Þessi framlög hafa gengið til héraðsrafmagnsveitna ríkisins, og til ársloka 1963 námu þau alls 97.7 millj. kr. Hæst voru þessi framlög á árunum 1957 og 1958, um 12 millj. hvort árið. Svo kom erfitt ár eitt fyrir rafveiturnar. Það var 1959. Þá var ekkert lagt til héraðsrafmagnsveitnanna úr ríkissjóði, en síðan var aftur tekin upp fjárveiting til þeirra, og á árunum 1960—1963 hafa farið 10 millj. ár hvert til héraðsrafmagnsveitnanna úr ríkissjóði. Það er því nokkru minna en árin fyrir 1959, þrátt fyrir verðfall peninganna. Hins vegar var upphæðin hækkuð nokkuð á árinu 1964 eða við afgreiðslu fjárlaga fyrir það ár. Þá var hún færð upp í 27 millj., og það var greitt úr ríkissjóði á því ári, það er mér kunnugt. En hins vegar er mér sagt á raforkumálaskrifstofunni, að það sé ekki enn fullákveðið, hvort þessi upphæð gangi öll til héraðsrafmagnsveitnanna, eins og áður var um þessar fjárveitingar til nýrra raforkuframkvæmda. Á fjárlögum ársins 1965 er einnig sama upphæð til nýrra raforkuframkvæmda og árið áður, 27 millj., en nú berast okkur slæmar fréttir frá hinu háa Alþingi, mjög slæmar fréttir. Þær eru um það, að hæstv. ríkisstj. hafi í hyggju að lækka framlög á fjárlögum til verklegra framkvæmda um 20%. Þetta er mjög slæmt, því að framlög til margra nauðsynjaframkvæmda af þessu tagi voru svo takmörkuð við afgreiðslu síðustu fjárlaga, miðað við þá miklu heildarfjárhæð, sem er á fjárlögunum, að þetta mátti ekki minna vera, og það er slæmt, ef þetta lækkar. Það kemur sér mjög illa fyrir rafmagnsveiturnar, ef þessi lækkun verður látin ná til þeirra.

Þrátt fyrir þá lækkun, sem varð á framlagi ríkisins til héraðsrafmagnsveitnanna á árunum 1959—1963, frá því, sem áður var, þá hefur býlafjöldinn, sem tengdur hefur verið árlega við samveiturnar frá upphafi verið nokkuð svipaður, ýmist á öðru eða þriðja hundraðinu ár hvert. En meira hefur verið unnið fyrir lánsfé á árunum 1959—1963 en áður vegna lægri ríkisframlaga og hækkandi fram-

kvæmdakostnaðar, og hefur það orðið til að auka rekstrarhalla rafveitnanna. Ég fékk í morgun upplýsingar hjá raforkumálastjóra, Jakob Gíslasyni, um það, hve mörg sveitabýli hefðu verið tengd við héraðsrafmagnsveitur ríkisins árið 1964, þau voru 188. Ég fékk einnig upplýst hjá honum, að um áramótin 1964—1965 hafi verið í byggingu allmargar veitur, misjafnlega langt á veg komnar, en tölu þeirra býla, sem þar um ræðir, getur raforkumálaskrifstofan ekki gefið upp. Hins vegar segir skrifstofan, að það séu um það bil 15 millj. kr., sem ráðgert sé að kosti að ljúka þeim veitum, sem átti að gera 1964 eða voru áætluð það ár, en ólokið var í árslokin, og þetta á að vinna 1965.

Héraðsrafmagnsveitur ríkisins eru sérstök deild hjá raforkumálastofnuninni með sérstakt reikningshald fyrir sig. Reikningum fyrir 1964 er enn ekki lokið, en í árslok 1963 var samanlagður rekstrarhalli hjá héraðsrafmagnsveitunum fyrir liðinn tíma, þ. e. a. s. öll árin, sem þær hafa starfað, orðinn um 25.8 millj. kr. Þá voru taldar afskriftir af eignum skuldamegin á efnahagsreikningi um 23.4 millj. kr., svo að telja má, að lítill munur hafi verið á þessu tvennu. Ég tel, að segja megi, að þrátt fyrir rekstrarhallann, sem ég nefndi, hafi efnahagur héraðsrafmagnsveitna ríkisins mátt teljast allgóður í árslok 1963, þ. e. seinasta árið, sem reikningsuppgjör er fyrir. Bókfærðar eignir þeirra þá voru um 339 millj. kr., en lán, sem á þeim hvíldu, ca. 184 millj. kr., svo að hrein eign á efnahagsreikningi þeirra er þá um 155 millj. kr.

Við fluttum till. um sama mál á síðasta þingi. Efni þeirrar till., eins og þeirrar, er hér liggur fyrir, var að skora á ríkisstj. að fela raforkumálastjóra og raforkuráði að ljúka áætlun um framhaldsframkvæmdir við rafvæðingu sveitanna, sem síðan yrði unnið að, þegar lokið væri framkvæmdum samkv. 10 ára áætluninni. Var lagt til í till. okkar í fyrra, að áætlunum þessum skyldi lokið fyrir 31. marz 1964. Þessi till., er við fluttum á síðasta þingi, kom til umræðu í Sþ. 5. febr. 1964. Í umr. um till. sagði hæstv. raforkumrh., að það mætti vænta þess, að á þessum vetri, þ. e. a. s. fyrir vorið 1964, gæti framhaldsáætlun legið fyrir og ákvörðun væri tekin um það, hvernig unnið verður eftir þeirri áætlun samkv. till. raforkuráðs og nánari athugun á þessu máli.

Sú von ráðh. rættist, að framhaldsáætlun raforkumálastjóra um rafvæðingu sveitanna var gefin út 31. marz 1964. Á þeirri áætlun var yfirlit yfir 463 býli, þar sem meðalvegalengd milli bæja var 1—1½ km, og 416 býli, þar sem meðallínulengdin var 1½—2 km milli býla. Þetta eru alls 879 býli, en lengra náði áætlunin ekki. En þó að vonir ráðh. í fyrra um það, hvenær þessu yfirliti yrði lokið, rættust, þá hefur því miður enn ekki verið gert það, sem ráðh. sagði 5. febr. í fyrra í framhaldi af þessu, að ákvörðun væri tekin um það, hvernig unnið verður eftir þeirri áætlun samkv. till. raforkuráðs og nánari athugun í þessum málum.

Næst gerist það í málinu, svo að mér sé kunnugt, að 30. júní 1964 gefur raforkumálaskrifstofan út framkvæmdaáætlun héraðsrafmagnsveitna ríkisins, sem manni skilst að sé byggð á yfirlitinu frá marz á því ári. Þessi áætlun mun aðeins hafa verið afhent raforkuráðsmönnum og að sjálfsögðu ráðh. til athugunar, en ekki birt að öðru leyti. Ég átti þess kost að sjá þessa áætlun hjá einum af raforkuráðsmönnum. Þar er gert ráð fyrir, að veitur verði lagðar til samtals 895 sveitabýla á árunum 1965—1970, að báðum meðtöldum, þ. e. a. s. á 6 árum, en síðan mun því miður ekkert hafa verið gert til ákvörðunar í málinu.

Mér er sagt, að fundur hafi verið haldinn í raforkuráði í okt. s. l., án þess að nokkuð hafi verið afráðið í þessu máli, og síðan hafi enginn fundur verið haldinn í ráðinu, fyrr en nú í marzmánuði 1965, þá var heldur engin ákvörðun tekin um þetta mál, og þetta eru alveg óvenjuleg vinnubrögð í raforkuráði. Þar hafa ætíð áður verið haldnir fundir seint á ári hverju, þar sem m. a. hafa verið gerðar samþykktir um framkvæmdir héraðsrafmagnsveitnanna. Hvað getur valdið þessum óvenjulega drætti á að ganga frá áætlunum, sem gerðar voru á miðju ári 1964? Ekki er óeðlilegt, að þetta valdi ótta hjá mönnum um það, að einhver breyting sé að gerast hjá stjórnarvöldunum, eitthvert hik hjá þeim að halda áfram við rafvæðinguna, eins og ætíð hefur þó verið rætt um og menn hafa gert sér vonir um að gert yrði.

Ég vil þó fastlega vænta þess, að svo sé ekki, en mér finnst drátturinn á málinu óeðlilegur og afleitur fyrir alla þá, sem hér eiga hlut að máli. Eins og kunnugt er, á hæstv. raforkumálaráðherra sjálfur sæti í raforkuráði og hefur því enn sterkari aðstöðu en ella að beita sér í þessu máli, og þessi dráttur, sem hér hefur á orðið, er í ósamræmi við ummæli hæstv. ráðh. í ræðu um þetta mál 5. febr. 1964. Þá sagði hann svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Það hefur verið gert ráð fyrir, að 10 ára áætlun yrði lokið á þessu ári, og þá má segja, að það sé tímabært og það sé nauðsynlegt, að framhaldsáætlunin liggi fyrir á þessu ári, til þess að unnt verði að vinna samkvæmt henni strax á árinu 1965.“

Þetta sagði hæstv. ráðh. snemma í febr. í fyrra.

Þó að samþ. verði að tengja þau býli, sem eru á áætluninni frá 30. júní 1964, við samveitur, verða enn mörg heimili rafmagnslaus. Í grg. með till. okkar er farið fram á, að gerðar verði áætlanir um, hvað kosta mundi að leggja raflínur til býla, þar sem meðalvegalengd milli bæja er í fyrsta lagi allt að 2½ km og í öðru lagi allt að 3 km. Þetta var einnig í till. okkar frá í fyrra, og var því þá vel tekið af hæstv. ráðh. Hann sagði þá, 5. febr., að hann vonaðist eftir því, að á þess-

um vetri, eins og hann orðaði það, verði tilbúið kort hjá raforkumálaskrifstofunni, sem sýni þau býli í hverju héraði, sem hugsanlega koma ekki á samveitusvæði í framhaldsáætlun, og í framhaldi af þessu sagði hann svo um okkar till. eða þennan þátt í henni: „Hins vegar ætti að vera fljótlegt og það er sjálfsagt að verða við þeirri ósk að gera sér grein fyrir því, hvað það kostaði að miða fjarlægðina við 2½—3 km. Það ætti ekki að vera svo mjög seinlegt og sízt af öllu þegar það kort, sem ég áðan nefndi, er til og bæirnir taldir þar upp.“ Ég vil því fara fram á við hæstv. ráðh., að hann láti nú gera þessa áætlun, ef það hefur ekki þegar verið gert.

Við flm. till., sem hér liggur fyrir, teljum skylt að fullnægja raforkuþörf landsmanna með línum frá samveitum, að svo miklu leyti sem frekast verður talið fært kostnaðar vegna, því að á þann hátt fá þeir langbeztu og öruggustu þjónustuna, sem unnt er að veita á þessu sviði. Þó má ljóst vera, að samveitur geta ekki náð til allra. Þá kemur næst til athugunar, hvar mögulegt er að koma upp sérstökum vatnsaflsstöðvum fyrir einstök heimili eða fleiri saman. Þær framkvæmdir er réttmætt að styðja af opinberri hálfu betur en gert hefur verið, enda ákvæði í till. okkar um það. En þar sem þessi skilyrði eru ekki fyrir hendi, verður að notast við önnur ófullkomnari úrræði, og koma þá til greina dísilstöðvar. Við leggjum til, að þeir, sem þurfa að bjargast við það, njóti a. m. k. ekki minni stuðnings af opinberri hálfu en hinir, sem fá rafmagn frá samveitum. Það er uppástunga okkar, að rafmagnsveitur ríkisins setji upp slíkar dísilstöðvar og leigi þær. Við teljum, að það sé heimild í raforkulögunum frá 1946 til að gera þetta, en þar segir svo í II. kafla, með leyfi hæstv. forseta:

„Rafmagnsveitum ríkisins er heimilt að selja raforku beint til neytenda á þeim stöðum, þar sem héraðsveitur eru ekki fyrir hendi, eða annars staðar með samþykki héraðsveitunnar.“

Þetta má telja hliðstætt því, að ríkisstofnun leigir fiskibátum talstöðvar. En hér geta auðvitað aðrar aðferðir komið til álita, ef heppilegra þætti, enda verði þær notendum rafmagnsins ekki óhagkvæmari. Hæstv. raforkumrh. minntist á þetta mál í fyrra í umr. sínum um raforkumálin þá og sagði: „Nú eru veitt lán úr raforkusjóði út á dísilstöðvar til bænda með hagkvæmum kjörum. En ég get tekið undir það með hv. frsm., að það er út af fyrir sig ekki nóg til að jafna aðstöðumuninn við þá, sem fá rafmagn frá samveitum, og það þarf að ganga lengra en gert hefur verið í jöfnunarátt hvað þetta snertir.“ Þetta sýndi, að hæstv. ráðh. var okkur sammála um þetta atriði, a. m. k. að vissu marki.

Skýrslur liggja ekki fyrir um fjölda fólks á þeim býlum, sem enn eru án raforkunnar. En ég hygg óhætt að ætla, að það sé ekki meira en 5% af heildartölu landsmanna. Það er ekki sæmilegt af okkur hinum mörgu, sem njótum nú rafmagnsins, að láta þessi 5% landsmanna verða lengi enn utan við ljósið og ylinn, sem raforkan veitir. Við eigum að veita þeim þessi mikilsverðu hlunnindi á allra næstu árum, og þetta er mjög vel framkvæmanlegt, ef nægur vilji er fyrir hendi til þess. Þetta er lítið fjárhagslegt átak fyrir þjóðina, þegar litið er á hina gífurlegu fjármunaveltu, sem nú er í þjóðfélaginu. Og ég vil leggja höfuðáherzlu á það, sem er aðalefni okkar till., að ekki verði látið dragast lengur en orðið er að taka fullnaðarákvörðun um þessa framkvæmd, ganga frá áætlun, sem síðan verði auglýst og farið eftir. Fólkið þarf að fá að vita, hvers það má vænta í þessu lífshagsmunamáli. Fái það vitneskju um það án óþarfrar tafar, að þörfum þess fyrir rafmagnið verði áreiðanlega fullnægt á allra næstu árum, og nákvæma vissu um það, hvenær þetta verði á hverju svæði, getur það forðað því, að mörg vel nothæf býli og jafnvel heil byggðarlög leggist í auðn.

Ég tel, að þetta mál, sem hér er hreyft, sé eitt af okkar stærstu málum. Ég ætla þó ekki, herra forseti, að hafa um það fleiri orð, nema sérstakt tilefni gefist. Ég sé, að það er ákveðin ein umr. um till., og samkv. venju legg ég til, að umr. verði frestað og málinu vísað til hv. allshn., og ég vil fastlega mælast til þess við hv. n., að hún afgreiði málið frá sér, þannig að það geti hlotið fullnaðarafgreiðslu, áður en þingi lýkur.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndaráliti frá minni og meiri hl. allshn., á þskj. 492 og 576, var útbýtt 21. apríl og 3. maí, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

17. Hækkun íbúðarhúsalána hjá stofnlánadeild landbúnaðarins.

Á deildafundum 30. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um hækkun íbúðarhúsalána hjá stofnlánadeild landbúnaðarins og um lækkun vaxta [87. mál] (A. 123).

Á 16. fundi í Sþ., 2. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 28. fundi í Sþ., 3. marz, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Það er alllangt síðan þessi till. var lögð fram hér

á hv. Alþ. Meginefni till. er að fara fram á það í fyrsta lagi, að þau lán, sem stofnlánadeild landbúnaðarins veitir til íbúðarhúsabygginga í sveitum, verði hækkuð úr 150 þús. kr. upp í a. m. k. 280 þús. kr. og að þessi hækkun verði látin ná til þeirra íbúðarhúsa, sem voru fullgerð á árinu 1964. Og enn fremur felur þessi till. í sér, að vextir verði lækkaðir úr 6%, sem þeir nú eru, í 3½%, eins og þeir voru fyrir 1960, er hin almenna vaxtahækkun varð í landinu, bæði á stofnlánum og yfirleitt öllum lánum.

Það þarf ekki að fjölyrða mikið um ástæðuna fyrir því, að þessi till. er flutt. Ég hygg, að hún muni vera hv. þm. fyllilega ljós. Árið 1958 er byggingarvísitalan 134, en í okt. s. l. var hún 220, þannig að rúmmetrinn í húsi kostaði 1958 1249 kr. og þar af leiðandi kostaði hús, sem var 350 m³, eins og íbúðarhús almennt munu vera til sveita, um 437 þús. kr., en sams konar hús nú, miðað við byggingarvísitölu í okt., kostar 715400 kr., eða 278250 kr. meira en sams konar hús kostaði 1958. Lánið út á þetta hús nú, sem kostar 715 þús. kr., er 150 þús., og því vantar 565 þús. kr. til þess að klára þann hlutann, sem fram yfir er. Nú er það svo, að það mun í flestum eða öllum tilfellum veitt ríkisframlag, 60 þús., til þessara íbúðarhúsabygginga, þannig að það er rúmlega ½ millj. kr., sem þá stendur eftir. Það gefur auga leið. að með svo dýrum búrekstri sem almennt er nú til sveita, hlýtur það að valda verulegri lausaskuldasöfnun hjá þeim bændum, sem standa í þessum framkvæmdum og fá ekki meira en 150 þús. kr. lán. Og við höfum nokkra reynslu fyrir því, á meðan dýrtíðin var minni í landinu, að þá söfnuðust lausaskuldir, og ég hygg, að hjá þeim, sem hafa staðið í framkvæmdum hin síðari ár, hafi orðið verulega mikil lausaskuldasöfnun, enda þótt lán hafi nokkuð hækkað miðað við það, sem áður var, en þó engan veginn, að það hafi vegið upp á móti dýrtíðarhækkuninni. Íbúðarhúsalánin þurfa því að hækka verulega frá því, sem verið hefur, og það er algert lágmark, að þau verði 280 þús. kr., og bezt, ef þau gætu orðið nokkru hærri, því að þá mundu þau nema sem næst helmingi af byggingarkostnaði með ríkisframlaginu, sem nú er veitt. Ég vona, að hv. þm. hafi það góðan skilning á þessum málum, að þeir samþykki þá till., sem hér liggur fyrir, og reyni á þann hátt að veita þá nauðsynlegu úrlausn, sem þörf er á vegna þeirra, sem þurfa að byggja í sveitum.

Ég ætla svo ekki að svo stöddu að fjölyrða meira um þetta mál, en legg til, að þessari umr. verði frestað og málinu vísað til hv. allshn.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð í tilefni af þessari till., sem ég taldi rétt að kæmu fram við upphaf umr.

Það hefur alltaf staðið til, að lán úr stofnlánadeild landbúnaðarins yrðu hækkuð hlutfallslega við lán, sem veitt eru frá húsnæðismálastjórn í kaupstöðum. Breyting í þá átt var gerð síðast, þegar íbúðalán voru hækkuð í 150 þús. kr., og þó að ekki hafi verið tekin um það formleg ákvörðun enn þá, er að sjálfsögðu gert ráð fyrir því, að íbúðalán hækki á þann veg, að bændur búi þar ekki við lakari kost en fólk í kaupstöðum, hvað þessi hlunnindi snertir eða þessa fyrirgreiðslu.

Varðandi hitt atriðið, að þetta taki til þeirra húsa, sem lokið er á árinu 1964, þori ég ekki á þessu stigi málsins að segja neitt um það efni. Mér þykir að vísu mjög ólíklegt, að það hafi verið talið fært að gera það, enda hefur ekki verið hugmyndin sú, að hækkun íbúðarlána nái til húsa, sem fullgerð eru á árinu 1964. Það hafa að vísu ekki verið settar um það reglur enn þá af húsnæðismálastjórn, hvenær hækkun lánanna skuli taka gildi. Það verður að sjálfsögðu fyrst og fremst með hús, sem byrjað er á á árinu 1965, og það hefur alltaf verið gert ráð fyrir því með íbúðarhús í sveitum, öll, sem byrjað er á á þessu ári, að hækkun lánanna nái til þeirra, en hvort að einhverju leyti verður tekið tillit til húsa, sem byrjað var á á árinu 1964, þori ég ekki um að segja á þessu stigi málsins að öðru leyti en því, að það má teljast öruggt, að hliðstæðar reglur verði látnar gilda í því efni.

Varðandi hitt atriðið, um vextina, er það að segja, að ég geri naumast ráð fyrir því, að hv. þm. geti út af fyrir sig búizt við, að það verði gerð breyting á vöxtunum, nema þá í sama mæli og gert er í sambandi við íbúðarhús í kaupstöðum, og má segja, að till. sé ekki óeðlileg, ef þannig væri á málið litið. En þó er þar um eitt atriði að ræða, sem ég er alls ekkert viss um, að bændur mundu telja sér hagkvæmt, þ. e. að taka öll þessi lán með vísitölukjörum. Ég hef átt tal um það við marga bændur, hvort þeir mundu heldur vilja njóta þeirra fríðinda að taka þessi lán með 6% vöxtum, eins og er í dag, og með föstum höfuðstól eða taka lánin með þeirri áhættu, sem gert er ráð fyrir í l. um veðdeild Landsbankans eða húsnæðismál í kaupstöðum, að vaxtafótur sé að vísu ekki nema 4%, en það sé háð að öllu leyti vísitöluákvæði og höfuðstóllinn hækki í hlutfalli við hækkaða vísitölu. Þetta tel ég a. m. k. verulega ástæðu til þess að íhuga nánar, áður en því er slegið föstu, að það sé æskilegt eða til hagsbóta fyrir bændur, að þessi leið verði farin. Ég er ekkert að segja um, nema það væri alveg eins fært að fara þá leið fjárhagslega séð fyrir stofnlánadeildina, miðað við útvegun fjár til hennar, en ég er a. m. k. þeirrar skoðunar, að það sé mjög vafasamt, að þetta væri æskilegt fyrir bændur, að þessi vaxtabreyting yrði gerð, og varðandi hina hlið málsins, að vaxtabreytingin verði gerð, án þess að því fylgi hliðstæðar kvaðir og gert er ráð fyrir með húsnæðislán í kaupstöðum, þá reikna ég naumast með, að hv. flm. geri ráð fyrir því. Það er þá spurning um heildarvaxtakerfið í sambandi við stofnlán yfirleitt, sem yrði að takast til meðferðar, en

getur ekki verið ákveðið eitt út af fyrir sig varðandi þessi einstöku lán.

Eins og menn vita, er nú veittur til íbúðarhúsa í sveitum að ég hygg yfirleitt öllum, sem byggja í sveit, 60 þús. kr. styrkur til viðbótar þessu láni, þannig að nú, eins og sakir standa, er fyrirgreiðslan hvað þetta snertir varðandi íbúðarhús í sveitum fyrir alla þá, sem fá þennan styrk, 210 þús. kr.

En ég vildi sem sagt, herra forseti, aðeins koma þessu að í þessu sambandi, sem að sjálfsögðu verður nánar rætt á sínum tíma í samráði við hæstv. landbrh. og bankaráð Búnaðarbankans, hvaða aðferðir verði hafðar varðandi ákvörðun á hækkun lánanna, en það hefur alltaf verið gengið út frá því, að sambærileg hlunnindi yrðu veitt bændum í sambandi við íbúðarhúsabyggingar og gert er ráð fyrir að veita í kaupstöðum.

Flm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Ég þakka hv. 6. þm. Norðurl. e. fyrir þær upplýsingar, sem hann hefur hér gefið um, að það hafi alltaf verið gert ráð fyrir því, að lánin vegna íbúðarhúsabygginga í sveitum hækkuðu til jafns við það, sem önnur hliðstæð lán hafa hækkað. En eins og hann upplýsti, er ekki enn þá búið að taka ákvörðun endanlega um þessa hluti, og tel ég, að það hafi dregizt allt of lengi. En ég vil ítreka það, að ég tel brýna nauðsyn á því, um leið og ég fer fram á hækkun á þessum lánum, að þá verði sú hækkun látin ná til þeirra, sem hafa verið að byggja síðustu árin. Vegna þess að dýrtíðaraukningin hefur verið það mikil í landinu, þá munar verulega mikið um það, hvort þessir menn fá aðeins 150 þús. kr. að láni eða 280 þús. kr. Á þessu er reginmunur og getur bjargað mörgum frá því að lenda í ógöngum, sem annars eru fyrir hendi.

Þá er ég hv. 6. þm. Norðurl. e. sammála um það, að ég tel ekki hyggilegt að taka upp vísitölulán í landbúnaði, a. m. k. ekki meðan sú ráðstöfun er ekki viðtækari í efnahagskerfi þjóðarinnar en nú er. En meðan allt leikur jafnlausum höndum og nú er, tel ég mjög óhyggilegt að lána þessi lán með vísitöluálagi. En ég sé heldur ekki, að það sé neitt því til fyrirstöðu, að vextirnir séu lækkaðir fyrir því, og vextir hafa verið lækkaðir almennt í landinu síðan þessi till. var borin fram. Þeir lækkuðu nú um síðustu áramót nokkuð. Og það er líka vitað mál, að bændur hér á landi búa við miklu óhagstæðari vaxtakjör við alla sína uppbyggingu en bændur nágrannaþjóðanna. Þegar verið er að bera saman verðlag á landbúnaðarafurðum hjá hinum óliku þjóðum, er sagt, að íslenzkir bændur framleiði dýrustu vöruna. En hver er ástæðan fyrir því? Er ekki ein af þeim ástæðum sú, að landbúnaðarvörur þurfa að kosta meira hér á landi en annars staðar, að ríkisvaldið gerir minna fyrir sína bændur til þess að koma til móts við þá fjárhagslega en önnur ríki hafa gert við sína bændur. Þess vegna er það, að ég tel, að vaxtalækkunin í þessu skyni eigi fullkominn rétt á sér, enda þótt lánin séu ekki lánuð út sem vísitölulán.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 29. fundi í Sþ., 4. marz, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 42 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

18. Síldarleitarskip.

Á deildafundum 8. des. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um kaup síldarleitarskipa [94. mál] (A. 140).

Á 28. fundi í Sþ., 3. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Sþ., 10. marz, var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Á þskj. 140 flytjum við 4 þm. Framsfl. svofellda till. til þál., með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að ákveða nú þegar að kaupa eða láta smíða a. m. k. tvö vel útbúin síldarleitarskip til þess að annast síldarleit allan ársins hring umhverfis landið, enn fremur að efla fjárhag síldarleitarinnar, svo að unnt verði að taka leitarskip á leigu yfir mesta annatímann á sumar- og haustsíldveiðum.“

Síldarleit á sjó hefur nú verið starfrækt um 11 ára skeið með árangri, sem alþjóð þekkir. Til þessarar nauðsynlegu starfsemi í þágu síldveiðiflotans hefur ríkisvaldið útvegað leiguskip, ekki ætíð þau sömu ár eftir ár. Síldarleitin er ákaflega mikilvæg fyrir síldveiðarnar og hefur þegar sannað ágæti sitt. Hins vegar eru þeir, sem vinna að síldarleitinni, mjög óánægðir með þær úrlausnir, sem þar eru á gerðar frá ári til árs. Bæði er, að þetta fyrirkomulag, að leigja skip yfir háannatímann og setja í þau tæki, er nokkuð dýrt, og eins hitt, sem er aðalatriðið, að það skapar þessari nauðsynlegu starfsemi ekki það öryggi, sem hún þarf að búa við, ef vel á að vera.

Okkur flm. þessarar till. sýnist því nauðsynlegt, að ríkið kaupi hentug skip til þessara nota og búi þau þeim tækjum, sem nauðsynleg eru, til þess að þau geti sinnt því verkefni, sem þeim er ætlað. Við teljum, að sæmilega væri séð fyrir þörfum síldarleitarinnar, ef tvö skip 200—300 tonna væru keypt og

þau sæmilega útbúin. Og það vill svo til, að hingað hafa verið flutt skip til landsins á undanförnum árum, þ. e. a. s. 250 lesta austurþýzku skipin, sem nokkuð hafa verið notuð í sambandi við síldarleitina og hafa sýnt sig vera mjög nothæf til þessarar starfsemi. Það er að vísu svo, að um aðalannatímann nægir e. t. v. ekki að hafa tvö skip til síldarleitar. Bæði fer veiðisvæði, sem síldin finnst á, mjög stækkandi, og eins hitt, að síldveiðiskipunum fjölgar nú ört. Þess vegna gerum við ráð fyrir, að enda þótt ríkið keypti tvö síldarleitarskip, gæti orðið nauðsynlegt að leigja til viðbótar eitt eða fleiri skip, þegar nauðsyn er mest fyrir hendi.

Við flm. þessa máls höfum flutt það, að ég held, á þrem þingum, án þess að till. hafi náð samþykki. Ég hef mælt fyrir málinu öll þau skipti, sem það hefur verið flutt, og sé því ekki ástæðu til að orðlengja það mikið núna. Ég legg því til, að málinu verði vísað til síðari umr. og hv. fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og til fjvn. með 37 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá minni hl. fjvn., á þskj. 624, var útbýtt 5. maí, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

19. Skipting landsins í fylki.

Á 17. fundi í Sþ., 9. des., var útbýtt:

Till. til þál. um skiptingu landsins í fylki, er hafi sjálfstjórn í sérmálum [35. mál] (A. 141).

Á 28 fundi í Sþ., 3. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Við hv. 3. þm. Norðurl. e. erum flm. þeirrar till., sem nú er tekin til umr. Ég ætla að hafa þann hátt, sem allmikið tíðkast, að byrja framsöguræðu á því að lesa till., með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa á árinu 1965 10 manna nefnd til þess að athuga og rannsaka, hvort ekki sé rétt að skipta landinu í fylki með sjálfstjórn í sérmálum. Komist n. að þeirri niðurstöðu, að þetta sé rétt, skal hún gera till. um fylkjaskipunina. Í fylkjunum verði fylkisþing og fylkisstjórar, er fari með sérmál fylkjanna og taki þar með við nokkru af störfum Alþingis og ríkisstj., enda verði í till. ýtarlega um það fjallað, hver sérmálin skuli vera og eftir hvaða reglum fylkið skuli fá ríkisfé til ráðstöfunar.

Fjórir nm. skulu skipaðir eftir tilnefningu þingflokkanna, einn frá hverjum flokki. Aðrir fjórir skulu skipaðir samkv. tilnefningu landsfjórðunganna, einn frá hverjum fjórðungi. Í þeim landsfjórðungum, sem hafa fjórðungssambönd og fjórðungsþing, skulu menn þessir tilnefndir af fjórðungsþingunum, en annars af sýslunefndum og bæjarstjórnum sameiginlega í fjórðungi hverjum. Reykjavík tekur ekki þátt í tilnefningu með sínum landsfjórðungi, en borgarstjórnin tilnefnir einn fulltrúa af hennar hálfu.

Félmrh. skipar tíunda manninn í n. án tilnefningar, og er hann formaður.

N. skili áliti og till. svo fljótt sem henni er unnt. Kostnaður við störf n. greiðist úr ríkissjóði."

Telja má, að öllum málsmetandi mönnum á Íslandi beri nú orðið saman um það, bæði í ræðu og riti, að ein af höfuðskyldum þjóðfélagsins sé að byggja landið allt, að því leyti sem það er byggilegt. Þetta stafar ekki af þjóðrembingi. Þessi skylda við landið er ekki metnaðarskylda einvörðungu. Þetta er fyrirhyggjuskylda þjóðar, sem vill verða langlíf í landi sínu. Þjóðin er lítil, en finnur með sér mikinn vaxtarmátt. Henni fjölgar ört. Verkleg afköst hennar vaxa þó með ári hverju miklu meira en í hlutfalli við það, sem henni fjölgar. Það er vegna síaukinnar tækni og meiri og meiri verklegrar þekkingar og kunnáttu.

Þjóðin er venjulega talin fátæk, og það er hún í samanburði við fjölda annarra þjóða, ef ekki er á það litið, að hún á stórt og að ýmsu leyti gjöfult land og umhverfis það land ein af beztu fiskimiðum heims. Hún er fátæk af gulli, og mannvirki hefur hún ekki fengið í arf frá fyrri öldum, er spari henni verulega erfiði við uppbyggingu, eins og margar aðrar þjóðir njóta í stórum stíl. En hið viðáttumikla land hennar er mikill framtíðarauður ásamt fiskimiðunum.

Einmitt vegna þessa auðs getur þjóðin vaxið og vænzt þess að verða langlíf í landinu. Þessi tegund þjóðarauðs, landrýmið og fiskimiðin, eru henni dýrmæt framtíðartrygging, sem margar þjóðir skortir heima fyrir hjá sér og bera af þeirri ástæðu kvíðboga fyrir framtíð sinni.

Segja má, að íslenzku þjóðinni, sem ekki nær einu sinni 200 þús. manna, væri miklu tilkostnaðarminna að sitja landið þéttara en hún situr það nú. En hvað sem slíkri augnablikshagfræði líður, verður hitt þó meira um vert fyrir þjóðfélagið, að halda landinu öllu í byggð handa komandi kynslóðum, sem verða alltaf fjölmennari og fjölmennari og væntanlega líka umsvifameiri.

Við deyjum. Einstaklingurinn deyr. En þjóðfélagið lifir. Þetta málefni er að litlu leyti einstaklingsmál. Þetta er málefni hins varanlega þjóðfélags. Á það ber að líta með þeim skilningi.

Skyldan til að halda landinu öllu í byggð er þjóðfélagsleg fyrirhyggjuskylda. Einstaklingar geta smeygt sér undan þeirri skyldu,

án þess að skinn þeirra sjálfra saki, af því að einstaklingurinn er skammlífur, en þjóðfélagið getur það ekki án saka, af því að það er langlíft.

Löggjafarsamkoma þjóðfélagsins verður að líta á sig sem forsjá hins langlífa þjóðfélags í þessum efnum. Alþingi er skylt að hafa vakandi auga með því, að jafnvægi haldist í byggð landsins, að einstaklingar hafi ekki almennt ástæðu til eða hagnað af því að hópast á sum landshorn og yfirgefa önnur, vegna þess að þjóðfélagið búi betur að þeim á einum stað en öðrum, þegar á allt er litið. Þvert á móti verður að gæta þess að jafna lífsskilyrði fólksins í landshlutunum, til þess að hið byggilega landssvæði fari ekki í eyði.

Allmikið hefur verið gert af ríkisins hálfu til að vinna gegn efnahagslegu ójafnvægi milli landshluta, en þó langtum minna en þurft hefði. Mikilsvert er, hve margt leiðandi manna virðist vera að fá sýn í þessum málum, og oft er það, sem heyra má nú orðið öll aðalblöð landsins styðja þá skoðun, að landið þurfi allt að vera í byggð.

En málið er ekki einfalt, heldur margslungið. Nauðsynlegt er að stofna jafnvægissjóð, eins og lagt er til í frv., sem fyrir þessu Alþ. liggur, til þess að jafna efnahagsaðstöðuna í landinu, eftir því sem unnt er. En það er samt ekki nóg að gera það. Maðurinn lifir ekki af einu saman brauði, þótt hann þurfi óhjákvæmilega brauðsins með. Ein af meginundirstöðum byggðajafnvægis eða landshlutajafnvægis verður auðvitað að vera efnahagsjafnvægi. Það má ekki vanrækja. En einnig þarf fræðslu- og menntajafnvægi. Og svo þarf sem mest valdajafnvægi. Óhætt mun að fullyrða, að valdajafnvægi leiðir af sér annað jafnvægi. Valdajafnvæginu fylgir jafnrétti og hinn mikilsverði sjálfsákvörðunarréttur og sjálfsábyrgð allra og sjálfsábyrgðarmeðvitund. Valdajafnvæginu má líkja við hringinn Draupni, sem af drjúpa aðrir hringar jafnhöfgir níundu hverja nótt.

Till. sú til þál., sem við hv. 3. þm. Norðurl. e. flytjum á þskj. 141 um rækilega athugun á því, hvort ekki sé ráðlegt að skipta landinu í fylki, er hafi sjálfstjórn í sérmálum, miðast við það, að nauðsynlegt sé að auka valdajafnvægi frá því, sem nú er, til þess að byggðajafnvægi náist betur en ella, nefnilega heimastjórn í landshlutum, dreifa ríkisvaldinu eins mikið og hægt er, án þess að nauðsynlegur styrkleiki ríkisheildarinnar bíði tjón af því. Það má auðvitað ekki ske, að ríkisheildin missi nauðsynlegan styrkleika. En staðreynd er, að ríkisheildin, m. ö. o. þjóðfélagið, hefur um skeið veiklazt fyrir of mikinn samdrátt valds. Enginn líkami þolir mikið misræmi í blóðrás. Handleggur visnar, ef hann skortir blóð, og of mikil blóðrás til höfuðsins veldur líka veikindum. Hliðstæða við þess konar blóðrásartruflun hefur verið að gerast í búsetumálum þjóðfélags okkar á undanförnum árum. Skýrslur sýna, að á tímabilinu 1951—1963 fjölgaði þjóðinni um 27%, eða um 40372 menn og konur. En af þessari fjölgun var fjölgunin á Reykjavíkursvæðinu eða öðru nafni Faxaflóasvæðinu 33258 eða um 82% allrar fjölgunarinnar. Svona mikil er blóðsóknin til höfuðsins.

Ýmsir gizka á, að um næstu aldamót verði þjóðin orðin helmingi fjölmennari en hún er um þetta leyti. Lauslega reiknað mundu þá með sömu þróun og var 1951—1963 150—160 þús. manns bætast við á Reykjavíkursvæðinu, en aðeins 30—40 þús. á öllu landinu utan þess svæðis, og þá er þó lítið reiknað með því, sem slík skriða kann að taka með sér í fallinu til viðbótar hlutfallinu á svo löngum tíma, ef hún er ekki hindruð.

Oft og réttilega er til þess vitnað, að framleiðslan sé undirstaða efnahagslífsins og gjaldeyrisframleiðslan þá ekki sízt. Samkv. Hagtíðindum var sjávarafli þjóðarinnar 1962 711 þús. tonn. Þar af bárust á land á Faxaflóasvæðinu 181 þús. tonn eða um 25% aflamagnsins. Heildaraflinn gerði nálega 4 tonn á hvert mannsbarn í landinu, en aflinn, sem kom á land á Faxaflóasvæðinu, gerði ekki nema um það bil 1.7 tonn á hvert mannsbarn þar. Þetta segir sína sögu. Landbúnaðarframleiðslan mun að sjálfsögðu vera enn þá óhagstæðari Faxaflóasvæðinu, eins og eðlilegt er. Iðnaðurinn er aftur á móti hagstæðari þessum landshluta, enda fylgir hann fast eftir fjölmenninu vegna viðskiptanna við það. Eftir manntali 1962 stunduðu þá fiskveiðar, fiskvinnslu og landbúnað 29.6% af þjóðinni, húsbyggingar og annan iðnað 23.3%, en millilíðastarfsemi, verzlun og alls konar þjónustu, þar með í þágu hins opinbera, stunduðu 41.6% eða rúmlega ⅔ hlutar þjóðarinnar. Að sjálfsögðu voru þessir rúmlega ⅔ mannfólksins, sem þjónustu- og millilíðastörfin unnu, að miklum meiri hluta á höfuðborgarsvæðinu.

Út úr þessu má lesa, að það eru alls konar þjónustustörf og millilíðastarfsemi, sem dregur fólkið sterklegast til sín og hefur hlutfallslega mest áhrif á staðarval þess til búsetu. Í þessum hópi er allt það fólk, sem hefur með höndum fyrir ríkið störf, sem vald fylgir, og einmitt umhverfis valdastöðvarnar skipar sér fjölmenni til þjónustu, bæði almennrar og sérfræðilegrar þjónustu. Allt slíkt hleður utan á sig, eftir því sem þjóðfélagið lætur fleira og meira til sín taka. Sætleiki þess að hafa vald eða njóta þess sem einhvers konar handhafi er mannlegum smekk yfirleitt geðfellt og dregur sterklega til sín.

Af framansögðu má ljóst vera, að ekki er einhlítt til byggðajafnvægis að efla framleiðslu landshluta, sem eiga í vök að verjast vegna fólksfækkunar, beinnar eða hlutfallslegrar. Auðvitað er sjálfsagt að gera það og jafna efnahagsaðstöðuna, eftir því sem frekast er unnt. En jafnframt þarf að efla heimastjórn landshlutanna og valdajafnvægi í landinu.

Norðmenn hafa þjóða mest lagt á sig til þess að efla byggðajafnvægi hjá sér, eins og kunnugt er, enda er land þeirra af náttúrunnar hendi með sundurleitum aðstæðum til

búsetu og byggðir þess með misjafnlega torsóttum gæðum ekki síður en byggðarlög okkar lands. Norðmenn telja, að frumskilyrði til hagnýtingar náttúrugæða Noregs og til velfarnaðar þjóðfélags síns til frambúðar sé, að landið sé allt byggt og fólkið búi í öllum landshlutum við jafnrétti í lífsbaráttu sinni. Þeir hafa verið á undanförnum árum mjög athafnasamir í þessum efnum og varið stórkostlegum fjárhæðum af ríkisfé til eflingar atvinnulífs og til menningarstofnana úti um landið. Sérstök ríkisstofnun hefur haft það uppbyggingarstarf með höndum í samvinnu og samráði við fylkisþing og fylkisstjórnir á hverjum stað. Í Noregi er nefnilega fylkjaskipun. Þar eru 20 fylki, sem ná samanlagt yfir allt landið. Þar af eru tvö svonefnd borgarfylki: Osló, Bergen. Hin 18 fylkin taka yfir öll sveitarfélög, þ. e. a. s. kaupstaði og hreppsfélög, innan fylkisins. Áður fyrr voru kaupstaðirnir ekki í fylkjunum, heldur aðeins hreppsfélögin.

Það er hlutverk fylkisins að annast þau málefni, sem talizt geta sameiginleg fyrir öll eða mörg sveitarfélög í fylkinu og engu einu svitarfélagi ber sérstaklega að sjá um, svo og að standa undir kostnaði við þær sameiginlegu framkvæmdir. Fylkisþingið sitja oddvitar og bæjarstjórar, forsetar sveitarstjórnanna í fylkinu, en fylkismaðurinn, sem er formaður þess, er ríkisskipaður embættismaður. Með honum starfar föst nefnd, fylkisnefndin. Fylkismaðurinn á sæti á fylkisþinginu með málfrelsi, en hefur þar ekki atkvæðisrétt. Þingið kýs sér sjálft forseta og varaforseta. Þing eru einu sinni á ári, fylkisnefndin er skipuð 5 mönnum, fylkismanninum og 4 fylkisþm., sem kosnir eru til tveggja ára í einu. Ríkið greiðir laun fylkismannsins og tekur þátt í skrifstofukostnaði fylkisins að sínum hluta.

Geta má þess einnig, að í Svíþjóð er hliðstætt skipulag. Þar eru lénin. Landinu er skipt í 24 lén, en auk þeirra er Stokkhólmur, sem engu léni tilheyrir, en hefur sérstaka yfirstjórn sambærilega lénsfyrirkomulaginu og nefnist yfirlandshöfðingjaumdæmi. Svarar Stokkhólmur þannig til borgarfylkjanna í Noregi. Umdæmin í Svíþjóð eru þannig 25. Í hverju léni er lénsstjórn, og er lénshöfðinginn formaður hennar, en aðrir í þeirri stjórn eru tveir ríkisembættismenn, lénsritari og lénsgjaldkeri. Aðrir háttsettir embættismenn lénsins geta einnig átt þar sæti. Lénsstjórnin er þannig ekki kosin af fólkinu, heldur mynduð af ríkisembættismönnum. Í hverju léni, að Stokkhólmi undanskildum, eru öll þau sveitarfélög, borgir, bæir, kauptún og sveitir, sem í umdæminu eru. Við hlið lénsstjórnarinnar er í hverju léni landsþingið. Það er skipað ákveðinni tölu fulltrúa, sem kosnir eru hlutfallskosningu til fjögurra ára í einu. Landsþingið fer með hin sameiginlegu mál lénsins, líkt og fylkisþingin í Noregi. Kosningarrétt til landsþings hafa allir, sem kosningarrétt hafa til sveitarstjórna í umdæminu. Við kosningu til landsþings er léninu skipt niður í kjördæmi, og má í engu kjördæmi kjósa færri menn en 7 og í engu fleiri en 13. Landshöfðingi skiptir umdæminu í kjördæmi. Formaður og varaformaður landsþings eru kjörnir til eins árs í senn. Landshöfðinginn hefur málfrelsi og tillögurétt á landsþingum, en ekki atkvæðisrétt. Lénsstjórnin sér um allar framkvæmdir á vegum landsþingsins.

Þessi skipan í fylki og lén er, að því er Norðmenn og Svíar telja, mikilsverð til valdajafnvægis í löndum þeirra og um leið til landshlutajafnvægis.

Enginn vafi er á því, að við getum lært mikið af öðrum þjóðum, að því er snertir úrræði í búsetuvandamálum, og þá ekki sízt af Norðmönnum. Kemur þá að mínu áliti fyrst og fremst til greina að athuga mjög rækilega, hvort við eigum ekki að taka upp fylkjaskipun í líkingu við þá, sem Norðmenn hafa hjá sér. Í orustu hefur ætíð þótt mikilsvert að fylkja liði rétt, og sömu lögmál gilda í þessum lífsbaráttumálum. Þjóðfélagið þarf að skipa sér niður um landið allt í sigurvænlegar lífsbaráttufylkingar undir sérstjórn á tilteknum svæðum, en að sjálfsögðu samstilltar þó og undir einni yfirstjórn, stjórn ríkisins. Eftir því sem samfélagið verður fjölbreyttara og gripur meira inn í líf borgaranna hvers og eins, er meiri þörf góðrar skipulagningar innan þjóðfélagsins, enda þá um leið meiru hægt að kosta til hennar en áður var. Sveitarfélagaskipulagið eitt saman, þ. e. hreppar, kaupstaðir og sýslur, virðist ekki geta, eins og nú er komið, verið þær undirstöður, er þoli yfirbyggingu þjóðfélagsins í stíl nútímans. Menn segja stundum eitthvað á þá leið, að þjóðin sé svo fámenn, að hún eigi að geta komizt af með einfaldara þjóðfélagskerfi en stærri þjóðir. Þótt í þessu sé nokkur sannleikur, er hann ekki yfirtækur eða haldgóður. Landið er stórt og með sundurleitum lífsskilyrðum fyrir íbúana. Atvinnulíf hinna ýmsu landshluta, t. d. í sjávarútvegi, fellur ekki á sömu árstíðir, og togast þetta á. Síldveiðarnar gefa stundum happdrættislega vinninga, sem yfirbjóða allt og valda óráðslegu losi í þjóðlífinu. Fyrir bragðið þarf meiri stjórnarfarslegar festingar, ef svo má að orði komast. Sundurleit byggðasvæði hafa sundurleitra sjónarmiða að gæta. Þau þarfnast hvert hjá sér sterkra, ábyrgra heimastjórna, sem eru öllum hnútum kunnugar. Við, sem að till. þessari stöndum, viljum, að athugað sé, hvort ekki sé skynsamlegt að taka upp fylkjaskipun með fylkisstjóra í hverju fylki, sem sé framkvæmdastjóri eða oddviti svæðisins. Hann sé kosinn eða ráðinn af fylkisþingi, sem háð sé einu sinni á ári, og til þess sé kosið eftir föstum reglum í fylkinu. Alþingi veiti fylkisþingunum rétt til ákvörðunar, hverju á sínu svæði, í ýmsum málaflokkum, svo sem skólamálum, hafnarmálum, vegamálum, rafmagnsmálum, tryggingamálum, skipulagsmálum. Alþingi fái þeim ríkisfé til ráðstöfunar í sambandi við þessa

málaflokka og einhvern álögurétt ef til vill líka.

Máske segir nú einhver: En góði maður, eykur þetta ekki skriffinnskuna, fjölgar þetta ekki þeim, sem ríkið þarf til þjónustu? Ef til vill. En að mínu áliti þarf það ekki að verða að óþörfu með þessum hætti. Hitt virðist mér augljóst, að ríkisstjórnunarbáknið vex hvort sem er, og vaxi það í því formi, sem það er, verði því ekki plantað út frá höfuðborginni meira en áður, þá notast það illa eða takmarkað til góðra þrifa. Lítill vafi er á því, að um leið og fylkin taka að sér að meira eða minna leyti framkvæmdavald, sem nú er að öllu leyti hjá ríkisstarfsmönnum í Reykjavík, þá ætti að vera hægt að létta þar með tilkostnaði í Reykjavík, flytja starfskraftana, sem þar hafa setið, út í fylkin, eða a. m. k. komast hjá aukningunni, sem annars vofir yfir ár frá ári hjá hlutaðeigandi stjórnunarstofnunum í höfuðborginni. Sérfræðin flyzt út í fylkin, landsbyggðin hættir að þurfa að senda sendinefndir í jafnríkum mæli á fund hennar til höfuðstaðarins. Það er líka dýrt í dag og mikill sparnaður að létta því að miklu leyti af að senda sendinefndirnar á fund valdsmanna ríkisins í Reykjavík og sérþekkingarmanna, sem valdastöðvarnar þar hafa í þjónustu sinni fyrir landið. Og sérfræðin notast betur, þegar sérfræðingarnir verða heimamenn í fylkjunum. Þá öðlast þeir kunnugleika heimamannsins á verkefnunum og ábyrgðartilfinningu heimamanna líka. Nú er ástandið þannig, að fulltrúar koma endrum og eins út á land frá stjórnunarstöðvunum í höfuðborginni til að athuga verkefni þar og til skrafs og ráðagerða við sveitarstjórnir, en venjulega eru þeir að flýta sér miklu meira en góðu hófi gegnir til að komast aftur heim. Ég segi þetta ekki sem persónulegt álas í garð þeirra, sem þessum störfum sinna nú. Lífið er svona í þeim stakki, sem því er sniðinn hjá okkur í dag. Vitanlega verður að leggja alúð við að haga þannig skipan mála, að fylkjastarfsemin verði að svo miklu leyti sem unnt er vinnuhagræðing frá því, sem nú er. Og það á hún að geta orðið, ef forsvaranlega er á málum haldið.

Í grg. till. bendum við flm. á, að landinu var í fornöld skipt í fjórðunga, og rök fyrir þeirri skiptingu voru, eins og Íslendingabók segir frá þeim, að ýmsu leyti miðuð við að ráða bót á svipuðum vandkvæðum og fylkjaskipuninni er ætlað að gera. Hið forna íslenzka lýðveldi hrundi, fjórðungaskiptin voru lögð niður með upptöku og þróun annarrar stjórnskipunar. Tungan geymdi þau að ýmsu og hefur haldið þeim að nokkru við í vitund þjóðarinnar. Við tölum enn um landsfjórðunga að nokkru leyti eins og sjálfstæðar heildir.

Nú er það síður en svo, að lögmál í okkar veltigjörnu veröld sé það, að það, sem á löngu liðnum dögum gegndi vel, eigi alltaf við. Þess vegna er hægt að segja, að fjórðungaskiptin gömlu þurfi ekki að vera meðmæli með því að taka upp áþekka skipan á Íslandi nú. Hins vegar er alltaf ástæða til þess að líta til sögunnar. Íslendingar hafa endurreist lýðveldi sitt. Er ekki einmitt sennilegt, að það stjórnarform kalli eftir svipaðri dreifingu valds og áður átti sér stað, meðan lýðveldi var í landinu? Er ekki einmitt hæfileg dreifing valds grundvöllur hins sanna lýðræðis, en samdráttur valds á fárra hendur háski þess? Sjást þess þá nokkur merki, að með endurreisn lýðveldisins hafi viljað koma fram aftur skipting landsins í fjórðunga eða hliðstæðar sérstöðuheildir? Þeirri spurningu ber hiklaust að svara játandi. Fólkið í landshlutunum hefur gert tilraunir til þess að mynda samtakaheildir. Fjórðungssamböndin á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi eru slíkar tilraunir. Þessi fjórðungssambönd eru greinilegir vottar þess, að íbúar þessara landshluta finna til landfræðilegrar og þjóðfélagslegrar samtakaþarfar innbyrðis. Fjórðungssamböndin halda fulltrúasamkomur eða þing, er ræða málefni síns landshluta og almenn málefni, er snerta hann mikið, og álykta um þau. Hins vegar vantar þessi samtök allt þjóðfélagslegt vald, en þau hafa undirbúið jarðveg fyrir fylkjaskipun og sýna, hvað vill spretta.

Fyrir meira en hálfum öðrum áratug gerðu fjórðungssamböndin tillögur um að skipta landinu í 5—6 fylki og gáfu þær tillögur út á prenti með allýtarlegri grg. Inn í þær till. voru fléttaðar tillögur um breytingar á kosningum til Alþingis og um breytingar á forsetaembættinu. Þessar tillögur fjórðungssambandanna áttu mikinn hljómgrunn úti um land a. m. k., en undir þær var ekki tekið af stjórnvöldum landsins, heldur goldin þögn við þeim.

Við, sem flytjum till. á þskj. 141 um nefndarskipun til þess að athuga rækilega, hvort ekki sé rétt að skipta landinu í fylki, blöndum ekki inn í þá hugmynd neinum breytingum á kosningum til Alþingis eða valdi forseta ríkisins. Fylkjaskipun er að okkar áliti nauðsynleg ein út af fyrir sig. Við tölum um fylki, af því að það orð er fornnorrænt og hefur allhefðbundna merkingu. Hins vegar er heitið ekkert aðalatriði, í mínum huga a. m. k. Aðalatriðið er, að komið verði upp formlegum, nægilega sterkum samtakaheildum, sem hafi að lögum skýrt afmörkuð réttindi og skyldur innan þjóðfélagsins og ábyrgð á sjálfum sér, er þær verði að gera sér grein fyrir.

Augljóst er, að hér á hv. Alþingi býr fleirum svipað í hug og okkur flm. þessarar till. Till. á þskj. 66 frá Lúðvík Jósefssyni, Ragnari Arnalds og Arnóri Sigurjónssyni um dreifingu framkvæmdavalds og eflingu á sjálfstjórn héraða er að mínu áliti góð till., það sem hún nær, ágæt tillaga og gengur í sömu átt og okkar till. En ég tel hana samt ekki nógu ákveðna. Hún felur í sér nokkuð almennt tal um dreifingu valdsins, en er ekki nógu róttæk, ef svo má segja, að mínu áliti,

fyrirmæli hennar ekki nógu ákveðin um form, sem alltaf þarf að hafa á þessum hlutum. Allt það, sem hún talar um athugun á, er í leiðinni við athugun fylkjaskipunarinnar. Nefndin, sem við stingum upp á að skipuð verði, gerir þær athuganir, er till. þremenninganna ætlast til að gerðar verði, og auk þess miklu meira. Það, sem gera þarf, til þess að dreifing framkvæmdavaldsins takist, svo að verulegu gagni komi, er að skipa landinu með löggjöf í sterkar samtakaheildir, hæfilega stórar, er sæki rétt sinn og haldi uppi hjá sér ákveðinni, skipulegri og ábyrgri sjálfstjórn á þeim sviðum, sem löggjöfin markar þeim. Fylkin eru hugsuð af okkur flm. að þessari till. sem slíkar heildir. Þau eru traustar bindihleðslur í þjóðfélagsbyggingunni og mikill styrkur raunverulegu lýðræði.

Þáltill. á þskj. 227, sem Unnar Stefánsson og Benedikt Gröndal flytja um sameiningu sveitarfélaga, og önnur till. á þskj. 229, sem Unnar Stefánsson og Jón Þorsteinsson flytja, um svæðaskiptingu, eru báðar vottar um, að menn telja skipulagslegra breytinga þörf í byggðamálunum, og þær eru stuðningur við þá skoðun, að hér þurfi athafna með. Þær eru einmitt innan þess sviðs, sem fylkjaskipunartill. ætlast til að kannað verði af nefnd, sem þannig sé skipuð, að ætla megi, að hún taki hlutverk sitt fullkomlega alvarlega. Í nefndinni leggjum við til, að eigi sæti 10 menn, sem ríkisstj. skipi, 9 nefndarmennirnir verði tilnefndir af öðrum, en einn, sem verði formaður, án tilnefningar. Þingflokkarnir tilnefni einn mann hver, aðrir fjórir verði tilnefndir af fjórðungssamböndunum eða, þar sem þau eru ekki, af þeim aðilum, sem kjósa fulltrúa til fjórðungsþinga. Þá tilnefni höfuðborgin sinn fulltrúa. Teljum við flm., að með þessari skipan verði vel fyrir því séð, að öll nauðsynleg sjónarmið komi fram í nefndinni og málið fái athugun eins og vert er.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að till. þessari verði að lokinni þessari umr. vísað til síðari umr. og hv. fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 29. fundi í Sþ., 4. marz, var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv. og til fjvn. með 46 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

20. Lánveitingar til íbúðabygginga.

Á deildafundum 10. des. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um endurskoðun l. um lánveitingar til íbúðabygginga [99. mál] (A. 145).

Á 36. fundi í Sþ., 31. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Sþ., 7. apríl, var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Þessi þáltill. kemur nokkuð seint til umr. hér á hv. Alþ., enda hefur jafnan verið þröngt á dagskrá Sþ., og er auðvitað ekkert við því að segja, en till., sem er á þskj. 145, var borin fram á öndverðu þessu þingi og er núna fyrst að koma til fyrri umr., þegar aðeins eru nokkrar vikur til þingloka. Ég segi þetta ekki í aðfinnsluskyni, heldur aðeins til þess að benda á, að svona meðferð mála er nokkuð seinvirk og nauðsyn að mínum dómi á því að reyna að hraða störfum eftir föngum.

Ég mun í örstuttu máli leyfa mér að gera grein fyrir efni þessarar till. og fara um hana nokkrum orðum.

Till. er um það, að Alþ. kjósi 7 manna nefnd til þess að endurskoða öll gildandi lög um lánveitingar til íbúðabygginga í landinu, og n. er ætlað að gera till. að nýrri löggjöf í þessu efni, sem hafi þessi markmið, eins og hér er talið: að auka lánveitingar til bygginga nýrra íbúða, svo að unnt verði að lána til hverrar íbúðar af hóflegri stærð, hvar sem er á landinu, ⅔ hluta af byggingarkostnaði; að jafna aðstöðu manna til lánsfjár þannig, að heildarlán geti orðið svipuð til hvers manns miðað við sömu stærð íbúðar, hver sem hann er og hvar sem hann býr; að greiða fyrir mönnum með lánveitingum til að endurbæta íbúðir, svo og kaupa íbúðir til eigin nota; að lækka byggingarkostnaðinn í landinu; og að bæjar- og sveitarfélög byggi íbúðir til að leigja húsnæðislausu fólki.

Hér virðist vera um nokkuð sjálfsagða hluti að ræða. Þó hefur sams konar till. verið flutt æði oft hér án þess að finna náð fyrir augum hv. alþm. Það mun þó ekki vera vegna þess, að nokkur dragi í efa mikilvægi þess að koma húsnæðismálunum í viðunandi horf, því að þýðing þeirra fyrir efnahagslífið er hverjum manni ljós.

Allir þurfa á húsnæði að halda, alveg eins og fæði og klæðum, og það er skylda ríkisvaldsins — og enda viðurkennt — að auðvelda mönnum að eignast þak yfir höfuðið og að sú skylda sé engu minni en hin, að halda uppi nægilegri atvinnu og viðunandi lífskjörum að öðru leyti. Lágmarkslaunin hljóta alltaf að miðast við þessar frumþarfir, og þess vegna verða þau að standa undir húsnæðiskostnaðinum eins og öðrum kostnaði við það að vera til, og þannig vefst hinn hái

húsnæðiskostnaður inn í allt efnahagslífið og er ein aðalundirrót þess, hversu kaupgjaldið þarf að vera hátt og hversu vandasamt það er að halda sæmilegum vinnufriði í landinu. Þess vegna ætti ekki að þurfa um það að fjölyrða, hver nauðsyn er á lagfæringum á húsnæðismálunum, enda er það, eins og ég áðan sagði, út af fyrir sig ekki dregið í efa.

Síðan þessi till. var borin fram hér í byrjun þings, hafa úrræði hæstv. ríkisstj. í þessum þýðingarmiklu málum verið lögð fram á Alþ. í samræmi við og til uppfyllingar á loforðum, sem gefin voru í sambandi við hið svonefnda júnísamkomulag, sem gert var í júní í fyrra milli verkalýðsfélaganna, atvinnurekendanna og ríkisstj. Ég tel því, að það sé eðlilegt að skoða till. með hliðsjón af því, sem síðan hefur verið undirbúið og lagt fram í frv.-formi, og þess vegna mun ég leyfa mér að víkja að frv. um húsnæðismálastofnun ríkisins með örfáum orðum, enda þótt það sem slíkt sé ekki hér til umr. nema að því leyti, eins og ég áðan sagði, hvað það snertir þetta mál.

Mér sýnist við þann yfirlestur, sem ég hef haft tækifæri til þess að gera á frv., að það sé að meginuppbyggingu til eins og lög um sama efni frá 27. maí 1957, en að sjálfsögðu hefur frv. að geyma hækkun á öllum fjárupphæðum, sem þar eru nefndar, enda hefur dýrtíðin aukizt svo hér á undanförnum árum, að byggingarkostnaðurinn hefur því sem næst tvöfaldazt frá því í okt. 1958 og alveg tvöfaldazt frá því í febr. það ár.

Sú upphæð, sem gert er ráð fyrir að lánin geti numið, er nú 280 þús., en í gildandi l. er upphæðin 150 þús. Þegar athugað er, hversu lánin hrökkva langt, verður auðvitað að gera sér grein fyrir því, hvað það kostar að byggja meðalíbúð. Efnahagsstofnunin reiknar með 375 teningsmetra íbúð sem meðalíbúð, segir, að það sé meðaltal íbúða, sem byggt hefur verið hér síðast liðin ár, og samkv. byggingarkostnaðinum, sem hagstofan reiknar út, kostar slík íbúð nú 827 þús. kr. Jafnstór íbúð kostaði, miðað við sama mælikvarða, í júní 1958 430 þús. kr. Hækkanirnar hafa orðið á tímabilinu nærri tvöföldun, eins og ég áðan sagði, og þær hafa gerzt á þann hátt, sem hér segir, að frá júní 1958 til júní 1959 var hækkunin 29700 kr., frá 1959—60 57700 kr., frá 1960—61 14700 kr., frá 1961—62 79800 kr., frá 1962—63 25900 kr., frá 1963—64 122200 kr. og frá því í júní 1964 og þar til í febr. 1965, en lengra ná upplýsingar ekki, er hækkunin 65 þús. kr., þannig að samanlögð hækkun á öllu tímabilinu er þá 397 þús. kr. Þannig er sýnilegt, að þó að lánin hækki nú um 130 þús. kr., dugir það ekki nema fyrir þeirri hækkun, sem orðið hefur á byggingarkostnaðinum á meðalíbúð síðan í okt. 1963, eða fyrir réttu 1½ ári. Sá, sem byrjar í dag á byggingu meðalíbúðar, 375 teningsmetra íbúðar, og þó að hann mætti eiga það víst, að hann kláraði hana fyrir það verð, sem nú kostar að byggja teningsmetrann, þ. e. a. s. þó að engin hækkun komi til, og þó að reiknað sé með nýju lánsfjárhæðinni, 280 þús. kr., þarf hann samt að leggja fram úr eigin vasa 547 þús. kr., og þá getur hver og einn gert sér það í hugarlund, hversu auðvelt það muni vera í mörgum tilfellum og sýnilega útilokað fyrir ungt fólk, sem er að byrja búskap, að ráðast í slíkar stórframkvæmdir. Ég held því, að þrátt fyrir þá lagfæringu, — og ég vil undirstrika það, að vissulega er hér um lagfæringu að ræða, en þrátt fyrir hana vantar þó verulega á, að við séum búnir að koma húsnæðismálunum í viðunandi horf, þó að frv. um húsnæðismálastofnunina, sem hér liggur til umr. fyrir hv. Alþ., verði samþykkt.

En fleira kemur hér til athugunar. Það er út af fyrir sig góðra gjalda vert og sjálfsagt, að ríkisvaldið sjái um það, að hæfilegt lánsfjármagn sé jafnan fyrir hendi í þessu skyni. Þó er það kannske ekki, þegar allt kemur til alls, aðalatriði málsins, heldur hitt, að unnið sé þannig að málum, að þjóðfélagið fái sem allra mest út úr því vissulega verulega fjármagni, sem ár hvert er, þrátt fyrir allt, varið til íbúðabygginga. Þess vegna tel ég, að það þurfi að leggja höfuðáherzlu á það að lækka byggingarkostnaðinn, og einn hluti af þeirri þáltill., sem hér er til umr., fjallar einmitt um það.

Í 3. gr. frv. til l. um húsnæðismálastofnun ríkisins eru margvíslegar ábendingar um það, hvað húsnæðismálastjórn skuli gera í því skyni að lækka byggingarkostnaðinn. Við lauslegan samanburð sýnist mér, að þessi gr. sé orði til orðs samhljóða 2. gr. l. um húsnæðismálastofnunina, sem verið hafa í gildi allt frá árinu 1957, og ég sé ekki, að í frv. hæstv. ríkisstj. séu nein ákvæði, sem tryggi það, að betur verði á haldið framkvæmd þessara mála hér eftir en hingað til. Ef þau finnast í frv., hef ég ekki komið auga á þau.

Það má kannske segja, að það sé ekki aðalatriðið að hafa skýr lagaákvæði um þetta efni eða að þau skorti nú. Hitt er aðalatriðið, að það hefur ekki tekizt að framkvæma þau fyrirmæli, sem hér er um að ræða. Ég geri ráð fyrir því, að það sé í og með og kannske fyrst og fremst vegna skorts á fjármagni, að þeim, sem stjórna húsnæðismálunum hér, hafi þótt biðlistinn svo langur og erfiðleikar fólksins svo miklir, að þeir hafi ekki tímt að sjá af því fjármagni, sem stofnunin hafði til umráða, til þess að framkvæma 2. gr. l., sem nú verður 3. gr., eins og vert væri, eða verja til þess fjármagni, og þessa afstöðu get ég út af fyrir sig afskaplega vel skilið og dettur ekki í hug að gagnrýna. En ég hefði talið, að í lögin þyrfti að taka upp beina fjárveitingu í þessu skyni. Það hefur sýnt sig, að ákvæðin, sem búin eru að vera í lögum í 8 ár, hafa ekki náð tilætluðum árangri, og ég ímynda mér og þykist raunar vita, að það sé fjármagnsskorturinn, sem því veldur, því að ekki dettur mér í hug að ætla, að hv. meðlimir húsnæðismálastjórnar hafi

ekki fullan hug á því að vinna að þessu máli eins og þeirra geta frekast leyfir.

Í 3. gr. er talað um ýmsar umbætur á byggingarmálunum og bent á úrræði. Því miður finnst mér um sum þeirra a. m. k. gilda það sama og um byggingarkostnaðinn, að árangurinn af því erfiði hafi oft orðið býsna lítill. T. d. er talað um það í 10. tl., að húsnæðismálastjórn eigi að beita sér fyrir því, að úthlutun lóða tefji ekki, að byggingar geti hafizt. Ég verð nú að viðurkenna það, að mér er ekki kunnugt um afskipti húsnæðismálastjórnarinnar af lóðaúthlutun t. d. hér í Reykjavík, en ég vil fullyrða það, að þau hafa þá ekki borið ríkulegan ávöxt, vegna þess að lóðaúthlutun í Reykjavík hefur óumdeilanlega tafið byggingarframkvæmdir í stórum stíl, og ég vil mjög eindregið mælast til þess, að hv. húsnæðismálastjórn beiti áhrifum sínum til þess, að þeirri málsmeðferð, sem þar hefur verið höfð á lóðaúthlutun, verði breytt, til þess að koma í veg fyrir það, að fólk geti ekki byrjað byggingu íbúða hér í höfuðstaðnum vegna þess, að það fær ekki lóðir, og að byggingarnar eru í mörgum tilfellum gerðar dýrari en þarf, vegna þess að lóðunum er ekki úthlutað á heppilegum árstíma.

9. liður þessara ábendinga talar um það, að húsnæðismálastjórn skuli beita sér fyrir lækkun á verði byggingarefnis, með því m. a. að stuðla að hagkvæmum innkaupum. Ég held, að hér sé um mjög þarfa ábendingu að ræða, og ég held, að það muni vera hægt að ná mjög verulegum árangri í baráttunni við byggingarkostnaðinn, ef þessi ábending væri tekin til greina. En mér er ekki kunnugt um, að svo hafi verið gert, og er raunar ekki hægt að gera, svo að nokkurt vit sé í, nema fullkomin áætlun sé gerð um byggingarþörfina og byggingarmöguleikana.

Ég sé ekki, að hið nýja frv. tryggi það, að betur verði staðið að þessum atriðum, sem ég hef nú í örstuttu máli gert að umtalsefni, heldur en gert hefur verið undir þeim l., sem við höfum búið við í 8 ár, og ég tel, að því þurfi að breyta.

Í framhaldi af þessu vil ég láta það í ljós, að mér sýnist, að síðasta mgr. 2. gr. l. frá 1957 hafi verið felld niður. En hún er svona:

„Húsnæðismálastofnun ríkisins skal ár hvert gefa út opinbera skýrslu um íbúðabyggingar í landinu, er m. a. sýni, hver árangur hafi náðst með ráðstöfunum hennar til að lækka byggingarkostnað og að greiða fyrir byggingu hagkvæmra íbúða."

Ég held, að þessi mgr. hefði vel mátt vera og að hún væri ekki bara bókstafurinn einn, heldur að okkur öllum hefði gefizt kostur á því að sjá þessa skýrslu og fylgjast með því, hver árangur húsnæðismálastjórnar hafi verið af því að lækka byggingarkostnað og greiða fyrir byggingu hagkvæmra íbúða, því að eflaust er hann töluverður. A. m. k. hefur húsnæðismálastofnunin gefið mönnum kost á því að kaupa ódýrar og hagkvæmar teikningar, og það er vissulega eitt spor í þessa átt, svo að mér finnst, að þessi mgr. ætti ekki að falla niður. Má vera, að hún sé í frv., en ég hef þá ekki séð hana, a. m. k. ekki á þeim stað, sem hún var í lögunum. Þetta er náttúrlega ekki stórt atriði og skiptir sjálfsagt ekki miklu máli í þessu sambandi, en af því að ég tók eftir þessu, gerði ég það að umtalsefni með örfáum orðum.

Í 7. gr. frv. er greint frá því, til hvaða bygginga húsnæðismálastjórn megi lána. Þar segir, að lánin veitist aðeins til byggingar nýrra íbúða, meiri háttar viðbygginga eða til kaupa á nýjum íbúðum, en lán skal þó því aðeins veita, að loforð um lánveitingu hafi verið gefið, áður en hlutaðeigandi byggingarframkvæmd hófst eða kaup á nýjum íbúðum eru gerð.

Hér hefur ekki verið tekin upp sú ábending, sem verið hefur í þáltill. okkar framsóknarmanna að undanförnu, að húsnæðismálastjórn yrði heimilað að lána til endurbyggingar eða endurbóta á íbúðum og ekki heldur til þess að kaupa íbúðir til eigin nota, þ. e. a. s. kaupa tilbúnar eða eldri íbúðir. Ég held þó, að það mundi geta verið þjóðhagslega hagkvæmt að veita mönnum nokkurt lánsfé til endurbóta á gömlum húsum eða til að kaupa slík hús til eigin notkunar. Með því má óumdeilanlega hagnýta betur það húsnæði, sem fyrir er, og spara lánsfé, sem annars þyrfti í nýjar íbúðir, og síðast, en ekki sízt koma í veg fyrir það, að menn búi í óviðunandi íbúðum, vegna þess að margur maðurinn er þannig settur, að hann getur með aðstoð endurbætt sitt gamla húsnæði, þó að hann hafi engin ráð til þess að fara í byggingu nýs húsnæðis. Það má vel vera, að húsnæðismálastjórn hafi við athugun séð á þessu einhverja framkvæmdagalla, sem ekki hafi verið hægt að yfirstíga, en bágt á ég þó með að trúa því, að ekki væri hægt að koma reglunum þannig fyrir, að slíkt húsnæði og slík lán gætu fallið undir verksvið húsnæðismálastjórnar. Og þetta er eitt atriði, sem þáltill., sem ég er hér að mæla fyrir, talar um. Hins vegar sé ég það mér til mikillar ánægju, að inn í lagafrv. hefur nú í fyrsta sinn verið tekið ákvæði í 7. gr. um heimild til að veita sveitarfélögum lán til byggingar leiguhúsnæðis, og ég vil mjög fagna því, að það hefur verið gert, því að enda þótt það sé stefna mín a. m. k. og minna samherja, að sem allra flestir geti átt sitt húsnæði sjálfir, er það samt staðreynd, að mjög fer fjarri því, að allir geti það, og svo hlýtur raunar jafnan að vera, og nú með stórhækkandi byggingarkostnaði hefur þeim fjölskyldum fjölgað mjög, sem þurfa að koma sér upp þaki yfir höfuðið, en geta það ekki vegna hækkunarinnar. Af því leiðir það m. a., að leiguíbúðir eru orðnar lítt eða ekki fáanlegar, og ef þær fást, þá er leigan svo há, að heita má óviðráðanlegt fyrir allan almenning að taka slíkt húsnæði á leigu. Þess vegna tel ég, að ekki verði hjá því komizt, að hið

opinbera veiti bæjar- og sveitarfélögum aðstoð til að byggja íbúðir og til að leigja þær íbúðir húsnæðislausu fólki. Þetta er eitt atriði af okkar þáltill., sem ég sé nú, að tekið hefur verið upp, og ég fagna því.

Um lánskjörin ætla ég ekki að segja mikið á þessu stigi. Ég vil þó aðeins nefna þau með örfáum orðum. Aðalbreytingin frá því, sem verið hefur, er tvenns konar: í fyrsta lagi sú, að í vor, sem leið, voru vextir stórlækkaðir eða ofan í 4%, og er það auðvitað mikilsverður áfangi í þessari hörðu baráttu við háan byggingarkostnað og húsnæðisleysi. Síðari breytingin er svo aftur hin, að vísitölubinding eða viðmiðun er tekin upp á allt lánið nú í fyrsta sinn. Eins og kunnugt er, hefur hluti lánsins verið vísitölubundinn fram að þessu, en nú er það allt lánið, sem er vísitölubundið. Ég tel, að það sé hæpið að taka þennan eina flokk út úr og vísitölubinda hann, meðan skuldir almennt eru látnar afskiptalausar í þessu efni. Að vísu er náttúrlega óhjákvæmilegt að vísitölubinda þann hluta fjármagnsins, sem fenginn er með slíkum kjörum, því að engin stofnun er til, sem getur tekið að sér að borga þann mismun, sem þar yrði. En ég held, að það sé hæpið að taka, eins og ég sagði, þennan eina flokk út úr, þennan þýðingarmikla málaflokk út úr og vísitölubinda þau lán öll, meðan þó er ekki nema hluti fjármagnsins fenginn með þeim kjörum. Það er margt fleira byggt en íbúðir. Það er byggt mikið af verzlunar-, skrifstofu- og iðnaðarhúsnæði og slíku, sjálfsagt allt saman þarft, flest af því a. m. k., en það er nokkuð óeðlilegt, finnst mér, að þessar allra nauðsynlegustu byggingar, þessar lífsnauðsynjar, sem íbúðarhúsnæðið er, skuli vera settar í sérflokk að þessu leyti og vísitölubundið, meðan lán til annars konar bygginga eru það ekki.

Áður en ég skilst við þetta, vil ég náttúrlega taka það fram, að ég er þeirrar skoðunar, að það beri að vísitölutryggja sparifé og útlán, en að það þurfi að vera samræmdar heildaraðgerðir, sem þar koma til, en ekki að tindir séu út úr einstakir málaflokkar og þeir vísitölubundnir, meðan aðrir eru látnir afskiptalausir. Þetta leiðir náttúrlega hugann að því, að dýrtíðarráðstafanirnar þurfa að verða öflugri en raun hefur verið á til þessa, þegar lagt er út á þá braut að taka húsnæðislánin ein, þennan mikilvæga og viðkvæma þátt, út úr, og því miður er, eins og nú horfir, einmitt mikil hætta á því, að sú réttmæta vaxtalækkun, sem fékkst í júnísamkomulaginu í fyrra, verði að litlu gerð eða engu með þessu fyrirkomulagi, ef ekki tekst til muna betur baráttan við verðbólguna heldur en hún hefur gert til þessa.

Þá er það lánstíminn. Ég sé, að hann er ætlaður 25 ár, og það er stuttur tími, þegar um húsnæðismálalán er að ræða. Það væri strax mikill ávinningur að því, ef till. minni hl. hv. heilbr.- og félmn. Ed. verða samþykktar og lánstíminn verður lengdur upp í 35 ár. Það mundi muna húsbyggjendurna eða húseigendurna verulegu að þurfa ekki að borga þetta nema á 35 árum. Sérstaklega er það nauðsynlegt, þegar haft er í huga, hversu mikið fjármagn vantar til þess að byggja íbúð, þó að lánið fáist að fullu, og að það lánsfé, sem fæst fram hjá húsnæðismálalánunum, er yfirleitt til mjög skamms tíma og hvílir mjög þungt á mönnum.

Ég skal ekki fjölyrða meira um þessi lánskjör að svo stöddu og ekki heldur um þá þáltill., sem hér er til umr. Ég vil að endingu draga saman í örfá orð það, sem ég hef verið að segja, sem eins konar niðurstöðu, og hún er sú, að ég tel, að till. á þskj. 145 eigi enn þá fullan rétt á sér þrátt fyrir þær breytingar, sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt fram á þessum málum, og það sé þarft verk og nauðsynlegt að endurskoða öll gildandi lög um lánveitingar til íbúðabygginga í landinu. Og ég nefni þar til aðeins tvö atriði, þótt fleiri komi til, sem ég tel gera þetta knýjandi nauðsyn. Í fyrsta lagi: það er ekki nóg að lána 280 þús. kr. út á íbúð, sem það kostar 827 þús. kr. að byggja. Aðrar þjóðir eru komnar miklu lengra í þessum efnum. Þar nema lánin allt að 90%, en hér nema þau þrátt fyrir þessa hækkun tæpum 34%. Ég veit, að hér er um erfitt mál að ræða, og það er ekki létt verk að tryggja það fjármagn, sem þarf til þess að koma íbúðalánunum upp í það, sem ég tel viðunandi horf, eða ⅔ hluta af kostnaðarverði. En ég held, að það þurfi að gera það, það sé óhjákvæmilegt, og þess vegna finnst mér sjálfsagt, að gert sé eins og till. fer fram á, að allir leggist á eitt um það að finna hagkvæmustu lausnina á þessu máli, en það er einmitt það, sem þáltill. gerir ráð fyrir, að allir flokkar taki höndum saman, ef svo mætti segja, til þess að finna viðunandi lausn á þessu vandamáli. Og hitt, sem ég geri að aðalatriði jafnframt þessu eða til viðbótar þessu, er það, að það er knýjandi nauðsyn að lækka byggingarkostnaðinn í landinu, til þess að við getum fengið meira húsnæði fyrir allt það mikla fjármagn, sem í því skyni er varið. Ákvæði frv. hafa verið í l. í 8 ár, eins orðuð og þau eru nú, án þess að þau hafi megnað að áorka nokkru umtalsverðu í þessu sambandi. Og í frv. tel ég, að engin trygging sé fyrir því, að betur takist hér eftir en hingað til í þessari baráttu, og þess vegna tel ég, að þetta mál þurfi að athugast miklu betur og einnig það rökstyðji þá till., sem ég er hér að tala um. Önnur atriði till. eru þýðingarminni, en þó að mínum dómi fullrar athugunar verð. Þess vegna tel ég með hliðsjón af því, sem ég hef nú sagt, að Alþ. gerði rétt í því að samþykkja till. og freista þess á þann hátt að fá samstöðu allra flokka og allra þm. um sameiginlegt átak í þessu mikla nauðsynjamáli.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni fyrri umr. verði till. vísað til síðari umr. og hv. allshn.

Þorvaldur G. Kristjánsson: Herra forseti. Ræða hv. síðasta ræðumanns gefur ekki beint tilefni til mikilla ræðuhalda af minni hálfu. Mér virtist hans málflutningur beinast einkum að því að færa rök fyrir því, að till. væri ekki orðin úrelt. Hann komst að þeirri niðurstöðu, að hún hefði rétt á sér, þrátt fyrir það, sem er að gerast í veruleikanum í húsnæðismálunum. Mér finnst það hæpin niðurstaða. Að vísu er það alveg rétt, eins og hv. þm. sagði, að það sýnist vera um nokkuð sjálfsagða hluti að ræða, sem um getur í till. Ég get verið honum sammála um það. Þetta er meira að segja svo sjálfsagt, að ríkisstj. er í fullum gangi með að framkvæma það, ekki að tala um það. En mér þykir ástæða til þess að minnast aðeins á nokkur atriði, sem ræða hv. 11. þm. Reykv. gaf tilefni til.

Fyrsti liður þessarar till. fjallar um það, að auka eigi lánveitingar til byggingar nýrra íbúða, svo að unnt verði að lána til hverrar íbúðar af hóflegri stærð, hvar sem er á landinu, ⅝ hluta af byggingarkostnaði. Þetta er ákaflega góð stefnuyfirlýsing í þessum málum. En ég minnist þess að hafa heyrt slíkt fyrr en hér í þessari till. Auðvitað hljóta allir, sem gera sér grein fyrir mikilvægi lánamála vegna húsbygginga, að viðurkenna það og í viðleitni sinni til að bæta úr ástandinu stefna að því, að lánin verði sem hæst og sem mestur hluti af byggingarkostnaðinum. Um það getur ekki verið neinn ágreiningur. En hv. ræðumaður fór nokkrum orðum um það, hve byggingarkostnaður hefði aukizt mikið og þess vegna væri meiri ástæða nú til átaka í þessum málum en áður. Ég held, að þetta þurfi nokkurrar athugunar við. Það segir ákaflega lítið, þó að byggingarkostnaður íbúðar sé nokkur hundruð þús. kr. meiri nú en hann var árið 1958. Það gefur ekki fullkominn samanburð í þessu efni, því að það er margt annað, sem hefur breytzt, heldur en byggingarkostnaðurinn. Það hefur breytzt allt verðlag og kaupgjald í landinu. Þannig verður að taka ýmsa aðra þætti inn í dæmið, ef á að gera hér samanburð. En það vill svo til, að við höfum í þessu efni hjálpartæki til þess að gera þennan samanburð, og hví ekki að nota það, og þeim mun fremur sem það er ákaflega handhægt. Ég á hér við hina opinberu byggingarvísitölu. Byggingarvísitalan hefur hækkað um 77% frá því í árslok 1958 þar til í dag. En með hækkun lánanna til íbúðabygginga, sem nú eru fyrirhuguð samkv. frv. því, sem liggur fyrir í Ed., hækka lánin, miðað við þennan sama tíma, um 280—300%, á sama tíma sem vísitalan hækkar um 77%. Nú veit ég, að þetta segir ekki allan sannleikann í þessu efni, en þetta segir mestan sannleikann í þessu efni. Til þess höfum við byggingarvísitölu, að við miðum við hana við slíkan samanburð sem þennan. Ég held, að fyrirætlanir hæstv. ríkisstj. í þessum efnum séu þess efnis, að það sé óþarfi, eins og þessi till. gerir ráð fyrir, að setja á stofn sérstaka nefnd til þess að brýna hækkun lánanna fyrir hæstv. ríkisstj.

Annar þáttur till. fjallar um það, að jafna eigi aðstöðu manna til lánsfjár þannig, að heildarlán geti orðið svipuð til hvers manns miðað við sömu stærð íbúðar, hver sem hann er og hvar sem hann býr. Ég spyr: Hvað er þetta? Hvað þýðir þetta? Ég geri mér ekki grein fyrir, hvað tillögumenn meina með þessum lið till. Mér er ekki kunnugt um, að mönnum sé neitt mismunað eftir því, hvar þeir búa í landinu eða hver einstaklingurinn er. Mér er ekki kunnugt um það. Íbúðalánin hafa frá fyrstu tíð verið hin sömu, hvar sem er á landinu. Mér virðist, að hér sé um einhverja fáfræði að ræða, sem liggur til grundvallar þessum lið tillögunnar.

Þá er næsti liður till. að greiða fyrir mönnum með lánveitingu til að endurbæta íbúðir svo og að kaupa íbúðir til eigin nota. Hvað er átt við með þessu? Samkvæmt gildandi l. og reglugerðum er hægt að lána til þess að stækka íbúðir. Það er hægt að lána líka til þess að kaupa íbúðir, ef íbúðirnar eru nýjar. En það er rétt, að það er ekki gert ráð fyrir því, að húsnæðismálastjórn láni til þess að endurbæta gamlar íbúðir, án þess að þær séu stækkaðar, eða til þess að kaupa gamlar íbúðir. Þetta hefur mönnum verið lengi ljóst og enn fremur ljóst, að það þyrfti að gera ráðstafanir til þess að bæta hér úr. Ég er sammála flm. um, að það þarf að gera. En ég held, að það þurfi ekki að setja neina nefnd í þetta mál til þess að benda á þá þörf. Það mætti spyrja: Hvers vegna er það ekki gert? Hvers vegna leggur ríkisstj. það ekki til í frv. því, sem liggur fyrir Ed. nú? Ég hygg, að það liggi nokkuð ljóst fyrir, hvers vegna það er ekki gert. Það er vegna þess, að auðvitað hafa möguleikarnir til lánsfjármagnsins ekki verið takmarkalausir. Það er mjög takmarkað, þrátt fyrir hina miklu nýju tekjustofna, sem ríkisstj. er nú að útvega, hvað er hægt að veita mikið fjármagn til íbúðarlánanna. Ég hygg, að það sé rétt stefna að leggja í bili megináherzlu á það að auka fjármagn til íbúðarlána til nýrra íbúða, koma þannig á því skipulagi, sem gert er ráð fyrir og júnísamkomulagið byggðist á, að hægt væri að fullnægja eftirspurninni eftir íbúðarlánum miðað við ákveðna byggingarþörf, eins og hún væri áætluð fyrir hvert ár. Og ég tel, að það sé svo mikið unnið, ef okkur tekst að gera þetta, að við ættum ekki að sýta það, þó að það yrði rétt aðeins bið á því að koma upp lánakerfi vegna kaupa og endurbóta á gömlum húsum, rétt aðeins meðan við erum að koma slíkri gerbreytingu og bættum háttum á skipulag lánamálanna.

Þá er einn liður, að bæjar- og sveitarfélög byggi íbúðir til að leigja húsnæðislausu fólki. Eins og hv. 11. þm. Reykv. benti á, er gert ráð fyrir þessu í frv. því, sem liggur fyrir Ed. Við erum sjálfsagt allir sammála um nauðsyn þessa, það er enginn ágreiningur um það, og það ber enn að sama brunni, það þarf ekki að setja 7 manna nefnd til þess að minna ríkisstj. á það, sem hún er að gera.

Þá er að lokum talað um að lækka bygg-

ingarkostnaðinn í landinu. Þess gerist vissulega þörf, og ég er sammála hv. síðasta ræðumanni um, að það er eitt aðalatriðið í því að koma húsnæðismálunum í sem bezt horf og skipan þeirra mála. Hv. ræðumaður minntist í þessu sambandi á, að það hefði orðið lítið úr aðgerðum húsnæðismálastjórnar á þessu sviði. Og ég er honum sammála um þetta. Hv. ræðumaður benti á ýmsa liði í núgildandi l., þar sem húsnæðismálastjórn er falið að vinna að tilteknum málum á þessu sviði. Hann komst að þeirri niðurstöðu, að það hafi verið harla lítið gert í þeim efnum, og ég er honum sammála. En sumt, sem hann nefndi, eins og t. d. skýrslugerð um húsbyggingar, hefur einfaldlega ekki verið gert vegna þess, að aðrir aðilar í landinu hafa gert slíka hluti.

En þá kem ég að núgildandi ákvæðum um þessi efni. Þau voru sett 1957, þegar þáv. ríkisstj., vinstri stjórnin, gerði breytingar á húsnæðismálalöggjöfinni, sem sett var 1955. Þá voru sett inn í l. flest þau ákvæði, sem um þetta fjalla, og var húsnæðismálastjórn gert að sinna ákveðnum verkefnum. Mín skoðun var þá, að þessi lagasmíð væri óraunhæf, og hún var óraunhæf í tíð vinstri stjórnarinnar, og hún hefur verið óraunhæf síðan. Það má segja kannske, að það sé ámælisvert að þurrka ekki þessi spor vinstri stjórnarinnar út úr löggjöfinni. En það mætti segja, að dauður lagabókstafur gerði ekki mikið ógagn. Þó er það svo, að það er einmitt spurning, hvort það hafi ekki verið óskynsamlega að farið að ætla húsnæðismálastjórninni nokkurn tíma ýmislegt af þeim verkefnum, sem talin eru upp varðandi lækkun byggingarkostnaðar, og það er einfaldlega vegna þess, að húsnæðismálastjórn hefur ekki haft fjármagn eða aðstöðu til þess sjálf að sinna þessum verkefnum. Til þess að gera það, þarf að setja upp öflugt skrifstofubákn, og það þarf að setja upp rannsóknarstöðvar. Ég fyrir mitt leyti tel, að það sé ekki rétt að fara að setja upp nýjar stofnanir á þessu sviði. Það er miklu eðlilegra, miklu sjálfsagðara og raunar kemur ekki annað til greina en að hagnýta í þessu skyni þær stofnanir, sem fyrir hendi eru í þjóðfélaginu, og láta þær sinna þessum verkefnum. Ég nefni í því sambandi stofnun eins og Iðnaðarmálastofnun Íslands og atvinnudeild háskólans, byggingardeildina.

Nú er það svo, að starfsemi byggingardeildar atvinnudeildar háskólans hefur verið nauðalítil á undanförnum árum. Hins vegar er núna gert ráð fyrir því að efla þessa deild stórkostlega, þannig að hún fái aðstöðu til þess að vinna að rannsóknarstörfum í þágu byggingariðnaðarins. Og nú er málum svo háttað, að nýverið hefur verið ráðinn ágætur verkfræðingur, Haraldur Ásgeirsson, til að veita þessari deild forstöðu, og til deildarinnar hafa verið ráðnir aðrir sérfræðingar. Ég tel, að þetta sé spor í rétta átt. Ég hygg, að þegar afmáð verða síðustu spor vinstri stjórnarinnar af húsnæðislöggjöfinni, — það verður fyrr eða síðar gert, — þá eigi að setja ný ákvæði um skipan tæknimálanna í löggjöfina. Ég sé ekki, að það sé ástæða til þess að æðrast nokkuð, þótt það sé ekki gert eða gert ráð fyrir því í frv. ríkisstj., sem liggur fyrir Ed. Ég sé ekki, að það sé neitt athugavert við það, þó að við bíðum átekta með að forma þessa hluti í löggjöfinni, en leggjum þeim mun meiri áherzlu á það að forma þessa hluti í raunveruleikanum á þann veg, að við sköpum þeim stofnunum, sem fyrir eru í þjóðfélaginu og eiga eðli málsins samkv. að vinna að þessum málum, starfsskilyrði. Það er þetta, sem verið er nú að gera í sambandi við byggingardeild atvinnudeildar háskólans.

Ég sé ekki ástæðu, eins og ég sagði í upphafi, til að fara að halda neina almenna ræðu um húsnæðismálin í tilefni af þessari till., sem hér liggur fyrir. Ég veit, að hv. 11. þm. Reykv. hefur mikinn áhuga og góðan skilning á þessum málum, og ég hygg, að við séum raunverulega sammála um flest, sem til framfara horfir í þessum málum. En mér sýnist, að þessi mál liggi núna þannig fyrir, að þegar við erum með í Alþ. frv., sem felur í sér einar mestu umbætur í þessum málum, sem hafa orðið á síðari árum, sé ekki beint ástæða til að fara að setja sérstaka nefnd í málið, til þess að athuga um hluti, sem ríkisstj. er að framkvæma og hefur ákveðið að framkvæma.

Flm. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég ætla ekki í tilefni af ræðu hv. 4. þm. Vestf. að fara að lengja þessar umr. að neinu ráði. Það kom fram af hans máli, að við erum í öllum verulegum atriðum sammála um það, sem gera þarf í húsnæðismálunum, og aðalmeiningarmunur okkar er sá, hvort skipa eigi nú n. til þess að athuga þau mál öll enn frekar en gert hefur verið og á þann hátt að reyna að skapa samstöðu um lausn þessara mjög svo þýðingarmiklu mála. Á því verður náttúrlega hver að hafa sína skoðun, og ég ætla mér ekki að fara að ónotast við hv. 4. þm. Vestf., þótt hann hafi aðra skoðun á málinu en ég. En ég undirstrika það, sem ég sagði í minni ræðu áðan, að ég tel, að þrátt fyrir þær endurbætur, sem eru í frv. hæstv. ríkisstj., séu svo mörg atriði húsnæðismálanna þó enn illa á vegi stödd, að það sé full ástæða til þess, að þingheimur reyni allt, sem unnt er, til þess að ráða á því bót.

Hv. 4. þm. Vestf. sagðist ekki skilja nokkra liði þáltill. Hann sagðist t. d. ekki skilja 3. lið hennar. En þó held ég, að það hafi komið fram af máli hans síðar, að hann skildi mætavel, hvað þar var um að ræða, og skildi það algerlega rétt. Hann sagði hins vegar, að fjármagnið væri takmarkað, og það er alveg rétt, og þess vegna væri ekki hægt að gera allt, sem menn þó viðurkenndu að þyrfti að gera. En ég nefni þennan lið vegna þess, að ég tel, að hann mundi á margan hátt vera hagkvæmari og ódýrari til þess að leysa húsnæðisvandamálin í ýmsum atriðum heldur en lán til nýbyggingar íbúða. Þess vegna bendi

ég á hann, ekki vegna þess að mér sé ekki ljóst, að jafnframt þarf að veita lán til nýbyggingar.

Það er alveg rétt, sem hann sagði, að byggingarvísitalan segir ekki alla söguna. Hún segir vissulega mikla sögu, en hún segir náttúrlega ekki allan sannleikann. Það þarf að athuga, eins og hann benti á, margt annað, t. d. kaup og kjör fólksins. Og hann upplýsti það, sem við raunar vissum, að byggingarkostnaðurinn og vísitalan hefur hækkað um 77% frá því 1958, en kaupið hefur ekki hækkað tilsvarandi. Verkamannakaup hefur ekki hækkað síðan 1958 nema um rúm 50%, svo að það er þó augljóst, að þrátt fyrir þessa lánahækkun eru menn í miklum erfiðleikum og meiri að byggja yfir sig eftir en áður.

Hann minntist á ákvæðin um lækkun byggingarkostnaðar og taldi, að þau væru dauður bókstafur, sem ég hafði raunar áður tekið fram, svo að um það erum við sammála. Ég held þó, að ákvæðin sjálf séu ekki neinar hömlur fyrir því, að endurbætur fáist í þessu efni, heldur hitt, að það hefur ekki verið tryggt nægilegt fjármagn eða visst fjármagn til að framkvæma það, sem þar um ræðir. Og þess vegna tel ég, að það sé alveg rétt, sem hv. 4. þm. Vestf. sagði, að það er það fyrst og fremst, sem þarf til að koma, að sú stofnun, sem þetta verkefni er falið, hafi til þess ákveðið fjármagn, sem henni beri að verja í þessu skyni. Og í því sambandi vil ég leyfa mér að benda á það, að á þingi 1960, þegar ég var hér um stundarsakir sem varamaður, flutti ég einmitt frv. um sérstaka fjáröflun til þess að kosta rannsóknir til lækkunar á byggingarkostnaðinum. Þetta frv. var fellt af hv. stjórnarliðum. Ég held, að með þeim skilningi, sem málsvarar hæstv. ríkisstj., hv. 4. þm. Vestf. o. fl., hafa nú á þessu máli, mundi þetta frv., ef það væri borið fram í dag, ná samþykki. Og ég held, að það sé m. a. þetta, sem þessi þáltill., sem hér um ræðir, gerir ráð fyrir, að í því skyni að lækka byggingarkostnaðinn séu virkilega lagðir til hliðar fjármunir, sem í það eigi að fara.

Ég skal svo ekki, herra forseti, vera að lengja þessar umr., því að við, sem hér höfum tekið til máls um þessa till., erum henni í öllum meginatriðum sammála, og ég vil taka það fram, að eins og hv. 4. þm. Vestf. efast ekki um minn góða vilja í málinu, þannig efast ég ekki heldur um hans.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég vil nú gefa svipaða yfirlýsingu og tveir hv. síðustu ræðumenn, að ég skal ekki að óþörfu teygja lopann um þetta mál, enda hafa gefizt næg tækifæri undanfarna daga til að ræða það í Ed. Alþ., og hv. Nd. á einnig eftir að fjalla um þessi mál verulega. Ég vil aðeins í sambandi við sjálft formið á þessari till., sem hér liggur fyrir, sem fer í fyrsta lagi fram á endurskoðun þessara mála, skýra hug minn til þess hluta till.

Ég hygg, að það hafi komið fram í umr. hér í fyrravetur um þessi mál þá, að þá stóð yfir og stóð yfir reyndar hátt í 5 mánuði á vegum húsnæðismálastjórnar endurskoðun þessara laga. Í húsnæðismálastjórn eiga fulltrúar allra þingflokka sæti og gátu þar komið að sínum sjónarmiðum, og endanleg niðurstaða þeirrar endurskoðunar var send hæstv. ríkisstj. með nál. öllum, þau voru þrjú, þannig að gefizt hefur kostur á því að fá fram sjónarmið a. m. k. allra þingflokkanna um þessi mál. Það er einnig á það að benda, að samstarf í húsnæðismálastjórn um framkvæmd l. hefur af þessum allra flokka mönnum verið með ágætum. Og það hefur yfirleitt verið einróma álit okkar, að okkur hafi ekki skort góðan vilja og samvinnuhæfni til þess að vinna að þessum málum, þótt engum sé ljósara en okkur sjálfum, að margt mætti þar betur fara. En til þess liggja aðrar ástæður en þær, að þar hafi ekki ríkt ágætt samstarf. Ég hygg því, að það, sem sé fyrst og fremst naglhald í í sambandi við umr. um þessi mál, séu meiri fjárveitingar til þessara hluta, það er að gera þær greinar laganna og þær greinar frv., sem hér liggur fyrir Alþ., raunhæfari en raun ber vitni um. Og við höfum heyrt, að þeir hv. ræðumenn, sem um þetta mál hafa fjallað nú, séu einnig sammála um það. En spurningin kemur þá alltaf aftur, sú hin sama: Hvar á að taka þetta viðbótarfé? Mér hefur virzt af þeim umr., sem þegar hafa farið fram hér á hv. Alþ. um það frv., sem liggur fyrir í Ed., að nægjanlega erfiðlega gangi að koma fram þar þeim tekjuöflunum, sem eiga að tryggja þá fjármuni, sem gert er ráð fyrir í frv. nú, hvað þá ef farið yrði lengra í þeim efnum. Það hvílir nefnilega sú skylda á mér og öðrum, sem hækkunartill. gera í þeim efnum, að láta ekki einungis í ljós óskhyggjuna um meira fé, heldur hvar eigi að taka það. Og um það væri gott að fá fram álit manna, hvar ætti næst að bera að garði um aukið fé til ráðstöfunar í þessu skyni.

Það greinir heldur enga á um það, eins og fram kom hjá hv. 11. þm. Reykv., að það væri mjög æskilegt að geta lánað til endurbóta á eldra húsnæði. Það mætti áreiðanlega oft koma í veg fyrir það, að tilteknar fjölskyldur legðu út í nýbyggingar, ef þær fengju lán til hóflegra og hæfilegra endurbóta á því húsnæði, sem þær þá eiga. En allt frá því að l. voru sett og þær tvennar eða þrennar endurbætur, sem átt hafa sér stað á l. síðan, hefur þrátt fyrir aukið fé í hvert skipti aldrei verið leyft, að út í frekari fjárveitingar til annarra hluta en nýbyggingar væri hægt að komast. Vandinn hefur því verið nákvæmlega sá sami í hugsanlegri fjárútvegun til rannsóknarstarfsemi og lækkun á byggingarkostnaði, eins og til þess að lána á enn breiðara grundvelli en gert hefur verið, það hefur skort til þess fé.

Ég vil undirstrika það með hv. ræðumönnum báðum, 4. þm. Vestf. og 11. þm. Reykv.,

að grundvöllurinn að öllum hugsanlegum endurbótum á byggingarháttum landsmanna verður fyrst og fremst að hvíla á aukinni rannsóknarstarfsemi. Til þessara mála hefur verið of lítið aflögu hjá húsnæðismálastjórn. Þó hefur hún af vanmætti sínum og fjárhagslegum erfiðleikum látið til þessara mála, í tilraunastarfsemi og rannsóknarstarfsemi, á undanförnum árum 2.4 millj. kr. og ákvað nú fyrir skömmu að láta til byggingarefnarannsóknardeildar háskólans 400 þús. kr. í ár, og líkur eru á, að þar sé aðeins um byrjun að ræða.

Ástæðan til þess, að ég minnist á þessi atriði hér, er ekki sú, að þau hafi ekki komið að einhverju leyti fram í þeim ræðum, sem hér hafa verið fluttar, og hljóta að koma fram í þeim ræðum og þeim umr., sem hér eiga eftir að vera um þessi mjög svo viðamiklu mál. En ástæðan er miklu fremur sú, að ég vil draga fram þessi höfuðgrundvallaratriði. Það er út af fyrir sig ágætt að berjast fyrir því, að lán séu hækkuð, að lánakjör séu bætt. Hitt er þó höfuðnauðsyn og ég vil segja, að ætti að sitja í fyrirrúmi, að byggingarkostnaðurinn sjálfur verði lækkaður, að þau lán, sem af hálfu hins opinbera eru veitt í þessu skyni, verði nýtt betur með lækkuðum byggingarkostnaði og lækkuðum húsnæðiskostnaði. Þar á ég við rekstur húsnæðisins alls, bæði afborganir og daglegan rekstur, að hann verði lækkaður frá því, sem verið hefur. Hann er óhóflegur, miðað við launakjör almennings í landinu, og tekur langtum stærri hluta af launakjörum almennings hér en hann gerir víðast hvar erlendis. Ég mundi því segja, að það væri fórnandi allhárri upphæð af útlánagetu húsnæðismálastofnunarinnar til þess að fá þennan grundvöll lagðan að lækkuðum byggingarkostnaði. Að því atriði þyrftum við að snúa okkur, og ég held, að til þess séu nægar heimildir í núgildandi l. og endurskoðun sem slík á þessum málum mundi ekki betrumbæta þá hlið málsins, því að heimild, eins og ég áðan sagði, skortir ekki til athafnanna, það skortir heldur fjármunina, aflgjafann í þeim framkvæmdum. Ef um endurskoðun ætti að vera að ræða, ætti hún að mínu viti langtum frekar að snúast um það, hvar ætti að auka tekjur húsnæðismálastjórnar frá því, sem nú er og nú er lagt fyrir í núv. frv., en við þurfum ekki endurskoðun á almennum heimildum l. Til þess eru þær nógar í dag.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 41. fundi í Sþ., 13. apríl, var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og til allshn. með 37 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

21. Sameining sveitarfélaga.

Á 23. fundi í Sþ., 1. febr., var útbýtt:

Till. til þál. um sameiningu sveitarfélaga [110. mál] (A. 227).

Á 24. fundi í Sþ., 3. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 33. fundi í Sþ., 24. marz, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 36. fundi í Sþ., 31. marz, var till. aftur tekin til einnar umr.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Þessi þáltill., sem hér er á dagskrá, er á þá leið, að Alþingi skori á ríkisstj. að láta í samráði við Samband íslenzkra sveitarfélaga gera tillögur um nýja skiptingu landsins í sveitarfélög. Skulu þær miðast við að stækka sveitarfélög og sameina, eftir því sem staðhættir leyfa.

Þetta mál er ekki nýtt af nálinni. Á Alþingi í fyrra flutti fyrri flm. þessarar till., Unnar Stefánsson, einnig þáltill. um fækkun og stækkun sveitarfélaga. Sú till., sem Unnar Stefánsson flutti í fyrra, var á þann veg, að Alþingi ályktaði að skora á ríkisstj. að láta gera nýjar till. um skiptingu landsins í sveitarfélög, sem miðist við að stækka sveitarfélögin í dreifbýli með því að sameina hina fámennari hreppa, eftir því sem staðhættir leyfa. Þessari till., sem flutt var á þinginu í fyrra, var vísað til allshn., og till. var afgreidd frá þeirri n. N. leitaði þá m. a. álits Sambands íslenzkra sveitarfélaga á till., og mælti sambandið með því, að þessi till. næði fram að ganga, en benti þó jafnframt á, að það væri einnig ástæða til þess að láta efni till. ná til sameiningar sveitarfélaga í þéttbýli.

N. klofnaði í þessu máli í fyrravetur, og vildi minni hl. leggja til, að þessi till. yrði samþ. með tilteknum breyt., þ. e. a. s. að endurskipulagningin á sveitarfélögunum færi fram í samráði við Samband íslenzkra sveitarfélaga og sýslunefndirnar, og það var einnig fellt úr till. að takmarka þetta við hina fámennari hreppa, heldur gæti þessi samþykkt náð til allra sveitarfélaga. Og þessi nýja till., sem hér liggur fyrir, er þess vegna nokkuð frábrugðin till. frá því í fyrra. Henni hefur verið breytt til samræmis við álit minni hl. allshn. Meiri hl. allshn. vildi hins vegar láta vísa till. frá með rökstuddri dagskrá með tilvísun til ákvæðanna í sveitarstjórnarlögunum um sameiningu sveitarfélaga og taldi ekki þörf á því, að Alþingi hefði afskipti af þessum málum.

Um nauðsyn þess að sameina sveitarfélögin, bæði í þéttbýli og dreifbýli, get ég að mestu látið nægja að vísa til grg., sem fylgir þessari till. Að því er þéttbýlið varðar höfum

við nokkuð skýr dæmi um samfellda byggð, þar sem ríkar ástæður eru fyrir hendi til þess að athuga gaumgæfilega, hvort eigi sé rétt að sameina sveitarfélögin í náinni framtíð. Það má nefna sem dæmi Keflavík og Njarðvík og einnig það dæmi, sem bezt blasir við augum, þ. e. a. s. Reykjavík og umhverfi hennar, þ. e. Seltjarnarneshrepp, Reykjavík, Kópavog, Garðahrepp og Hafnarfjörð. Ef það getur talizt eðlilegt að hafa 5 sveitarfélög á þessu svæði í framtíðinni, þá mætti í raun og veru alveg eins bæta því sjötta við með því að kljúfa Reykjavík í tvennt, í austurbæ og vesturbæ. Í dreifbýlinu eða úti í sveitunum er þörfin fyrir sameiningu og nýskiptingu landsins í sveitarfélög hins vegar almennari en í þéttbýlinu, og þar liggja aðrar ástæður til grundvallar. Um það efni vil ég leyfa mér — með leyfi hæstv. forseta — að vísa til nokkurra ummæla í erindi, sem Árni G. Eylands hélt í ríkisútvarpið um þetta mál hinn 13. jan. s. l. Hann segir svo m. a.:

„En þjóðfélagslegt og stjórnarfarslegt skipulag sveitanna hefur ekki breytzt í samræmi við það, sem hefur verið að ske með þjóðinni á hraðstígan hátt hin seinni ár og áratugi. Þar situr mestallt við það sama og verið hefur í aldir, jafnvel í þúsund ár, jafnvel ekki laust við, að sumt hafi breytzt til hins verra. Hreppar hafa verið klofnir og sýslum skipt í smærri eindir en áður var, á sama tíma sem félagssamtök fólksins hafa gerzt víðfeðmari. Getur slíkt verið rétt og heppilegt? Ég held ekki og svara spurningunni ákveðið neitandi."

Enn fremur segir Árni G. Eylands:

„Tala hreppa á öllu landinu er 214. Af þeim var einn í eyði 1962, þegar tölur þessar eru skráðar, en eru nú tveir. Meðalfólksfjöldi í hreppi eru því 278 manneskjur, ef miðað er við 214 hreppa, en 281, ef miðað er við 212 byggða hreppa. Skiptir engu, hvor talan er. Af hinum byggðu hreppum voru 1962 39 hreppar með minna en 100 íbúa."

Í erindi sínu bendir Árni G. Eylands á það m. a., að hvergi í Norðurálfunni hafi verið unnið markvissara að þessum málum en í Svíþjóð, og segir svo m. a. um það:

„Eitt af frumatriðunum í þessu skipulagsstarfi öllu, sem er enn ekki til loka leitt, var að stórfækka hreppum í landinu, afnema fámenn hreppsfélög og efna til langtum stærri hreppsheilda heldur en áður var algengt. Þannig fækkaði hreppsfélögum í Svíþjóð á árunum eftir 1945 úr 2281 niður í 811 hreppsfélög, allt vegna skipulagsaðgerða, en ekki við það, að heilir hreppar legðust í eyði."

Þá segir Árni G. Eylands, þar sem hann dregur saman niðurstöðurnar úr erindi sínu:

„Hinar stjórnarfarslegu einingar þjóðfélagsins þurfa nauðsynlega að verða stærri og sterkari heldur en hinir fámennu hreppar eru nú."

Fyrir okkur, sem flytjum þessa þáltill., vakir það ekki að neyða sveitarfélög til sameiningar gegn vilja sínum. En við teljum, að í þessum efnum sé þó ekki nægilegt að treysta ákvæðum sveitarstjórnarlaganna um heimild til sameiningar tveggja eða fleiri sveitarfélaga, þegar vilji þeirra er fyrir hendi. Þetta mál verði að leysa á miklu breiðara grundvelli. Ríkisvaldið verði í samráði við samtök sveitarfélaganna að hafa frumkvæði að því að gera heildartill. fyrir landið allt, þar sem framtíðarstefnan í þessum málum verði mörkuð. Síðan verði að hrinda till. í framkvæmd smátt og smátt, eftir því sem skilningur sveitarfélaganna vex á nauðsyn þessarar endurskipulagningar.

Herra forseti. Ég leyfi mér að lokum að leggja til, að umr. verði frestað og málinu vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 40. fundi í Sþ., 7. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

22. Svæðaskipulagning.

Á 23. fundi í Sþ., 1. febr., var útbýtt:

Till. til þál. um svæðaskipulagningu [112. mál] (A. 229).

Á 24. fundi í Sþ., 3. febr., var till. tekin til *meðferðar, hvernig ræða skyldi.*

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 42. fundi í Sþ., 21. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Till. til þál. um svæðaskiptingu er á þskj. 229, og er Unnar Stefánsson 1. flm. hennar. Till. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að láta undirbúa og leggja fyrir næsta Alþ. frv. til l. um kerfisbundna svæðaskipulagningu í öllum landsfjórðungum."

Unnar Stefánsson hefur flutt mál þetta *nokkrum sinnum í ýmsu formi* á undanförnum þingum. Nú virðist vera vaxandi áhugi á áætlanagerð og skipulagningu, aðallega í atvinnu- og framkvæmdamálum, og er því ástæða til að ætla, að þessi till. sé nú enn tímabærari en áður.

Núverandi ríkisstjórn hefur látið gera víðtækar framkvæmdir á tilteknum svæðum með það fyrir augum að byggja þessi svæði upp, þó að oft hafi ekki verið gerðar heildaráætl-

anir um þær aðgerðir. Nægir að benda á vega- og hafnarframkvæmdir á Snæfellsnesi sem dæmi um þetta. Nú hefur ríkisstj. stigið einu skrefi framar og látið gera víðtæka áætlun um framkvæmdir á Vestfjörðum, Vestfjarðaáætlun svonefnda, og hefur þegar verið birtur einn kafli hennar, sá, er fjallar um samgöngumál. Þarf ekki að efast um, að á eftir munu fleiri slíkar áætlanir koma og þessi starfsaðferð verði í framtíðinni mikið notuð til þess að byggja upp atvinnulíf og bæta lífsbaráttu fólksins á einstökum svæðum. Er því ástæða til að láta athuga vandlega, hvort ekki er rétt að setja löggjöf um þau mál og búa þannig til ramma, sem hægt væri að hagnýta í hvert skipti, sem verkefnin kalla. Virðist því vera tími til þess kominn að samþykkja tillögu eins og þessa og láta fram fara ýtarlega athugun á þessum málum, sem væntanlega leiddi þá til þess, að sett yrði löggjöf um þau.

Herra forseti. Ég legg til, að málinu verði vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 44. fundi í Sþ., 28. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

23. Samdráttur í iðnaði.

Á deildafundum 4. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um athugun á samdrætti í iðnaði [117. mál] (A. 239).

Á 25. fundi í Sþ., 5. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 31. fundi í Sþ., 10. marz, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Efni þessarar till. er, að Alþ. álykti að fela ríkisstj. að láta fara fram, í samráði við Félag ísl. iðnrekenda og fulltrúa iðnverkafólks, athugun á samdrætti, sem orðið hefur í ýmsum iðngreinum að undanförnu. Athugun þessi skal beinast að því að finna þær orsakir, sem samdrættinum valda, og hvaða ráðstafanir megi gera til að koma í veg fyrir hann.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að á undanförnum mánuðum hefur átt sér stað verulegur samdráttur í ýmsum iðngreinum, sérstaklega í svo kölluðum verksmiðjuiðnaði. Þessu valda að sjálfsögðu ýmsar orsakir, en sú er vafalaust veigamest, að hæstv. ríkisstj. hefur leyft innflutning á ýmsum erlendum iðnaðarvarningi án þess að búa viðkomandi íslenzkar iðngreinar undir þá samkeppni svo sem vera skyldi. Þessi samdráttur er orðinn svo alvarlegur, að samtök iðnverkafólks hér í Reykjavík, í Hafnarfirði og á Akureyri hafa kvatt til sérstakrar ráðstefnu til þess að ræða um þetta mál. Ályktunin, sem þessi ráðstefna gerði, var birt í dagblöðunum í morgun, og vil ég vísa til efnis hennar þessu máli til frekari sönnunar. Og með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa hér upp nokkur atriði úr þessari ályktun, en í henni segir svo m. a.:

„Vill fundurinn vekja athygli á, að á undanförnum árum hafi verið gerðar þær ráðstafanir í tolla- og innflutningsmálum, sem leitt hafa til þess, að íslenzkur iðnaður á nú í vök að verjast vegna harðnandi samkeppni við erlenda framleiðslu og hefur jafnvel orðið að heyja samkeppni við innlendar iðnaðarvörur, sem seldar eru undir eðlilegu kostnaðarverði. Á sama tíma hefur verið látið undir höfuð leggjast að veita iðnaðinum þá fyrirgreiðslu, sem nauðsynleg verður að teljast til að gera iðnaðinum kleift að mæta hinni auknu samkeppni. Er nú svo komið, að vissar greinar iðnaðarins fara halloka vegna hinnar harðnandi samkeppni, og er atvinnuöryggi þeirra, sem í þeim greinum starfa, stefnt í hættu.

Því skorar sameiginlegur fundur fulltrúa iðnverkafólks á hæstv. ríkisstj. að staldra við á þeirri braut, sem farin hefur verið á síðustu árum á sviði tolla- og innflutningsmála, og hefjast nú handa um aðgerðir, er miði að aukinni fyrirgreiðslu til styrktar samkeppnishæfni iðnaðarins."

Mér finnst enn fremur rétt að vekja athygli á því í þessu sambandi, að í Alþýðublaðinu í dag birtist grein eftir kunnan iðnrekanda, þar sem segir m. a. um þessi mál á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Innflutningur hefur verið gefinn frjáls á fjölda iðnaðarvarnings, án þess að sams konar íslenzkum iðnaði hafi verið gefið nokkurt tækifæri til endurskipulagningar og aðlögunar að breyttum aðstæðum. Má til dæmis nefna fataiðnað, veiðarfæraiðnað, skóiðnað, vélaframleiðslu og kexframleiðslu."

Ég hygg, að það, sem hér hefur verið rakið og er komið frá hinum kunnugustu mönnum á þessu sviði, nægi til að sýna, að það er nauðsyn á þeirri rannsókn, sem þessi tillaga fjallar um, þ. e. að ríkisstj. láti fara fram í samráði við Félag ísl. iðnrekenda og fulltrúa iðnverkafólks athugun á þeim samdrætti, sem orðið hefur innan iðnaðarins að undanförnu, og þessi athugun nái einnig til þess, að menn geri sér grein fyrir þeim ráðstöfunum, sem gera þarf til að tryggja samkeppnishæfni íslenzks iðnaðar.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa þessi

orð fleiri að sinni, en leyfi mér að leggja til, að umræðum verði frestað og málinu vísað til allshn.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 42. og 44. fundi í Sþ., 21. og 28. apríl, var till. tekin til frh. einnar umr. (A. 239, n. 452 og 497).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

24. Tækniaðstoð við nýjungar í vinnslu og veiði sjávarafla.

Á deildafundum 11. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um tækniaðstoð við nýjungar í vinnslu og veiði sjávarafla [124. mál] (A. 250).

Á 27. fundi í Sþ., 24. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 31. fundi í Sþ., 10. marz, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 32. fundi í Sþ., 17. marz, var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Á þskj. 250 hef ég leyft mér að flytja till. til þál. um tækniaðstoð við nýjungar í vinnslu og veiði sjávarafla, en tillgr. er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta fram fara ýtarlega rannsókn á því, með hvaða hætti bezt verði stuðlað að auknum nýjungum í veiði og vinnslu sjávarafurða. Við rannsókn þessa verði lögð sérstök áherzla á þá athugun, með hvaða hætti bezt verði séð fyrir framhaldi á tilraunum innlendra aðila í smíði véla og tækja til veiði og vinnslu sjávarafurða."

Frá því að till. þessi var lögð fram hér á hv. Alþ. fyrir um það bil 6 vikum, hefur hæstv. ríkisstj. ákveðið að beita sér fyrir verulegri tollalækkun á innfluttum fiskiðnaðarvélum, sem að sjálfsögðu er verulega til hagsbóta fyrir alla þá aðila, er við fiskverkun fást, og þá ekki sízt þegar horfzt er í augu við þær staðreyndir, að mannaflsskorturinn virðist ávallt mestur, þegar mest berst að af afla, **með þeim augljósu afleiðingum**, að þá verður tjónið af þessum völdum einnig mest. Með þessari ákvörðun hæstv. ríkisstj. um tollalækkun á innfluttum vélum til fiskiðnaðar hefur tvímælalaust verið stigið eitt merkilegasta skref síðari ára til betri nýtingar sjávaraflans í landi. Óleystur er þó eftir sem áður hinn mikli vandi íslenzkra hugvitsmanna, sem helgað hafa að meira eða minna leyti starfskrafta sína því að fullkomna erlendar uppfinningar í véltækni fiskiðnaðarins, miðað við íslenzkar aðstæður, að ekki sé minnzt á þá, sem gert hafa tíma- og fjárfrekar tilraunir, sem að lokum hafa sannað tilverurétt sinn í raun og eru algerlega íslenzkar frá grunni. Á þessar hugmyndir er drepið í grg. till., og sakar ekki, þótt nefndar verði hér. En það er í fyrsta lagi flotvarpan, línulagningsrennan, handfæravélin, línumatið, beituskurðarvél, þorskhausunarvél, síldarflokkunarvél og síldardæla, auk síldarflökunarvélar, sem fullkomnuð hefur verið hér með mjög góðum árangri. Hinar framantöldu vélar og tæki, sem þegar hafa sannað ágæti sitt í reynd, eiga þó að sjálfsögðu fyrir sér að fullkomnast enn betur, þegar tímar líða fram. Þá hefur einnig vitnazt, að í undirbúningi og tilraunum séu fiskspyrðingarvél og fiskþvottavél og jafnvel línubeitingarvél. Flestar þessar uppgötvanir íslenzkra hugvitsmanna hafa notið nokkurs fjárhagslegs stuðnings fiskimálasjóðs og síldarútvegsnefndar, og eiga þeir aðilar verulegar þakkir skildar fyrir þá aðstoð, því að án hennar hefðu ýmis þessara tækja enn ekki séð dagsins ljós.

Nú er á allra vitorði, að fyrrgreindir aðilar hafa yfir takmörkuðu fé að ráða, er þeir geta til þessara hluta varið, og jafnframt er þeim vart mögulegt að veita slíka fjárhagslega aðstoð í formi lána eða styrkja, fyrr en nokkur reynsla er af tækinu fengin. Óhjákvæmileg afleiðing þessa er, að of fáar hugmyndir hinna íslenzku hugvitsmanna fá að komast í hina raunverulegu reynslu vegna persónulegs fjárskorts þeirra, sem að því standa. Ekki kjósum við hér á hv. Alþ. menn í stjórn fiskimálasjóðs eða síldarútvegsnefnd með sérstakri hliðsjón af því, að þeir séu tæknimenn í vélvæðingu fiskiðnaðarins, enda er þeim ætlað annað aðalstarf samkv. l. um þessar stofnanir. Það er því mín persónulega skoðun, að vel komi til athugunar að setja upp eins konar tækniverkstæði, með eða án sérstakrar tæknistjórnar, er þrautprófaði hugmyndir hinna ýmsu íslenzku hugvitsmanna og felldi úrskurð um hæfni tækjanna og benti á ágalla þeirra og með hvaða hætti mætti fullkomna tækin. Jafnframt þessum prófunum tækjanna gæti slíkt verkstæði orðið fyrrnefndum aðilum, t. d. fiskimálasjóði og síldarútvegsnefnd, sem hér hefur verið nefnd, eða öðrum þeim stofnunum, sem lánuðu fé til þessara hluta, tæknilegur leiðbeiningaraðili um mat á lánshæfni. Í beinu framhaldi af fyrrgreindri tollalækkun á innfluttum fiskiðnaðarvélum ætti einnig að koma aukinn fjárhagslegur stuðningur við þetta stórmerka starf íslenzkra hugvitsmanna. Aukið fé er þó ekki einhlítt, ef þess er ekki kostur að fá

fram raunhæft mat og prófun á gildi uppfinninganna.

Ekki verður mér svo tíðrætt um íslenzka hugvitsmenn í þessu sambandi vegna þess, að störf þeirra taki fram erlendum uppfinningum, sem kostað hefur verið stórfé til, jafnvel svo að milljónum skiptir, og ekkert til sparað, heldur er ástæðan hin, að þeir miða störf sín og framkvæmdir við íslenzka staðhætti, sem um flest eru verulega frábrugðnir staðháttum erlendis. Til stuðnings þessari skoðun minni nægir að benda á hinar fjölmörgu breytingar, er þeir hafa þurft að gera og gert á mörgum hinna innfluttu tækja með mjög góðum árangri, enda þekkja þeir bezt til um hinar íslenzku aðstæður.

Síðan till. þessi kom fram hér á hv. Alþ., hef ég fengið send allmörg bréf og átt viðtöl við ýmsa þeirra aðila, sem hér eiga hlut að máli, og eru þeir einróma um nauðsyn þess, að till. þessi nái fram að ganga, þannig að opinber rannsókn fari fram á því, með hvaða hætti bezt verði séð fyrir áframhaldi á starfi íslenzkra hugvitsmanna í þessum efnum. Hér er um stórkostlegt þjóðhagsmál að ræða, miðað við sérstöðu Íslands í útflutningi og staðháttum öllum. Í þessu sambandi nægir að benda á mikilvægi síldarflokkunarvélanna s. l. sumar, en fróðustu menn fullyrða, að án tilkomu þeirra hefði aðeins verið saltað brot af þeim afla, sem á land barst og þó var saltað, vegna þess hve síld var blönduð og ógerlegt með handafli einu saman að flokka hana í sundur, bæði vegna mannaflsskorts og eins vegna þess, hve langan tíma það hefði tekið.

Framangreind atriði ásamt fjölmörgum öðrum sanna, að enginn kostur er að meta til fjár þessi störf, en án allra öfga skiptir tilkoma þessara véla, sem fundnar hafa verið upp af íslenzkum aðilum, áreiðanlega milljónum, ef ekki milljónatugum, og nægir í því sambandi einu að vitna til s. l. sumars. Með hliðsjón af framansögðu eru það einlæg tilmæli mín, að till. þessi um þessa rannsókn fái greiðan framgang hér á hv. Alþ.

Herra forseti. Ég legg til, að að loknum umr. nú verði umr. frestað og málinu vísað til hv. allshn.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Þáltill. sú, sem hér er til umr., snertir að mínu viti afar stórt og mikilvægt mál, sem ástæða er til að gefa hinn fyllsta gaum. Ég hygg, að enn sem komið er hafi menn ekki almennt gert sér ljóst, hvað hér er um að ræða stórvægilegt mál, þegar um það er að tefla að koma upp einhverri þeirri stofnun, sem hefði með að gera rannsóknir í sambandi við veiðiskip, veiðitækni og veiðimál okkar almennt. Að sjálfsögðu hafa útgerðarmenn og sjómenn lengi fundið til þess, hversu mikill bagi er að því, að hér skuli hafa ríkt meira og minna handahóf í þessum efnum allt fram á þennan dag, að því er alla tækniaðstoð varðar, og er svo í rauninni enn. Það má ekki dragast lengur hjá þjóð, sem byggir jafnmikið á sjávarútvegi og við Íslendingar, að hafizt verði handa um að byggja á skipulegan hátt upp stofnun, sem hefði með höndum þessi verkefni, sem snerta tækni í sjávarútvegi sérstaklega.

Við Íslendingar höfum á umliðnum tímum komið okkur upp tveimur mikilvægum stofnunum, sem hafa unnið mikið og gott starf í þágu sjávarútvegsins. Það er í fyrsta lagi fiskideild atvinnudeildar háskólans, sem fæst, eins og kunnugt er, við rannsóknir, almennar fiskirannsóknir, þ. e. a. s. hafrannsóknir og rannsóknir á göngum og stofnsveiflum þeirra nytjafiska, sem hér eru veiddir. Og í öðru lagi höfum við komið okkur upp rannsóknarstofu Fiskifélags Íslands, sem hefur það sérstaka verkefni að rannsaka sjálfa framleiðslu sjávarafurðanna. Þessar stofnanir báðar hafa, eins og alkunnugt er, verið til mikilla og ómetanlegra nytja fyrir fiskiðnaðinn. En hér hefur að mínu viti skort mjög þriðju stofnunina, sem hefði sitt afmarkaða verkefni, sem er engu þýðingarminna en þau tvö, sem ég hef nú nefnt. Það er stofnun, sem hefði það hlutverk að rannsaka allt, sem snertir tækni fiskveiðanna. Og þá á ég við skipin sjálf, gerð þeirra, veiðarfæri, veiðitæki og annað, sem að þessu lýtur.

Í sambandi við þá till., sem hér er til umr., vil ég leggja áherzlu á, að verkefnið, sem hún bendir á, er afar þýðingarmikið. Jafnframt vil ég vekja athygli á því, að fyrr í vetur, snemma á þessu þingi, flutti ég till. til þál., sem fjallar einmitt um þetta mál og er þó að mínu viti víðtækari en sú till., sem hér liggur fyrir. Þá till. flutti ég raunar á síðasta þingi einnig, en hún náði þá ekki fram að ganga. Sú till., sem ég vil hér vekja athygli á, er á þskj. 20, till. til þál. um tæknistofnun sjávarútvegsins. Þar er lagt til, að ríkisstj. sé falið að undirbúa löggjöf um sérstaka tæknistofnun í þágu sjávarútvegsins og séu verkefni hennar þau að hafa með höndum rannsóknir á hagkvæmustu gerðum fiskiskipa, rannsóknir veiðitækja og veiðarfæra, svo og að hafa með höndum víðtæka upplýsingastarfsemi um slík efni. Ég er þeirrar skoðunar, að með því einu móti að setja á fót fasta stofnun með hæfilega miklu menntuðu starfsliði sé hægt að sinna þessum verkefnum á þann hátt, sem æskilegur og verðugur er. Ég er ekki í neinum efa um það, að hér getur verið um svo mikla fjármuni að ræða, sem slík stofnun mundi beinlínis flytja í þjóðarbúið, að það á ekki að spara allt of mikið til slíkrar stofnunar eða slíkrar starfsemi, sem hér er um að ræða.

Ég vil aðeins benda á, að nú á dögum þykir það algerlega sjálfsagt, að sá bóndi, sem vill hagnýta nútímatækni í búskap, geti leitað til ráðunauta um hvers konar efni í sambandi við búrekstur og að haldið sé uppi af opinberri hálfu mjög víðtækri upplýsingastarfsemi bóndanum til handa. Þetta á við um hinar ýmsu greinar búskapar, svo sem bú-

fénaðinn, um ræktunina, um vélakaup og vélanotkun í sambandi við búskapinn. En svo er allt annað upp á teningnum, þegar til sjávarútvegsins kemur, og má furðulegt heita hjá slíkri fiskveiðiþjóð sem við erum. Útgerðarmaður, sem kaupir nýtt fiskiskip, segjum fyrir 15 millj. kr., og síðan tilheyrandi veiðarfæri, á þess ekki kost í dag að leita til neinnar hliðstæðrar stofnunar eins og bóndinn til þess að fá úr því skorið, hvað hentugast hafi reynzt, eða fá gerðar tilraunir með það, sem honum lízt sérstaklega vel á í sambandi við sína útgerð. Það er ekki til nein föst stofnun, sem sinnir þessum verkefnum, og skipstjóri, sem á að taka við þessu skipi, sem kostar á annan tug millj., hefur ekki heldur til neinnar ákveðinnar opinberrar stofnunar að leita um þau atriði, sem hann teldi æskilegt og jafnvel nauðsynlegt að fá upplýsingar um, svo sem hver er hin almenna reynsla af þeirri tækni og þeim tækjum, sem þegar hafa verið reynd, ekki aðeins hér á landi, heldur einnig erlendis, og gæti honum að gagni komið. Það sjá allir, að hér er mjög óeðlilegt ósamræmi á milli. Hér þarf vissulega að gera á bragarbót, og ég er ekki í neinum efa um það, að þó að nokkrum milljónum, jafnvel tugum millj. kr. væri varið til þess að koma á fót og reka slíka tæknistofnun fyrir sjávarútveginn, mundi hún að öllu eðlilegu skila þjóðarbúinu þeim fjármunum margföldum aftur og það á skömmum tíma.

Ég vil sem sagt eindregið mælast til þess, að hv. Alþ. taki þessum till. báðum, bæði þeirri, sem hér er nú á dagskrá, og þeirri, sem ég áður nefndi og ég hef flutt nú tvö þing í röð, með fullum skilningi og athugi þær, og þá vil ég sérstaklega vænta þess, að hv. allshn., sem hefur haft mína till. til meðferðar frá því, að mig minnir, snemma í nóvembermánuði í vetur og fær nú væntanlega till. á þskj. 250 til meðferðar einnig, hún athugi þessi mál mjög gaumgæfilega og skili áliti sem allra fyrst.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég vil taka undir það, sem hér hefur verið sagt, að með þessari till. er hreyft mjög mikilsverðu máli, sem hér hefur að vísu borið á góma alloft áður. En það er sérstaklega eitt atriði, sem ég vil, að fram komi hér í sambandi við umr. um þetta mál nú á þessu stigi.

Í þessari till. er lagt til, að skorað sé á ríkisstj. að láta fara fram ýtarlega rannsókn á þessu verkefni, sem till. fjallar um. En hér liggur nú fyrir þinginu frv. frá ríkisstj. um mikinn lagabálk, sem fjallar um rannsóknastofnun í þágu atvinnuveganna, og það mun vera búið að leggja allmikla vinnu í það mál. Þar er gert ráð fyrir heildarskipulagi í sambandi við rannsóknafyrirkomulag í þágu atvinnuvega landsins. En í því frv. er gersamlega gengið fram hjá þessum þætti, sem hér er sérstaklega vakin athygli á, þ. e. a. s. rannsóknum á þeim málefnum, sem falla undir tækniframfarir í þágu sjávarútvegsins í heild. Ég held því, að það rétta í þessu máli sé að snúa sér að því að fá fram nauðsynlega breytingu á því frv., sem hér liggur fyrir um rannsóknastofnun í þágu atvinnuveganna, þar sem beinlínis verði gert ráð fyrir því, að ein deild í þeirri rannsóknastofnun verði tæknistofnun sjávarútvegsins, en ekki verði þannig að farið nú að samþykkja það frv., eins og það liggur fyrir, varðandi rannsóknastofnanir í þágu atvinnuveganna, en setja þennan þátt hins vegar í nýja nefnd til nýrrar athugunar. Það er enginn vafi á því, að það er brýn þörf á því, að það verði sett upp sérstök stofnun, sem hefur með þessi málefni að gera. Og það er ekki rétt að fela sérstaklega fiskifræðistofnuninni eða fiskiðnaðarstofnuninni þessi verkefni, því að þau liggja eðli málsins samkv. langt fyrir utan verksvið þeirra manna, sem sérstaklega eru menntaðir til þess að hafa með þau málefni að gera.

Það eru ekki málefni fiskifræðinganna fyrst og fremst að fjalla um gerð og útbúnað fiskiskipa, og það er ekki heldur þeirra sérgrein að fjalla um gerð og fyrirkomulag og útbúnað veiðarfæra eða tækja, sem þarf að nota í sambandi við veiðarnar. Þar er um hreint tæknimálefni að ræða, sem þarf sérstaklega tæknimenntaða menn til að fást við, sem síðan geta unnið með okkar hugvitsmönnum, sem hafa áhuga í þessum efnum. En það er mjög úrleiðis að mínum dómi að leggja þessi málefni undir hina almennu fiskifræðinga eða þá, sem vinna að fiskiðnaðarmálum á allt öðrum grundvelli.

Ég sem sagt vil styðja að framgangi á efni þessarar till., sem hér liggur fyrir, en ég vil benda flm. till. á það og þeirri n., sem kemur nú til með að fjalla um till., hvort rétta leiðin sé ekki sú í þessum efnum að vinna að því að koma fram nauðsynlegri breytingu á því frv., sem væntanlega verður gert að lögum á þessu þingi og ríkisstj. hefur flutt um rannsóknastofnanir í þágu atvinnuveganna, og þar verði gert ráð fyrir tæknistofnun sjávarútvegsins sem sérstakri deild, sem fjalli einmitt um þessi verkefni, sem þessi till. annars ræðir um. Ég kysi þá leið miklu frekar, og mér sýnist, að það væri líklegra, að þannig kæmist málið út í veruleikann, heldur en að skilja þennan þátt nú eftir, þegar rætt er um rannsóknastofnun í þágu atvinnuveganna almennt, en hins vegar að setja þetta mál í sérstaka nefnd til sérstakrar athugunar. Ég tel, að það, sem um þetta mál hefur verið fjallað hér áður, og það, sem um það hefur verið rætt áður, hafi leitt í ljós, að það er full þörf á þessari stofnun, og það þarf bara að taka ákvörðun um það að setja hana upp, einmitt um leið og ákveðið er að taka upp aðrar rannsóknir í þágu atvinnuvega landsins.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég vil taka undir það með þeim hv. þm., sem hér hafa talað, að hér er um mjög merkilegt mál að

ræða, sem þarf að gefa miklu meiri gaum en gert hefur verið að undanförnu, þó að vissulega hafi talsvert áunnizt í þessum efnum seinustu áratugina. En mér finnst rétt að vekja athygli á því, að hér er ekki um nýtt mál að ræða á Alþ. og það eru til stofnanir hér á landi eða stofnun, sem hefur haft þetta mál með höndum um meira en þriggja áratuga skeið.

Í tíð fyrri vinstri stjórnarinnar, fyrir forgöngu Haralds Guðmundssonar, sem þá var sjútvmrh., voru sett lög um fiskimálasjóð og fiskimálanefnd, og fiskimálanefnd og sjóði var m. a. falið það verkefni að styrkja ýmiss konar rannsóknir á veiðarfærum og vinnslu fiskafurða. Á fyrstu árunum var talsvert mikið að þessu gert, og því hefur verið haldið áfram á undanförnum árum, þó að fjárráð til þeirrar starfsemi hafi verið miklu naumari en þurft hefur. Ég vil samt benda á það, að þessi stofnun, þ. e. fiskimálanefnd, sem nú er að vísu kölluð stjórn fiskimálasjóðs, átti mikinn þátt í því á sínum tíma, að flotvarpan var tekin hér til athugunar, og hefur það gefið mjög góða raun, eins og kunnugt er. Ég vildi því, áður en þetta mál fer til n., vekja athygli á því, hvort það sé ekki rétta lausnin á því að efla starfsemi fiskimálanefndar eða fiskimálasjóðs frá því, sem nú er, til að annast þetta verkefni og m. a. til þess e. t. v. að koma upp alveg fastri stofnun til þess að annast rannsókn og athugun þeirra mála, sem þessi till. fjallar um og sömuleiðis till. sú, sem hv. 5. þm. Reykn. hefur flutt og minntist hér á áðan. Ég held, að það sé ekki rétt að hefjast handa um þetta mál á nýjum grundvelli, án þess að það hafi áður verið athugað, hvort sú stofnun, sem hefur haft þessa starfsemi með höndum á undanförnum árum, sé ekki fær um að hafa hana áfram. En að sjálfsögðu verður þá að auka fjárráð hennar stórlega frá því, sem hún hefur haft til umráða að undanförnu.

Ég vil sem sagt vekja athygli þeirrar nefndar, sem fær þetta mál til meðferðar, á því, hvort það sé ekki rétta lausnin að efla fiskimálasjóð til að sinna þessu verkefni betur en hann hefur getað gert að undanförnu.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er rétt út af þeim umræðum, sem hér hafa orðið, að ég skýri frá því, að í menntmn. Nd., þar sem frv. til l. um rannsóknir í þágu atvinnuveganna er til athugunar og hefur lengi verið, þar liggur nú fyrir til athugunar tillaga frá mér, sem við erum að athuga í þessum efnum og hljóðar svo, með leyfi forseta, — það er við þann kafla frv., sem fjallar um hafrannsóknastofnunina:

„Á árinu 1966 skal setja upp sérstaka deild innan hafrannsóknastofnunarinnar, er hafi með höndum tilraunir með ný veiðarfæri og veiðiaðferðir og rannsóknir þar að lútandi, svo og rannsóknir á hagkvæmustu gerðum fiskiskipa, miðað við íslenzkar aðstæður, og enn fremur upplýsingastarfsemi um þessi efni. Ráðherra skipar deildarforstjóra.

Á árinu 1967 er ráðherra heimilt að gera þessa deild að sérstakri, sjálfstæðri stofnun: Tæknistofnun sjávarútvegsins, er hafi fyrrgreint verkefni, og falli þá liðirnir 5 í 17. gr. og 4 í 18. gr. undan verkefnum hafrannsóknastofnunarinnar. Ráðherra skipar þá tæknistofnuninni forstjóra og sérfræðinga, þ. e. forstjóra með sama valdi og aðrir forstjórar slíkra stofnana hafa skv. lögum þessum. Ráðherra ákveður með reglugerð um ráðgjafarnefnd tæknistofnunarinnar."

Ég vildi kynna hv. þm. þetta út af því, að þegar nú þessi till., sem hér liggur fyrir, fer til allshn., þá væri mjög æskilegt, að það væri haft nokkurt samráð þarna á milli. Þessi till. mundi ná yfir ekki aðeins það svið, sem hv. 5. þm. Reykn. hefur flutt í sinni till., sem þetta er að allmiklu leyti byggt á, heldur líka helminginn af því sviði, sem hv. 12. þm. Reykv. er með í sinni till. En ef það ætti að ná yfir það allt, mundi þurfa að bæta þarna inn í líka rannsókn og tilraunum viðvíkjandi vinnslu fiskafurða.

Viðvíkjandi því spursmáli, hvort réttara sé að hafa þetta í höndum þeirrar gömlu fiskimálanefndar, stjórnar fiskimálasjóðs eða í nýrri vísindastofnun atvinnuveganna, þá held ég, að það væri miklu öruggara, að við reyndum að sameina í þessari nýju vísindastofnun allt slíkt: rannsóknir, tilraunir, líka sambandið við þá íslenzku hugvitsmenn, sem þarna eru að vinna, og annað slíkt. Ég held það væri skynsamlegra af okkur en reyna að fara að breyta eiginlega þeim praksis, sem hefur verið um fiskimálasjóð. Við vitum, að það, sem verið er að reyna að vinna með frv. um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, er að færa raunverulega saman í eitt, eina stóra stofnun í allmörgum deildum, það, sem áður hefur verið í allmörgum stofnunum í þjóðfélaginu, þannig að það væri meira í samræmi við þá stefnu, sem þarna er tekin, ef þetta væri sameinað þar.

Ég vildi benda á þetta til þess, ef það gæti orðið samkomulag um það við hv. flm., hv. 12. þm. Reykv., og aðra, sem áhuga hafa í þessum efnum, að við létum úr því verða á þessu þingi að leiða þessi mál þannig til lykta, að það væri öruggt, að að þeim verði unnið. Það er það sameiginlega áhugamál, sem allir þeir hafa, sem flutt hafa till., sem eitthvað eru í þessa áttina, mismunandi víðtækar.

Flm. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég fagna innilega þeim undirtektum, sem þessi till. mín til þál. hefur fengið hjá hv. ræðumönnum, sem hér hafa talað, síðan ég flutti mína frumræðu. Ég vil vænta þess, að einlægur vilji liggi að baki orðum þeirra allra um, að úrbætur fáist á þessu sviði, og hef það fyrir satt, þar til annað kynni að reynast, sem ég vænti að ekki verði.

Varðandi þá till. hv. 5. þm. Reykv., að hér

yrði aukið athafnasvið stjórnar fiskimálasjóðs, þá vildi ég aðeins minna á það, sem ég sagði í minni frumræðu um það. Ég þakkaði það stjórn fiskimálasjóðs, fiskimálanefnd, eins og hún hét í upphafi, og síldarútvegsnefnd, að margar af þeim tilraunum, sem séð hafa dagsins ljós í reynd, hafa náð fram að ganga, það væri til komið vegna stuðnings þeirra. Hins vegar er það ofur augljóst hverjum, sem fylgzt hefur með gangi mála í sjávarútvegsmálum, eins og svo mörgum öðrum hjá okkur, að þar hafa orðið stórfelldar og stórstígar breytingar, þótt ekki sé farið aftur um 30 ár, eins og hv. þm. minntist á, að þá hefði verið ákveðið í hlutverki þessarar stofnunar. En hvað sem því líður og hver sem endanleg niðurstaða hv. nefndar, sem þetta mál fær, kann að verða í þessum efnum, þá vænti ég þess, að um það verði samstaða, að úrbætur fáist í þessum efnum, svo mjög sem það hefur sýnt sig að vera arðbært fyrir þjóðina að stuðla að nýjungum og bættri tækni í þessum efnum, ekki sízt þegar hliðsjón er af því höfð, hve mannaflsskorturinn hefur verið okkur erfiður og þá erfiðastur, þegar mest berst að af afla og mest verðmæti eru í húfi. Ég treysti fullkomlega hv. n. til að ráða þessum málum svo til lykta, að þjóðinni megi verða til heilla í þessum efnum, en það er bakgrunnur þeirrar till., sem ég hef hér flutt.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil aðeins í tilefni af því, sem hv. 5. þm. Reykv. (ÞÞ) sagði í sambandi við það, að e. t. v. væri rétta skrefið í þessum efnum að efla fiskimálasjóð og fela honum þetta hlutverk, þá vildi ég aðeins lýsa því sem skoðun minni, að enda þótt þessi sjóður og fiskimálanefnd á sínum tíma eigi miklar þakkir skilið fyrir frumkvæði, sem þessir aðilar höfðu í ýmsum efnum, og stuðning sérstaklega við tilteknar rannsóknir, þá held ég, að þetta sé ekki sú leið, sem æskilegast væri að fara, miðað við nútímaaðstæður.

Ég er ekki í neinum efa um, að það kemst aldrei æskileg skipan á þessi mál, fyrr en sérstakri stofnun, sem gæti ráðið til sín sérfræðinga um þessi tæknilegu atriði, verður falið að vinna að staðaldri að þessum málum og fengið hóflegt fjármagn til að starfa. Það er því enginn efi á því, að þetta er það, sem hlýtur að koma, og ég held, að það sé ekki nema til að seinka því, sem hlýtur að koma og á að koma, ef ætti nú að fara að fela einhverjum aðila, jafnvel þótt góður sé, að hafa þessi mál að einhverju leyti með höndum til hliðar við sitt aðalverkefni. Þetta verður að vera í höndum stofnunar, sem lítur á það sem sitt eina og stóra verkefni að sinna þessum málum. Þau eru fjölþætt, og það er mikið í húfi, að þeim sé vel sinnt.

Þess vegna vil ég leggja á það ríka áherzlu enn einu sinni, að sérstök stofnun verður að koma, sem hefur þessi mál öll í sínum höndum. Hitt er svo mjög til athugunar og er sennilega eðlilegast, að löggjöf um slíka tæknistofnun sjávarútvegsins falli inn í heildarlöggjöfina um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, ef sú löggjöf kæmist þá á hér á hv. Alþingi. En það hefur gengið heldur erfiðlega að fá því lagafrv. þokað áfram. Þetta er stjórnarfrv., sem hefur legið fyrir a. m. k. þremur eða fjórum þingum nú að undanförnu, og það hefur legið fyrir þessu þingi, var eitt af fyrstu frv., sem fram voru lögð, og það er ekki enn komið úr n. í fyrri d. En fari svo, að því frv. þoki nú áfram og líkur séu til þess, að það nái fram að ganga, þá teldi ég mjög eðlilegt, að það sé athugað í sambandi við þær till. um tækniþjónustu fyrir sjávarútveginn, sem hér hafa verið til umr., að fella löggjöf um það efni inn í þessa heildarlöggjöf um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. En þó að það yrði gert, þá skiptir að mínu viti höfuðmáli, að þannig verði frá þeirri löggjöf gengið, að tæknistofnun sjávarútvegsins verði a. m. k. mjög fljótlega algerlega sjálfstæð deild, en hún verði ekki, þessi fjölþætta og mikilvæga starfsemi, falin einhverri annarri deild og það verði eins konar aukahlutverk annarrar deildar, sem hefði allt önnur höfuðviðfangsefni.

Þetta tel ég aðalatriði málsins, en að því fullnægðu væri mjög eðlilegt, að löggjöfin um tæknistofnun sjávarútvegsins félli inn í heildarlöggjöfina um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

25. Garðyrkjuskóli á Akureyri.

Á deildafundum 11. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um stofnun garðyrkjuskóla á Akureyri eða í grennd [125. mál] (A. 251).

Á 27. fundi í Sþ., 24. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 31. fundi í Sþ., 10. marz, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Við höfum allir þm. úr Norðurlandskjördæmi e. leyft okkur að leggja fram á þskj. 251 till. um stofnun garðyrkjuskóla á Akureyri eða í grennd Akureyrar. Till. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta

semja lagafrv. og leggja það fyrir næsta reglulegt Alþingi um garðyrkjuskóla ríkisins, er stofnaður verði á Akureyri eða í grennd hennar, og undirbúa jafnframt framkvæmdir að stofnun hans að öðru leyti, eftir því sem við getur átt, áður en löggjöf um hann er sett.“

Einn garðyrkjuskóli er í landinu, það er garðyrkjuskólinn í Hveragerði. Ríkið rekur hann samkvæmt sérstökum lögum, sem eru miðuð við hann og þann stað, sem hann er settur á. Þessi skóli hefur starfað síðan 1939. Ekkert er á þann skóla deilt, þótt sagt sé, að nú orðið geti hann alls ekki fullnægt öllu landinu, því að það er mjög eðlilegt. Garðrækt hefur á seinni árum aukizt mjög hérlendis og orðið fjölbreyttari. Enn þarf að auka hana stórlega, til þess að vel sé. Kunnátta er nauðsynleg við þau störf ekki síður en önnur. Undirstaða kunnáttu í garðyrkju er bæði bókleg og verkleg fræðsla. Á margt er lögð stund í landi okkar á þessum sviðum, svo sem ylræktun blóma, ylræktun matjurta og ávaxta, ræktun matjurta í reitum og á opnu landi, uppeldi á trjáplöntum og öðrum garðagróðri, skrúðgarðabyggingar og hirðing skrúðgarða o. s. frv. Sérhæfingar þarf með, vegna þess að sumar greinar garðyrkju eru í svo mörgu frábrugðnar hver annarri, að þar er lítið skylt annað en nafnið. Verkaskipting á milli tveggja skóla gæti því verið að mörgu leyti hagkvæm. Slík verkaskipting milli garðyrkjuskóla tíðkast mjög erlendis.

Á Norðurlandi er mikill áhugi á garðyrkju og hefur lengi verið, enda sér þess þar ljósan vott, t. d. á Akureyri. Flm. till. telja líka rétt að staðsetja skólann á Akureyri eða í nágrenni hennar, af því að á Akureyri eða í námunda við hana mundi hann njóta sín bezt. Jarðvegsskilyrði eru þar góð og veðurfarsskilyrði einnig heppileg með tilliti til þess, sem rækta þarf við slíkan skóla. Garðmenning á Akureyri er eldri og rótgrónari en almennt gerist í landinu. Þar eru margir garðar einstakir í sinni röð, fjölbreyttir og vænlegir til kynningar við kennslu. Þar er grasgarður, sem veitt gæti góð skilyrði til náms með kynningu á plöntugróðri, og mætti hugsa sér, að þar færi fram einhver hluti verknáms við skrúðgarðyrkju. Þar eða í nánd við Akureyri er hægt að fá jarðhita til ylræktar. Á Akureyri eru skilyrði til að fá sérmenntaða kennara, sem starfa við aðra skóla, til kennslu í ýmsum undirbúningsgreinum við garðyrkjuskóla, og hefur það mikla þýðingu.

Snemma á þessari öld hafði Ræktunarfélag Norðurlands árum saman garðyrkjunámskeið á vorin í gróðrarstöð sinni á Akureyri. Voru þau að vísu ekki margbrotin, en þóttu samt gefa góða raun og hafa menningarleg áhrif. Fólk, sem þau sótti, fitjaði upp á garðyrkju heima hjá sér á eftir og vakti áhuga annarra til að reyna það sama. En búnaðarsamtökin í landinu breyttu skipulagi sínu, og Ræktunarfélag Norðurlands dró saman seglin og þessi starfsemi féll niður. Hins vegar virðist orðið fullkomlega tímabært, að ríkið, sem búið er að reka garðyrkjuskóla sunnanlands í aldarfjórðung, reisi nú annan skóla á Norðurlandi.

Kvenfélagasamtökin á Norðurlandi hafa samþykkt áskorun um stofnun garðyrkjuskóla norðanlands. Samband norðlenzkra kvenna hélt t. d. fund á Akureyri 9. og 10. júní s. l. ár og samþykkti áskorun til stjórnar sinnar að hlutast til um, að hlutaðeigandi stjórnarvöld ríkisins komi upp garðyrkjuskóla á Norðurlandi hið allra fyrsta til að bæta úr brýnni þörf fyrir leiðbeiningar í garðrækt, eins og komizt er að orði í ályktuninni. Benti fundurinn á, að gróðrarstöðin á Akureyri væri nú orðin ríkiseign og mundi geta veitt aðstöðu í þessum efnum. Í Sambandi norðlenzkra kvenna eru 7 héraðssambönd kvenfélaga, svo að það er víðtækt samband.

Kvenfélagasamband Suður-Þingeyjarsýslu samþykkti sams konar ályktun út af fyrir sig.

Konurnar finna, hvar skórinn kreppir í þessum efnum. Þær hafa yfirleitt enn þá næmari skilning en við karlmennirnir á garðyrkjumálum eða a. m. k. ýmsum greinum þeirra. Efnislega er það tillaga og óskir kvenfélagasamtakanna fyrir norðan, sem við þm. úr Norðurlandskjördæmi eystra berum hér fram á hv. Alþ. á þskj. 251.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til, að umr. þessari verði frestað og málinu vísað til hv. fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 38 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndaráliti frá fjvn., á þskj. 670, var útbýtt 7. maí, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

26. Endurskoðun skólalöggjafarinnar.

Á deildafundum 11. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um endurskoðun skólalöggjafarinnar [126. mál] (A. 253).

Á 31. fundi í Sþ., 10. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Sjö þm. Framsfl. bera fram till. þessa til þál. um endurskoðun skólalöggjafarinnar. Ég mun gera nokkra grein fyrir till. af hálfu flm. Tillgr. er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að kjósa hlutfallskosningu 7 manna nefnd til þess að annast í samráði við hlutaðeigandi stjórnarvöld og kennarasamtökin endurskoðun á allri skólalöggjöf landsins, nema löggjöf um Háskóla Íslands. End-

urskoðunin miðist fyrst og fremst við, að samhæft verði hið opinbera fræðslustarf í almennum skólum og sérskólum aðkallandi þörfum þjóðlífsins á hverjum tíma og allir fái sem jafnasta aðstöðu til náms, hvar sem þeir búa á landinu. Leita skal nefndin aðstoðar sérfræðinga eftir þörfum við endurskoðunina. Nefndin kýs sér sjálf formann. Áliti og tillögum skili nefndin til Alþingis, svo fljótt sem hún fær því við komið. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði."

Hinn dýrmætasti auður í þjóðfélaginu er lífskraftur sjálfrar þjóðarinnar, andlegur, líkamlegur og siðferðilegur. En til þess að hann njóti sín og verði þjóðlífi til eflingar og farsældar, þarf að efla starfshæfni og siðgæði hvers einstaklings og búa honum sem bezt skilyrði til vaxtar og þroska. Þetta er undirstaða þess, að þjóðinni vegni vel í landi sínu og standist samkeppni við aðra um öflun verðmætanna úr fiskimiðunum, frjómoldinni eða með afli fossanna. Þessa undirstöðu á skólakerfið að styrkja.

Sjálft skólastarfið er tvinnað tveim þáttum, sem báðir eru mikilvægir, en þeir eru uppeldi og fræðsla. Á fyrstu stigum skólakerfisins er uppeldisþátturinn gildari, en á síðari stigum þess situr í fyrirrúmi fræðsla og öflun þekkingar með eigin vinnu nemenda. Í skólakerfinu og með starfsháttum skólanna ber að dómi flm. að leggja áherzlu á að ná þessum markmiðum: Að gáfur allra njóti sín sem bezt. Með því verður í senn tryggð farsæld einstaklingsins og efling þjóðlífsins. Þá skiptir miklu, að jafnframt hinni almennu menntun sé hvors tveggja gætt, að þeir, er hafa frábæra hæfileika, fái að njóta þeirra í námi og starfi og að þeir, er afbrigðilegir eru, njóti nauðsynlegrar aðhlynningar. Með menntuninni ber að styrkja siðgæði þeirra, er hennar njóta. Við eigum að kosta kapps um að varðveita þjóðernið og efla þjóðlega menningu. Með skólastarfinu ber að leggja ríka áherzlu á þær greinar, sem eru séreign þjóðarinnar og sérkenna menningu hennar, en það eru fyrst og fremst tungan, bókmenntirnar og sagan. En í skólakerfinu verður að taka tillit til þess og í vaxandi mæli, að við lifum í samfélagi þjóða og verðum að standa á sviðuðu stigi og þær þjóðir, sem okkur standa næst, bæði efnahagslega og menningarlega, til að dragast ekki aftur úr öðrum og halda hlut okkar í þjóðasamfélaginu, eftir því sem aðstaða okkar leyfir. Þá verður að auka kennslu í mörgum greinum, sem í eðli sínu eru alþjóðlegar, svo sem verkfræði og tækni margs konar. Við þurfum að búa margt æskufólk undir það að tileinka sér og hagnýta nýja og aukna tæknikunnáttu. Skylt er að dómi okkar flm. að veita öllum sem jafnasta aðstöðu til náms, hvar sem þeir búa á landinu, þannig að ungmennum hvarvetna á landinu sé búin jöfn og sem bezt aðstaða til menntunar, svo að allir, er þess óska, fái notið hennar, hver við sitt hæfi. Og það er ekki nóg, að þetta sé viðurkennt í löggjöfinni, heldur verður að tryggja það í framkvæmd.

Jafnframt því, að skólakerfið er gert sveigjanlegt og víðtækt, þannig að það veiti aðstöðu til æ fjölþættara náms, þarf að samhæfa skólastarfið, svo að nám í einum skóla stytti nám í öðrum, eftir því sem kostur er, svo að námsbrautin geti orðið sem greiðfærust.

Skólarnir eiga með starfi sínu að kosta kapps um að efla persónulegan þroska nemenda, og hlutverk þeirra á þessu sviði verður æ stærra með breyttum þjóðfélagsháttum. Íslenzk menning er að uppruna bændamenning og hefur þróazt þannig öldum saman. Hún hefur þau einkenni að koma öllum til nokkurs þroska og brýna framtak, svo að nærri ótrúlega margir láta ekki baslið smækka sig. Háþróuðum iðnaðarþjóðfélögum fylgir víða menningarleg lágstétt, sem sumar þjóðir ráða lítt við að lyfta upp eða losna við. Í þjóðfélagi okkar er stefnt að stórauknum iðnaði og verksmiðjuvinnu. Jafnframt því reynir meira á skólana en fyrr að ná þeim áhrifum, neyta þeirra áhrifa og haga svo störfum, að í hinu íslenzka þjóðfélagi verði ekki til menningarleg lágstétt.

Að sjálfsögðu hefur margt af þessu verið haft í huga við setningu eldri skólalöggjafar og þeirrar, er nú gildir. En þjóðlífshættir breytast ört, og vissir þættir skólalöggjafarinnar eru orðnir gamlir. T. d. eru lög um fræðslumálastjórn 35 ára gömul. Fyrir 10 árum var með lögum verkefni fræðslumálastjóra skipt og komið á fót stofnun fjármálaeftirlits skóla. Nú er stjórn fræðslumála og undirbúningur fjárveitinga til skólaframkvæmda hjá menntmrn., fræðslumálaskrifstofu og fjármálaeftirliti skóla, en ekki samræmi í löggjöfinni um þennan þátt mála. Hin almenna skólalöggjöf, þ. e. um skólakerfi og fræðsluskyldu, barnafræðslu, gagnfræðanám og menntaskóla, er senn tvítug.

Á s. l. 20 árum hafa orðið örari breytingar á þjóðlífinu en nokkru sinni fyrr. Þéttbýli hefur stóraukizt og bæir stækkað og þar sezt að öll fólksfjölgunin, en strjálbýlið heldur varla sínum fólksfjölda og alls ekki í réttu hlutfalli við íbúafjölda landsins. Heimili í þéttbýlinu hafa ekki skilyrði til að veita jafnsterk uppeldisáhrif og sveitaheimilin gerðu. Og heimavistarskólarnir í sveitum taka til sín börn og ungmenni af sveitaheimilunum, meðan námstíminn varir, og taka þar með í sínar hendur að miklu leyti það uppeldisstarf, sem sveitaheimilin önnuðust fyrrum. Þetta er að ýmsu leyti hagkvæmt og óhjákvæmilegt, enda er mikið leitað eftir fjárframlögum til að reisa heimavistarskóla. En þetta fyrirkomulag leggur skólunum ríkar skyldur á herðar, og ríkisvaldið verður að búa þeim góð skilyrði til að rækja þær skyldur.

Síðan hin almenna skólalöggjöf var sett, hefur orðið gerbreyting á atvinnuháttum þjóðarinnar. Vélvæðing ryður sér til rúms í nær öllum atvinnugreinum. Þetta gildir ekki einungis gagnvart aðalatvinnuvegum þjóðarinnar

og við stórar framkvæmdir. Breytingin nær einnig til margs konar iðnaðar og inn að skrifstofustólnum, þar sem vélvæðing við skrifstofustörf og hvers konar skýrslugerð ryður sér ört til rúms. Þessi öra breyting á atvinnuháttum og vinnubrögðum knýr á um endurskoðun skólalöggjafarinnar, ef þess er nægilega gætt, að fræðslukerfi landsins á hverjum tíma sé sem bezt samhæft þeim kröfum, sem gera verður með tilliti til breyttra þjóðfélagshátta og nýrrar þekkingar á sviði uppeldis- og fræðslumála. Endurskoðunin á ekki samkv. till. að vera einungis miðuð við barnafræðslustigið. Hún þarf að grípa inn á svið allrar framhaldsmenntunar, bæði gagnfræðaskóla, menntaskóla og margra sérfræðiskóla, þar sem ekki sé einvörðungu fjallað um fjölda skólanna og stærð, heldur og um námsefni og kennsluhætti. Menntaskólum þarf að fjölga. Fyrir þessu þingi liggja nú þegar þrjú frv. um það efni. Það er ekki ætlun flm. þessarar till. að tefja fyrir framgangi þeirra frv., svo augljós nauðsynja- og réttlætismál sem þar eru á ferð. En námsefni og starfshætti menntaskólanna þarf að endurskoða, m. a. með tilliti til fjölbreyttari skiptingar í deildir. Iðnfræðslunni þarf að gefa gaum með tilliti til aukinnar fjölbreytni og ört vaxandi tækni. Þá telja flm. ekki sízt nauðsynlegt að kanna rækilega þörf þjóðfélagsins fyrir sérfræðiskóla í ýmsum greinum, svo sem í tækni, iðnfræðum og öðrum hagnýtum greinum, sem snerta atvinnuvegi landsins, og gera till. um skipan þeirra og stöðu innan fræðslukerfisins. Á Norðurlöndum hafa lýðháskólarnir lengi starfað og þróazt samhliða samfelldu skólakerfi. Hér þarf í löggjöfinni að hafa rúm fyrir æskulýðsskóla, er geti starfað á svipuðum grundvelli og lýðháskólar í nágrannalöndunum.

Þegar gildandi skólalöggjöf var sett, var að ýmsu leyti lagt út á nýjar brautir í skólastarfi hér á landi. Það verður ekki rakið í sambandi við þessa till. í einstökum atriðum, en hér skulu aðeins valin tvö atriði sem dæmi. Þá var sú breyting gerð frá eldri skipan, að barnaskólanámi skyldi ljúka við 13 ára aldur í stað 14 ára aldurs, eins og áður tíðkaðist, en nám í gagnfræðaskóla lengt um eitt ár. Síðan þessi breyting var gerð, er fermingarbarnið orðið nemandi í gagnfræðaskóla. Um þetta eru skiptar skoðanir meðal skólafróðra manna, og þykir orka mjög tvímælis, hvort sú breyting, sem á sínum tíma var gerð í þessu efni, er til bóta. Í l. um gagnfræðanám segir berum orðum: „Skólar gagnfræðastigsins skulu vera sérstakir skólar og starfa í eigin húsnæði, þar sem því verður við komið. Í skólahverfum í sveitum skal þó að jafnaði starfa unglingaskóli í sambandi við barnaskólana.“ Meginreglan er samkv. orðalagi og anda gildandi laga, að nám gagnfræðastigsins, er nær til ungmenna á aldrinum 14—17 ára, fari fram í sérstökum skólum. Hitt er aðeins undantekning vegna sveitanna. En nú er svo komið í framkvæmd, að þeir, sem hafa á hendi stjórn skólamála, halda því fram sem rökum fyrir því, að ekki þurfi að reisa marga nýja héraðsskóla fyrst um sinn, að heppilegra sé og jafnvel farsælla, að allt skyldunámið, þ. e. fyrri hluti náms á gagnfræðastiginu, fari fram í sambandi við barnaskólana, ekki aðeins í sveitum, heldur í allfjölmennum og ört vaxandi kauptúnum. Eðlisfar og líkamsþroski unglinga er svipaður, hvort sem þeir alast upp í mesta þéttbýli landsins eða þar sem fámennast er. Og ef það er hollast frá uppeldisfræðilegu sjónarmiði börnum í höfuðborginni að ganga úr barnaskóla og upp í gagnfræðaskóla við 13 ára aldur, hlýtur það líka að vera hollt börnum annars staðar á landinu. Hér á ekki að leggja til grundvallar fyrst og fremst, hvort komast megi hjá einhverjum útgjöldum, a. m. k. í bili, heldur hitt, hvað verður talið að fenginni reynslu þroskavænlegast andlega og siðferðilega hinum ungu, sem eiga að erfa landið. Og þá er full ástæða til, að hið sama sé látið gilda í löggjöf og framkvæmd í kaupstöðum og kauptúnum, svo sem Ísafirði annars vegar og Stykkishólmi hins vegar eða Neskaupstað annars vegar og Höfn í Hornafirði hins vegar, meira að segja að hið sama sé látið gilda í sjálfri höfuðborginni og annars staðar á landinu. Þetta veigamikla atriði þarf að endurskoða gaumgæfilega með tilliti til fenginnar reynslu.

Með gildandi skólalöggjöf var fyrst tekið upp hið svonefnda landspróf. Það miðar að því að gera mörgum ungmennum námsbrautina greiðfærari en ella mundi. Á hinn bóginn hefur framkvæmd þessa prófs sætt allmikilli gagnrýni, einkum með tilliti til þess, að kennslustarf og nám sé um of miðað við prófkröfurnar. Nú er fengin svo löng reynsla af framkvæmd gildandi skólalöggjafar, að af henni má margt læra, m. a. í þessu efni. Við endurskoðun löggjafarinnar ber að draga rökréttar ályktanir af fenginni reynslu af landsprófinu.

Gildandi lög um fræðslukerfi og skólaskyldu kveða að vísu á um skólaskyldu allra barna á aldrinum 7—15 ára. Frá því eru þó gerðar vissar undantekningar, en undanþáguákvæði l. um framkvæmd skólaskyldu ber að líta á sem bráðabirgðaákvæði, sem nauðsynleg voru á sínum tíma og réttmætt að framkvæma um sinn. En nú eru fræðslukröfur vaxandi, en skilyrði til viðunandi heimakennslu mjög erfið. Hins vegar er nú orðinn mikill aðstöðumunur til skólagöngu eftir því, hvort í hlut eiga dreifbýli eða kaupstaðir, þannig að stórlega hallar á dreifbýlið, þ. e. a. s. sveitir og hinar smærri byggðir við sjávarsíðuna. Hafa flm. ekki sízt í huga þá staðreynd, að skólaskylda barna og unglinga í sveitum er enn í framkvæmd verulegum mun skemmri og námsgreinar þar oft fábreyttari en í kaupstöðum og hinum stærri kauptúnum. Vilja flm. benda á, að jöfnun þessa aðstöðumunar sækist allt of seint.

Þá vilja flm. sérstaklega benda á vaxandi

erfiðleika unglinga í sveitum og þorpum til gagnfræðanáms og nauðsyn þess flestu öðru fremur að gera mjög verulegt átak í því skyni að ryðja þeim erfiðleikum úr vegi, einkum með því að fjölga héraðsskólum í landinu. Hver sýsla er að jafnaði sérstakt fræðsluhérað. Með gildandi l. um gagnfræðanám var stefnt að því, að einn gagnfræðaskóli hið minnsta skyldi starfa í hverju fræðsluhéraði. Þrátt fyrir þetta hefur enginn nýr héraðsskóli verið reistur á landinu s. l. 15 ár. Aðsókn að þeim héraðsskólum, sem starfandi eru, hefur hin síðari ár verið svo mikil, að árlega hefur orðið að vísa fjölmörgum umsækjendum frá skólavist. Og í sumum héruðum verða vandamenn unglinga að hafa mörg útispjót til að fá skólavist þeim til handa, eftir að skyldunámi lýkur. Í l. um gagnfræðanám segir svo: „Heimilisfaðir unglings, sem skylt er að stunda gagnfræðanám, ber ábyrgð á, að hann hljóti lögboðna fræðslu og sæki lögboðin próf.“ Því sama ríkisvaldi, sem leggur heimilisfeður þessa skyldu á herðar, ber ótvírætt að sjá um, að ungmenni, hvar sem þau eru á landinu, geti átt kost á aðgengilegri skólavist í gagnfræðaskóla.

Samkv. gildandi lögum eiga skólar gagnfræðastigsins að greinast í tvær hliðstæðar deildir, verknámsdeild og bóknámsdeild. Barnapróf veitir rétt til inngöngu í hvora þessara deilda um sig. Enn vantar mikið á, að þetta sé þannig í framkvæmd, að barn, sem lýkur prófi, geti gengið til náms í verknámsdeild gagnfræðastigsins hvar sem er á landinu. Þetta þarf að endurskoða og endurmeta með tilliti til þess, að samræmi sé í löggjöf og framkvæmd.

Af því, sem ég hef nú sagt, teljum við flm. þessarar till., að tímabært sé að efna til heildarendurskoðunar á skólakerfinu, og álít margra félagasamtaka, sem gert hafa ályktanir um þessi mál, benda eindregið til þess, að margir fleiri í þjóðfélaginu hafi sömu skoðun á þessu máli og við flm.

Ég legg svo til, að eftir að þessari umr. lýkur, verði till. vísað til síðari umr. og hv. fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til fjvn. með 34 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá minni og meiri hl. fjvn., á þskj. 674 og 675, var útbýtt 7. maí, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

27. Útfærsla fiskveiðalandhelginnar fyrir Vestfjörðum.

Á deildafundum 11. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um útfærslu fiskveiðalandhelginnar fyrir Vestfjörðum [127. mál] (A. 254).

Á 27. fundi í Sþ., 24. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 31. fundi í Sþ., 10. marz, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 32. fundi í Sþ., 17. marz, var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 3. þm. Vestf. (SE) að flytja till. til þál. um útfærslu fiskveiðalandhelginnar fyrir Vestfjörðum. Það mun hafa verið hinn 11. febr., sem till. var útbýtt hér á hv. Alþ., og er því liðið nokkuð á annan mánuð, síðan hún var flutt, og það er því ekki vonum fyrr, að hún komi til umr. Till. er á þskj. 254, og er hún þannig orðuð, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að breyta reglugerð þeirri um fiskveiðalandhelgi, sem sett er skv. l. nr. 44 frá 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, þannig að fiskveiðalandhelgin fyrir Vestfjörðum taki til vestfirzka landgrunnsins alls, austan frá Húnaflóa og suður á Breiðafjörð. Breyting þessi á fiskveiðalandhelginni fyrir Vestfjörðum taki gildi eigi síðar en 15. okt. 1965.“

Það er auðvitað öllum hv. þm. ljóst, að með þessari till. er hreyft því máli, er grundvallarþýðingu hefur fyrir lífsafkomu fólksins, sem Vestfirðina byggir. Málið er því stórmál, a. m. k. í augum allra hugsandi Vestfirðinga, og það tel ég fjarstæðu, að afstaða manna í þeim landshluta til slíks máls eigi eða megi mótast af flokkspólitískum sjónarmiðum. Mér urðu það því mikil vonbrigði, þegar það kom í ljós, að engir af stuðningsmönnum stj. í liði Vestfjarðaþm. fengust til að gerast meðflm. að till., en eftir því var þó vissulega leitað. Hefði eitthvað í búningi till. eða orðalagi verið því til fyrirstöðu, að þeir gætu staðið að flutningi hennar, mundi það auðvitað hafa verið auðsótt mál að koma til móts við þá um breytingar, svo að þeir gætu orðið með, en þeir báru slíkt alls ekki fyrir sig. Á þeim mátti öllum heyra, að þeim væri synjað um aðild að slíkri till. af forustu Sjálfstfl. og Alþfl. Einn þeirra tjáði mér, að hann hefði leitað fast eftir því að mega vera meðflm. að till., en fengið þvert nei. Annar þeirra kvaðst vita, að hann fengi ekki heimild síns flokks til að standa að flutningi slíkrar till., en hann áliti málið samt svo mikils vert, að hann

teldi rétt, að það væri þrátt fyrir það flutt inn í þingið.

Þannig voru undirtektir samþingismanna minna í Vestfjarðakjördæmi, þegar málið var lagt fyrir þá. Aðdróttanir á opinberum vettvangi um, að við flm. séum sekir um að nota landhelgismálið til áróðurs innanlands og til framdráttar einstaklingum eða flokkum, eins og það var orðað í forustugrein í Morgunblaðinu 14. febr. s. l., eru því í senn ómaklegar með öllu og ósannar sakargiftir.

Í þessum geðvonzkuleiðara Morgunblaðsins 14. febr. segir, að við höfum hent fram till. um að skipa ríkisstj. að breyta landhelginni þannig, að hún taki til landgrunnsins alls fyrir Vestfjörðum frá 14. okt. n. k., og þetta allt án þess að tillögumenn hafi ráðfært sig við nokkurn mann, sem sérþekkingu hafi í landhelgismálum og þjóðarétti. Svo mörg voru þau orð. En málið var þó borið undir hv. forseta Nd. og einnig hæstv. forseta Sþ., og stendur það því sem fullyrðing Morgunblaðsins, en ekki mín, að þeir séu þekkingarsnauðir í landhelgismáli og þjóðarétti. Hverjir þessir þjóðréttarfræðingar, sem bera hefði átt málið undir, kunna að vera, það er mér ekki fullljóst.

Till. er orðuð á venjulegan og fullkomlega þinglegan hátt. Upphaf till. er svo: „Alþingi ályktar að fela ríkisstj.“ — og síðan áfram: „að breyta reglugerð þeirri, sem fiskveiðalandhelgin, sem sett hefur verið skv. lögunum um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins,“ o. s. frv., fela ríkisstj. að setja reglugerð á grundvelli gildandi laga. Og til þessa er ríkisstj. ætlaður mjög rúmur tími, nefnilega fullir sjö mánuðir, og mætti ætla, að henni entist sá tími, og þá hugsanlegt, ef hún bæði um hann lengri af einhverri ríkri nauðsyn, að fallizt hefði verið á að breyta því ákvæði till. Orðin „að henda fram“ og „að skipa ríkisstjórninni“ eru því Morgunblaðshæverska, sem því einu málgagni hæfir um slíkt stórmál sem hér er um að ræða.

Í umræddri forustugrein Morgunblaðsins segir, að í slíku máli beri að leitast við að hafa sem víðtækasta samvinnu. Var það nú ekki einmitt það, sem gert var, þótt slíkri samvinnu væri hafnað? En hverra sök er það? Ég segi: A. m. k. ekki okkar flm., sem samvinnu leituðum um málið, svo mikið er víst. Hitt er aldrei nema hárrétt, að um slíkt mál sem þetta á að reyna að fá sem fullkomnasta samvinnu. Það hefur verið gert.

Enn segir leiðarahöfundur Morgunblaðsins, hver sem sá ágæti maður er, hvort sem hann er Vestfjarðaþm. eða ekki, hann segir 14. febr., að ekkert megi gera í landhelgismálinu, nema það sé áður grandskoðað af færustu sérfræðingum stjórnarinnar, sem séu, eins og þar stendur, meðal hinna fremstu í heimi, enda hafi þeir sýnt, að þeir hafi bæði vit og þroska, gengið undir ýmiss konar gáfnapróf, til þess að koma málum okkar áleiðis. Ja, það er ekki ónýtt að eiga fremstu sérfræðingum heimsins í landhelgismálum á að skipa, gæddum viti og þroska til þess að koma málum okkar áleiðis og örugglega í höfn. Hún er ekki blönk á þessu sviði, hæstv. ríkisstj. Og er þá ekki tímabært að koma þessu stórmáli í slíkar heillahendur hæstv. ríkisstj. og heimsfrægra sérfræðinga hennar? Það er einmitt það, sem fyrir okkur flm. till. vakir, og nálega eiginlega ekkert annað en trúa þeim fyrir málinu, og við héldum ekki, að það væri ástæða til að óskapast yfir slíku.

Hver er að ganga fram hjá þessum sérfræðingum? Ekki við flm. Við leggjum það eitt til, að hæstv. ríkisstj. Íslands sé falið að gera nauðsynlegar aðgerðir í málinu, og líklegast er ekki hætta á, að hún láti það henda sig að ganga fram hjá fremstu sérfræðingum í heimi í landhelgismálinu, fyrst hún að sögn Morgunblaðsins hefur slíkum spekingum á að skipa. Ég get ekki ætlað henni það, svo að málinu ætti ekki að vera stofnað í neinn voða.

Morgunblaðsritstjórinn segir, að við höfum unnið stórsigra í landhelgismálum, og víst er um það. Og síðan bætir hann við: ekki sízt með samkomulaginu við Breta. Ja, þar kom það! Og einskis vil ég fremur óska en það ætti eftir að sannast rækilega í sambandi við umr. um þetta mál, að með því samkomulagi hafi stórsigur unnizt fyrir okkur Íslendinga. Sá atburður verður vafalaust ræddur eitthvað í þessum umr.

Það er tvítekið í þessum Morgunblaðsleiðara, að það sé margyfirlýst stefna, að við munum keppa að því að friða landgrunnið allt. Einnig er það viðurkennt, að auðvitað, eins og þar stendur, þurfum við friðunar við, bæði fyrir Vestfjörðum og annars staðar, enda sé að því unnið, og því takmarki munum við ná, þegar tímar líða, bara ekki vera of bráðlát. Eftir þessu mætti ætla, að Morgunblaðið væri okkur flm. till. hjartanlega sammála og teldi hana a. m. k. tímabæra, og einnig mætti ætla, að það fagnaði, að hún væri fram komin, þar sem hún styddi og hreyfði við yfirlýstri stefnu ríkisstj. um að vinna að slíku máli, — máli, sem hún gerði sér og stuðningsmenn hennar og málgögn fyllstu vonir um, að hægt yrði að leiða til lykta — að vísu ekki nú, heldur, eins og það var orðað í blaðinu, þegar tímar líða.

En eins og menn hafa nú þegar heyrt að nokkru, fer fjarri því, að Morgunblaðið fagni fram kominni till. um þetta sjálfsagða stefnumál stjórnarinnar. Nei, ritstjórinn verður allt í einu hvítglóandi af bræði út af flutningi slíkrar till. og stimplar tillöguflutninginn með einu orði: „Afglapaháttur“, og það er einmitt yfirskrift þessa margnefnda Morgunblaðsleiðara um landhelgismálið, orðið „Afglapaháttur“. Ég held, að þessi fyrirsögn á leiðara í höfuðmálgagni ríkisstj., Morgunblaðinu, sé eiginlega ágætur stimpill á menningarlega stöðu þessa málgagns í opinberum umr. um mál. Ég held, að það ætti að setja þetta í hausinn á blaðinu: Afglapaháttur. Hvað sem

um það er, þannig er orðbragð þessa stærsta blaðs þjóðarinnar, blaðs hæstv. forsrh., þegar það skrifar um eitt allra þýðingarmesta mál þjóðarinnar, ég vil segja í nútíð og framtíð, landhelgismálið. Ég læt svo hv. þm. um það að dæma um, hvort slíkur ritháttur muni nú fremur vera til vansæmdar blaðinu eða þeim, sem atyrtir eru.

Nú skal ég láta Morgunblaðið og þess siðprúða og menningarlega munnsöfnuð í sambandi við þetta mál liggja milli hluta og snúa mér að efni till. og öðrum þáttum landhelgismálsins, sem ég tel rétt að víkja að í leiðinni.

Það byggist á lífsnauðsyn Vestfirðinga, eins og mál hafa þróazt hin síðari ár, að þessi till. er flutt. Það verður aldrei með sanni sagt, að hún sé fram borin að ófyrirsynju. Ólund eða afbrýðisemi yfir því, að málinu er nú hreyft, á því engan rétt á sér frá neinu sjónarmiði. Lög um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins marka því algerlega svið, hvernig hægt er yfirleitt að taka landhelgismálið upp. Það verður einungis gert með ályktun Alþ. um að fela ríkisstj. á hverjum tíma að breyta reglugerð þeirri um fiskveiðalandhelgina, sem sett er á grundvelli þeirra laga, og sú er líka málsmeðferðin samkv. þessari till. og sú hefur málsmeðferðin verið alla tíð, þegar einhverjar aðgerðir hafa verið uppi í landhelgismálinu, eftir að lög um vísindalega verndun fiskimiðanna á landgrunninu voru sett. Þessar staðhæfingar mínar verða ljósar hverjum manni, sem les 1. gr. l. um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, en hún er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Sjútvmrn. skal með reglugerð ákveða takmörk verndarsvæða við strendur landsins innan endimarka landgrunnsins, þar sem allar veiðar skuli háðar íslenzkum reglum og eftirliti, enda verði friðun á landgrunninu á engan hátt rýrð frá því, sem verið hefur. Ráðuneytið skal einnig ákveða allar þær reglur, sem nauðsynlegar eru til verndar fiskimiðunum á ofangreindum svæðum. Ráðstafanir þessar skulu gerðar að fengnum till. Fiskifélags Íslands og atvinnudeildar Háskóla Íslands. Reglugerðin skal endurskoðuð, eftir því sem vísindalegar rannsóknir gefa tilefni til."

Þessi lög voru á sínum tíma samþ. einróma á Alþingi, og þau hafa alltaf síðan verið sá grundvöllur, sem byggt hefur verið á, þegar ráðstafanir hafa verið gerðar til aukinnar friðunar fiskistofna við landið eða til stækkunar íslenzkrar fiskveiðalandhelgi. Það hefur, held ég, aldrei verið umdeilt meðal Íslendinga, að með landgrunnslögunum lýstu þeir yfir óskoruðum rétti sínum til landgrunnsins alls. Með þessum lögum var ótvírætt lýst yfir, að íslenzka landgrunnið hyrfi undir íslenzka lögsögu, alveg á sama hátt og landið sjálft, og skyldi sjútvmrn. með setningu reglugerða ákvarða allar reglur, sem þar skyldu gilda á hverjum tíma um fiskveiðar innan endimarka landgrunnsins, svo og um víðáttu fiskveiðalandhelginnar hverju sinni.

Á þessum lögum var byggt árið 1950, þegar rýmkun var gerð á fiskveiðalögsögunni á nokkrum einstökum stöðum fyrir Norðurlandi, og auðvitað var það gert, eins og nú er lagt til, með því að fela ríkisstj. að setja ný reglugerðarákvæði um fiskveiðamörkin á þessum svæðum.

Á lögunum um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins var einnig byggt, þegar grunnlínum var breytt og fiskveiðalandhelgin stækkuð úr þremur mílum í fjórar með setningu reglugerðar nr. 21 frá 19. marz 1952. Gert með sama hætti, segi ég, þ. e. a. s. þessi breyting, sem þá var framkvæmd, var gerð með einhliða tilkynningu íslenzka sjútvmrn., en þar sat þá, held ég, á húsbóndastóli Ólafur Thors, og þess skyldu menn minnast í þessu sambandi, að þá var ekki til nein þjóðréttarleg viðurkenning á fjögurra mílna fiskveiðalandhelgi, en samt dirfðist þessi forustumaður okkar og íslenzka þjóðin að stíga þetta skref á grundvelli þess réttar, sem við sjálfir töldum okkur eiga sem strandríki.

Bretar ruku þá að vísu upp til handa og fóta og mótmæltu. Þeir töldu þessar aðgerðir Íslendinga vera brot á þjóðarétti, brot á alþjóðalögum, eins og þeir sögðu, og kröfðust þess, að Íslendingar tækju upp samninga um víðáttu íslenzku landhelginnar. En því var þá af þáv. ríkisstj. algerlega neitað, þverlega neitað, engin hneiging fyrir þeirri fullyrðingu, að við værum að brjóta alþjóðalög.

Ríkisstj. Íslands svaraði með orðsendingu til Bretastjórnar, og er sú orðsending dagsett 17. maí 1952, og er þar fyrst sagt frá munnlegum viðræðum, sem Ólafur Thors hafi átt við brezka forustumenn í þessum málum, brezka ráðherra, hygg ég. Síðan sagði orðrétt í þessari orðsendingu, sem er í skýrsluformi, með leyfi hæstv. forseta: „Ólafur Thors ráðherra lagði aftur á móti á það áherzlu," — það er búið áður að segja frá orðaskiptum Bretanna, — „að íslenzka ríkisstj. áliti, að hinar fyrirhuguðu ráðstafanir væru í samræmi við alþjóðalög og að ekki væri hægt með milliríkjasamningi að afsala réttinum til að taka einhliða ákvarðanir um mesta velferðarmál þjóðarinnar," — ekki hægt með milliríkjasamningi að afsala réttinum til að taka einhliða ákvarðanir um mesta velferðarmál þjóðarinnar. Enn segir: „Það er vissulega skoðun íslenzku ríkisstj., að hvert ríki megi sjálft innan sanngjarnra takmarka ákveða víðáttu fiskveiðilögsögu sinnar með hliðsjón af efnahagslegum, fiskifræðilegum og öðrum aðstæðum á staðnum." Það hefur verið talið, og ég held, að það sé rétt, að höfundur þessarar djarfmannlegu og rökföstu orðsendingar til Breta sé Bjarni Benediktsson, núv. hæstv. forsrh.

Nú gæti verið, að einhver staldraði við orðið í þessari orðsendingu eða orðin „innan sanngjarnra takmarka", og að þeir væru nú komnir út á hin sanngjörnu mörk og nú væri

þess vegna ekki hægt við að bæta. En það er augljóst af grein í Morgunblaðinu daginn eftir, þ. e. a. s. 18. maí 1952, að þar er aðeins átt við þau réttarmörk, sem lögin um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins setji, og er því algerlega sama viðmiðun og við höfum að miða við enn í dag. Í þessari grein Morgunblaðsins 18. maí 1952 sagði m. a. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hvert strandríki hefur rétt til þess innan sanngjarnra takmarka að ákveða víðáttu fiskveiðilögsögu sinnar. Einnig hinar landfræðilegu aðstæður fela í sér sterk rök fyrir rétti Íslendinga til einhliða ráðstafana til verndar fiskimiðum sínum. Landgrunnið umhverfis Ísland er mjög greinilega markað. Sá stöpull, sem landið hvílir á, tilheyrir því svo greinilega, að ekki verður um villzt. Þar kemur ekki til greina nálægð við önnur lönd. Einbúinn í Atlantshafi hefur ekki ruglað reytum sínum saman við neina aðra. Landgrunnið tilheyrir Íslandi og fiskimið þess sömuleiðis."

Þetta var álit þess, sem reit í Morgunblaðið um landhelgismálið 1952, og ég hygg, að ég fari ekki fjarri sönnu um það, að sá höfundur muni einnig hafa verið núv. hæstv. forsrh.

Tveim dögum síðar, þann 20. maí 1952, sagði Morgunblaðið enn fremur: „Íslenzka ríkisstj. getur ekki fallizt á að ganga til samninga um þetta mál, þar sem hún lítur svo á, að samkv. alþjóðarétti sé Íslendingum í sjálfsvald sett að taka þær ákvarðanir í þessum efnum, sem teknar hafa verið." Og þarna hefur hæstv. ríkisstj. þá sjálfsagt stuðzt við sína heimsfrægu sérfræðinga í landhelgismálum. Þetta þykir mér skörulega mælt og vel á rétti Íslands haldið, og vil ég vænta þess, að a. m. k. sömu menn hafi sömu afstöðu að því er þetta snertir enn í dag. A. m. k. hefur ekki hið landfræðilega sjónarmið okkar breytzt okkur neitt í óhag, frá því að þessi orð voru skrifuð: „Einbúinn í Atlantshafi hefur ekki ruglað reytum sínum saman við neina aðra. Landgrunnið tilheyrir Íslandi og fiskimið þess sömuleiðis." Landgrunnið fyrir Vestfjörðum tilheyrir Vestfirðingum, og auðlindir þær, sem þetta landgrunn getur veitt, eiga að vera lífsbjörg þess fólks, sem byggir þann landshluta. Þetta var talinn okkar réttur þá, og þetta er okkar réttur í dag. Hitt er svo annað mál, hvort við þurfum að kljást við valdhafa erlendra ríkja um það, hvort við getum haldið þessum rétti okkar og verndað hann. En það var þá eins og nú nokkrum annmörkum háð að geta náð sínum rétti, því að við sterkan var að deila.

Þessi rök ættu öll að hafa sama gildi enn í dag, nema þá saminn hafi verið af okkur einhver réttur, sem þá var staðið á, og vil ég alls ekki gera því skóna.

Þá vil ég þessu næst víkja að örlagaglímunni í landhelgismálinu á árinu 1958. Þá var enn byggt á traustum grunni landgrunnslaganna, þegar úrslitaskrefið var stigið og fiskveiðalandhelgin stækkuð úr 4 í 12 sjómílur með setningu reglugerðarinnar frá 1. sept. 1958. Hér kemst ég ekki hjá því að víkja lítið eitt að merkum atburði, sem gerðist hér á hv. Alþingi, meðan stóð á deilunni við Breta. Þá var landhelgismálið tekið hér á dagskrá af þeirri ástæðu, að Alþingi taldi nauðsynlegt að árétta og undirstrika rækilega og alveg sérstaklega óhvikula stefnu Íslands í landhelgismálinu, og þetta gerði Alþingi með svo hljóðandi ályktun, sem utanrmn. þingsins bar þá fram. Þessi ályktun, viljayfirlýsing Alþingis, var svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að mótmæla harðlega brotum þeim á íslenzkri fiskveiðilöggjöf, sem brezk stjórnarvöld hafa efnt til með stöðugum ofbeldisaðgerðum brezkra herskipa innan íslenzkrar fiskveiðilandhelgi, nú nýlega hvað eftir annað jafnvel innan fjögurra mílna landhelginnar frá 1952. Þar sem þvílíkar aðgerðir eru augljóslega ætlaðar til að knýja Íslendinga til undanhalds, lýsir Alþingi yfir, að það telur Ísland eiga ótvíræðan rétt til 12 mílna fiskveiðilandhelgi, að afla beri viðurkenningar á rétti þess til landgrunnsins alls, svo sem stefnt var að með lögunum um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins frá 1948, og að ekki komi til mála minni fiskveiðilandhelgi en 12 mílur frá grunnlínum umhverfis landið."

Þessi till. utanrmn. var samþ. með shlj. atkv. allra alþm. 5. maí 1959 og er ótvírætt enn þá í gildi. Nokkuð af texta þessarar viljayfirlýsingar Alþingis fjallar um atburði líðandi stundar og víkur að þeim, en við tökum eftir, að þar segir, að eitt af hinu þýðingarmesta sé að afla viðurkenningar á rétti Íslands til landgrunnsins alls. Því er slegið föstu, að Ísland eigi þennan rétt. Það var einróma álit Alþingis þá. Það, sem vinna beri að, sé að afla viðurkenningar annarra þjóða á réttinum, sem við höfum.

Till., sem hér er til umr., fer fram á það, að ríkisstj. sé falið að færa út landhelgina, þannig að hún nái til landgrunnsins fyrir Vestfjörðum, og henni falið það verkefni að afla viðurkenningar á þeim rétti, af því að sérstök, knýjandi nauðsyn fólksins, sem þar býr, rekur á eftir, að þetta sé gert. Svona er málið, þó að Morgunblaðið leyfi sér að kalla það afglapahátt að vinna að framgangi þess.

Þegar rakið er í stórum dráttum það allra helzta, sem gerzt hefur í landhelgismálinu, síðan landgrunnslögin voru sett, verður ekki hjá því komizt að víkja þessu næst að lausn fiskveiðideilunnar við Breta, en á hana var bundinn endi með ályktun Alþingis frá 9. marz 1961. Opinberlega var þessi deila útkljáð milli Íslands og Stóra-Bretlands með erindaskiptum eða nótuskiptum, sem fóru fram 11. marz 1961 um deiluna, og þessi nótuskipti fóru fram milli utanrrh. Íslands, Guðmundar Í. Guðmundssonar, og þáv. sendiherra Breta á Íslandi, herra Andrews C. Stewarts, og voru helztu efnisatriði þessa samkomulags eins og nú skal greina, — það er ekki orðrétt, það

er í styttu formi, en ég tel mig hafa samvizkusamlega tekið upp efnisatriði nótuskiptanna:

Þar var í fyrsta lagi ákveðið, að ríkisstj. Bretlands lýsi yfir, að hún falli frá mótmælum sínum gegn 12 mílna fiskveiðilögsögu umhverfis Ísland. Þetta tel ég hafa verið fyrsta efnisatriði nótunnar.

Í öðru lagi: Grunnlínubreytingar verði gerðar á nokkrum stöðum til rýmkunar fiskveiðilögsögunnar. Það var annað meginatriðið að mínum dómi.

Þriðja meginatriðið var svo fólgið í þessum lið, hann er orðréttur, og hver liður um sig er orðréttur: „3) Næstu árin lofar ríkisstj. Íslands að hindra ekki, að skip skrásett í Bretlandi stundi veiðar milli 12 og 6 mílna línunnar á nánar tilgreindum svæðum og tímum."

Og í fjórða lagi gaf ríkisstjórn Íslands svo hljóðandi yfirlýsingu:

„Ríkisstjórn Íslands mun halda áfram að vinna að framkvæmd ályktunar Alþingis frá 5. maí 1959 varðandi útfærslu fiskveiðilögsögunnar við Ísland, en mun tilkynna ríkisstj. Bretlands slíka útfærslu með 6 mánaða fyrirvara, og rísi ágreiningur um slíka útfærslu, skal honum, ef annar hvor aðilinn óskar, skotið til alþjóðadómstólsins."

Ég vona, að það hafi ekki hent mig að fella niður úr þessu samkomulagi neitt meiri háttar efnisatriði, en ég hef dregið saman efni þessarar orðsendingar, sem fór á milli brezku og íslenzku ríkisstjórnanna á þennan hátt.

Þarna er Bretunum gefin nokkur undanþága til þess að veiða á nokkrum svæðum milli 12 og 6 mílna markanna um þriggja ára skeið. Bretarnir hætta sínum mótmælaaðgerðum. Landhelgin er talsvert rýmkuð með grunnlínubreytingum á nokkrum stöðum. Og yfirlýsingin, sem ég lauk við að lesa rétt í þessu, er gefin um það í fyrsta lagi, að íslenzka ríkisstjórnin heitir því að halda áfram að vinna að framkvæmd ályktunar Alþ. frá 5. maí 1959, en í henni stóð, að afla beri viðurkenningar á rétti Íslands til landgrunnsins alls. Það er þetta, sem lofað er að halda áfram að vinna að, og það er ekkert lítilsvert fyrirheit. En síðan kemur það, sem ýmsum hefur þótt miður við þetta samkomulag, nefnilega, að íslenzka ríkisstj. skuldbindur sig til að tilkynna ríkisstj. Bretlands, ef útfærsla kemur til greina, með 6 mánaða fyrirvara, og enn fremur, að ef ágreiningur kemur um slíka útfærslu, skuli honum, ef annar hvor aðilinn óskar þess, skotið til alþjóðadómstólsins.

Þarna er því slegið föstu, að íslenzka ríkisstj. sé frjáls að því að stækka íslenzku landhelgina. En þegar slík útfærsla er ákveðin, skal láta Breta vita um það með 6 mánaða fyrirvara. Og svo kemur að hinu, sem allir máttu vita auðvitað, að það yrðu Bretarnir, sem mótmæltu, ef mótmæli kæmu fram á annað borð. Og þá skuldbindum við okkur til að láta þann ágreining, sem þá lægi fyrir, fara til alþjóðadómstólsins. Mér skilst, að meðan ekki sé úr skorið fyrir dómstólnum á þann hátt, að dómur gangi okkur í gegn, þá gildi útfærslan, það sé verknaður, sem íslenzka ríkisstj. hafi gert og tilkynnt um, a. m. k. ef málareksturinn stendur meira en hinn boðaða tíma, 6 mánuði.

Ég skal ekki hafa uppi neina sleggjudóma út af þessu samkomulagi, það liggur skjallega fyrir, og menn geta túlkað það með ýmsu móti. Sumir segja, að í þessu samkomulagi felist hinn mesti sigur, sem íslenzka þjóðin hafi nokkurn tíma unnið í landhelgismálinu. Aðrir telja, að það versta við þetta mál sé það, að við höfum þarna undirgengizt að láta erlendan dómstól úrskurða um okkar rétt, ég vil segja okkar frumburðarrétt, réttinn til landgrunnsins alls.

Sú breyting, sem lagt er til að gerð verði á fiskveiðalandhelginni fyrir Vestfjörðum með þeirri till., sem hér liggur fyrir, er raunar fyrsta skrefið, sem stigið er til útfærslu fiskveiðalögsögunnar, síðan þetta nefnda samkomulag var gert við ríkisstj. Bretlands. Og nú reynir því fyrst á það, hvort þetta samkomulag er okkur hagkvæmt eða hvort það er okkur fjötur um fót. Þeir, sem eru sannfærðir um, að það sé okkur styrkur og stoð, en ekki fjötur, ættu a. m. k. engu að kvíða út af því, þó að slík till. sem þessi komi fram, og verður þá auðvitað auðveldlega framkvæmd. En um hitt geta menn ekki deilt, þótt menn geti e. t. v. deilt um þetta, sem ég nú ræddi, að þessi till. er að öllu leyti í samræmi við þá yfirlýstu stefnu Alþ. og íslenzku ríkisstj., að halda skuli áfram að vinna að framkvæmd ályktunarinnar, sem Alþ. gerði 5. maí 1959. Og í þeirri ályktun sagði, að afla bæri viðurkenningar á rétti Íslands til landgrunnsins alls.

Við flm. till. létum fylgja þessu þskj. uppdrátt yfir landgrunnið, og sérstaklega sýnir sá uppdráttur skýrt, hvaða hluti landgrunnsins er enn þá utan íslenzkrar fiskveiðalögsögu, utan landhelgislínunnar. Uppdrátturinn sýnir, að landgrunnið við Norðurland og Suður- og Suðvesturland er að miklu leyti innan núverandi landhelgislínu. En hins vegar er allmikill hluti landgrunnsins fyrir Austurlandi og Suðausturlandinu utan fiskveiðalandhelginnar. Og fyrir Vestfjörðum er það áberandi, að þar er langsamlega mestur hluti utan núverandi fiskveiðalandhelgi.

Það á þannig augljóslega mjög langt í land með það, að Íslendingar hafi náð því takmarki, sem þeir settu sér með lögfestingu l. um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins.

Alkunnugt er, að íslenzka þjóðin lifir á sjávarútvegi, fiskveiðum, í stærri stíl en flestar eða kannske allar aðrar þjóðir heims. Líf íslenzku þjóðarinnar og lífskjör öll eru þannig að mjög miklu leyti undir þessum höfuðatvinnuvegi hennar komin, og kasta ég ekki með þeim ummælum rýrð á neina aðra at-

vinnuvegi þjóðarinnar. Samt er það svo, að margar þjóðir, sem eiga miklu minna en Íslendingar undir fiskveiðum, hafa lýst yfir einhliða rétti sínum til einhliða fiskveiða á landgrunninu við strendur sínar. Meðal þeirra eru t. d. Argentína, Cambodia, Chile, Costa Rica, Equador, El Salvador, Guatemala, Suður-Kórea, Mexíkó, Nicaragua, Panama og Perú. Vera má, að þær þjóðir, sem helgað hafa sér landgrunnið allt við strendur sínar til fiskveiða, séu fleiri en þetta, en mér er kunnugt um þessar þjóðir. Þær hafa gert það og komizt fram með það, þrátt fyrir minni nauðsyn en íslenzku þjóðarinnar og þó að landgrunn þeirra sé margfalt víðáttumeira og nái lengra frá ströndum þeirra en íslenzka landgrunnið nær, í sumum tilfellum allt upp að 200 sjómílum. Þar sem vestfirzka landgrunnið nær lengst undan ströndum, mun þó vera innan við 40 sjómílur frá nesjum, hygg ég, 40—50 sjómílur, það er eitthvað nálægt því. Það er því augljóst, að þegar Íslendingar stiga það skref að helga sér landgrunnið allt með fiskveiðalögsögu, erum við aðeins að gera það, sem allmargar þjóðir hafa gert á undan okkur. Hafi þær gert það á grundvelli þjóðaréttar, höfum við fyllilega örugglega hinn sama rétt. Hafi þær gert það í trássi við alþjóðalög og þjóðarétt, hafa þær a. m. k. komizt fram með það.

Í þessari till. er lagt til, að ekki sé í það ráðizt nú í einu, að Íslendingar helgi sér landgrunnið allt sem fiskveiðalögsögu, heldur einungis við þann landshlutann, þar sem mest er utan fiskveiðalandhelginnar, mestur hluti landgrunnsins er utan fiskveiðalandhelginnar, og þar sem lífsnauðsyn strandbúanna rekur fastast á eftir, en láta hina aðra yfirlýsta áfanga að settu marki samkvæmt landgrunnslögunum bíða. Í þessari till. er það orðað þannig, að fiskveiðalandhelgin fyrir Vestfjörðum verði látin taka til vestfirzka landgrunnsins austan frá Húnaflóa og suður á Breiðafjörð. Nokkrar ástæður liggja til þess, að við flm. till. töldum rétt að haga tillöguflutningnum eins og hér er gert.

Við höfum fram að þessu hagað okkur þannig í landhelgismálinu, að við höfum þokað okkur að settu marki stig af stigi og stundum í smáum skrefum, svo að það er ekkert nýtt að taka hluta af málinu til lausnar hverju sinni. Þannig fórum við að árið 1950 norðanlands, og þannig fórum við einnig að 1952, og með hinni miklu stækkun landhelginnar úr 4 mílum í 12 1958 var einnig öllum ljóst, að einungis var um áfanga að ræða, en ekkert lokatakmark. Ég gæti vel vænzt þess, að einhverjir segðu nú: Hér er of skammt farið, það væri rétt að helga sér einnig landgrunnið fyrir Austurlandi. — Og það skal ég taka fram fyrir hönd okkar flm. beggja, að við værum ekkert andvígir því, að till. væri breytt á þann veg, ef það teldist rétt eða jafnrík nauðsyn væri talin á því. En eins og sakir standa og öllum er kunnugt, er Austfirðingum ekki lífsnauðsyn á þessari aðgerð í landhelgismálinu, þegar litið er á þann uppgripasíldarafla, sem þeir nú njóta og vænta má að haldist næstu missiri. En ég held því fram, að stækkun fiskveiðalandhelginnar fyrir Vestfjörðum sé lífsnauðsynjamál Vestfirðinga og megi ekki dragast að leysa það, svo framarlega sem við höfum bolmagn til að notfæra okkur þann rétt, sem við, eins og margsinnis hefur verið yfirlýst af okkar forsvarsmönnum, eigum til landgrunnsins.

Ég efast um, að hv. alþm. utan Vestfjarða hafi gert sér það ljóst, að Vestfirðingar eru ekki stórum betur settir nú, eftir að 12 mílna landhelgin var viðurkennd, heldur en þeir voru, meðan hún var jafnvel 3 mílur, og til þess liggja alveg sérstakar ástæður, sem ekki liggja í augum uppi fyrir ókunnugum. Þetta hljómar næstum eins og öfugmæli, en það er samt satt, að Vestfirðingar eru nú ekki betur settir, — sumir segja fullum fetum, án þess að þeir vilji ýkja, að þeir séu verr settir núna en áður, meðan fiskveiðalögsagan fyrir Vestfjörðum var jafnvel 3 sjómílur. Þetta byggist á því, að við stækkun landhelginnar fengu Vestfirðingar aðeins þá ræmu, sem felst í 12 mílna landhelginni. Innan við þá línu afmörkuðust ekki eða lokuðust ekki nein meiri háttar hafsvæði, flóar, eins og um var að ræða fyrir suðvesturströndinni og að því er snertir Faxaflóa- og Breiðafjarðarsvæðin. En eftir sem áður, þetta var rýmkun, og var þetta þá ekki til verulegra bóta? Nei, það, sem gerði það, að þetta kom ekki að gagni, einkanlega þegar frá leið, var það, að þegar hin auðugu fiskimið, sem lentu innan fiskveiðalandhelginnar sunnanlands og vestan, lokuðust og erlendir veiðiþjófar komust ekki inn á þessi svæði, þyrptust þeir í vaxandi mæli á vestfirzka landgrunnið og hafa síðan skarkað á því svo ákaft, að fiskmagnið á því hefur gengið til þurrðar, jafnvel meira en meðan landhelgin var þrengri. Þannig má í raun og veru segja það, að erlendu togarastóði, svo að maður tali á bændavísu, hafi verið sigað í tún Vestfirðinga og þar séu þeir nú á beit og setji túnið auðvitað í örtröð.

Það gefur nokkra vísbendingu um það, hversu ágengni erlendra togara á Vestfjarðamiðunum hefur aukizt, að fyrir nokkrum árum var það viðburður, að erlendur togari væri tekinn fyrir Vestfjörðum í landhelgi, en á s. l. ári voru hvorki meira né minna en 9 brezkir landhelgisþjófar staðnir að verki og teknir til dóms á Ísafirði. Annað dæmi: Vélsmiðja er á Ísafirði, hún hefur verið til lengi. Jú, jú, það komu þangað alltaf togarar, brezkir og aðrir erlendir togarar, til þess að fá viðgerðir, þegar bilun varð hjá þeim á skipi eða vél og þeir voru á veiðum úti fyrir Vestfjörðum, en þetta var engin há tala. En núna á liðnu ári voru það líklega nokkuð á annað hundrað, ég man ekki töluna nákvæmlega, en hún var furðu há, á annað hundrað, ef ég man rétt, brezkir togarar eða erlendir togarar, sem leituðu hafnar á Ísafirði og höfðu viðskipti við mótorverkstæðið þar til þess að fá

þar viðgerðir, af því að þeir voru þarna við veiðiskap fyrir utan. Þetta bendir til þess, að ágengnin á vestfirzku landgrunnsmiðin hefur margfaldazt einmitt við stækkun landhelginnar. Og þá kemur að þeim vitnisburði, sem ekki lætur að sér hæða, en það er vitnisburðurinn um það, hvernig aflamagn á Vestfjörðum hefur breytzt einmitt eftir að landhelgin var stækkuð og flóasvæðin sunnan- og suðvestanlands lokuðust fyrir ágangi hinna erlendu veiðiþjófa.

Fiskifélagið varð góðfúslega við þeirri ósk minni að taka upp skýrslu um það, hvernig aflamagn hefði aukizt á veiðisvæðunum hér sunnan- og suðvestanlands á árunum 1960 til 1964, á þeim fimm árum. Fiskifélagið tók fyrst svæðið Vestmannaeyjar til Grindavíkur, og tölurnar eru eingöngu um bátafiskinn. Árið 1960 var heildaraflinn á þessu svæði 74243 tonn, sem var árið 1964 kominn upp í 88674 tonn, og stundar þó flotinn á þessu svæði nú síldveiðar mikinn hluta ársins í miklu ríkara mæli en fyrsta árið, sem miðað er við, og má því búast við, að sá floti sé minni, sem nú stundar þorskveiðar á þessu svæði. En samt er þarna um verulega hækkun á aflamagni að ræða, og er það auðvitað ekki nema gott. Enn þá meiri er þó munurinn, þegar tekið er svæðið Hafnir til Akraness, þar með Hafnarfjörður og Reykjavík og allar hafnir þar á milli. Þar er bátafiskurinn 111700 tonn árið 1960, en 144100 tonn árið 1964. Það er um allt að þriðjungsaukningu þarna að ræða á fiskmagninu hjá línubátum, og er þó sama ástæðan þarna meðverkandi, að jafnvel miklu meiri hluti af flotanum hér er nú á síldveiðum en var fyrsta árið, sem við var miðað, og mætti því búast við, að aukningin væri ekki þar eftir mikil.

En til þess að fá nokkra vitneskju um það frá þeim mönnum, sem gerst mega um vita, hvernig þróun aflamagnsins hefur verið á Vestfjörðum, hef ég leitað til erindreka Fiskifélagsins á Ísafirði, Jóns Páls Halldórssonar, og fengið hjá honum eftirfarandi upplýsingar. Þetta var af tilefni þess, að ég dvaldist vestur á Ísafirði og í Bolungarvík í s. l. janúarmánuði og hafði þar tal af bæði útgerðarmönnum og sjómönnum og varð þess var, að þeir voru mjög svartsýnir um framtíðina vegna rýrnandi aflamagns fyrir Vestfjarðasvæðinu. Öllum bar þeim saman um, hvort sem ég ræddi við sjómenn eða útgerðarmenn, að fiskafli á línubáta á Vestfjarðamiðum færi síminnkandi frá ári til árs og væri nú orðinn svo rýr, að teljast mætti útilokað að gera út á línu nema með stórfelldum hallarekstri. Það var einmitt til þess að ganga nánar úr skugga um það, hvað hæft væri í þessum fullyrðingum, hvort hér væri ekki um óljóst mat manna að ræða eða venjulegan íslenzkan barlóm, að ég bað erindreka Fiskifélagsins á Vestfjörðum, eins og ég áðan sagði, að gefa mér nánari skýrslur um aflamagn línubáta á Vestfjörðum. Hann varð góðfúslega við þeirri ósk minni, og nú skal ég skýra frá helztu niðurstöðum úr þessari skýrslu hans.

Það er þá fyrst yfirlit yfir aflamagn 10 aflahæstu bátanna á þremur seinustu árum á haustvertíðinni. Haustið 1962 var meðalaflamagn þessara báta 7.3 tonn, næsta haust var meðaltalið 6.6 tonn og haustið 1964, haustið sem leið, 5.3 tonn. Hygg ég, sagði erindreki Fiskifélagsins, að þessar tölur sýni, svo að ekki verði um villzt, hvert stefnir með línuútgerð hér á Vestfjörðum. Heildartölur um aflamagn línubáta á Vestfjörðum gefa líka mjög áþekka niðurstöðu. Árið 1963 var heildaraflinn orðinn 11248 lestir í febrúarlok. Árið 1964 var aflinn í febrúar 5101 lest og heildaraflinn frá áramótum, sem var sambærileg tala við 11248, var 8759 lestir. En í vetur var febrúaraflinn aðeins 4334 lestir og heildaraflinn frá áramótum aðeins 7482 lestir. Fyrir tveimur árum var heildaraflinn 11248, nú 7482. Þessi breyting hafði orðið þarna á tveimur árum, rýrnunin í heild 3766 lestir.

Þá hef ég í þriðja lagi fengið samanburð á aflamagninu í einstökum verstöðvum í febr. 1964 og í febr. 1965. Sú tafla sýnir, að aflamagnið á fjórum syðstu verstöðvunum, þ. e. a. s. Patreksfirði til Þingeyrar, er svipað bæði árin, enda sækja bátar frá þessum stöðum svo til allan afla sinn suður á Breiðafjörð, suður fyrir vestfirzka landgrunnið. En síðan sýnir taflan, að frá öllum hinum verstöðvunum, sem sækja á landgrunnið úti fyrir Vestfjörðum, er aflamagnið mun minna nú en í fyrra, og fer það síversnandi norður eftir fjörðunum. Kemur það heim við upplýsingar þær, sem gefnar hafa verið frá íslenzka ískönnunarfluginu nú í vetur, nefnilega að togaranauðin sé yfirleitt langmest á norðanverðu Vestfjarðagrunninu. Flugvélin taldi einhvern tíma togarana á svæðinu og birti kort af því og þéttust var þyrpingin af erlendu togurunum mjög norðarlega á landgrunni Vestfjarða. En þessi tafla er þá svona:

Á Flateyri var aflinn 348 lestir 1964, en aðeins 331 lest núna, 1965. Suðureyri, 654 lestir 1964, 410 lestir 1965. Bolungarvík 642 lestir 1964, en 574 lestir 1965. Hnífsdalur 262 lestir 1964, en 158 lestir 1965. Ísafjörður 1096 lestir 1964, en 797 lestir 1965. Súðavík 175 lestir 1964, en 163 lestir 1965. Hólmavík 158 lestir 1964, en 78 lestir 1965. Drangsnes 76 lestir 1964, en 30 lestir 1965.

Ég vek athygli á því, að hver einasta allra þessara verstöðva er með mun minna aflamagn í ár en í fyrra og munurinn vex jafnt og þétt norður eftir þorpunum, unz aflinn á Hólmavík og í Drangsnesi nær ekki helmingi í vetur móts við það, sem hann þó var í fyrravetur, og var þá miklu rýrari en hann hafði verið árin á undan. Menn sjá, að hér er komið niður fyrir það aflamagn, að unnt sé að halda uppi útgerð á línu við slíkt aflaleysi, enda hafa Alþ. borizt neyðarópin. Allir vestfirzkir útgerðarmenn hafa beðið um vægð hjá fiskveiðasjóði, fá greiðslufrest á sínum skuldbindingum við sjóðinn í 2 ár og neyðar-

ópin frá Hólmavík og Drangsnesi vegna hins algera aflaleysis þar hafa verið til úrlausnar hjá atvinnubótasjóði og þm. Vestfjarða nú að undanförnu og tæpast að nein lausn hafi fengizt á þeim, en það má öllum ljóst vera, að með slíku aflaleysi er útgerðin í heljargreipum.

Í seinustu skýrslu frá fulltrúa Fiskifélagsins á Vestfjörðum segir m. a.: „Gæftaleysi hamlaði mjög sjósókn í febrúar og samfara því svo að kalla algert aflaleysi hjá línubátum.“ Síðar í skýrslunni sagði: „Þetta er því snubbóttasta línuvertíð, sem hér hefur komið.“

Ég held, að þessi skýrsla hafi verið birt í blöðum núna fyrir nokkrum dögum.

Nú um mánaðamótin, þ. e. a. s. febrúar—marz, voru aðeins 11 bátar á öllu svæðinu frá Patreksfirði til Súðavíkur eftir á línu, en 33 bátar voru komnir með net. Auk þess reru svo 8 bátar við Steingrímsfjörð með línu, en afli var þar ákaflega tregur, nánar til tekið tæpar 2 lestir í legu. Nú seinast hefur það svo bætzt ofan á aflaleysið í Hólmavík og Drangsnesi, eins og öllum mönnum er kunnugt, að ísinn hefur gersamlega lokað þar fjörðum og sennilega bundið þar með endi á áframhald þessarar vertíðar

Ég hef nú um sinn talað með tölum máli mínu til stuðnings um, hvernig komið er aðstöðu til útgerðar, fiskveiða, fyrir Vestfjörðum vegna hins þunga ágangs togara og aðallega erlendra togara á landgrunni Vestfirðinga. Ég vil því vænta þess, að það hafi verið gerð allsómasamleg grein fyrir þeirri nauðsyn, sem rekur á eftir okkur Vestfjarðaþm. með flutningi þessarar till. Ég held, að það verði mikið áfall fyrir byggðirnar á Vestfjörðum, ef jafnvel sjómannastéttin vestfirzka missir trúna á, að það sé lífvænlegt þarna vestur frá til frambúðar. En ég held líka, að ekkert gæti rétt eins við trúna á, að það gæti verið vel byggilegt á Vestfjörðum, eins og það, ef vestfirzka landgrunnið fengist friðað og reynslan yrði sú, sem ég tel nálega fullvíst, að þá mundu aflabrögðin batna.

Vestfjarðamiðin hafa verið íslenzku þjóðarbúi svo drjúg tekjulind um ár og aldir, að ég held, að það sé ekkert ofsagt, þó að maður segi eiginlega, að réttur fólksins á Vestfjörðum til landgrunnsins sé fast að því að vera réttur þess til lífsins, a. m. k. ef það á að hafa búsetu í þeim landshluta. Stækkun landhelginnar fyrir Vestfjörðum, þannig að hún nái yfir landgrunnið allt, er tvímælalaust stærsta mál Vestfirðinga í dag. Þess vegna teljum við flm., að það sé allmikið í húfi, að Alþ. og hæstv. ríkisstj. bregðist vel og drengilega við þessu máli, taki ekki upp munnsöfnuð Morgunblaðsins eða alvöruleysi þess gagnvart þessu máli, en líti á málið eins og það liggur fyrir sem staðreynd og Alþ. samþykki þessa till., áður en þessu þingi lýkur. Hæstv. ríkisstj. ætla ég svo það e. t. v. vandasama verkefni að hafa sett reglugerð, sem helgi okkur vestfirzka landgrunnið sem íslenzka fiskveiðalögsögu fyrir 5. okt. á komanda hausti. Að vísu eru nú ekki nema tæpir 6 mánuðir til þess tímamarks, en ef það rækist á skuldbindingar samkomulagsins við Breta 1961, yrði að bíta í það súra epli, að gildistaka nýrrar reglugerðar yrði þá að frestast vegna þess.

Með því, sem ég hef sagt, tel ég mig hafa gert nokkra grein fyrir þessari till. og þeirri lífsnauðsyn, sem við flm. teljum Vestfirðingum það vera, að stækkun eigi sér stað á fiskveiðalögsögunni fyrir Vestfjörðum á þann veg, sem í til. segir, að hún nái yfir landgrunnið allt.

Umr. frestað.

Á 33. fundi í Sþ., 24. marz, var fram haldið einni umr. um till.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Vissulega er hér um að ræða þýðingarmikið og veigamikið mál. Landhelgismálið er á hverjum tíma eitt mesta mál Íslendinga, þessarar litlu eyþjóðar í nyrztu höfum. Ekkert er ofmælt af því, sem hv. frsm. þessarar þáltill. mælti um þýðingu þess fyrir Vestfirðinga að fá til eigin afnota á fiskiskipum þeirra hafsvæðið yfir vestfirzka landgrunninu. Þeirra líf og þeirra tilvera veltur vissulega á því, hvað verður um fiskveiðarnar á þessum slóðum. Síðasta styrjöld færði okkur Íslendingum ótvíræðan og glöggan vitnisburð um gildi veiðifriðunar, og síðan sáum við glöggt áhrif rányrkjunnar og ofveiði, sem fiskistofninn þolir ekki.

Hv. 5. þm. Vestf. vék nokkuð að sögu landhelgismálsins í framsöguræðu sinni, og gott eitt er um það að segja. Þó eru nokkur atriði í því sambandi, eins og einnig í grg. þessarar þáltill., sem þarfnast nokkurrar leiðréttingar eða a. m. k. svolítið skýrari hugleiðinga við, ekki vegna þess, að hv. flm. og frsm. þessa máls hafi viljað annað en það, sem réttast er, heldur hins, að nokkuð geta menn bæði misskilið og mismunað í sögu og meðferð jafnmikils máls og hér um ræðir.

Þegar við nú erum að ræða um möguleika til friðunar vestfirzka landgrunnsins, má segja, að við séum svipað á vegi staddir og þegar við tókum landhelgismálið til meðferðar eftir lok síðustu heimsstyrjaldar. Þetta kann að virðast einkennileg staðhæfing. Menn geta með réttu sagt: Hafið þið ekki fyrst fengið viðurkennda 4 mílna landhelgina með friðun fjarða og flóa og síðar 12 mílna landhelgina, — og hvað er nú, sem amar að? Allt er þetta rétt. En jafnrétt er það, sem hv. 5. þm. Vestf. sagði, að þetta hefur ekki skilað Vestfirðingum mikilli réttarbót vegna þess, hvernig til háttar um veiðisvæðin undan Vestfjörðum. 1 míla, úr 3 í 4, er örlítið belti á hafsvæðinu og lokar ekki fyrir Vestfjörðum heilum flóum og fjörðum eins og annars staðar við íslenzku strandlengjuna. Sama er að segja um 12 mílur úr 4 hvað Vestfirði áhrærir, eða a. m. k. nokkuð líkt, og efast ég um, að almennt geri menn sér grein fyrir,

hve þessar fáu mílur eru sáralítill hluti af hafinu við strendur þessa lands.

Við nutum friðunar gegn fiskveiðum annarra þjóða á íslenzkum fiskimiðum, meðan styrjöldin síðasta geisaði. Við sáum árangurinn. Þegar ágangurinn byrjaði aftur, sótti í gamla horfið, og okkur var fullljóst, að ofveiði var að eyðileggja fiskistofninn við strendur Íslands. Aðrar þjóðir voru að eyðileggja þann auð, sem líf og tilvera okkar litlu eyþjóðar grundvallaðist á, enda þótt hann væri oft torsóttur í fangbrögðum við veður og vinda. Þetta gátum við sannað öðrum þjóðum, og þetta hafa nú aðrar þjóðir viðurkennt. Þegar við höfum baráttuna eftir síðustu styrjöld, fórum við að með fyrirhyggju og gát. Ungur þjóðréttarfræðingur var ráðinn til þess að helga sig málinu og verða ráðunautur ríkisstj. Það er óþarfi að tala um fræðimennsku Íslendinga á þessu sviði í hæðnistón. Bæði er, að Hans G. Andersen sendiherra, sem lagði fræðilega á ráðin, er mjög snjall og fær fræðimaður á sviði þjóðaréttarins, og eins vitum við hitt, sem höfum haft aðstöðu til þess að hafa við hann nokkra samvinnu í málafylgju fyrir réttarkröfum Íslendinga á alþjóðavettvangi, að þar nýtur hann hinnar mestu virðingar og viðurkenningar og er allra manna þrautseigastur. Ólafur Thors sagði um landhelgismálið eftirfarandi á landsfundi Sjálfstfl. 1951, og á vel við að vitna til þess nú, með leyfi hæstv. forseta:

„Um hið mikilvæga mál, landhelgina, skal ég ekki fjölyrða í þessari ræðu. Allt, sem enn hefur verið í því aðhafzt, er að frumkvæði sjálfstæðismanna. Allt er það byggt á hinum stórmerku rannsóknum og till. Hans G. Andersens þjóðréttarfræðings. Við höfum fram til þessa gætt þess að misstíga okkur ekki, og er það mikill vandi á svo grýttum vegi. Ég viðurkenni, að engu minni vandi er að sýna varfærni en festu, því að sigurhorfur okkar byggjast e. t. v. engu síður á samúð annarra þjóða með okkur og skilningi á siðferðilegum rétti okkar en beinum, lagalegum rétti."

Það, sem Ólafur Thors víkur að í niðurlagi orða sinna, á eins við nú sem áður og ætti að móta sérhverja athöfn okkar í þessu máli um ókominn aldur, og mun þá vel fara.

Af íslenzkum stjórnmálamönnum áttu þeir Ólafur Thors og Bjarni Benediktsson mestan þáttinn í því að móta leiðina til sigurs fyrir Íslendinga í landhelgismálinu. Bjarni Benediktsson hefur gert grein fyrir þessu máli í ræðu á landsfundi Sjálfstfl. 1951 og segir þá m. a.: „Til framgangs málinu eru tvær höfuðleiðir. Önnur er sú að leita fyrir fram samþykkis annarra þjóða." Hina leiðina telur hann þessa: „Hvert einstakt ríki geti þvert á móti, innan vissra, hóflegra marka að vísu, sjálft kveðið á um, hversu stór landhelgi þess skuli vera, eða a. m. k. kveðið á um vissar friðunarráðstafanir." Síðan segir: „Enginn efi er á því, hvor réttarreglan samrýmist betur réttarhugmyndum okkar Íslendinga. Það varð þó að ráði, eftir að allar hliðar þessa máls höfðu ýtarlega verið ræddar, að Íslendingar skyldu hefja framkvæmdir í málinu með einhliða ákvörðun." Og enn segir svo: „Áður en þetta var ráðið, hafði Hans G. Andersen þjóðréttarfræðingur safnað margháttuðum gögnum í málinu og lagði þar með til efniviðinn í hinn lögfræðilega grundvöll, sem framkvæmdir okkar hvíla á, og er á engan hallað, þótt sagt sé, að till. hans hafi reynzt heilladrýgstar í þessu máli."

Með þessu er varpað nokkru ljósi yfir forsögu þessa máls, þótt ekki sé meira sagt. En fleira kemur til, sem ekki skyldi liggja í þagnargildi, enda var að því vikið af frummælanda, þótt nokkru skakkaði um réttan skilning á efni málsins.

Mig minnir, að hv. 5. þm. Vestf. hafi sagt eitthvað á þá leið, að engin þjóðréttarleg viðurkenning hafi verið fyrir 4 mílna landhelginni 1952, þegar við ákváðum hana hér. Í þessu sambandi er þess að minnast, að árið 1949 höfðu Íslendingar fengið því áorkað á þingi Sameinuðu þjóðanna gegn andstöðu Breta, að meðal fyrstu mála, sem alþjóðalaganefndin skyldi rannsaka, væru réttarreglurnar um landhelgina. Þetta var í raun og veru upphafið og fyrir frumkvæði Íslendinga að Genfarráðstefnunum 1957 og 1958, þar sem 12 mílna landhelgin hlaut að vísu ekki formlega viðurkenningu, en þann efnislega stuðning, sem hefur nægt henni til viðurkenningar de facto eða í raun.

En um 4 mílna landhelgina og grunnlínubreytingarnar í sambandi við hana er það að segja, að við Íslendingar biðum einmitt eftir niðurstöðu Alþjóðadómstólsins, áður en við tókum úrslitaákvarðanir. Við biðum eftir dómnum í deilu Norðmanna og Breta. Við höfðum svo mikið við að senda tvo lögfræðinga til þess að fylgjast með málsmeðferðinni við Alþjóðadómstólinn í Haag, þá Gizur Bergsteinsson hæstaréttardómara og Hans G. Andersen þjóðréttarfræðing. Það var af hálfu okkar Íslendinga talið mikið happ, að um svipað leyti og við höfum sóknina í landhelgismálinu skyldi slíkt mál eiga að berast undir alþjóðadómstól. Þetta má vel hafa í minni, þegar vitnað er til þess, að með samningi okkar við Breta 1961 var um það samið, að ef ágreiningur skyldi rísa við þá um frekari útfærslu íslenzkrar landhelgi, skyldum við leggja slíkar deilur undir úrskurð Alþjóðadómstólsins. Það furðulega hefur skeð, að með þessu hafa sumir hér á landi talið, að við værum að afsala réttindum, — að afsala réttindum með því að láta dóm ákveða um réttindin. Fær það staðizt? Og ég spyr sérstaklega: Er það málstaður, sem minnsta þjóðin af öllum litlum þjóðum skyldi tileinka sér? Og leyfist mér í þessu sambandi að minna á 94. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem við erum aðili að? En þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Sérhver meðlimur Hinna sameinuðu þjóða skuldbindur sig til að hlíta úrskurði Alþjóða-

dómstólsins í hverju því máli, sem hann er aðili að.“

Ég ætla mér ekki að fara út í deilur, sem risu, þegar ríkisstj. batt enda á deiluna við Breta um 12 mílna landhelgina. En þegar menn nú láta að því liggja, að sú merka lausn bindi hendur okkar til einhliða útfærslu landhelginnar á öllu landgrunninu fyrir Vestfjörðum, sem við annars hefðum, vil ég aðeins spyrja: Af hverju helgaði vinstri stjórnin eða sú stjórn, sem þá fór með völd í landinu, sér ekki landgrunnið fyrir Vestfjörðum og þá líka allt landgrunnið sem íslenzka fiskveiðalandhelgi 1958, þegar 12 mílna landhelgin var ákveðin í reglugerð? Við höfum ekki fengið svar við þessari spurningu. Flm. þeirrar till., sem hér er til umr., má líka vel mín vegna láta undir höfuð leggjast að svara henni. Ég vil ekki í þessum umr. særa neinn til umsagnar um það, sem betur væri ósagt síðar, þegar við allir þurfum að snúa bökum saman í baráttu fyrir rétti og hagsmunum landsins. Frá þessu sjónarmiði teldi ég bezt, að umr. yrðu nú sem hóflegastar um þessa till., henni yrði vísað til n., þar sem við gætum borið ráð okkar sem bezt saman.

Það er því miður misskilningur hjá flm. þessa máls, að l. frá 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins hafi algerlega markað meðferð máls eins og þessa. Hv. 5. þm. Vestf. sagði eitthvað á þá leið, að samkv. þessum l. sé aðferðin, að Alþ. feli ríkisstj. að gefa út reglugerð um frekari friðun, þannig hafi jafnan verið farið að. — Þannig hefur ekki verið farið að. Alþingi hefur ekki samþykkt neinar ályktanir til fyrirskipunar ríkisstj. til útgáfu reglugerða til útfærslu fiskveiðalandhelginnar. Enda eru lagaákvæðin frá 1948 allt önnur, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta, í 1. gr.:

„Sjútvmrn. skal með reglugerð ákvarða takmörk verndarsvæða við strendur landsins innan endimarka landgrunnsins.“

Alþingi er ekki ætluð nein ákvörðunaraðild um þetta samkv. l. Annars eðlis er yfirlýsing Alþ., sem gerð var með samhljóða atkv. allra alþm. 5. maí 1959 og vitnað hefur verið til. Þar var um að ræða mótmæli gegn brotum á íslenzkri fiskveiðalandhelgi, sem brezk stjórnarvöld höfðu efnt til með ofbeldisaðgerðum brezkra herskipa, jafnframt yfirlýsing um rétt Íslendinga til 12 mílna fiskveiðalandhelgi og að afla beri viðurkenningar á rétti Íslands til landgrunnsins alls. Þessi atriði voru síðan staðfest og áréttuð í samningnum við Breta með ályktun Alþ. 9. marz 1961 og eftirfarandi erindaskiptum við þá 11. marz sama ár.

Þessu næst vil ég leyfa mér að víkja að ýmsum atriðum, sem landhelgina varða, bæði þeim, sem vikið er að í grg. þáltill., sem hér liggur fyrir til umr., og öðrum atriðum, sem málið snerta.

Í grg. þáltill., sem hér er til umr., segir:

„Með lögum um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins var því ótvírætt yfirlýst, að allt íslenzka landgrunnið heyrði undir íslenzka lögsögu á sama hátt og landið sjálft.“

Því miður fær þetta ekki staðizt. Íslenzka landgrunnið heyrir ekki undir íslenzka lögsögu samkv. neinum lögum, sem Alþ. hefur samþ. Þótt við óskum, að svo væri, þýðir ekki að telja okkur sjálfum trú um það, sem rangt er í þessum efnum. Hitt er rétt, að að þessu stefnum við. Þó er þess að gæta, að munur er á fiskveiðalandhelgi og lögsögu, sem hér er orðuð. Lögsaga okkar yfir hafsvæðinu við landið er því miður nokkuð óljós. Við höfum látið það liggja milli hluta og lagt megináherzluna á fiskveiðalandhelgina, sem að sjálfsögðu skiptir mestu máli fyrir okkur. Lögfræðilega verður hins vegar að liggja ljóst fyrir, hver hin almenna lögsaga er, eða réttara sagt takmörk hennar. Hjá grannþjóðum okkar á Norðurlöndum er hin almenna lögsaga ýmist 3 eða 4 mílur. Ég teldi ráðlegast, að hin almenna lögsaga fylgdi í framtíðinni fiskveiðilögsögunni hjá okkur, hver sem hún verður. Það er vegna þess, að þau tilvik geta að sjálfsögðu orðið við töku skipa í fiskveiðalandhelginni á annan hátt, sem leitt gætu til erfiðra deilna og lögfræðilegra vandamála, ef almenna lögsagan fylgdi ekki fiskveiðalögsögunni. Um þetta hef ég átt viðræður við rektor háskólans, Ármann Snævarr, og Hans G. Andersen sendiherra og á von á álitsgerðum frá báðum um málið, og skal ég þess vegna ekki víkja frekar að því að sinni.

Samkv. till. þeirri, sem hér liggur fyrir, er ríkisstj. falið að breyta reglugerð um fiskveiðalandhelgina þannig, að fiskveiðalandhelgin fyrir Vestfjörðum taki til landgrunnsins. Í grg. er sagt: „Hitt leikur ekki á tveim tungum, að till. þessi er í fyllsta samræmi við þá yfirlýstu stefnu Alþ. og íslenzku ríkisstj. að halda áfram að vinna að framkvæmd ályktunar Alþ. frá 5. maí 1959.“ En í þeirri ályktun sagði, að afla skyldi viðurkenningar á rétti Íslands til landgrunnsins alls. En er þessi till. um að afla viðurkenningar á rétti Íslands? Það verður ekki sagt, því að samkv. henni á Alþ. að fela ríkisstj. að breyta gildandi reglugerð um fiskveiðalandhelgi, hvað sem viðurkenningu á réttindum til landgrunnsins líður.

Mjög vafasamt er það, sem sagt er í grg., að þegar Íslendingar stíga það spor að helga sér landgrunnið allt sem fiskveiðalandhelgi sína, þá erum við hér aðeins að stíga þau spor, sem þegar hafa verið stigin af mörgum þjóðum á undan okkur. Er til þess vitnað í grg. till., að margar þjóðir, sem minna eiga undir fiskveiðum en við Íslendingar, hafi þegar lýst yfir einhliða rétti sínum til fiskveiða á landgrunninu við strendur sínar. Meðal þeirra þjóða eru t. d. taldar Argentína, Cambodia, Chile, Costa Rica, Ecuador, El Salvador, Guatemala, Suður-Kórea, Mexíkó, Nicaragua, Panama og Perú. Um þessa fullyrðingu hef ég rætt við Hans G. Andersen sendiherra, og um þetta atriði hefur hann látið mér í té

eftirfarandi yfirlit, sem ég vil mega gera grein fyrir, með leyfi hæstv. forseta:

1) Það er rétt, að Argentína, Cambodia, Chile, Costa Rica, Ecuador, El Salvador, Guatemala, Suður-Kórea, Mexíkó, Nicaragua, Panama og Perú og einnig Hondúras hafa í mismunandi mynd talið sér lögsögu yfir hafsvæðum allt að 200 mílum frá ströndum, eða yfir landgrunnsbotninum og hafinu yfir honum.

2) Það er ekki kunnugt, að í nokkru ofangreindra tilvika hafi erlendir fiskimenn verið útilokaðir frá veiðum utan 12 mílna frá ströndum. Sérstaklega má geta þess, að í Chile, Ecuador og Perú, sem eru þýðingarmestu fiskveiðiþjóðir Suður-Ameríku, hafa fiskveiðar verið heimilar Japönum, Bandaríkjamönnum og öðrum, sem hug hafa á veiðum þar. Hefur því ekki komið til átaka, sem annars hefði orðið. Þess ber einnig að geta, að í Suður-Ameríkuríkjunum er mjög auðvelt að setja erlend skip undir fána þeirra, og geta þá erlend skip stundað veiðar sem innlend.

3) Í framkvæmdinni er það algengt hjá Suður-Ameríkuríkjum, að lögsaga yfir fiskveiðum tákni aðeins eftirlit með veiðum, þannig að erlend skip og innlend hlíti sömu reglum við veiðarnar og séu jafnrétthá. Þannig hafa ákvæðin verið túlkuð opinberlega, sérstaklega í Chile, Ecuador og Perú. Þegar ýmis ríki mótmæltu þarlendri fiskveiðilöggjöf árið 1954, lögðu ríkisstj. þeirra allra á það áherzlu, að það væri alls ekki tilætlunin að útiloka erlenda fiskimenn frá því að hagnýta sér auðlindir sjávarins, heldur sjá um, að þeir færu eftir þeim reglum, er giltu fyrir borgara strandríkisins. Í ýmsum tilvikum kemur það greinilega fram í ákvæðum um lögsöguna, að það sé alls ekki ætlunin að setja upp fiskveiðalögsögu eins og þá, sem Ísland hefur, heldur aðeins eftirlit á jafnréttisgrundvelli. Þetta kemur fram í löggjöf Panama frá 1946 og reglum Costa Rica frá 1949, Hondúras frá 1952 og El Salvador frá 1955.

4) Að því er Argentínu snertir er ljóst, að forsetayfirlýsingunni frá 1946 um lögsögu yfir landgrunnssvæðinu hefur aldrei verið framfylgt, enda hefur argentínskri löggjöf ekki verið breytt með hliðsjón af henni. Samkv. gildandi löggjöf er landhelgi Argentínu 3 mílur, en fiskveiðalögsagan 12 mílur. Svipað er að segja um löggjöf ýmissa annarra ríkja Suður-Ameríku, þ. e. forsetayfirlýsing hefur verið gefin út varðandi víðtæk svæði, svo sem landgrunnið og hafið yfir því, en löggjöfinni síðan ekki breytt, t. d. Mexíkó og Hondúras. Stendur þá þannig á, að grundvallarheimild er fyrir hendi, sem ekki hefur verið notuð í framkvæmdinni til þess að útiloka erlenda aðila.

5) Heildarniðurstaðan er sú, að í þeim löndum, sem vitnað er til í grg., er fylgir þáltill. um útfærslu fiskveiðalandhelginnar fyrir Vestfjörðum, hefur heimildinni til víðtækrar lögsögu ekki verið framfylgt gegn mótmælum annarra þjóða nema í Chile, Ecuador og Perú, en þar eru veiðar leyfðar erlendum mönnum á sama hátt og innlendum.

Hér lýkur umsögn sendiherrans. Það verður víst ekki ofsögum af því sagt, að í málum sem landhelgismálinu ber allt að vanda í ákvörðunum og aðgerðum okkar. Um hitt blandast okkur ekki hugur, og það viljum við að umheimurinn viðurkenni, að landgrunnið er hluti af Íslandi. Með hverjum hætti við komum öðrum þjóðum í skilning um þessi sannindi, skulum við bera ráð okkar saman. Við sækjum fram að settu marki. Landgrunnið er takmarkið. Þetta höfum við sagt öðrum þjóðum í samningum okkar. Þetta er því vitað mál.

Að lokum vil ég segja fá orð um sjálfa gæzlu íslenzku landhelginnar. Tvennt hefur þar verið ákveðið, sem máli skiptir. Í fyrsta lagi höfum við ákveðið að kaupa þyrlu til gæzlunnar og fá af því nokkra reynslu. Það var gert í samráði við Slysavarnafélag Íslands, og fer vel á því. Þessi þyrla er keypt til helminga, en rekstur hennar mun að öllu leyti hvíla á landhelgisgæzlunni. Þá var það ákveðið í ríkisstj. í sept. s. l. að láta byggja nýtt varðskip. Rökin fyrir því eru fyrst og fremst þau, að Óðinn og Þór eru farnir að eldast, Ægir er orðinn allt of gamall, enda meir en 30 ára, og sú vafasama hugmynd um litla varðbáta hefur gengið sér til húðar. Vænta má, að þetta nýja skip verði fullsmíðað að tveim árum liðnum eða þar um bil og mun þá bera merki landhelgisgæzlunnar við varðgæzlu við strendur landsins. Margar fleiri umbætur hafa átt sér stað við landhelgisgæzluna á síðari árum. Merkastar eru flugið, sem verður sívaxandi þáttur í gæzlunni, sem og önnur ný tækni, sem landhelgisgæzlan hefur tileinkað sér, svo sem myndratsjáin, sem sagt var frá í blöðum nú í þessari viku.

Það er okkar sómi að varðveita og gæta þeirrar landhelgi, sem okkur auðnast að fá viðurkennda á hverjum tíma. Það skyldu allir vita, og það er að sjálfsögðu eitt af okkar mestu málum.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Þegar hv. fyrri flm. þessarar þáltill. fylgdi henni úr hlaði s. l. miðvikudag, þurfti hann í byrjun ræðu sinnar að fara nokkrum orðum um þm. stjórnarflokkanna á Vestfjörðum í sambandi við flutning þessa máls og lýsti því þá yfir, að hann hefði boðið þeim að vera meðflm. að þessari þáltill., en þeir hefðu af ýmsum ástæðum, er hann rakti, ekki viljað vera flm. málsins. Í sambandi við þetta vil ég segja það, að það er rétt, að hv. frsm. og fyrri flm. þessarar þáltill. bauð mér og ég hygg öðrum þm. Vestfjarða að vera meðflm. þessarar till. síðari hluta dags 10. febr., og svo mikið lá á, að það þurfti að svara fyrir kvöldið, hvort menn vildu vera meðflm. að till., sem var algerlega tilbúin til prentunar. Í suma af þessum þm. náði flm. ekki, og næsta dag, þegar við komum í þingið, var þessari

till. hér útbýtt fullprentaðri ásamt þeirri löngu grg., sem henni fylgir. Má því ætla jafnvel, að hv. flm. hafi verið búinn að leggja þessa þáltill. inn til prentunar, þegar hann bauð samstarfsmönnum sínum úr Vestfjarðakjördæmi að vera meðflm. að henni.

Ég vil segja fyrir mitt leyti, að fáar óskir á ég heitari en þá, að landgrunnið úti fyrir Vestfjörðum verði friðað að öllu leyti á grundvelli l. nr. 44 frá 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins. En það má líka segja, að það sé mjög auðvelt verk að samþykkja þessa hispurslausu till., sem hérna er lögð fram og er hér til umr. En hins vegar verður flestum þm. sem og öðrum mönnum að hugsa nokkru lengra. Þeir hugsa þá um það, hvernig verður um framkvæmd þessarar till. og hvernig verður sambúð og samvinna við aðrar þjóðir í því sambandi og hvernig verður fyrir okkur að framfylgja þessari samþykkt á hafi úti. Erum við þá um leið að vernda það fólk, sem hér á brýnna hagsmuna að gæta, og náum við yfirleitt framgangi þessa máls með góðu móti? Og það er þess vegna, að ég segi fyrir mitt leyti, að ég get ekki fylgt þessari till., að ég tel, að henni sé kastað hér fram í skyndi, og ég harma það, að hv. 1. flm. þessa máls skuli ekki heldur hafa farið þá leið að ræða sérstaklega við okkur alla þm. úr Vestfjarðakjördæmi um þetta mál, velta því fyrir okkur, á hvern hátt er skynsamlegast að hreyfa þessu máli til þess að ná sem beztum árangri fyrir það fólk, sem Vestfirði byggir. Á slíkum fundi hefði komið fram sjónarmið okkar. Þá hefði ef til vill getað náðst samkomulag um það, hvaða leið væri heppilegast og skynsamlegast að fara.

Mér er það alveg ljóst, að við útfærslu fiskveiðalandhelginnar 1958, þegar landhelgin var færð úr 4 í 12 mílur og firðir og flóar víða á landinu voru lokaðir, fengum við Vestfirðingar tiltölulega minnst vegna legu Vestfjarða, og það bar því fljótt á því, að ágangur togara jókst á Vestfjarðamiðum, eftir að fjörðum og flóum hér syðra hafði verið lokað, og það sýna glöggt hinar tíðu og auknu skipakomur, sérstaklega brezkra togara, til Vestfjarða og þá einkum til Ísafjarðar, að hér hefur orðið stórkostleg aukning á brezkum skipum við veiðar úti fyrir Vestfjörðum.

Við glöddumst innilega yfir útfærslu landhelginnar, en við höfum aftur orðið mjög þunglega fyrir barðinu á togurum á undanförnum árum og þó sérstaklega frá því því snemma á haustinu og nokkuð fram yfir áramót. Við höfum orðið fyrir þungum búsifjum af þeim sökum. Við höfum misst mikið af veiðarfærum okkar í togarana. Það hafa orðið árekstrar á miðum úti, og því var það ekki óeðlilegt eftir erfitt tíðarfar fyrir Vestfjörðum á s. l. hausti og fyrri hluta janúarmánaðar og síðan á eftir mikla ágengni erlendra veiðiskipa, að okkur Vestfirðingum væri umhugað um það, að hér þyrfti að verða breyting á. Og þegar ég kom suður í byrjun febrúarmánaðar, hreyfði ég ásamt öðrum þm. sjálfstæðismanna í Vestfjarðakjördæmi í mínum flokki því alvarlega ástandi, sem væri að skapast á Vestfjörðum. En mér er það alveg ljóst, að við náum engum árangri og við stöndum ekkert nær því takmarki að vernda okkar fiskimið og bátamið með einstrengingslegri till. sem þessari. Við verðum að fara gætilega í sakirnar og gera það, sem við álítum að sé bezt fyrir okkur sjálfa til þess að ná árangri, og þá þurfum við að leita samstarfs við ýmsa aðra og koma saman til þess að ræða þessi mál og mynda okkur að lokum þá skoðun, sem við teljum að sé vænlegt að bera fram til þess að fá einhverjar úrbætur í þessum málum.

Ég verð að segja það, að mér finnst, að bæjarstjórn Ísafjarðar hafi tekið ólíkt viturlegar á þessu máli með samþykkt, sem hún gerði í janúarlok og send var til Alþingis og ríkisstj., en þar segir hún í sambandi við þessi mál, orðrétt: „Gera verður nú þegar ráðstafanir til að friða ákveðin veiðisvæði bátaflotans fyrir Vestfjörðum," — og bendir bæjarstjórnin í því sambandi á brýna nauðsyn þess að friða Djúpálinn, Nesdýpið og Víkurál, — „frá því að haustvertíð bátaflotans hefst og til vetrarvertíðarloka. Jafnframt verði unnið markvisst að því yfirlýsta takmarki að friða allt landgrunnið hið skjótasta." Útvegsmenn á Vestfjörðum komu saman um líkt leyti, og þeir og sjómenn hafa auðvitað brýnustu hagsmuna að gæta, og í þeirra viðræðum og ályktunum, sem samþ. voru, var mjög bent á það sama, sem bæjarstjórn Ísafjarðar gerir í sinni ályktun. Nú er það ekki fyrir það, að bæjarstjórn Ísafjarðar eða Útvegsmannafélag Vestfjarða vilji ekki friða allt landgrunnið, heldur er það, að þeir telja, eins og allir aðrir, sem um málið hugsa af skynsemi, en láta ekki eingöngu tilfinningarnar ráða, að það verði að fara gætilega í þessu máli og undirbúa það enn betur en gert hefur verið. Og þá er bent á það vegna þess alvarlega ástands, sem hefur skapazt sérstaklega á fiskimiðunum úti fyrir norðanverðum Vestfjörðum og á Húnaflóa, sérstaklega þó á norðanverðum Vestfjörðum, hvort það sé ekki rétt að reyna þessa leið og ræða auðvitað við sérfræðinga, hvort hún sé framkvæmanleg eða ekki, og á það leggjum við mikla áherzlu, að hún sé athuguð mjög gaumgæfilega, enda hefur dómsmrh. tekið þessu máli mjög vel, og það er í athugun, en hins vegar er of snemmt að segja neitt um á þessu stigi málsins, hvað út úr því kemur.

Ég vil vekja athygli á því, að það eru fleiri þm. Vestfirðinga, sem ekki eru flm. að þessari þáltill., en stjórnarliðarnir frá Vestfjörðum. Þar er ekki 1. þm. Vestf., Hermann Jónasson, fyrrv. forsrh. Ég trúi því ekki, að hv. 5. þm. Vestf. hafi ekki boðið 1. þm. Vestf. að vera flm. að þessari þáltill. Það hlýtur því að vera þess vegna, að 1. þm. Vestf. hefur haft mjög svipaða afstöðu og við hinir, að honum hefur kannske fundizt tíminn skammur, og jafnvel

hitt, að honum finnst of geyst af stað farið og ekki líklegt að ná sem beztum árangri. En þess gat hv. flm. ekki s. l. miðvikudag, að Hermann Jónasson hefði ekki óskað eða viljað vera meðflm. að þessari till.

Ég ætla ekki að ræða meira um efni till. og þó sérstaklega ekki þetta viðkvæma mál. Þessari till. verður vafalaust vísað til n., og þar gefst tækifæri til þess að athuga hana nánar, en ég vil aðeins segja það, að það hefur verið mín skoðun alltaf, að ég tel, að landhelgismálið eigi að vera hafið yfir alla flokkadrætti og pólitískt dægurþras og að íslenzkir stjórnmálamenn eigi að ræða það mál fyrst sín á milli, áður en það er rætt opinberlega, til þess að finna skynsamlegar leiðir hverju sinni, en einstakir þm. eigi ekki að stefna að því að fá í sambandi við landhelgismálið einhverjar sérstakar rósir eða fjólur í hnappagatið.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Samkv. þessari till. er lagt til, að sú breyting verði gerð á fiskveiðalandhelgi okkar, að allt landgrunnið út af Vestfjörðum verði innan fiskveiðamarkanna. Eins og öllum hv. alþm. er kunnugt og greinilega hefur komið fram hér í umr. um þetta mál, var sú stefna mörkuð í landhelgismálinu með landgrunnslögunum frá 1948, að að því marki væri stefnt, að allt landgrunnið í kringum landið skyldi verða innan íslenzkrar fiskveiðalandhelgi. Þessi löggjöf hefur jafnan verið talin mjög skýr stefnuyfirlýsing okkar í landhelgismálinu og oft til þessarar yfirlýsingar vitnað, enda var fullkomin samstaða hér á Alþingi og meðal allra stjórnmálaflokka í landinu um þessa meginstefnu. Að því að ná fram þessu marki hefur síðan verið unnið, eftir því sem talið hefur verið á hverjum tíma að unnt væri eða hagstæðast væri fyrir íslenzkan málstað.

Hér hefur verið á það bent, að við höfum valið þá leið til þess að ná þessu marki að sækja fram í áföngum. Við vitum, að okkar merkilegustu áfangar í þessum efnum voru í fyrsta lagi útfærslan fyrir Norðurlandi sumarið 1950 og síðan grunnlínubreytingarnar árið 1952 og útfærslan þá út í 4 mílur og síðan útfærslan út í 12 mílur árið 1958. Ákveðnar ástæður lágu til þess í hvert skipti, að þessir áfangar voru valdir, en í þessum efnum stefndum við allan tímann að þessu yfirlýsta markmiði okkar, þ. e. að helga okkur meira og meira af öllu landgrunnssvæðinu sem okkar sérstöku fiskveiðalandhelgi.

Það er rétt, að við völdum grunnlínubreytingarnar og fjögurra mílna fiskveiðalandhelgina 1952 einmitt vegna þess, að þá stóðu málin þannig, að það var sérstaklega hagstætt að sækja fram í málinu og ljúka þessum tiltekna áfanga. Þá sem sagt hafði fallið dómur í deilu Norðmanna og Breta um nokkuð hliðstætt mál, og það var mjög auðvelt fyrir okkur að skáka í skjóli þessa dóms og reyna að ná í þetta skipti þessu skrefi.

Við vitum svo allir, hvernig þetta tókst og hvaða erfiðleikum það var bundið að komast allan þennan áfanga. Það lágu á sama hátt alveg ákveðnar ástæður til þess árið 1958, að 12 mílurnar voru valdar þá. Þá var ástandið þannig, að fyrir lá, að um 23 þjóðir í heiminum höfðu tekið sér 12 mílna landhelgi, og viðurkenningin á því meðal þjóðanna, að sérhver þjóð hefði rétt til þess að helga sér 12 mílna landhelgi, sú viðurkenning var orðin svo almenn, að það skapaði alveg sérstaka aðstöðu fyrir okkur að notfæra okkur þetta álit, þessa viðurkenningu til þess að stíga þetta stóra skref, sem stigið var 1958.

Það er alger misskilningur, sem maður hefur séð hér í blöðum stundum, þegar þetta mál hefur verið rætt nú upp á síðkastið, að með þeirri afstöðu, sem við tókum árið 1958, þegar 12 mílna mörkin voru ákveðin, að þá höfum við í rauninni markað okkar afstöðu þannig, að við vildum binda landhelgina við 12 mílur og ekkert meira, vegna þess að við studdum þessa almennu skoðun, sem þá var uppi, að rétt væri að slá því föstu, að sérhver þjóð hefði ein og út af fyrir sig rétt til þess að helga sér 12 mílna landhelgi. Við Íslendingar tókum það mjög skýrt og greinilega fram í allri þeirri baráttu, sem átti sér stað á þessum tíma, að það væri ekki okkar meining, að þótt við ættum óskoraðan rétt til þess að taka 12 mílur, þá væri þar með okkar landhelgismálabaráttu lokið. Við lýstum því margsinnis yfir, að við stefndum að því að helga okkur allt íslenzka landgrunnið og við teldum okkur eiga siðferðilegan rétt til þess og sambærilegan rétt við margar aðrar þjóðir, sem höfðu gert nokkuð hliðstæðar ráðstafanir, og að ýmis efnahagsleg rök lægju einnig til þess, að við gætum tekið okkur þennan rétt. Eins og fram hefur komið í þessum umr., kom það alveg ótvírætt frá íslenzkum stjórnarvöldum og beint frá Alþ. í yfirlýsingarformi, að við áskildum okkur þennan rétt og lýstum því yfir, að við stefndum að því að færa landhelgina út fyrir 12 mílna mörkin og stefndum að því að helga okkur allt landgrunnið. Um þetta var m. a. yfirlýsing Alþ. frá því í maí árið 1959 alveg ótvíræð. Og í þessa átt fór einnig sú yfirlýsing, sem fólst í samningagerðinni við Breta, sem fram fór í marzmánuði 1961, þar sem því var beinlínis lýst yfir, að áfram yrði unnið að því að vinna að viðurkenningu þess, að Íslendingar gætu haft innan sinna fiskveiðatakmarka allt landgrunnssvæðið. Þannig hefur stefnan í þessu þýðingarmikla máli verið mörkuð, og þannig hefur verið unnið að þessu máli í aðalatriðum.

En með þeim samningum, sem gerðir voru við Breta 1961 um sérstök friðindi þeim til handa innan íslenzku fiskveiðalandhelginnar um 3 ára tímabil, voru hins vegar gefin fyrirheit, sem að margra dómi voru æði hættuleg einmitt varðandi aðstöðu Íslands til þess að ná þessu setta marki sínu í landhelgismálinu. Þá var því nefnilega lýst yfir, að þó að Ísland ætlaði sér áfram að vinna að frekari

útfærslu fiskveiðalögsögunnar við landið, skuldbyndi íslenzk ríkisstj. sig til þess að gera það ekki nema á þann hátt að tilkynna Bretum um slíkar ráðagerðir og ef Bretar vildu ekki fallast á þær, skuldbyndi Ísland sig til þess að skjóta þeim ágreiningi, sem þá kynni að koma upp, undir úrskurð Alþjóðadómstólsins í Haag.

Þegar þetta mál var rætt hér mest á árinu 1961, eða um það leyti sem verið var að gera þennan samning, bentum við á það, sem vorum gegn þessari samningagerð, að í þessu ákvæði væri fólgin mikil hætta og þetta gæti orðið mjög til þess að hefta Íslendinga í þeirri viðleitni að reyna að helga sér allt landgrunnssvæðið, eins og var þó yfirlýst stefna okkar. En þeir, sem að samningagerðinni stóðu, vildu ekki viðurkenna það, að með þessu ákvæði væri verið að hefta okkar baráttuaðstöðu í þessu máli, við hefðum eftir sem áður **lausar hendur í málinu** og gætum unnið að því að ná því marki, sem við höfðum sett okkur í þessum efnum.

Nú er auðvitað enginn vafi á því, að að því hlýtur að koma, að menn verða að gera það upp við sig í framhaldi af þessu, sem gerzt hefur í málinu, hvernig menn hugsi sér að vinna að frekari útfærslu eða stækkun íslenzku fiskveiðalandhelginnar frá því, sem nú er, með hvaða hætti, og eins hvenær á að taka málið upp að nýju. Ég álít, að sá tillöguflutningur, sem hér hefur nú orðið, þar sem þetta mál hefur nú verið lagt fyrir Alþ. í formi þáltill., sé mjög eðlilegur og í fullu samræmi við það, sem áður hefur gerzt í þessu máli. Á árunum 1955 og 1956 voru fluttar hér á Alþ. margar þáltill., sem mjög fóru í svipaða átt og þessi, þar sem einstakir kjördæmaþm. komu fram hér á Alþ. með óskir sinna héraða um útvíkkun landhelginnar á þeim slóðum. Og þessar fjölmörgu till., sem hér voru fluttar í þessa átt, höfðu vitanlega sín áhrif og lágu fyrir sem ótvíræð viljayfirlýsing frá fjöldamörgum þm., auk þess sem þær voru síðar valdaðar af beinum flokkslegum yfirlýsingum stjórnmálaflokkanna í landinu. Þessar till. urðu auðvitað til þess að ýta á stjórnarvöldin með það að taka málið upp og reyna að finna þann flöt á málinu, sem beztur þótti eftir atvikum til þess að vinna að stækkun íslenzku fiskveiðalandhelginnar, helzt í kringum allt landið. Ég lít einmitt þannig á þessa till., sem hér liggur fyrir.

Hér kemur fram till., frá tveimur þm. úr kjördæmi Vestfirðinga, þar sem eindregið er lagt til, að nú verði fiskveiðalandhelgin fyrir Vestfjörðum stækkuð og unnið að því að framkvæma yfirlýsta stefnu Alþ. og þá stefnu, sem ég ætla að allir stjórnmálaflokkarnir í landinu vilji standa að. Ég tók eftir því, að þegar hæstv. dómsmrh. ræddi hér þessa till., vildi hann af skiljanlegum ástæðum ekki mæla á neinn hátt gegn till. Hann tók till. miklu fremur vel, en lýsti þó mjög litlu yfir um afstöðu sína til till. Hann vék að vísu að því, að till. mundi ganga til n. og færi bezt á því, að þar yrðu höfð samráð um það, hvernig skyldi snúast við þessu verkefni. En með þessu er auðvitað harla lítið sagt. Margar till. hjá okkur hafa nú gengið til nefnda, og það hefur auðvitað á vinsamlegan hátt verið minnzt á þær till. í nefndum, en meira hefur ekki heldur gerzt. En ég álít, að þetta mál sé þannig, að það sé ómögulegt að bregðast þannig við að senda till. sem þessa til n. og láta hana lognast þar út af hreyfingarlítið. Ég álít, að annað sé ekki sæmandi en það, að **ríkisstj. taki þannig** tillöguflutningi sem þessum að setja a. m. k. niður nefnd, sem er falið það sérstaka verkefni að vinna að því að samræma afstöðu og aðstöðu þm. til þess að vinna að framgangi málsins, því að það gefur alveg auga leið, að ekki síður þeir, sem stóðu að samningagerðinni við Breta árið 1961 og þeirri yfirlýsingu, sem þá var gefin, ekki síður þeir en hinir, sem voru á móti þeirri samningagerð, verða fyrr eða síðar að gera það upp við sig, hvernig þeir ætla að standa að því að framkvæma þá stefnuyfirlýsingu, sem hér er staðfest í l. hjá okkur um það, að Íslendingar stefni að því að helga sér allt landgrunnið. Hvernig ætla þeir að standa að því að vinna að því máli eftir þá samningagerð og þá yfirlýsingu, sem þeir stóðu að því að gefa með samningunum við Breta frá því í marz 1961? Hafa þeir hugsað sér að halda þannig á málinu, að Alþ. Íslendinga eða íslenzk stjórnarvöld geti ekkert gert annað í málinu af sinni hálfu en ræða málið við Breta og leita álits þeirra um það, hvort þeir gætu fallizt á einhverja stækkun landhelginnar? Og ef Bretar geta ekki fallizt á stækkun, — sem við þurfum raunar ekki að spyrja um, við vitum það, að þeir geta ekki fallizt á hana, á því getur enginn vafi leikið, miðað við allar þær yfirlýsingar, sem við höfum frá þeim um það mál, — hvað hyggst ríkisstj. þá gera? Ef það liggur skýrt fyrir, að stjórn Bretlands getur ekki fallizt á stækkun íslenzku fiskveiðalandhelginnar, hvað er þá meiningin að gera? Er þá ekki meiningin, að til þess komi, að Alþingi Íslendinga eða íslenzk stjórnarvöld taki ákvörðun um beina útfærslu í einu eða öðru formi, sem miðar að stækkun fiskveiðalandhelginnar, og við förum þá svipaðar leiðir og við höfum farið allar götur fram til þessa tíma, að við verðum einhliða að taka ákvarðanir í málinu sjálfir, velja okkur sjálfir aðstöðu og tíma, en við verðum sjálfir að taka einhliða ákvörðun, en ekki semja fyrir fram um málið við aðra?

Þá kemur auðvitað líka upp sú spurning, ef Bretar nú bregðast þannig við, sem lítill vafi er víst á, að þeir mundu mótmæla sérhverri útfærslu af okkar hálfu, er þá ætlunin að túlka þannig yfirlýsinguna í samningnum frá 1961, að við séum þar með skuldbundnir til þess að lúta úrskurði Alþjóðadómstólsins í Haag um þessa útfærslu? Ég fyrir mitt leyti er ekki í nokkrum vafa um það, eftir að

hafa hlýtt á margar og miklar ræður meðal alþjóðalögfræðinga einmitt um landhelgismálið, að það er með öllu vonlaust, eins og málin standa núna, að við getum vænzt þess að fá úrskurð hjá Alþjóðadómstólnum um það, að við höfum lagalegan rétt til þess að stækka okkar fiskveiðalandhelgi frá því, sem nú er, einfaldlega af þeirri ástæðu, sem margsinnis hefur verið bent á af fjöldamörgum alþjóðalögfræðingum, sem fjalla um þessi mál, að Alþjóðadómstóllinn hefur ekki eftir neinum lögum að fara í þessum efnum. Það er viðurkennt, að um þau atriði, sem fjalla um stærð landhelgi, eru engin alþjóðalög viðurkennd af þjóðum. Þar halda hinar ýmsu þjóðir fram mismunandi kenningum. En hitt er langalmennast viðurkennt, að alþjóðalagagrundvöllur sé þarna ekki fyrir hendi. Er þá ætlunin sú, ef ríkisstj. vill túlka áfram þetta ákvæði í þessum 3 ára samningi, sem gerður var við Breta, á þessa lund, að með því sé allri frekari baráttu okkar til stækkunar á íslenzkri fiskveiðalandhelgi lokið, nema aðeins á þeim eina grundvelli, að Bretar vilji fyrir sitt leyti samþykkja stækkunina?

Því hefur verið haldið fram af mörgum íslenzkum stjórnmálamönnum og þá ekki síður m. a. af hálfu forustumanna Sjálfstfl., að landhelgismálið væri þess eðlis, að um það gætum við ekki samið eða um rétt okkar í þeim efnum við aðrar þjóðir, það væri slíkt lífshagsmunaspursmál fyrir okkur Íslendinga, slíkt efnahagslegt öryggismál okkar, að við gætum ekki samið við aðrar þjóðir um réttindi okkar í þeim efnum. Ég held enn sem fyrr, að þetta sé rétt, það sé með öllu útilokað fyrir okkur að afsala okkur þeim rétti, sem hefur reynzt okkur sterkastur í þessu máli, það er okkar einhliða ákvörðunarréttur í málinu. Hitt er svo allt annað mál, að þótt við höldum við þann rétt, að við höfum, eins og aðrar þjóðir, okkar einhliða rétt í málinu, eigum við gjarnan að beita þeim rétti á þann hátt, að við lendum í sem minnstum vandræðum, við séum ekki að egna til óvildar við aðrar þjóðir umfram það, sem lífshagsmunir okkar krefjast á hverjum tíma.

Ég veitti því athygli, að þegar samningurinn við Breta árið 1961 var gerður um sérstök fríðindi þeim til handa innan íslenzkrar fiskveiðalandhelgi, litu ýmsir af forustumönnum t. d. brezkra togarasamtaka þannig á þann samning, að með honum hefðu Íslendingar einu sinni fyrir allt afsalað sér rétti til þess að geta fært landhelgismörk sín út fyrir 12 mílur. Á sínum tíma var á það bent, að varaformaðurinn í samtökum brezkra togaraeigenda hefði svarað spurningu í sambandi við þennan samning og hann hefði svarað spurningu um þennan samning, sem þá var gerður, á þá lund, að hann teldi, að brezka ríkisstj. hefði unnið mjög þarft og gott verk með þessari samningagerð, með því að takast að halda Íslendingum innan 12 mílna markanna, því að þeir hafi verið hræddir um það, að Íslendingar ætluðu sér að færa landhelgismörkin út fyrir 12 mílna mörkin. Forustumenn brezkra togarasamtaka litu svo á, eins og margir hér á Íslandi óttuðust, að þessi samningagerð kynni að þýða það, að við værum þarna að glata möguleika okkar til frekari stækkunar, ef ætti að standa að öllu leyti við þessa sérstöku samningagerð, sem þarna fór fram. En ég vil ekki trúa því, að þeir aðilar, sem stóðu að þessari samningagerð við Breta af hálfu Íslendinga og stóðu fyrir því að lýsa yfir í þessum samningum jafnhliða, að áfram yrði unnið að viðurkenningu á frekari stækkun landhelginnar, hafi hugsað sér að gefast upp í þessu máli, jafnvel þótt þeir fengju hart nei frá Bretum, sem þeir hafa ekki getað efazt um. Ég vil því vænta þess, að þrátt fyrir þessi ákvæði, sem þarna voru skráð í þennan 3 ára samning, viðurkenni íslenzk stjórnarvöld það enn í dag, að það beri að halda áfram baráttunni fyrir frekari útfærslu fiskveiðamarkanna og það sé kominn tími til þess nú, að Íslendingar reyni að samstilla krafta sína um það, hvernig skuli taka á vandamálinu, hvað skuli næst gera.

Hér er borin fram till. um það að færa út landhelgina á takmörkuðu svæði kringum landið, þ. e. a. s. stækka fiskveiðalandhelgina aðeins úti fyrir Vestfjörðum, þar sem þörfin nú í dag er tvímælalaust mest. Ekki vil ég neita því, að það geti komið til mála fleiri tillögur. Ein till. er sú, sem hér var aðeins minnzt á af hv. 11. landsk. þm. og aðrir menn á Vestfjörðum. hafa verið að minnast á. Hún er sú, að út verði gefin reglugerð um ákveðna friðun tiltekinna veiðisvæða, t. d. úti fyrir Vestfjörðum, fyrir veiðum með ákveðnum veiðarfærum og þá gildi að sjálfsögðu slík ákvæði jafnt fyrir Íslendinga sem útlendinga. Með því að beita þessu ákvæði á réttan hátt, er vitanlega hægt að ná okkar tilgangi að mjög verulegu leyti í ýmsum tilfellum. Mér er það alveg ljóst, að væri t. d. sett reglugerð um það, að á tilteknum tíma væri á ákveðnum svæðum út af Vestfjörðum bannað að veiða með botnvörpu, jafnt Íslendingum sem öðrum, en aðeins heimilað t. d. á þeim svæðum að veiða með línu eða á öðrum svæðum að veiða þar aðeins með netum, mundi það í reynd þýða það, að Íslendingar svo að segja einir ættu þá þennan veiðirétt, því að það er mjög ólíklegt, að aðrar þjóðir gætu notfært sér slíkan rétt að neinu ráði. Það má segja, að slíkar ráðstafanir miðuðu í þessa átt, sem okkar stefnuyfirlýsing beindist að, þ. e. að Íslendingar einir gætu búið að fiskimiðunum á öllu landgrunninu í kringum landið. En ég tel, að hæstv. ríkisstj. verði nú í þessum umr. að svara því af sinni hálfu: Hvað hyggst hún gera í þessu máli? Það getur vitanlega ekki verið fullnægjandi að segja það eitt í þessum umr., að ríkisstj. vilji láta vísa þessari till. til n. og þar verði hún athuguð og meira verði ekki sagt. Ríkisstj. verður að láta eitthvað koma fram um það, hvernig hún hugsar sér að vinna að stækkun

íslenzku fiskveiðalandhelginnar, hvernig hún ætlar að taka málið upp. Og er það kannske tilfellið, að hún líti þannig á málið, að hún telji, að Íslendingar einir geti ekkert í málinu gert, þeir verði að spyrja aðra? Ef þetta er álit ríkisstj., er bezt, að það komi fram, því að í jafnmikilvægu máli fyrir Íslendinga á hið sanna vitanlega að koma fram.

Það hefur verið sagt í þessum umr., að það sé orðin meiri þörf á því að stækka fiskveiðalandhelgina úti fyrir Vestfjörðum en annars staðar við landið, og ég er fyrir mitt leyti ekki í neinum vafa um, að þetta er rétt. Það er rétt, að tiltölulega minni hluti af fiskimiðum bátaflotans úti fyrir Vestfjörðum er nú kominn inn í íslenzku fiskveiðalandhelgina en fiskimið á öðrum stöðum við landið. Þeir hafa að vísu haft fyrir Vestfjörðum 12 mílna beltið alveg óskorað. Það hefur engin skerðing verið gerð á því, á sama tíma sem nokkur skerðing er á 12 mílna beltinu við alla aðra landshluta, því að við vitum, að íslenzkir togarar mega á alllöngu tímabili á hverju ári sums staðar veiða upp að 4 mílum, annars staðar upp að 6 mílum og á enn öðrum stöðum upp að 8 mílum, en fyrir Vestfjörðum er íslenzku togurunum haldið utan við 12 mílna mörkin allt árið um kring. En Vestfirðingar hafa hins vegar ekki fengið neina frekari stækkun en 12 mílna mörkin beinlínis gefa, ekki vegna breytingar á grunnlínum, svo að neinu nemur, en allir aðrir landshlutar hafa fengið sína fiskveiðalandhelgi allverulega stækkaða bara á grundvelli breytinga á grunnlínudrætti. Þannig má segja það, að Vestfirðingar hafi fengið í sinn hlut, þrátt fyrir allt, nokkru minna út úr útfærslunni en flestir aðrir. En það er líka annað og meira, sem þarna kemur til. Aðstæður eru þannig, að það er eðli málsins samkvæmt miklu meiri ágangur togara á Vestfjarðamið en á mið annars staðar kringum landið, og það hefur verið svo um margra ára bil. Togaraflotinn, bæði innlendi togaraflotinn og þó sérstaklega erlendur, hefur stundað miklu meir og miklu lengri tíma veiðarnar úti fyrir Vestfjörðum en annars staðar.

En það væru líka til, og mér dettur í hug að minnast á það í sambandi við þetta mál, — það væru líka til fleiri leiðir til þess að aðstoða Vestfirði í þessum efnum. Ég hef hér tvívegis flutt á Alþ. frv. um það, að l. um bann við botnvörpuveiðum í landhelgi væri breytt á þann hátt, að sektir væru hækkaðar mjög verulega frá því, sem verið hefur, og önnur refsiákvæði líka þyngd, sem sérstaklega mundu bitna þungt á erlendum veiðiskipum, þ. e. a. s. reglur varðandi að gera upptæk veiðarfæri á raunhæfan hátt, en ekki á þann gervihátt, sem verið hefur í framkvæmd. Slíkar ráðstafanir mundu hafa orðið mjög heilladrjúgar fyrir Vestfirðinga í þessum efnum. En þessi tillöguflutningur minn hefur ekki komizt lengra en svo, að málið hefur að vísu fengið að fara í n., bæði í þinginu í fyrra og eins nú. Nú var það sent í n. snemma í nóvembermánuði, og þar liggur málið enn óafgreitt. Og ekki vil ég neita því, að það væri hægt að gera enn fleiri ráðstafanir, sem gætu miðað að því að aðstoða Vestfirðinga og aðra þá, sem á hallar í þessum efnum, ef fyllilega væri vilji fyrir hendi.

Ég álít, að það sé í mesta máta óviðeigandi og óeðlilegt, að hér sé sagt í umr. um þetta mál, að sú till., sem hér liggur fyrir, sé einstrengingsleg till. Till. er vitanlega í fyllsta máta eðlileg og sjálfsögð og í fullu samræmi við yfirlýsingar allra stjórnmálaflokka í landinu. Spurningin getur ekki verið um neitt annað en það, hvort við teljum okkur hafa sakarafl til þess að koma till. í framkvæmd eða hvort það kann að vera rétt að doka við einhvern tíma og t. d. taka eitthvað minni áfanga en hér er stungið upp á. Ég tel líka mjög óeðlilegt, þegar talað er um það hér, að það eigi ekki að fara svona geyst í málið og það eigi að undirbúast betur og framvegis, á sama tíma sem menn koma þá ekki fram með neinar till. um það, hvernig að málinu skuli staðið á þann hátt, að það geti fengið einhvern árangur. Þegar Íslendingar réðust í það að stækka landhelgina úr 4 mílum í 12 1958, kvað þetta líka við, að nú væri farið of geyst í málið, að nú þyrfti að undirbúa málið betur, við þyrftum að láta það liggja enn lengur í nefndum en gert hafði verið. Og ýmsir vildu fara sér miklu hægar og helzt ekki gera neitt í málinu án þess að hafa fengið fyrir fram samþykki Breta til þess, sem gert yrði. En það varð okkar hamingja í það skiptið, að það var ekki farið að ráðum þessara úrtölumanna, því að annars er hætt við því, að við sætum uppi með 4 mílna landhelgi enn í dag. Málið lá þannig og það liggur þannig eðli málsins samkvæmt, að við getum ekki fengið Breta fyrir fram til þess að samþykkja aðgerðir í þessa átt. Þar verðum við að stilla þeim upp fyrir gerðum hlut, við verðum að vísu að hafa öll okkar rök í lagi fyrir því, sem við gerum hverju sinni, en við verðum að standa einarðlega á því, sem við gerum, og við gerum að sjálfsögðu ekki annað en það, sem okkur er nauðsynlegt á hverjum tíma. En hin leiðin, að ætla í rauninni með einhverjum hætti að afhenda t. d. Bretum valdið í þessum efnum, þýðir sama og það, að ekkert geti gerzt til árangurs í málinu fyrir okkur.

Ég lít þannig á þetta mál, að að sjálfsögðu hljóti að koma til þess, að útfærslan úr 12 mílum nái ekki aðeins til Vestfjarða. Ég er ekki í neinum vafa um það, að hliðstæð útfærsla verður að ná til fleiri landshluta tiltölulega fljótlega. Við vitum, að þýðingarmestu fiskimið austfirzkra fiskibáta eru nú fyrir utan 12 mílna mörkin, alveg eins og þýðingarmestu fiskimið þeirra á Vestfjörðum liggja fyrir utan 12 mílna mörkin, því að það eru í rauninni ekki nema hinir minni bátar, sem stunda sínar aðalveiðar innan 12 mílna markanna. Ég álít því, að það verði að koma til þess tiltölulega fljótlega, að það verði um

frekari stækkun á fiskveiðalandhelginni að ræða á fleiri stöðum en aðeins úti fyrir Vestfjörðum. En ég sætti mig vel við, að það verði næsti áfangi í málinu, að við komum landgrunninu úti fyrir Vestfjörðum inn fyrir mörkin, jafnvel þó að við með okkar landgrunn og okkar fiskimið út af Austfjörðum verðum að bíða eftir næsta áfanga. Mér er ljóst, að við verðum að velja okkur nú eins og áður áfanga í þessu máli. Ég fyrir mitt leyti er fyllilega til viðtals um það einnig, að áfangarnir geti orðið aðrir en hér er stungið upp á, en ég vil ekki sætta mig við það, eins og þetta mál er nú komið, að Íslendingar leggist út af í þessu máli og þeir hætti að berjast fyrir sinni yfirlýstu stefnu, svo brýn nauðsyn sem er á því, að við aukum friðunarsvæði okkar eða tileinkum okkur stærra veiðisvæði í kringum landið en nú er. Við ættum því að fara að gera það upp við okkur, hvernig við ætlum að taka á málinu, hvenær og hvernig við getum bezt staðið saman í þessum málum.

Ég tel, að kjarni þessa máls sé þessi: Í fyrsta lagi liggur það alveg ótvírætt fyrir, að það er stefnuyfirlýsing Íslendinga, sem er mörkuð í lögum, í landgrunnsl. frá 1948, að við ætlum okkur að færa inn fyrir íslenzku fiskveiðamörkin allt landgrunnssvæðið. Að þessu stefnum við alveg tvímælalaust. Við höfum hingað til valið okkur þá leið að nálgast þetta mark í áföngum. Nú álít ég, að aðstæður séu orðnar þannig, að orðin sé brýn þörf á því, að við förum að marka okkar næsta áfanga í þessu máli, það sé orðin brýn þörf á því, að við stækkum fiskveiðalandhelgi okkar frá því, sem verið hefur nú um skeið. Við þurfum að hafa það í huga, að landsmönnum fjölgar, við þurfum að sækja meira á miðin en áður og miklu harðara en áður var gert. Við þurfum að senda á miðin miklu stærri og afkastameiri skip en áður voru send á þessi mið. Fiskimiðin þurfa að gefa okkur alltaf meiri og meiri verðmæti, og af þeim ástæðum m. a. knýr það á, að við getum tileinkað okkur meira og meira af þessum landgrunnsfiskimiðum. Ég álít, að meira að segja samningurinn við Breta frá 1961 hafi skuldbundið okkur til þess að halda áfram baráttunni í þessu máli. Ég álít líka, að við verðum að gera okkur fyllilega ljóst, að það eru ekki fyrir hendi nein alþjóðalög um víðáttu landhelgi eða fiskiveiðalandhelgi. Það er því með öllu vonlaust að ætla að bíða eftir því í sambandi við baráttu fyrir þessu máli, að Alþjóðadómstóllinn í Haag geti dæmt okkur frekari stækkun en nú er orðin á okkar fiskveiðalandhelgi, nema þá við bíðum allt of langan tíma, svo langan tíma, að okkar aðstæður leyfa slíkt ekki. Ég tel því, að það sé orðin brýn þörf á því, að við komum okkur saman um vinnubrögð í þessu þýðingarmikla máli, og ég teldi mjög eðlilegt, að stigið verði það skref t. d., sem lagt er til í þessari þáltill. Ég held, að það mundi styrkja og bæta stöðu ríkisstj. að fá samþykkt a. m. k. í þá átt, sem þessi till. fjallar um, ef hún vill reyna að undirbúa málið jafnhliða með viðræðum við aðrar þjóðir um það, hvað til standi að gera í þessum efnum hjá okkur. En það vildi ég alveg sérstaklega, að hæstv. ríkisstj. gerði sér fulla grein fyrir því, að eins og þessi mál liggja fyrir nú í dag, er engin ástæða til þess fyrir hana að ætla að geyma þetta mál í nefnd, án þess að hún láti það uppi, hvað hún hyggst fyrir í þessu máli.

Davíð Ólafsson: Herra forseti. Það er vissulega rétt, sem hæstv. dómsmrh. sagði hér áðan, að hér er um að ræða mál, sem er þess vert, að því sé rækilega gaumur gefinn. Þess gerist ekki þörf að endurtaka það, sem oft hefur verið sagt á undanförnum árum og áratugum, hversu þýðingarmikið það er fyrir okkur Íslendinga að vernda hafsvæðið umhverfis landið, þannig að það geti gefið okkur þann arð, sem mestur verður af því fenginn, og þannig tryggt okkur lífvænleg skilyrði í landinu. Það er líka rétt, sem hv. 1. flm. þessarar till. sagði hér við upphaf umr. um daginn og tekið er fram í grg. fyrir till., að lögin um landgrunnið, landgrunnslögin, eins og þau eru kölluð, frá 1948, voru mjög merk löggjöf og hafa alla tíð síðan reynzt okkur mjög styrk stoð í baráttu okkar í landhelgismálinu og hafa vissulega átt sinn mikla þátt í því að undirbyggja aðgerðir í því máli. Það má segja, að það hafi verið fyrsta skrefið, sem stíga þurfti til þess að tryggja frekari aðgerðir síðar. Það var aðeins eitt nauðsynlegt skref af mörgum. Eftir það fóru fram á alþjóðavettvangi fyrst og fremst margvíslegar umræður um landhelgismál almennt og um landhelgismál Íslands sérstaklega, umræður, sem oft voru að frumkvæði okkar fulltrúa á alþjóðafundum, umræður, sem til var stofnað oft í þeim beina tilgangi að afla skilnings á aðstöðu okkar í sambandi við fiskveiðar. Þessi þáttur í baráttunni fór að vísu fram fjarri þessum sal og fjarri okkar ströndum, en mér er næst að halda, að hann hafi ekki verið hvað þýðingarminnstur, þegar litið er á úrslit þessa máls í heild.

Hæstv. dómsmrh. vakti hér réttilega athygli á því, hvernig sá þjóðréttarfræðingur, sem ráðinn var á árinu 1946, Hans G. Andersen, vann að þessum málum, og ég vil taka undir það, sem hæstv. dómsmrh. sagði. Ég varð dálítið undrandi á því um daginn, þegar hv. 1. flm. till. fór þeim orðum um starf þessa manns á alþjóðavettvangi, þar sem nánast var farið háðulegum orðum um það. Og sérstaklega varð ég undrandi vegna þess, að þessi hv. þm. var ráðh. á árunum 1956—58, þegar mikið var að gerast í landhelgismálunum.

Landhelgismálið var rætt, eins og ég sagði áðan, á alþjóðavettvangi í mörg ár, innan Sameinuðu þjóðanna, innan Evrópuráðsins, innan Efnahags- og samvinnustofnunar Evrópuráðsins, á norrænum fiskimálaráðstefn-

um, í Genf, innan NATO. Þá voru gefnar út hvítar bækur af utanrrn. Þeim var dreift víða um land. Með þessu öllu saman og með þeim skýrslum og þeim tölulegu rökum, sem þeim fylgdu, var málið kynnt svo ýtarlega á erlendum vettvangi, að óhætt mun að segja, að frá Bandaríkjunum til Sovétríkjanna, frá Indónesíu til Perú, eða hvar sem var í heiminum, var mönnum, sem fylgdust með þessum málum, vel kunnugt um okkar sérstöðu, og það er fyrst og fremst fyrir það starf, sem hér var unnið, og þann þátt, sem Hans G. Andersen átti í því starfi. Þannig tókst með þrotlausri baráttu á erlendum vettvangi að fá skilning á málstað okkar. Þetta gerðist skref fyrir skref, þar til svo var komið, að allir höfðu viðurkennt 12 mílna landhelgina endanlega með samningunum, sem gerðir voru 1961. Það var vissulega merkur áfangi, sem þá vannst.

En í sambandi við samninginn 1961 er einnig annar merkur atburður á Alþingi á árinu 1959, 5. maí. Þá hafði verið samþ. till. til þál. um landhelgismálið, þar sem segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „að afla beri viðurkenningar á rétti þess til landgrunnsins alls, svo sem stefnt var að með lögunum um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins frá 1948," — að afla beri viðurkenningar á rétti Íslendinga til landgrunnsins. Þessi ályktun Alþingis, eða þessi hluti af ályktun Alþ., sem fjallaði um þetta atriði, var tekinn inn í samninginn frá 1961 sem yfirlýsing af hálfu Íslendinga. Þar með var því enn einu sinni lýst yfir í framhaldi af ályktun Alþingis frá 1961, að áfram skyldi haldið að afla viðurkenningar á rétti Íslands til landgrunnsins alls.

Það mun hafa verið fyrsta tækifærið, sem gafst til þess að koma fram aftur á alþjóðavettvangi í framhaldi af þessum yfirlýsingum, á fiskveiðiráðstefnunum, sem haldnar voru í London á s. l. ári, á vetrinum 1963—64, í desember, janúar og febrúar. Þar var rætt um landhelgismál landanna við norðaustanvert Atlantshaf, og Íslandi var að sjálfsögðu boðið til þeirrar ráðstefnu og fór þangað, með þeirri yfirlýsingu frá byrjun að ítreka það, sem sagt hafði verið með yfirlýsingu Alþingis 1959 og aftur í samningum 1961. Og ávallt á þeirri ráðstefnu var það tekið fram af hálfu íslenzku fulltrúanna, að stefna Íslands væri sú, sem mörkuð hefði verið með þessum yfirlýsingum. Þetta var mjög þýðingarmikið atriði og mjög þýðingarmikið að koma því að á þessum vettvangi, það sem raunar hafði verið tekið fram áður í samningum og í ályktun Alþingis, en þarna voru þó saman komnir fjölmargir aðilar frá flestum löndum við norðaustanvert Atlantshaf, sem kynntust þessum sjónarmiðum Íslendinga.

Ég vildi með þessu hafa sýnt fram á, hver vinnubrögð voru viðhöfð alla tíð frá árinu 1948, og við þurfum ekki að spyrja um þann árangur, sem hefur orðið af þeim vinnubrögðum, hann er okkur öllum ljós.

Hér liggur fyrir till. um að hefja vissar aðgerðir innan nokkurra mánaða í útfærslu fiskveiðalandhelginnar undan ströndum eins landshluta. Það hefur verið tekið fram hér af öðrum ræðumönnum, að sjónarmið fólksins í þessum landshluta sé mjög skiljanlegt, og ég tek undir það. Þetta fólk, sem þar býr, eins og raunar flest fólk við strendur Íslands, á sína lífsafkomu undir hafinu undan ströndunum, og það getur oft verið erfitt að meta það, hvar hagsmunirnir eru mestir. En nú er það svo, að á landhelgismálið sem slíkt verður að líta sem lífshagsmunamál allrar þjóðarinnar, og allar aðgerðir í málinu hljóta að miðast við það sjónarmið. Ég lýsti því áðan, eins og ég sagði, hvernig unnið var að málinu áður, hvernig allt var traustlega undirbyggt með traustum rökum, byggt á skýrslum. Við þurfum ekki annað en lesa hvítu bækurnar og þau tölulegu og önnur rök, sem þar voru fram borin, til þess að skilja, hvaða þýðingu þær skýrslur hafa haft.

Hv. 5. þm. Vestf., 1. flm. till., vitnaði í framsöguræðu sinni hér um daginn í tölur máli sínu til stuðnings. Því miður verð ég að segja það, að ég er mjög hræddur um það og raunar viss um það, að þær tölur mundu ekki sannfæra neinn um það, sem hann taldi sig hafa sannfærzt um af að hafa þessar tölur fyrir framan sig. Þær sýna raunverulega ekki það, sem hann ætlaði að sýna, því að þær sýna ekki, hvernig aflamagnið hefur þróazt, slíkar aflatölur aðeins fyrir örstuttan tíma. Ef ætti að sanna eitthvað af eða á um aflabrögð á einhverju svæði, þarf miklu traustari undirbyggingu, er ég hræddur um, til þess að fá menn til þess að taka slíkar tölur alveg góðar og gildar. Þetta segi ég af þeirri reynslu, sem ég hef fengið af því að umgangast slíkar tölur um alllanga hríð, og af þeirri reynslu, sem ég hef fengið af því að leggja fram slíkar tölur fyrir gagnrýna aðila. Ég veit, að hv. 1. flm. till. hefur meint það vel, sem hann sagði um, hvernig hann notaði þessar tölur. Þær bara ná allt of skammt til þess að vera traust undirbygging undir till. eins og þessa. Til þess þarf miklu nákvæmari og betri og traustari gögn.

Ég mundi telja, að þessi tillöguflutningur sé ekki til þess fallinn að vera landhelgismálinu í heild til framdráttar. Og ég mundi að lokum vilja taka undir það, sem hv. 5. þm. Austf. (LJós) sagði, að því er mér heyrðist, áðan, þegar hann ræddi um það, hvernig sótt hefði verið fram í landhelgismálinu eftir því, hvað hagstæðast væri fyrir íslenzkan málstað á hverjum tíma. Það sjónarmið mundi ég eitt vilja láta ráða í þessu máli.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Í tilefni af ræðu hv. 6. landsk. þm. (DÓ), sem hér var að ljúka máli sínu, vil ég segja það, að hann virtist draga í efa, að þær upplýsingar, sem 1. flm. þessarar till. gaf í sinni framsöguræðu, væru ábyggilegar. Ég held þó, að það fari ekkert á milli mála, að aflaskortur er

áberandi á Vestfjarðamiðum, hafi verið það að undanförnu, og að þær samþykktir, sem þar hafa verið gerðar, sýni það alveg ótvírætt, að svo er, og bjóst ég ekki við, að neinn mundi draga það í efa.

Hv. þm. vék líka að því, að þetta mál væri þess eðlis, að það yrði að hafa allt landið í huga í einu, og að mér skildist, að það, sem gert yrði í málinu, þyrfti að snerta allt landið, landgrunnið allt. Ég vil minna hv. þm. á það, að áður hefur verið gerð breyting á landhelgi Íslendinga, sem snerti ekki landið allt, en það var 1950, þegar landhelgin var færð út fyrir Norðurlandi einu, svo að hér er ekki um neitt einsdæmi að ræða hvað snertir þessa till. Þetta var gert með reglugerð frá 22. apríl 1950. Hinn alvarlegi aflaskortur, sem nú er og hefur verið fyrir Vestfjörðum, veldur þeim áhyggjum Vestfirðingum, sem öllum á að vera nokkurn veginn kunnugt um.

Hv. 1. flm. hefur gert grein fyrir þeim ástæðum, sem liggja til grundvallar flutningi þessarar till. Og það eru mjög ískyggilegar horfur um, að byggð haldist á Vestfjörðum, ef ekki verður eitthvað að gert í þessum efnum. Það ætti öllum líka að vera kunnugt um það, að erlend botnvörpuveiðiskip hafa hrúgazt á Vestfjarðamið framar öðrum miðum að undanförnu. Og alveg sérstaklega eftir að Bretar urðu að fara úr landhelginni fyrir réttu ári, hefur þrengzt um þar. Með útfærslu landhelginnar 1958 voru ýmsir firðir og flóar friðaðir fyrir öðrum landshlutum að meira eða minna leyti, en engu slíku var til að dreifa um Vestfirði, þar sem þeir eru þannig úr garði gerðir af náttúrunnar hendi, að þar voru ekki fyrir skagar eða nes, eyjar eða sker, sem gátu orðið þeim til verndar, sem um var þó að ræða fyrir ýmsum öðrum landshlutum. Og þannig er ástandið nú, að hin erlendu veiðiskip raða sér á þessi mið í svo stórum stíl, að það er varla um það að ræða, að vesfirzkir fiskibátar geti stundað veiðiskap annars staðar en utan við þá torfu togara, sem þar er að veiðum. Þeir hafa ekki frið með sín veiðarfæri, nema með því móti að fara dýpra, sækja lengra. Hinir útlendu togarar fylkja sér þétt upp að landhelgislínunni, en hún liggur um miðbik fiskimiðanna, og því verða bátarnir að sækja enn þá dýpra, ef þeir eiga að geta stundað sínar veiðar. Við þetta bætist svo veiðiþjófnaður erlendra togara inni í sjálfri landhelginni, sem mönnum er kunnugt um, og það er áberandi, að á s. l. ári skyldu ¾ hlutar þeirra togara, sem teknir voru í landhelgi við Ísland, vera teknir við Vestfirði. Og jafnvel síðan þetta mál var hér síðast á dagskrá hefur einn togari bætzt við enn þar vestra, sem hefur verið tekinn að landhelgisveiðum.

En málið er enn stærra en það, að mínum dómi, að það snerti aðeins Vestfirðinga. Ég er ekki í neinum vafa um það, að þessi ágangur erlendra togara á Vestfjarðamiðum hefur sín áhrif á fiskigöngurnar til Norðurlands og þar sé að leita skýringa á hinum gífurlega aflaskorti, sem þar hefur verið nú að undanförnu og er svo alvarlegur, að jafnvel er að leggja í rúst atvinnurekstur í sumum sjávarþorpum þar. Málið snertir því sannarlega fleiri en Vestfirðinga eina.

Hæstv. dómsmrh. hefur rætt þetta mál á mjög hóflegan hátt hér áðan, en ræða hans fjallaði aðallega um sögu málsins allt frá 1948, og leitaðist hann við að sýna þá forustu, sem Sjálfstfl. hefði átt í þessum málum alla tíð síðan. Ég get ekkert verið að amast við því, þó að hann sé að rifja það upp. Hann sleppti þó einum kafla úr þeirri sögu og ekki alveg ómerkasta kaflanum, það var árinu 1958, hann talaði ekkert um neina forustu sjálfstæðismanna þá. Ég held, að ég hafi tekið rétt eftir, að hann hafi þó verið með lítils háttar aðfinnslur út af því, að þessi till. skuli flutt, engin slík till. hafi komið fram 1958, — og hvers vegna var þá ekki landhelgin færð út yfir landgrunnið fyrir Vestfjörðum? Það má þá alveg eins spyrja: Hvers vegna var það ekki gert 1952, þegar landhelgin var færð út í 4 mílur, eða 1950, þegar hún var færð út fyrir Norðurlandi? Það má lengi spyrja þannig. Hinu verður tæplega neitað, að sporið, sem stigið var 1958, var þó sannarlega stærra en öll önnur spor í þessu máli.

Hæstv. ráðh. vék að stærð fiskveiðalögsögu annarra þjóða, sem drepið er á grg. með þessari till., og minntist á ríkin í Suður-Ameríku. Las hann hér upp grg. frá Hans G. Andersen sendiherra um það efni, og skal ég ekki fara út í þá sálma. Þó heyrðist mér, að í þeirri skýrslu fælist það, að þessi Suður-Ameríkuríki bönnuðu ekki veiðar innan landhelginnar, jafnvel heimiluðu veiðar. Íslendingar hafa líka heimilað veiðar innan sinnar landhelgi, svo að mér sýnist þá, að hér sé alveg um hliðstæður að ræða og ekkert, sem stangast á, svo að það er ótvírætt, að þeir hafa sína landhelgi svo stóra sem frá er greint í grg. með þessari till.

En það, sem var mest áberandi í ræðu hæstv. dómsmrh., var auðvitað það, að hann forðaðist eins og heitan eld að taka nokkra afstöðu til till. Það eina, sem ég gat tekið eftir í ræðu hans hvað þetta snertir, var það, að með þessari till. væri ekki verið að afla viðurkenningar á landgrunninu. En þá hlýtur maður að spyrja hæstv. ráðh.: Hvernig á þá að afla þessarar viðurkenningar? Ef við förum eitthvað skakkt að í þessum efnum, er ekkert annað en benda okkur á það, hvernig við áttum að fara rétt að. Hvernig áttum við að stíga spor í þá átt að afla þessarar viðurkenningar? Og ekki verður um það deilt, að Íslendingar hafa þennan rétt til landgrunnsins, enda sýnir það sig, hvernig Alþ. leit á það 5. maí 1959, þegar ákveðið var, að afla skyldi viðurkenningar á rétti Íslendinga til landgrunnsins alls. Það þurfti ekki að afla viðurkenningar á rétti, ef rétturinn var ekki til. Þess vegna er þar með sagt, að Íslendingar eiga þennan rétt, og þar með er þessi till. á öruggum grunni reist. Réttinn eiga Íslend-

ingar og ekkert að því að finna, þótt flutt sé till. um slíka stækkun, eins og hér er gert.

Ég harma það, að hæstv. ráðh. lét ekki í ljós skoðun sína á því, hvað hann vill í þessu máli, og ég hlýt því að spyrja hann að því beinum orðum: Vill hann vinna að því, að landhelgin verði færð út fyrir Vestfjörðum, eða vill hann það ekki? Vill hann styðja að því, að þessi till. nái fram að ganga á þessu þingi, eða vill hann það ekki? Þetta er aðalefni þessa máls. En ef hann vill það ekki, ef hann er ósamþykkur þessari till. og er andvígur því, að hún verði samþ. hér á Alþ., hvað vill hann þá? Hann hefur ekki dregið í efa þörf Vestfirðinga fyrir stækkun landhelginnar. Og enginn, sem hér hefur talað, hefur gert það. En hvernig vilja þeir vinna að málinu, ef þeir vilja tryggja Vestfirðingum þá hagsmuni, ég vil segja: þá möguleika til að lifa lífinu þar fyrir vestan, — hvernig vilja þeir vinna að því máli? Um þetta vil ég spyrja, og þetta tel ég aðalatriðið, en ég skal alveg leiða hjá mér að fara út í neinar deilur að öðru leyti um þetta mál. Og ég vænti þess, að hæstv. ráðh. leitist við að svara þessu. Ég tek undir það, sem hér hefur komið fram, að það er ekki vert að vera með deilur eða þras um málið að öðru leyti.

Ég skal taka undir með hv. 11. landsk. þm., að þetta mál ætti að vera hafið yfir alla flokka og dægurmál. Þetta er rétt. En ég minni á, hvernig það var hafið yfir flokkana, þegar verið var að semja við Breta. Það er ekki hægt að segja, að þessari lífsreglu hafi verið fylgt þá. En látum það liggja í láginni. Ég legg aðaláherzluna á þörfina hjá Vestfirðingum fyrir lausn á þessu máli annars vegar, hins vegar legg ég áherzlu á að fá svör hjá hæstv. ríkisstj. um það, hvernig hún vill vinna að málinu eða hvort hún vill ekkert að því vinna.

Ég skal að endingu lesa hér örstutt bréf, sem okkur þm. Vestfirðinga barst frá Alþýðusambandi Vestfjarða. Það er ekki gamalt, það er dagsett 20. marz þessa árs, og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í tilefni af þáltill. um útfærslu fiskveiðilandhelginnar fyrir Vestfjörðum, sem þeir Hannibal Valdimarsson og Sigurvin Einarsson flytja á yfirstandandi Alþ., gerði stjórn Alþýðusambands Vestfjarða eftirfarandi samþykkt á fundi sínum í dag:

Í sambandi við þá þáltill. þeirra Hannibals Valdimarssonar og Sigurvins Einarssonar um útfærslu fiskveiðilandhelginnar fyrir Vestfjörðum lýsir stjórn Alþýðusambands Vestfjarða yfir þeirri skoðun sinni, að hún telur aðkallandi nauðsyn, að hraðað verði útfærslu fiskveiðilandhelginnar við Ísland, þannig, að hún taki til alls landgrunnsins. En þar sem ágangur erlendra togara er sérstaklega mikill úti fyrir Vestfjörðum, þannig að afkomumöguleikum íbúanna, sem að langmestu leyti byggjast á útgerð vélbáta, er stefnt í fyrirsjáanlegan og bráðan voða, verði ekki skjótt gripið til árangursríkra gagnráðstafana, telur stjórn Alþýðusambands Vestfjarða alls ekki hjá því komizt að gera tafarlaust sérstakar ráðstafanir varðandi friðun landgrunnsins fyrir Vestfjörðum. Stjórn Alþýðusambands Vestfjarða skorar því ákveðið á Alþingi að samþykkja grundvallaratriði fyrrgreindrar þáltill., friðun landgrunnsins fyrir Vestfjörðum og að friðunin komi til framkvæmda sem allra fyrst.

Framanritað samþykkt er yður hér með send.

Virðingarfyllst,

f. h. Alþýðusambands Vestfjarða,

Björgvin Sighvatsson."

Ég held, að það þurfi varla að vera að færa rök fyrir þörfinni á þessu máli, og samþykkt sú, sem hér var vikið að áðan, frá bæjarstjórn Ísafjarðar, beinist að hinu sama, þar sem hún telur nauðsynlegt að friða landgrunnið allt fyrir Vestfjörðum.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég vil ekki, að þessum fundi ljúki þannig, að það sé sagt, að ég hafi ekki tekið neina afstöðu til þess, hvað ég vildi gera í sambandi við útfærslu fiskveiðilögsögunnar á íslenzku landgrunni, og mér er með öllu óskiljanlegt, hvernig hv. 3. þm. Vestf. getur hlustað á ræðu mína og sagt aðra eins fjarstæðu og þetta. Ég vék að almennu lögsögunni og fiskveiðilögsögunni, gerði grein fyrir því, að við Íslendingar höfum lagt megináherzluna á fiskveiðilögsögu okkar, útfærslu íslenzku fiskveiðilandhelginnar, fram til þessa, það hefði hentað okkur bezt og þau ráð hefðu verið tekin. Um lögsöguna ríkti nokkur óvissa. Ég gerði grein fyrir því, að í nágrannalöndum okkar eða á Norðurlöndum væri hin almenna lögsaga 3—4 mílur. Ég teldi eðlilegast, að almenna lögsagan fylgdi fiskveiðilögsögunni og að því ætti að stefna hér og mundi verða, þegar á reyndi í framkvæmdinni, farsælast. Og um það, að íslenzka fiskveiðilandhelgin sé færð út yfir landgrunnið og þá jafnframt almenna lögsagan, sagði ég, það er rétt, að að þessu stefnum við. Ég sagði enn fremur í ræðu minni: Um hitt blandast okkur ekki hugur, og það viljum við að umheimurinn viðurkenni, að landgrunnið er hluti af Íslandi. Um það, með hverjum hætti við komum öðrum þjóðum í skilning um þessi sannindi, skulum við bera ráð okkar saman.

Ég sé ekki ástæðu til þess að láta þessi orð verða fleiri, en vildi láta þetta koma strax fram, svo að enginn misskilningur væri um það í þessum umr.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Mér skildist á því, sem hæstv. dómsmrh. sagði hér nú rétt áðan, að varðandi þá aðalleið, sem hann benti á til lausnar þessu máli eða því, hvernig við ættum að láta fiskveiðilandhelg-

ina ná til landgrunnsins alls, benti hann helzt á það úrræði, að menn ættu að bera ráð sín saman og annað hefði hann ekki til málanna að leggja, ekki neinar ákveðnar leiðir. Út af fyrir sig sé ég ástæðu til að fagna þessari yfirlýsingu hæstv. dómsmrh., því að það er einmitt þetta, sem hefur ekki verið gert á undanförnum árum, og það er einmitt þetta, sem veldur þeirri sjálfheldu, sem landhelgismálið er komið í. Ef sú regla hefði verið höfð á undanförnum árum og t. d. áður en samningarnir hófust við Breta 1960, að menn hefðu borið ráð sín saman og það hefði verið tekið tillit til þess, sem andstæðingarnir höfðu um þessi mál að segja, værum við áreiðanlega staddir í öðrum og betri sporum í dag. En svo lítið hefur verið gert að því, að menn bæru ráð sín saman, að það var ekki aðeins vanrækt að hafa samband við stjórnarandstöðuna allan þann tíma, sem unnið var að landhelgissamningnum, heldur var því til viðbótar stjórnarandstöðunni neitað um að fá að fylgjast með þeirri landhelgisráðstefnu, sem haldin var í Lundúnum á s. l. vetri og Ísland tók þátt í. Af hálfu Framsfl. var farið fram á það í utanrmn. að fá aðstöðu til þess að fylgjast með því, sem þar væri að gerast, og því var eindregið neitað af hæstv. ríkisstj. Þess vegna, þegar þannig hefur verið haldið á þessum málum, en nú kemur fram yfirlýsing um það, að menn eigi að bera ráð sín saman, sé ég ástæðu til að fagna því, ef það er alvarlega meint.

Um þá till., sem hér liggur fyrir, vildi ég fyrst segja það, að ég álít þetta nauðsynlega till. frá því sjónarmiði, að með flutningi hennar hér á Alþ. er hafin ný sókn í þessu máli, og ég álít, að það sé orðið fullkomlega tímabært, að það sé hafin sókn í þessu máli eða sókn fyrir því, að við tileinkum okkur allt landgrunnið. Hitt er svo annað mál, og um það verður að sjálfsögðu síðar fjallað hér á þinginu og í þeirri n., sem þetta mál fær til athugunar, hvort það sé einmitt þessi leið, sem till. fjallar um, eða einhver önnur, sem er helzt líkleg til árangurs.

Það hygg ég, að mundi hafa verið tiltölulega auðvelt að koma slíkri till. fram eins og þeirri, sem hér liggur fyrir, ef aðstæður í þessu máli væru í dag eins og þær voru t. d. 1958. Ég held, að það hefði verið tiltölulega auðvelt, ef við hefðum enn haft einhliða útfærslurétt, að friða landgrunnið fyrir Vestfjörðum. Ég held, að sú þróun, sem síðar hefur átt sér stað í heiminum, mundi hafa gert það tiltölulega auðvelt að friða landgrunnið fyrir Vestfjörðum, eins og þar er ástatt, ef við byggðum í dag við svipaðar ástæður og voru í þessum efnum fyrir landhelgissamninginn 1961. Ég trúi því ekki, að ef við hefðum nú einhliða útfærslurétt eins og þá og eftir það, að Bretar hafa sjálfir stækkað sína fiskveiðilandhelgi úr 3 mílum í 12 mílur, eftir að þeir hafa sett sjálfir lög um að tileinka sér öll þau auðæfi, sem felast í botni landgrunnsins, og eftir þá reynslu, sem við fengum af herskipagæzlunni hér með ofbeldi, sem þeir beittu okkur á sínum tíma, — ég held, að eftir þetta allt saman mundi hafa verið tiltölulega auðvelt fyrir okkur með einhliða ákvörðun að tileinka okkur til fiskveiða landgrunnið úti fyrir Vestfjörðum, ef við værum ekki bundnir af ákvæði samningsins frá 1961. En ég hef hins vegar jafnan litið svo á, að það væri mjög hæpið fyrir okkur og reyndar aðrar þjóðir að eiga nokkuð undir úrskurði Alþjóðadómstólsins í þessum efnum, eins og við erum skuldbundnir til samkv. samningnum frá 1961. Ég álít, að það sé alveg sjálfsagt og það sé alveg sérstök ástæða til þess að leggja áherzlu á það við smáþjóð, að um allt, sem lýtur framkvæmd viðurkenndra alþjóðalaga og alþjóðareglna, eigi að fara eftir úrskurði Alþjóðadómstólsins, ef mál eru látin ganga til hans. Nú er hins vegar þannig háttað í þessum efnum, eins og öllum hv. þm. er kunnugt, að varðandi viðáttu fiskveiðilandhelginnar eru ekki til nein alþjóðalög, engir alþjóðasamningar og engin viðurkennd hefð í þessum efnum. Og það veit þess vegna enginn, á hverju Alþjóðadómstóllinn kynni að byggja úrskurð í þessum efnum. Það eina, sem er líklegt, er, að undir slíkum kringumstæðum, þar sem ekki er eftir neinum lögum eða reglum að fara, verði dómurinn mjög íhaldssamur í sínum úrskurði. Það býst ég við, að flestir mundu verða í hans sporum eða þeirra dómara, sem þar sætu, vegna þess að með þessu eru þeir ekki raunverulega að kveða upp dóm, þeir eru að setja lög. Þeir eru að skapa hefð með sínum úrskurði, en ekki að dæma eftir lögum eða reglum, sem hægt er að vitna ákveðið til. Enda er það svo, að ég held, að það sé engin þjóð í heiminum önnur en Íslendingar, sem hafi lagt sig undir það að verða að hlíta úrskurði Alþjóðadómstólsins í þessum efnum. Ég held, að það sé þannig ástatt um allar aðrar þjóðir, að annaðhvort hafa þær gert ákveðna samninga um þessi mál við nágrannaþjóðir sínar, samninga, sem eru uppsegjanlegir, ellegar þær hafa enga samninga gert og notfæra sér hinn einhliða útfærslurétt, eftir því sem þær telja rétt á hverjum tíma.

Í þessum efnum er ekki úr vegi að vitna til þess samnings, sem hv. 6. landsk. minntist á hér áðan. Það er Lundúnasamningurinn, sem gerður var á s. l. ári og 14 nágrannaþjóðir okkar eru aðilar að. Þessi samningur er með skýru uppsagnarákvæði. Hann er með því ákvæði, að þegar 20 ár eru liðin frá undirritun samningsins, getur hvaða samningsaðili sem er eða hvaða ríki sem er aðili að samningnum sagt honum upp með 2 ára fyrirvara og er þar með ekki lengur háð þeim ákvæðum, sem í samningnum eru.

Ég held, að ef við virðum fyrir okkur landhelgissamninginn frá 1961, þá varpi þetta ljósi á langstærsta galla þess samnings, þann galla, að þar er ekki að finna neitt uppsagnarákvæði, og þess vegna erum við, ef engar

breytingar verða á því, bundnir við þessa hnappeldu um aldur og ævi.

Ég held, að það sé rétt að nefna nokkur dæmi til að skýra þetta örlítið betur. Á s. l. vori reis upp nokkur deila út af ævisögu Hannesar Hafsteins og Uppkastinu 1908 milli hæstv. forsrh. og eins af blaðamönnum Morgunblaðsins, Sigurðar A. Magnússonar, og ég held, að í einhverjum af sínum greinum hafi Sigurður A. Magnússon haldið því fram, að það væri ekki mjög mikill munur á Uppkastinu 1908 og ályktun Þingvallafundarins, sem var haldinn 1907 og landvarnarmenn svo kallaðir stóðu að. Hæstv. forsrh. svaraði þessum samanburði Sigurðar A. Magnússonar í Morgunblaðinu, og ég vil leyfa mér, með samþykki hæstv. forseta, að lesa örstutta kafla upp úr því. Hæstv. forsrh. farast m. a. orð á þessa leið: „Nú birtir Sigurður A. Magnússon í ræðu sinni ályktun Þingvallafundarins 1907 um sáttmála gerðan við Dani, en í tilvitnun sinni sleppir hann í miðju kafi án nokkurra úrfellismerkja þessum orðum: En þeim sáttmála má hvor aðili um sig segja upp.“ Og við þessi orð bætir hæstv. forsrh.: „Þetta eru þó úrslitaorð.“ Og það er vissulega rétt, að í öllum samningum eru það úrslitaorð, hvort samningurinn er uppsegjanlegur eða ekki, og þetta útskýrir hæstv. forsrh. nokkru betur í grein sinni, þegar hann rifjar upp, hvernig Íslendingar hafa yfirleitt haldið á samningum að undanförnu. Hæstv. forsrh. segir í grein sinni á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: „Við skulum líta á síðari atburði. Bandaríkjamenn óskuðu á árinu 1945 eftir herstöðvum hér til 99 ára. Fáir lögðu þeirri ósk lið, en meiri hluti samþykkti að ganga í Atlantshafsbandalagið, sem með einhliða uppsögn er hægt að hverfa úr að 20 árum liðnum, frá því að það var stofnað. Síðar var á grundvelli þess samnings gerður varnarsamningur við Bandaríkin, sem Íslendingar geta einnig með einhliða uppsögn og hæfilegum fresti losað sig við, ef mönnum býður svo við að horfa. Þessi dæmi sýna glöggt, hvílíkur meginmunur er að gera samning, sem gilda á fyrir margar kynslóðir, hvað þá um alla framtíð, nema gagnaðili fallist eftir eigin geðþótta á annað, eða semja til tiltölulega skamms tíma og ráða þá sjálfur, hvort maður vill vera laus.“

Hæstv. forsrh. bendir hér réttilega á það, að í öllum samningum, sem Íslendingar hafa gert á undanförnum árum, — og það eru ekki Íslendingar einir, heldur allar sjálfstæðar þjóðir, — þá er lögð á það megináherzla, að í slíkum samningum sé uppsagnarákvæði og það sé hægt að losna við þennan samning eftir tilskilinn tíma, ef viðkomandi þjóð býður svo við að horfa og hún álítur það nauðsynlegt.

Landhelgissamningurinn frá 1961 er eina undantekningin af þeim samningum, sem Íslendingar hafa gert sem sjálfstæð þjóð, Jafnvel Danir, þegar þeir sömdu fyrir okkur 1901 við Breta um landhelgismálin þá, þeir gengu þannig frá þeim samningi, að hann var uppsegjanlegur, og vegna þess að sá samningur var uppsegjanlegur og við með uppsögn hans gátum tryggt okkur einhliða samningsrétt, þá höfum við náð þeim áföngum í landhelgismálinu, sem raun hefur á orðið á undanförnum árum.

Frá mínu sjónarmiði séð er það langstærsta og mikilvægasta atriðið í þessum málum, að við getum með einhverjum hætti losnað undan landhelgissamningnum frá 1961 eða a. m. k. öðlazt uppsagnarrétt í sambandi við hann, og þess vegna finnst mér það mjög koma til athugunar, hvort ekki eigi að fara inn á þá leið að hefja þegar áróður við viðkomandi aðila, þ. e. við Bretland og Vestur-Þýzkaland, að þessum samningi verði a. m. k. breytt í það horf, að hann verði uppsegjanlegur, því að mér segir svo hugur um, að það verði mjög erfitt að koma nokkru fram um þessi mál, meðan við erum háðir bindingarákvæðum landhelgissamningsins frá 1961. Og ég held, að það ætti að gefa okkur aukinn styrk til að sækja á um þetta, að Bretar sjálfir, þegar þeir semja um sína landhelgi, eins og þeir gerðu á s. l. ári, þá ganga þeir þannig frá, að sá samningur lýsi skýlausum uppsagnarrétti eftir ákveðinn tíma.

Ég vildi þess vegna varpa fram þeirri hugmynd hér, hvort ekki gæti orðið samkomulag um það milli allra aðila að sameinast um, að sókn sé hafin fyrir því við viðkomandi aðila, að við fáum þá breytingu á landhelgissamningnum frá 1961, að hann verði a. m. k. uppsegjanlegur, því að óuppsegjanleiki hans er áreiðanlega langversta atriðið í þeim samningi, langhættulegasta atriðið í þeim samningi, sem getur orðið okkur mikill fjötur um fót um langa framtíð, nema þessu hafti verði af okkur létt.

Ég vil að lokum segja það, að þó að ég hafi varpað þessari till. fram hér og þó að önnur leið finnist í þessari till., sem hér liggur fyrir, þá kunna einhverjar aðrar leiðir að koma til greina, til þess að við öðlumst sem fyrst yfirráð yfir landgrunninu, eins og við viljum stefna að. En það er þá þessara aðila, sem ekki vilja fallast á þessar leiðir, sem ég hef nú nefnt, að benda á einhverjar færar leiðir í þeim efnum og athuga, hvort ekki sé hægt að ná samstöðu um þessar lausnir eða einhverjar aðrar, sem eru líklegar til þess að bera árangur. Og ég vil að lokum segja það, að ég vænti þess, að þetta mál, eftir að það hefur gengið til nefndar, þá fái það rækilega athugun og menn beri þá ráð sín saman, eins og hæstv. dómsmrh. sagði, og helzt ljúki þessu þingi ekki öðruvísi en einhver stefna verði mörkuð í þessum málum, að það verði teknar einhverjar aðgerðir til framgangs því, að við náum landgrunninu undir okkar yfirráð sem allra fyrst.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Án þess að það skipti miklu máli, vildi ég mótmæla því, sem hv. 5. þm. Reykv. gerði

hér áðan, að kenna mér nafnlausar greinar í Morgunblaðinu. Þær greinar, sem þar eru skrifaðar án nafns, eru að sjálfsögðu á ábyrgð ritstjóra blaðsins. Með því er ég ekki að mótmæla því, að ég hafi skrifað þá grein, sem hér er vitnað til. Það kemur hv. þm. bókstaflega ekkert við, hvort ég hef skrifað hana eða ekki. Að sjálfsögðu er það, sem nafnlaust er skrifað í það blað, á ábyrgð ritstjóra blaðsins, eins og það, sem nafnlaust er skrifað í Tímann, er á ábyrgð hv. þm. sem ritstjóra Tímans. En þetta er auðvitað algert aukaatriði.

Ég vil hins vegar mjög mótmæla þeim málflutningi hv. þm. og raunar að nokkru leyti líka hv. 5. þm. Austf., þó að hann færi þar miklu hóflegar í sakir, að telja það fyrir fram víst, að alþjóðadómstóll hljóti að vera á móti okkar ákvörðunum, sem við kunnum að taka um að helga okkur landgrunnið allt. Þeirra rökfærsla fyrir þessu er ákaflega hættuleg. Með því eru þeir fyrir fram að smíða vopn í hendur okkar andstæðinga.

Þegar hv. 5. þm. Reykv. telur, að það sé skilyrði fyrir því, að við fáum landgrunnið allt, að við losum okkur við þá skuldbindingu, að ágreiningur um þetta eigi að lokum að koma undir Alþjóðadómstólinn, er hann að halda því þar með fram, að við ætlum ekki að fara að alþjóðalögum. Verri ógreiða en að halda þessu fram í upphafi sóknar í þessu máli, sem hann sagði að væri nú einmitt að hefjast, er ekki hægt að gera málstað Íslands. Ég er viss um, að ef þessi hv. þm. hefði tekið sér einhvern umhugsunartíma, en ekki látið í senn fljótræði og illkvittni ráða, þá hefði hann ekki flutt þessa furðulegu ræðu, sem hann gerði hér.

Nú er það svo, að Alþingi Íslendinga hefur hinn 5. maí 1959 allt sameinazt um það að lýsa yfir, að við þurfum á að halda viðurkenningu á rétti okkar til landgrunnsins alls. Alþingi greindi á milli í samþykkt sinni 1959 annars vegar 12 mílna landhelginnar, þar sem talið var, að fyrir hendi væri þá þegar ótvírætt einhliða réttur, og því lýst yfir, að frá þeim rétti mundum við ekki hvika, hins vegar, að réttarstaðan varðandi landgrunnið fyrir utan 12 mílurnar væri enn þannig, að það væri ekki búið að fá sams konar viðurkenningu og væri fyrir höndum varðandi 12 mílurnar, miðað við réttarstöðu 1959.

Nú er hægt að afla þessarar viðurkenningar, sem Alþingi þarna lýsti yfir að þyrfti að fá, með ýmsu móti. Það væri hægt að afla hennar með samningum við þau ríki, sem mest eiga í húfi um það, að við tileinkum okkur beitingu þessa réttar, sem við teljum okkur eiga. Ég er hv. 5. þm. Austf. sammála um það, að ef við ætlum að bíða eftir fyrir fram samþykki þessara aðila, þá verði málið mjög seint sótt. En eins og glögglega hefur komið fram og sérstaklega hv. 6. landsk. þm. gerði grein fyrir, en raunar einnig kom fram í hinni annars mjög fávíslegu ræðu hv. 5. þm. Reykv., þá er í þessum málum öllum mjög ör réttarþróun. Jafnvel hv. 5. þm. Reykv. virtist halda því fram, að það hefði orðið mikill munur á réttarskoðun varðandi landgrunnið nú frá tímanum 1958, enda er óskiljanlegt, að hann og aðrir þeir, sem réðu ferðinni 1958, hefðu ekki strax tekið landgrunnið allt með ákvörðunum, sem þá voru gerðar, ef þeir litu ekki einmitt þannig á. Það, sem liggur fyrir, er, eins og hv. 5. þm. Austf. réttilega sagði, að við verðum að meta, hvenær réttarþróunin er komin á það stig, að einhliða yfirlýsing af okkar hálfu hafi von til að standast að alþjóðalögum.

Ég skora á þessa þm. að lýsa því yfir: Telja þeir, að við höfum hingað til nokkurn tíma gert nokkuð, sem ekki stóðst að alþjóðalögum? Ef þeir telja, að við höfum hingað til farið að alþjóðalögum, — og ég skora á þá að lýsa yfir, ef þeir telja, að við höfum ekki gert það, — þá hefðum við að þeirra mati sigrað í máli fyrir Alþjóðadómstólnum. Það er hann, sem að lokum sker úr um það, hver alþjóðalög séu í þessu, alveg eins og það var hann, sem lagði með dómnum í deilumáli Breta og Norðmanna grundvöllinn að öllu því, sem við höfum síðan gert í málinu, og hefur átt stórkostlegan þátt í þeirri þróun, sem hinar formlega árangurslausu ráðstefnur í Genf 1958 og 1960 eru þó vitni um, vegna þess að allir gera sér ljóst, að þó að þær kæmust ekki að formlegri niðurstöðu, þá áttu þær mjög mikinn þátt í þeirri réttarþróun, sem gerði það að verkum, að við náðum að lokum samningnum við Breta 1961.

Það er misskilningur hjá hv. 5. þm. Austf., sem hann sagði, að blöð hefðu haldið einhverju ranglega fram um þær yfirlýsingar, sem fólust í skuldbindingum, sem Íslendingar hefðu tekið á sig, ef fram hefðu náð að ganga alþjóðasamþykktir, sem við studdum 1958 og 1960. Það er óhagganlegt, að þær samþykktir höfðu í sér fólgnar skuldbindingar um að gera ekki einhliða ráðstafanir fyrir utan 12 mílur. Hins vegar börðumst við fyrir, en fengum ekki, að það yrðu veittar heimildir til slíkra aðgerða, en þá átti þar úr að skera að lokum gerðardómur, hvort slíkar ráðstafanir væru gerðar af nauðsyn eða nauðsyn ekki.

Hv. þingmenn segja, að það séu engin alþjóðalög, sem segi til í þessu efni, og hafi engin alþjóðalög verið til, sem heimiluðu 12 mílna landhelgi. Um þetta er bezt fyrir þá að tala mjög varlega, og ég skal ekki hér fara að þræta við þá um þau atriði. En það lá einmitt fyrir álit alþjóðalögfræðinganefndar um, að opið væri um heimild til útfærslu allt upp í 12 mílur einhliða. Þetta lá fyrir, þegar málið kom til úrslitameðferðar á þessum alþjóðaráðstefnum. Hins vegar er þróunin skemmra komin varðandi aðstöðuna fyrir utan 12 mílur, þótt á landgrunni sé, og það er alveg rétt, eins og hv. 5. þm. Austf. sagði, að við verðum að bíða eftir því, að sú þróun komist á það stig, að við höfum von til sig-

urs, að það sé hyggilegt fyrir okkur að hefja athafnir. Og það er einmitt á þann sama veg, sem ég skildi orð hv. 6. landsk. þm. áðan, þegar hann efaðist um, að þessi till., sem hér liggur fyrir, væri líkleg til þess að gera málinu gagn. Það er ekki vegna þess, að neinn okkar hér sé andstæður því, sem þarna eigi að gera, eða sé ekki sannfærður um, að þetta sé nauðsynlegt, enda liggur það fyrir. Það liggur fyrir frá 1948, það liggur fyrir frá 1959, það liggur fyrir, eins og hér var sagt, frá 1961, að við viljum allir eftir þessu keppa. En það verður að velja þá réttu aðferð til þess að sækja eftir þessu keppikefli okkar, og það verður að velja þann rétta tíma, og það eru margar mismunandi leiðir, sem þar koma til álita, eins og hv. 5. þm. Austf. réttilega benti á.

Þess vegna segi ég síður en svo, að það sé illa farið, að þessi till. sé fram borin eða komi hér til umr. Það er út af fyrir sig eðlilegt, að það fólk, sem mest brennur á í þessu efni, eggi okkur til framsóknar í málinu, þetta skil ég, alveg eins og það er nauðsynlegt, að það skilji, að það getur gersamlega snúizt við í hendi okkar, ef hér er rasað fyrir ráð fram, og það er mjög varhugavert að taka þetta mál upp eins og fyrst og fremst 5. þm. Reykv. gerði, — ég legg áherzlu á það, að það var hann, sem skar sig úr um það að setja þetta mál yfir á hreinan deilugrundvöll, ætlaði að ná klámhöggi á sínum andstæðingum, en varar sig ekki á því, að þar með er hann að reyna að slá rétt úr höndum íslenzku þjóðarinnar og búa til vopn í hendur þeirra, sem okkur eru andstæðastir í þessu máli. Það eru slíkar umr. af hálfu ofstækismanna, svo að ég segi ekki illkvittnismanna, sem eru varhugaverðastar í þessu efni.

Við komumst ekki, smæstir allra þjóða, áfram í þessu máli, nema því aðeins að við förum að alþjóðalögum. Það er alger misskilningur, að til þess að alþjóðalög þurfi að vera fyrir hendi, þá þurfi allsherjarsamþykkt. Það er að lokum alþjóðadómstólsins að meta, hvort eitthvað sé alþjóðalög, sem gert er eða gert er ekki, og dómur alþjóðadómstólsins í deilumáli Norðmanna og Breta sýndi, að það er síður en svo, að hann sé íhaldssamur í þessum efnum, síður en svo, að hann virði að engu lífshagsmuni fólksins, sem býr á ströndinni, vegna þess að einmitt til þeirra er vitnað í þessum dómi, og þar með var sköpuð eða fram sett, getum við sagt, sú meginréttarregla, sem okkur verður haldbezt í þessum efnum. Að það sé smáríki eins og okkar til trafala eða hættu, að úr slíku deilumáli verði skorið af alþjóðadómstóli, en ekki með afli, til þess þarf einstakan glópalda að halda slíku fram.

Ég segi það hiklaust, að þeir, sem halda, að við ofan í það, sem talin yrðu viðurkennd alþjóðalög, gætum tekið upp baráttu gegn stórveldum, þeir eru að leika sér að fjöreggi, ekki aðeins lífshagsmunum íslenzku þjóðarinnar, sem koma fram í landhelgismálinu, heldur fjöreggi frelsis íslenzku þjóðarinnar, möguleika þess, að réttur okkar til þess að lifa sem sjálfstæð þjóð fái staðizt, og það er miklu alvarlegra mál, að slíku sé haldið fram í sölum Alþingis, heldur en jafnvel sá þm. getur bætt fyrir, þó að hann sæi að sér, sem ég efast um að hann hafi manndóm til. Hitt spyr ég svo um, þegar hann segir: Hvenær hefur íslenzka þjóðin gert samninga án þess að þeim fylgi uppsagnarákvæði? — ég spyr hann, sem hefur verið fulltrúi hjá Sameinuðu þjóðunum: Hvar eru uppsagnarákvæði þess sáttmála?

Umr. frestað.

Á 36. fundi í Sþ., 31. marz, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Sþ., 7. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till.

Birgir Finnsson: Herra forseti. Það er aðeins rúmt ár síðan síðasta aðgerð okkar í landhelgismálinu, útfærslan í 12 mílur, kom til fullra framkvæmda gagnvart öðrum þjóðum, og liðu þannig 16 ár frá setningu laganna um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins árið 1948, unz þessum áfanga var endanlega náð. Við erum samt enn þá langt frá því takmarki, sem stefnt er að með umræddum lögum, sem sé því að afla viðurkenningar á rétti Íslands til landgrunnsins alls. Í sókninni hefur til þessa farið saman athafnasemi okkar sjálfra og atburðarásin meðal annarra þjóða, sem orðið hefur okkur á ýmsan hátt hagstæð, og má þar fyrst til nefna úrskurð Alþjóðadómstólsins í Haag um grunnlínustaðina við Noreg. Þessi reynsla sýnir okkur, að athafnasemi okkar sjálfra er ekki það eina, sem til þarf, til þess að árangurs sé að vænta, heldur erum við einnig háðir öðrum í þessu máli og þurfum með tilliti til þess að velja vandlega tíma og tækifæri til þeirra aðgerða, sem við að lokum tökum ákvarðanir um.

Góður skilningur á þessu fannst mér koma fram í ræðu hv. 5. þm. Austf. (LJós) við þessa umr., þegar hann sagði eitthvað á þá leið, að vinna þyrfti að því að ná settu marki, eftir því sem framkvæmanlegt er og hagstæðast á hverjum tíma, og einnig þegar hann gat þess, að í þeim áföngum, sem þegar hefðu verið farnir, hafi legið ákveðnar ástæður til þess í hvert skipti, að einmitt þeir áfangar urðu fyrir valinu.

Rökstuðningur fyrir öllu, sem við gerum í landhelgismálinu, þarf jafnframt að vera haldgóður og traustur, eins og hv. 6. landsk. þm. (DÓ) benti réttilega á í sinni ræðu.

Þáltill. sú, sem hér liggur fyrir til umr., er þess efnis, að með reglugerðarbreyt. skuli ákveðið, að fiskveiðilandhelgin fyrir Vestfjörðum skuli taka til vestfirzka landgrunnsins alls, austan frá Húnaflóa og suður á Breiðafjörð, eins og það er orðað í till., og

skal þessi breyt. taka gildi eigi síðar en 15. okt. n. k. Sú útfærsla landhelginnar, sem till. gerir ráð fyrir, er afar þýðingarmikil fyrir vestfirzka útgerð og vestfirzka byggð sérstaklega, og þó mundi hún ekki síður vera mikilvæg fyrir landið í heild, vegna þess að með slíkri útfærslu við Vestfirði yrði jafnframt hafin ný sókn í landhelgismálinu, sókn, sem mikið veltur á, að sé þannig skipulögð frá upphafi, að góðs árangurs sé að vænta. Þess vegna snertir þetta mál ekki Vestfirðinga eina, heldur landsmenn alla, og vegna málefnisins hefði að sjálfsögðu verið æskilegast, að um till. næðist í upphafi sem víðtækast samkomulag.

En hvernig leituðu hv. flm. till. eftir slíkri samstöðu meðal þm. Vestfirðinga? Því hefur að nokkru verið lýst í þessum umr. af hv. 11. landsk. þm. (MB), sem gat þess m. a. í sinni ræðu, að hv. fyrri flm. þáltill. hefði sýnt sér till. þann 10. febr. s. l. síðdegis og heimtað svo að segja tafarlaust svar. Hvað sjálfan mig snertir bar þetta svipað að. Hv. 5. þm. Vestf. (HV) sýndi mér till. umræddan dag. Ég sagði honum reyndar, að fljótt á litið teldi ég till. ekki aðgengilega, hvorki fyrir mig né minn flokk, en sagðist mundu leggja hana fyrir þingflokksfund Alþfl. og gefa honum ákveðið svar um það, hvort ég vildi gerast meðflm. að till. eða ekki, eftir þann fund. Síðan skeði það svo daginn eftir, að till. var útbýtt í þinginu, án þess að mér gæfist nokkurt tækifæri til að koma svari mínu á framfæri við hv. flm. till. Það er þess vegna alveg út í hött, þegar hv. 5. þm. Vestf. lætur sem svo í framsöguræðu sinni fyrir till., að stuðningsmönnum stjórnarinnar í hópi Vestfjarðaþm. hafi gefizt tækifæri til að fá breytt búningi eða orðalagi till. Hv. þm. gætti þess vandlega að gefa okkur ekki tækifæri til slíks, vegna þess að honum var meira í mun að núa okkur því um nasir, að við værum á móti till. og að okkur væri „synjað um aðild að slíkri till. af forustu Sjálfstfl. og Alþfl.", eins og hann orðaði það.

Um þessi vinnubrögð í jafnörlagaríku máli þarf ekki að hafa mörg orð. Þau lýsa vel þeirri áráttu hv. flm. till. að gera öll mál að áróðursmálum og skeyta þá lítt um málefnið sjálft, hvort þeir geri því gagn eða ógagn. Þessi árátta er báðum hv. flm. till. ásköpuð, en svo verður hver að vera sem hann er gerður.

Skal ég svo ekki ræða þennan furðulega undirbúning málsins frekar. En það verð ég að segja, að oft hafa menn fengið umhugsunartíma af minna tilefni en þessu, og oft hafa sjálfsagt þm. einstakra kjördæma og þn. haft ekki eina, heldur tvær eða fleiri umr. um þýðingarminni mál en sjálft landhelgismálið, og að öllu sjálfráðu hefðu svo þingvanir menn sem hv. 5. þm. Vestf. og hv. 3. þm. Vestf. átt að viðhafa þannig vinnubrögð við undirbúning þessa máls, en hjá þeim er málefnið aukaatriði, áróðurinn allt.

Með flutningi þessarar till. hyggjast hv. flm. vinna tvennt í áróðri sínum: Annars vegar að stilla stuðningsmönnum ríkisstj. í Vestfjarðakjördæmi upp við vegg, en hins vegar að fá Vestfirðinga til að trúa því, að landhelgismálið og þá einkum útfærslan við Vestfirði sé jafnauðvelt og till. þeirra gerir ráð fyrir. Það þurfi sem sé ekki annað en að samþykkja slíka till. hér á hv. Alþ., þá sé allt fengið í þessu efni. Svona einfalt er málið því miður ekki, og það vita hv. flm. till. mætavel. Þetta skal ég rökstyðja með fáeinum orðum og þá um leið gera grein fyrir, hvers vegna ég álít umræddа þáltill. gagnslitla í málinu til annars en þess að koma af stað um það umr., en það út af fyrir sig getur verið gagnlegt, og með það í huga tjáði ég hv. 5. þm. Vestf., þegar hann sýndi mér till. 10. febr. s. l., að ég væri því síður en svo mótfallinn, að málið yrði tekið upp á þinginu.

Skemmst af að segja skortir málið allan nauðsynlegan undirbúning. En það ættum við að hafa lært af því, sem áður hefur gerzt í landhelgismálinu, að flasfengi og flaustur eru ekki líkleg til góðs árangurs. Það, sem áunnizt hefur, er allt því að þakka, að allar fyrri aðgerðir okkar voru, þegar til kastanna kom, vandlega undirbúnar bæði hér heima og erlendis. Sú saga hefur að nokkru verið rakin við þessar umr. af öðrum. Og því til viðbótar vil ég aðeins minna á, hversu mikill styrkur var að því fyrir málstað okkar við útfærsluna 1958, að allar þjóðir, sem hagsmuna höfðu að gæta, aðrar en Bretar, höfðu í reynd fallizt á aðgerðir okkar, þótt sumar þeirra sendu mótmæli til málamynda. Og þetta var því að þakka, að utanríkisþjónusta okkar hafði undir ötulli forustu núverandi og þáverandi hæstv. utanrrh. unnið dyggilega að því að kynna og túlka málstað okkar. Það er nú einu sinni staðreynd, sem ekki verður umflúin, að á alþjóðavettvangi var ekki litið á útfærslu íslenzku landhelginnar úr 3 mílum í 12 mílur sem algert einkamál Íslendinga, og þarf þá nokkur að ganga þess dulinn, að ekki verði heldur á alþjóðlegum vettvangi litið á það sem einkamál okkar, þegar við tökum okkur fiskveiðilögsögu eða lögsögu á öllu landgrunninu? Nei, við þurftum að vanda vel undirbúning þess, sem gerzt hefur, og vissulega þarf ekki síður að vanda vel til þeirra aðgerða, sem fram undan eru, til þess að við náum því takmarki að afla okkur viðurkenningar annarra á rétti Íslands til landgrunnsins alls, svo sem stefnt er að með lögunum um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins frá 1948.

Vil ég í þessu sambandi benda á, að ef við ætlum okkur að sækja fram í áttina að þessu marki á þann hátt, sem í þáltill. segir, að færa út landhelgina við einstaka landshluta, verðum við um leið að vera fullkomlega öruggir um, að slíkar aðgerðir fái staðizt sem þættir í áframhaldandi sókn að því lokatakmarki, að fiskimiðin á landgrunninu umhverfis allt landið verði hagnýtt af Íslendingum einum. Ef svo kynni að vera, að slíkt

samræmi væri ekki tryggt með þeirri þáltill., sem hér liggur fyrir, mundi till., eins og hún er, alls ekki ná fram að ganga, því að fleiri þurfa að koma á eftir, eins og hv. 5. þm. Austf. vék skilmerkilega að í sinni ræðu, þegar hann sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég lít þannig á þetta mál, að að sjálfsögðu hljóti að koma til þess, að útfærslan úr 12 mílum nái ekki aðeins til Vestfjarða. Ég er ekki í neinum vafa um, að slík útfærsla verður að ná til fleiri landshluta tiltölulega fljótlega. Við vitum það, að þýðingarmestu fiskimið austfirzkra fiskibáta eru nú fyrir utan 12 mílna mörkin, alveg eins og þýðingarmestu fiskimið þeirra á Vestfjörðum liggja fyrir utan 12 mílna mörkin, því að það eru í rauninni ekki nema hinir minni bátar, sem stunda sínar aðalveiðar innan 12 mílna markanna.“

Þetta er tvímælalaust rétt athugað hjá hv. 5. þm. Austf. En hefur hann gert sér nokkra grein fyrir, hvernig framhaldið yrði í landhelgismálinu, ef till. sú, sem hér liggur fyrir, yrði samþykkt? Ég hygg, að sú hlið málsins hljóti að vera ókönnuð, bæði hjá hv. þm. og öðrum, og þess vegna m. a. sé þörf á að skoða allt þetta mál miklu rækilegar en gert hefur verið.

Þegar ég nú segi þetta, er sem ég heyri athugasemdir hv. flm. á þá leið, að ég sé að spilla fyrir því, að Vestfirðingar fái landhelgina færða út á takmörk landgrunnsins á undan öðrum. En ekkert er fjær sanni. Mér er áreiðanlega eins ljós þörf Vestfirðinga fyrir frekari útfærslu og hv. tillögumönnum sjálfum. En mér er það einnig ljóst, að útfærslan við Vestfirði getur ekki skeð sem einangruð aðgerð. Á þann hátt fáum við engu áorkað, og til þess að við getum hafið sókn í áttina að því takmarki að helga okkur allt landgrunnið til fiskveiða, annaðhvort í áföngum eins og þeim, sem þáltill. gerir ráð fyrir, eða fyrir landið allt, álít ég, að skorti eitt grundvallaratriði, sem mikið veltur á, þ. e. skýringu á hugtakinu landgrunn, sem þannig sé gerð, að fiskveiðilögsagan nái ekki aðeins til landgrunnsins í bókstaflegri merkingu, heldur einnig til þeirra mörgu ála og djúpa, sem skerast inn í landgrunnið eins og firðir og margir hafa að geyma auðugustu fiskimiðin við landið. Slík skýring á þessu hugtaki er ekki til, svo að mér sé kunnugt, en hún hlýtur að mínum dómi að vera nauðsynlegur undanfari næstu aðgerða okkar í landhelgismálinu, því að ekki get ég ímyndað mér, að framkvæmanlegt sé að gæta landhelgislínu, sem væri í lögun eins og það landgrunn, sem sýnt er á korti með umræddri þáltill. á þskj. 254. Til þess að tryggja okkur veiðina í álunum og djúpunum, þurfum við sennilega að fá eins konar grunnlínupunkta á landgrunninu. Verður þá hægt að setja út í kort nýja landhelgislínu fyrir utan álana og djúpin á þann hátt, að fiskimiðin í þeim lendi innan línunnar og þannig sé um hnútana búið, að framkvæmanlegt sé að gæta landhelginnar. Svo kemur það til, eins og umrædd mynd sýnir einnig, að landgrunnið nær misjafnlega langt út frá einstökum landshlutum, og er mér ekki kunnugt um, að neitt hafi verið athugað, hvernig brugðizt skuli við því. Stundum heyrist að vísu nefnt, að landgrunnið sé allt það, sem er innan 200 m dýptarlínu, en víða við landið mundi sú viðmiðun trúlega vera hæpin til þess að byggja á henni sektar- eða sýknudóm í landhelgisbrotamálum. Í þessu sambandi skulum við hafa það hugfast, að landhelgislínan er hvorki jarðföst girðing né aðskilnaðarmúr, heldur hugsuð lína, sem sett er út í kort eftir vissum reglum, og er engan veginn auðvelt að sanna, svo að ekki verði um villzt, að skip hafi verið að óleyfilegum veiðum fyrir innan þannig hugsaða línu, vegna þess, að fyrst þarf að sanna örugglega, hvar línan á að liggja samkv. mælingum. Hjálpartæki við staðarákvarðanir eru að vísu orðin mörg og fullkomin, en samt sem áður er það svo, að hæstiréttur Íslands vefengir slíkar staðarákvarðanir á þann hátt t. d. að gera ráð fyrir skekkjum í ratsjármælingum, sem séu einhliða hinum ákærðu landhelgisbrjótum í vil.

Þetta hefur m. a. komið fram í mörgum dómum hæstaréttar, og er reiknað með allt að 2% skekkju í ratsjármælingunum. Í annan stað verður vegna dóma hæstaréttar í landhelgisbrotamálum að fara eftir mjög ströngum reglum um óslitna eftirför varðskipa á eftir landhelgisbrjótum, ef þeir nást ekki fyrr en komið er út fyrir landhelgi, og sömuleiðis gerir hæstiréttur mjög strangar kröfur til þess, að sending stöðvunarmerkja hafi verið framkvæmd fullkomlega. Ef eitthvað er hægt að finna að aðgerðum varðskipanna varðandi áminnzt atriði, túlkar hæstiréttur allt slíkt sakborningum í vil, jafnvel svo, að niðurstaðan verður sýknudómur eða frávísun, þótt fullkomnar líkur séu fyrir því, að um landhelgisbrot hafi verið að ræða, og raunar enginn efi. Þessi atriði leiddu m. a. til sýknu í málum Richards Taylors skipstjóra á togaranum James Barry H 15 í nóv. s. l. og Williams Spearpoints skipstjóra á togaranum Wyer Wanguard F 36 nú í marz, en bæði þessi skip voru í sama skiptið staðin að ólöglegum veiðum út af Önundarfirði s. l. haust. Af sömu eða svipuðum ástæðum voru einnig s. l. ár sýknaðir skipstjórarnir á brezku togurunum Dragon F 60 og Lincoln City CY 464. Fæ ég ekki betur séð af umræddum dómum en að landhelgisbrjótum sé nokkurn veginn óhætt að stunda ólöglegar veiðar allt að hálfri annarri mílu innan 12 mílna landhelginnar, eins og hún er nú ákveðin, og með öllu virðist útilokað, að hægt sé að koma lögum yfir landhelgisbrjót, sem er t. d. aðeins ½ mílu fyrir innan 12 mílna mörkin.

Um það má að vísu deila, hvort hæstiréttur hafi ekki gengið of langt í þessu efni. Þannig hefur Ísland t. d. ekki fullgilt alþjóðasamþykkt frá 1958 um óslitna eftirför við töku skipa utan landhelgi, og kröfurnar um

merkjasendingar geta við vissar aðstæður verið allsendis óframkvæmanlegar með þeim hætti, sem dómararnir í hæstarétti virðast ætlast til af varðskipunum. En hvað sem skoðunum manna líður á umræddum dómum, er hitt víst, að hér er öllum aðilum mikill vandi á höndum, ekki síst stjórnendum varðskipanna og dómurunum. Þessi vandi mundi ekki minnka við það, að landhelgislínan yrði færð utar, og þess vegna m. a. er nauðsynlegt, að ákvörðun línunnar af hálfu löggjafans sé eins skýr og greinileg og framast er unnt.

Mér þykir rétt í þessu sambandi að benda á, að vera kann, að vandamálið í sambandi við réttar staðsetningar sé leysanlegt þannig, að allir aðilar megi vel við una, með því að upp verði komið fyrir landið allt svo fullkomnu miðunarkerfi, að það fái staðizt jafnvel strengustu kröfur hæstaréttar. Hér hef ég sérstaklega í huga miðunarkerfi, sem brezka fyrirtækið Decca hefur fullkomnað og nefnist, að mig minnir, „Decca Navigator System". Þetta kerfi er nú notað víða í Vestur-Evrópulöndum, sem liggja að sjó, til þess að auðvelda ferðir skipa og flugvéla, og framleiðendurnir segja, að það sé mjög nákvæmt, jafnvel svo, að ekki skeiki nema nokkrum metrum. Kerfið vinnur þannig, að stöðugt er hægt að fylgjast með stöðu skipsins eða flugvélarinnar, og einnig er hægt að fá með því sjálfritara, sem sýnir leið skipsins jafnóðum á korti. Þetta kerfi var kynnt fyrir þingmannanefndinni, sem fór héðan til Bretlands s. l. vor í boði brezka þingsins, og einnig veit ég, að íslenzkir embættismenn, sem ég hef rætt við um þetta, kannast við kerfið. Framleiðendur þess munu telja, að með því að reisa hér á landi fimm stöðvar sé hægt að fá miðanir allt í kringum landið í allt að 300 mílna fjarlægð. Til þess að skip eða flugvélar geti notað kerfið, þurfa þau að vera útbúin sérstökum móttökutækjum, sem Decca leigir út. Leiga fyrir slík tæki mun vera 60—70 sterlingspund á ári fyrir hvern notanda, en stofnkostnaður kerfisins er sennilega um 90 millj. ísl. króna. Það er að vísu há upphæð, en mikið er gefandi bæði fyrir öryggi í siglingum og flugi og svo fyrir það að skapa skilyrði til öruggrar landhelgisgæzlu. Þetta er raunar alltaf nauðsyn, en verði landhelgislínan færð enn þá utar frá landinu en nú er, knýr sú ráðstöfun á það, að málið verði tekið föstum tökum, og tel ég, að ekki væri úr vegi að kanna, hvort Deccamiðunarkerfið gæti hentað okkur og komið að því gagni, sem framleiðendur þess staðhæfa. Slík athugun þyrfti einnig að fara fram varðandi önnur miðunarkerfi, sem e. t. v. hentuðu okkur jafnvel eða betur, en aðalatriðið er, að þetta mál verði kannað til hlítar.

Ég hef nú gert nokkra grein fyrir því, hvers vegna ég tel þáltill. þá, sem hér liggur fyrir, ekki aðgengilega. Útfærsla landhelginnar við Vestfirði verður að ske með þeim hætti, að unnt verði að byggja á henni frekari aðgerðir í landhelgismálinu, ef sú útfærsla á að verða upphafið að nýrri sókn í landhelgismálinu. Það mál í heild þarfnast langtum meiri undirbúnings en umrædd þáltill. hefur hlotið, og með því á ég ekki við það, að nægilegt sé að færa till. sjálfa í annan „búning", eins og hv. fyrri flm. till. orðaði það, heldur þarf að kryfja málið sjálft til mergjar af þeim sérfræðingum okkar, sem þar eru færastir um að fjalla. En Vestfirðingar þurfa aukna friðun fiskimiða fyrst og fremst vegna þess, að við síðustu útfærslu hlutu þeir af eðlilegum og skiljanlegum ástæðum hlutfallslega minni friðun á sínum miðum en aðrir landshlutar, og í annan stað vegna aukinnar sóknar erlendra skipa á þeirra mið, eftir að veiðisvæði eins og Faxaflói og Selvogsbanki lokuðust að mestu fyrir togveiðum. Þessa auknu sókn má nokkuð marka af því, að frá 1. marz 1961 til 1. marz 1965 voru 46 brezkir togarar staðnir að ólöglegum veiðum við landið, þar af 22 eða tæpur helmingur á svæðinu frá Breiðafirði að Húnaflóa. Þessi aukna sókn erlendra skipa, einkum brezkra, hefur vitanlega slæm áhrif á aflabrögð okkar skipa á miðunum úti fyrir Vestfjörðum, þótt þar komi að sjálfsögðu fleira til, svo sem ógæftir og ísrek, sem einnig herjar á aðra landshluta.

En það eru til fleiri leiðir í þessu vandamáli en sú, sem hv. flm. vilja fara. Hv. 5. þm. Austf. gerði í ræðu sinni á dögunum eina slíka leið að umtalsefni, er hann sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Hér er komin fram till. um það að færa út landhelgina á takmörkuðu svæði kringum landið, þ. e. a. s. stækka fiskveiðilandhelgina aðeins úti fyrir Vestfjörðum, þar sem þörfin nú í dag er tvímælalaust mest. Ekki vil ég neita því, að það geti komið til mála fleiri till. Ein till. er sú, sem hér var aðeins minnzt á af hv. 11. landsk. þm. og aðrir menn af Vestfjörðum hafa verið að minnast á. Hún er sú, að út verði gefin reglugerð um ákveðna friðun tiltekinna veiðisvæða, t. d. úti fyrir Vestfjörðum, fyrir veiðum með ákveðnum veiðarfærum og þá gildi að sjálfsögðu slík ákvæði jafnt fyrir Íslendinga og útlendinga. Með því að beita þessu ákvæði á réttan hátt er vitanlega hægt að ná okkar tilgangi að mjög verulegu leyti í ýmsum tilfellum," sagði hv. 5. þm. Austf.

Þessa ábendingu, sem hv. 5. þm. Austf. tók svo rækilega undir, tel ég, að sú hv. n., sem væntanlega fær málið til meðferðar, eigi að athuga vel, ef vera kynni, að fært reyndist að breyta till. í þá átt, sem þarna er bent á, m. a. af bæjarstjórn Ísafjarðar og Útvegsmannafélagi Vestfjarða.

Fiskifriðunarmálin hljóta á næstunni að komast mjög á dagskrá hjá þeim þjóðum, sem lönd eiga að Atlantshafi, bæði að austan- og vestanverðu. Stofnar aðalnytjafiskanna, eins og þorsksins, eru af fiskifræðingum taldir ofveiddir í Barentshafi, við Grænland og

víðar, og er talað um að gera annað tveggja, að auka möskvastærð veiðarfæra upp í 160 mm eða gera alþjóðasamþykkt um takmörkun á alþjóðaveiðimagni. Við þurfum að fylgjast vandlega með þróun þessara mála, og halda sem bezt á okkar hlut á alþjóðavettvangi. Jafnframt þarf að hefja rækilegan undirbúning að næstu sókn okkar í landhelgismálinu, en að mínum dómi er enn þá allt of snemmt að setja þeim undirbúningi þröng tímatakmörk vegna þess, hve mikilvæg undirstöðuatriði eru í óvissu, og þarfnast gaumgæfilegrar athugunar og rannsóknar. Nokkur bið er í þessu efni áreiðanlega betri en allt óðagot, og þeir, sem ábyrgðina bera á því, hvernig til tekst, mega umfram allt ekki vera uppnæmir fyrir því, þótt aðrir menn vilji nota sér málið í áróðursskyni.

Umr. frestað.

Á 42. fundi í Sþ., 21. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Það er nú liðinn alllangur tími, síðan þetta mál var hér til umr., en þeirri umr. lauk á þann veg, að hæstv. forsrh. hélt allsérkennilega ræðu, þar sem hann beindi orðum sínum sérstaklega til mín, og verður ekki hjá því komizt að svara honum nokkrum orðum.

Hæstv. forsrh. notaði allstór orð í sinni ræðu. Hann talaði um ofstækismenn, illkvittnismenn, glópalda og þar fram eftir götunum. Ég mun alveg sleppa því að nota slík orð í þessum umr. Sá málstaður, sem ég mæli hér fyrir, þarf ekki á slíkum stóryrðum að halda. En ég get hins vegar vel skilið það, þegar litið er á málstað hæstv. forsrh., að hann telji það hressa eitthvað upp á sína samvizku að nota stór orð. En samt held ég, að við nánari athugun muni hann komast að raun um, að það nægir honum lítið, nema síður sé. Ástæðan til þess, að hæstv. forsrh. virtist reiðast nokkuð ummælum mínum, var sú, að ég vitnaði til greinar, sem hann hafði birt í Morgunblaðinu á s. l. vori, að vísu ekki undir nafni, en þó þannig, að það vissu allir, hver höfundurinn var, enda gerði hæstv. ráðh. ekki neitt til þess að neita þessum ummælum, að þau væru úr grein, sem hann hefði sjálfur samið. Um þessi ummæli vil ég segja það, að hæstv. forsrh. þarf síður en svo að skammast sín nokkuð fyrir þau. Þessi ummæli voru fullkomlega réttmæt og hafa alltaf sitt fulla gildi. En þau voru í stuttu máli á þann veg, að það væri meginatriði í sambandi við alla samninga, hvort í þeim væri uppsagnarréttur eða uppsagnarákvæði eða ekki, og því til sönnunar benti hæstv. forsrh. á nokkra samninga, sem Ísland hefði gert á undanförnum árum, eins og t. d. Atlantshafsbandalagssamninginn og varnarsamninginn, þar sem er að finna skýr uppsagnarákvæði. Nei, hæstv. forsrh. þarf síður en svo að blygðast sín fyrir það, þó að hann hafi haldið fram þessari skoðun og talið sjálfsagt og réttmætt, að það væru höfð uppsagnarákvæði í milliríkjasamningum. En hitt er að sjálfsögðu allt annað mál, hvaða tilfinningar hæstv. forsrh. hefur í sambandi við það að hafa gert samning, þar sem engin uppsagnarákvæði er að finna. Og það mætti segja mér, að það hafi verið einhver sektartilfinning vegna þess, sem var þess valdandi, að hæstv. forsrh. var í þeim ham, þegar hann hélt þessa ræðu sína, eins og raun bar vitni um.

Hæstv. forsrh. vildi reyna að halda því fram til réttlætingar því, að ekkert uppsagnarákvæði væri að finna í landhelgissamningnum frá 1961, að Ísland hefði undirgengizt aðild að Sameinuðu þjóðunum, þó að í sáttmála Sameinuðu þjóðanna sé engin uppsagnarákvæði að finna, og hann vildi halda því fram, að af því að ég hef átt sæti í Sameinuðu þjóðunum, hefði ég átt að hafa vitneskju um þetta, og sýndi það mína grunnhyggni að kannast ekki við þetta. Það gildir nú um þetta högg hæstv. forsrh., sem hefur sennilega átt að vera eins konar rothögg af hans hálfu, að það er algert vindhögg, eins og yfirleitt þau högg, sem hæstv. forsrh. greiðir. En mér finnst rétt í sambandi við þetta að upplýsa hæstv. forsrh. um það, hvernig þessu er háttað í sambandi við Sameinuðu þjóðirnar. Áður en Ísland gerðist aðili að Sameinuðu þjóðunum, var tveimur fræðimönnum íslenzkum, þeim Einari Arnórssyni og Gunnari Thoroddsen, falið að athuga sáttmálann um Sameinuðu þjóðirnar og skila áliti um hann, og þá m. a. um það, hvernig háttað væri skilyrðum í sambandi við inngöngu eða úrgöngu úr bandalaginu, hvaða skyldur fylgdu þátttökunni o. s. frv. Í sérstakri grg., sem þeir skiluðu, er vikið sérstaklega að þessu atriði, hvort brottganga úr Sameinuðu þjóðunum sé möguleg, og mér finnst rétt, af því að hæstv. forsrh. virðist vera heldur ófróður um þetta, að lesa hér nokkurn hluta úr þeim kafla í álitsgerð þeirra Einars Arnórssonar og Gunnars Thoroddsens, sem fjallar um þetta atriði. Sá kafli hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þá er það athugandi, hvort og með hvaða hætti aðili geti farið úr bandalaginu að vilja sínum og hvort hann verði rekinn eða félagsréttindi hans af honum tekin um sinn. Samkv. stofnskrá Þjóðabandalagsins gamla var félaga heimilt að segja sig úr félagsskapnum, þegar hann vildi, og neyttu ýmsir félaganna þessarar heimildar. Í stofnskrá Sameinuðu þjóðanna er ekkert ákvæði, er leyfi úrsögn eða banni. Þetta atriði var þó rætt á þinginu í San Fransisco 1945. Varð samkomulag um það, að ekkert skyldi um það sagt í stofnskránni, en þingið samþykkti ályktun, borna upp af einni nefndinni, þar til leiðbeiningar, ef skera þyrfti síðar úr um lögmæti úrsagnar, svolátandi ályktun:

Nefndin aðhyllist þá skoðun, að stofnskráin ætti ekki að geyma nokkurt bert ákvæði, er heimili eða banni úrsögn úr félagsskapnum. N. telur það æðstu skyldu þeirra þjóða,

sem vilja vera félagar, að halda áfram samstarfi í stofnuninni til viðhalds friði milli ríkja og öryggis. Þó er það ekki tilgangur stofnunarinnar að knýja félaga, sem vegna sérstakra atvika þykjast neyddir til að fara úr félagsskapnum og láta hina félagana bera byrðar af viðhaldi friðar og öryggis, til þess að halda áfram samstarfi í stofnuninni. Það er einkum auðsætt, að úrsagnir eða slit félagsskaparins mundu verða óhjákvæmileg, ef hann brygðist svo vonum mannkynsins, að honum reyndist ókleift að halda uppi friði eða gæti það því aðeins, að á lögum og réttlæti væri traðkað. Ekki mundi félaga heldur vera skylt að vera áfram í félagsskapnum, ef félagaréttindum hans og skyldum væri breytt með breytingum á stofnskrá, sem hann hefur ekki samþykkt eða telur sér ófært að samþykkja, eða ef breyting, sem löglega hefur verið samþykkt á þinginu eða allsherjarfundi, nær ekki fullgildingu, sem er nauðsynleg, til þess að hún fái gildi. Af þessum ástæðum hefur n. ákveðið að sleppa till. um það, að sett verði nokkur fyrirmæli í stofnskrána um heimild til úrsagnar eða bann við henni."

Með þessari ályktun, sem gerð var á stofnþingi Sameinuðu þjóðanna, var sköpuð sú hefð, að þó að ekki sé að finna í sjálfum stofnsamningnum nein ákvæði, sem heimila uppsögn, skyldi hún samt vera talin heimil og eðlileg undir venjulegum kringumstæðum. Og hefur þegar átt sér stað eitt dæmi þess, þar sem var úrsögn Indónesíu úr Sameinuðu þjóðunum á þessu ári.

Það lá þannig ljóst fyrir, er Ísland gerðist aðili að Sameinuðu þjóðunum, samkv. þessari ályktun eða hefð, sem var sköpuð á stofnþingi sambandsins, að mögulegt væri fyrir ríki að ganga úr bandalaginu, ef það teldi sérstakar ástæður fyrir hendi, sem síðar yrðu metnar gildar. Það hefur sem sagt gerzt á stofnþingi Sameinuðu þjóðanna, að þar hefur verið sköpuð sú hefð, að ef ekki væri að finna ákvæði í samningi, sem heimilaði brottgöngu eða uppsögn samningsins, væri brottganga eða uppsögn samningsins heimil, ef í samningnum væri ekki að finna neitt ákvæði, sem bannaði úrsögnina eða uppsögnina. Þessi regla getur verið mjög mikilsverð fyrir Íslendinga einmitt í sambandi við landhelgissamninginn frá 1961, því að í þeim samningi, þó að ekki sé í þeim samningi að finna neitt ákvæði, sem heimilar úrsögn, er ekki heldur að finna neitt ákvæði, sem bannar uppsögn samningsins. Og vel má því vera, að við nánari athugun kunni Ísland að telja sér nauðsynlegt að byggja á þessari hefð, sem mörkuð var á stofnfundi Sameinuðu þjóðanna 1945, þ. e. að uppsögn samnings geti verið heimil undir vissum kringumstæðum, þó að enga heimild sé um það að finna í sjálfum samningnum, ef það er ekki neitt í samningnum, sem bannar uppsögnina. Það kann vel að eiga eftir að skapast það ástand, að Ísland telji það ekki óeðlilegt að leggja þetta til grundvallar í afstöðu sinni til landhelgissamningsins frá 1961.

Samkv. þessu, sem ég hef nú rakið, er það mikill misskilningur hjá hæstv. forsrh., að þannig sé frá sáttmála Sameinuðu þjóðanna gengið, að það sé undir engum kringumstæðum hægt að segja samningnum upp eða ganga úr Sameinuðu þjóðunum. Einmitt um það leyti, sem þær voru stofnaðar, var sköpuð á stofnþinginu sjálfu sú venja, að þetta er mögulegt undir sérstökum kringumstæðum, sem nánar voru tilgreindar í sérstakri ályktun, sem samþykkt var á stofnþinginu.

Hæstv. forsrh. hafði mörg orð um það, að ef menn vildu ekki vísa frekari útfærslu á fiskveiðilandhelgi Íslands undir úrskurð Alþjóðadómstólsins, væri það yfirlýsing um, að við ætluðum ekki að fara að alþjóðalögum, og samkv. því mætti vel skilja það, að ef menn vildu ekki samþykkja þá ályktun, sem hér liggur fyrir og fjallar um það að láta tiltekna útfærslu ganga undir úrskurð Alþjóðadómstólsins, væri það yfirlýsing um það, að menn vildu ekki fara að alþjóðalögum. En þetta er að sjálfsögðu alger misskilningur hjá hæstv. forsrh., að það segi nokkuð til um það, að menn vilji ekki fara að alþjóðalögum, þó að þeir vilji ekki láta útfærslu á fiskveiðilandhelgi Íslands ganga undir úrskurð Alþjóðadómstólsins. Ástæðan til þess, að menn vilja það ekki, er einfaldlega sú, að það eru ekki til nein alþjóðalög í þessum efnum, sem Alþjóðadómstóllinn getur dæmt eftir. Það væri ekkert um það að segja og ekki nema sjálfsagt að láta slík mál ganga undir úrskurð Alþjóðadómstólsins, ef það væru fyrir hendi einhver lög eða viðurkenndar venjur, sem dómurinn gæti dæmt eftir. En ég held, að það treysti sér enginn til að halda því fram, að það séu til nokkur ákveðin lög eða alþjóðareglur um þessi efni, sem dómurinn getur farið eftir í úrskurði sínum. Og það er af þeim sökum, sem ég og ýmsir fleiri eru þeirrar skoðunar, að þessi mál eigi ekki að bera undir Alþjóðadómstólinn, vegna þess að það vanti lögin eða venjurnar, sem dómurinn getur dæmt eftir. Og þetta er nákvæmlega sama skoðunin, sem hefur komið hér fram hvað eftir annað.

Það var t. d. boðið strax af hálfu Breta 1958 að láta útfærsluna í 12 mílur ganga undir úrskurð Alþjóðadómstólsins. Sú ríkisstj., sem þá var, tók ekki þessu boði. Sú ríkisstj., sem tók við af henni, minnihlutastjórn Alþfl., tók ekki heldur þessu boði. Og núv. hæstv. ríkisstj. tók ekki heldur þessu boði, en það stóð alveg opið af hálfu Breta, þegar hún kom til valda. Og ástæðan til þess, að þrjár ríkisstj. íslenzkar kusu ekki að láta þetta mál samkv. till. Breta, 12 mílna útfærsluna, ganga til Alþjóðadómstólsins, var einfaldlega sú, að þær litu þannig á, að það væru engin alþjóðalög um viðáttu fiskveiðilandhelginnar, sem hægt væri að dæma eftir og dómurinn væri þess vegna ekki fær um það að fjalla um þetta atriði. Hæstv. forsrh. ætti líka að

vita manna bezt, að það eru ekki til nein viðurkennd alþjóðalög um víðáttu fiskveiðilandhelginnar, vegna þess að það eru ekki nema ein 4—5 ár síðan hann sat á alþjóðaráðstefnu, þar sem reynt var að ná samkomulagi um þetta atriði, hver víðátta fiskveiðilandhelginnar ætti að vera, vegna þess að ekki voru til neinar viðurkenndar reglur um þetta, og þeirri ráðstefnu lauk, án þess að þar næðist nokkur árangur um víðáttu landhelginnar, svo að Genfarfundurinn 1960, sem sjálfur hæstv. forsrh. sat sem fulltrúi fyrir Íslands hönd, er ein gleggsta sönnun um það, að hér er ekki um neinar alþjóðareglur að ræða, sem hægt sé að byggja dóm á, vegna þess að það er algert ósamkomulag um það, hverjar þessar reglur eru.

Ég álít hins vegar og er að því leyti á öndverðri skoðun við hæstv. forsrh., að það sé mjög varhugavert, eins og hæstv. ráðh. gerði, að vera að halda því fram, að það séu til einhverjar ákveðnar reglur um víðáttu fiskveiðilandhelginnar og þess vegna geti rétturinn dæmt um þetta atriði. Ég held, að það verði að vera grundvallarþátturinn í okkar sókn í þessu máli, að á meðan ekki séu fyrir hendi neinar ákveðnar, viðurkenndar alþjóðareglur eða lög um það, hver víðátta fiskveiðilandhelginnar sé, sé hvaða ríki sem er réttmætt að færa út fiskveiðilandhelgi sína innan þeirra takmarka, sem það sjálft álítur vera eðlileg og sjálfsögð, eða eins og Ólafur Thors orðaði þetta á Alþ. 1952, að meðan engar alþjóðlegar reglur eru fyrir hendi um þetta efni, megi hvert ríki sjálft innan sanngjarnra takmarka ákveða víðáttu fiskveiðilandhelgi sinnar með hliðsjón af efnahagslegum, landfræðilegum og fiskifræðilegum aðstæðum á staðnum. Það er á þessum grundvelli, sem sækja verður landhelgismálið af Íslands hálfu, og við verðum jafnframt að sækja það á þessum grundvelli, eins og kemur fram í þessum ummælum, að Ísland hefur algera sérstöðu í þessum efnum, algera landfræðilega sérstöðu og algera efnahagslega sérstöðu, vegna þess að engin þjóð í heimi er eins háð fiskveiðum og einmitt Íslendingar, og það er á þessum siðferðilega rétti, sem við verðum fyrst og fremst að sækja okkar mál, en ekki á þeim grundvelli, eins og virðist hvað eftir annað koma fram hjá hæstv. forsrh., að það séu til einhver alþjóðalög um það, hver víðátta fiskveiðilandhelginnar sé, og eftir því eigum við að fara. Slík lög eru ekki til, eins og ráðstefnan í Genf 1960 sannaði bezt, og meðan svo er, eigum við að sækja okkar mál á þeim grundvelli, að hvert einstakt ríki hafi rétt til útfærslu innan þeirra takmarka, sem það álítur vera eðlileg og réttlát með hliðsjón af efnahagslegum, landfræðilegum og fiskifræðilegum aðstæðum.

Hitt er svo annað, að landhelgissamningurinn frá 1961 leggur sérstakar hömlur á okkur í þessum efnum. Hann leggur á okkur þær hömlur að þurfa, ef Bretar óska þess, að ganga undir úrskurð Alþjóðadómstólsins, sem við vitum ekkert um, hvaða úrskurð kunni að fella í þessum efnum, vegna þess að hann hefur ekki eftir neinum ákveðnum lögum að fara og starfar þess vegna í þessum efnum ekki sem venjulegur dómstóll, heldur sem gerðardómur. Þess vegna er ég þeirrar skoðunar, að það, sem er mikilvægast og er rétta stefnan í landhelgismálunum, sé að reyna að komast undan bindingu landhelgissamningsins frá 1961 sem allra fyrst og þá fyrst og fremst með þeim hætti að hefja viðræður við Bretland um það, að þessi samningur verði uppsegjanlegur með einhverjum ákveðnum uppsagnarfresti, alveg eins og sá landhelgissamningur er, sem Bretar hafa sjálfir gert varðandi sína landhelgi við ýmsar Evrópuþjóðir. Ég veit, að það er alveg rétt, sem sagt er, að Bretar munu svara þessu neitandi og aftur og aftur neitandi. En venjan er nú sú í samkomulagi við Breta, þegar nýlenduþjóðir þurfa að sækja á hendur þeirra, og í þessu tilfelli álít ég, að Ísland hafi eins konar nýlenduafstöðu, að með því að sækja málin nógu oft og nógu fast við þá, hafa þeir látið undan að lokum. Þá hefur hin brezka sanngirni orðið ofan á, og ég er sannfærður um það, að þegar við sæktum þetta mál nógu fast og nógu fast við brezku stjórnina, mundu Bretar fallast á það að veita okkur slíkan uppsagnarfrest. Ef það gengur svo ekki eftir mikið þóf og langt þóf, þetta fæst ekki, finnst mér, að komi til athugunar að nota þá hefð, sem var mynduð á stofnþingi Sameinuðu þjóðanna og ég minntist á hér áðan, þá hefð, að þó að ekkert beint uppsagnarákvæði sé að finna í samningi, ef þar er hins vegar ekkert ákvæði, sem bannar uppsögn, geti hún verið heimil undir vissum kringumstæðum. Og það má vel vera, og ég tel það ekki ólíklegt, að fyrr eða síðar geti okkar fiskveiðar komizt í þá aðstöðu, að það verði ekki talið óeðlilegt, að Ísland noti sér þessa hefð, sem var mörkuð á stofnþingi Sameinuðu þjóðanna. Ég skal svo viðurkenna það, að það kunna að vera til einhverjar aðrar leiðir til árangurs í þessum efnum og hvað mig snertir, þótt ég telji þá leið líklegasta til árangurs, sem ég hef minnzt hér á, mundi ég telja það ekki óeðlilegt til samkomulags, að það væri leitað að slíkum möguleikum og athugað, hvort fært væri að ná samstöðu um þær leiðir. Og fljótt á litið hef ég takmarkaða trú á annarri leið en þessari, sem ég hef minnzt á. Það kom að vísu fram í ræðu hæstv. forsrh., að hann treysti á, að það væri ör réttarþróun í þessum efnum á komandi árum og þess vegna væri athugandi fyrir okkur að bíða eftir réttarþróuninni, eins og hann orðaði það, og réttarþróunin mundi skapa okkur aðstöðu til þess jafnvel að sækja málið á nýjum grundvelli fyrir Alþjóðadómstólnum. Ég verð að segja það, að ef maður lítur á það, hvernig ástatt er í þessum efnum í heiminum í dag, er ég ekki mjög trúaður á öra réttarþróun í þessum efnum. Að vísu upp úr því, að Ís-

land færði út fiskveiðilandhelgina 1958, varð atburðarásin nokkuð ör fyrst á eftir, því að þessi útfærsla kom því róti á, að margar þjóðir komu á eftir og fóru með sína fiskveiðilandhelgi út í 12 mílur. En síðan það gerðist, má segja, að það hafi ríkt alger kyrrstaða í þessum efnum, og það er ekki annað sjáanlegt, eins og málin horfa við í dag, en þessi kyrrstaða muni haldast áfram um langa hríð í framtíðinni eða alllanga hríð a. m. k. Ef við lítum til Vestur-Evrópu, sjáum við, að ein 14 ríki hafa nú á síðasta ári gert sérstakan samning, sem bindur þeirra fiskveiðilandhelgi til 20 ára, svo að það er ekki hægt að búast við, að það verði nein breyting í þessum efnum í Vestur-Evrópu næstu 20 árin. Það liggur einnig fyrir, að hjá Austur-Evrópuþjóðunum er enginn áhugi að taka sér stærri fiskveiðilandhelgi en þessar þjóðir hafa nú. Í Asíu og Afríku virðist vera heldur lítill áhugi fyrir þessum málum, enda lega landa þannig á mörgum svæðum, að þau hafa takmarkaðan áhuga á stærri fiskveiðilandhelgi en þau hafa nú. Í Suður-Ameríku er hins vegar þannig ástatt, að flest löndin þar eru nú þegar búin að taka sér miklu stærri fiskveiðilandhelgi en 12 mílurnar og virðast ekki hyggja þar yfirleitt á frekari útfærslu. Og það virðist vera litið þannig á, að það, sem virðist hafa gerzt í þeim efnum, skapi okkur ekki nægan grundvöll til þess að sækja t. d. þessi mál á vettvangi Alþjóðadómstólsins, eða a. m. k. virðist mér það koma glöggt fram nokkuð almennt í sambandi við þá þáltill., sem hér er til umr.

Það má að vísu minnast á það, að á Bandaríkjaþingi fyrir 2 árum, að ég hygg, kom fram till. um það, að fiskveiðilandhelgi þeirra skyldi ná til alls landgrunnsins. Þetta hygg ég, að hafi að nokkru leyti verið byggt á hernaðarráðstöfunum, vegna þess að það var hugsað jafnvel í sambandi við þetta að koma í veg fyrir, að rússneskir togarar, sem taldir voru jafnvel fást við njósnarstarfsemi, gætu stundað fiskveiði innan bandarísku landgrunnsins. En við nánari athugun þótti það ekki réttmætt eða hyggilegt að samþykkja þessa till., og hún hefur þess vegna legið í salti síðan.

Ég held þess vegna, að það sé nokkuð óhætt fyrir okkur, því miður, að slá því föstu, að það verði ekki nein ör réttarþróun í þessum málum á komandi árum og við verðum þess vegna að sitja við það, sem við höfum nú, ef ekki kemur eitthvað nýtt og sérstakt af hálfu okkar sjálfra til að hafa áhrif á gang þessara mála. Og það er eitt, sem menn hafa ekki gert sér nægilega ljóst í þessu sambandi, og það er það, að fram að 1961 var Ísland eiginlega forustuþjóðin í þessum efnum, það ríki, sem a. m. k. í stórum hluta heims hafði forustu um útfærslu á fiskveiðilandhelginni. Með landhelgissamningnum 1961 var þessu breytt þannig, að forustan var raunverulega tekin af Íslendingum og í staðinn fyrir það að hafa áður verið forustuþjóð í þessum efnum, verða Íslendingar nú, eins og forsrh. orðaði það, að bíða eftir réttarþróuninni, bíða eftir því, sem aðrar þjóðir kunna að gera í þessum efnum.

Það er kannske eitthvert stórfelldasta óhappið, sem átti sér stað í sambandi við landhelgissamninginn frá 1961, að í staðinn fyrir það að geta verið forustuþjóð í þessum efnum, eins og við vorum áður, vorum við eiginlega settir aftastir allra í röðinni og verðum að bíða eftir því, sem aðrir gera, nema við með einhverjum sérstökum hætti tökum málið aftur í okkar eigin hendur. Og það álít ég, að við eigum að gera með því að byrja strax að hamra á því að komast undan brezka landhelgissamningnum, fyrst með því að sækja fast við Breta, að hann verði uppsegjanlegur, en ef það er ekki fáanlegt og aðstæður okkar kunna að versna í þessum efnum í sambandi við fiskveiðarnar, verðum við mjög að athuga þá hefð, sem var sköpuð á stofnþingi Sameinuðu þjóðanna, að þó að ekkert sé í samningi, sem heimilar uppsögn hans, geti hann samt verið uppsegjanlegur undir vissum kringumstæðum, ef það er ekki neitt í honum, sem bannar beinlínis uppsögnina.

Umr. frestað.

Á 44. fundi í Sþ., 28. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég fagna því, að umr. um þetta mikilsverða mál, landhelgismálið, hafa farið fram á allt annan hátt en líkur bentu til að yrði, þegar maður hafði lesið stjórnarblöðin, skömmu eftir að till., sem hér er á dagskrá, kom fram. Að vonum ræddi hæstv. dómsmrh. málið efnislega, og það hafa þm., sem til máls hafa tekið, einnig gert að langmestu leyti, eins og sjálfsagt var. Ég skal ekki, af því að mjög er langt umliðið síðan umr. hófust um málið, svara rækilega ýmsu af því, sem fram hefur komið og ástæða hefði þó verið til að veita andsvör, heldur stikla á nokkrum atriðum, sem mér finnst máli skipta í ræðum manna.

Ég held, að það sé rétt eftir haft, að hæstv. dómsmrh. lýsti því yfir, að till. væri í fyllsta samræmi við yfirlýsta stefnu Alþ. og ríkisstj. í þessu máli, sem sé að helga sér íslenzka landgrunnið allt. Hann sagðist telja, að landgrunnið væri hluti af Íslandi. Af því virðist mega draga þá ályktun, að á landgrunninu eigi engir að hafa atvinnuréttindi nema íslenzkir þegnar, eins og í landinu sjálfu. Ég hefði eiginlega búizt við því, að í niðurlagi ræðu hæstv. ráðh., er hann hafði þetta mælt, og ýmislegt fleira sama efnis, hefði hann lýst ánægju yfir því, að till. væri komin fram, og að hann og hæstv. ríkisstj. mundu veita henni stuðning, greiða götu hennar gegnum þingið og sjá síðan röggsamlega um framkvæmdina. En það vantaði nú samt eiginlega þennan endi á ræðu hæstv.

ráðh., það fannst mér a. m. k., um afstöðu hæstv. ríkisstj., — sem ráðh. þessara mála varðist hann allra frétta. Mér þætti vænt um það, ef við nú við þessa framhaldsumr. fengjum vitneskju um það, hvaða tökum hæstv. ríkisstj. hyggst taka þetta mál, því að nú hefur umhugsunartími gefizt og tóm til að athuga aðstöðuna í málinu.

Hæstv. ráðh. vék að því, að okkar mál væri ekki í eðli sínu óskylt því, sem Norðmenn ráku fyrir Alþjóðadómstólnum í Haag fyrir mörgum árum, og ýmis rök okkar í málinu hlytu að verða svipuð, ef þau lægju fyrir, eins og Norðmenn báru fram í því máli. En því máli lauk þannig, að dómurinn gekk Norðmönnum í vil. Hér er um að ræða dóm um konungsúrskurð um afmörkun fiskveiðisvæðis frá 12. júlí 1935. Þessi konungsúrskurður var staðfestur í Haag, þannig að niðurstaða dómsins var sú, að hann bryti ekki í bága við alþjóðalög, og þessi niðurstaða var samþ. með 10:2 atkv. dómenda, og hitt atriði málsins, um grunnlínurnar, að draga mætti beinar grunnlínur milli yztu skerja frá ákveðnum grunnlínupunktum, það málsatriði var staðfest með 8:4 atkv. Þessi dómur féll 18. des. 1951. Ég hef í höndum íslenzka þýðingu af þessum dómi, og þar sem ég er sammála hæstv. ráðh. um það, að hér standi á margan hátt svipað á eins og í þessu máli Norðmanna, þá vil ég leyfa mér að grípa nokkurs staðar niður í dómsforsendurnar.

Mál þetta var eins að því er Noreg snerti og till., sem hér liggur fyrir, að það var um að ræða breyt. á landhelgi Norður-Noregs, landshluta, ekki landsins í heild, og þær fullyrðingar, sem hér hafa verið hafðar í frammi af hv. þm. nokkrum, að það sé óeðlilegt að taka ekki fyrir landið allt og stíga ekki skrefið í einu að helga sér landgrunnið allt saman, þær fá ekki staðizt eða fá ekki a. m. k. stuðning af þessum vinnubrögðum Norðmanna. Þeir tóku þetta á sama hátt og leituðust við að fá rýmkun á landhelgi Norður-Noregs, vafalaust af því eins og við flm. þessarar tillögu, að við teljum þörfina brýnasta að því er snertir Vestfjarðasvæðið. Þar er líka mest að sækja. Þar er mestur hluti landgrunnsins utan núverandi landhelgislínu og réttur strandbúanna tvímælalausastur. En í norska dómnum var mjög byggt á rétti strandbúanna til lífsframfæris af fiskveiðum á landgrunninu. Á bls. 10 í norska dómnum segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Í því sambandi er vitnað til traustra þjóðlegra réttinda, til þeirra landfræðilegu aðstæðna, sem mest eru áberandi á ströndum Noregs, til gæzlu meginhagsmuna íbúanna í nyrztu héruðum landsins. Einnig er hann (þ. e. a. s. konungsúrskurðurinn) studdur við konungsúrskurð frá 22. febr. 1812, 16. okt. 1869, 5. jan. 1881 og 9. sept. 1889. Þetta voru allt saman einhliða aðgerðir, sem Norðmenn höfðu uppi haft á þeim tímum til þess að breyta sinni landhelgi og stækka hana, og dómurinn gekk um það að fá staðfestingu á því, hvort þessar aðgerðir brytu gegn alþjóðalögum, eins og þau voru talin þá."

Síðan segir, með leyfi hæstv. forseta, á bls. 11 í dómnum:

„Deiluefnið er ljóslega greint í 8. tölulið málshöfðunarskjalsins. Deiluefnið er, hvort markalínur norska fiskveiðisvæðisins, sem ákveðnar voru með konungsúrskurði 1935 fyrir þeim hluta Noregs, sem liggur norðan 66° 28,8' n. br., séu gildar eða ekki gildar að alþjóðalögum. Og síðara ágreiningsefnið milli hinna tveggja ríkisstj. er (þ. e. milli hinnar norsku og brezku), hvort línur þær, sem konungsúrskurðurinn frá 1935 kveður á, að skuli vera grunnlínur við afmörkun fiskveiðisvæðisins, hafi eða hafi ekki verið dregnar samkv. viðeigandi reglum alþjóðalaga."

Nokkru síðar í forsendum dómsins segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Norska ríkisstj. neitar ekki tilvist reglna í alþjóðalögum, sem ákvörðun markalínunnar fari eftir. Hún staðhæfir, að kennisetningar þær, sem Hið sameinaða konungsríki hefur orðað og tekið upp í niðurstöður sínar, hafi ekki það gildi, sem sú ríkisstj. vill vera láta. Hins vegar heldur norska ríkisstj. fast við sitt kerfi um ákvörðun markalína, enda telur hún það vera í öllum greinum í samræmi við ákvæði alþjóðalaga."

Þarna var ágreiningur milli Breta og Norðmanna um, hvernig draga mætti þessar línur. Bretar stóðu þá fast á sinni kenningu um, að alþjóðalög heimiluðu ekki nema 3 mílna landhelgi, og dómurinn gekk einnig gegn þeim, að því er það varðaði.

Þá kemur hér á bls. 14 í norska dómnum það atriði, sem byggir á hliðstæðum aðstæðum og hjá okkur og ég tel þess vegna að sé ástæða til þess að draga fram og les það því orðrétt, með leyfi hæstv. forseta, — þar segir:

„Meðfram ströndinni eru grunn tiltölulega há upp í sjó, raunverulegir neðansjávarhjallar, þar sem eru sérstaklega fiskauðug mið, er norskir fiskimenn hafa þekkt og stundað frá ómunatíð. Með því að grunn þessi voru innan sjónvíddar frá landi, fundu menn og greindu beztu miðin með miðunaraðferðinni, þar sem tvær línur tiltekinna staða á ströndinni eða eyjunum skerast. Í þessum hrjóstrugu landshlutum hafa íbúar strandhéraðanna framfæri sitt einkum af fiskveiðum. Þetta eru staðreyndir, sem verður að hafa í huga, er dómur er lagður á réttmæti þeirrar staðhæfingar Hins sameinaða konungsríkis, að þau takmörk norska fiskveiðisvæðisins, sem ákveðin voru í úrskurðinum frá 1935, fari í bága við alþjóðalög."

Þeir rökstyðja það þarna í þessum kafla, Norðmenn, að á þessum neðansjávarhjalla, sem sé út af norsku ströndinni, sem er alveg tilsvarandi við þann breiða hjalla, sem landgrunnið myndar út af Vestfjörðum og á voru viðurkennd fiskimið, ákveðin á nákvæmlega sama hátt og eftir íslenzku reglunum, miðað

við tvo staði, sem bæri saman á ströndinni, og miðin þannig ákveðin, og síðan rökstyðja þeir þetta sterklegast með því, að íbúar strandhéraðanna hafi framfæri sitt nálega eingöngu af fiskveiðum. Og það var þessi lífsbjargarréttur strandbúanna, sem dómendurnir í Haag lögðu mjög mikla áherzlu á og viðurkenndu sem einn sterkasta réttinn, sem dómurinn yrði að fara eftir. Og það hygg ég, að við verðum að viðurkenna, að rétturinn til lífsins getur hvergi á nokkurri strönd verið sterkar réttlætanlegur en t. d. á Vestfjörðum. Hvergi er það í Noregi svo, að fólkið lifi af fiskveiðum nálega eingöngu, eins og að því er Vestfirðina varðar hjá okkur.

Þá segir á bls. 18 í norska dómnum, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. Hins sameinaða konungsríkis vísar til hugmyndarinnar um sögulegan rétt, bæði að því er varðar landhelgi og innsævi og vötn, enda telur hún slíka heimildartöku í báðum tilvikum sem frávik frá almennum alþjóðalögum. Samkv. skoðun hennar getur Noregur réttlætt það, að þessi landssvæði séu landhelgi eða innsævi, á þeim grundvelli, að hann hafi farið þar með nauðsynleg yfirráð um langt skeið án mótstöðu nokkurra annarra ríkja, eins konar „posessio longi temporis“ (eins og stendur hér, það er latína og kann ég tæpast með að fara), þ. e. a. s. vörzlur um langan tíma (stendur í dómnum innan sviga), með þeim afleiðingum, að viðurkenna verður nú umráðarétt þennan, enda þótt í honum felist frávik frá gildandi reglum.“

Drottinvald Noregs yfir þessum sjávarsvæðum væri undantekning, sögulegt heimild réttlætti aðstöðu, sem annars mundi fara í bága við alþjóðalög. Enginn getur efazt um, að það eru Íslendingar, sem um aldir hafa stundað fiskveiðar á þessum slóðum, sem till. fjallar um, og Bretar koma þar ekki til sögu fyrr en á síðari öldum og þá að því er þær fiskveiðar varðar, sem hér er um að ræða að bægja sérstaklega frá, þ. e. togveiðarnar, koma þeir ekki til fyrr en á næstliðinni öld. Ef sögulegi rétturinn hefur þess vegna haft þýðingu að því er snertir málstað Norðmanna, þá hefur hann það ekki síður að því er Ísland varðar, heldur öllu fremur, þar sem okkar land var meira úr alfaraleið og íslenzka þjóðin sat þannig nálega eingöngu um aldir að fiskveiðiaðstöðunni á okkar miðum.

Enn vil ég leyfa mér að vitna í forsendur dómsins, þar sem ég tel þar einnig vera um hliðstæður að ræða. Þar segir á bls. 21, með leyfi hæstv. forseta:

„Meðal þessara athugana ber almennt að leggja áherzlu á hin nánu tengsl, sem eru á milli landhelginnar og yfirráða á landi. Það er landið, sem veitir strandríkinu rétt á sjávarsvæðunum fyrir ströndinni. Af því leiðir, að veita verður því ríki nauðsynlegt olnbogarúm til þess að gera því unnt að afmarka landhelgina í samræmi við hagkvæmar þarfir og aðstæður á staðnum, en um leið má ekki sveigja grunnlínurnar til muna frá heildarstefnu strandarinnar.“

Hér mundi áreiðanlega vera fylgt þeirri reglu, að landhelgin yrði ekki látin fylgja bogalínum landgrunnsins, heldur dregin út frá viðurkenndum grunnlínupunktum á landi og ná sem svaraði að meðaltali út á yztu rönd landgrunnsins. Og landgrunnið vestfirzka fylgir nokkurn veginn meginstefnu sjálfrar strandarinnar, má heita alveg „parallelt“ við ströndina sjálfa, aðallínu hennar.

Þá skal ég aðeins lesa hér — með leyfi hæstv. forseta — örfáar línur og læt þar með lokið tilvitnunum í norska dóminn. En þær eru svona:

„Dómurinn telur, að hin sögulegu gögn, sem norska ríkisstj. hefur fært fram til stuðnings þessari staðhæfingu, skorti að vísu oft nákvæmni um staðsetningu, en þau veiti hins vegar nokkurn stuðning þeirri skoðun, að haldizt hafi við lýði hin hefðbundnu réttindi sem áskilin voru íbúum konungsríkisins til fiskimiða, sem liggja innan markalínunnar frá 1935, einkum í Lapphavet. Slík réttindi reist á lífsnauðsyn landsmanna og staðfest af mjög fornri og friðsamlegri venju má réttilega taka til greina, þegar dregin er markalína, sem dóminum virðist auk þess hafa verið haldið innan hóflegra og sanngjarnra takmarka.“

Hér er sem sé rétt undir lok á forsendum dómsins lögð höfuðáherzla á lífsnauðsyn íbúanna, og hún er, eins og ég hef áður fullyrt, hvergi ríkar fyrir hendi en í hinum vestfirzku strandbyggðum.

Hv. 11. landsk. (MB) tók þátt í umræðum um þetta mál og varði nokkru af ræðutíma sínum til þess að greina frá, með hvaða hætti honum hefði verið boðinn meðflutningur þessa máls. Hann viðurkenndi það, að sér hefði verið boðið að vera meðflm. till., en kvaðst ekki hafa fengið nema sólarhring til umhugsunar eða svo, og vissulega hafði hann till. með greinargerð hjá sér í sínum fórum sem svaraði einum sólarhring. En að þeirri athugun lokinni óskaði hann ekki eftir lengri fresti og gaf skýr og ákveðin svör. Hvaða tilefni var þá af minni hendi eða okkar flm. að bíða, eftir að við höfðum fengið ákveðin svör frá honum og þeim öðrum Vestfjarðaþm., sem málið var borið undir. Þeir afmörkuðu sjálfir tímann, óskuðu ekki eftir breytingum, gáfu skýr svör um, að þeir hvorki mættu né gætu verið meðflm. Það er því til einskis fyrir þessa menn að bera því við, að þeim hafi ekki gefizt tóm til að athuga sinn gang. Þeir gáfu skýr neikvæð svör. Og þá var ekki eftir neinu að bíða fyrir okkur. Till. liggur svo fyrir hv. Alþ., og ef það væri þannig, að þeim hefði ekki gefizt nógur tími til þess að gera athugasemdir við form till., hefðu viljað breyta henni, þá kemur nú til hin þinglega aðstaða þeirra að bera fram brtt. við þessa till. og stuðla að því að koma henni í það horf, sem þeir teldu æskilegast.

Hv. þm. talaði um, að það væri nauðsynlegt í þessu máli að fara gætilega. Að hverju leyti er ógætilegt að flytja þetta stórmál á Alþ.? Ég fæ ekki séð, í hverju það liggur, og þyrfti að fá skýringar á því. Það þyrfti undirbúning undir svona mál, og ég spyr: Hvaða undirbúning geta þm. veitt svona máli? Verða ekki undirbúningur og athafnir í þessu máli að vera í höndum hæstv. ríkisstj. á hverjum tíma? Það eru lög í landinu, sem ákveða það, að við helgum okkur landgrunnið allt. Það er þál., ekki ein, heldur tvær, og yfirlýsing núverandi hæstv. ríkisstj., að það sé markið, sem að skuli stefnt. Það er þess vegna verkefni, sem þing og ríkisstj. hefur sett sér að vinna að og ná, og það er enginn annar en hæstv. ríkisstj., sem á að vinna að þessu máli, og hafi enginn undirbúningur verið framkvæmdur í því, er þar engan um að saka annan en ríkisstj. sjálfa. En með tillöguflutningi er ýtt við hæstv. ríkisstj. um að hefjast handa hið bráðasta að vinna að hinu yfirlýsta verkefni sínu, og rökstuðningur fylgir, sem enginn hefur vefengt, að þörf þess landshluta, sem hér um ræðir, sé brýn fyrir aðgerðir í málinu.

Það var hv. 11. landsk., sem vék að því, að það væri einkennilegt, að Hermann Jónasasson væri ekki meðflm. að till. Ekki sé ég neitt einkennilegt við það. Framsfl. ákvað að eiga aðild að flutningi þessarar till., og sá flokkur hlaut auðvitað að ráða því, með hvaða hætti hann sæi um meðflutninginn, og hv. 3. þm. Vestf. (SE) tjáði mér, að honum hefði verið falið að vera meðflm. að þessari till. Ég hefði verið hjartanlega ánægður, ef það hefði komið einn meðflm. frá hv. stjórnarflokkum, hvorum um sig, þó að það hefði ekki verið uppáskrifað af öllum þingflokkunum. Þessi till. er sem sé flutt af Alþb. og Framsfl., sem standa að þessu máli, og við hefðum einskis frekar óskað en þess, að stjórnarflokkarnir hefðu heimilað sínum þm., a. m. k. úr Vestfjarðakjördæmi, að eiga meðflutning að slíkri till. sem þessari, sem svo mjög varðar lífshagsmuni alls fólksins í þessum landshluta. Þá hefði ekki þurft að tala um neinar rósir í hnappagat, því að við ætluðum ekki að fá neinar rósir í hnappagatið fyrir að hreyfa málinu, við vildum unna öllum þingflokkum þess að fá slíkar rósir í hnappagatið að flytja inn á Alþ. mjög stórt og þýðingarmikið mál fyrir alla kjósendur og alla íbúa Vestfjarðakjördæmis.

Hv. 6. landsk., Davíð Ólafsson fiskimálastjóri, tók til máls í þessum umr. og hann sagði í upphafi síns máls, að þetta væri mál, sem væri þess vert, að því væri rækilegur gaumur gefinn. Okkur Íslendingum bæri að vernda hafsvæðin umhverfis landið, svo að þau gæfu okkur sem bezt lífskjör. Og það er einmitt það, sem þessi till. fjallar um. Með ágangi Breta á vestfirzka landgrunninu er ekki um það séð, að það landgrunn gefi íbúunum á Vestfjörðum sem bezt lífskjör. Lífskjör þeirra eru verulega skert með ágangi þessara erlendu veiðiþjófa. Hann viðurkenndi einnig, að landgrunnslögin væru grundvöllurinn, þau undirbyggðu allar aðgerðir í máli sem þessu og það bæri að afla viðurkenningar á rétti Íslendinga til landgrunnsins alls.

Þetta var ástæða til að taka fram, vegna þess að sumir höfðu haldið því fram í umr., að það væri ekki öruggt að byggja á landgrunnslögunum og þyrfti því að taka önnur tillit. Hvaða önnur tillit? Það yrði að fara varlega í málið. Meina þeir hv. ræðumenn það, að við megum ekki hreyfa þessu máli, ef það sé líklegt til að styggja þær þjóðir, sem sækja á okkar fiskimið? Hvenær halda þeir þá, að ætti að hreyfa málinu? Halda þeir ekki, að Bretar, hvenær sem er, styggist við, ef við gerum tilraunir til þess að stækka okkar landhelgi? Ég tel það hafið yfir allan vafa, og það bíðum við ekki af okkur á neinn hátt, þá þykkju Breta. Við verðum, ef við ætlum að hreyfa þessu máli, að þora að horfast í augu við, að það geti orðið deiluatriði við Breta og verður það vitanlega.

Næstsíðastur þeirra hv. þm., sem tekið hafa þátt í að ræða þetta mál, var hv. 2. landsk. (BF), og hann viðurkenndi eins og hv. 11. landsk., að honum hefði verið boðinn meðflutningur að þessari till., en var samt með afsakanir út af því, að það hefði ekki verið beðið nema einn sólarhring eða svo eftir svari. En það var alveg sérstaklega skýrt fram tekið af honum, þegar hann svaraði mér, að hann yrði ekki meðflm., og þá var vitanlega till. borin fram engu að síður, enda tók hann fram, þegar hann gaf sitt svar, að sér fyndist málið svo þýðingarmikið, að hann væri því síður en svo andvígur, að það væri flutt inn í þingið. Það var þetta, sem fylgdi með hans neitun, og þá var vitanlega ekki ástæða til þess að bíða vegna hans afstöðu lengur, ekki stundinni lengur, enda var það ekki gert. Þá stóð þannig á, að þingið var að taka hlé um vikutíma, það var látið hætta störfum, meðan Norðurlandaráð starfaði hér í Reykjavík, og við lögðum till. fram eða hún kom úr prentun daginn sem þingfundum var frestað vegna Norðurlandaráðs.

Hv. 2. landsk. viðurkenndi mikilvægi þessarar till. Hann undirstrikaði mjög, eins og ég hafði gert og hv. 11. landsk. líka, lífsnauðsyn Vestfirðinga fyrir rýmkun landhelginnar, og ekki gátu þeir fremur en aðrir hnekkt því, að það er yfirlýstur vilji Alþ. og ríkisstj., að vinna beri að þessu takmarki, sem þarna er orðað í till. að því er snertir Vestfirðina, að helga sér landgrunnið allt. En svo komst hv. þm. að þeirri niðurstöðu, að það þyrfti að skoða málið miklu rækilegar en gert hefði verið. Og ég spyr enn: Hver á að gera það? Hver átti að vera búinn að skoða málið? Ef nokkur, þá hæstv. ríkisstj. vegna hins margyfirlýsta vilja Alþ.

Hv. 2. landsk. fullyrti, að útfærslan fyrir Vestfjörðum gæti ekki gerzt sem einangruð aðgerð. Hvað gerðu Norðmenn? Þeir gerðu

það einmitt sem einangraða aðgerð að færa út landhelgina fyrir Norður-Noregi. Og því var ekki hnekkt af dómstólnum í Haag. Sú ástæða hefur því ekki gildi, ekki einu sinni sem mótbára. En þá fór hv. þm. út í aðra sálma. Hann sá mörg ljón á veginum, og eitt af ljónunum var það, að það væri ekki alveg ljóst, hvað væri landgrunn. Það væri ekki til skilgreining á hugtakinu landgrunn, sagði hann, hana vantaði. Þegar landgrunnslögin voru lögfest á hv. Alþ., held ég, að það sé alveg áreiðanlegt, að það hafi fylgt með uppdráttur af íslenzka landgrunninu, og það er þess vegna ekki vafi um, að það var lögfest sem landgrunn það, sem sýnt var á því korti, og það mundi okkur nú nægja, en auk þess kemur það til, að landgrunn mun vera viðurkennt á alþjóðamælikvarða það hafsvæði, sem er grynnra en 200 m. Þetta er því aðeins tilraun til þess að búa til erfiðleika. Þessir erfiðleikar eru ekki til. Það er ákveðið í íslenzkum lögum, hvað skuli heita hið íslenzka landgrunn, og það mun vera viðurkennt á alþjóðamælikvarða, hvað teljist landgrunn út frá ströndum landa. Það væru meiri glópaldarnir, sem sátu Alþingi Íslendinga, þegar landgrunnsl. voru sett, ef þeir væru þar að tala um réttindi Íslendinga á einhverju svæði, sem enginn vissi, hvað væri. En það hafa þeir þá gert, ef ekki er til ákveðin skilgreining á hugtakinu landgrunn.

Önnur mótbára hv. þm. var sú, að það yrði illmögulegt að framfylgja landhelgisgæzlu, ef landgrunnið út af fyrir sig yrði afmarkað, það væru svo óreglulegar línur, þar sem hann hélt sig þá við 200 m dýptarlínuna, og rétt er það, hún er ekki alveg þráðbein lína. En í meginatriðum myndar landgrunnsröndin beina línu. Og það er ekki nokkur vafi á því, að hinir viðurkenndu grunnlínupunktar á Vestfjörðum mundu verða hafðir sem undirstaða og landgrunnsröndin, þar sem línan lægi sums staðar út fyrir hana og á öðrum stöðum inn fyrir landgrunnsröndina, yrði tekin í beinum línum milli grunnlínupunkta á landgrunnsröndinni, en ekki látin fylgja vogum og víkum á hafsbotninum.

Þetta voru eiginlega þyngstu rökin hjá hv. þm. gegn þessari till., að það væri ekki alveg ljóst, hvað í því fælist að helga sér landgrunnið fyrir Vestfjörðum. En það hefur hv. Alþ. hvað eftir annað ákveðið að gera, að ná fullri viðurkenningu annarra þjóða á rétti Íslendinga til fiskveiða á öllu landgrunninu, og hefur hingað til talið sig vita, hvað það væri að tala um með því.

En þegar hv. þm. hafði þetta mælt, sagðist hann viðurkenna það, að Vestfirðingar þyrftu meiri friðunar við, það væri meiri ásókn á þeirra mið en annars staðar sökum þess, hve mikill hluti af veiðisælum fiskislóðum eru á vestfirzka landgrunninu utan línu, og hann gat um það, að 46 togarar hefðu verið staðnir að ólöglegum veiðum fyrir Vestfjarðasvæðinu á tímabilinu 1. marz í fyrra til 1. marz í vetur, þ. e. a. s. á 12 mánuðum.

Þá var að vonum af hv. 2. landsk. og ég held einum eða tveimur öðrum þm. á það drepið, að það væru hugsanlegar aðrar leiðir en þær, sem farnar eru í till., og það er vitanlega rétt. Það væri hugsanlegt að fara þá leið að friða veiðisvæðin fyrir Vestfjörðum, t. d. frá 1. okt. á haustin og til 1. júlí á vorin, og friða þannig aðalvertíðartímabil Vestfirðinga. En þá yrði eitt yfir alla að ganga alveg tvímælalaust. Þá yrði að loka íslenzk botnvörpuskip úti af öllu þessu svæði líka á friðunartímabilinu. En með því formi, sem till. er nú í, eru það erlendu veiðiskipin, sem verða að víkja út fyrir landgrunnslínuna, en að öðru leyti giltu íslenzk lög, eins og þau nú eru eða væru á hverjum tíma, um veiðirétt íslenzkra botnvörpuskipa á þessu svæði. En á milli þessara tveggja leiða er hægt að velja, það er alveg rétt. Og ef það væri meiri hl. Alþ., sem vildi heldur fara friðunarleiðina, ákveða friðunarsvæði vissan hluta úr árinu, væri vissulega hægt að gera það með brtt. við þessa till.

Það mun hafa verið bæjarstjórn Ísafjarðar, sem tók undir þetta með ályktun, að það væri til mikilla bóta að friða viss svæði ákveðinn tíma árs, og mun þá hv. 11. landsk. þm. hafa verið á fundi í bæjarstjórn Ísafjarðar, þegar sú samþykkt var gerð. En nokkru eftir að þessi bæjarstjórnarfundur var haldinn, barst mér ályktun frá Alþýðusambandi Vestfjarða, okkur Vestfjarðaþm. sjálfsagt öllum, þar sem ekki var hallazt að þessari leið, heldur sagt, að Vestfirðingar yrðu að fá landgrunnið allt fyrir Vestfjörðum friðað. Það var Alþýðusamband Vestfjarða, og forseti þess er einn af þeim bæjarfulltrúum á Ísafirði, sem stóðu að hinni samþyktinni, enda var niðurlag hennar á þá leið, að lokatakmarkið yrði að fá landgrunnið allt friðað.

Þá hefur sveitarstjórnin í Patrekshreppi einnig sent mjög ákveðna samþykkt, þar sem látinn er í ljós vilji á því, að snör handtök séu höfð, framkvæmdum hraðað eins og unnt sé til þess að helga sér landgrunnið fyrir Vestfjörðum sem landhelgissvæði, og virðist sú samþykkt hafa verið gerð þar ágreiningslaust. Þó mundi maður segja, að Patreksfjörður væri þannig settur, að hann yrði minnst af öllum Vestfjarðakauptúnunum fyrir barðinu á veiðiþjófunum og hefði helzt allra kauptúnanna á Vestfjörðum möguleika til að sækja suður fyrir enda landgrunnsins í ála Breiðafjarðardjúpsins. En þeir hafa sem sé gert samþykkt í sveitarstjórninni þar um, að Alþ. afgreiði þessa till.

Ég skal ekki ræða málið miklu meira. Ég vil þó bæta nokkru við enn. Og það, sem ég vil þá helzt segja, er þetta: Mér finnst það skorta á í þessum umr., að hæstv. ríkisstj. segi, hvað hún telur á þessu stigi málsins unnt að gera. Nauðsyn málsins er viðurkennd. Stefna Alþ. er ljós. Yfirlýsingar liggja líka fyrir frá hæstv. ríkisstj., að hún vilji vinna að því, sem í þessari till. stendur. En

hvað vill hæstv. ríkisstj. gera varðandi þessa till.? Og hvaða vandkvæði eru sérstaklega á því að framkvæma hana nú, sem ekki verða fyrir hendi, hvenær sem farið er fram á það, sem í till. felst? Og hvað er það, sem veldur því, að það var lagt blátt bann við því, að þm. stjórnarflokkanna stæðu að till. sem þessari? Ég spyr: Er það samþykktin frá 1961 um, að við, ef við hyggjumst færa út landhelgina, séum skuldbundnir til að spyrja Breta fyrst, og ef þeir mótmæli, séum við skyldugir til að skjóta málinu fyrir Alþjóðadómstólinn í Haag? Er það þetta? Ég fullyrði ekki, að svo sé, en vera kann, að það sé ástæðan. Sé það ekki hún, finnst mér, að hæstv. ríkisstj. eigi að segja, hverjar aðrar ástæður hefur hún fyrir því að telja hæpið að flytja þetta mál.

Ég man, að hæstv. dómsmrh. taldi, að það ætti engin þjóð, sízt smáþjóð eins og við, að kveinka sér undan því að þurfa að lúta lögum í svona málum, alþjóðalögum. Nú eru, eins og allir vita, alþjóðalög óskýr í þessum efnum og myndast smám saman við hefð, eftir því sem málin þróast. En ég fyrir mitt leyti tel það tvímælalaust veikari aðstöðu fyrir íslenzku þjóðina að þurfa að beygja sig undir erlendan dómstól heldur en að framkvæma einhliða aðgerðir, eins og við höfum gert, og taka afleiðingum af því eins og menn, eins og við höfum gert, og ávinna okkur þannig smátt og smátt rétt til stækkaðrar landhelgi, og er þó alveg undir hælinn lagt, hvort við hefðum fengið það sama, ef það hefði verið hverju sinni borið undir Haagdómstólinn. Það verð ég að segja, það er mjög undir hælinn lagt. Þar eru í dómarasæti fulltrúar þeirra þjóða, sem hagsmuna eiga að gæta á okkar fiskimiðum, en við eigum enga forsvarsmenn í þeim dómarahópi.

Ég vil vænta þess, að þessi tillöguflutningur orki því a. m. k. að ýta við hæstv. ríkisstj. í þessu lífsspursmáli þjóðarinnar, minna á það rækilega, að Alþ. hefur oftar en einu sinni lýst yfir ákveðinni stefnu í þessu máli og hæstv. ríkisstj. hefur í upphafsorðum samþykktarinnar eða nótunnar frá 1961 einnig sagzt ætla að vinna að stækkun fiskveiðilandhelginnar, þannig að hún næði yfir landgrunnið allt. En ég mundi halda því fram, að eins og málið er vaxið, eins og lífsnauðsyn Vestfirðinga er brýn í þessu máli, ætti hæstv. ríkisstj. að stuðla að samþykkt þessarar till. nú á þessu þingi og framkvæma landhelgisgæzlu á landgrunninu öllu fyrir Vestfjörðum, hvort sem Bretar styggjast við það meira eða minna. Hjá því verður aldrei komizt. Ef hún teldi sig skuldbundna af því að tilkynna Bretum þetta og taka við þeirra mótmælum og fara fyrir Haagdómstólinn, sem hún segir að sé ágætiskostur og ekkert neyðarbrauð, því heldur það þá aftur af hæstv. ríkisstj.? Það er það, sem hún segir, að sé ágæt leið, betri en okkar áður einhliða réttur. Ég er að vísu á allt öðru máli um það.

Ég læt hér máli mínu lokið og legg til, herra forseti, að umr. verði frestað, — var ekki ákveðin ein umr.? (**Forseti**: Jú) — og málinu vísað til hv. utanrmn.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það var nú ekki ætlun mín að lengja þessar umr. mikið, úr því sem orðið er. En það var fyrst og fremst eitt atriði, sem ég vildi að kæmi nokkru skýrar fram í beinu framhaldi af því, sem ég hafði sagt, þegar ég tók til máls um þetta mál fyrr í þessum umr. Ég vék nokkrum spurningum að hæstv. ríkisstj. og spurðist fyrir um það, hvað ríkisstj. hugsaði sér að gera í þessu stóra og þýðingarmikla máli, sem hér væri hreyft. Það er með öllu óverjandi, tel ég, að þegar mál eins og þetta er lagt fyrir Alþ., viki ríkisstj. sér þannig undan málinu, að hún taki að litlu leyti þátt í umr. um málið og geri sig síðan líklega til þess að leggja málið í n. og láta það ekki hreyfast þar meir. Það er vitanlega ekkert við því að segja, þótt ríkisstj. bendi á það, að hún telji, að sú leið, sem mörkuð er með till., sé ekki sú ákjósanlegasta. En þá er það vitanlega ríkisstjórnarinnar að benda á það, hvernig hún vill vinna að þessu þýðingarmikla máli. Ég minntist á það, hvort það væri t. d. betur að skapi ríkisstj., að skipuð yrði n. allra þingflokkanna til þess að athuga um það, hvernig ætti að vinna að framgangi þess, sem till. fjallar um. Það er vitanlega alveg sjálfsagt að reyna að samstilla sem flesta krafta hér á Alþ. um þá baráttuaðferð, sem tekin verður í þessu máli. Það hefur verið reynt að standa þannig að landhelgismálinu áður, og þannig hefur m. a. verið farið að, þegar till. hafa komið fram hér á Alþ. frá einstökum þm., sem að sjálfsögðu hafa miðast nokkuð við sérstaka hagsmuni umbjóðenda þeirra. En ég vil nú spyrja um það enn einu sinni: Getur ríkisstj. ekki hugsað sér það í þessu máli, að það verði sett n. skipuð fulltrúum frá öllum þingflokkum til þess að reyna að koma sér saman um það, hvernig eigi að vinna að lausn þessa máls, þ. e. a. s. að því, að stærri hluti af landgrunnssvæðinu við landið færist inn fyrir eða inn í íslenzku fiskveiðilandhelgina heldur en nú er. Þetta er yfirlýst stefna Alþ., og það er enginn vafi á því, að öll þjóðin styður þessa stefnu, en það verður vitanlega að halda áfram eðlilegum vinnubrögðum í þá átt að koma þessu máli fram.

Með þessari till., sem hér liggur fyrir, er það lagt alveg ótvírætt fyrir, að ríkisstj. skuli færa út fiskveiðimörkin fyrir Vestfjörðum, þannig að allt landgrunnið þar verði innan fiskveiðilandhelginnar, og í till. er við það miðað, að þetta sé gert fyrir tiltekinn tíma.

Ég sé ekki ástæðu til þess að eyða hér löngu máli í það að deila um ýmis þau atriði, sem komu fram í þeim umr., sem hér áttu sér stað fyrir nokkrum dögum og hæstv forsrh. tók þátt í. Það var þó eitt atriði, sem

mér þykir rétt að víkja aðeins að. Það var næstum að skilja á máli hans, að þeir, sem að þessari till. stæðu, og þeir, sem vildu nú ráðast í nýja útfærslu, ætluðu sér ekki að fara að lögum í þessu máli, en það hefði hins vegar alltaf verið afstaða Íslendinga og ætti að vera afstaða Íslendinga að fara að alþjóðalögum varðandi landhelgismálið sem önnur mál. Ég hélt, að það þyrfti ekki að taka það fram, það hefur svo oft verið gert áður og um það eiga ekki að verða neinar deilur, að það eru ekki viðurkennd nein alþjóðalög um víðáttu fiskveiðilandhelgi. Það eru engin viðurkennd alþjóðalög um víðáttu slíkrar landhelgi. Það er því ekki verið að leggja neitt til um það að brjóta alþjóðalög. En hitt gefur líka alveg auga leið, að vegna þess að það eru ekki til viðurkennd alþjóðalög um víðáttu landhelginnar, getur verið erfitt að fá Alþjóðadómstólinn til þess að kveða upp dóm um það, að tiltekin útfærsla sé í samræmi við alþjóðalög. Frammi fyrir þessum vanda stóðum við einnig, þegar við börðumst fyrir 12 mílna útfærslunni. Það var reynt af andstæðingum okkar að halda því þá fram, að við værum að brjóta alþjóðalög. Við neituðum því allan tímann, af því að við bentum á, að það væri í rauninni þegar viðurkennt, að hin gamla, viðurkennda alþjóðaregla um 3 mílur væri niður fallin, því að svo mikill fjöldi þjóða í heiminum hafði þá gert samþykktir gegn þriggja mílna reglunni, að því hafði verið slegið föstu af fjölmennri nefnd alþjóðalögfræðinga, að það væru ekki til nein alþjóðalög um víðáttu landhelginnar.

Við skulum því ekki ræða þannig um þetta mál, að einn taki sér þá stöðu í málinu, að hann ætli að brjóta lög til þess að koma máli sínu fram, en annar ætli sér að fara eftir lögum. Nei, okkar vandi í þessum efnum er augljóslega sá, að við þurfum að koma fram þeirri stækkun á okkar fiskveiðilandhelgi, sem Alþ. hefur gert samþykkt um, þannig að allt landgrunnssvæðið verði innan landhelginnar. Það eru engin skýr alþjóðalög til um það, hvernig hægt sé að framkvæma slíka breytingu, en þá verðum við, eins og við höfum gert fram til þessa í baráttu okkar í landhelgismálinu, að velja okkur áfanga hverju sinni og reyna að byggja málið þannig upp, að sem mest samstaða sé um barátttu fyrir þeim áfanga í hvert skipti, að mögulegt er, og því er það, sem ég hef lýst hér eftir því við hæstv. ríkisstj.: Hvað vill hún gera í þessu máli? Hvernig ætlar hún að standa að því að framkvæma vilja Alþ., yfirlýsta stefnu Alþ. um það, að landgrunnið skuli verða fiskveiðilandhelgi Íslands? Hvernig ætlar hún sér að standa að málinu? Getur hún ekki t. d. hugsað sér það, að sett verði slík n., sem ég hef minnzt á, til þess þó a. m. k. að reyna að samstilla kraftana hér um það, hvernig að málinu skuli staðið, ef hún getur ekki fallizt á það að ganga hér beint til verks, eins og lagt er til í þessari till.

Ég skal svo ekki lengja þessar umr. frekar, en ég vænti þess að heyra hér frá hæstv. ríkisstj., áður en þessari umr. lýkur, eða þá a. m. k. alveg skýr svör við þessari spurningu, á meðan sú n. starfar að málinu, sem kemur til með að fá það hér samkv. réttum reglum. Ég heyrði það, að forseti gerði ráð fyrir því, að þessu máli yrði vísað til utanrmn. Það tel ég í mesta máta óeðlilegt. Við höfum ekki viðurkennt það og viðurkennum það ekki, að íslenzka fiskveiðilandhelgin sé utanríkismál. Við eigum að vísa þessu máli til allshn., en ekki utanrmn., á því stigi, sem málið er nú. Og ég fyrir mitt leyti geri það að minni till., að þessari till. verði vísað til allshn., en ekki utanrmn.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 25:7 atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

28. Háskóli Íslands.

Á deildafundum 2. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um eflingu Háskóla Íslands [136. mál] (A. 286).

Á 28. fundi í Sþ., 3. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 31., 32. og 33. fundi í Sþ., 10., 17. og 24. marz, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 36. fundi í Sþ., 31. marz, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Á þskj. 286 hef ég ásamt 8 öðrum þm. Framsfl. leyft mér að flytja till. til þál. um eflingu Háskóla Íslands. Till. er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta semja í samráði við háskólaráð áætlun um skipulega eflingu Háskóla Íslands á næstu 20 árum. Áætlunin skal síðan lögð fyrir Alþ. til samþykktar."

Ég býst varla við því, að mörg orð þurfi að hafa um nauðsyn á eflingu háskólans og æðri menntunar í landinu. Þá nauðsyn virðast, sem betur fer, flestir skilja, svo er a. m. k. að heyra á öllum, sem láta til sín heyra um þau mál nú. Er aukinn og almennur skilningur á málefnum og vaxtarþörf háskólans sérstaklega gleðilegur. Mönnum virðist nú almennt orðið ljóst, að geta þjóðarinnar á sviði vísinda og tækni ræður mestu um framfarir og lífskjör. Menn sögðu áður, að bókvitið yrði ekki látið í askana. Fátt er meira öfug-

mæli á okkar dögum en einmitt það. Við sjáum daglega dæmi þess, hvernig bókvitið og sérfræðiþekkingin er undirstaða efnahagslegra framfara. Það nægir t. d. hér bara að minna á það, hverja þýðingu starfsemi okkar fiskifræðinga hefur haft fyrir afkomu okkar Íslendinga, en slík dæmi eru vissulega mörg og mætti telja mjög mörg upp. Þess vegna er nú almennt viðurkennt, að menntun sé ein öruggasta fjárfesting hverrar þjóðar. Í nútíma þjóðfélagi er sívaxandi þörf fyrir háskólamenntaða menn og hvers konar sérfræðinga. Raunvísindi og tækni og hvers konar vísindalegar rannsóknir verða æ mikilvægari undirstöður framfara og bættra lífskjara.

Það er augljóst mál, að í vændum er mikil fjölgun stúdenta hér á landi á næstu árum. Það sýnir hérlend þróun síðustu ár. Til þess bendir reynsla annarra þjóða. Allar menningarþjóðir reyna að stuðla að því, að sem flestir ljúki stúdentsnámi. Hér eru flutt frv. á Alþ. um nýja menntaskóla. Þörfin fyrir nýja menntaskóla hér er brýn. Það er augljóst, hvert stefnir í þessum efnum. Háskólinn þarf því að vera við því búinn að taka við þeirri miklu fjölgun stúdenta, sem í vændum er, og þarf að geta gefið þeim kost á sem fjölbreytilegustu námsgreinavali. Með hliðsjón af þróun síðustu ára og erlendri reynslu má gera sér nokkuð glögga grein fyrir því, hver stúdentafjölgunin muni verða hér næstu árin. Talið er, að nú ljúki um það bil 10 af hverju 100 af 20 ára árgangi stúdentsprófi hér á landi. Í Noregi er hliðstæð tala 17% og í Svíþjóð nálægt 16%. Í Danmörku aftur á móti er hún talsvert lægri. Vafalaust má búast við svipaðri þróun hér á landi og hjá þessum grannþjóðum okkar. Ef viðkoma stúdenta væri orðin um 16% af 20 ára árgangi 1974, yrðu nýir stúdentar um 660—670, en voru s. l. ár nálægt því um 330. Við Háskóla Íslands eru nú innritaðir um 950 stúdentar. Gert er ráð fyrir, að sú tala muni um það bil þrefaldast á næstu 20 árum, enda þótt námsgreinar væru lítið auknar. Ef háskóladeildum væri fjölgað, yrði aukningin hins vegar vafalaust mun meiri, en það er einmitt mesta nauðsyn á því að fjölga kennslugreinum við háskólann, bæði vegna sívaxandi þarfa á akademískt menntuðum mönnum á nýjum og nýjum sviðum og til þess að opna stúdentum nýjar leiðir til sérfræðináms hér heima. Auðvitað verður ekki hjá því komizt, að við Íslendingar sækjum akademíska menntun á ýmsum sviðum til annarra landa. Slíkt er sjálfsagt og eðlilegt. En nú stundar um það bil þriðjungur íslenzkra stúdenta nám við erlenda háskóla. Það er áreiðanlega hærri tala hlutfallslega en hjá nokkurri grannþjóð okkar. Má vel vera, að það sé óhjákvæmilegt, og sjálfsagt er það eðlilegt, að það sé mun hærri tala hjá okkur en þeim þjóðum. En samt sem áður er það áreiðanlega nokkurt umhugsunarefni, hvort ekki sé hægt að beina fleiri stúdentum að háskólanámi hér heima. En það er því aðeins unnt, að kennslugreinum sé fjölgað, kennslukraftar auknir, húsnæði aukið og aðstaða öll bætt. Við fyrirsjáanlegri stúdentafjölgun við háskólann þarf að búast af víðsýni og fyrirhyggju. Það er jafnan hreint neyðarúrræði, ef takmarka þarf aðgang að einstökum háskóladeildum eða kennslugreinum. Hér ber því allt að sama brunni, háskólann þarf að efla. Það er ekkert einkamál stúdenta, heldur hagsmunamál þjóðarinnar allrar.

Háskólinn á samkv. lögum að vera hvort tveggja í senn kennslustofnun og rannsóknarstofnun. Af eðlilegum ástæðum hefur hann hingað til fyrst og fremst verið kennslustofnun. En það þarf að breytast. Rannsóknarstarfsemi þarf að sinna í ríkara mæli. Þess er brýn þörf. En til þess þarf að skapa ýmsa aðstöðu, sem nú er ekki fyrir hendi. Það kostar mikið fé. Það þarf líka að mínu viti að tengja háskólanum ýmsar rannsóknarstofnanir, sem hér eru fyrir. Ég nefni í því sambandi t. d. náttúrufræðistofnunina, sem frv. er nú um fyrir hv. Alþ., en í því frv. er ekki gert ráð fyrir sérstökum tengslum náttúrufræðistofnunarinnar og háskólans. Það álít ég miður farið og er raunar sannfærður um, að að því kemur von bráðar, að tengsl verða sköpuð á milli náttúrufræðistofnunarinnar og háskólans, og forstöðumenn og starfsmenn náttúrufræðistofnunarinnar verða vafalaust kennarar við háskólann í þeim greinum. En við háskólann þarf einmitt að taka upp kennslu í þeim greinum.

Það er einnig að mínu viti æskilegt, að háskólinn geti með ýmsum öðrum hætti fært út kvíarnar, t. d. tekið upp kvöldnámskeið eða kennslu á kvöldin fyrir fólk, sem að deginum er bundið við ýmis störf, og meira en nú er gert. Ýmsar breytingar á kennsluháttum væru og sjálfsagt æskilegar. Það þarf þannig að efla háskólann með ýmsum hætti, það þarf að efla þær háskóladeildir, sem fyrir eru, fjölga þar kennurum og bæta kennsluskilyrði og rannsóknaraðstöðu. Það þarf að fjölga háskóladeildum, taka upp kennslu í nýjum fræðigreinum, bæði á sviði raunvísinda og hugvísinda, svo sem í ýmsum náttúrufræðum, málvísindum, félagsfræðum, landbúnaðarvísindum, fiskifræði, byggingarverkfræði, húsagerðarlist o. fl., o. fl. Það þarf að efla bókasafn háskólans og rannsóknarstofnanir og koma á fót nýjum rannsóknarstofum og tengja rannsóknarstöðvar, sem fyrir eru, háskólanum. Um leið þarf með ýmsum hætti að stórbæta aðstöðu og starfsskilyrði stúdenta. Verður að gefa þeim þætti miklu meiri gaum en gert hefur verið hingað til, og í því sambandi þarf m. a. að athuga um upptöku nýs námslauna- og námsstyrkjakerfis, og í því sambandi þarf að athuga hið nýja námslánakerfi, sem innleitt er í Svíþjóð frá 1. jan. þetta ár.

Verkefnin eru mörg, þarfirnar eru miklar. Það er hins vegar öllum raunsæjum mönnum ljóst, að hér verður erfitt að fullnægja öll-

um óskum, hér er ekki hægt að gera allt, sem nauðsyn kallar þó á, í einu. Þar verður að velja og hafna, vega og meta, hvað er mest aðkallandi og hvað getur heldur beðið. Þar má ekkert handahóf ráða. Við verðum sjálfsagt að horfast í augu við þá staðreynd, að það verður erfitt fyrir okkur að halda að öllu leyti til jafns við háskólastofnanir stærri þjóða. Við verðum sjálfsagt í sumum efnum að sníða okkur stakk eftir vexti. En flestir munu sammála um, að háskólann beri að efla, svo sem geta þjóðarinnar framast leyfir. Það þarf því að kanna, hvað framkvæmanlegt er og í hvaða röð verkefnin á að leysa.

Af öllu því, sem ég hef nú stuttlega drepið á, er ljóst, að það er brýn nauðsyn, að unnið sé að málum þessum með skipulegum hætti. Það eru því sjálfsögð og nauðsynleg vinnubrögð, að gerð sé áætlun til allmargra ára um eflingu og uppbyggingu háskólans. Það þarf í því sambandi líka að gera áætlun fram í tímann um þörf okkar á sérfræðingum á hinum ýmsu sviðum. Hér er lagt til, að gerð sé slík heildaráætlun um eflingu háskólans um tvo næstu áratugi. Það er eðlilegt, að slík áætlanagerð, sem m. a. verður að taka til kennarafjölgunar, nýrra kennslugreina, aukins húsnæðis, eflingar bókasafns, stofnunar rannsóknarstöðva, aðbúnaðar stúdenta o. fl., o. fl., sé fyrst og fremst í höndum háskólaráðs. Áætlunargerð háskólaráðs án samvinnu við menntmrn. gæti þó orðið gagnslítil. Rn. þarf að segja til, hvað er framkvæmanlegt, hvað getan leyfir. Hér er því lagt til, að þessir aðilar vinni saman að þessari áætlunargerð. Þegar þessir aðilar hafa gengið frá áætluninni, er lagt til, að hún sé staðfest með alþingissamþykkt, eftir atvikum með þál. eða lögum. Það er verulegt atriði að mínum dómi, að sá háttur sé hafður á. Þá fyrst er orðið verulegt hald í áætluninni. Með þeim hætti er tryggt svo vel sem unnt er, að eftir áætluninni verði raunverulega farið í framkvæmdinni.

Þess má geta í þessu sambandi, að síðasta fullveldisdag, 1. des., völdu háskólastúdentar einmitt að umræðu- og umhugsunarefni mál það, sem þessi þáltill. fjallar um, eflingu æðri menntunar og Háskóla Íslands, og var háskólarektor þá aðalræðumaðurinn. Gerði hann rækilega grein fyrir þessum málum, og komst hann þar mjög að sömu niðurstöðu og farið er fram á í þessari þáltill., þ. e. a. s. að gera þyrfti heildaráætlun til margra ára um þróun og uppbyggingu háskólans.

Það er kunnugt, að háskólaráð hefur þegar gert áætlun um nauðsynlega fjölgun fastra kennara við núverandi háskóladeildir næstu 10 ár. Sú áætlun var send ríkisstj. allsnemma á s. l. ári, að ég ætla. En það er enn ekkert vitað um það, að hve miklu leyti sú áætlun, sem háskólaráð sendi frá sér til hæstv. ríkisstj., verður lögð til grundvallar um það efni, sem hún fjallar um. Það mun hafa verið talin í þessari áætlun þörf á 17 nýjum prófessorsembættum í allt, mismunandi eftir deildum. Það mun hafa verið t. d. gert ráð fyrir því í till. háskólaráðs, að á s. l. ári yrðu stofnuð 2—3 prófessorsembætti, en aðeins eitt var stofnað, prófessorsembætti við læknadeildina í lífeðlisfræði. En það er ekkert vitað um það enn, hvað ríkisstj. hæstvirt hyggst fyrir um þessi efni. Hún hefur enn ekki séð ástæðu til þess að gefa út neina opinbera skýrslu um þessi mál. Og ég sé nú því miður, að hæstv. menntmrh. er ekki við hér í sameinuðu þingi, þegar þetta mál er rætt, og er það vafalaust af því, að hann hefur öðrum störfum að sinna utan þingsins. En vissulega hefði verið æskilegt, að hann hefði verið viðstaddur, þegar þessi mál eru rædd, og hefði þá m. a. getað gefið upplýsingar um það, hver muni verða afdrif þessarar áætlunar, sem á sinni tíð var send frá háskólaráði til hæstv. ríkisstj. En þess ber auðvitað vel að gæta, að sú áætlun, sem þar var send frá háskólaráði, náði aðeins til eins þáttar í uppbyggingu háskólans. En hér er gert ráð fyrir alhliða athugun á þessu málefni, ekki aðeins að því er varðar kennarafjölgunina, heldur og á mörgum öðrum efnum, eins og ég hef þegar drepið á. Það er því vissulega tímabært að mínum dómi, að unnið sé að fullkominni og víðtækri áætlun um þessi mál, eflingu háskólans, er lögð verði fyrir Alþ. svo fljótt sem tök eru á.

Allar menningarþjóðir kappkosta nú að efla háskóla sína og vísindalega menntun. Er t. d. mikil hreyfing í þá átt á Norðurlöndum. Eru mál þessi öll í athugun þar um þessar mundir, og í ýmsum þeirra a. m. k. hafa verið sett niður áætlunarráð eða nefndir til svipaðrar áætlunargerðar og hér er höfð í huga.

Ég er ekki við því búinn hér að gefa yfirlit um það, hvernig mál þessi standa á Norðurlöndum, en vafalaust getur hæstv. menntmrh. gefið upplýsingar um það, og ég sé mér til mikillar ánægju, að hann er nú kominn í salinn. En ég skal aðeins nefna það, að t. d. í Danmörku hefur verið ákveðið að stofna nýjan háskóla í Óðinsvéum, og er jafnvel gert ráð fyrir því, að hann geti að einhverju leyti tekið til starfa á næsta ári. Þá hefur verið ákveðið þar að setja á stofn arkitektaháskóla í Árósum. Enn fremur er gert ráð fyrir, að á næsta hausti taki þar til starfa í Álaborg deild frá Ingeniör-akademíunni. Áætlun hefur verið gerð um það, að fram til næstu aldamóta þurfi að stofnsetja þrjá nýja háskóla í Danmörku. Sett hefur verið á stofn í Danmörku svo kallað áætlunarráð æðri menntunar eða akademískrar menntunar. Gerð hefur verið þar í landi mjög mikil og víðtæk áætlun um mjög miklar byggingar stúdentaheimila. Í Finnlandi hefur t. d. tala nýstúdenta þrefaldazt frá því árið 1950. Á árinu 1963 var sett á fót n. þar í landi til þess að gera áætlun um eflingu háskólanna. Sú nefnd mun ekki hafa skilað fullnaðaráliti, en samkv. till. hennar hefur þó þegar nýjum eða nýrri háskóladeildum verið bætt

þar við einn tiltekinn háskóla, háskólann í Tammerfors. Í Noregi hefur verið ákveðinn og er í undirbúningi nýr háskóli í Norður-Noregi, í Tromsö. Og í Þrándheimi hefur verið ákveðið að steypa hinum æðri skólum, þ. e. a. s. verkfræðingaháskólanum og öðrum akademískum stofnunum, saman og mynda nýja háskólastofnun þar. Margt fleira er þar á döfinni í skólamálum og rannsóknarmálum, þó að hér verði ekki rakið. Í Svíþjóð hefur stúdentatalan þrefaldazt á síðasta áratug. Aðsókn að háskólanum vex þar mjög ört. Þar er áframhaldandi uppbygging og efling háskólanna í athugun í n., sem sett var á laggirnar 1963. Þar hafa verið stofnsettar nú upp á síðkastið sérstakar háskóladeildir í þjóðfélagsvísindum.

Það er áreiðanlega lærdómsríkt fyrir okkur Íslendinga að fylgjast sem bezt með því, sem gerist á Norðurlöndum í þessum efnum. Við verðum að hafa í huga, að hvarvetna í menningarlöndum er lögð hin mesta áherzla á akademíska menntun og eflingu háskólanna. Þar virðist nú ekkert sparað. Þróunin í þeim efnum er ákaflega ör. Auðvitað er það undirskilið, að almenn menntun verður að fylgjast með og verður að vera sú undirstaða, sem verður að vera fyrir hendi, til þess að um akademíska menntun geti verið að tefla. Við verðum áreiðanlega að gá alvarlega að okkur að dragast ekki aftur úr í þessum efnum. Ef við fylgjumst ekki með í þessari þróun, getur það haft hinar alvarlegustu afleiðingar fyrir menningu, framfarir og lífskjör þjóðarinnar á komandi árum. Auðvitað er geta okkar takmörkuð. Fyrir þeirri staðreynd þýðir ekki að loka augum. Við getum sjálfsagt ekki keppt við stórþjóðir, en of mikill sparnaður á þessum sviðum getur verið hin óskynsamlegasta fjármeðferð að mínum dómi. Og við verðum að hafa í huga, að stofnun með háskólanafni verður mæld á alþjóðamælikvarða, hvað sem okkar smæð annars líður.

Ég vænti þess, að hv. þm. verði okkur flm. sammála um, að þáltill. þessi sé næsta tímabær, og ég vænti þess, að hún fái skjóta og góða afgreiðslu á hv. Alþ. Ég legg svo til, herra forseti, að till. þessari verði vísað til allshn. til athugunar og að umr. verði að sjálfsögðu frestað, meðan sú athugun fer fram.

Umr. frestað.

Á 40., 42. og 44. fundi í Sþ., 7., 21. og 28. apríl, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

29. Rekstrargrundvöllur togaraflotans.

Á 28. fundi í Sþ., 3. marz, var útbýtt:

Till. til þál. um athugun á rekstrargrundvelli togaraflotans og endurnýjun hans [139. mál] (A. 291).

Á 32., 33., 36., 40., 42. og 44. fundi í Sþ., 17., 24. og 31. marz, 7., 21. og 28. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

30. Samkomustaður Alþingis.

Á deildafundum 8. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um þjóðaratkvæðagreiðslu um samkomustað Alþingis [146. mál] (A. 310).

Á 31. fundi í Sþ., 10. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 32., 33. og 36. fundi í Sþ., 17., 24. og 31. marz, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

31. Dráttarbraut á Siglufirði.

Á deildafundum 11. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um fjárhagslega aðstoð við byggingu dráttarbrautar á Siglufirði [149. mál] (A. 318).

Á 32. fundi í Sþ., 17. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 33., 36. og 40. fundi í Sþ., 24. og 31. marz, 7. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Sþ., 21. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Ég flyt ásamt hv. 4. þm. Norðurl. v. till. til þál. á þskj. 318, sem er á þá leið, að Alþ. álykti að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir útvegun lánsfjár eða annarri fjárhagslegri aðstoð við byggingu dráttarbrautar á Siglufirði, sem geti tekið upp a. m. k. 400 smál. skip. Aðstoðin skal við það miðuð, að byggingarframkvæmdir geti hafizt á yfirstandandi ári.

Ég geri ráð fyrir, að öllum hv. þm. sé vel kunnugt um þá erfiðleika, sem steðjað hafa að Siglfirðingum í þeirra atvinnumálum á undanförnum árum, og nauðsyn þess að renna fleiri stoðum undir atvinnulíf á þessum stað. Reynslan hefur sýnt, að það er valt að treysta svo til einvörðungu á sjávarafla. Heima í Siglufirði er nú mikill áhugi á því að reisa allstóra dráttarbraut, og hafa þegar verið gerðar ýmsar undirbúningsráðstafanir af þessum sökum. Það hefur farið fram rannsókn sérfróðra manna á dráttarbrautarstæði á Siglufirði, og hefur sú rannsókn sýnt, að þar er aðstaða hin ákjósanlegasta. Þá er enn fremur verið að gera kostnaðaráætlun um rekstur og byggingu dráttarbrautar. Allt eru þetta nauðsynlegar undirbúningsráðstafanir. En þegar að því kemur, að hefjast þurfi handa um byggingu dráttarbrautanna, er það augljóst mál, að fátækt bæjarfélag eins og Siglufjörður getur ekki staðið undir þessu án verulegrar aðstoðar. Í því sambandi má benda á, að við fjárhagsáætlun þá, sem afgreidd var í Siglufjarðarbæ nú í byrjun þessa árs, er gert ráð fyrir því, að í þeirri áætlun vanti 3.6 millj. kr. upp á það, að endarnir nái saman, þ. e. a. s. fjárhagsáætlunin er afgreidd með 3.6 millj. kr. halla.

Á s. l. ári var skipuð nefnd til þess að athuga um iðnrekstur í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem atvinna er ónóg. Sú n. hefur, eins og kunnugt er, skilað bráðabirgðaáliti, sem útbýtt hefur verið hér á Alþingi. Og þessi n. hefur m. a. athugað um aðstæður á Siglufirði og möguleika á iðnrekstri þar, og eitt af þeim atriðum, sem n. hefur kannað, er einmitt bygging dráttarbrautar, en í áliti n. um þetta atriði segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Með tilliti til þeirrar þýðingar, sem Siglufjörður hefur varðandi fyrirgreiðslu við veiðiflotann fyrir Norðurlandi, þykir n. eðlilegt, að þar sé aðstaða til sem fullkomnastrar þjónustu við fiskiskipaflotann, og vill mæla með því, að greitt verði fyrir endurbyggingu dráttarbrautar. Með hliðsjón af athugunum, sem fram hafa farið á vegum iðnmrn. varðandi auknar innlendar skipasmíðar, kemur til athugunar, hvort ekki beri að miða byggingu dráttarbrautar við það, að jafnframt verði aðstaða til nýsmíði skipa.“

Þetta var úr áliti n. til athugunar á iðnrekstri í kaupstöðum og kauptúnum.

Eins og kunnugt er, eru flest hin nýrri fiskiskip okkar stálskip, og þegar fram líða stundir, er það alveg ljóst, að það verður mikil þörf viðhalds og endurbóta á slíkum skipum. Nú þegar er reyndar ljóst, að á þeim stöðum, þar sem dráttarbrautir eru fyrir, eru þær mjög hlaðnar störfum og skip verða að bíða vikum saman eftir því að komast í dráttarbraut til viðgerða og endurbóta. Af þeim, sem bezt til þekkja, er ekki talinn minnsti vafi á því, að það yrðu í framtíðinni nægjanleg verkefni fyrir dráttarbraut á Siglufirði. Ég get svo að öðru leyti leyft mér að vísa til grg. þeirrar, sem með till. þessari fylgir.

En svo vil ég að lokum, herra forseti, leggja til, að umr. þessari verði frestað og málinu vísað til allshn.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að mæla með samþykkt þessarar þáltill., sem hér liggur fyrir, og ég get tekið undir þau rök, sem hv. 1. flm. þessarar till. bar hér fram áðan fyrir nauðsyn þess mannvirkis, sem þarna er um að tefla, — nauðsyn þess vegna atvinnuástands á Siglufirði og af öðrum ástæðum. Ég skal ekki fara mörgum orðum um þetta mál, en vildi aðeins láta þetta koma fram, að ég vil styðja þetta mál heils hugar og undirstrika, að þarna er um mjög mikið nauðsynjamál að ræða.

Það hafa nú um skeið verið uppi ákveðnar óskir á Siglufirði um þetta mannvirki. Og það var í síðasta mánuði, eða 2. marz s. l., sem samþ. var þar á bæjarstjórnarfundi till. frá hafnarnefnd, þar sem samþ. var að byrja á þessu ári á byggingu dráttarbrautar, sem hafi möguleika á því að taka upp 400 smálesta skip, og strax skyldi leitað eftir samþykki vitamálastjóra fyrir þessu mannvirki, en bæjarstjóra ásamt öðrum eða einum manni kosnum af bæjarstjórn falið að vinna að málinu að öðru leyti. Mér er kunnugt um það, að þegar um mál þetta var fjallað í bæjarstjórn Siglufjarðar á sínum tíma, lögðu fulltrúar Framsfl. og Alþb. í bæjarstjórninni fram till. um það, að tekin yrði inn á fjárhagsáætlun hafnarsjóðs framlag að upphæð 2 millj. kr. til byggingar dráttarbrautar. Þetta var, því miður, felld af meiri hl., því að ég lít svo á, að með samþykkt svona ákvæðis hefði verið undirstrikaður enn betur en ella ákveðinn vilji Siglfirðinga í þessu efni. En það er auðvitað, að þetta mannvirki verður þar ekki byggt, nema til komi ýmiss konar fyrirgreiðsla af ríkisvaldsins hálfu, m. a. með útvegun lána og annað því um líkt, og þess vegna er þessi þáltill., sem hér liggur fyrir, eðlileg að mínum dómi, og ég vænti þess, að þó að skammt sé nú e. t. v. eftir þings, takist nú að fá þessa þáltill. afgreidda. Ég vænti þess, að sú n., sem fær málið til meðferðar, taki það til skjótrar og góðrar afgreiðslu.

Þetta viðhorf mitt til málsins vildi ég láta sérstaklega koma fram, af því að til þess er raunar ástæða, af því að þessi þáltill. er flutt af tveimur hv. þm. Norðurl. v. og fljótt á litið mætti kannske álykta sem svo, að hinir, sem ekki eru á því blaði, væru tómlátir um þetta málefni. En ég vil að gefnu tilefni lýsa því yfir, að til mín var alls ekki leitað með þessa till. og alls ekki óskað eftir því af hv. flm. hennar, að ég gerðist meðflm. að henni. Ég býst við því, að því sé svo háttað einnig um þá aðra hv. þm. þess kjördæmis, sem ekki eru á blaðinu. Þeir tveir hv. flm., sem hafa flutt till., hafa af einhverjum ástæðum talið það réttara að hafa þennan háttinn á, að flytja hana tveir, án þess að gefa öðrum þm.

kjördæmisins kost á því að vera meðflm. Ég hefði nú talið það almennt séð a. m. k. heppilegra að afla flm. frá öllum flokkum, þegar um slíkt mál sem þetta er að ræða. Ég er viss um, að það hefði ekki verið fyrirstaða á því, ef sú leið hefði verið farin. Og þó að þessir tveir hv. flm. séu tilheyrandi stjórnarflokkunum og þeir kannske hugsi sem svo, að stjórnarandstaðan hafi lítið í þessu máli að segja, held ég, að það séu almennt séð ekki heppileg vinnubrögð. En þó að ég telji þetta hjá þessum hv. flm. ekki sem heppilegust vinnubrögð, hefur það vitaskuld ekki nein áhrif á afstöðu mína til málsins, og ég er málinu alveg jafnfylgjandi og meðmæltur fyrir það, þó að mér hafi ekki verið gefinn kostur á því að vera meðflm. að þessari þáltill.

Flm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. 3. þm. Norðurl. v. fyrir góðar undirtektir við þetta mál og stuðning við það. Hann gagnrýndi það hins vegar, að ekki hefði verið fleiri þm. kjördæmisins gefinn kostur á því að vera á þessari till., vera meðflm. Ég get reyndar vísað til þess, að ýmsar till. hafa verið fluttar af þm. þessa kjördæmis, þar sem öllum þm. þess hefur ekki verið gefinn kostur á því að vera með, og m. a. þar sem flokksbræður þessa hv. þm. hafa verið aðilar að málunum. En það var samt ekki það fordæmi, sem ég vildi nú fyrst og fremst vitna til. Mér hefði í raun og veru ekki verið neitt kærara en það, að allir þm. kjördæmisins hefðu verið meðflm. að þessari till. En nú verður það bara því miður að játast eins og er, að það er yfirleitt ekki grundvöllur fyrir því. Það eru tveir þm. í þessu kjördæmi, sem yfirleitt sjást aldrei saman á þáltill., þannig að maður á þess ekki kost að fá alla þm. kjördæmisins saman á till., því miður. Þetta hefur margsinnis verið reynt, og einmitt flokksbróðir hv. 3. þm. Norðurl. v., hefur neitað að vera á till., ef tiltekinn þm. úr andstöðuflokki hans úr þessu kjördæmi væri þar, og það var eingöngu af þeim ástæðum, aðeins til þess að koma ekki þarna upp neinum deilum eða snerta þarna nein viðkvæm mál, sem það var mín afstaða til þessa, að það væri eðlilegast aðeins að hafa þessa tvo flm., af því að reynslan hefur sýnt, að það er því miður ekki hægt að fá alla þm. kjördæmisins til þess að vera saman á till., þótt það sé leitt frá því að segja. En hins vegar, eins og reyndar hefur komið í ljós, treysti ég alltaf á það, að fleiri þm. kjördæmisins mundu styðja þessa till. og þ. á m. hv. 3. þm. Norðurl. v., og ég vil endurtaka þakkir mínar til hans fyrir stuðning við þetta mál.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Það er aðeins stutt aths. Ég mótmæli þeirri staðhæfingu síðasta ræðumanns, að reynslan hafi sannað það, að þm. í Norðurl. v. gætu ekki staðið saman að tillöguflutningi. Ég gæti náttúrlega nefnt mörg dæmi þess, að þeir hafa einmitt gert það. Ég hef hins vegar aldrei haldið því fram, að það væri alltaf hægt að fá alla þm. Norðurl. v. til þess að vera flm. að einni og sömu till. Það er ekki hægt alltaf. Til þess liggja augljósar ástæður. Hann sagði það, hv. ræðumaður, að m. a. ég og mínir flokksmenn hefðu flutt slíkar till. Það er rétt, að við höfum flutt slíkar till. En ég leyfi mér að draga það í efa, að við höfum flutt slíkar till. án þess að hafa gefið samþm. okkar kost á að vera með í þeim tillöguflutningi, þegar hefur verið um mál að ræða, sem snert hafa sérstaklega hagsmuni kjördæmisins. En það hefur því miður oft komið fyrir, að þeir hafa ekki séð sér fært, stjórnarmenn, að standa að slíkum till. Til þess liggja skiljanlegar ástæður, og ég er ekkert að fetta fingur út í það.

En ég vil svo bara enn taka það fram, að um þessa till. gegnir enn nokkuð sérstöku máli að því leyti til, að það er ljóst, að hún er flutt að beiðni bæjarstjórnar Siglufjarðar eða meiri hl. bæjarstjórnarinnar, því að á bæjarstjórnarfundinum var bæjarstjóra og einum þar til kjörnum manni falið að koma málinu á framfæri og fylgja því eftir. Og þegar um slíkar till. er að ræða, verð ég að álíta, að það sé heppilegast fyrir framgang máls, að það sé leitað eftir sem víðtækastri samstöðu um tillöguflutninginn.

Þetta vildi ég aðeins láta koma fram, af því að þau tyllirök, sem hv. síðasti ræðumaður reyndi að hafa hér uppi, geta ekki komið að neinu gagni í þessu máli. Hann viðurkenndi hreinlega, að það hefði ekki verið leitað eftir því að fá flm. úr öðrum flokkum að þessari till., og ástæðurnar, sem hann færði fram fyrir því, voru allt of barnalegar, til þess að hægt sé að taka þær alvarlega, þar sem hann sagði, að hann hefði vitað það fyrir fram, að það sé ekki hægt að fá alla þm. kjördæmisins til þess að flytja þessa till. Ég leyfi mér aftur á móti að óreyndu að staðhæfa, að það hefði verið mjög auðvelt að fá alla þm. Norðurl. v. til að skrifa upp á þessa till. og gerast meðflm. að henni. Það leyfi ég mér að fullyrða, og það hefði a. m. k. ekki kostað neitt, að eftir því hefði verið leitað.

Flm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Ég vil í upphafi leiðrétta þann misskilning, sem kom fram hjá hv. 3. þm. Norðurl. v., að þessi tillaga væri flutt að beiðni bæjarstjórnar Siglufjarðar. Ég hygg, að þegar þessi till. var samin, hafi þessi ályktun hafnarnefndarinnar, sem vitnað er í hér í grg., ekki verið komin til bæjarstjórnar, — ég hygg það. Ég hef að vísu ekki fylgzt með því, ég man ekki upp á dag, hvenær þessi till. var samin, en ég hafði þá ekki vitneskju um, að málið væri komið til bæjarstjórnarinnar, þannig að það er út af fyrir sig ekki rétt, að þessi till. sé annaðhvort flutt eftir beiðni bæjarstjórnarinnar eða bæjarstjórnarmeirihl. á Siglufirði.

Hins vegar voru forráðamenn bæjarfélagsins látnir vita um það, þegar þessi till. var lögð inn í þingið, en hún er ekki flutt eftir beiðni, heldur að frumkvæði okkar flm.

Mér þótti þetta gleðilegt, sem hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði um það, að hann teldi, að þetta væri rangt hjá mér, að það væri ekki hægt að fá alla þm. kjördæmisins til þess að flytja þessa till., því að ég vil trúa þessum ummælum hans og tek þetta sem boðskap um það, að samþm. hans úr kjördæminu hafi tekið sinnaskiptum. Ég tek þetta þannig. Ég ætla ekki að fara að nefna dæmi hér, mér finnst það ekki viðeigandi, en ég veit ýmis dæmi þess, að það var útilokað að fá alla þm. kjördæmisins saman um till., þó að það væri ekki um neinn málefnalegan ágreining að ræða varðandi efni till. Og ég þekki þess nokkur dæmi, þó að ég vilji ekki fara að gera þau sérstaklega frekar að umtalsefni hér. En ég get t. d. bent á það, að hv. 2. þm. Norðurl. v. og hv. 5. þm. Norðurl. v. hafa flutt hér saman till., sem snerta kjördæmið, án þess að gefa mér kost á því að vera þar meðflm., og þetta hafa þó verið till., sem ég hef efnislega alveg verið samþykkur. En ég hef þrátt fyrir það talið, að þeim, sem hafa áhuga á einhverjum sérstökum málum og vilja flytja um það till., beri ekki endilega skylda til þess að láta samþm. úr sínu kjördæmi eiga kost á að gerast meðflutningsmenn, þó að það séu mál, sem snerti kjördæmið. Ég hef ekki fundið neina ástæðu til þess, þó að slíkar till. hafi verið bornar fram, að standa hér upp og kvarta yfir því, að ég hafi ekki fengið að vera meðflm.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Þær umr., sem hér hafa orðið um flutning á þessari till., gefa mér tilefni til þess að segja nokkur orð.

Það var skömmu eftir að þing kom saman á næstliðnu hausti, þá héldum við fund hér í þinghúsinu, þm. Norðurl. v., og við boðuðum á þann fund einnig þá tvo landsk. þm., sem voru í framboði í okkar kjördæmi í síðustu kosningum, þá hv. 5. landsk. og hv. 9. landsk. þm. Og á þessum fundi vorum við að ræða um ýmis mál, sem snertu okkar kjördæmi, og einkum málefni, sem höfðu verið til umr. á ráðstefnu, sem verkalýðsfélögin í Siglufirði héldu seint í september. Þar voru gerðar ýmsar ályktanir og beint áskorun til þm. um ýmis mál. Á þessum fundi, sem við héldum 27. okt. í haust, skiptum við nokkuð með okkur verkum, þessir þm. Þá var t. d. hv. 9. landsk. þm., Jóni Þorsteinssyni, falið að athuga möguleika til að selja niðurlagða síld til Rússa, og hafði verið nokkurt umtal um það áður, að þar mundi vera hægt að fá góðan markað fyrir þá vöru, en síðan höfum við ekkert af því máli heyrt frá þeim hv. þm. Þá var einnig rætt um skipasmíðastöð og dráttarbraut á Siglufirði, og hv. 4. þm. Norðurl. v., Einari Ingimundarsyni, var falið að athuga það mál og undirbúa til flutnings á þinginu. En hann kom aldrei með þetta mál til okkar. Hins vegar sá maður það löngu síðar, að þarna kom sú till., sem hér er til umr., flutt af hv. 9. landsk. og hv. 4. þm. Norðurl. v. A. m. k. var ekkert talað við mig um þetta, en við höfðum þó gert ráð fyrir því, að þeir menn, sem fengu þarna ákveðin verkefni til athugunar, mundu ræða um það við okkur, sem vorum á fundinum, þegar þeir væru búnir að ljúka sínum athugunum og undirbúa málið. Mér var falið að athuga eitt mál, og það var lýsisherzluverksmiðja. Ég gerði þetta og flutti till. ásamt öllum þessum þm., — ég man ekki betur en þeir væru allir meðflm. mínir að þeirri till., um lýsisherzluverksmiðjumálið, bæði þm. kjördæmisins og þessir tveir oftnefndu landsk. þm., og sú till. kom hér fyrir og var rædd á sínum tíma. Þetta hefði ég talið eðlilega meðferð málsins, að hafa það þannig með hin málin eins og ég hafði það með lýsisherzluverksmiðjuna. En það má segja, að þetta geri ekki mikið til, og það er gott, að þessi till. er fram komin, og sjálfsagt að styðja hana. En maður gerði ráð fyrir því, að það mundi verða borið undir okkur hina, þegar þessari athugun væri lokið, sem var, eins og ég sagði, falin hv. 4. þm. Norðurl. v. á sínum tíma.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 44. fundi í Sþ., 28. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 47. fundi í Sþ., 5. maí, var till. tekin til frh. einnar umr. (A. 318, n. 575).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

32. Embætti lögsögumanns.

Á deildafundum 11. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um undirbúning löggjafar um embætti lögsögumanns [150. mál] (A. 319).

Á 32. fundi í Sþ., 17. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 33., 36. og 40. fundi í Sþ., 24. og 31. marz, 7. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

33. Skólabyggingalán til sveitarfélaga.

Á 33. fundi í Sþ., 24. marz, var útbýtt:
Till. til þál. um athugun á skólabyggingalánum til sveitarfélaga [159. mál] (A. 352).

Á 40., 42. og 44. fundi í Sþ., 7., 21. og 28. apríl, var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

34. Klak- og eldisstöð fyrir laxfiska.

Á 34. fundi í Sþ., 25. marz, var útbýtt:
Till. til þál. um stofnun klak- og eldisstöðvar fyrir laxfiska [161. mál] (A. 360).

Á 40., 42. og 44. fundi í Sþ., 7., 21. og 28. apríl, var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 47. fundi í Sþ., 5. maí, var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Jónas G. Rafnar): Herra forseti. Þm. Norðurl. e. ásamt hv. 8. landsk. þm. hafa leyft sér að flytja á þskj. 360 eftirfarandi till. til þál.:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að gera ráðstafanir til þess, að stofnsett verði á Norðurlandi klak- og eldisstöð fyrir lax og silung. Skal í því sambandi athugað, hvort ekki sé heppilegt að hafa það fyrirtæki við vatnasvæði Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, m. a. vegna góðra skilyrða og hagnýtingar á volgu vatni og jarðhita þar um slóðir."

Eins og fram er tekið í grg. með till., hefur áhugi almennings fyrir lax- og silungsveiði farið stórum vaxandi hér á landi á undanförnum árum. Má hiklaust fullyrða, að þessi íþrótt, þ. e. a. s. stangarveiði, sé ein vinsælasta dægradvöl þeirra, sem hafa bæði aðstöðu og efni á að stunda hana. Með aukinni eftirspurn hefur gjald fyrir veiðirétt og sérstaklega í laxveiðiám farið stórhækkandi. Þá kemur það og til, að erlendir laxveiðimenn sækjast mjög eftir að komast í íslenzkar laxveiðiár og bjóða hátt verð fyrir. Margir þeirra eru svo vel efnum búnir, að gjaldið, sem þeir þurfa að inna af hendi, skiptir þá ekki miklu máli, nokkuð örugg veiði við sæmilegan aðbúnað er þeim aðalatriðið. Ég sá nýlega frá því skýrt í blaði, að bændur í Húnavatnssýslum leigðu ár sínar til stangarveiða fyrir á 5. millj. kr. samtals á þessu ári, og er það allmikið fé, ekki hvað sízt ef tekið er tillit til þess, er fékkst fyrir þessar sömu ár fyrir nokkrum árum. Það er því ljóst, að aðsókn í íslenzkar veiðiár mun verða mjög mikil á komandi árum, en það þýðir sama og öruggar tekjur fyrir þá mörgu aðila um land allt, sem veiðiréttindi eiga. Fiskigengd í ám og vötnum er því stórfellt hagmunamál fyrir fjöldamarga landeigendur. Með því að stofna með sér veiðifélög og með öðrum aðgerðum hafa þeir leitazt við vernda þessa hagsmuni sína.

Víða erlendis hefur laxveiði farið minnkandi. Virkjanir og ýmiss konar úrgangur úr iðjuverum og milljónaborgum hafa spillt laxagöngum. Laxveiði í sjó er víða stunduð af kappi og dregur að sjálfsögðu úr laxagöngum upp í árnar. Til þess að hamla á móti þessari þróun hefur í mörgum löndum verið hafizt handa um fiskirækt í ám og vötnum. Vísindi og tækni hafa verið tekin í þjónustu þessarar starfsemi, sem jafnt og þétt hefur fært út kvíarnar. Í þessum efnum höfum við Íslendingar ekki fylgzt með sem skyldi. Án efa stafar það af því, að lax- og silungsveiði hefur verið hér nokkuð jöfn í mörgum ám um árabil og því ekki orðið vart þeirrar hnignunar á stofnum þessara nytjafiska, sem annars staðar hefur gætt í svo ríkum mæli. En nú er vaknaður almennur áhugi fyrir fiskeldi. Með því að hagnýta sér reynslu annarra þjóða á þessu sviði sjá menn fram á það, að með starfrækslu klak- og fiskeldisstöðva megi með tíð og tíma auka mjög fiskisæld í ám og vötnum. Jafnvel verði unnt að ala upp sterka stofna í ám, sem aldrei hafa skilað arði. Þeir, sem kynnt hafa sér það, sem aðrar þjóðir hafa fengið áorkað í klak- og fiskeldismálum, telja víst, að hér á landi megi stórlega auka veiðina í laxám okkar og ala upp silung í vötnum og flytja hann út í stórum stíl með góðum hagnaði. Úr þessu mun reynslan skera á sínum tíma.

Þór Guðjónsson veiðimálastjóri hefur ritað allmikið um þessi mál. Hann segir m. a. í einni grein sinni um fiskeldi:

„Ný atvinnugrein, sem unnið er við að koma á fót hér á landi, er laxfiskaeldi. Geysimiklar framfarir í laxfiskaeldi erlendis og fjárhagsleg þróun síðasta hálfan annan áratug hefur aukið möguleika okkar á að gera þessa atvinngrein arðvæna. Sjálfsagt er að notfæra sér þær sérstöku aðstæður, sem eru hér á landi til laxeldis."

Þá bendir hann á, að styðjast verði annars vegar við erlenda reynslu og hins vegar beri að taka tillit til íslenzkra aðstæðna og nauðsynlegt sé að forðast allt flaustur.

Fyrir nokkru kom ríkið upp laxeldisstöð í Kollafirði, en haldið er áfram uppbyggingu hennar. Við þessa stöð eru miklar vonir bundnar og ástæða til að ætla, að vel hafi verið af stað farið. Ætlazt er til þess, að Kollafjarðarstöðin, auk þess að vera skóli í fiskeldi, selji í stórum stíl í framtíðinni seiði til annarra veiðistöðva og eigenda eða umráðamanna veiðivatna. Hins vegar er ekki unnt að búast við því, að hún geti séð fyrir þörfum allra landsmanna í þessum efnum.

Flm. þessarar þáltill. telja, að tímabært sé, að ríkið komi upp annarri klak- og eldisstöð

laxfiska eða beiti áhrifum sínum til, að hún verði stofnsett. Leggja þeir til, að sú stöð verði reist á Norðurlandi og athugað verði þá sérstaklega, hvort ekki verði þá heppilegt, að hún verði staðsett við vatnasvæði Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Telja má víst, að þar sé hægt að fá frá jarðhitalindum volgt vatn til afnota fyrir stöðina eftir þörfum.

Eins og kunnugt er, eru margar laxveiðiár og ótal smærri silungsár og stöðuvötn með silungi á Norðurlandi. Þar eru því mikil fiskræktarskilyrði, sem bíða framkvæmda. Það er mikill áhugi fyrir þessu máli og því víst, að fullkomin klak- og fiskeldisstöð fengi strax örugg viðskipti.

Ég leyfi mér að leggja til, herra forseti, að till. verði vísað til hv. fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til fjvn. með 34 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

35. Aðstaða yfirmanna á fiskiskipum til sérmenntunar.

Á 35. fundi í Sþ., 29. marz, var útbýtt:

Till. til þál. um athugun á aðstöðu yfirmanna á fiskiskipum til sérmenntunar [162. mál] (A. 363).

Á 42. og 44. fundi í Sþ., 21. og 28. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

36. Atvinnulýðræði.

Á deildafundum 1. apríl var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um atvinnulýðræði [171. mál] (A. 391).

Á 42. og 44. fundi í Sþ., 21. og 28. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

37. Orlofsheimili.

Á deildafundum 26. apríl var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um athugun á fjárhagslegum stuðningi ríkisvaldsins við orlofsheimili [189. mál] (A. 510).

Á 44. fundi í Sþ., 28. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

38. Uppsögn varnarsamnings.

Á deildafundum 30. apríl var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um uppsögn varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna [200. mál] (A. 552).

Till. var aldrei tekin á dagskrá.

Fyrirspurnir.

1. Iðnrekstur í kauptúnum og kaupstöðum.

Á 2. fundi í Sþ., 14. okt., var útbýtt:
Fsp. til ríkisstj. varðandi aukinn iðnrekstur í kauptúnum og kaupstöðum [15. mál, 1] (A. 15).

Á 3. fundi í Sþ., 15. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Forseti (BF): Ég leyfi mér að vekja athygli hv. alþm. á því, að framvegis verður tekið fyrir, hvort leyfðar skuli fsp., á fundum sameinaðs þings á miðvikudögum, og er þá gert ráð fyrir, að þeim verði svarað viku síðar. Þurfa því fsp. að berast skrifstofunni eigi síðar en á mánudögum, þannig að útbýting þeirra geti farið fram á þriðjudögum. Þetta eru hv. alþm. vinsamlega beðnir að taka til athugunar.

Fsp. leyfð með 32 shlj. atkv.

Á 4. fundi í Sþ., 21. okt., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds): Á s. l. vetri voru fluttar tvær þáltill., er báðar fjölluðu um skipun nefndar til að gera till. um úrbætur á þeim stöðum, þar sem atvinnuleysi er ríkjandi. Önnur till., sem miðuð var við landið allt, var flutt af hv. 5. þm. Norðurl. v. o. fl. Hina till. flutti ég, og var hún einungis miðuð við kaupstaði og kauptún á vestanverðu Norðurlandi. Svo fóru leikar hér á hv. Alþingi, að mín till. var svæfð, en hin till. var samþ. með nokkrum breytingum í marzmánuði s. l., og 2 mánuðum síðar skipaði hæstv. iðnmrh. 5 manna nefnd til að vinna að þessum málum. Eins og flestum mun ljóst, er hér um að ræða mál, sem þolir enga bið.

Nú í október hafði nefnd þessi verið að störfum í 5 mánuði, og mátti þá vænta einhvers árangurs af rannsóknum hennar. Strax og þing kom saman, lagði ég því fram fsp. í tveimur liðum og beindist fyrri liðurinn að þessari atvinnumálanefnd: „Hvað líður störfum stjórnskipaðrar nefndar, er gera átti till. um aukinn iðnrekstur í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem atvinna er ónóg?“ Tveimur dögum eftir að þessi fsp. var lögð fram brá svo við, að útbýtt var meðal hv. þm. fjölrituðu áliti hinnar stjórnskipuðu nefndar. Má segja, að spurningunni sé þar með svarað, og mun það frekar óalgengt, að ég held, að fsp. sé afgreidd með slíkum hætti, þ. e. að hún sé afgreidd, áður en hún er borin upp munnlega.

Ég sný mér þá að síðari hluta fsp., þ. e. hverjar séu ráðagerðir ríkisstj. Það er óneitanlega mikill kostur, þegar ræða á um væntanlegar ráðstafanir ríkisstj., að hafa nú fyrir framan sig álit n., og ég fagna því vissulega. Ef litið er í þetta plagg kemur í ljós, að fyrsta verk n. var að kynna sér, hvaða staðir á landinu væru verst settir í atvinnumálum og hvar væri helzt þörf á sérstökum ráðstöfunum. Niðurstaðan n. varð sú, að atvinnuástand á vestanverðu Norðurlandi væri greinilega verst á öllu landinu og því væri óhjákvæmilegt að einbeita rannsóknninni að þessum landshluta einum. Nál. fjallar svo aðeins um ástandið á vestanverðu Norðurlandi. N. virðist hafa eytt nokkrum tíma til þess að komast að þessari sjálfsögðu niðurstöðu, og þar sem n. kvartar mjög yfir því í framhaldi af þessari niðurstöðu, að lítill tími hafi verið til þess að rannsaka ástandið á vestanverðu Norðurlandi til neinnar hlítar, þá vildi ég nú í allri hógværð benda hv. Alþingi á þá staðreynd, að ef sýnd hefði verið meiri forsjálni við afgreiðslu málsins á seinasta þingi og verkefni nefndarinnar hefði í upphafi verið eilítið hnitmiðaðra, væru meiri líkur til þess, að n. hefði getað skilað fullunnum till., en ekki bráðabirgðayfirliti, eins og n. kallar þessar till. sínar og afsakar með tímaskorti.

Langmerkustu upplýsingarnar í áliti n. eru ýmsar tölur um fjölda þess fólks, sem orðið

hefur að flýja heimabyggð sína í atvinnuleit að vetrinum. Að vísu er lítt eða ekki unnið úr þessum tölum í álitinu og þær eru lítið samræmdar innbyrðis, en af þeim og öðrum upplýsingum hef ég leitazt við að reikna út, hve margir, miðað við 100, hafa leitað á brott á hverjum stað, svo að sjá megi svart á hvítu, hve alvarlegt ástandið er í raun og veru. Eftir þessum útreikningi kemst ég að þeirri niðurstöðu, að ástandið sé langtum verst á Skagaströnd og Drangsnesi, en á báðum þessum stöðum hafa nálægt 80% verkamanna farið á brott í atvinnuleit að vetrinum. Á Hofsósi og Hólmavík hafa nálega 40% af verkamönnum leitað á brott og á Siglufirði meira en fjórði hver verkamaður og sjómaður. N. minnir á, að tölur um fjölda þeirra, sem verða að hverfa á brott í atvinnuleit, segi ekki nema hálfan sannleika um ástandið á hverjum stað, því að misjafnt sé, hversu auðvelt menn eiga með að fara frá heimilum sínum. Margir eigi þess alls ekki kost, segir n., vegna heimilisástæðna, og aðrir kjósi af ýmsum ástæðum að vera um kyrrt, þótt litla atvinnu sé að fá, ástandið sé því hálfu verra en kemur fram í þessum tölum.

Það hefur mikið verið rætt um hið alvarlega atvinnuástand á vestanverðu Norðurlandi, og margir hafa átt erfitt með að trúa því, að ástandið væri jafnillt og af er látið. En að fengnum þeim upplýsingum, sem vinna má úr áliti n., hlýtur öllum að vera það ljóst, að hér er um hreint kreppuástand að ræða, ástand, sem er svo ískyggilegt, að ríkisstj. kemst ekki hjá því að gera tafarlausar ráðstafanir til úrbóta. Af þessum sökum hef ég lagt fram eftirfarandi fsp. til hæstv. ríkisstj., — það er seinni liður fsp.: „Hvaða ráðstafanir hyggst ríkisstj. gera til að ráða bót á hinu ískyggilega atvinnuástandi á vestanverðu Norðurlandi?“

Ég vil að lokum bæta því við, að hin stjórnskipaða nefnd á þakkir skilið fyrir unnið starf. Í áliti n. eru að vísu engar endanlegar till. um úrbætur, enda hefur hún tæpast haft aðstöðu, tíma eða vald til slíkra ákvarðana. En n. kemur fram með margar skynsamlegar ábendingar um staðsetningu nýrra atvinnutækja á þessu svæði og bendir á aðrar ráðstafanir. Fáar þessar ábendingar eru reyndar nýjar, og margsinnis áður hefur verið bent á flesta þessa möguleika, bæði hér í þinginu og í áskorunum og till. frá þessum stöðum sjálfum. En þótt fetaðar séu troðnar slóðir, er það vissulega mikils virði að fá fram þetta álit n. Till. liggja á borðum hv. þm., og nú á ríkisstj. næsta leikinn. Málið þolir enga bið, og hæstv. ríkisstj. hlýtur þegar að hefjast handa. Einmitt þess vegna er nú forvitnilegt að heyra af vörum hæstv. ráðh., hvaða ráðstafanir séu í undirbúningi af hálfu ríkisstj.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Fsp. sú, sem hér er á dagskrá, er í tveimur liðum, og taldi fyrirspyrjandi, að fyrri liðnum væri raunar svarað með bráðabirgðanál., sem útbýtt hefur verið meðal þm. um það, hvað liði störfum þeirrar n., sem þar um ræðir, og má það til sanns vegar færa. Ég vil þó aðeins fara nokkrum orðum um þetta nál. og þá í fyrsta lagi vekja athygli á því, að það er lagt fram sem bráðabirgðaálit og í því felst í raun og veru, að n. telur sig eiga eftir að skila fullnaðaráliti og till. í málinu, eins og hennar verkefni var. En það var í fjórum liðum, eins og fram kemur í inngangínum að nál. Í fyrsta lagi athugun á því, hvar mest er þörf fyrir aukinn iðnað vegna ónógrar atvinnu, í öðru lagi athugun á því, hvaða iðngreinar er hagkvæmast að starfrækja á hverjum stað, í þriðja lagi að gera till. um, á hvern hátt eigi að útvega fjármagn, svo að hægt sé að starfrækja iðnfyrirtækin, og í fjórða lagi að gefa upplýsingar um þá faglegu þekkingu, sem nauðsynleg er, til þess að hægt sé að starfrækja þau iðnfyrirtæki, sem n. leggur til að stofnuð verði. Við yfirlestur bráðabirgðanál. verður það ljóst, eins og þm. sjálfsagt hafa áttað sig á, að n. hefur fram til þessa einkum fjallað um fyrstu tvo liðina og ekki talið sig hafa tíma og aðstöðu til þess að komast lengra að sinni, hvað sem um það má segja, þ. e. a. s. athugun á því, hvar mest er þörf fyrir aukinn iðnað og þá vegna ónógrar atvinnu, og í öðru lagi athugun á því, hvaða iðngreinar er hagkvæmast að starfrækja á hverjum stað. Um hina liðina er enn sem komið er og í þessu bráðabirgðanál. lítið sem ekkert fjallað. Það má alltaf deila um það, hvort n. hafi haft tíma til að gera meira, og skal ég ekki fara fleiri orðum um það í sambandi við það, sem fyrirspyrjandi lét um það mælt. Þó held ég, ef litið er til annarra nefndarstarfa, að þá verði þessi nefnd ekkert ásökuð í þessu sambandi, miðað við þær aðstæður og það tóm, sem hún hafði til athugunar. Hitt er auðvitað alveg ljóst, að það fer hvergi nærri því, að hún hafi tæmt sitt verkefni, enda fer hún ekkert dult með það.

Þegar litið er á þetta mál, er þó nokkur vinningur að því að hafa nú þegar fengið þetta nál., sem gefur yfirsýn, eins og hv. fyrirspyrjandi vék að, um atvinnuástandið. Hann sagði að vísu, að þetta hefði mönnum verið ljóst. Þetta er náttúrlega vel ljóst þeim mönnum, sem næst standa, fólkinu, sem þarna er, og umboðsmönnum þess hér á þingi, en fyrir aðra þm. er það hins vegar fróðlegt að átta sig á þessu, enda lágu ekki fyrir neinar tölur um ástandið í þessu efni, og það hefur nú verið unnið að því og leitað upplýsinga víðs vegar að af landinu, ekki aðeins af Norðvesturlandi, eins og nefndin gerði grein fyrir. Sumt af þessu er auðvitað ekkert nýtt. Þetta er algengt fyrirbrigði, sem legið hefur í landi hjá okkur Íslendingum, staðbundið atvinnuleysi í kaupstöðum og kauptúnum við sjávarsíðuna, og verður sjálfsagt nokkuð enn. Hins vegar er mönnum það ljóst, að þetta stafar

fyrst og fremst af einhæfni atvinnuveganna og þá fyrst og fremst sjávaraflanum, sem er misjafn og tímabundinn, og það er einmitt orsökin til þess, að á síðari árum hafa menn verið með hugmyndir um það að reyna að renna fleiri stoðum undir atvinnulíf okkar Íslendinga til þess að gera það fjölþættara og vinna bug á þeim vanda, sem af hinu tímabundna atvinnuleysi stafar, ekki aðeins nú, heldur hefur legið í landi hjá okkur víðs vegar um landið.

Það kemur í ljós í áliti n., að einkum sé um tvær leiðir að ræða til þess að draga úr þeim sveiflum, sem stafa af tímabundnu atvinnuleysi og tímabundnum aflabrögðum. Og það er í fyrsta lagi það, að fyrirtæki, sem við sjávarsíðuna vinna, yrðu óháðari því, hvar og hvenær veiðarnar eiga sér stað. Og það yrði þá gert að áliti n. fyrst og fremst með tveimur aðgerðum, þ. e. flutningi hráefnis í ríkari mæli en fram til þessa hefur átt sér stað og geymslu hráefnis.

Þar sem spurt er jafnhliða þessu um, hvað ríkisstjórnin hafi gert eða hugsi sér að gera í sambandi við þá erfiðleika, sem hér eru á ferðinni, má skjóta því hér inn, að ríkisstj. átti á s. l. sumri verulegan hlut að því með fjárframlögum, að gerðar voru tilraunir, sem hafa ekki verið gerðar áður, til þess að flytja hráefni, þ. e. a. s. síldina, taka hana á miðunum með dælum í tankskip og flytja til fjarlægari hafna. Ríkisstj. átti hlut að máli um þetta og lagði fram fé til þess, fyrst og fremst, skulum við segja, til þess að með því gæti fengizt reynsla, sem hagnýta mætti síðar til hjálpar þeim kauptúnum, sem erfiðast eiga um flutning hráefnisins. Ég held, að óhætt sé að fullyrða, að í aðalatriðum hafi þessi tilraun gefizt nokkuð vel. Hún varð nokkuð kostnaðarsöm, en verulegur kostnaður hefur lagzt á ríkið í þessu sambandi, með hliðsjón af því að öðlast þá reynslu, sem hér um ræðir, en að öðru leyti lögðu þeir menn, sem þar áttu hlut að máli, fram mikla fjármuni til þessarar tilraunar. Umfram þetta talar svo n. um hina leiðina, að beina atvinnulífi þeirra staða, sem hér um ræðir, að einhverju leyti inn á aðrar brautir, og þá er auðvitað fyrst og fremst átt við möguleikana til þess að efla iðnað á viðkomandi stöðum, — iðnað, sem gefur ákveðna og stöðuga atvinnu allan ársins hring.

Þetta var nú það, sem vakti fyrir þeim, sem fluttu till., eins og við munum frá síðasta þingi, og kannske fyrst og fremst þetta, eins og till. er orðuð. En við rekum okkur strax á það, að á þessu eru ýmsir örðugleikar, og ég geri þetta nú þegar að umtalsefni vegna þess, að ég tel nokkuð hæpið og vafasamt að vekja of miklar vonir hjá fólki á viðkomandi stöðum með flutningi till. eins og á s. l. þingi, — þetta er ekki ásökun til þeirra, sem till. fluttu, — og eins með fsp. um og umr. um fsp. hér í þinginu, — vonir, sem vakna kannske af því, að þegar málið sé komið inn í þingið, þá sé nú eiginlega komið atvinnufyrirtæki þarna á staðnum, það séu komnar upp nýjar verksmiðjur og það sé farið að hilla undir nýjar iðngreinar o. s. frv. Mér finnst, að þm. megi gæta töluvert meiri varúðar og varkárni á þessu sviði en gætt hefur fram til þessa. Og ég get ekki leynt því, að stundum er meira auglýsingabragð af þessum till. og fsp. heldur en raunverulega væri æskilegt.

Það kemur fram á 4. síðu í nál. greinargerð um hlutdeild okkar íslenzka iðnaðar í innanlandsmarkaðinum, eða markaðshlutdeild, eins og þeir kalla, innlendu framleiðslunnar. Og þetta er nokkuð athyglisvert, og ég vil biðja menn að festa sjónir við það, að það eru taldar upp ýmsar íslenzkar iðngreinar, þ. e. iðnaður við framleiðslu á kexi, sælgæti, smjörlíki, ull, dúkum, gólfteppum, baðmullardúkum, tilbúnum fatnaði, skóm, húsgögnum, málningu og hreinlætisvörum. Auðvitað er þetta ekki tæmandi upptalning, en ef við lítum bara á þetta, þá kemur það fram um markaðshlutdeild innlendu framleiðslunnar, þ. e. a. s. það, sem þjóðin notar af þessum vörum, að innlenda framleiðslan framleiðir þegar yfir 90% af þessari iðnaðarframleiðslu, eða um 91% að meðaltali í 8 flokkum, og svo svolitið minna, ég hef tekið það úr, þegar ég nefndi þessi 90%, eins og baðmullardúka, sem eru aðeins 10%, en að öðru leyti er þetta milli 80 og 100%, svo að við sjáum af þessu, að okkur eru miklar takmarkanir þarna settar, því að þá væri aðeins um það að ræða, þegar svona er komið, að flytja eitthvað af þessari framleiðslu frá þeim stöðum, þar sem hún er, til annarra staða á landinu. En aukningu, miðað við innanlandsmarkaðinn, eru gífurlega mikil takmörk sett.

Sá iðnaður, sem ætti að koma til fyrir utan fiskiðnaðinn á þessum stöðum til úrlausnar þeim vanda, sem hér er um að ræða, yrði iðnaður fyrst og fremst, sem framleiðir vörur úr öðrum hráefnum, sem hér eru fyrir hendi, og iðnaður, sem framleiðir úr innfluttum hráefnum, og þjónustuiðnaður. Þessar iðngreinar eru orðnar mjög mikilvægur liður í íslenzkum þjóðarbúskap, og það má m. a. marka af því, eins og nefndin bendir á, að meir en helmingur af því vinnuafli, sem er í öllum iðnaði í landinu, þar með talinn fiskiðnaðurinn, er í öðrum iðnaði en fiskiðnaðinum, eða 60%. Og sennilega er þessi tala nokkru hærri, ef nýrri upplýsingar lægju fyrir hendi en n. hefur haft með höndum til þess að vinna úr.

Þegar litið er í heild yfir iðnaðinn, sem er nú fyrir hendi, þá hefur það verið svo, að hann hefur safnazt saman á tilteknum svæðum, þ. e. í Reykjavík og nágrenni, og svo aðallega á Akureyri og þar um kring. Eins og n. bendir á til sönnunar þessu, ef miðað er við iðnlánasjóðsgjaldið, sem greitt er af innlenda iðnaðinum, þá verður um 70% alls álagðs iðnlánasjóðsgjalds í Reykjavík og nágrenni, þar er þá átt við Kópavog, Gullbringu-

og Kjósarsýslu og Hafnarfjarðarkaupstað, og ef Akureyri er talin með, um 81%. Ég held, að n. hafi dregið þá niðurstöðu af því, sem ég nú hef sagt, að ekki væru miklir möguleikar til aukningar á þeim iðnaði, sem fyrir hendi er, bæði vegna markaðsins og staðsetningarinnar, að vísu mætti flytja það, en væri þá fyrst og fremst í hinum nýja og aukna iðnaði, sem fram undan væri. Þetta orðar n. á bls. 8: „Nefndin álítur, að möguleika til aukins iðnrekstrar úti á landsbyggðinni sé nú sem stendur ekki nema að takmörkuðu leyti að leita í þeim iðngreinum, sem nú eru bundnar við sölu á hinum innlenda markaði.“ Hún kemst hins vegar að þeirri niðurstöðu, eins og eðlilegt er, að þetta mundi gerbreytast, ef einhverri þessara iðngreina tækist að ryðja sér braut á erlendum mörkuðum. Nú hafa margir tengt vonir við það, að ýmsar af okkar innlendu iðngreinum gætu rutt sér braut á erlendum markaði, byggt það m. a. á möguleikum um ódýra raforku og jarðhita og önnur slík gæði, sem gætu skapað Íslendingum aðstöðu til að vera samkeppnisfærir á hinum stóra erlenda markaði. Skal ég ekki frekar út í það fara, en augljóst er, að ef svo yrði, þá sköpuðust auðvitað í þessu máli alveg ný viðhorf, sem liggja ekki enn fyrir, nema þá a. m. k. að ákaflega litlu leyti.

Ég bið hv. þm. að taka eftir því, hverjar niðurstöður n. eru að þessu leyti, sem ég nú hef um fjallað, að hún telur það ljóst í fyrsta lagi, að ekki er um verulega fjölbreytni að ræða í iðnaðarmálum þjóðarinnar, í öðru lagi, að í þeim iðnaði, sem eingöngu byggir á innlendri eftirspurn, leyfir stærð markaðs ekki marga framleiðendur í sömu grein, að þær iðngreinar, sem hafa náð fótfestu á innlendum markaði, hafa þegar að mestu mettað eftirspurnina og því um takmarkaða vaxtarmöguleika í þeim greinum að ræða, og í fjórða lagi, að mest af þeim iðnaði hefur risið upp í eða nálægt aðalþéttbýli landsins.

Það, sem einkum hefur ráðið staðsetningu iðnaðarins að áliti n., er svo tíundað í nokkrum liðum. Það er auðveld útvegun hráefnisins. Það er í öðru lagi ódýr og auðveld sala á miklum hluta framleiðslunnar. Það er í þriðja lagi greiður aðgangur að fjármagni, bæði til uppbyggingar og rekstrar. Í fjórða lagi möguleikar á ýmsum þjónustuiðnaði, og þar kemur auðvitað mannfjöldinn til greina. Í fimmta lagi, að fyrir hendi séu hæfir menn til forstöðu slíkrar starfsemi, sem og tæknileg þekking við uppbyggingu og rekstur. Og í sjötta lagi er vinnumarkaðurinn það stór og breytilegur, að óvæntar eða árstíðabundnar sveiflur á eftirspurn eftir vinnuafli þurfi ekki að hafa truflandi áhrif á reksturinn. Allt þetta er íhugunarefni og sýnir, að það er ekki auðvelt úrlausnarefni að fylla í skörðin með iðnaði, þar sem hann hefur ekki verið, þar sem atvinnuleysi eða ónóg atvinna hefur verið við sjávarsíðuna.

Það er niðurstaða nefndarinnar, að það verði ódýrast og fljótlegast og til mestrar frambúðar að aðstoða þann fiskiðnað, sem fyrir er á þessum stöðum, í fyrsta lagi með tilliti til aukinnar framleiðslu og frekari nýtingar hráefnisins og í öðru lagi með tilliti til aukins hráefnis og öruggari öflunar þess.

Þetta eru almennar hugleiðingar, sem ástæða er til að veita athygli og gera sér grein fyrir.

Síðan hefur n. í sínu bráðabirgðanál. fjallað nokkuð um einstaka staði og þá, eins og hv. fyrirspyrjandi sagði, einkum um kauptún og kaupstaði á Norðvesturlandi, og ber þar kannske mest á Siglufirði annars vegar og Skagaströnd hins vegar. Á Siglufirði er ástandið mjög alvarlegt, eins og fram hefur komið, og fyllsta ástæða til þess, að úr þeim erfiðleikum verði að einhverju leyti reynt að bæta með aðstoð almannavaldsins, ríkisstj. og Alþingis, og almennum fjárveitingum í bili. Hins vegar er rétt að festa sjónar á því, sem n. vekur athygli á, að atvinnufyrirtækin á Siglufirði eru nægjanleg til þess, að þar geti verið blómlegt atvinnulíf, ef rekstur þeirra væri tryggður. Og því mætti segja, að á Siglufirði beinist athyglin fyrst og fremst að því, hvaða ráðstafanir sé hægt að gera til þess, að þau atvinnutæki, stórvirku og mikilvægu atvinnutæki, sem þar eru fyrir hendi, geti orðið hagnýtt og starfrækt.

Þarna veldur náttúrlega langmestu síldin, þegar hún bregzt, ekki í fyrsta skipti og kannske ekki síðasta hjá okkur Íslendingum. Og fyrr og síðar hefur síldaraflinn valdið hinum stórkostlegustu truflunum og erfiðleikum. Það er skemmst að minnast þess, þegar Austfirðirnir voru í sinni miklu niðurlægingu, ef ég má segja svo, atvinnulega séð eftir gífurlega uppbyggingu, sem byggðist á síldinni. En svo hefur aftur breytt til, þannig að nú hefur síldin veiðzt einmitt fyrst og fremst fyrir Norðaustur- og Austurlandi og hefur gerbreytt lífnaðarháttum og atvinnumöguleikum fólks á þessum stöðum, en um þessar síldargöngur fá hvorki ríkisstj. né Alþingi neinu ráðið. Hins vegar getur það verið á þeirra valdi að gera ráðstafanir til þess að hagnýta þær sem bezt, þegar þær á annað borð eru fyrir hendi, enda hefur það verið gert með margvíslegum ráðstöfunum, sem ég skal ekki fara út í, eins og hv. þm. er fullkunnugt um.

En þegar við lítum á þessa staði, Skagaströnd og Siglufjörð, þá eru þarna atvinnufyrirtæki, sem fyrst og fremst og langstórvirkustu fyrirtækin byggjast á fiskiðnaðinum. Það er tunnuverksmiðja á Siglufirði. Úr því máli er nú að ræðast hjá Siglfirðingum, því að eftir því sem ég veit bezt, þá er gert ráð fyrir, að hin nýja tunnuverksmiðja geti tekið til starfa á þessum vetri upp úr áramótum. Það er niðurlagningarverksmiðja á síldarafurðum, niðursuðuverksmiðja á síldarafurðum, svo eru það síldarverksmiðjurnar og frystihúsin, eins og annars staðar í sjávarþorpunum, og svo þjónustuiðnaður, dráttarbraut og

annar þjónustuiðnaður í sambandi við þennan iðnað, sem þarna er fyrir hendi.

Þegar horft er til Skagastrandar, þá er þar raunverulega sama sagan. Þar eru uppi hugmyndir hjá íbúum þorpsins um tunnuverksmiðju, eins og á Siglufirði, niðurlagningarverksmiðju tala þeir um, eins og á Siglufirði, en þar fyrir utan eru þar 2 fyrirtæki nefnd, sem heimamenn hafa haft áhuga á að láta rannsaka nokkuð. Það er grasmjölsvinnsla í síldarverksmiðjunni og svo hugmyndir um sútunarverksmiðju, sem þeir hafa haft áhuga fyrir að koma á laggirnar. Það eru sem sagt ekki fjölbreytilegar hugmyndir um annað en það, sem byggist á fiskiðnaðinum, eins og menn sjá við yfirlestur þessa og menn sjálfir verða varir við, þegar þeir eru að hugleiða möguleikana til meiri iðnaðar á þessum stöðum. Þetta nefni ég, eins og ég sagði áðan, til þess að menn geri sér ekki allt of glæstar vonir um að bæta úr erfiðleikum með auknum iðnaði, þar sem ónóg atvinna er.

Á Siglufirði er eitt atriði, sem n. bendir á, sem er kannske athyglisvert. Það er í niðurlagi á bls. 23. Nefndin víkur að því, að atvinnustarfsemin sé að langmestu leyti þar af opinberri hálfu og segir:

„Varðandi rekstur hins opinbera þar almennt álítur n., að athuga beri, hvort ekki væri heppilegra fyrir atvinnulíf staðarins í heild, ef einstakar iðngreinar og þá einkum þjónustuiðnaðurinn væri ekki eingöngu í höndum hins opinbera. Væri ekki óhugsandi, að breytt fyrirkomulag drægi úr flutningi fólks og fjármagns frá kaupstaðnum og gæti jafnframt stuðlað að því, að ný fyrirtæki festu rætur. Enn fremur mundi slíkt fyrirkomulag stuðla að úrbótum í skattamálum bæjarfélagsins."

Að sjálfsögðu mætti bæta eitthvað úr skattamálum bæjarfélagsins með breyttu fyrirkomulagi á skattlagningu hinna opinberu aðila. En ég hygg, að það, sem fyrir n. vakir þarna, sé, að þarna sé svo mikill opinber atvinnurekstur, að einstaklingarnir hugsi sem svo: Það þýðir ekki að vera að setja sig niður hér með þetta. Hið opinbera mun gera það og það í svo stórum stíl, að það skyggir á okkar möguleika. Og þeir halda því að sér höndunum, og stöðnun á sér stað, í stað þess að þar mætti e. t. v. efla þróun í smærri stíl í höndum fleiri einstaklinga.

Aðrir staðir, sem hér er sérstaklega vikið að, eru staðir eins og Sauðárkrókur, sem reyndar, þegar var verið að ræða um þessi mál, stóð höllum fæti og menn þaðan báru sig illa. Nú er það töluvert öðruvísi, og það má segja, að þegar maður kemur á Sauðárkrók og hefur talað við menn þar seinni part sumarsins, þá sé þar allt með sæmilegum kjörum og atvinnulíf ekki bágborið, heldur að sumu leyti þvert á móti. Þeir hafa sjálfir, Sauðkrælingar, haft mikinn hug á því að efla hjá sér iðnað, sett upp iðnaðarmálanefnd af hálfu bæjarstjórnar, sem unnið hefur í sambandi og samvinnu við iðnaðarmannafélag staðarins. Og það er nokkuð athyglisvert, að í ekki stærri kaupstað en þarna eru starfandi um 30 iðnfyrirtæki. Sum af þeim eru ný, en þó ekki nema örfá. Flest eru það þjónustufyrirtæki fyrir Sauðárkrók og Skagafjörð, þessa stóru byggð, sem er með um 4000 manns. Og þjónustufyrirtæki veita þarna allverulegum fjölda atvinnu. En það er þó mikils virði, að það er heima fyrir áhugi á uppbyggingu fjölbreytilegs iðnaðar á staðnum, og þar af stafa þessar nefndir, og þær hafa átt nokkurn hlut að máli um það, að iðnaður, að vísu í smáum stíl, hefur verið fluttur frá Reykjavík til Sauðárkróks og nýjum iðnaði hefur verið komið þar upp.

Heildarmyndin er í stórum dráttum sú, að mikill hluti iðnfyrirtækjanna á Sauðárkróki veiti útgerðinni á staðnum og landbúnaðinum í nálægum sveitum þjónustu. Þá eru þarna, eins og áður hefur verið drepið á, segir nefndin, tvö frystihús, en þau geta veitt um 130 manns atvinnu. Enn fremur eru rekin tvö véla- og bifreiðaverkstæði í kaupstaðnum, og vinna þar um 30 manns. Allmörg trésmíðaverkstæði og byggingafyrirtæki eru starfandi, og hefur eitt þeirra nýlega hafið framleiðslu á harðviðarhurðum. Í þessum fyrirtækjum vinna að jafnaði 40—45 manns. Við sjáum, að fyrirtækin eru yfirleitt í smáum stíl. Þá eru enn fremur starfrækt tvö ný fyrirtæki á Sauðárkróki, og framleiðir annað þeirra einangrunarplast, en hitt ýmsa smáhluti, svo sem búsáhöld og efni til raflagna. Þessi tvö fyrirtæki, svo og trésmiðjan, sem framleiðir harðviðarhurðir, selja framleiðsluvöru sína til annarra staða að meira eða minna leyti. Þetta sýnir auðvitað, að það er hægt að tryggja og styrkja atvinnuástandið á viðkomandi stöðum með nokkuð fjölbreyttum iðnaði, þó að í smáum stíl sé. En það má segja, að mannfjöldinn er meiri þarna en t. d. á Skagaströnd og gefur að því leyti betri aðstöðu. Eitt er svo það, sem verulega hefur lyft atvinnuástandinu á Sauðárkróki og Hofsósi, og það er dragnótaveiðin. Bar mönnum saman um það, eftir því sem ég komst næst, þegar ég var þarna á ferð í sumar, að til mikilla hagsbóta væri sú dragnótaveiði, sem bátar frá þessum stöðum stunduðu nú og sem skilaði verulegum og auknum aflabrögðum til vinnslu í frystihúsunum á þessum stað. Þarna hefur opnazt nýr möguleiki, eftir að samkomulag hefur orðið um það, sem þó á undanförnum árum hefur verið deilt gífurlega mikið um, og skal ég ekki víkja að þeim deilum.

Svo er loksins það, sem ég vildi nefna í sambandi við þetta nál., að hv. fyrirspyrjandi minntist á Drangsnes og þaðan þyrftu 80% af verkamönnum að fara til vinnu til annarra staða. Þetta hljómar náttúrlega ekki vel. Þó er nú á það að líta, að þarna eru ekki nema 145 íbúar, og það eru þó 26 karlmenn og 11 konur, sem leita atvinnu utan þorpsins mestan hluta. En hvort er nú að horfa raunsætt

á þessa hluti að reyna að gera einhverjar ráðstafanir til þess að efla þennan stað að nýju eða gera sér grein fyrir, að sumir staðir verða að meira eða minna leyti annaðhvort að dragast aftur úr um tíma eða fyrir fullt og allt, þangað til þjóðin er orðin miklu fjölmennari en hún er og aðstaða hennar að öðru leyti styrkari.

Á Drangsnesi hefur íbúunum fækkað frá 1954 úr 280 niður í 145. Þar er talið, að kostnaður við að byggja örugga höfn sé óviðráðanlegur, og þá blæs nú ekki byrlega í svona litlu sjávarþorpi.

En hér erum við komnir að öðru verkefni, sem ég vil aðeins vikja að, að það hefur ekki aðeins verið þessi n. starfandi til þess að gera athuganir og till. um bætt atvinnuástand á tilteknum stöðum á landinu og þá einnig á stað eins og Drangsnesi, sem er fækkandi, heldur hafa Vestfirðir verið til alveg sérstakrar athugunar í annarri nefnd, sem starfar að því, sem stundum er kallað Vestfjarðaáætlun. Og þar hygg ég liggja fyrir allverulegar athuganir nú þegar, þó að ekki hafi verið skilað áliti, en innan tíðar megi vænta fyrstu athugana og till. frá n., sem unnið hefur nokkuð gagngert að því, með hverjum hætti sé hægt að koma í veg fyrir fólksflótta frá tilteknum svæðum á landinu, eins og í þessu tilfelli Vestfjörðum, og af því, þegar það liggur fyrir, mætti draga nokkurn lærdóm, kannske fá verulega góðan árangur varðandi Vestfirðina og draga nokkurn lærdóm varðandi aðra staði á landinu.

Ég er of ókunnugur þessari Vestfjarðaáætlun og hvernig hún stendur, til þess að geta rætt hana hér, en vík aðeins að henni sem ábendingu í þessu sambandi, að málið er í heild mun viðtækara en aðeins þessi n. hefur haft um að fjalla.

Niðurstöðu- eða lokaorð í þessu bráðabirgðanál. eru eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Enn fremur hefur n. leyft sér að nefna nokkrar þær leiðir, er til úrbóta mættu verða, án þess þó að hafa haft tækifæri til að rannsaka hagnýtt gildi þeirra fyrir hvern stað né heldur kynna sér tæknilega og fjárhagslega örðugleika við framkvæmd þeirra, og með tilliti til þess, hversu umfangsmikilla athugana lausnir atvinnuvandamála byggðarlaga krefjast og hversu marga aðila þær snerta, vaknar sú spurning, hvort ekki sé rétt, að einn ákveðinn aðili annist slíkt fyrir hönd ríkisvaldsins og annar fyrir hönd sveitarfélaga viðkomandi byggðarlaga.“

Þannig lýkur þessu bráðabirgðanál., og það kann vel að vera, að ábendingar, sem í síðustu orðunum koma fram, muni eiga rétt á sér, og þarf það mál nánari athugunar. En af þessu leiðir, eins og ég sagði í upphafi, að þessi nefnd, hvað sem framtíðinni líður, á verulegt verk óunnið enn þá, og mun ég nú eiga nánari viðræður við þessa nefnd. Ég hef átt viðræður við hana, meðan hún hefur starfað, um áframhaldandi starf hennar og hvernig því yrði hagað og með hve skjótum hætti það gæti verið leyst af höndum.

Þá vil ég aðeins í lokin víkja að síðari fsp.: „Hvaða ráðstafanir hyggst ríkisstj. gera til að ráða bót á hinu ískyggilega atvinnuástandi á vestanverðu Norðurlandi.“ Um það vil ég segja það, að ríkisstj. hefur þegar tekið til athugunar nokkur atriði í þessu sambandi, að svo miklu leyti sem sveitarstjórnirnar á viðkomandi stöðum eða bæjarstjórnir hafa snúið sér til ríkisstj. Enn fremur, eins og ég gat um áðan, voru þær ráðstafanir og aðstoð, sem ríkisstj. veitti með tilflutning á síldaraflanum, einmitt hugsaðar með hliðsjón af að fá reynslu til úrbóta, ekki aðeins fyrir þá, sem þar áttu hlut að máli, heldur einnig á öðrum stöðum, sem stendur svipað á um. Sem sagt, til athugunar eru nú þegar tilteknar ráðstafanir. Ég nefni Skagaströnd, þar er sérstaklega snúið sér til ríkisstj. Er hægt að hjálpa þeim til þess beinlínis, eins og oft hefur áður verið gert fyrir einstök kauptún og einstök byggðarlög, með einhvers konar hallærishjálp úr atvinnuaukningarsjóði, ríkissjóði eða á annan hátt, til þess að frystihús þeirra gætu verið starfandi í vetur. Þetta eru bráðabirgðaráðstafanir, sem eru til athugunar og oft endranær hafa komið til athugunar og einstökum þorpum hefur verið hjálpað með, þó að það hafi aldrei verið rætt hér í þinginu sérstaklega. Ég minnist t. d. Þórshafnar á s. l. vetri, og svona mætti auðvitað lengi telja. En hvað ríkisstj. að öðru leyti hyggst almennt gera í sambandi við þá fsp., sem hér hefur verið fram borin, þá mundi ég vilja segja það, að hún mundi vilja byggja ákvarðanir sínar á þeim niðurstöðum, sem fyrir liggja, þegar n., sem skipuð var í þessu máli, hefur skilað sínu endanlega áliti, og á það verður lögð áherzla, að það geti orðið svo skjótt sem verða má.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Það er nú mjög erfitt að ræða þetta mál í fsp.-tíma, þar sem tími er mjög takmarkaður, og eðlilegt, að það verði gert á öðrum vettvangi. En það voru aðeins örfá orð, sem ég vildi þó láta koma fram.

Það virðist koma alveg ljóst fram af þeirri skýrslu, sem hér liggur fyrir frá hinni svokölluðu iðnaðarnefnd, að þau vandamál, sem hér er við að glíma, miðað við það svæði, sem hún hefur sérstaklega athugað, eru í rauninni algerlega orsökuð af hinum mikla aflabresti, sem verið hefur fyrir Norðurlandi nú um það bil tvö ár, enda eru flestar till. n. við það miðaðar að efla vinnslu úr sjávarafurðum og að uppbygging þessara byggðarlaga hljóti að byggjast á því, að það sé hægt, bæði með því að flytja til afla, eða þá, ef svo skyldi fara, sem maður vonar, að afli glæðist aftur fyrir þessu landssvæði. En það er hins vegar ljóst jafnframt af nál. þessarar n., að hún hefur takmarkað starf sitt ákaflega mikið og ég vil segja óhæfilega mikið,

þannig að það fæst ekkert yfirlit um þann vanda, sem hér er við að glíma.

Það eru meira að segja beinlínis ekki réttar upplýsingar, sem eru í þessu nál., eins og þar sem talað er um aflabrest fyrir Norðurlandi vestra á annað ár og síðan algert síldarleysi fyrir öllu Norðurlandi á þessu sumri. Aflabresturinn fyrir Norðurlandi hefur verið fyrir öllu Norðurlandi, allt frá Horni austur á Langanes, og þetta hefur valdið stórkostlegum erfiðleikum, sem m. a. komu fram í því, að á s. l. vori var leitað til ríkisstj. af útvegsmönnum af öllu þessu svæði um það að fá sérstaka fyrirgreiðslu til þess að koma í veg fyrir, að bátafloti á öllu þessu svæði yrði boðinn upp vegna þess geigvænlega ástands, sem skapazt hefur af þessum sökum. Því miður hefur ekki vænkazt í þessu efni og mjög versnað á þessu sumri vegna þess, hvernig síldveiði brást algerlega fyrir Norðurlandi. Ég tel því ástæðu til að harma það, þó að ég sé ekki að gera lítið úr vandamálum þeirra staða, sem hér er við átt í þessu nál., að þá skuli vera gefin sú hugmynd, að hér sé í rauninni aðeins um þessa fáu staði að ræða og allt sé í góðu gengi annars staðar. Málið er miklu víðfeðmara en það, og í rauninni má segja, að þótt það sé góðra gjalda vert að fá yfirlit sem það, sem hér um ræðir, og fá jafnframt sérstaka athugun einnig varðandi Vestfirði, þá er það skoðun mín, að þessar nefndarskipanir fyrir takmörkuð svæði séu ákaflega óraunhæfar og óeðlilegar og þetta sýni okkur aðeins nauðsyn þess, að að þessu þurfi að vinna með miklu kerfisbundnari hætti. Þessar áætlanir geta allar verið góðra gjalda verðar og ekki skal lítið úr þeim gert. En það er enn ekki séð fyrir, nema þær kunni að vissu leyti að rekast á, þar sem tveir aðilar hafa með að gera athugun á t. d. hluta af þessu svæði, sem er hluti Vestfjarðanna, og enn fremur hitt, að algerlega hefur verið gengið fram hjá vandamálum annarra landssvæða.

Það er engum efa bundið, að eins og ástatt er nú, horfir mjög alvarlega með atvinnulíf á öllu Norðurlandi og allverulegum hluta Vestfjarða. Og þetta mál þarf allt að vinna með kerfisbundnum hætti. Ég tek það fram, að það má ekki heldur villa fólki sýn með því, að á einhverjar nefndir, sem settar séu á laggirnar, sé mænt um það, að allt leysist í gegnum þær, og ég álít, að það sé mjög varhugavert að byggja allt upp á því, að það eigi að krefjast þess, að ríkisstj. geri þetta og hitt. Ríkisstj. grundvallar ekki iðnrekstur okkar eða atvinnulíf á hinum einstöku stöðum. Það verður aldrei gert með raunhæfum hætti, nema það séu öfl heima fyrir, sem að því standi, og kemur svo aftur að ríkisvaldinu, hvað það vill gera til að greiða fyrir í þeim efnum.

Það var minnzt hér á t. d. Sauðárkrók í þessu sambandi, þar sem hafa heima fyrir verið gerðar ýmiss konar ráðstafanir til eflingar atvinnurekstri. En það, sem þarf að gera, er að vinna kerfisbundið að þessu máli. Það getur vel verið nauðsynlegt að setja einhverja stofnun á laggir, svipað og hefur verið gert í Noregi, til þess að vinna kerfisbundið að þessu. Atvinnubótasjóður var settur á laggirnar á sínum tíma til þess að veita aðstoð til eflingar atvinnulífi. Hann hefur ekki haft aðstöðu til þess. Það kann vel að vera, að það mætti efla hann þannig og veita honum slíka aðstöðu, að hann geti haft með höndum víðtæka athugun á atvinnulífi á hinum ýmsu stöðum og reynt á þeim grundvelli að gera sér grein fyrir því, hvar skórinn kreppir helzt og hvert ætti að einbeita því fjármagni, sem þar er um að ræða. Einnig kemur vel til álita, að það verði tekinn upp sá háttur að veita sérstök fríðindi atvinnufyrirtækjum, sem vildu setjast að á þessum stöðum. Það verður engu fyrirtæki skipað að gera það, og það er ábyggilega á engan hátt heppilegt. Það hefur sýnt sig með Siglufjörð, að það hefur ekki orðið Siglufirði nema til takmarkaðs gagns, að það ætti allt að byggjast upp á því, að ríkið gerði allt það, sem þar hefur átt upp að byggja, og allir mændu til þess.

Herra forseti. Ég skal ekki syndga upp á náðina í þessu efni, en ég vildi aðeins láta þetta koma hér fram, án þess að ég geri á nokkurn hátt lítið úr þeim erfiðleikum, sem hér er við að glíma, að mér finnst, að þetta sýni okkur glögg merki þess, að við þurfum á kerfisbundinn hátt að vinna að þessum efnum, og ég vil vænta þess, að ríkisstj. hafi nú forustu um það að skipuleggja víðtæka starfsemi á því sviði, ekki þá, sem er miðuð við tímabundnar nefndir, sem skila plöggum eftir nokkra mánuði, meira og minna yfirborðskenndum, heldur að það verði reynt með sem fjölþættustum úrræðum að tryggja það, að eðlilegt jafnvægi geti haldizt í byggð landsins.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður hefur að nokkru leyti komið inn á það mál, sem ég ætlaði sérstaklega að benda á. En það er augljóst, að það er víðar slæmt ástand í atvinnumálum en á vestanverðu Norðurlandi, eins og hér hefur aðallega verið til umr. og n. sú, sem skipuð var til þess að athuga það mál, sem hér hefur sérstaklega verið rætt, hefur einkum beint athugunum sínum að. Við vitum það úr okkar kjördæmi, Norðurl. e., að þar er ástandið víða engu betra en það hefur reynzt við Húnaflóa og Skagafjörð og á Siglufirði.

Eins og hv. síðasti ræðumaður tók fram, hefur verið mikill aflabrestur á þorskfiski nú s. l. 2—3 ár, og allir þekkja líka, að almennt síldarleysi hefur verið fyrir öllu Norðurlandi. Ég vil sérstaklega nefna staði eins og Ólafsfjörð, Dalvík og Þórshöfn, sem hafa orðið mjög hart úti í atvinnumálum síðustu árin og þar sem nauðsynlegt er að bæta úr. Allir þessir staðir byggja á sjávarútvegi að lang-

mestu leyti eða svo til öllu leyti. T. d. má segja, að aðalatvinnutæki Ólafsfirðinga og Dalvíkinga séu hraðfrystihús og síldarsöltunarstöðvar og þeir bátar, sem afla hráefni fyrir þessar fiskvinnslustöðvar. En aflabresturinn aftur hefur valdið þarna gífurlegu atvinnu- og fjárhagstjóni, sem lamað hefur atvinnulífið, svo að það verður að gera einhverjar róttækar ráðstafanir til þess að fá úr því bætt. Sem dæmi vil ég nefna það, að nú liggur við borð, að Dalvíkingar missi tvö af stærstu skipum sínum á nauðungaruppboði, sem vofir yfir útgerð þessara skipa, en hefur verið frestað um sinn, og það væri mjög illa farið, ef Dalvíkingar þyrftu að missa þessi skip sín, því að þau eru — óhætt að segja — langsamlega mikilvægasta stoðin undir atvinnurekstri í því kauptúni. Það eru Björgvin og Björgúlfur, þessi tvö skip, 250 lesta togarar, sem hafa verið aðalgrundvöllurinn undir því að afla hráefnis fyrir hraðfrystihús staðarins. Auk þess hefur svo síldarleysið fyrir Norðurlandi bætzt ofan á aflabrest, og þá ætti líka að verða ljóst, hver áhrif þetta hefur á Dalvík og Ólafsfirði og fleiri fiskiþorpum norðanlands, þar sem svo mjög er einnig byggt á síldarsöltuninni.

Ég tel því, að meðal þeirra ráðstafana, sem gera þurfi nú mjög fljótlega og aðallega í atvinnumálum Norðurlands, sé að tryggja það með þeim ráðum, sem tiltæk eru, að atvinnutæki eins og skip verði ekki sett undir hamarinn og ráðstafað til annarra staða, og að undinn verði bráður bugur að því að kanna til hlítar, hvaða möguleikar séu á því að flytja síld af austurmiðum til vinnslu og söltunar í sjávarplássum á Norðurlandi. Nokkrar athuganir hafa verið gerðar á þessu, eins og hæstv. ráðh. nefndi hér áðan, og ég tel, að þær hafi gefið góða raun og bendi eindregið í þá átt, að rétt sé að halda slíkri starfsemi áfram í miklu ríkara mæli en verið hefur, án tillits til þess, hver kostnaðurinn kann að sýnast nú í svipinn. Og í þriðja lagi tel ég, að hraða beri undirbúningi að stofnun stórrar síldarverksmiðju á Þórshöfn, enda vart efamál, að Þórshöfn er legu sinnar vegna ákjósanlegur staður fyrir síldarverksmiðju, auk þess sem hafnarskilyrði eru þar mjög batnandi og gera það fyllilega mögulegt að afgreiða þar síldarskip í allstórum stíl. Hið sama má segja um Dalvík og Ólafsfjörð, sem ég hef gert hér sérstaklega að umtalsefni, að þar er það framtíðarverkefni, að reistar verði afkastamiklar síldarverksmiðjur, jafnframt því sem möguleikar verða nýttir til nauðsynlegra og sjálfsagðra síldarflutninga af austurmiðunum eða fjarlægum síldarmiðum, en það tel ég, eins og ég hef áður sagt, eitt af því brýnasta, sem nú liggur fyrir að gera. En auk þess sem svo grundvöllur fiskvinnslunnar og útgerðarinnar er þannig treystur með myndarlegu átaki og viðtækum aðgerðum, ber þó að sjálfsögðu að leita allra ráða til þess að efla varanlegan iðnað, fyrst og fremst þjónustuiðnað, en einnig framleiðsluiðnað, þar sem þess er nokkur kostur.

Herra forseti. Ég hef lokið að mestu því, sem ég vildi segja, og skal láta staðar numið.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. ráðh. fyrir svarið, enda þótt ég geti nú ekki sagt, að ég sé fyllilega ánægður með það. Mér fannst það helzt á skorta í ræðu hans, að hann kæmi skýrt fram með það, hvað ríkisstj. hygðist gera í þessu máli og hvaða ráðstafanir hún hefði í hyggju, og mér fannst satt að segja leiðinlegt, að ráðh. skyldi í svari sínu leyfa sér að álasa okkur þm. fyrir að reyna að halda þessu stórmáli vakandi og vera að reyna að ýta á eftir því. Mér finnst, að hæstv. ráðh. hefði frekar átt að leggja á það áherzlu, hvað ríkisstj. hefur í hyggju í þessu máli og hvað hún ætlar að gera til þess að reyna að hraða lausn þess, því að það þolir enga bið. Veturinn er núna að ganga í garð, og tíminn líður óðum. Málin eru rannsökuð, skoðuð frá öllum hliðum mánuð eftir mánuð, en þau þokast ekki áfram einn einasta þumlung hjá sjálfri ríkisstj. Það er allt útlit fyrir það, að eftir 1. nóv., þegar dragnótaveiðum lýkur, verði jafnstórfellt atvinnuleysi á þessu svæði og s. l. vetur og að allt að 80% verkamanna standi uppi atvinnulausir og verði að leita til annarra staða.

Eins og margoft hefur komið hér fram, liggja fyrir ýmsar till, frá atvinnumálanefndinni, sem skipuð var. Ég vil ekki eyða tíma mínum til að rekja þær. Í sambandi við Siglufjörð er mikið rætt t. d. um dráttarbraut eða skipasmíðastöð. Það er talað um möguleika á lýsisherzlu og að framleiða tunnur á vöktum, og það er talað um grasmjölsverksmiðju í sambandi við Skagaströnd, og jafnvel að kaupa togara og margt, margt fleira. Ég á í sjálfu sér ekki von á því, að n. geti og hafi aðstöðu til að segja miklu meira um þessa möguleika, frekar en hún hefur gert í þessu áliti. Mér skilst ekki á nál., að hún hafi aðstöðu til að bæta þar nokkru við. Nú stendur málið þannig, að það er ríkisstj., sem hlýtur að velja og hafna milli þessara möguleika og stíga næsta sporið, til þess að hraða megi lausn málsins.

Ég álít, að það dugi alls ekki, að ríkisstj. láti sér nægja að hafa í þessu nefnd skipaða mönnum, sem hafa um nóg annað að hugsa, eins og við vitum. Þeir eru í fullu starfi og hafa ekki aðstöðu til þess að taka þetta mál eins föstum tökum og þörf væri á, því að þetta mál þarf að sjálfsögðu að leysa án undandráttar. Ég vildi um leið taka undir þau orð hv. 6. þm. Norðurl. e., Magnúsar Jónssonar, sem benti á, að það væri í rauninni engin leið að leysa þessi mál á jafnskipulagslausan hátt og gert hefur verið hingað til. Það er ekki nóg að setja nefnd og nefnd og nefnd, sem kemur með einhver bráðabirgðaálit. Það verður að taka þessi mál

miklu, miklu fastari tökum en gert hefur verið. Ég er algerlega sammála honum í þessu efni. Mér finnst rétt að benda honum á, að hann mætti gjarnan taka till. eins og þá, sem fram hefur komið hér í þinginu ár eftir ár um áætlunarráð ríkisins, til betri athugunar. Vissulega hefur ekki á það skort, að þm. Alþb. vildu, að þessi mál væru tekin eilitið fastari tökum en gert hefur verið.

Það má sannarlega segja, að þessi landshluti er fórnarlamb þess skipulagsleysis í fjárfestingarmálum, sem hér hefur ríkt. Ég vil leyfa mér að fullyrða, að í nál. margrædda kemur víða fram, að það er fyrst og fremst skipulagsleysið og athugunarleysið, sem veldur því, hvernig komið er á þessum stað. Ég hef ekki langan tíma hér og get ekki leyft mér að ræða þetta mál til neinnar hlítar, en ég vil aðeins láta mér nægja að skora á ríkisstj. að hraða ákvörðunum sem mest, bíða ekki óendanlega eftir áliti, nýju og nýju áliti frá einhverjum bráðabirgðanefndum, sem skipaðar eru, heldur taka þessi mál miklu fastari tökum en gert hefur verið og taka beinar ákvarðanir, því að eins og ég hef margoft sagt og segi enn einu sinni: Þetta mál þolir enga bið!

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka þessari n. fyrir störf hennar. Ég skal játa það, að hún fullyrðir lítið í þessu nál. N. hefur unnið talsvert mikið verk og skrifar ekki óskynsamlega um málið. Það er mikill misskilningur, sem kom hér fram hjá hv. 5. landsk., að þetta sé eitthvert áhlaupaverk, sem maður eigi að taka föstum tökum. Satt að segja var hans fyrri ræða hógværari og skynsamlegri, en grunnhyggni kom ákaflega skýrt fram í þessari seinni ræðu. Það á kannske að vaða í að reisa grasmjölsverksmiðju og sútunarverksmiðju og skipasmíðastöð án þess að hafa gert nokkrar áætlanir, talað við nokkra menn, sem hafa almennilega vit á þessum hlutum. Það er nefnilega ekkert áhlaupaverk að byggja upp iðnað, og það er miklu betra að fara hægar og gera meira af viti. Vist þyrfti að koma upp skipasmíðastöð á Siglufirði, það er alveg rétt. En það þarf að hafa skynsamlega fjárfestingu um leið. Það er ekki til neins að reisa skipasmíðastöð á Siglufirði og svo séu þær reistar hér og þar annars staðar á landinu og verði svo miklu fleiri en þær þurfa að vera. Það þarf að vera lýðræðislegt skipulag í fjárfestingarmálum. En það er ekki nóg að taka þetta föstum tökum, eins og t. d. Stalín sálugi gerði með landbúnaðinn í Rússlandi, það var ekki til fyrirmyndar. Það þarf að byggja þetta upp á heilbrigðan og skynsamlegan hátt og ekki flana í neina vitleysu. Ég veit, að þessi n. hefur margt á prjónunum, sem hún talar ekki um í þessu nál. Ég fór til formannsins í vor og bað hann um að fara í kaupstaðina í Norðurlandskjördæmi vestra og Hólmavík, því að það var sama sagan þar. Þá voru þeir búnir að skrifa og fá svör frá sumum, og þeir gerðu þetta. Ég bað þá að tala við iðnaðarmennina og bæjarstjórnirnar, og þeir gerðu það. Ég veit, að þeir hafa haft mikið gagn af þessu. Þetta er ekkert áhlaupaverk, og það er miklu betra að fara rólega og gera skynsamlega hluti heldur en gana áfram í einhverja vitleysu.

Það kom herfilegur misskilningur fram hjá hv. 5. landsk., að hann taldi, að það bæri vott um eitthvert voðalegt neyðarástand og eymd, að það leituðu sér fleiri menn atvinnu frá Skagaströnd og Hofsósi en öðrum stöðum. Þetta liggur einfaldlega í því, að þar eru fleiri sjómenn. Skagstrendingar sigldu 5 skipum fyrir Horn í fyrra hingað suður og voru tvo mánuði að fiska fyrir sunnan, og aldrei slík reisn á þeim eins og þá. Landfólkið fór og vann við bátana. Þessir menn öfluðu á tveimur mánuðum fyrir allt að 20 millj. í erlendum gjaldeyri, yfir 200 þús. á nef. Það hefði verið svolítið betra fyrir þá að liggja heima í bólum sínum, eða fá 1—2 tonn í róðri heima stöku sinnum og fara svo suður og betla um aðstoð. Það, sem er merki um dugnað og manndóm og framtak, það á að vera merki um eymd og ræfildóm hjá þessum hv. þm.

Hitt er annað mál, að við þurfum að gera atvinnulífið fjölbreyttara, og það eru ekki allir, sem geta farið að heiman. Þetta fólk þarf að hafa vinnu. Það er kvenfólkið, sem þarf að hafa vinnu heima, og þeir, sem ekki geta farið. Og við megum ekki slá því föstu, að það sé eitthvað táknrænt um eymd og vesaldóm, þegar menn hafa manndóm og dugnað til þess að fara að afla sér tekna og hafa tvöfalt kaup við það, sem þeir geta haft heima, eða jafnvel meira. Þetta hefur verið svona frá alda öðli. Það er ekki neinn fiskur fyrir Norðurlandi að ráði í marz og apríl, nema ef þessi hv. þm. vildi þá breyta fiskigöngunum. Annars er gott að fá svona sendingar út í byggðirnar, unga, efnilega og hávaðasama menn. En þetta var ólán hjá okkur, að það fór öll síld þarna austur fyrir, svo að mér hefur dottið í hug, hvort hv. 3. þm. Reykv. vildi ekki senda Austfirðingum einn til þess að dreifa síldinni, svo að hún færði sig eitthvað fyrir Norðurlandið, þannig að við fengjum eitthvað af henni. Ég náttúrlega fullyrði ekkert um þetta, en það er alls ekki ómögulegt, að það dreifðist þá eitthvað síldarflotinn.

Vitanlega er geysilegt áfall fyrir okkur að missa af síldarvinnunni, það liggur í augum uppi. En við þurfum ekki að halda, að við vinnum þessum kauptúnum neitt gagn með því að vera að væla og berja lóminn, þannig að allir bankar verði lokaðir fyrir mönnum og hver einasti framtaksmaður sé hræddur frá því að setjast að í þessum byggðarlögum. Þetta er stórhættulegur hlutur, að búa til einhverja eymd, sem er ekki fyrir hendi. Ég get sagt ykkur, að það var eins og hver önnur

vitleysa að banna dragnótaveiðar í þessum flóum. Ég hafði samband bæði við oddvitann í Höfðakaupstað og eins einn af aðalmönnunum á Sauðárkróki um það í fyrravetur að leyfa bátunum dragnót. Þeir fóru að veiða í dragnót og þeir mokuðu upp kola, og í sumar var næg atvinna á Sauðárkróki og Skagaströnd. Nei, það þýðir ekki að vera alltaf að mála einhverjar skrípamyndir á vegginn og segja einhverja vitleysu. En vitanlega þarf að taka raunhæft á þessum hlutum. Það, sem gera þarf, er að fresta afborgunum af fiskiskipunum. Það eru fleiri svæði en Norðurl. v., það er alveg eins Norðurl. e. og hluti af Vestfjörðum og kannske víðar. Það þarf að fresta afborgunum af skipunum, mér finnst of langt gengið að fresta vaxtagreiðslunum, og svo þarf að breyta hlutatryggingasjóðslögunum eða reglunum um hlutatryggingasjóðinn. Reglurnar eru þannig, að það er miðað við 5 ára meðaltal, og ef meðaltalið fer lækkandi, minnkar þetta alltaf. Það þarf að hafa þetta það verulegt, þar sem þess gerist þörf, að það sé eitthvert gagn að því. En við fengum áfall með línunni í fyrra fyrir Norðurlandi. Það aflaðist ekkert. En þá voru reglurnar þannig, að það fékkst hér um bil ekkert úr hlutatryggingasjóði, þetta 20—40 þús. kr. á bát, þegar við töpuðum 300—400 þús. kr. á línunni þennan tíma. Þessu þarf að breyta, en því verður ekki breytt með hávaða og látum.

Svo vil ég þakka iðnmrh. fyrir það góða samstarf, sem hann hefur haft við þessa n., og ég álít, að hennar starf sé að byrja, og efast ekki um, að hún eigi eftir að gera mikið gagn. En það er mesti misskilningur, að það sé eitthvað skaðlegt, þó að litið sé á landið allt, en ekki bara eitt kjördæmi, ef eitthvað á að gera til gagns í þjóðfélaginu.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Mig langar til þess að leggja fáein orð í belg við þessar umr., þar sem það málefni, sem þar er rætt, snertir, að ég tel, alveg sérstaklega það kjördæmi, sem ég er umboðsmaður fyrir.

Ég vil þá byrja með því að láta í ljós ánægju mína yfir áliti þeirrar n., sem skipuð var á sínum tíma til þess að athuga aukinn iðnrekstur í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem atvinna er ónóg, sem nú hefur verið útbýtt til þm. Ég verð að segja það, að ég hefði að vísu kosið, að hún hefði hraðað störfum öllu meir, en ég verð samt að segja, að mér sýnist, að hún hafi unnið yfirleitt gott starf. Það má að vísu segja, eins og hv. fyrirspyrjandi sagði hér áðan, að n. bendi kannske ekki á mörg ný úrræði, sem engum mönnum hafi áður komið til hugar. Hún bendir, eins og eðlilegt má telja, einkum á þau úrræði, sem forsjármenn þessara byggðarlaga hafa áður komið auga á og bent á og hafa sérstaklega verið að velta fyrir sér að undanförnu.

Ég vil nú láta það álit í ljós, að þó að mér sé ljóst, eins og hér hefur komið fram, að það sé víða pottur brotinn í þessu efni og atvinnuástandið sé víðar alvarlegt en á Norðurl. v., þá hafi það verið rétt af n. hálfu að snúa sér fyrst og fremst að athugun á þeim stöðum, sem hún gerði. Það byggi ég á því, að það eru og hafa verið alveg sérstakar ástæður þarna fyrir hendi, eins og öllum má vera ljóst, t. d. að því er varðar Siglufjörð, sem byggir afkomu sína og hefur byggt alveg sérstaklega á síldveiðum. Og í annan stað vil ég segja það, að það var eðlilegt, að þessi n. færi eftir þeim svörum, sem henni bárust. Það er náttúrlega ekki eðlilegt, að hún fari að snúa sér fyrst til byggðarlaga, sem ekki hafa haft fyrir því að svara þeim fsp., sem n. sendi þeim.

Ég held, að ef það væri nú skjótt við brugðið og unnið af opinberri hálfu að þessum málum, þ. e. a. s. unnið að úrbótum í atvinnumálum hlutaðeigandi staða á grundvelli þeirra till. og ábendinga, sem þessi n. hefur gert, þá mætti sæmilega við una og þá yrði komizt hjá alvarlegum vandræðum á þessum stöðum, en þó því aðeins, að það verði skjótt við brugðið, og á það vil ég leggja sérstaka áherzlu. Ég vona, að það sé fyrst og fremst um að ræða tímabundna atvinnulífsörðugleika á þessum stöðum, t. d. eins og á Siglufirði. En þessir staðir þurfa samt á nokkurri aðstoð og fyrirgreiðslu að halda af opinberri hálfu til þess að komast áfallalítið yfir þessa tímabundnu atvinnuerfiðleika, og ég verð að segja það, að mér finnst fólkið á þessum stöðum, t. d. eins og á Siglufirði, hafa ástæðu til þess að vænta skilnings af þjóðfélagsvaldsins hálfu í þessum efnum. Það er ekkert smáræði, sem Siglufjörður hefur á undanförnum árum lagt til sameiginlegra þarfa þjóðarbúsins, og mér liggur líka við að segja, að stundum hafi verið gerðar sérstakar kröfur til Siglfirðinga fram yfir aðra. Ég hef ekki tíma til þess að fara út í það hér. Ég nefni þó aðeins t. d. gengislækkunina 1961 og hvernig hún var framkvæmd. Það er öllum í fersku minni, að þeir, sem þá voru búnir að salta, en það voru fyrst og fremst menn á Siglufirði og þeim stöðum þar nálægt, það var farið verr með þá í raun og veru í því sambandi heldur en aðra. Þeir nutu ekki hagnaðar af þeirri breytingu á borð við aðra. Og ef farið er lengra aftur í tímann, má líka benda á t. d. verðjöfnunargjald á Norðurlandssíld o. fl., o. fl., en út í þá sálma skal ég ekki fara lengra. Ég nefni þetta aðeins til þess að undirstrika, að það er alveg óþarfi að líta á þessa aðila sem nokkra ölmusumenn, þó að þeir verði nú að leita eftir sérstakri aðstoð og fyrirgreiðslu frá hinu opinbera fram yfir aðra, þegar þessir tímabundnu atvinnulífsörðugleikar steðja að þeim.

Ég verð svo að lokum að láta í ljós nokkur vonbrigði yfir undirtektum hæstv. ráðh. við ábendingar og till. n. Ég hefði vænzt þess, að hann tæki jákvæðari afstöðu til þeirra. Ég skil þó, að hann mun hafa haft nokkuð

skamman tíma til þess að athuga þær, og ummæli hans að öðru leyti mundi ég vilja skilja á þá lund, að hann hefði gefið nokkurn ádrátt um, að það yrði eitthvað byggt á þessum till. og fyrirgreiðsla fengist í þessum efnum, a. m. k. eftir því sem sveitarstjórnir á viðkomandi stöðum leituðu sérstaklega eftir. Hann sagði að vísu, hæstv. ráðh., að mér skildist, að það væri ekki hægt að byggja verulega á þessum till., fyrr en endanlegar niðurstöður n. lægju fyrir. Það er að vísu rétt, að hér er um bráðabirgðaálit n. að tefla. En það er að nokkru leyti bráðabirgðaálit af því, að henni er ætlað miklu, miklu víðtækara verkefni, og að því verkefni mun hún að sjálfsögðu vinna áfram. En ég geri ráð fyrir, að það megi að mörgu leyti skoða till. hennar, að því er varðar þessa staði, sem hún tekur þarna fyrir, og þær till., sem hún gerir til úrbóta þar nú, sem endanlegar. En það eru till., sem eru mjög einfaldar í aðalatriðum, sem hún bendir á til lagfæringar á atvinnuástandi á þessum stöðum, og það er náttúrlega það, að séð verði fyrir því, að nægilegt hráefni verði t. d. á Siglufirði, til þess að frystihúsin tvö, sem þar eru, geti starfað, séð fyrir fjármagni til rekstrar annars frystihússins, sem hefur verið og er í einkaeign, og ráðstafanir gerðar til þess, að þau ríkisfyrirtæki, sem þarna eru á staðnum, eins og tunnuverksmiðja og niðurlagningarverksmiðja, starfi og starfi af fullum krafti. Að því er snertir hina staðina, skal ég ekki ræða þá sérstaklega. Ég vil aðeins benda á það, að að því er t. d. snertir Hofsós og Sauðárkrók, koma þar til greina viss grundvallarskilyrði, sem þarf að tryggja að séu fyrir hendi, og það er að því er snertir Hofsós hafnarskilyrði, og það er því er snertir Sauðárkrók nægileg raforka. Ef þessi grundvallarskilyrði eru fyrir hendi, hef ég þá trú, að einstaklingar og fyrirtæki, sem þar eru, muni, ef þeim verður séð fyrir sæmilegri aðstöðu til fjármagns, reka þann atvinnurekstur, sem nægir til þess að halda uppi sæmilegri atvinnu. En það er vitaskuld það, sem á ríður, að ýta undir starfsemi einstaklinga og atvinnufyrirtækja á þessum stöðum, og þess vegna held ég, að það væri tímabært, að það verði sett á fót föst stofnun, sem hefði sérstaklega með að gera leiðbeiningarstarfsemi, leiðbeiningar fyrir þá aðila, sem ætluðu sér að stofna til atvinnurekstrar á þessum tilteknu stöðum, og gæfu þeim leiðbeiningar um það, hvaða atvinnurekstur það væri, sem einkum ætti að leggja þar í.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Það er ekki tækifæri til þess að ræða þessi mál eins ýtarlega og nauðsyn krefði. Það er aðeins eitt atriði, sem borið hefur á góma í þessum umr., sem ég vildi gera hér sérstaklega að umtalsefni, og það eru síldarflutningarnir. Eins og kunnugt er, eru nú þegar til staðar síldarverksmiðjur á Norðurlandi og Austurlandi, sem bræða allt að því 70 þús. mál á sólarhring. Í metaflaári hvað bræðslusíldarafla snertir, eins og nú á s. l. sumri, hefðu allar þessar verksmiðjur getað brætt allan síldaraflann á einum mánuði eða rúmlega það, en síldarvertíðin hefur að þessu sinni, eins og kunnugt er, aðalsíldarvertíðin, staðið yfir í u. þ. b. þrjá mánuði. Það liggur þess vegna alveg ljóst fyrir, að það eru til nú þegar meira en nægar síldarverksmiðjur á Norður- og Austurlandi til þess að bræða allan þann síldarafla, sem líklegt er, að berist á land á næstu árum. Það hefur komið fram, að það er mikill áhugi á því að auka síldarflutningana, og það er líklegt, að unnt verði á næstunni að taka upp nýja tækni í þeim efnum, þannig að aflinn verði jafnvel tekinn úti á miðunum. Og þá skiptir auðvitað minna máli, hversu langt flutningaskipið þarf að fara til hafnar.

Með stórauknum síldarflutningum væri hægt að gera mikið til þess að bæta úr atvinnuástandinu á Norðurlandi. Ég tek sem dæmi staði eins og Siglufjörð, Skagaströnd og Eyjafjarðarhafnirnar, þar sem stórar síldarverksmiðjur eru. En ég held, að það sé ekki hægt hvort tveggja í senn að gera kröfu til þess, að síldarflutningarnir verði auknir, og jafnframt því verði ráðizt í byggingar stórra og dýrra verksmiðja, eins og nú hafa heyrzt raddir um. Það hafa komið fram óskir um það að byggja stórar verksmiðjur bæði á Raufarhöfn og á Seyðisfirði og jafnvel á fleiri stöðum. Ég held þess vegna, að ef Norðurland á að geta treyst á bjargræði gegnum verulega aukna síldarflutninga, verði það fyrst og fremst gert með því, að ekki verði ráðizt í auknar verksmiðjubyggingar annars staðar. Auðvitað gæti þetta snúizt við. Það veit enginn, hvort síldin verður árum saman fyrir Austurlandi, eins og hún hefur verið síðustu árin. Það gæti snúizt við og síldin yrði fyrir norðan, og þá þyrfti að flytja hana austur. Ég held þess vegna, að það væri hægt að aðstoða þessa staði á Norðurlandi eystra og vestra, sérstaklega Eyjafjarðarhafnirnar og þar fyrir vestan, með því einmitt að fresta nú um sinn fyrirhuguðum verksmiðjubyggingum fyrir austan, a. m. k. bíða og sjá, hvað hægt er að afkasta með síldarflutningum og með nýrri tækni, og það sé í raun og veru, meðan þannig standa sakir, alls ekki skynsamlegt að ráðast í nýjar verksmiðjubyggingar. Ég vil t. d. í þessu sambandi minna á samþykkt, sem nýlega var gerð á fundi Sjómannasambands Íslands, þar sem mótmælt var nýjum verksmiðjubyggingum, m. a. á þeim grundvelli, að dýrari rekstur síldarverksmiðja og síldarbræðslna mundi leiða til þess, að það yrði, þegar frá liði, lægra bræðslusíldarverð til sjómanna og útgerðarmanna.

Það var aðeins þetta atriði, sem ég vildi sérstaklega benda hér á, og þegar ég er að ræða um það, að það sé ekki skynsamlegt, eins og sakir standa, að ráðast í nýjar og

stórar verksmiðjubyggingar, heldur bíða eftir því og sjá, hvað síldarflutningarnir geta gert, þá er ég ekki eingöngu þar að hugsa um hagsmuni þeirra staða, sem í sumar hefur vantað síldarhráefni, heldur tel ég, að það sé þjóðhagslega og efnahagslega alls ekki skynsamlegt að hafa stórkostlegan verksmiðjukost ónotaðan á hverju sumri.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Hér hefur borið á góma erfiðleika, sem ýmis sjávarþorp eiga við að etja norðanlands og vestan vegna aflaskorts, og nefndi hæstv. ráðh. m. a. tvö þorp á Vestfjörðum, Hólmavík og Drangsnes. Það eru alliskyggilegar tölur, sem komu fram um fólksflutninga þaðan vegna atvinnuleysis, og verður af þessu séð, að ekki er ástandið betra í þessum þorpum en norðar. Hann nefndi m. a. hafnarskilyrði á Drangsnesi og þar mundi vera talið útilokað að gera viðunandi höfn. Ég skal ekki dæma um það. Ég vil þó minna á hitt, að Drangsnesbúar hafa í nokkur ár óskað eftir lítilfjörlegum endurbótum á hafnarmannvirkjunum hjá sér, til þess að það væri hægt að afgreiða skip, en hafa ekki fengið þær. Svona ráðstafanir ætti að vera hægt að framkvæma, þær eru ekki svo stórar í sniðum. Mér er kunnugt um það, að á Vestfjörðum er aðallega um erfiðleika að ræða af þessum sökum á Hólmavík, Drangsnesi, Súðavík og Flateyri. Og það er ekki hægt að gleyma því, þegar minnzt er á þessi mál, hversu alvarlegir hlutir hafa gerzt fyrir fáum dögum í einu af þessum þorpum, Flateyri, þar sem tveir bátar farast og sjö menn drukkna úr þessu litla þorpi. Ég ætla ekki að ræða það frekar, ég tel ekki rétt, að einstakir þm. komi með beinar till. um skjóta aðstoð fyrir þetta fólk, því að ég vænti þess fastlega og treysti hæstv. ríkisstj. til þess að eiga frumkvæðið að því sjálf. Ég treysti því algerlega. Mér er kunnugt um, að stjórn atvinnubótasjóðs mun hlaupa undir bagga að einhverju leyti, en hún hefur lítil fjárráð, og það dregur ekki langt.

Nýlega hefur okkur þm. Vestf. borizt í hendur bréf frá Útvegsmannafélagi Vestfjarða, þar sem farið er fram á lengingu á stofnlánum bátaútvegsmanna. Ég vænti þess, að þeirri málaleitun verði tekið vel, og þetta er ein ráðstöfunin þeim til aðstoðar, sem eiga við aflaskort að búa og erfiðleika að etja. En aðalatriðið í þessum málum er auðvitað að koma til hjálpar nógu fljótt, þótt ekki sé í stórum stíl.

Ég skal viðurkenna, að það er rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, það er erfitt að taka einstök atriði út úr, heldur þarf að skoða þetta í heild. Og ég lái honum ekki, þó að hann hafi ekki tilbúnar till. í heild í þessum málum. En ég vil aðeins benda á eitt í sambandi við þetta. Það er það, að við megum ekki bíða eftir því, að fólkið sé farið úr þessum þorpum. Það þarf að gera skyndiráðstafanir, það þarf að gera bráðabirgðaráðstafanir, þó að ekki liggi fyrir rökstuddar till. um heildarráðstafanir, áður en fólkið fer, til þess að það fari ekki. Hitt er of seint. Það þarf að byrgja brunninn, áður en barnið er dottið í hann, að ég tali ekki um Flateyri sérstaklega, heldur þessi þorp, sem drepið hefur verið hér á hvað Vestfirði snertir, og ætla ég, að eins sé um önnur kauptún á Norðurlandi og Vestfjörðum. Á þetta vildi ég leggja áherzlu og vænti hins bezta af hæstv. ráðh., að hann athugi þessa möguleika, að bíða ekki með einhverjar bráðabirgðaráðstafanir, sem að gagni geta komið, — bíða ekki eftir heildarráðstöfunum í þessum efnum.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég ætlaði ekki að taka þátt í umr. um þessa fsp., en það voru ummæli hv. þm. Jóns Þorsteinssonar, sem gerðu það að verkum, að ég vil segja hér örfá orð. Hann sagði, að það væri búið að byggja nægilega mikið af síldarverksmiðjum fyrir allan flotann og það, sem ætti að gera, væri að fresta um sinn fyrirhuguðum verksmiðjubyggingum á Austurlandi og leggja áherzlu á að koma upp skipaflota til að flytja síldina á milli.

Þetta er áreiðanlega byggt á ófullnægjandi upplýsingum, sem þm. hefur fengið. Hann hefur ekki nægilegar upplýsingar um, hvernig þessi mál standa. En þau standa núna þannig, að verksmiðjukosturinn á Austurlandi þolir ekki einu sinni 50—60 skipa veiði, eins og reynslan sýnir nú síðustu vikurnar. Hvað sem menn álíta um síldarflutninga, er það því auðvitað auglýst mál, að allt of lítill verksmiðjukostur er eystra. Þetta hygg ég, að allir hljóti að vera sammála um, sem kynna sér þessi mál, því að hversu mikið sem menn leggja upp úr síldarflutningum og þó að þeir eigi sjálfsagt eftir að vaxa og geti átt rétt á sér við vissar kringumstæður, er samt ljóst, að á þessu landssvæði eru allt of lítil verksmiðjuafköst, til þess að hagfellt sé fyrir þjóðarbúið í heild sinni og flotann.

Það er því alger misskilningur, að það megi fresta því að stækka verksmiðjur eystra. Það er hægt að stækka verksmiðjurnar t. d. á Seyðisfirði og Raufarhöfn með tiltölulega litlum stofnkostnaði vegna þess, hve hagfellt er að bæta við það, sem fyrir er, og það lækkar vinnslukostnaðinn stórlega og hækkar hráefnisverðið á síldinni að bæta við þessar verksmiðjur. Menn ættu að skoða þessi mál betur, áður en þeir flytja fullyrðingar af þessu tagi. Þetta raskar ekki því, að síldarflutningamálið er mjög merkilegt mál út af fyrir sig.

Þá hygg ég, að hv. þm. sé nauðsynlegt að kynna sér það, að sumir staðir á Austurlandi eru þannig settir við aðalsíldarmiðin, enn sem komið er, að þar eru ekki neinar bræðslur, En slíkt getur ekki staðizt, því að á þeim stöðum er ekki heldur hægt að salta eða frysta síld, en það verður að vera hægt á öllum stöðum, sem liggja sæmilega nálægt síldarmiðunum. Svona er ástatt t. d. um Stöðvar-

fjörð og Djúpavog, og verður tafarlaust úr að bæta, og vona ég, að um það séu allir sammála. Það þurfa ekki að vera mjög stórar verksmiðjur þarna til þess að styðja söltun og frystingu, en einhverjar verksmiðjur verða að koma í öll plássin.

Þessi sjónarmið vildi ég láta koma hér fram, — segja svo að lokum, því að tími minn er sjálfsagt að verða búinn, að mér þykir gott að heyra, hvað hljóðið er breytt í sumum hv. þm. í sambandi við þau málefni, sem lúta að jafnvægi í byggð landsins, og vona ég, að það verði eitthvað annað en varaþjónusta úr því, þegar þm. Sjálfstfl. eru nú farnir að koma hér og segja, að það, sem fyrst og fremst þurfi í því efni, sé að koma upp sérstakri, nýrri stofnun, sem hafi með þessi málefni að gera.

Framsóknarmenn hafa hér ár eftir ár undanfarið flutt frv. um að koma upp sérstakri stofnun, sem hafi forustu og fyrirgreiðslu í þessum málum. En þessu frv. hefur verið vísað frá ár eftir ár og síðast á síðasta þingi með þeim formála af hendi sjálfstæðismanna og stjórnarflokkanna, að það væri algerlega óþarfi að koma slíkri starfsemi upp, það væri nægilegt, sem fyrir væri í því efni. En batnandi mönnum er bezt að lifa, og er vonandi, að framhald verði á þessu.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Á það var minnzt hér í þessum umr., að skjótrar aðstoðar væri þörf við Flateyri vegna hörmulegs tjóns, sem þar hefði orðið á mönnum og skipum nýlega. Af þessu tilefni vil ég upplýsa það, að ríkisstj. hefur fyrir örfáum dögum samþ. að veita atvinnubótasjóði 1 millj. kr. til viðbótar því fé, sem sjóðstjórnin hefur yfir að ráða á þessu ári, í því skyni, að atvinnulífið á Flateyri verði styrkt til þess að komast yfir það sára og tilfinnanlega tjón, sem það hefur beðið við missi tveggja skipa og manna. Atvinnubótasjóðsstjórnin hefur tilkynnt hreppsnefndinni á Flateyri þessa ákvörðun, og það er von hennar og ríkisstj., að þessi ráðstöfun hennar verði til þess að bæta að einhverju leyti það, sem hægt er að bæta á annað borð af því tjóni, sem þetta vestfirzka sjávarþorp hefur nú orðið fyrir.

Það er einnig rétt, að þm. Vestf. hafa borizt tilmæli um það frá samtökum útvegsmanna vestra, að þau verði studd til þess að fá greiðslufrest á lánum hjá fiskveiðasjóði og stofnlánadeild sjávarútvegsins. Verðbólgustefnan hefur á undanförnum árum leikið framleiðslubyggðarlögin víðs vegar um land hart, ekki aðeins á Vestfjörðum og á Norðvesturlandi, heldur og í flestum landshlutum. Því miður er þannig komið á Vestfjörðum, að útvegurinn á þar við mjög mikla erfiðleika að etja, bæði vélbátaútgerðin og mörg frystihúsin. Ég vil aðeins láta það koma hér fram, að við þm. Sjálfstæðisfl. á Vestfjörðum höfum á þessu fullan skilning, og sú ríkisstj., sem við styðjum, hefur einnig á því fullan skilning, að brýna nauðsyn ber til þess að koma til móts við þá landshluta og þau framleiðslutæki, sem við mesta erfiðleika eiga að etja.

Ég vil svo láta það koma fram sem mína skoðun, að nú sé þörf, eins og raunar hefur verið oft áður, róttækra og víðtækra ráðstafana til uppbyggingar atvinnulífi víðs vegar um land. Ég viðurkenni, að mikið hefur verið gert í þessum efnum á undanförnum árum, en engan veginn nægilega mikið til þess að tryggja það jafnvægi í byggðinni, sem eitt getur skapað jafnvægi í efnahagsmálum þjóðarinnar. Ég hygg, að við Íslendingar getum í þessum efnum litið til annarra þjóða, nágranna okkar og frænda, Norðmanna, Finna og Breta, og dregið nokkrar gagnlegar ályktanir af því, sem þeir eru að gera í þessum efnum. Þar er megináherzla lögð á það að beina fjármagni út um löndin og tryggja það, að einstök byggðarlög fari ekki í eyði, þ. e. a. s. þau byggðarlög, þar sem framleiðsluskilyrði og afkomuskilyrði eru á annað borð góð eða sæmileg. Og það er athyglisvert, að í kosningabaráttunni nú fyrir skömmu lofuðu allir brezku stjórnmálaflokkarnir því og lögðu á það mikla áherzlu, að fjármagni skyldi veitt út um landið og þær atvinnulífsframkvæmdir, sem þar væru fyrirhugaðar, skyldu njóta sérstöðu um stuðning af hálfu ríkisvaldsins.

Ég legg áherzlu á, að það, sem fyrst og fremst ber að gera, er að styðja einstaklings- og félagsframtak í þessum efnum. Það er ekki hægt að gera ráð fyrir því, að ríkisvaldið geti út af fyrir sig leyst allan vanda með uppbyggingu atvinnutækja. Það þarf fyrst og fremst að styðja einstaklings- og félagsframtak til athafna. Ein þeirra leiða, sem hugsanleg er í þessum efnum, er að efla atvinnubótasjóð verulega, sem allt frá upphafi hefur verið vanmegnugur þess að gegna sínu mikilvæga hlutverki, þó að hann hafi gert ákaflega mikið gagn og átt ríkan þátt í því að byggja upp atvinnulíf einstakra byggðarlaga í flestum landshlutum. Á það vil ég svo að lokum benda, að í sumar hefur staðið yfir undirbúningur og athugun á því, hvað skynsamlegt sé og mögulegt að gera, sérstaklega að því er varðar Vestfirði og staðfestu byggðarinnar þar, uppbyggingu nýrra atvinnutækja, bættar samgöngur og annað það, sem verða má til þess að efla byggðina í þessum landshluta. Ég skal ekki fullyrða um, hver niðurstaðan verður af þessari athugun, en það er von okkar, sem átt höfum hlut að því, að hún var hafin, að árangur hennar verði jákvæður og jafnvel fyrir þetta þing kunni að verða lagðar till. um jákvæðar og raunhæfar ráðstafanir, sem stuðla megi að blómlegri byggð og batnandi hag atvinnulífs og almennings á Vestfjörðum.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Það voru aðeins nokkur orð út af aths. hv. 1. þm. Austf. Ég get alveg verið sammála hv. þm. um, að

það sé rétt að byggja smáverksmiðjur á ýmsum fámennum stöðum til þess að efla þar síldarsöltun og frystingu, enda gekk mín ræða ekki út á að mæla gegn því. En um afkastaskilyrðin hjá síldarverksmiðjunum á Austfjörðum og móttökuskilyrðin er mjög vel hægt að bæta verulega án þess endilega að byggja nýjar verksmiðjur. Það má gera með bættum móttökuskilyrðum, með því að hafa fleiri löndunartæki og sérstaklega með auknu þróarrými, því að það er hægt að geyma síld í þróm, svo að vikum skiptir.

Þá sagði þessi hv. þm., að fyrirhugaðar stækkanir verksmiðjanna á Raufarhöfn og Seyðisfirði væru mjög ódýrar, vegna þess að þar væri verksmiðjukostur fyrir hjá síldarverksmiðjum ríkisins. Nú þekkir þessi hv. þm. þessa hluti vitanlega betur en ég, vegna þess að hann á sæti í stjórn síldarverksmiðja ríkisins, en ég vil þó leyfa mér að vefengja það, að þetta sé eins ódýrt og hann vill vera láta, enda nefndi hann engar tölur í því sambandi og hefur e. t. v. ekki haft þær tiltækar, svo að ekki er um að sakast. En á hitt má benda, að þessi hv. þm. hefur mælt með því, að það yrði byggð stór verksmiðja fyrir einkaaðila á Raufarhöfn, eða ég veit ekki betur. En það, sem ég vildi aðeins undirstrika, er það, að ég álít ekki skynsamlegt að vera að ráðast í nýjar stórbyggingar í síldarverksmiðjum, meðan margar og stórar síldarverksmiðjur eru ónotaðar og þeirra afköst nýtast ekki yfir síldartímann.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Hér hefur verið rætt sérstaklega, eins og fyrirspurnin gaf tilefni til, um bráðabirgðaálit þeirrar n., er skipuð var fyrr á þessu ári til að athuga aukinn iðnrekstur í kauptúnum og kaupstöðum, þar sem atvinna er ónóg, og hefur einkum verið rætt um atvinnuástand í Norðurlandskjördæmi vestra og einnig í kauptúnum við vestanverðan Húnaflóa, í Vestfjarðakjördæmi.

Ég vil nú vænta þess, að þær ábendingar, sem komið hafa frá þessari nefnd, verði m. a. til þess, að það verði gert, sem nauðsynlegt er, af hálfu þess opinbera til þess að styðja bráðabirgðaráðstafanir til lausnar á vanda, sem þar er um að ræða. En hitt sýnist mér alveg ljóst, að til þess að koma þessum málum í æskilegt horf í framtíðinni og finna upp ráð, sem duga til frambúðar til þess að viðhalda byggðinni í hinum ýmsu landshlutum, þarf að koma upp sérstakri stofnun, — sérstakri stofnun, sem annist áætlanagerð og rannsóknarstörf í þessu sambandi, og hún þarf að hafa yfir að ráða verulegu fjármagni til þess að geta veitt fjárhagslegan stuðning til uppbyggingar atvinnufyrirtækja á hinum ýmsu stöðum víðs vegar um landið. Og mér þykir það ánægjulegt, að það hefur verið á þetta minnzt hér af öðrum, þessa þörf, og vitnað til Norðmanna í því efni, bent á, hvað þeir hafa gert og við gætum haft þar fyrirmyndir. Þetta held ég, að sé alveg rétt. Og ég vil einmitt benda á það, að nú á þessum fundi var útbýtt frv. til l. um sérstakar ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Þetta frv. er flutt af 6 þm. í Nd., og frv. um sama efni hefur verið flutt á undanförnum þingum. Ég vil vænta þess með tilliti til þess, hvernig umr. hafa fallið hér um þetta mál, þessa fsp., að þessu frv. verði betur tekið á þessu þingi en áður og nú verði gerð alvara úr því að koma á fót þessari sérstöku nauðsynlegu stofnun og veita henni verulegt fjármagn til umráða.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins fáeinar setningar. — Það er mjög hagfellt að stækka síldarverksmiðju ríkisins á Raufarhöfn og hægt að fá þar aukin afköst mjög ódýr með því að bæta við það, sem fyrir er, og það sama er engu síður hægt að segja um Seyðisfjarðarverksmiðjuna. Þess vegna hygg ég, að það sé mjög skynsamlegt, eins og ég sagði áðan, að auka verksmiðjur ríkisins á þessum stöðum. Það mundi líka hækka hráefnisverðið fyrir fiskiskipaflotann, því að þarna mundi vera hagfelldari rekstur eftir en áður. Ég vil svo segja um síldarflutningana, að ekki vil ég vera meinsmaður þess, að síld sé flutt á milli og hagfelldar aðferðir notaðar til þess. En menn mega ekki vera svo blindir að halda, að það kosti ekki neitt að flytja síldina langa vegu. Það kostar mikið og verður að bera saman við önnur úrræði, sem til greina koma, sem sé þau, að bæta afköstum og hráefnisgeymslum við, þar sem vel liggur við síldarmiðunum.

Ég er alveg sannfærður um, að þessir viðaukar við síldarverksmiðjurnar á Raufarhöfn og Seyðisfirði eru mjög hagfelldir þjóðhagslega séð og fyrir síldveiðiflotann og alla þá, sem hlut eiga að máli.

Ég hef mælt með því aðspurður, að hlutafélagi verði veitt ríkisábyrgð til þess að byggja síldarverksmiðju á Raufarhöfn, og lét það fororð fylgja, að ég vildi, að það yrði gert, ef það kæmi ekki í veg fyrir þær framkvæmdir í þeim málum, sem ég hef hér verið að lýsa.

Ég tel, að síldarverksmiðjukosturinn í heild sé allt of lítill miðað við fiskiskipaflotann, eins og hann er nú orðinn, gæti komið fram með tölur því til rökstuðnings, ef ég hefði þær hér við höndina núna. Ég mundi ekki vilja eiga þátt í því, að einkaaðilum, sem vildu leggja fé sitt í að koma upp síldarverksmiðju, yrði neitað um fyrirgreiðslu eins og ríkisábyrgð, sem í þessu falli mætti telja með öllu áhættulausa. Ég geri ráð fyrir því, að það sé aðilanna eigið fé, sem þeir leggja í þetta, og lán, sem þeir útvegi sér sjálfir. En á hinn bóginn vil ég ekki, að slík ábyrgð verði veitt, ef það verður til þess að koma í veg fyrir aðrar framkvæmdir í þessum málum, sem ég álít að eigi að sitja fyrir, en það er bygging þessara smærri verksmiðja, þar sem engar

eru fyrir, og viðauki við síldarverksmiðjurnar á Raufarhöfn og Seyðisfirði.

Ekki dettur mér í hug, að eymdin sé orðin svo mikil, að þótt lagt verði í þessar framkvæmdir til þess að greiða fyrir móttöku síldarinnar og vinnslu hennar, þá sé með því verið að útiloka að komast yfir eitthvað af skipum til að flytja síldina á milli, að því leyti sem það telst hagfellt. Mér dettur ekki í hug, að eymdin sé slík, að ekki sé hægt að gera hvort tveggja eftir skynsamlegri áætlun.

2. Áburðarverksmiðja.

Á deildafundum 20. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til landbrh. um Áburðarverksmiðjuna h/f [24. mál, 1] (A. 24).

Á 4. fundi í Sþ., 21. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 36 shlj. atkv.

Á 7. fundi í Sþ., 28. okt., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Skömmu fyrir þingslit s. l. vor lögðum við hv. 4. þm. Norðurl. e. og ég fram fsp. í nokkrum liðum varðandi áburðarverksmiðjuna í Gufunesi. Sakir þess, hve skammt var eftir af þingtíma og annríki mikið við afgreiðslu mála, gafst ekki tóm til að taka þessa fsp. á dagskrá og fá svar við henni að því sinni. En þar sem ég tel, að hér sé um mikilvægt mál að ræða, sem snertir mjög eina stærstu framleiðslustétt landsins, bændastéttina, hef ég leyft mér að flytja fsp. þessa á ný, að mestu leyti óbreytta. Þar sem umr. í fsp.-tíma eru takmarkaðar, hef ég að vísu sleppt úr einum lið hinnar fyrri fsp. að þessu sinni. Sá liður fjallaði um eignayfirráð yfir verksmiðjunni. Væntanlega gefst kostur á að ræða það mál nánar við annað tækifæri. Ég vil fara örfáum orðum um fsp., eins og hún liggur nú fyrir.

Það er alkunna, að allt frá upphafi og fram á þennan dag hefur ríkt töluverð óánægja meðal bænda og mikil óánægja, vil ég segja, með áburðinn frá Gufunesi að því leyti, hve smákornóttur hann hefur þótt. Þetta hefur verið svo bagalegt, að það hefur ekki linnt kvörtunum af þeim sökum. Stjórnendum verksmiðjunnar hafa lengi verið þessi vandkvæði ljós, og þeir munu hafa gert ítrekaðar og vafalaust kostnaðarsamar tilraunir til að bæta hér um. Hins vegar fer mjög tvennum sögum af því, hver árangurinn hefur orðið eða hvers árangurs sé að vænta af þessum tilraunum. Því er um þetta atriði spurt, fyrst og fremst um árangurinn. Fróðlegt væri þó einnig að heyra eitthvað um þann kostnað, sem við þessar tilraunir hefur orðið.

Þá hefur því verið haldið fram af mörgum, að kjarnaáburðurinn íslenzki sé allt of einhæfur til að nota hann svo mjög sem gert hefur verið, hann sé snauður af ýmsum efnum, sem jarðvegurinn þarfnist. Sérstaklega hefur í því sambandi verið talað um kalkskort. Að þessum atriðum beinast 2. og 3. liður fsp. minnar.

Í fjórða lagi er að því spurt, hvort uppi séu ráðagerðir um stækkun áburðarverksmiðjunnar, og sé svo, þá hverjar? Á ég þá einkum við, hve mikil stækkun kunni að hafa verið ráðgerð, hve mikið sé áætlað að slík stækkun kosti, hvenær hún verði framkvæmd, og síðast, en ekki síst, hvaða áburðartegund eða áburðartegundir hugmyndin sé að framleiða þá.

Fimmta og síðasta atriðið, sem ég spyr um, snertir mál, sem var mjög umdeilt á sínum tíma og er reyndar nokkuð umdeilt enn í dag. Það er, hvort hagræði eða sparnaður hafi orðið af þeirri ráðstöfun að fela áburðarverksmiðjunni rekstur Áburðarsölu ríkisins. Ég hef að vísu séð því haldið fram í grg. af hálfu verksmiðjustjórnar, að þetta hafi verið hagfelld ráðstöfun. Hins vegar veit ég, að ýmsir, þ. á m. margir bændur, hafa fyrir satt, að þessi ráðstöfun hafi hvorki leitt til hagræðis né sparnaðar, heldur jafnvel þvert á móti. Þess vegna er um þetta atriði spurt einnig.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Mér er ljúft að verða við því að svara þeim fsp., sem hér eru fram settar. Það er rétt, sem hv. fyrirspyrjandi sagði hér áðan, að það vannst ekki tími til þess á s. l. vori vegna þess, hversu fsp. kom seint fram. Ég hef snúið mér til framkvæmdastjóra og verkfræðinga áburðarverksmiðjunnar með þessar fsp. og óskað eftir því, að þeir aðstoðuðu við það að svara þessum fsp., og vil ég styðjast að mestu við það, sem þeir hafa sagt í þessu efni.

Það er þá fyrsta fsp.: „Hafa tilraunir til að auka kornastærð kjarnaáburðar borið árangur?“ Því er til að svara, að það hefur ekki tekizt enn sem komið er að fá kornunina í lag, enda þótt verkfræðingar hafi á s. l. vetri fullyrt, að þetta mundi takast, og ítrekaðar tilraunir hafi verið gerðar í þá átt. Það var 1960, sem fenginn var ameríkskur verkfræðingur frá þekktu vélafirma í Ameríku til þess að gera till. um, hvernig ætti að leysa þennan vanda. Og verkfræðingur þessi eða verkfræðingar, sem að þessu máli unnu, töldu, að þetta mætti gerast, og haustið 1961 var samið við amerískt vélaframleiðslufyrirtæki, verkfræðifirma, að það teiknaði fyrir áburðarverksmiðjuna kerfi til að korna ammoníumnítrat-kristalla, og jafnframt, að sama fyrirtæki seldi vélar þær, sem til þess þyrfti. Í þessu kerfi átti einnig að vera aðstaða til

þess að blanda saman við ammoníum-nítratið öðrum efnum, svo sem kalsíumkarbónati, skeljasandi, til þess að fá köfnunarefnisáburð, er innihéldi kalsíum eða þrífosfat og kalsíumsölt, til þess að fá þrígildan áburð. Teikningu kerfisins var lokið í des. 1961 og uppsetningu véla samkv. þeim teikningum í marz 1962. Hófst þá fyrsti reynslurekstur. En fljótlega kom þó í ljós, að ýmissa breytinga var þörf, miðað við fengna reynslu. Þrátt fyrir þær breytingar, sem hið ameríska fyrirtæki hafði gert á kerfinu, hefur enn ekki fengizt af því slík reynsla, að viðunandi verði talið, og munu fyrirtækinu settir tveir kostir: að bæta úr ágöllum, svo að kerfið reynist nothæft, eða að öðrum kosti að bæta tjónið. M. ö. o.: þetta er ekki komið í lag, og er það vitanlega mjög slæmt. Ég hef ekki kynnt mér það nákvæmlega, hvaða kostnað þessar tilraunir hafa haft í för með sér, enda var ekki um það spurt, en að sjálfsögðu er það ekkert leyndarmál, og því getur framkvæmdastjóri verksmiðjunnar svarað, hvenær sem er, býst ég við. Ég hef ekki spurt að því nýlega og hef ekki þær tölur með mér. En þetta ameríska verkfræðifirma vill ekki gefast upp við þessar tilraunir, enda talið, að hér sé um einhverja óheppni að ræða, sem megi vinna bug á. En það er enginn vafi á því, að stjórn áburðarverksmiðjunnar mun ganga eftir því annað tveggja, að kornunin komist í lag, og þá helzt það, ef það er mögulegt, eða þá að öðrum kosti, að tjónið verði bætt eða sá kostnaður, sem í þetta er kominn. En þá er spurningin þessi: Ef það er útilokað að korna áburðinn og ef hann á áfram að verða svona fínn eins og hveiti, eins og hann hefur verið, hvað er þá til ráða?

Bændur hafa kvartað undan því, hvað áburðurinn er smár, það er alveg rétt. Eigi að síður hefur áburðurinn reynzt vel, það hefur sprottið vel undan kjarnaáburði, þegar hann er notaður á réttan hátt, og innihald áburðarins breytist vitanlega ekki við það, að hann verði kornaður. En eigi að síður er það mjög æskilegt, að það tækist, og ef það er útilokað, þá er náttúrlega sá möguleiki fyrir hendi að framleiða blandaðan áburð og koma áburðinum þannig í annars konar form. — Þetta er fyrsti liður spurningarinnar.

Þá er 2. liður: „Hafa rannsóknir leitt í ljós, að kjarnaáburður sé of kalksnauður fyrir íslenzkan jarðveg?“ Því er til að svara, að það er ekkert kalkinnihald í kjarnaáburði, og það er vitað, að það þarf kalk í jarðveginn. En það er vitanlega ekki útilokað að koma kalki í jörðina, þótt kjarninn innihaldi ekki kalk. Ég hef snúið mér til atvinnudeildar háskólans með þessa fsp. og óskað eftir umsögn þaðan, og hefur Bjarni Helgason jarðvegsfræðingur góðfúslega orðið við því að skrifa mér um þetta. Hann segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Kjarni er, eins og flestir vita, ammoníumnítrat og inniheldur því ekki kalk. Um áhrif kjarna er það vitað úr innlendum tilraunum, að rangri notkun fylgir lélegt fóður og kalið tún. Þetta gildir að sjálfsögðu líka um allar aðrar tegundir áburðar. Flestar innlendar tilraunir með vaxandi magn köfnunarefnisáburðar sýna, að langvarandi notkun kjarna hefur í för með sér minnkandi kalkinnihald uppskerunnar, og er sú lækkun allbreytileg eftir því, hvar er. Aðrar tilraunir sýna, eins og vænta má, að uppskeran eftir kalksaltpétur er allmiklu kalkríkari en uppskera eftir kjarna. Endurteknar rannsóknir á jarðvegssýnishornum og tilraunum tilraunastöðvanna benda ekki til verulegrar lækkunar á sýrustigi af völdum kjarna. Það útilokar þó ekki, að til eru jarðvegstegundir, þar sem sýrustig gæti lækkað tiltölulega ört við mikla notkun hans. Þetta er tekið fram vegna hinnar almennu skoðunar, að kjarni sýri jörðina. Einnig í því sambandi er rétt að vekja athygli á, að mun óljósara samband virðist vera milli sýrustigs og kalkforða í jarðvegi hér á landi en algengt er í flestum nágrannalöndum okkar. Það er því ekki útilokað, að hin óhóflega notkun kjarnans, sem sums staðar á sér stað, kunni að hafa haft einhver neikvæð áhrif á jarðveginn í heild, án þess að hafa beinlínis áhrif á sýrustig jarðvegsins. Rannsóknum varðandi hugsanlega kalk- eða ekki kalkþörf jarðvegsins hér á landi er hvergi nærri lokið, og má í rauninni segja, að þær séu aðeins á byrjunarstigi. Enginn vafi er á, að kalkforði jarðvegsins er sums staðar of lítill til að gefa gott og heilsusamlegt gras. Tilraunir okkar benda til, að sums staðar megi vænta einhvers uppskeruauka með notkun kalks, en kannske ekki mikils og ekki heldur alls staðar. Allar okkar tilraunir sýna samt, að uppskeran verður til muna kalkríkari, þegar kalk er notað, en annars mundi vera. Tilraunirnar sýna líka, að íslenzka kalkið frá sementsverksmiðjunni á Akranesi stendur innfluttu kalki í engu að baki. Það skal skýrt tekið fram, að ekki er með nokkru skynsamlegu móti hægt að mæla með almennri notkun kalks á sama hátt og gert er með tilbúinn áburð. Það er ekki ráðlegt að nota kalk nema að undangenginni rannsókn á kalkþörf vegna þess, hve hin hugsanlega kalkþörf jarðvegsins gæti verið mjög breytileg frá einum stað til annars. Jarðvegsrannsóknir, sem styðjast við vandaðar og viðtækar rannsóknir, hafa hvergi reynzt betur en einmitt í sambandi við leiðbeiningar um kalknotkun. Ef menn hins vegar telja, að um kalkskort kunni að vera að ræða, á meðan aðferðir til að segja fyrir um hugsanlega kalk- eða ekki kalkþörf eru óákveðnar, og eins og málum er háttað hér á landi í dag, er sjálfsagt og eðlilegt, að kalksaltpétur eða kalkammonsaltpétur sé hafður á boðstólum fyrir þá, sem þess æskja. Á þann hátt fæst að nokkru bráðabirgðalausn á hugsanlegum vanda varðandi kalk í íslenzkum jarðvegi.“

Áburðarverksmiðjan þarf nú að flytja inn

mikið af köfnunarefnisáburði og hefur oft haft á boðstólum kalkammonsaltpétur, og er þetta rétt til getið hjá Bjarna Helgasyni, að það er eðlilegt, úr því að flytja þarf inn köfnunarefnisáburð, að það sé þá, meðan á þessum tilraunum stendur, flutt inn kalkammon. Hins vegar liggur það ljóst fyrir, að kalkið, skeljasandurinn frá sementsverksmiðjunni á Akranesi, stendur ekki að baki innfluttu kalki, og skeljasandurinn hefur einnig verið hafður á boðstólum hjá áburðarverksmiðjunni í Gufunesi.

Þriðja spurning er á þessa leið: „Eru á því tæknilegir erfiðleikar að auka kalkinnihald áburðarins, sé það talið æskilegt?“ Hér hefur verkfræðingur áburðarverksmiðjunnar gefið stutt svar: „Eins og nú stendur, er ekki talin ástæða til að blanda íslenzku kalki, skeljasandi, saman við kjarna. Auk þess er talið nauðsynlegt, að viðhöfð verði ýtarleg hreinsun á skeljasandinum, áður en blöndun færi fram.“ Mér fannst þetta svar heldur stutt og laggott, og ég spurði frekar út í það, og það kom þá fram, eins og reyndar var lesið upp hér áðan, að það var gert ráð fyrir því, að um leið og kornunin kæmist í lag í verksmiðjunni með þeim tækjum, sem verið er að setja þar upp núna og reyna, þá mætti blanda kalki saman við. Og það fer saman, að ef það kæmist í lag með þessi tæki, þá er hægt fyrirstöðulaust að blanda kalki saman við.

Fjórða spurning: „Eru uppi ráðagerðir um stækkun áburðarverksmiðjunnar, og þá hverjar?“ Það eru uppi ráðagerðir um það, og stjórn áburðarverksmiðjunnar hefur látið fara fram víðtæka athugun á því, hvernig heppilegast væri að vinna að því máli. Og það er hægt að upplýsa það, að það er nýlokið athugunum á vegum verksmiðjunnar um aukningu áburðarframleiðslu í landinu. Frá því að áburðarverksmiðjan tók til starfa árið 1954 og til ársloka 1963 hefur flatarmál ræktaðs lands aukizt á 10 árum úr ca. 54 þús. ha. upp í 86 þús. ha., eða sennilega nær að segja 90 þús. ha., og hefur ræktaða landið aukizt þannig yfir 60% á þessu tímabili. Notkun köfnunarefnisáburðar hefur á sama tíma vaxið úr 4230 smálestum af hreinu köfnunarefni upp í 9618 smálestir, eða um 127%. Notkun köfnunarefnis á hvern ha. hefur vaxið að meðaltali úr 78.1 kg af hreinu köfnunarefni upp í 111.1 kg á sama tíma, eða um ca. 42%. Með sömu árlegri aukningu ræktaðs lands á næstu 5 árum má ætla, að ræktað land verði orðið 110 þús. ha., sennilega þó meira, árið 1970 og köfnunarefnisþörf landsins þá orðin 12—13 þús. smál. af hreinu köfnunarefni, með óbreyttri notkun á hvern ha. Aukist notkun köfnunarefnisáburðar á afrétti eða annað óræktað land, mundi þörfin 1970 hækka tilsvarandi. Af 9618 smál. notkun köfnunarefnis 1963 nam seld framleiðsla áburðarverksmiðjunnar aðeins 6573 smál., eða 68.3% af heildarnotkuninni. Ef næg raforka hefði verið fyrir hendi og afkastageta verksmiðjunnar, þ. e. 8 þús. smál. af hreinu köfnunarefni á ári, fullnýtt, hefði hún samsvarað 83% af köfnunarefnisnotkun landsins árið 1963. Notkun köfnunarefnis árið 1970 er því áætluð um eða yfir 50% meiri en full afkastageta núverandi verksmiðju, en þar sem álíta verður, að áætlun fyrir þörf aðeins 6 ár fram í tímann nái of skammt, og þar sem aukning afkastagetu verksmiðjunnar um aðeins 50% er hlutfallslega mun kostnaðarsamari en 100% aukning, hafa hinar verkfræðilegu athuganir miðazt við tvöföldun núverandi afkastagetu, eða aukningu framleiðslu um 8 þús. smál. af hreinu köfnunarefni á ári. Athugun sú, sem gerð hefur verið, leiðir í ljós, að til greina gæti komið að stækka verksmiðjuna í áföngum og yrði þá framleiðsluaukning eftir fyrsta áfangann byggð á innflutningi ammoníaks sem hráefnis, þar til síðari áfanga yrði lokið. Sá köfnunarefnisáburður, sem framleiddur væri við aukna afkastagetu, yrði ódýrari á hverja einingu köfnunarefnis en nú er fáanlegur innfluttur.

Þetta er um stækkun verksmiðjunnar. Það var spurt að því hér áðan, hvað þessi stækkun mundi kosta mikið. Og það er gert ráð fyrir því, að það mundi kosta um 95 millj. kr. fyrri áfanginn með því að flytja inn ammoníak sem hráefni. Og mig minnir, að það sé hátt á annað hundrað millj. kr. full stækkun. Þessar tölur hef ég ekki hér, vegna þess að það var ekki spurt um það upphaflega, en það mun vera nálægt þessum tölum samt.

En miðað við það, hvað ræktunin eykst og áburðarnotkunin með hverju ári, þá er vitanlega brýn nauðsyn að stækka verksmiðjuna. Og þó að það hafi ekki heppnazt enn að fá stækkuð kornin í verksmiðjunni og þó að bændur hafi að því leyti til verið óánægðir með áburðinn, þá er ekkert um það að efast, að áburðarverksmiðjan hefur gert þjóðinni mikið gagn, ekki aðeins landbúnaðinum, heldur líka þjóðinni allri, því að bændur hafa flest árin fengið ódýrari áburð frá áburðarverksmiðjunni heldur en hann hefði kostað, ef hann hefði verið innfluttur. Og auk þess hefur áburðarverksmiðjan sparað allmikinn gjaldeyri á þessum tíma. Og þó að ég hafi varpað þeirri spurningu fram áðan, hvað mundi gerast, ef það tækist alls ekki að korna áburðinn eða breyta formi hans, þá er enginn vafi á því, að með blöndun mun verða komizt yfir þennan erfiðleika, sem er og hefur verið höfuðverkur stjórnar verksmiðjunnar og áhyggjuefni um langa tíð. Og ég held, að stjórn áburðarverksmiðjunnar verði ekki sökuð um það, að hún hafi ekki gert það, sem í hennar valdi hefur staðið, til þess að koma þessu í lag.

Þá er það fimmta spurning: „Hefur það leitt til sparnaðar að fela Áburðarverksmiðjunni h/f rekstur Áburðarsölu ríkisins?“ Það er rétt, sem hv. fyrirspyrjandi sagði hér áð-

an, að það hafa ýmsir efazt um, að það hafi leitt til sparnaðar, þótt stjórn áburðarverksmiðjunnar hafi gefið skýrslu um það, sem vitanlega er byggð á reikningum áburðarverksmiðjunnar og nákvæmri athugun endurskoðenda verksmiðjunnar og löggiltum endurskoðanda, Svavari Pálssyni, sem hefur farið ýtarlega í þessi atriði til að sannfærast um það, hvort hér hafi verið um sparnað að ræða. En þrátt fyrir það, þótt það liggi tölulega fyrir, er efazt um, að hér hafi verið um sparnað að ræða eða hér hafi verið stefnt að réttu marki. Og má það með ólíkindum teljast, að menn skuli efast um það, að menn skuli geta efazt um, að það geti verið sparnaður í því að leggja niður skrifstofu hér í Reykjavík og flytja skrifstofustörfin upp í Gufunes, þar sem húsrými og mannskapur var fyrir, að menn skuli efast um það, að það sé sparnaður í því að hætta að leigja vörugeymslu í Reykjavík, þegar vörugeymsla er til í Gufunesi hvort sem er. Þetta er undrunarefni. En það eru tölurnar og reikningarnir, sem tala sínu máli, sem hafa verið yfirfarnir af hinum færustu mönnum, og þá verður náttúrlega ekki lengur efazt um, hvað rétt er í þessu. En ég vil leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hér útdrátt, sem framkvæmdastjóri verksmiðjunnar gaf mér, þar sem byggt er á þeim tölum, sem fyrir liggja:

„Til þess að áhrif þeirrar ráðstöfunar að fela Áburðarverksmiðjunni h/f rekstur Áburðarsölu ríkisins mættu liggja sem ljósast fyrir, hefur áburðarverksmiðjan framkvæmt verðútreikning innflutts áburðar á sama hátt og gert var áður af áburðarsölunni. Áburðarsalan hefur síðan lækkað hið útreiknaða verð um þá upphæð, sem breyttir innkaupa- og innflutningshættir hafa veitt möguleika á.“ Ég tek það fram, að það er löggiltur endurskoðandi, Svavar Pálsson, sem hefur farið yfir þetta. „Fyrsta árið, sem áburðarverksmiðjan annaðist rekstur áburðarsölunnar, varð verðlækkun á þrífosfati 168 kr., verðlækkun frá því, sem verið hefði, ef áburðareinkasalan hefði haft með þetta að gera, 126 kr. á kalí á tonn og blönduðum garðáburði 100 kr. á hverja smálest, miðað við verðreikningsaðferð Áburðarsölu ríkisins, eða samtals 2 millj. 240 þús. kr., sem fram komu í lækkuðu áburðarverði til bænda þetta árið, lækkuðu áburðarverði miðað við það, að áburðareinkasalan hefði haft þetta.“

Og mér finnst þetta ekkert þakkarvert. Áburðarverksmiðjan í Gufunesi hefur skrifstofufólk, hún hefur skrifstofuhús, hún hefur vörugeymslur, hún hefur tæki, og aðstaðan í Gufunesi nýtist betur með því að flytja áburðinn þangað og afgreiða hann þaðan heldur en vera með þetta í tvennu lagi. Það væri eitthvað skrýtið, ef ekki væri sparnaður í þessu. Það eru 2 millj. 240 þús. kr. þetta fyrsta ár. Auk þess skilaði rekstur ársins 1962 600 þús. kr., sem notaðar voru til niðurgreiðslu á innfluttum köfnunarefnisáburði, sem er dýrari en kjarni, og nutu bændur góðs af þessu, þannig að raunverulegur hagnaður fyrsta árið varð 2 millj. 840 þús. kr. af þessu.

Hagkvæmni af þessari ráðstöfun árið 1962 nam því samtals 2 millj. 840 þús., eða 470 kr. á hvert býli í landinu, miðað við, að býlin séu 6000. Árangur þessarar ráðstöfunar er slíkur árið 1963, að lækkun verðlags á áburði á því ári nam 2 millj. 520 þús. kr., eða að meðaltali 420 kr. á hvert býli, en auk þess var rekstrarafgangur 1.8 millj. kr., sem ráðstafað hefur verið til lækkunar á söluverði áburðar á þessu ári, 1964. Árangur þessarar ráðstöfunar árið 1963 er því samtals 4 millj. 320 þús. kr., eða 720 kr. á hvert býli í landinu að meðaltali.

Rekstur áburðarsölu ríkisins í höndum áburðarverksmiðjunnar, sem farið hefur nýjar leiðir í þessum málum, hefur því á tveim árum, 1962 og 1963, gefið hagstæða raun, sem nemur 7 millj. og 200 þús. kr., eða 1200 kr. á hvert býli í landinu að meðaltali, miðað við þessi tvö ár og miðað við það, að áburðarsalan hefði haft með þetta að gera við þær óhægu aðstæður, sem áburðareinkasalan hafði hér í Reykjavík.

Ég vil taka það fram, að það felst ekki nokkur ádeila á áburðareinkasölu ríkisins, þótt þetta komi fram. Áburðareinkasala ríkisins starfaði hér í Reykjavík við óhæga aðstöðu, varð að leigja hér húsnæði, bæði vörugeymslu og skrifstofu. Og ég hygg, að rekstur áburðareinkasölunnar, miðað við þær aðstæður, sem hún hafði, hefði ekki getað verið ódýrari. En miðað við það að nota þá aðstöðu, sem er í Gufunesi, hafa sparazt á þessum tveimur árum 7.2 millj. kr.

Og ég segi það, að það er ekkert undarlegt út af fyrir sig, þótt menn hafi haft nokkuð skiptar skoðanir í fyrstu um það, hvort hér væri rétt stefnt. Það er alltaf eðlilegt, að mönnum sýnist sitt hvað, á meðan reynslan er ekki komin fram. En eftir að reynslan er komin fram, þá hljótum við að vera á einu máli um þetta. Við hljótum hér eftir að vera sammála um, að það hafi verið rétt að gera þetta. Og þeim, sem trúa því ekki, þrátt fyrir tölurnar og staðreyndirnar, þeim verður náttúrlega ekki við bjargandi, en ég reikna alls ekki með því, að nokkur hv. alþingismaður sé þannig.

Þá hef ég svarað þessum spurningum, og ég vona, að hv. fyrirspyrjandi telji það fullnægjandi, en ef svo er ekki, þá mun ég að sjálfsögðu gera tilraun til að bæta úr því, eftir því sem tími er til.

Fyrirspyrjandi (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans. Í þeim fólust ýmsar upplýsingar, sem ég tel að full ástæða hafi verið til að kæmu fram. Ég hef ekki aðstöðu til þess að ræða nokkuð að ráði þá skýrslu, sem hæstv. ráðh. gaf hér í sambandi við það, sem um var

spurt, en skal aðeins minnast á tvö eða þrjú atriði stuttlega.

Það er mjög illt til þess að vita, að ekki skuli hafa tekizt að bæta um áburðinn, að fá kornastærðina í lag. Hæstv. ráðh. hafði það eftir sérfræðingum, að enn væri að vísu ekki alveg vonlaust um, að þetta kæmist í lag, og færi betur að svo yrði, því að allir, sem nota þennan áburð, eru sammála um, að það mundi skipta geysilega miklu máli í sambandi við hagkvæmni alla við notkun hans, ef þetta mætti takast.

Það er sjálfsagt ekki við verksmiðjustjórn eða framkvæmdastjórn að sakast um það, þó að það hafi ekki tekizt að bæta þarna um, en þá virðist aftur á móti, að ekki hafi í upphafi gætt nægrar fyrirhyggju um þetta efni, vandræðin stafi af óheppilegu vali í upphafi á framleiðsluvélum eða framleiðsluaðferð. Er vitanlega illt til þess að vita, þó að nú sé ekki um annað að gera en að reyna að bæta þar um, eftir því sem mögulegt er.

Skýrsla sú, sem hæstv. ráðh. las hér eftir sérfræðing í jarðvegsfræðum, sýnir ljóslega, að það er rétt, sem margir hafa haldið fram, að kjarnaáburðurinn er tiltölulega mjög einhæfur áburður. Þetta eru að vísu ekki ný sannindi, en ég geri ráð fyrir, að mönnum hafi þó ekki almennt verið gert það nægilega ljóst, ekki nægilega snemma, að áburðurinn er með þessu marki brenndur, og því er ég smeykur um, að það sé rétt, sem mjög margir bændur halda fram, að of einhæf notkun þessarar áburðartegundar hafi valdið ýmsum skakkaföllum í sambandi við ræktunarmál.

Að því er varðar síðasta lið fsp., um það, hvort orðið hafi sparnaður eða ekki af þeirri ráðstöfun að leggja Áburðarsölu ríkisins undir áburðarverksmiðjuna í Gufunesi, um það atriði skal ég ekki ræða að þessu sinni. Ég hef ekki plögg í höndunum um það og raunar ekki annað við að styðjast en annars vegar skýrslu verksmiðjustjórnar og þá grg., sem hæstv. ráðh. las hér og sýnir tölulega allverulegan hagnað af þessari ráðstöfun, hins vegar hef ég fyrir því orð ýmissa glöggra manna, m. a. úr bændastétt, að eitt og annað sé við þessa útreikninga að athuga, þannig að þar komi ekki öll kurl til grafar. En sem sagt, um þetta efni hef ég ekki þau gögn í höndum, að ég geti um það rætt frekar.

Ég endurtek þakklæti mitt til hæstv. ráðh. og tel vel farið, að þessi mál hafi nú skýrzt nokkuð við þá grg., sem hann flutti.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Hæstv. landbrh. heldur því fram, að það hafi orðið mikill fjárhagslegur ávinningur við það að leggja niður áburðareinkasölu ríkisins og fela áburðarverksmiðjunni verzlun með áburðinn. Og hann var með tölulestur mikinn í því sambandi og komst upp í nokkrar millj., sem hann sagði að þessi hagnaður hefði orðið. Ég verð að segja það, að mér finnst þetta allt nokkuð vafasamt og ástæða til að efast um, að þetta sé í raun og veru eins og fram kemur í tölum hæstv. ráðh., því að hann tók það fram, að allt væri þetta miðað við það, hvað kostnaður við reksturinn væri núna í höndum áburðarverksmiðju ríkisins og hvað hann hefði orðið, ef áburðareinkasalan hefði starfað áfram. Nú skilst mér, að það liggi ekkert fyrir um það, hvað hefði orðið með óbreyttu fyrirkomulagi. Það getur enginn okkar sagt um það, hvað kostnaður hefði orðið við rekstur áburðareinkasölunnar, ef hún hefði starfað áfram.

En það var nú ekki síður annað, sem kom mér til þess að biðja um orðið. Í ríkisreikningum er einn liðurinn að sjálfsögðu áburðarsalan, Áburðarsala ríkisins. Hún er hér talin með öðrum ríkisstofnunum, og mér sýnist síðasti ríkisreikningur, sem við fengum nýlega í hendur, reikningurinn fyrir næstliðið ár, 1963, benda til þess, að þetta sé orðin gróðalind fyrir ríkið, salan á áburði. Árið 1962 segir í ríkisreikningi, að brúttóhagnaður af vörusölu áburðarsölunnar hafi orðið 1 millj. 347 þús. og nokkrar krónur að auki. Og þá er rekstrarhagnaður áburðarsölunnar 325 þús. kr. En svo færast menn mjög í aukana, því að samkv. reikningnum 1963 er brúttóhagnaður af vörusölunni kominn upp í 3 millj. 992 þús. kr. Hann er sem sagt nærri þrisvar sinnum hærri en 1962, þ. e. a. s. álagningin á þessa vöru, verzlunarálagningin á þessa vöru. Nú hefur vörusalan orðið eitthvað töluvert meiri síðara árið en hið fyrra. Ég hef nú ekki gögn, sem sýna það, en það er samt af þessu ljóst, að álagningin hefur verið hækkuð alveg stórkostlega. Enda sýnir rekstrarútkoman það samkv. ríkisreikningnum síðasta. Rekstrarhagnaður af áburðarsölunni árið 1963 hefur orðið 2 millj. 136 þús. kr. Það er 6—7 sinnum meira en árið áður. Og þessi hagnaður er talinn hér á ríkisreikningi með öðrum tekjum af rekstri ríkisstofnana. Þar er náttúrlega áfengis- og tóbaksverzlun langsamlega hæst, því að hún skilar í ríkissjóð 357 millj. á því ári. En svo kemur áburðarsalan þar næst á eftir. Hún skilar rúmlega 4 sinnum meiri rekstrarhagnaði í ríkissjóð en Innkaupastofnun ríkisins. Það er á 3. millj., sem ríkið tekur þarna af áburðarsölunni. Ég held, að það hafi aldrei verið til þess ætlazt, að þetta yrði gróðavegur fyrir ríkið, að útvega bændum áburð, en það er orðið það.

Mér finnst ástæða til að gera athugasemd við þetta. Og hér þarf áreiðanlega að verða breyting á. Áburðarverksmiðjan og áburðarsalan á að vera þjónusta við landbúnaðinn, en ekki gróðalind fyrir ríkissjóð að annast þennan rekstur.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er nú einhver misskilningur hjá hv. 1. þm. Norðurl. v., að áburðareinkasalan sé gróðalind fyrir ríkissjóð. Þótt hann hafi lesið þarna upp úr ríkisreikningunum, þá er þar um hreinan misskilning að ræða. Hitt er svo

annað mál, að út af fyrir sig er eðlilegt, að það komi fram á reikningum áburðareinkasölunnar, því að hún er enn þá til samkv. lögum, hún hefur ekki verið lögð niður. Og á meðan er hún ríkisstofnun, og þegar rekstur inn gengur vel, þá hlýtur að koma fram hagnaður. Og þegar sparaðar eru 7.2 millj. kr. á tveimur árum, þá er eðlilegt, að komi hagnaður. Það er rökrétt að ætla, að ef ekki hefði verið þannig haldið á málum að spara þessar 7.2 millj., þá hefði orðið nokkurra millj. kr. tap eða þá að áburðinn hefði orðið að selja þeim mun hærra verði til bænda, ef ekki átti að verða tap.

Ég gerði ekki ráð fyrir því, að nokkur hv. þm. efaðist lengur um, að það hefði verið sparnaður að því að breyta þessu fyrirkomulagi. En það virðist nú svo, að hv. 1. þm. Norðurl. v. efist enn um, að rétt sé farið með, þegar rætt sé um sparnað, sem orðið hefur við það að fela áburðarverksmiðjunni rekstur áburðareinkasölunnar. Hann segir: Hver veit, hver kostnaðurinn hefði orðið hjá áburðareinkasölunni, ef hún hefði starfað? — Ég geri nú ráð fyrir því, að eins reikningsglöggur maður og hv. 1. þm. Norðurl. v. er, væri ekki í vandræðum að gera sér grein fyrir því. Það er alveg vitað, hvað áburðareinkasalan hefði orðið að greiða í húsaleigu, bæði í vörugeymslunum og skrifstofunum. Það er alveg vitað, hvað hún hefði orðið að borga í kaup. Og eins og löggiltur endurskoðandi, Svavar Pálsson, og sennilega endurskoðendur áburðarverksmiðjunnar hafa fundið þetta út, svo er ég sannfærður um, að hv. 1. þm. Norðurl. v. hefði ekki verið í nokkrum vandræðum með það, ef hann hefði sett sig inn í það. Og það er ekki nokkur vafi á því, að þessi hv. þm. getur fengið að sjá alla reikninga í þessu sambandi og sannfærast, því að ég teldi það nokkurs virði, að hann gæti áttað sig á því, hvað hér er um að ræða. Og þá mundi hann einnig sannfærast um það, að áburðarverzlunin í landinu er ekki rekin með það fyrir augum að útvega ríkissjóði tekjur, heldur eingöngu með það fyrir augum að láta bændur fá sem ódýrastan áburð.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég ætla ekkert að deila við hæstv. ráðh. um þessar 7.2 millj., sem hann telur, að þarna hafi grætzt við þessa breytingu á fyrirkomulagi áburðarsölunnar, því að ég hef bent á, að það er svo ákaflega ótraustur grundvöllur undir þessum útreikningum hans, jafnvel þó að hann beri fyrir sig einhvern löggiltan endurskoðanda. Ég mundi aldrei treysta mér til að segja það, hver kostnaður hefði orðið við áframhaldandi rekstur stofnunar, sem var lögð niður fyrir nokkrum árum, ef hún starfaði enn í dag, og ég geri ekki ráð fyrir, að hæstv. ráðh. hafi neinn mann, sem getur sagt um það með nokkurri vissu, svo að þetta er ákaflega ótraust allt saman. En hafi einhver hagnaður af þessu orðið, sem ég skal ekkert um segja, átti hann þá ekki að koma fram í lækkuðu áburðarverði til bænda? Ég hefði haldið það. En í stað þess er tekið á 3. millj. kr. árið sem leið af áburðarsölunni beint inn í ríkissjóð, 6—7 sinnum hærri upphæð en var þó árið áður. Það er þetta, sem ég geri aths. við og tel, að hér þurfi að verða breyting á. Það á ekki að verða gróðafyrirtæki fyrir ríkið, hvorki framleiðsla né sala tilbúins áburðar.

3. Frestun verklegra framkvæmda.

Á deildafundum 20. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til ríkisstj. um frestun verklegra framkvæmda [24. mál, 2] (A. 24).

Á 4. fundi í Sþ., 21. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 36 shlj. atkv.

Á 7. fundi í Sþ., 28. okt., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 24 hef ég ásamt tveimur öðrum hv. þm., Halldóri Ásgrímssyni og Ingvari Gíslasyni, leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. ríkisstj., sem er svo hljóðandi:

„Hefur ríkisstj. notað heimild í 6. gr. l. nr. 1 1964, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins o. fl., og frestað verklegum framkvæmdum, sem fé var veitt til á fjárl. 1964. Ef svo er, þá hverjum?"

Eins og um getur í fsp. þessari, var það ákvæði í 6. gr. l. nr. 1 frá 1964, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, að ríkisstj. hefði heimild til þess að fresta verklegum framkvæmdum, sem fé var veitt til á fjárl. 1964. Nú er það kunnara en frá þurfi að segja hv. alþm., að þær verklegar framkvæmdir, sem ákveðnar eru á fjárl. hverju sinni, eru mestu nauðsynjar og ekki er gengið lengra í því en brýna nauðsyn ber til. Nú er mér því forvitni á að vita, hvort hæstv. ríkisstj. hefur notað þessa heimild og á hvern hátt hún hefur verið notuð, ef til framkvæmda hefur komið.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þessari heimild hefur ekki verið beitt.

Fyrirspyrjandi (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að eyða löngu máli í að þakka hæstv. forsrh. fyrir svar hans. Það gleður mig stórum, að hæstv. ríkisstj. skyldi ekki nota þessa heimild, því að það hefði ekki verið hyggilegt, ef svo hefði verið að farið. Ég þakka svarið.

4. Hjúkrunarmál.

Á deildafundum 27. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til heilbrmrh. um hjúkrunarmál [35. mál, 3] (A. 36).

Á 7. fundi í Sþ., 28. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Forseti (BF): Ég vil í sambandi við síðustu fsp. benda hv. flm. á, að 1. og 2. liður fsp. í heild heyrir undir menntmrh., en ekki heilbrmrh. (Gripið fram í.) Það breytir ekki í sjálfu sér neinu, því að hægt er að hafa þann hátt á að senda báðum ráðuneytunum fsp., og þau geta svo útkljáð það sín á milli, hvor ráðherrann svarar.

Fsp. leyfð með 37 shlj. atkv.

Á 8. fundi í Sþ., 4. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Ég vil biðja velvirðingar á þeim formgalla þessarar fsp. minnar um hjúkrunarmál, að ég hef beint henni í öllum liðunum til hæstv. heilbrmrh., enda þótt sumir liðanna fjalli um Hjúkrunarskóla Íslands, sem heyrir undir menntmrh. Ég vona, að þetta komi ekki að sök.

Það er öllum hv. alþm. kunnugt, að hér er mjög mikill og að því er virðist vaxandi skortur hjúkrunarliðs. Þetta er orðið svo mikið og alvarlegt vandamál, að það torveldar stórlega eðlilegan rekstur þeirra sjúkrahúsa, sem nú eru í landinu, og mega þau þó sízt við því, þar sem sjúkrahúsaskortur er hér mikill, eins og allir vita. Nú er hins vegar unnið að því að bæta mjög verulega úr sjúkrahúsaskortinum, sérstaklega hér í höfuðstaðnum, þar sem bæði er í smíðum mikil viðbót við landsspítalann og borgarsjúkrahús. Þessum framkvæmdum hefur að vísu miðað of hægt miðað við hina ákaflega brýnu þörf, en nú er auðsæ viðleitni í þá átt að auka heldur skriðinn í þessum efnum, og ber að fagna því. En áður en ný sjúkrahús geta með eðlilegum hætti tekið til starfa, þarf tvímælalaust að gera mikið átak í þá átt að bæta úr hinum mikla og alvarlega skorti, sem hér er nú þegar á sérmenntuðu hjúkrunarliði. Það þarf vitanlega að kanna allar hugsanlegar leiðir til þess að bæta úr til bráðabirgða. Mér er ljóst, að það er fráleitt auðgert, en þörfin er svo brýn, að til allra tiltækra ráða verður að grípa. Þrennt sýnist koma þar helzt til greina. Í fyrsta lagi að freista þess að ráða hingað erlent hjúkrunarfólk. Þetta mun vafalítið torvelt, a. m. k. í stórum stíl, því að víðast hvar er mikill skortur á fólki með þessa þjálfun og menntun. Það er víðar en hér, sem þannig er ástatt. Í öðru lagi að gera hjúkrunarkonum, sem eru húsmæður, kleift að vinna hjúkrunarstörf, t. d. með skipulagðri heimilishjálp í einni eða annarri mynd. Og í þriðja lagi væri vissulega vert að athuga, hvort ekki mætti efna til námskeiða fyrir stúlkur og jafnvel pilta, fólk, sem gæti orðið aðstoðarfólk við hjúkrunarstörf, meðan skorturinn á fulllærðu hjúkrunarfólki er eins mikill og hann er nú.

Þetta eru þau atriði, sem m. a. þyrfti að taka til athugunar nú þegar, ef það hefur ekki verið gert, til þess að bæta úr allra brýnustu þörfinni. En hitt er svo öllum ljóst, að til frambúðar er það eina úrræðið að stækka mjög og efla hjúkrunarskólann, jafnframt því sem hjúkrunarfólki verði á hverjum tíma tryggð viðunandi launakjör. Nýtt húsnæði fyrir hjúkrunarskólann er nú í byggingu, og það þarf vitanlega að komast í fullt gagn sem allra fyrst. Því ber að fagna, að í fjárlagafrv. fyrir næsta ár eru ætlaðar 7 millj. kr. til þessarar bráðnauðsynlegu framkvæmdar, en hvort það er hins vegar nægilegt, eins og á stendur, miðað við hina brýnu þörf, það er mér ókunnugt um. En þess er að vænta, að hæstv. ríkisstj. tryggi það, að hið nýja húsnæði hjúkrunarskólans komist í notkun sem allra fyrst.

En jafnframt þarf að huga hér að mikilvægu atriði. Það verður að tryggja hjúkrunarskólanum næga og góða kennslukrafta. Það er nú þegar, eftir því sem mér er tjáð, alvarlegur skortur á hjúkrunarkonum með nauðsynlega framhaldsmenntun, sem geta tekið að sér þjálfun og kennslu við skólann, þegar hann stækkar. Mér er jafnvel tjáð, að skólastjóri og þær kennslukonur aðrar, sem nú bera hita og þunga dagsins að því er varðar þetta starf, þær séu þegar ofhlaðnar störfum. Það skortir mikið á, að við eigum í dag næga kennslukrafta til að vinna við skólann, og þá enn þá fremur, þegar hann stækkar verulega.

Hér þarf tvímælalaust að gera skjótar ráðstafanir af hálfu hins opinbera til þess að ráða bót á þessu, t. d. með því að veita sérstaka styrki vel hæfum hjúkrunarkonum, sem vildu búa sig undir þetta ábyrgðarmikla starf, með því að leita framhaldsnáms erlendis.

Ég tel ekki þörf á að fylgja þessari fyrirspurn úr hlaði með fleiri orðum. Ég veit, að hæstv. ríkisstj. gerir sér grein fyrir, að skortur hjúkrunarliðs er mikið vandamál, sem verður að ráða sem skjótasta og bezta bót á. Ég er þess einnig fullviss, að hv. Alþingi mun stuðla að því fyrir sitt leyti, að farsæl lausn þessa máls náist, svo sem með því að heimila nauðsynlegar fjárveitingar í því skyni.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Vegna skiptingar starfa okkar ráðh. mun ég svara hér 1. lið spurningarinnar, en menntmrh. 2. og 3. lið.

1. liður er um það, hvaða ráðstafanir hafi verið gerðar af hálfu heilbrigðisstjórnarinnar vegna skorts á hjúkrunarfólki í sjúkrahúsum. Ég hygg, að það komi nokkuð ljóst fram af

bréfi landlæknis til mín, dags. 29. okt., sem er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Á s. l. hausti fóru fram viðræður, einkum milli borgarlæknis og landlæknis og síðan við ýmsa aðila hjúkrunarstéttarinnar, um þjálfun á nýju starfsliði til hjúkrunarstarfa, til þess að reyna að einhverju leyti að bæta úr hinum mikla skorti, sem nú er á hjúkrunarkonum í landinu. Hinn 20. febr. s. l. var málið tekið fyrir á fundi skólanefndar Hjúkrunarskóla Íslands. Auk nefndarmanna sátu þennan fund skólastjóri hjúkrunarskólans, frk. Þorbjörg Jónsdóttir, formaður Hjúkrunarfélags Íslands, frk. Anna Loftsdóttir, og varaformaður, frk. María Finnsdóttir, varaforstöðukona landsspítalans, frk. Sigurlína Gunnarsdóttir, og borgarlæknir. Voru menn á einu máli um, að nauðsyn bæri til að fá sérstaklega þjálfað fólk til að létta einfaldari störfum af hjúkrunarkonum á sjúkrastofnunum hér á landi. Greindi menn nokkuð á um, hve mikla menntun þetta hjálparlið skyldi hljóta, en flestir álitu, að rétt væri að gera ekki háar kröfur í þessu efni, a. m. k. ekki fyrst í stað, betra væri að fikra sig áfram, eftir því sem reynslan segði til um."

Kvaðst landlæknir fús til að beita sér fyrir nánari athugun málsins. Í samræmi við það tilnefndi ég í byrjun marz 1964 menn til þess að gera till. um nám og starfssvið hjálparfólks við hjúkrunarstörf í sjúkrahúsum og öðrum stofnunum, og hafa þessi átt sæti í n.: Príorinna St. Jósefsspítalans að Landakoti, systir Hildegard, forstöðukona landsspítalans, frk. Sigríður Bachmann, skólastjóri Hjúkrunarskóla Íslands, frk. Þorbjörg Jónsdóttir, varaformaður Hjúkrunarfélags Íslands, frk. María Finnsdóttir, forstöðukona Kleppsspítalans, og borgarlæknir, dr. Jón Sigurðsson, sem jafnframt var tilnefndur formaður n. N. hélt alls 7 fundi, og var hún sammála um nauðsyn á þjálfun hjálparfólks við hjúkrunarstörf og setti fram till. um nám og starfssvið. Til þess að koma á sérstökum reglum um nám þetta þótti eðlilegast að breyta hjúkrunarlögunum á þann veg að fá þar inn heimild til að setja á stofn slíkt nám og ákveða það síðan nánar með reglugerð.

Þessu bréfi landlæknis fylgdu svo drög að frv. til nýrra hjúkrunarlaga, og þau drög eru samin í samráði við skólastjóra Hjúkrunarskóla Íslands og stjórn Hjúkrunarfélags Íslands. Til rökstuðnings fyrir þessum frumdrögum að frv. til nýrra hjúkrunarlaga er þetta tekið fram:

„Aðalástæðan til endurskoðunar hjúkrunarkvennalaganna er hinn mikli skortur á hjúkrunarkonum á landinu. Ein leið til að bæta að nokkru úr þeim skorti er að þjálfa sérstaka stétt aðstoðarfólks, er vinni við hjúkrunarstörf undir stjórn hjúkrunarkvenna. Hefur þessi leið verið farin erlendis og mun hafa reynzt vel. Þykir því rétt að heimila með lögum sams konar ráðstöfun hér á landi. Aðstoðarfólk þetta hlýtur aðallega verklega þjálfun um nokkurra mánaða skeið. Það vinnur ekki á eigin spýtur, en tekur að sér ýmis vandaminni störf undir stjórn hjúkrunarkvenna og getur því að vissu marki komið í stað þeirra."

Mál þetta eða frv. hefur verið undirbúið af landlækni og borgarlækni í samráði við hjúkrunarkvennasamtökin í landinu og stjórn Hjúkrunarskóla Íslands og fleiri aðila, og er í ráði, að Rauði kross Íslands taki að sér að stjórna þjálfun þessa starfsfólks.

Till. um þetta nýja frv. til breyt. á hjúkrunarlögunum er nú til athugunar í dómsmrn., og geri ég ráð fyrir að leggja fram frv. hér að lútandi innan mjög skamms á Alþingi. Ég skal aðeins í þessu sambandi vegna þess, sem fram hefur komið hjá hv. fyrirspyrjanda um hjúkrunarkvennaskortinn, veita eftirfarandi upplýsingar, sem skrifstofa ríkisspítalanna hefur gefið mér varðandi helztu stofnanir, sem undir hana heyra. Það er í fyrsta lagi landsspítalinn. Er talið, að í spítalanum séu 58—59 hjúkrunarkonur, en ættu að vera 64 samkv. áætluðum fjölda. Það eru því 91.4% af stöðum hjúkrunarkvenna þar setnar. Síðan segir um legudaga og nýtingu sjúkrarýmisins, að nýtingin á sjúkrarýminu hafi verið þar um 99.07% fyrstu 3 ársfjórðungana, en mánuðina júní—sept. fór fram viðgerð á fjórum sjúkrastofum, einni í einu, í handlæknisdeild landsspítalans. Nýting rúma í þessari deild er 95.3% að meðaltali fyrstu 9 mánuði ársins. Í októbermánuði var ein sjúkrastofa í handlæknisdeild ónotuð vegna skorts á hjúkrunarkonum. Þessi stofa er nú aftur í notkun frá 1. nóv. Um fæðingardeildina segir svo, að í deildinni starfi um 13 hjúkrunarkonur og 20 ljósmæður. Í áætlun var gert ráð fyrir 19 hjúkrunarkonum og 14 ljósmæðrum. Í fæðingardeildinni starfa því 6 ljósmæður í stöðum, sem í áætlun er gert ráð fyrir hjúkrunarkonum, en heildartalan er svo sem þar hefur verið áætlað. Samkv. legudögum og nýtingu í fæðingardeild hefur hún verið að fullu nýtt, eins og gert hefur verið ráð fyrir. Í Vífilsstaðahælinu starfa nú 10 hjúkrunarkonur, en ættu að vera 11 samkv. áætlunum þar um. Í Kleppsspítalanum starfa nú 21—22 hjúkrunarkonur, en þar hefur verið gert ráð fyrir að störfuðu 33. Vantar því þar um ⅓ hluta þeirra hjúkrunarkvenna, sem þörf er fyrir. Að nokkru leyti mun bætt úr þessu með starfi ófaglærðs vinnukrafts, en þarna er ástandið mjög alvarlegt, einkum og sér í lagi vegna þess, hve yfirálagið er mikið á Kleppsspítalanum, og er það yfirálag sjúklinga um 34 að meðaltali á dag, miðað við það, sem teljast mætti eðlilegt. Það er, eins og hv. þm. er kunnugt um, eitt alvarlegasta viðfangsefnið á sviði heilbrigðismálanna eða varðandi byggingu nýrra heilbrigðisstofnana að bæta úr hinum tilfinnanlega skorti vegna geðsjúklinga hér á landi, og gerði ég nánar grein fyrir því á síðasta þingi. Það er að því unnið og gert ráð fyrir vissum bráðabirgða-

ráðstöfunum, sem ég vék einnig að þá og skal ekki minna á nú. En hér er mjög alvarlegt mál á ferðinni og mikið átak framundan, sem sjá verður fyrir úrlausn á á næstu árum, bæði með miklum fjárveitingum og einnig skjótum aðgerðum. Í fávitahælinu í Kópavogi er umönnun og gæzla vistmanna unnin af gæzlusystrum í stað hjúkrunarkvenna, og undanfarin ár hefur hælið haft þann vinnukraft, sem þörf hefur verið fyrir.

Ég held þá, að með þessu sé svarað, eftir því sem hægt er að svo komnu máli, 1. lið fsp.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það fellur í minn hlut að svara 2. og 3. lið þessarar fsp.

1962 samþykkti Alþingi ný lög fyrir Hjúkrunarskóla Íslands, en samkv. ákvæðum 2. gr. þeirra laga starfar skólinn nú undir yfirstjórn menntmrn., en starfaði áður undir yfirstjórn heilbrmrn. Svo sem kunnugt er, var fyrri áfangi hjúkrunarskólans reistur á árunum 1953—1959, en síðari áfanganum var frestað. Í honum áttu m. a. að vera allar kennslustofur stofnunarinnar, auk fullkomins eldhúss, borðstofu og setustofu, svo og íbúð fyrir skólastjórann, ásamt viðbót við heimavist, er svaraði til vaxandi þarfa. Fram að þessu hefur skólinn því þurft að reka alla starfsemi sína í húsnæði, sem upphaflega var einungis ætlað fyrir heimavist hans. Hjúkrunarskólanum hefur verið brýn þörf á auknu kennsluhúsnæði. Skortur á nauðsynlegum fjárveitingum hefur hins vegar valdið því, að ekki hefur verið unnt að hefjast handa um framkvæmdir við viðbótarbyggingu skólans. Hins vegar hefur verið unnið að undirbúningi slíkra framkvæmda.

Skólanefnd hjúkrunarskólans hefur fyrir alllöngu komið sér saman um stærð viðbótarbyggingarinnar og fyrirkomulag hennar, og uppdráttum að byggingunni er nú að fullu lokið. Er öll viðbótarbyggingin talin vera um 7540 rúmmetrar að stærð og kostnaðaráætlun nemur um 18 millj. kr. Þá hefur verið gengið frá útboðslýsingu að kennsludeildinni, en það er sá hlutinn, sem allir eru sammála um að brýnust þörf sé á að koma upp. Verður kennsludeildin um 5000 rúmmetrar að stærð, en samkv. áætlun húsameistara ríkisins mun kosta um 4 millj. kr. að gera þennan hluta byggingarinnar fokheldan. Í fjárlagafrv. fyrir árið 1965, 20. gr., er gert ráð fyrir 7 millj. kr. fjárveitingu til byggingar hjúkrunarskóla. Með þessari fjárveitingu, ef þessi till. hlýtur samþykki hins háa Alþingis, — en vart mun ástæða til að gera ráð fyrir öðru en að svo verði, — mun hægt að hefjast handa af fullum krafti um byggingu kennsludeildar hjúkrunarskólans þegar á næsta ári, eða strax og útboði verksins er lokið og samningar hafa verið gerðir við væntanlegan verktaka. Hér er um að ræða þá fjárhæð, sem athuganir hafa sýnt, að unnt verði að vinna fyrir á næsta ári.

Á undanförnum 5 árum hafa að meðaltali útskrifazt úr hjúkrunarskólanum um 35 hjúkrunarkonur á ári. Er þetta of lág tala og augljós þörf á aukningu nemendafjöldans, svo að hægt verði að taka í notkun og reka hinar nýju sjúkrastofnanir, sem á næstu árum mun komið upp í landinu. Í heimavist hjúkrunarskólans eru nú um 90 nemendur, en gert er ráð fyrir, að hún stækki, svo að nemendum þar fjölgi upp í 130. Utan skólans er gert ráð fyrir að búi 100—120 nemendur, sumpart í sjúkrahúsum og sumpart á einkaheimilum í Reykjavík eða nágrenni. Getur þá fjöldi nemenda í skólanum orðið 230—250 alls. En til þess að þetta megi takast, er ekki einungis nauðsynlegt, að veitt verði það fé, sem nú er farið fram á í frv. til fjárl., heldur og að fjárveitingavaldið sjái sér fært að samþykkja enn frekari fjárveitingar á næstu tveimur árum a. m. k., svo að unnt verði að halda viðstöðulaust áfram framkvæmdum við viðbótarbyggingu hjúkrunarskólans, þar til henni er að fullu lokið. Með því móti einu er hægt að gera ráð fyrir, að skólinn geti tekið að fullu til starfa í nýjum húsakynnum innan 2—3 ára. Hins vegar mun hin nýja kennsludeild væntanlega verða tilbúin mun fyrr, en hún á að leysa úr brýnustu þörf.

Enda þótt húsnæðisskortur hafi staðið hjúkrunarskólanum fyrir þrifum, er það þó mála sannast, að annað vandamál steðjar að honum, sem í eðli sínu er engu síður alvarlegt fyrir vöxt hans og viðgang, en það er skorturinn á hæfum og sérmenntuðum kennurum til starfa við skólann. Með úrskurði kjaradóms um laun og kjör ríkisstarfsmanna hinn 1. júlí 1963 var gerð veruleg bót á launakjörum fólks, sem vinnur að hjúkrunarstörfum, en þá var því skipað í 13. launaflokk opinberra starfsmanna. Kennurum í hjúkrunarskóla var þá skipað í 16. launaflokk. Hins vegar er þess að geta, að til þess að öðlast full réttindi sem kennari í hjúkrunarfræðum er nauðsynlegt, að viðkomandi takist á hendur alllangt framhaldsnám erlendis, sem er mjög kostnaðarsamt. Munurinn á launum hjúkrunarkvenna og hjúkrunarkennara samkv. skipun í launaflokka samkv. kjaradómi er á hinn bóginn ekki mikill, og sannleikurinn er sá, að hjúkrunarkonurnar geta í flestum tilfellum fengið fullt svo góð eða jafnvel betri kjör með því að starfa við sjúkrahúsin heldur en fást við kennslu við skólann. Fastir kennarar við skólann eru nú aðeins 3 utan skólastjóra, en heimild er fyrir 6 kennarastöðum, og við stækkun skólans mun skapast þörf á enn fleiri kennurum við skólann. Eins og ég sagði áðan, hefur reynzt mjög erfitt að fá nægilega marga og nægilega vel menntaða kennara við skólann. Þetta mál er allt hið erfiðasta viðfangs, en lausn þess hins vegar mjög brýn, og mun allt verða gert til að leysa það á viðunandi hátt og tryggja hjúkr-

unarskólanum þannig næga kennslukrafta í náinni framtíð. Skólanefnd hjúkrunarskólans vinnur nú að samningu nýrrar reglugerðar fyrir skólann.

Fyrirspyrjandi (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. báðum fyrir svör við fsp. mínum. Það hafa komið þar fram greinargóðar upplýsingar um, hvernig þessi mál standa og að þar er við ýmis vandamál að etja, sem verið er að vinna að lausn á, a. m. k. sumum hverjum, og ég hef í rauninni ekki öðru við það að bæta, sem ég sagði í orðum mínum hér áðan, heldur en því, að ég treysti því, að í þessu máli verði haldið áfram að vinna af fullri alvöru og krafti að lausn þeirra, þangað til viðunandi skipan er komin þar á. Og ég vil undirstrika það, sem kom greinilega fram hjá hæstv. menntmrh., að það má ekki láta það atriði eftir liggja að tryggja hjúkrunarskólanum á næstu árum næga og hæfa kennslukrafta, og ég hygg, að það verði að finna ný úrræði til þess, m. a., eins og ég benti á, kæmi þá til greina að styrkja sérstaklega þau kennaraefni, sem vildu nú á næstu missirum eða árum leggja út í þetta bráðnauðsynlega nám.

5. Umferðarkennsla.

Á deildafundum 3. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til menntmrh. um umferðarkennslu [43. mál, 2] (A. 47).

Á 8. fundi í Sþ., 4. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 35 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Sþ., 11. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Jón Skaftason): Herra forseti. Hin tíðu umferðarslys, sem hafa orðið á götum landsins á undanförnum árum, hafa að sjálfsögðu vakið fólk til umhugsunar um, hvort ekki væri hægt að gera öryggisráðstafanir, sem til þess væru fallnar að draga úr þessum hörmulegu slysum. Á árinu 1958 voru sett hér á landi ný umferðarlög. Mér er kunnugt, að við undirbúning þeirra laga var leitað ráða og álits hinna færustu manna, og sú n., sem undirbjó þetta frv., eyddi í það talsverðri vinnu og tíma. Í 83. gr. umferðarl., nr. 26 frá 1958, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Kennsla í umferðarreglum skal fara fram í barna- og unglingaskólum. Menntmrh. setur reglugerð um tilhögun kennslunnar og prófkröfur."

Í samræmi við þetta var svo á árinu 1960 sett reglugerð nr. 51, um umferðarkennslu í skólum landsins. Í 3. gr. þeirrar reglugerðar segir þannig: „Í barna- og unglingaskólum skal umferðarfræðsla vera einn þáttur skyldunámsins." Og enn fremur í 9. gr. sömu reglugerðar segir: „Í Kennaraskóla Íslands og Íþróttakennaraskóla Íslands skal umferðarfræðsla vera skyldunámsgrein." Enn fremur: „Halda skal námskeið fyrir kennara, sem réttindi vilja öðlast til að kenna börnum og unglingum umferðarmál."

Að sjálfsögðu var ákvæðum laganna og ákvæðum reglugerðarinnar, sem ég var hér áðan að lesa, fagnað mjög af öllum almenningi, sem taldi, að kennsla í umferðarmálum væri vel til þess fallin að reyna að fyrirbyggja hin tíðu umferðarslys. Lögin út af fyrir sig og reglugerðin, sem sett hefur verið á grundvelli þeirra, er að mínu viti mjög skýr og góð, og tel ég, að þar þurfi engu að breyta. Hins vegar eru menn ekki á eitt sáttir um framkvæmd þessara ákvæða, og því er borin fram sú fsp., sem hér er rædd og er í tveim liðum. En fyrri liður hennar hljóðar þannig:

„Hvernig hefur verið framkvæmt ákvæði 83. gr. umferðarl., nr. 26 frá 2. maí 1958, um kennslu í umferðarmálum í barna- og unglingaskólum landsins?"

Og b-liður:

„Hversu miklu fé hefur verið varið úr ríkissjóði til þessarar fræðslu, frá því að lögin tóku gildi?"

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þessa fsp.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Sívaxandi umferð hefur valdið stóraukn-um vandamálum á síðari árum, vandamálum, sem eiga eflaust enn eftir að vaxa með vaxandi umferð og aukinni bifreiðaeign hér á landi. Umferðarslysum hefur því miður einnig farið fjölgandi hin síðari ár, og er þar skemmst að minnast alvarlegra slysa nú fyrir skömmu. Með hliðsjón af þessu vil ég taka fram, að ég tel hér vera um mikið og alvarlegt vandamál að ræða, sem ég tel skólana eiga að eiga eins mikinn þátt í að vinna gegn og unnt er. Þess vegna tel ég í alla staði eðlilegt, að þessi fsp. sé komin fram, og skal leitast við að svara henni sem ýtarlegast.

Umferðarl. eru frá 2. maí 1958. Í 83. gr. l. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Kennsla í umferðarreglum skal fara fram í barna- og unglingaskólum. Menntmrh. setur reglugerð um tilhögun kennslunnar og prófkröfur."

Með bréfi menntmrn. 13. júní 1958 var þess óskað, að umferðarlaganefnd semdi drög að reglugerð um þessa kennslu. N. tók þetta verkefni að sér og skilaði frv. að reglugerð 13. nóv. 1959. Með bréfi menntmrn. 4. des. 1959 var reglugerðin send fræðslumálastjóra til umsagnar, og felst álit hans í bréfi, dags. 26. febr. 1960. Að fenginni umsögn fræðslumálastjóra gerði menntmrn. smávægilegar

breytingar á reglugerðinni og sendi hana síðan dómsmrn. til umsagnar. Svar þess barst 31. marz, og var reglugerðin síðan gefin út 8. apríl 1960. Í reglugerðinni er tekið fram, að tilgangur umferðarfræðslu í skólum sé: 1) Að gera nemendum ljósa þá hættu, sem af umferð stafar. 2) Að kenna umferðarreglur þær, sem gilda á hverjum tíma, og skuli fræðslunni hagað í samræmi við þroska hinna ýmsu aldursflokka nemenda. 3) Að kenna nemendum að fara eftir settum reglum og notfæra sér fræðslu um þessi efni, þannig að þeir valdi ekki sér eða öðrum óþarfahættu. Einnig er tekið fram, að á barnaheimilum, í leikskólum og smábarnaskólum skuli börnum leiðbeint um einföldustu reglur, sem fótgangandi fólki ber að fylgja. Á fræðslan einkum að beinast að því, að börnin fái hugmynd um þá varúð, sem þeim ber að sýna, þegar þau eru á ferð eða að leik á almannafæri. Er ákveðið, að forráðamönnum stofnana þeirra, sem að framan eru nefndar, beri að sjá þeim fyrir nauðsynlegum gögnum til kennslunnar.

Í barna- og unglingaskólum skal umferðarfræðslan fara fram sem einn þáttur skyldunámsins. Fræðslu þessa fyrir börn á aldrinum 7—9 ára annast bekkjarkennari þeirra, eða sá kennari, sem skólastjóri kveður til þess. Á fræðslan að fara fram bæði innanhúss og utan. Innanhúss umferðarfræðslan á að vera samtvinnuð öðrum námsgreinum, eftir því sem við verður komið. Ber sérstaklega að brýna fyrir börnum hættu, sem stafar af umferð, bæði almennt og sérstakar hættur í því byggðarlagi, sem um er að ræða. Skal börnunum gerð grein fyrir þeirri skyldu að sýna varúð og taka tillit til annarra, læra að þekkja helztu umferðarmerki og helztu reglur um umferð fótgangandi manna. Utanhúss skal fræðslan einkum beinast að því að kynna börnum umferðarreglur, bæði á afmörkuðum svæðum og alfaravegum. Skal það gert bæði með æfingum og munnlega. Verja skal nokkrum kennslustundum árlega til umferðarfræðslu utanhúss. Þær kennslustundir skulu eigi vera færri en 6 fyrir börn á aldrinum 8—9 ára. Börn 10—12 ára skulu aftur á móti njóta kennslu í umferðarreglum og umferðarmenningu 2 kennslustundir á mánuði til jafnaðar, meðan skóli starfar. Í kaupstöðum og annars staðar, þar sem löggæzlumanna er kostur, skal sérþjálfaður lögreglumaður eða bifreiðaeftirlitsmaður annast æfingakennsluna utanhúss. Í gagnfræðastigsskólum skal umferðarkennsla fara fram í 1. og 2. bekk. Við brottfararpróf úr barnaskólum í kaupstöðum og annars staðar, þar sem því verður við komið, skulu nemendur ganga undir umferðarpróf. Einnig skulu nemendur í 2. bekk gagnfræðaskóla ganga undir slíkt próf.

Í Kennaraskóla Íslands og Íþróttakennaraskóla Íslands skal umferðarfræðsla vera skyldunámsgrein. Á að halda námskeið fyrir þá kennara, sem réttindi vilja öðlast til þess að kenna börnum og unglingum umferðarmál. Þeir, sem sótt hafa slík námskeið og sýnt, að þeir séu hæfir til kennslu, skulu öðrum fremur hafa hana á hendi. Skulu námskeið þessi haldin, þegar þurfa þykir, og vera undir yfirumsjón fræðslumálastjóra. Þá er Ríkisútgáfu námsbóka ætlað að gefa út námsbækur í umferðarmálum. Loks er heimilað í reglugerðinni, að menntmrh. ráði sérfróðan mann um stundarsakir til að hafa yfirumsjón með umferðarfræðslu í skólum landsins í samráði við fræðslumálastjóra og til þess að stjórna námskeiðum þeim, sem áður voru nefnd.

Menntmrn. fór þess á leit 12. maí 1960 við n. þá, sem starfar samkv. l. nr. 48 1958, þ. e. nefnd þá, sem skylt er að bera undir ráðningu nýrra opinberra starfsmanna, að hún féllist á, að ráðuneytið réði sérfróðan mann til þess að hafa umsjón með umferðarfræðslu í skólum. Nefndin sá ekki ástæðu til að mæla með ráðningunni, en kvaðst fús til að taka málið upp að nýju, áður en skólar hæfust haustið 1960. Fékkst svo samþykki n. 15. sept. 1960 til að lausráða mann fyrst um sinn til reynslu til þessara starfa. Hinn 20. okt. 1960 var Jón Oddgeir Jónsson fulltrúi síðan ráðinn til þess að hafa umsjón með umferðarfræðslu í skólum í samráði við fræðslumálastjóra og til að stjórna námskeiðum í umferðarfræðslu í Kennaraskóla Íslands og Íþróttakennaraskóla Íslands. Gilti ráðningin frá ársbyrjun 1961 til 3 ára, og var miðað við, að þetta væri hálft starf, og launað samkv. því. Voru launin fyrst ákveðin samkv. 7. flokki launalaga 1955, meðan þau giltu, en síðar samkv. 17. launaflokki kjaradóms frá 3. júlí 1963. Frá ársbyrjun til vors 1961 vann Jón Oddgeir Jónsson að því að semja og búa undir prentun kennslubók í umferðarmálum, þar sem slík bók var nauðsynlegur liður í því, að mögulegt væri að hefja kennslu í umferðarmálum í barna- og unglingaskólum landsins. En einnig lét hann gera filmræmur og kvikmyndir til notkunar við kennsluna. Haustið 1961 kom svo umferðarbókin út á vegum Ríkisútgáfu námsbóka, og er hún seld á 25 kr. til nemenda. Alls mun hafa verið dreift um 8000 eintökum af bók þessari í barna- og unglingaskóla, einkum þó til barnaskóla. Annað upplag bókarinnar kom út á s. l. ári í stóru upplagi. Vetrarmánuðunum 1962—63 var varið til þess að halda námskeið með starfandi kennurum í öllum barnaskólum og nokkrum unglingaskólum í mesta þéttbýli landsins, þar sem þörfin er mest, þ. e. í Reykjavík, Kópavogi og nágrenni. Vorið 1964 var haldið próf í umferðarreglum í þessum skólum samkv. því, sem ætlazt var til í reglugerðinni. Á þessu ári hafa verið haldin námskeið með kennurum í mörgum kaupstöðum landsins, og mun því verða haldið áfram, þannig að unnt verði að láta próf í umferðarreglum fara fram a. m. k. í 12 ára bekkjum barnaskóla í öllum kaupstöðum landsins vorið 1965, þ. e. næsta vor.

Eins og áður var sagt, hefur höfuðáherzla verið lögð á að halda námskeið með starfandi kennurum. En auk þess var námskeið haldið í Kennaraskóla Íslands, og eru nú að hefjast þar námskeið, sem ráðgert er að halda á hverjum vetri í 4. bekk og stúdentadeild. Í Íþróttakennaraskóla Íslands hafa verið haldin námskeið í umferðarfræðslu fyrir kennaraefni. Þá hefur Jón Oddgeir Jónsson haldið erindi um þessi efni á tveim skólastjóraþingum og útvegað sænskar og enskar umferðarkvikmyndir til kennslu. Í lok þessa árs mun koma út handbók í umferðarkennslu fyrir smábarnakennara og fóstrur, og hefur Jón Oddgeir Jónsson einnig tekið þá bók saman og búið undir prentun. Þess má geta, að vorið 1962 var tilbúið handrit að annarri kennslubók, sem einkum var ætluð til náms í unglingaskólum, svo og leiðarvísir fyrir almenning í umferðarmálum. Var þá ákveðið að bíða um tíma með prentun bókarinnar, þar til reglugerðir, sem kváðu á um nánari atriði í þessum málum, kæmu út og unnt yrði að fella þau ákvæði inn í efni bókarinnar. Þær reglugerðir, sem beðið var eftir, birtust á s. l. sumri, og er nú hafinn undirbúningur að prentun bókarinnar.

Með þessu yfirliti vænti ég, að ég hafi veitt fullnægjandi svar við fyrri lið till., þ. e. hvernig framkvæmd hafi verið ákvæði 83. gr. umferðarlaga frá 1958 um kennslu í umferðarmálum í barna- og unglingaskólum landsins.

Að því er snertir síðari lið fyrirspurnarinnar, hversu miklu fé hafi verið varið úr ríkissjóði til þessarar fræðslu, frá því að lögin tóku gildi, er því til að svara, að beinn kostnaður við umferðarfræðsluna hefur ekki verið annar en hálf laun Jóns Oddgeirs Jónssonar fulltrúa, og hafa þau numið sem hér segir: 1961 39352 kr., 1962 44648 kr., 1963 46620 kr. og 1964 um það bil 60000 kr. Auk þess er svo vitanlega í hinum almenna skólakostnaði allur sá kostnaður, sem af því leiðir, að umferðarkennsla fer fram innan hins almenna skólakerfis, þó að þar sé eigi unnt að tilgreina ákveðna tölu.

Að lokum skal ég láta þess getið, að ég tel æskilegt að auka umferðarfræðsluna frá því, sem verið hefur, og mun verða unnið að því, að Jón Oddgeir Jónsson, sem gegnt hefur þessu starfi með prýði um hríð, fái aðstöðu til að gegna því sem fullu starfi.

Fyrirspyrjandi (Jón Skaftason): Herra forseti. Jafnframt því sem ég vil þakka hæstv. ráðh. þær upplýsingar, sem hann gaf við fsp. minni hér áðan, langar mig lítillega að geta þeirrar ástæðu, sem lá til þess, að ég bar þessa fsp. fram.

Ég sagði áðan, að það færi tvennum sögum af framkvæmd þeirra lagaákvæða, sem ég rakti úr umferðarlögunum frá 1958 og reglugerð frá 1960. Einmitt þetta kemur vel fram í grein, sem rituð var í septemberhefti Samvinnunnar af Baldvin Þ. Kristjánssyni, sem ég hygg að sé mjög vel kunnugur framkvæmd þessara mála vegna starfs síns um fjölda ára, en við lestur þeirrar greinar er ekki hægt að draga aðrar ályktanir en þær, að framkvæmdin um kennslu í umferðarmálum í barna- og unglingaskólum landsins sé meira og minna í molum. Með leyfi hæstv. forseta, langar mig til að lesa upp úr þessari grein, sem birzt hefur í opinberu blaði og getur þess vegna ekki talizt neitt leyndarmál, — blaði, sem lesið er af þúsundum landsmanna, og ég hef ekki orðið var við, að nein leiðrétting kæmi fram af opinberri hálfu á því, sem staðhæft er í þessari grein. Baldvin Þ. Kristjánsson segir í grein þessari m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Hvað mundi nú líða framkvæmd þessara merku fyrirmæla," þ. e. a. s. fyrirmælanna, sem ég rakti hér áðan úr umferðarlögunum og úr reglugerðinni um umferðarkennslu í skólum landsins, — „hvað mundi nú líða framkvæmd þessara merku fyrirmæla á undanförnum árum og enn í dag? Það getur ekki heitið, að viðkomandi skólar viti af þeim nema fyrir afspurn. Þeir hafa ekki móttekið nein fyrirmæli opinberra aðila í áframhaldi af og til samræmis við þessi grundvallandi reglugerðarfyrirmæli. Það mun t. d. ekki finnast stakt orð, sem farið hefur skriflega á milli skólanna og fræðslumálastjórnarinnar í tilefni af setningu hinna nýju umferðarlaga og reglugerðar, þar sem ný skyldunámsgrein er þó fyrirskipuð. Hvað vilja menn nú hafa það betra, og hvað geta þeir þá getið sér til um sjálft lífið og starfið að baki? Þetta er með öllu ótrúleg, en dagsönn saga. Í orði er fyrir mörgu séð, en sárafáu í framkvæmd. Þannig er allt í molum um gengi laga og reglugerðar í sjálfu því mannlífi, sem á að þjóna. Ég meira en efast um, að nokkur lagafyrirmæli frá upphafi Íslandsbyggðar hafi verið svo lengi og ferlega fótum troðin sem þessi og áreiðanlega engin með viðsjárverðari afleiðingum."

Ég tel rétt, að þetta komi fram hér á hv. Alþingi í sambandi við þær umr., sem þegar hafa orðið út af þeirri fsp., sem ég bar fram og við höfum nú verið að ræða.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég tel mig ekki geta komizt hjá að segja, að þau ummæli, sem hv. þm. las úr tímaritsgrein eftir tilgreindan mann, séu mjög orðum aukin og vægast sagt nálgast það að vera sleggjudómur, eins og allir þm. geta dæmt um með hliðsjón af þeim upplýsingum, sem ég veitti og eru fyrir hendi samkv. opinberum skjölum. Þegar hliðsjón er höfð af því, að sérstakur maður hefur haft það sem hálft starf undanfarin 3 ár að annast umferðarkennslu samkv. gildandi lögum og reglugerðum og hann verður með engu móti talinn hafa slegið slöku við sitt starf, heldur þvert á móti unnið það af prýði, fyrst og fremst með því að halda námskeið fyrir kennara í

barnaskólum og unglingaskólum og enn fremur með því að halda námskeið fyrir kennara við Kennaraskóla Íslands og íþróttakennaraskólann, þá finnst mér það vera harður dómur og ósanngjarn um hans verk og hans yfirmanna, ef þarna er talið hafa verið um vítaverða vanrækslu að ræða. Og það er auk þess ekki alveg víst, að menn, sem gegna öðrum og alveg óskyldum störfum, geri sér ljóst það starf, sem fer fram innan sjálfra skólanna og þá fyrst og fremst barnaskólanna. Með því getur að sjálfsögðu enginn fylgzt nema sá, sem ber ábyrgð á hlutaðeigandi barnaskóla, eða þeir, sem eiga börn í hlutaðeigandi barnaskóla. En í þeirri skýrslu, sem ég gaf áðan, kom fram, að umferðarkennslu hefur verið haldið uppi í barnaskólum, þó alveg sérstaklega hér í þéttbýlinu á Suðvesturlandi, fyrir forgöngu þessa trúnaðarmanns ríkisvaldsins um umferðarkennslu í skólum. Hefði þeirri kennslu ekki verið haldið uppi, jafnvel þó að hann hefði haldið sín námskeið, eins og hann hefur gert, mætti segja, að málinu væri mjög ábótavant. En kennararnir sjálfir hafa sem lið í sínu almenna skólastarfi haldið slíkri kennslu uppi, og með því tel ég að grundvallarhugsuninni í gildandi lögum og reglugerð hafi verið framfylgt.

Hitt er annað mál, að ég skal fúslega á það fallast, að þessi kennsla mætti og ætti að stóraukast frá því, sem verið hefur. Hins vegar er það engin nýlunda, að jafnalgert nýmæli og hér var lögtekið 1958 og ekki tókst að setja reglugerð um fyrr en 1960, komi ekki til fullra framkvæmda þegar, við skulum segja á fyrstu 5 árunum, sem nýmælin eru í gildi. Það er áreiðanlega ekkert einsdæmi. Auðvitað verða menn að gera sér ljóst, að umferðarkennsla í skólum fellur að sumu leyti utan við venjulegt námsefni skólanna, utan við venjulegan verkahring kennaranna, og ég tel það alls ekki ámælisvert, tel það ekki ástæðu til ámælis, hvorki í garð kennarastéttarinnar né heldur í garð þess umsjónarmanns, sem þessa umsjón hefur annazt, þó að framkvæmd málanna sé ekki orðin eins fullkomin og ég játa fúslega að hún ætti að vera og þarf að vera.

Varðandi það, að engin almenn fyrirmæli hafi borizt frá fræðslumálastjóra til skólanna um þetta efni, bréfleg eða munnleg, er það að segja, að fræðslumálastjórnin fól sérstökum fulltrúa að hafa framkvæmd þessara mála með höndum, Jóni Oddgeiri Jónssyni, og að því hefur hann starfað í 3 ár, og var það að sjálfsögðu miklu líklegra til árangurs en að skrifa skólastjórunum bréf.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið. Ég get tekið undir það með hæstv. ráðh., að hér hefur verið farið að mínum dómi vel af stað, þegar á það er litið, að um algert nýmæli er að ræða, og sömuleiðis það, sem hann sagði, að hér stendur margt til bóta. Ég fagna þeim ummælum hæstv. ráðh. að vilja vinna að því, að starf þess manns, sem að þessum málum hefur unnið, skipulagningu umferðarkennslu í skólum, skuli eftirleiðis gert að fullu starfi. Ég tel þess fulla þörf og mikið öryggi fyrir því, að þessi mál fái áfram að þróast í rétta átt.

Eitt atriði vildi ég aðeins minnast á í þessu sambandi, því að ég held, að það skipti miklu máli, þegar um framkvæmd laga um umferðarkennslu í skólum er að ræða, og það er sá losarabragur, sem enn er á kennslu og kennslutilhögun í þessum málum í skólunum. Mér skilst, að umferðarkennsla í skólum sé ekki nema að einhverju örlitlu leyti sett sem föst námsgrein á námsskrá, það sé um of lagt á vald einstakra kennara, hvernig þessi kennsla er rækt. Þeim er sem sé, að nokkru leyti a. m. k., ætlað að kenna umferðarreglur með hinum og öðrum námgreinum, meira eða minna óskyldum þessu máli. Þetta er óheppilegt, og ég vil aðeins benda á það hér, að það er full þörf á því, einmitt til þess að bæta úr því, sem enn kann að fara aflaga, að koma þessu máli, kennslu í skólunum, í fastara og ákveðnara horf, þannig að um verði að ræða skyldunámsgrein á borð við hverja aðra. En ég vil um leið taka það fram, að ég er andvígur því, að hér verði búin til ný námsgrein til viðbótar öllum öðrum og til aukins álags fyrir börnin í skólunum. Hér verður að synda milli skers og báru, afnema eitthvað, sem hægt væri að afnema, og koma þessari þörfu kennslu í fast horf í staðinn.

Fyrirspyrjandi (Jón Skaftason): Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að mótmæla þeim misskilningi, sem kom fram í ræðu hæstv. ráðh. hér áðan, þar sem hann talaði um það, að greinarhöfundur, Baldvin Þ. Kristjánsson, væri í grein þeirri, sem ég las upp úr örstuttan kafla áðan, að ráðast sérstaklega á Jón Oddgeir Jónsson eða kennarastétt landsins, eins og hann vildi túlka það. Þvert á móti er það auðséð öllum, sem þessa grein vilja lesa, að greinarhöfundur ber hið mesta lof á Jón Oddgeir Jónsson og kennarastéttina, en deilir aðeins á, að Jóni Oddgeir sé ekki veitt sú starfsaðstaða af hálfu hins opinbera, sem hann þyrfti að hafa til þess að geta sinnt þessum málum, svo að nægjanlegt megi teljast. Þessu til sönnunar langar mig til þess að lesa upp úr sömu grein örstuttan kafla, þar sem þetta kemur ákaflega skýrt fram. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Það breytir engu um kurfshátt og vesaldóm viðkomandi stjórnarvalda, að til þessa hálfsdagsjobbs valdist einn hæfasti og áhugasamasti slysavarnamaður landsins, sem auk þess er þekktur að röskleik og dugnaði. En starfskröftum sínum heilum og óskiptum var honum ekki af hálfu ríkisvaldsins búin aðstaða til þess að fórna á altari öryggis í umferðarmálum, þó að algerlega óframkvæmd, víðtæk umferðarlöggjöf, ný af nálinni, biði örlaga sinna, eins og telja má þó víst að þeim

manni hefði verið harla ljúft. Þegar svo til viðbótar þessari óhrjálegu staðreynd leggst ömurleg starfsaðstaða þessa manns á vegum hins opinbera í þjónustu eins mikilvægasta velferðarmáls þjóðfélagsins, mun nú sennilega flestum hugsandi mönnum finnast mælirinn sæmilega fullur.“

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Hér er spurt um framkvæmd á allþýðingarmikilli löggjöf, löggjöf, sem hefur mörg nýmæli að flytja, og löggjöf, sem hefði mikla þýðingu, ef hún væri vel framkvæmd. Eftir spurningunni að dæma og upplýsingum, sem fyrirspyrjandi hefur gefið, mætti ætla, að framkvæmdin sé slök og í molum. Eftir skýrslu hæstv. menntmrh. mætti ætla, að hér væri allt í himnalagi. En það, sem mestu máli skiptir, er ekki það, hvort hægt er að gefa snotra skýrslu um framkvæmdina, heldur hitt, hvernig hún er í skólum landsins. Ég hygg, að það hefði mátt segja sér það fyrir fram, að það væri miklu meira en hálfs manns starf að heimsækja alla skóla landsins og koma á kennslu í umferðarmálum sem algeru nýmæli, þegar þeirri námsgrein er þá ekki ætlað rúm á námsskrám skólanna. Ég hygg, að það sé sanni nær, að þessi framkvæmd sé lítils virði, ef nokkurs, ekki vegna þess, að maðurinn hafi vanrækt sitt starf, því að honum er ekki ætlað annað en að sinna þessu hálfan vinnudag og hann á að heimsækja alla skóla landsins og annast þar kennslu, því að með því að ætla sérstökum kennara þetta, verður það til þess, að kennarar skólanna og skólastjórar geta ekki haft þetta með höndum, og þetta dettur niður á milli.

Ég mundi vilja spyrja hæstv. menntmrh. að því, hvað er búið að heimsækja marga skóla af þessum sérstaklega ráðna umferðarkennara í umferðarmálum. Hvað er búið að heimsækja marga skóla, hve margir hundraðshlutar eru það af skólunum og hve langt mundi verða, þangað til hann mundi verða búinn að heimsækja alla skóla landsins? Hefur þessi kennari rétt til þess að grípa inn í kennslu og taka við kennslu af kennurum skólanna eða skólastjóra, þegar hann kemur í heimsókn, eða þarf hann að fara bónleiður til búðar hjá skólastjórum og kennurum, ef þeir vilja ekki þoka með sína kennslu fyrir hans kennslu? Og er búið að koma nokkru lagi á það, að kennararnir við skólana annist kennsluna sem þætti í kennslu sinna námsgreina? Er nokkurt skipulag komið á það? Er nokkur von til þess, að kennararnir víki úr sínum kennarastól og fái umferðarkennaranum tíma, ef engin orð hafa komið um það frá fræðslumálastjóra? Ég held ekki.

Það væri sannarlega ekki of mikið, þó að það kæmi annaðhvort bréf frá menntmrh. eða fræðslumálastjóra um það, að fulltrúi fræðslumálastjórnarinnar í þessum málum skuli hafa rétt til þess að taka til kennslu, þegar hann kemur, og önnur kennsla skuli þá þoka fyrir kennslu hans á meðan. Ég er afar hræddur um, að hér sé of mikil sjálfsánægja á ferðinni hjá hæstv. menntmrh. og það sé þá ætlazt til þess, að menn uni því, að það taki 15—20 ár að koma þessari kennslu í framkvæmd. En það er ég ekki ánægður með.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður sagði, að af þeirri grein, sem annar hv. þm. las eftir Baldvin Þ. Kristjánsson um þetta mál, virtist mega draga þá ályktun, að allt væri ómögulegt á þessu sviði. Hins vegar mætti e. t. v. draga þá ályktun af skýrslu minni, að allt væri í himnalagi í þessum efnum. Ég tel skýrslu mína bera vott um það, að ef það væri satt, sem ég vil nú ekki um segja, sem Baldvin Þ. Kristjánsson hafi sagt, því að ég hef ekki lesið hans grein, en ef af henni mætti draga þá ályktun, að hann teldi allt vera ómögulegt á þessu sviði, þá væri það sleggjudómur og mjög ranglátur dómur um það starf, sem unnið hefur verið hér s. l. 3—4 ár. Hins vegar vil ég mælast alveg undan þeirri túlkun á minni skýrslu, að ég telji allt vera í himnalagi í þessum efnum. Ég sagði þvert á móti í upphafi minnar skýrslu, að hér væri um mikið vandamál að ræða, og í niðurlagi hennar, að ég teldi brýna þörf á að gera hér mun betur en gert hefði verið hingað til, og lauk máli mínu með því, að ég mundi beita mér fyrir því, að starf Jóns Oddgeirs Jónssonar, sem að þessum málum vinnur, yrði framvegis fullt starf, þegar ráðningartíma hans sem hálfs dags starfsmanns lýkur nú í lok þessa árs, ef ég man rétt og hygg mig þar fara rétt með. Ég vil enn fremur minna á í þessu sambandi, að það var upphaflega tilætlun menntmrn., að starf hans yrði heilt starf, og fram á það farið við þau yfirvöld, sem um það mál fjalla, þegar nýir opinberir starfsmenn eru ráðnir. Þá komst málið hins vegar ekki lengra en það, að hans starf skyldi vera hálft starf. Nú tel ég reynsluna af starfi hans í hálfu embætti þessi 3 ár tvímælalaust vera þannig, að starfið eigi að auka og það eigi að búa betur að því en hingað til hefur verið. Hins vegar vil ég segja það til afsökunar þeirri nefnd, sem ekki vildi fallast á, að starfið yrði nema hálft starf í byrjun, að hér var um algert nýmæli að ræða, og það er oft hyggilegt að fara varlega af stað, þegar um nýmæli er að ræða, og stofna ekki til meiri kostnaðar eða meiri fjölgunar embættismanna en bráðnauðsynlegt er. N. taldi gagnstætt því, sem við töldum í menntmrn., að hér væri ekki um að ræða nema hálft starf. Nú tel ég og mínir embættismenn í menntmrn. reynsluna hafa sannað, að hér sé um fullt starf að ræða, hér geti verið um fullt starf að ræða, að fullum starfskröftum eins manns væri vel varið með þessu móti. Þess vegna lauk ég skýrslu minni áðan með þeim orðum, að að því mundi verða unnið, að starf þessa manns yrði gert að fullu starfi.

Hv. 5. þm. Vestf. spurði, hvað hann væri búinn að heimsækja marga skóla og hvort kennurum væri skylt að víkja eða láta honum í té hluta af sínum kennslutímum, ef hann óskaði eftir því, þegar hann heimsækti skóla. Ég hef því miður ekki á reiðum höndum hér skýrslu um það, hversu marga skóla Jón Oddgeir Jónsson hefur heimsótt, en ég veit, að þeir eru margir, og ég veit ekki betur en hann sé einmitt nú um þessar mundir á ferðalagi til heimsókna í skóla. Mér er ekki kunnugt um það, að nokkru sinni hafi komið til ágreinings milli hans og kennara varðandi það, hvernig umferðarkennslunni skuli hagað. Ég veit ekki betur en kennarar og skólastjórar hafi verið mjög samvinnuliprir við Jón Oddgeir Jónsson varðandi tilhögun kennslunnar, og þess er ég fullviss, að ef einhvern tíma hefði komið til ágreinings milli umferðarkennarans eða námskeiðshaldarans annars vegar og skólastjóra eða kennara hins vegar, hlyti vitneskja um það að hafa borizt til fræðslumálastjóra og þá væntanlega einnig til mín. Um slíkan ágreining er mér ekki kunnugt.

Að síðustu vil ég undirstrika það, að þó að því fari víðs fjarri, að ég telji allt vera í himnalagi í þessum efnum, allt vera orðið eins og það gæti bezt verið, þá vil ég samt undirstrika, að mikið hefur verið gert. Það hefur þegar verið samin kennslubók í umferðarmálum. Það var auðvitað forsenda þess, að hægt væri að hefja kennsluna, og henni hefur þegar verið dreift í 8000 eintökum í skólana. Og með þessa bók að handbók hefur umferðarkennsla átt sér stað meira eða minna í flestum skólum landsins. Enn fremur hafa verið haldin í 3 ár námskeið með starfandi kennurum, þannig að þeim sé kleift að annast kennsluna sjálfir, eins og gert er ráð fyrir að eigi sér stað á skólaskyldualdrinum. Þegar á s. l. vori var haldið próf í umferðarreglum í öllum barnaskólum og nokkrum unglingaskólum í mesta þéttbýli landsins, Reykjavík, Kópavogi og nágrenni, þannig að það mikilvæga atriði reglugerðarinnar, að próf skuli haldið, kom til framkvæmda á s. l. vori, og enn fremur er unnið að því núna, að slíkt próf verði haldið í öllum 12 ára bekkjum barnaskóla í öllum kaupstöðum landsins á næsta vori.

Með því að undirstrika þessi atriði vona ég, að hv. alþm. sannfærist um, að ekki hefur verið sofið á verðinum í þessu efni. Það er ekki um svo mikla vanrækslu að ræða eins og kann að mega álykta af þeirri grein, sem hér hefur verið vitnað til. Síðustu orð mín skulu enn vera þau að viðurkenna fúslega, að hér er um mjög brýnt úrlausnarefni að ræða, og það mun ekki standa á menntmrn. að standa sem fastast á því, að gildandi lögum og reglugerðum í þessu efni verði framfylgt.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Mér þykir strax betra að heyra það, að hæstv. menntmrh. er ekki sannfærður um, að málið sé í himnalagi, því að ef hann væri ánægður með það eins og það er, væri lítilla umbóta von. En úr því að hann er það ekki, hygg ég, að það standi vonir til þess, að hann gefi þessu máli gætur. Þó að ábyrgðinni sé skotið á einhverja nefnd um að hafa ráðið til þessa starfs hálfan mann, þá vil ég segja það, að þar hefur verið farið öfugt að, því að það hefði gjarnan þurft tvo menn til þess að byrja á starfinu og geta svo dregið úr því, eftir að búið var að gefa út kennslubækur, semja þær, dreifa þeim og þjálfa kennarana, eftir það þurfti ekki annað en halda kennslunni við og sjá um, að hún væri innt af hendi af einhverjum aðila, t. d. þjálfuðum kennurum í skólakerfi landsins. Þá væri þetta miklu minna verk. En til að byrja með máttu allir sjá, að þetta væri miklu meira en hálfs manns starf. Það verður því ekki undan því vikizt, að þarna hefur verið farið mjög öfugt að. Starfið er auðvitað viðamest og vandasamast í byrjun og kannske þýðingarmest, hvernig af stað væri farið. Ég er, eins og ég áðan sagði, mjög hræddur um, að meðan svona er að þessu búið, að þetta skuli vera hálfs manns starf, þá sé starfið lítið rækt, án þess að um vanrækslu sé að ræða af þess manns hendi. Við vitum það sjálfir, þegar við gegnum þremur eða fjórum hálfs manns störfum, að það verður eitthvað að verða út undan og gjarnan þá helzt það, sem liggur ekki næst okkar vinnustað, það, sem ætti að rækja með heimsóknum út um land. En hér mun vera um það að ræða, að viðkomandi maður hafi 3, ef ekki 4 hálfs manns störf.

Ég held því, að það, sem þurfi sérstaklega að gera, sé a. m. k. að helga einum manni þetta starf og gera þær línur skýrar, hvort hann hefur rétt til þess að ráðstafa kennslustarfinu í hinum einstöku skólum á hendur þess kennara, sem hann teldi bezt til þess færan að inna það af hendi, svo að það sé ekki lauslega á hendi hvers skólastjóra að sjá um, að einhver af kennurum víki að þessu máli einhvern tíma í sinni kennslu, því að þá dettur það niður á milli alveg og verður ekki gert, og að það sé alveg ljóst, hvort skólarnir eiga að inna kennsluna af hendi eða hvort þeir eiga bara að bíða eftir því, að umferðarkennarinn komi. Ég er alveg sannfærður um það, að við marga skóla, a. m. k. smærri skóla úti um land, er í sumum tilfellum enginn kennari fær um að inna þessa kennslu af hendi, svo að gagn sé að. Og þá bíður hún eftir því, að umferðarkennarinn komi, og taki hann sér viku í hverjum skóla, — minna hygg ég að dygði ekki, — þá veit ég það, þó að hann slægi ekki slöku við og ætti engu öðru að sinna, þá verður hann í mörg ár að heimsækja alla skólana.

6. Sjálfvirkur sími í Hafnahreppi.

Á deildafundum 3. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til póst- og símamrh. um sjálfvirkan síma í Hafnahreppi í Gullbringusýslu [43. mál, 3] (A. 47).

Á 8. fundi í Sþ., 4. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 35 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Sþ., 11. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Jón Skaftason): Herra forseti. Fsp. á þskj. 47 hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:
„Hvenær verður innansveitarsíminn í Hafnahreppi tengdur sjálfvirka símakerfinu á Suðurnesjum?"
Nú munu liðin um 3 ár, síðan sjálfvirka símakerfið var lagt um Suðurnes, rétt við hreppamörk Hafnahrepps í Gullbringusýslu. Í 3 ár hafa hreppsbúar í Hafnahreppi beðið eftir því, að sími þeirra yrði tengdur sjálfvirka kerfinu við Suðurnesin, en af því hefur ekki orðið til þessa dags. Hreppsbúum leikur því nokkur forvitni á að vita, hvenær af þessari framkvæmd verður. Því er þessi fsp. borin fram.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. 1960 var samin áætlun um að koma upp sjálfvirkum síma í kaupstöðum, kauptúnum og hinum þéttbýlli sveitum. Þessi áætlun náði yfir 6—7 ár. Eftir þessari áætlun hefur verið unnið, en nokkrar tafir hafa stundum komið, vegna þess að afgreiðsla á efni hefur ekki ávallt staðizt áætlun. Hefur það stundum verið 6—10 mánuðum seinna en áætlað var, sem efni hefur komið til landsins. Það má eigi að síður gera ráð fyrir því, að árið 1968 verði allir kaupstaðir, flest kauptún og hinar þéttbýlli sveitir búnar að fá sjálfvirkan síma. Skapar það mikil aukin þægindi og hagkvæmari rekstur.
Það, sem spurt er að í þessu sambandi, er, hvað hefur tafið, að sjálfvirkur sími hefur ekki komið í Hafnir, þar sem 3 ár eru liðin, síðan sjálfvirka símakerfið kom á Suðurnes. Því er til að svara, að búnaður til þess að koma upp sjálfvirkum síma í Höfnum var pantaður árið 1961 og efni kom til landssímans í marz 1963, en hafði bilað í flutningi og varð að panta nýtt í staðinn. Í ágúst yfirstandandi árs var allt komið til uppsetningar búnaðarins, en sérfróðir menn til hennar hafa síðan verið bundnir á öðrum stöðvum, en gert er ráð fyrir, að uppsetning í Höfnum geti hafizt í þessum mánuði. Það hefur ekki verið ásetningur að setja Hafnabúa útundan, og það þarf ekki að vera óeðlilegt, þótt þeir hafi ekki fengið sjálfvirkan síma á sama tíma og t. d. Keflavík. Það er þó nokkur vegalengd til Hafna, og það er með þetta eins og annað, að það verður ekki allt framkvæmt á einu ári. En ég hygg, að hv. fyrirspyrjandi láti sér nú nægja þetta svar, að í næsta mánuði verður byrjað á uppsetningu, og það mun ekki taka langan tíma að ljúka verkinu.

7. Keflavíkurvegur og Vesturlandsvegur.

Á deildafundum 3. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til samgmrh. um Keflavíkurveg og Vesturlandsveg [43. mál, 4] (A. 47).

Á 8. fundi í Sþ., 4. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 35 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Sþ., 11. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Jón Skaftason): Herra forseti. Fsp. er í tveim liðum. A-liður hljóðar þannig:
„Hvenær er áætlað, að lokið verði við að steypa Keflavíkurveginn nýja?"
B-liður:
„Hefur verið ákveðið um varanlega gatnagerð á Vesturlandsvegi frá Reykjavík, og sé svo, hvenær hefjast þá framkvæmdir?"
Fsp. þessar eru ljósar og gefa ekki tilefni til þess, að þeim sé fylgt úr hlaði með sérstakri ræðu.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Spurt er að því, hvenær er áætlað, að lokið verði að steypa Keflavíkurveginn nýja. Því er til að svara, að ráðgert hefur verið og er enn að ljúka lagningu Reykjanesbrautar frá Engidal við Hafnarfjörð að bæjarmörkum í Keflavík á næsta ári, svo að hægt verði að taka allan veginn í notkun.
Í skýrslu um framkvæmd samkv. vegáætlun 1964 er frá því greint, að í lok þessa árs eða byrjun næsta árs verði lokið allri undirbyggingu vegarins að undanskildum 1.4 km kafla í Ytri-Njarðvík, en þar þurfti að færa úr vegarstæðinu mikið af síma- og rafmagnsstrengjum, og er því verki nú að mestu lokið. Á vori komanda verður því aðeins eftir að setja varanlegt slitlag á 22 km kafla. Er nú unnið að lokaáætlunum um það verk. Má því reikna með, að Reykjanesbrautinni í því formi, sem ætlað er að byggja hana, verði lokið á næsta sumri, árinu 1965, eins og alltaf hefur verið ráðgert.
B-liður fsp. er: „Hefur verið ákveðið um varanlega gatnagerð á Vesturlandsvegi frá

Reykjavík, og sé svo, hvenær hefjast framkvæmdir?"

Því er til að svara, að mælingum og rannsóknum varðandi framtíðarlegu Vesturlandsvegar frá Reykjavík og inn að Kollafirði var lokið á s. l. sumri. Hefur endanleg lega vegarins nú verið ákveðin í samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög og skipulagsyfirvöld. Áætlunum um kostnað við lagningu þessa nýja vegar sem hraðbrautar er enn ekki lokið. Hvenær hægt verður að hefja framkvæmdir við lagningu vegarins, er ekki enn ákveðið, en það mál mun koma til kasta Alþingis við afgreiðslu á vegáætlun fyrir árin 1965—1968, vegáætlun, sem afgreidd verður á þessu þingi og till. verður borin fram um næstu daga.

8. Akbrautir milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar.

Á deildafundum 27. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til samgmrh. um akbrautir milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar [35. mál, 1] (A. 36).

Á 7. fundi í Sþ., 28. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 37 shlj. atkv.

Á 8. fundi í Sþ., 4. nóv., var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 12. fundi í Sþ., 18. nóv., var fsp. aftur tekin til umræðu.

Sverrir Júlíusson: Herra forseti. Á þskj. 36 ber Matthías Á. Mathiesen fram fsp. um akbrautir milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, en vegna fjarveru Matthíasar Á. Mathiesens leyfi ég mér að taka fsp. upp.

Hv. Alþingi samþykkti þáltill. um umferðaröryggi á leiðinni milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar hinn 15. febr. 1961, er Matthías Á. Mathiesen, Sigurður Ingimundarson og Alfreð Gíslason bæjarfógeti báru fram. Þáltill. þessi var svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta í samráði við vegamálastjóra gera athugun á því, á hvern hátt hægt sé að tryggja betur öryggi vegfarenda á leiðinni Reykjavík—Hafnarfjörður en nú er gert, og verði þær úrbætur, sem gerðar verða, miðaðar við lagningu tvöfaldrar akbrautar."

Eftir að þál. þessi var samþykkt, hafa að vísu verið gerðar nokkrar öryggisráðstafanir á leið þessari og þá sérstaklega á Kópavogshálsi og með því að banna framúrakstur á vissum stöðum á leið þessari, þar sem þéttbýlið er mest. En betur má að gera, ef duga skal. Umferð á þessari leið er langsamlega mest á landi hér og hefur farið hraðvaxandi hin síðustu ár. Sýnir athugun vegamálaskrifstofunnar, hve umferðin er geysimikil og fer ört vaxandi hin síðustu ár. Samkvæmt þeim athugunum var umferðin yfir Fossvogslækinn haustið 1955 6000 bílar á dag, 1957 7000 bílar á dag, 1960 9700 bílar á dag, 1961 9800 bílar á dag, 1963 12000 bílar á dag og nú í ár um 15000 bílar á dag. Á það skal bent, að umferð á þessari leið er mjög jöfn allt árið vegna búsetu þess mikla fólksfjölda, er sækir atvinnu sína á aðra staði, bæði til hægri og vinstri, ef svo mætti segja, og einnig vegna ört vaxandi athafnasvæða, er þessi ein höfuðumferðaræð liggur um og tengir aðrar leiðir við höfuðborgina. Tölur þessar sýna, hve aukning umferðarinnar hefur orðið mikil hin síðari ár, eða 24% frá síðasta ári, 53% frá árinu 1961, en 150% frá árinu 1955. Á öðrum hluta akbrautar þessarar, þ. e. um Kópavogsbrúna, er umferð nú á árinu 1964 7000 bílar á dag. Eina umferðaræðin, sem hægt er að bera saman við leiðina á milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, er akbrautin um Elliðaárnar, en um sumarmánuðina á s. l. sumri var umferðin þar 9000 bílar á dag. Á þessari umferðaræð er mikil umferð allt árið, en þó langmest yfir sumarmánuðina. Það er athugandi, að leiðin um Elliðaárnar kvíslast fyrst í tvær og síðan í þrjár miklar umferðaræðar. Ef við lítum til höfuðstaðar Norðurlands, þá reyndist umferðin frá Akureyri austur um á s. l. sumri, þegar mest var, um 1000 bílar á dag.

Það er því augljóst mál, að akbrautin milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar þarf sérstakra aðgerða við, bæði vegna öryggis vegfarenda og einnig vegna vaxandi athafnasvæða, er leið þessi liggur til. Á s. l. þingi bárum við Matthías Á. Mathiesen, Sigurður Ingimundarson og ég fram þáltill. um þetta mál, og var svo hljóðandi þáltill. samþ. 30. apríl s. l. um umferðarmál í Kópavogi og Garðahreppi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta svo fljótt sem auðið er hefjast handa um undirbúning að staðsetningu og lagningu tvöfaldrar akbrautar frá Reykjavík um Kópavog og Garðahrepp til Hafnarfjarðar og lagningu nýs vegar ofan við núverandi byggð í Kópavogi og Garðahreppi í því skyni að beina umferðinni sem mest fram hjá þéttbýlinu."

Þáltill. þessi skýrir sig sjálf. En brýn nauðsyn er á að hefjast handa svo fljótt sem verða má um lagningu tvöfaldrar akbrautar frá Reykjavík um Kópavog og Garðahrepp til Hafnarfjarðar og beina umferðinni frá þéttbýlinu, því að allt bendir til þess, að umferð á leið þessari sé engan veginn komin í hámark, heldur bendir margt til, að umferð á nefndri leið muni aukast verulega á næstu árum, m. a. þegar Reykjanesbrautin verður fullgerð, sem væntanlega verður á næsta ári, 1965, er færir hina ört vaxandi athafnabæi og byggðarlög á Suðurnesjum nær höfuðborginni, og vegna þess hlutverks, sem

Keflavíkurflugvöllur mun gegna í vaxandi mæli í millilandaflugi landsmanna.

Með tilvísun til þess, sem ég nú hef sagt, er fsp. á þskj. 36 borin fram við hæstv. samgmrh. Fsp. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Hvað líður undirbúningi að lagningu nýrra akbrauta frá Reykjavík um Kópavog og Garðahrepp til Hafnarfjarðar?

2. Er að vænta frekari bráðabirgðaráðstafana af hálfu vegamálastjórnarinnar til þess að bæta úr því umferðaröngþveiti, sem nú ríkir á leiðinni milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar?"

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Út af fyrir sig er ekki óeðlilegt, þótt fsp. komi fram um þetta mál, sem vissulega snertir ekki aðeins þá, sem búa í Kópavogi eða þar í grennd. Slysahættan hlýtur að vera mál allrar þjóðarinnar, og það hlýtur að vera áhugamál allra að reyna að koma í veg fyrir slysin. En eins og umferðinni er háttað þar syðra, er slysahætta mjög mikil og umferðaröngþveiti, eins og oft hefur verið að orði komizt. En ástæðan til þess, að ekki hefur enn verið hafizt handa um nýjan veg, er ekki aðeins fjárskortur, heldur að það hefur staðið á skipulaginu í Kópavogskaupstað, til þess að nokkuð væri hægt að byrja á þeim framkvæmdum. Kópavogskaupstaður hefur átt kost á að fá drjúgan hluta af þeim 10% af kaupstaðaframlaginu, sem fallið hefur til á þessu ári, en þetta fé hefur ekki verið hægt að nota, og er það þess vegna geymt, þar til skipulaginu er lokið á staðnum og hægt verður að nota féð.

En í sambandi við fsp. er það að segja um a-lið hennar, að í sambandi við heildarskipulag Reykjavíkur og nágrennis hefur lega aðalumferðaræða á svæðinu verið ákveðin í aðalatriðum af hlutaðeigandi aðilum. Samkvæmt því er ákveðið, að aðalleiðin milli Reykjavíkur, Kópavogs, Garðahrepps og Hafnarfjarðar verði um Miklubraut og Kringlumýrarbraut á núverandi Reykjanesbraut við Fossvogslæk og fylgi þaðan núverandi vegi um Kópavog og Garðahrepp til Hafnarfjarðar. Núverandi vegur úr Fossvogi til Hafnarfjarðar verður síðan endurbyggður miðað við þá umferð, sem vænta má þar í framtíðinni. Þá er samkv. heildarskipulaginu gert ráð fyrir nýrri hraðbraut frá Elliðaám við Blesugróf um austanverðan Kópavog, Garðahrepp, á Reykjanesbraut austan Hafnarfjarðar. Er gert ráð fyrir, að þessi nýi vegur muni létta töluvert umferð af núverandi Reykjanesbraut um Kópavog. Þessar breytingar á þjóðvegakerfinu koma að sjálfsögðu til kasta Alþingis við afgreiðslu á vegáætlun fyrir árin 1965—1968. Unnið er nú að áætlunum og tæknilegum rannsóknum í sambandi við lagningu á fyrsta áfanga hins nýja vegar af Miklubraut um Fossvog og Kópavogskaupstað, suður fyrir Kópavog. Er þess vænzt, að frumáætlanir geti legið fyrir upp úr áramótum.

Reykjavíkurborg hefur þegar hafið framkvæmdir við Kringlumýrarbraut sunnan Miklubrautar og lokið malbikun á kaflanum suður að Öskjuhlíð, og er nú verið að sprengja í vegarskerðingu í gegnum Öskjuhlíðina niður í Fossvogsdalinn. Vonir standa til, að hægt verði að hefja framkvæmdir við veginn í Fossvogi og um Kópavog á vori komanda.

Um b-liðinn er það að segja, en hann hljóðar svo:

„Er að vænta frekari bráðabirgðaráðstafana af hálfu vegamálastjórnarinnar til þess að bæta úr því umferðaröngþveiti, sem nú ríkir á leiðinni milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar?"

Með tilliti til þess, að áætlað er, að framkvæmdir geti hafizt við endurbyggingu Reykjanesbrautar um Kópavogskaupstað á vori komanda, er ekki talið gerlegt að gera neinar teljandi bráðabirgðaráðstafanir vegtæknilegs eðlis í Kópavogskaupstað til þess að draga úr núverandi erfiðleikum vegna umferðarinnar þar. Um leið og framkvæmdir við lagningu vegarins verða hafnar, verður óhjákvæmilega að gera víðtækar bráðabirgðaráðstafanir vegna umferðarinnar, sem kosta munu mikið fé. Sérstakar vegtæknilegar ráðstafanir nú yrðu því aðeins til nokkurra mánaða og koma því tæplega til greina. Hins vegar mun vera í ráði að tilstuðlan dómsmrn. og bæjaryfirvalda í Kópavogskaupstað, að lögreglulið kaupstaðarins verði aukið, m. a. til þess að bæta löggæzlu og eftirlit með umferðinni og þá sérstaklega með umferð yfir Reykjanesbraut innan kaupstaðarins. Gæti það einnig orðið til þess að draga úr slysahættunni. Unnið er nú að því að leggja gangstétt meðfram Reykjanesbraut frá Silfurtúni og suður fyrir Hraunsholtslæk. Er það gert í samvinnu við hreppsnefnd Garðahrepps og á að geta dregið verulega úr slysahættu gangandi manna á þessum stað. Eins og hér er að vikið, standa vonir til, að frumáætlanir liggi fyrir upp úr næstu áramótum, en endanlegar áætlanir geti legið fyrir með vorinu og að hefjast megi handa um framkvæmdir á þessum stað á sumri komanda.

Sverrir Júlíusson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. samgmrh. skýr svör. Ég þarf ekki að leggja frekari áherzlu á þessa fsp. Ég sýndi fram á, hve umferðin væri geysilega mikil á þessu svæði og hve það er mjög áríðandi, að unnið verði að þessum málum, þ. e. lagningu nýrra akbrauta um þetta svæði, eins fljótt og verða má. Það gleður mig, að nú um áramótin skuli verða gerð áætlun um nýja akbraut á þessu svæði, því að nauðsynin er brýn. Það er einnig fagnaðarefni, að ráðstafanir hafa verið gerðar eða munu verða gerðar, ekki eingöngu af vegamálaskrifstofunni, heldur einnig af hreppsnefnd Garðahrepps svo og bæjarstjórn Kópavogskaupstað-

ar, til þess að auka umferðaröryggi á þessu svæði. — Ég endurtek þakklæti mitt til hæstv. samgmrh.

9. Húsnæðismál Alþingis.

Á deildafundum 3. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til forsrh. um húsnæðismál Alþingis [43. mál, 1] (A. 47).

Á 8. fundi í Sþ., 4. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 35 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Sþ., 11. nóv., var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 12. fundi í Sþ., 18. nóv., var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Á Alþingi 1960 flutti ég ásamt hv. 3. þm. Vesturl., Halldóri E. Sigurðssyni, svo hljóðandi till. til þál.:

„Alþingi ályktar að kjósa 5 manna nefnd, er vinni að því í samráði við ríkisstj. að gera tillögur um stækkun alþingishússins eða byggingu nýs þinghúss eftir því, hvort betur þykir leysa þörf Alþingis fyrir viðunandi húsnæði. N. skal skila till. til Alþingis eigi síðar en haustið 1962."

Þessi till. var afgreidd frá Alþingi 28. marz 1961 á þessa leið:

„Alþingi ályktar að fela forsetum þingsins í samvinnu við fulltrúa frá þingflokkunum að gera tillögur um framtíðarhúsnæði Alþingis."

Þar sem 3 ár eru liðin síðan umrædd till. var samþ. á hv. Alþingi, beindi ég fyrir nokkru utan dagskrár þeirri fsp. til hæstv. forseta, hvenær mætti vænta álits forseta og meðnm. þeirra. Hæstv. forseti kvaðst ekki vilja svara þessari fsp. utan dagskrár, og hef ég því lagt hana formlega fram. Í samráði við forseta er fsp. nú beint til hæstv. forsrh., þar sem húsnæðismál þingsins heyra undir ráðuneyti hans og hann hlýtur því að fylgjast með störfum forseta varðandi það efni, er áður nefnd till. fjallar um.

Ég hygg, að allir hv. þm. séu sammála um, að Alþingi býr nú við algerlega óviðunandi húsnæði. Fyrst má byrja á því, að inngangurinn inn í húsið er raunar ekki mönnum bjóðandi, en þar á ég við þrengslin í fatageymslunni. Þrengslunum í þessum sal þarf ekki að lýsa, einkum þó þegar fundur er í sameinuðu þingi. Þó er þetta ekki verst. Starfsskilyrði þm. eru fyrir neðan allar hellur, enginn aðgangur að bókasafni, alveg ófullnægjandi fundaherbergi, ekki nein sérherbergi, þar sem þm. geti unnið eða rætt við menn, sem koma til fundar við þá.

Við látum mikið af því, Íslendingar, að Alþingi sé elzt núverandi þjóðþinga. Þetta auglýsum við okkur til frægðar utan landssteinanna. En hvað skal þeim, sem sjá og koma í þinghúsið, þykja um ræktarsemi okkar við þetta elzta þing veraldar? Má í því sambandi minna á, að allar nýfrjálsar þjóðir hafa yfirleitt byrjað á því að reisa þingum sínum veglega húsakynni.

Það hefur tafið mjög aðgerðir í þessum efnum, að menn hefur greint á um, hvort byggja eigi nýtt þinghús eða koma upp viðbótarbyggingu við núverandi þinghús. Meðan engin stefna er mörkuð varðandi þetta, halda menn að sér höndum. Það, sem þarf því að gera, er að taka ákvörðun um þetta sem allra fyrst og miða síðan framkvæmdir við það. Þess vegna var umrædd till. flutt á sínum tíma. Þess vegna má það ekki dragast, að umrætt álit forseta og meðnm. þeirra liggi hér svo tímanlega fyrir, að hægt verði að taka ákvörðun um þetta mál á þessu þingi.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Að þessu máli hefur verið unnið eins og ráðgert hafði verið á undanförnum missirum. Enn hefur ekki tekizt að ná samkomulagi milli þeirra aðila, sem um málið fjalla, og hefur þótt ráðlegra að láta ekki skerast í odda, heldur kanna til hlítar, hvort samkomulagi sé hægt að ná, eða a. m. k. að leita eftir eins víðtæku samkomulagi og frekast er unnt að fá. Málið hefur enn verið tekið upp á s. l. hausti, bæði varðandi framtíðarbyggingu fyrir þinghúsið og eins með hverjum hætti eða hvort unnt sé að ráða til bráðabirgða bót á þeim vandræðum, sem við er að etja. Ég geri ráð fyrir, að fulltrúar flokkanna hafi haft samráð við flokka sína um þau atriði, sem til greina koma, eða a. m. k. er auðvelt fyrir hvern flokksmann að krefja sinn umboðsmann í n. sagna um, á hvaða stigi málið er. En þar sem álit forseta og samstarfsmanna þeirra í heild liggur enn ekki fyrir, tel ég ekki rétt að ræða um málið nú í einstökum atriðum. Hitt hygg ég, að öllum sé ljóst, að hér er umbóta þörf og æskilegt er, að heildartill. um lausn málsins geti orðið sem fyrst lagðar fram.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Mér fannst svar hæstv. forsrh. vera nokkuð loðið og hann víkja sér undan því að svara fsp., þar sem hún fjallar um það, hvenær megi vænta álits forsetanna og þeirra meðnm. En ég vil aðeins í framhaldi af því, eins og ég hef áður sagt, leggja áherzlu á það, að þessu áliti verði hraðað og það svo, að annaðhvort liggi það fyrir, a. m. k. þegar þing kemur saman á ný í vetur, hvort forsetar hafa getað komið sér saman, eða ef svo er ekki, þá álít ég, að þeir eigi að hætta störfum hvað þetta snertir og þeir menn, sem

með þeim vinna, og þá verði að taka málið upp á annan hátt. Ég tel, að forsetar og þeir, sem með þeim hafa unnið, hafi fengið alveg nægan tíma til að athuga það, hvort hægt er að ná einhverju heildarsamkomulagi í þessu efni, þar sem þessi nefnd er búin að vera að störfum hátt á fjórða ár, og ef það liggur fyrir, þegar þing kemur hér saman að nýju, að forsetar hafa ekki getað skilað neinu áliti, þá verði óhjákvæmilegt og eðlilegt að taka málið upp með einhverjum nýjum hætti.

Ég vil jafnframt segja það, þó að það sé að sjálfsögðu mikilvægt, að reynt sé að ná heildarsamkomulagi um þetta mál, þá álít ég, að það eigi ekki að dragast von úr viti að taka einhverjar ákvarðanir, vegna þess að slíkt samkomulag næst ekki, og þegar það sé búið að reyna það á hæfilega löngum tíma, hvort hægt sé að ná heildarsamkomulagi eða ekki, þá verði að leita eftir lausn málsins með öðrum hætti og þá verði t. d. atkvgr. hér í þinginu að skera úr um það, hvora stefnuna eigi að aðhyllast heldur, að byggja nýtt þinghús eða viðbótarbyggingu við þetta þinghús. Og það verð ég að leggja áherzlu á og láta vera lokaorð mín að þessu sinni, að ég álít, að við eigum að reyna að halda þannig á þessu máli, að enginn einstakur flokkur geri það að flokksmáli, heldur fái þm. að taka afstöðu til þess án tillits til afstöðu flokka, heldur á þann veg, sem þeir telja réttast og eðlilegast að leysa þetta mál.

10. Héraðslæknar.

Á deildafundum 10. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til heilbrmrh. um héraðslækna [62. mál, 2] (A. 69).

Á 10. fundi í Sþ., 11. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 36 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Sþ., 18. nóv., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að spyrja hæstv. heilbrmrh., hvaða ráðstafanir ríkisstj. hyggist gera, til þess að öll lögákveðin læknishéruð landsins verði skipuð héraðslæknum. Hér þarf ekki að ræða um nauðsyn þess, að landsmenn allir eigi þess kost að ná til læknis, þegar þörf er á, um það erum við að sjálfsögðu allir sammála, enda er læknisþjónustan talin vera á meðal frumstæðustu lífsþæginda fólksins. Yfir sumarmánuðina, þegar fjallvegir allir eru færir, er oftast hægt að komast hjá vandræðum í þessum efnum, þótt eitt eða annað læknishérað sé ekki setið í bili. En allt öðru máli gegnir um vetrarmánuðina, þegar erfitt er að komast yfir vegna ófærðar, og þannig mun það vera um þessar mundir í nokkrum þeim læknishéruðum, sem læknislaus eru: fjallvegir tepptir og útilokað að ná til læknis á skömmum tíma, ef slys eða bráðan sjúkdóm ber að garði. Mér er tjáð, að læknislaus séu eftirtalin læknishéruð: Búðardalshérað, Flateyjarhérað, Suðureyrarhérað, Djúpavíkurhérað, Raufarhafnarhérað, Bakkagerðishérað, Nes í Norðfirði, en við það ber að athuga, að þar eru tveir læknar á staðnum, er starfa við sjúkrahús, sem þar er, og Kirkjubæjarhérað. Ólafsfjarðarhérað er læknislaust nú, sakir þess að héraðslæknirinn liggur veikur á sjúkrahúsi, og auglýst læknishéruð, sem hafa lækna ennþá, eru: Súðavíkurhérað og Kleppjárnsreykjahérað í Borgarfirði. Í 5 héruðum eru auk þessa settir læknar, en ekki skipaðir.

Þeir héraðslæknar, er taka að sér þjónustu í öðru héraði ásamt sínu eigin, eiga oft í miklum erfiðleikum, ekki einungis á ferðalögum, heldur og líka vegna þess, að þeir verða að flytja með sér nauðsynleg lækningatæki og meðul. Þau eru ekki mörg læknishéruðin úti á landi, sem eiga sjálf brýnustu lækningatæki eða hafa apótek. Venjulega hafa héraðslæknarnir þetta sjálfir og flytja þau með sér, er þeir fara til nýrra starfa annars staðar á landinu. Ofan á öryggisleysi þess fólks, sem þarf að búa við þessar aðstæður, að hafa ekki lækni í námunda við sig, bætist svo það að verða að kaupa alla læknisþjónustu á margföldu verði miðað við það, sem annars væri, því að vegalengdir til læknis margfaldast og sömuleiðis aðstaða til að ná í meðul, þegar þess þarf með.

Hér er um mikið vandamál að ræða og fer vaxandi ár frá ári. Læknislausum héruðum fjölgar og mun fjölga, ef ekki tekst að leysa þennan vanda í framtíðinni.

Ég tel mig hafa gert grein fyrir þeim ástæðum, sem liggja að baki þessari fyrirspurn, og ég vænti, að hæstv. ráðh. geti gefið ýtarleg svör við því, hvað ríkisstj. hyggist gera til þess, að öll lögákveðin læknishéruð verði skipuð héraðslæknum.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það er ljóst, eins og fram kom hjá hv. 1. þm. Vesturl., að læknisþjónustan í dreifbýlinu hefur verið mikið vandamál og vaxandi vandamál að undanförnu, sem m. a. kemur fram í því, að svo og svo mörg læknishéruð eru læknislaus og hefur ekki reynzt kleift að fá lækna skipaða í þessi héruð.

Þetta mál hefur verið til meðferðar í dómsmrn. og milli landlæknis og mín, en með bréfi, dags. 22. maí s. l., skipaði ég 6 manna n., sem var falið það verkefni að framkvæma endurskoðun á læknaskipunarlögunum, nr. 16 9. apríl 1955, og læknisþjónustu dreifbýlisins almennt í því skyni að finna lausn á þessu

aðkallandi vandamáli, sem stafar af skorti á læknum til héraðslæknisstarfa, einkum í hinum fámennari og afskekktari héruðum landsins.

Í n. voru Sigurður Sigurðsson landlæknir, formaður n., Benedikt Tómasson skólayfirlæknir, varamaður formannsins, Óskar Þórðarson yfirlæknir, formaður Læknafélags Íslands, Hjálmar Vilhjálmsson ráðuneytisstjóri í félmrn., Jón Thors fulltrúi í dóms- og kirkjumrn., fulltrúi frá Háskóla Íslands, en meðan hann var ekki tilnefndur fyrst í stað af læknadeild, fól ég prófessor Sigurði Samúelssyni að taka þátt í störfum n., og hinn 7. júlí tilnefndi læknadeild Háskóla Íslands prófessor Kristin Stefánsson til að taka sæti í n., og var hann 13. s. m. skipaður til þess og prófessor Sigurður Samúelsson jafnframt varamaður hans.

Þessi n. var skipuð með það fyrir augum, að í hana fengjust þeir menn, sem kynnu gleggst skil á þessu máli og líklegastir væru til að leggja fram till. til úrbóta í þessu mikla vandamáli. Ég átti viðræður við þessa nefndarmenn og lagði mikla áherzlu á, að þeir flýttu, eftir því sem verða mætti, störfum n., og einnig það, að þeir könnuðu til hlítar ráð, sem ætla mætti að dygðu í þessu máli.

Nú hefur þessi nefnd skilað áliti, og hún mun hafa leitazt við að afla sér ýtarlegra upplýsinga um ástæðurnar fyrir læknaskortinum í dreifbýli landsins. Hún hefur í því sambandi leitað álits allmargra héraðslækna og fengið skriflegar umsagnir þeirra. Hún hefur einnig leitað upplýsinga Björns Pálssonar flugmanns um skipulagningu á flugþjónustu til læknisvitjana og sjúkraflutninga. Hún hefur samið frv. til nýrra læknaskipunarlaga, sem hún 7. þ. m. skilaði til mín, og þessum till. hennar fylgir að sjálfsögðu ýtarleg og rökstudd grg. í þessu máli.

Nánari athugun á þessu frv. er um það bil að komast á lokastig í dómsmrn. og innan ríkisstj. Ég geri ráð fyrir að geta mjög bráðlega lagt fyrir þingið frv. til nýrra læknaskipunarlaga, þar sem stefnt er að því að reyna að ráða bót á þeim mikla vanda, sem hér er við að glíma. Með hliðsjón af þessu vildi ég mega ætla, að hv. fyrirspyrjandi telji ekki ástæðu til á þessu stigi málsins að fjölyrða frekar um málið, en það beri þá heldur að með þeim hætti, þegar frv. mjög innan tíðar yrði lagt fram, að venjulegar umr. hæfust þá um málið í deildum.

Fyrirspyrjandi (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir þær upplýsingar, sem hann hefur gefið, og enn fremur þakka ég fyrir það, að þetta mál skuli vera komið á þann rekspöl, er hann lýsti. En eitt er víst, að enda þótt það frv., sem lagt verður fyrir hv. Alþingi innan skamms, kunni að fela í sér margvísleg úrræði til bóta í þessum málum, þá verður það ekki til þess að bæta úr þeirri brýnustu þörf, sem er fyrir þessu málefni nú í dag. Þess vegna vænti ég þess, að hæstv. ráðh. beiti sér fyrir því, þar til hin nýja löggjöf kemur til framkvæmda, að gerðar verði þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar mega teljast til þess, að varðandi þau læknishéruð, sem eiga í mestum erfiðleikum nú sökum læknaskorts, verði reynt úr að bæta, enda þótt kunni svo að fara, að það kosti ríkið eitthvað meira í bili, því að mér skilst, að nýtt frv., sem á eftir að ganga í gegnum báðar deildir Alþingis, geti aldrei náð samþykki á þessu ári, og þurfi líka sinn aðdraganda til þess að skipuleggja ný verkefni, sem það boðar. Þess vegna er það, að það þarf að hafa hraðan á að bæta úr brýnustu þörfum nú, þar til hin nýja löggjöf tekur til starfa.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Það þarf ekki að fjölyrða um þá erfiðleika, sem fólk á við að búa, sem býr við læknisleysi. En ég vil vekja athygli á því, að ríkissjóði sparast fé með þessum hætti, að ekki fást læknar. Dettur mér í hug að spyrja hæstv. heilbrmrh., hvort ekki sé hægt að verja nokkru fé af þeim læknislaunum, sem þarna sparast, til þess að greiða fyrir flutningi sjúkra manna úr þeim héruðum, sem engan lækni hafa og verða þar af leiðandi að búa við miklu dýrari sjúkraflutninga en aðrir. Það væri, held ég, það minnsta, sem gert væri, að verja fé til að greiða fyrir flutningi á þessum sjúklingum, því að vitað er, að fólkið verður að leita um langar leiðir, þegar það hefur engan lækni í sínu héraði. Þetta finnst mér vert að taka til athugunar og skjótra framkvæmda, svo að fólkið viti, að það fái þessa aðstoð til þess að flytja sjúka.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Þetta mál, sem hér er verið að ræða, er það umfangsmikið, að ég tel, að það sé hentara að lengja ekki mjög umræðurnar á þessu stigi, eins og ég vék að áðan. En ég vil aðeins að gefnu tilefni taka það fram, að ég mun fyrir mitt leyti leggja mikla áherzlu á, að frv. um nýja læknaskipun geti fengið skjótan framgang hér í þinginu og það þurfi ekki að dragast nema mjög stuttan tíma, að það verði hægt að leggja málið fyrir Alþingi. Ég veit að vísu, að þetta er það umfangsmikið mál, að það er til nokkuð mikils ætlazt af þingmönnum að afgreiða það skjótlega. En á það ber hins vegar vegna þess, hve málið er aðkallandi, að leggja mikla áherzlu.

Í sambandi við það, sem hv. 3. þm. Vestf. vék að, þá tel ég, að það sé alveg eðlilegt, að það mál sé athugað í sambandi við hugsanlegar greiðslur úr ríkissjóði vegna kostnaðar af sjúkraflutningum, á meðan svo stendur á sem nú er og beinlínis stafar af læknisleysinu. Ég hef einnig haft til athugunar endurskoðun á l. um læknisvitjanasjóði og reynt að koma þeim málum inn í nýjan farveg í samráði við sjúkrasamlögin og Tryggingastofn-

un, og vona ég, að það geti einnig, þegar þar að kemur, bætt nokkuð úr þeim vanda, sem hér er um að ræða og snertir nokkuð svipað mál og hér er vikið að.

11. Bifreiðaferja á Hvalfjörð.

Á deildafundum 27. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til samgmrh. um bifreiðaferju á Hvalfjörð [35. mál, 2] (A. 36).

Á 7. fundi í Sþ., 28. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 37 shlj. atkv.

Á 8. og 14. fundi í Sþ., 4. og 25. nóv., var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 16. fundi í Sþ., 2. des., var fsp. enn tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Hvalfjörður er einn versti farartálmi í samgöngukerfi Íslendinga og verður því erfiðari sem þjóðin byggir meira á bifreiðaflutningum, bæði á vörum og farþegum. Segja má, að Hvalfjörður taki klukkustundar skatt af öllum þeim, sem þurfa að ferðast annars vegar á milli Vesturlands, Vestfjarða, Norðurlands eða Austurlands og hins vegar Reykjavíkur, Suðvesturlands og Suðurlands. Hefur því mikið verið um það hugsað, hvernig hægt væri að komast hjá því erfiða ferðalagi, sem akstur fyrir Hvalfjörð ávallt hefur verið og er í raun og veru enn, þrátt fyrir miklar vegarbætur. Ýmsar hugmyndir hafa verið uppi um þetta. Í fyrsta lagi sú að stórbæta veginn fyrir Hvalfjörð og stytta aksturinn þannig, sem mundi verða mjög dýrt. Í öðru lagi að gera brú yfir fjörðinn. Í þriðja lagi að gera göng undir fjörðinn. Og í fjórða lagi að setja bifreiðaferju á Hvalfjörð.

Fyrir allmörgum árum var allmikið um bifreiðaferju hugsað, unnin undirbúningsvinna og keypt tvö skip, sem átti að nota í þeim tilgangi, en þó fór það mál út um þúfur. Fyrir tæplega 2 árum var málið tekið upp aftur hér í þinginu í formi þáltill., sem var þess efnis, að ríkisstj. væri falið að láta gera áætlun um bifreiðaferju á Hvalfjörð og leggja hana fyrir Alþingi.

Nú virðist vera vaxandi áhugi á þessu máli, víðar en hér á þingi, eins og sjá má af því, að nýlega hefur verið um það skrifað opinberlega af mönnum, sem hafa kynnt sér slík mál erlendis og telja, að þetta sé tiltölulega greitt fyrirtæki, sem ætti að standa vel undir stofnfé og koma að miklu gagni. Er þar fullyrt, að verkefnið sé mjög vinnanlegt, að ferjan mundi kosta um 10 millj. og fáist smíðuð í Noregi með lánum á 80% af kostnaðarverði til 10 ára. Er talið, að ein ferja, sem nota þyrfti á Hvalfirði, muni ekki kosta ýkjamiklu meira en nýjustu mótorbátar, sem til landsins eru keyptir.

Umferðartalning sýnir, að ört vaxandi umferð er um Hvalfjörð, og fór hún á s. l. sumri upp í rúmlega 600 bíla á dag.

Tíminn, sem mundi sparast við ferju, er um klukkustund. Byggðir eins og Akranes og Borgarnes mundu í einni svipan færast nær Reykjavík, og má ganga út frá því vísu, að samgöngubótin ein muni stórauka umferðina og allt það gagn, sem er af slíkri umferð.

Fsp. er á þá leið, að óskað er upplýsinga um, hvað líði gerð áætlana um bifreiðaferju þessa, sem þingið fól ríkisstj. að láta gera með þál. 19. apríl 1963.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er eðlilegt, að hv. alþm. og aðrir hafi áhuga á því að stytta hinar miklu vegalengdir, sem víða eru hér á landi, og bæta samgöngurnar með öllum þeim ráðum, sem tiltækileg eru. Því er það ekki nema eðlilegt, að hv. alþm. velti því fyrir sér, hvort unnt verði að stytta þeim leiðina vestur á land með því að losna við krókinn fyrir Hvalfjörð, sem vissulega er langur og vegurinn á þeirri leið oft mjög misjafn.

Í sambandi við þessa fsp. vil ég geta þess, að rn. hefur snúið sér til vitamálastjóra og vegamálastjóra og óskað eftir umsögnum þeirra um bílferju yfir Hvalfjörð, hvað fyrirtækið mundi kosta, hvaða líkur eru til, að það gæti staðið undir sér rekstrarlega séð. Kostnaðaráætlun liggur fyrir og er þá gert ráð fyrir, að ferjan kosti um 10 millj. kr., hafnarmannvirki eða bryggjur 15 millj. kr. og vegagerð 2 millj. kr., þetta eru 27 millj. kr. Og þá hefur einnig verið gerð lausleg áætlun um það, hvort hugsanlegt væri, að þessi kostnaður fengist upp borinn með tekjum af ferjunni. Og sú áætlun leiðir í ljós, að hugsanlega gætu tekjurnar orðið yfir árið um 6 millj. kr., því að álitið er, að takmörk séu fyrir því, hversu ferjutollurinn megi vera hár. Reynslan í Noregi er sú, að til þess að menn vilji nota ferjur sem þessar, má ferjutollurinn helzt ekki vera hærri en sem svarar því, sem sparast í benzíni við það að losna við krókinn. Valdimar Kristinsson hagfræðingur hefur gert eins nákvæma athugun á þessu og hægt er að gera undir þessum kringumstæðum, og með leyfi hæstv. forseta, vildi ég gjarnan lesa hér grg. Valdimars, sem er stutt og fljótlesin:

„Að dómi fróðustu manna mun vart koma til greina að hafa bílferju utar á Hvalfirði en milli Hvaleyrar og Kataness. Að hafa ferju utar mundi fyrst og fremst hagkvæmt vegna Akraness, en lengri ferjuleið og þá einkum sjógangur í slæmum veðrum mun sennilega útiloka þennan möguleika. Núverandi um-

ferðarmagn fyrir Hvalfjörð ætti að geta tryggt mesta hugsanlega nýtingu í reynd á allstórri ferju. Meðalumferð á dag yfir árið mun nú vera allt að 350 bílar, þar af 25% stórir bílar, rútubílar, vörubílar og því um líkt. Ferja, sem gæti flutt 24—28 minni bíla í ferð og legði upp á hálftíma fresti frá hvoru landi, en á því ætti að vera góður möguleiki, gæti með 16 tíma nýtingu á dag og 350 ferjudögum á ári flutt allt að 600 þús. minni bíla á ári.

Nú er það reynsla Norðmanna, sem hafa fjölda bílferja í notkun, að mesta nýting í reynd sé um ⅓ til ¼ af hugsanlegri hámarksflutningsgetu, sem miðað við þessa ferjustærð yrði 120—150 þús. minni bílar á ári. Þegar tekið er tillit til stóru bílanna, er þetta einmitt rétt um eða undir núverandi umferðarmagni, sem reyndar miðast við mjög snjólétt an vetur. Og ekki er hægt að búast við, að allir bílar mundu velja ferjuna heldur en að taka krókinn, en á hinn bóginn gæti ferjan að nokkru leyti skapað sinn eigin markað, svo sem vegna aukinna sumarferðalaga Reykvíkinga um Borgarfjörð og tíðari vetrarferða Akurnesinga til Reykjavíkur. Eina ferju á Hvalfirði ætti því ekki að skorta verkefni, en um fulla nýtingu á tveimur ferjum yrði varla að ræða fyrr en eftir 10 ár, samkvæmt spám um framtíðarbifreiðaeign landsmanna.

Reynslan frá Noregi er sú, að menn séu fúsir til að greiða í ferjutoll upphæð, sem nemur benzínsparnaðinum við að aka ekki hringinn, en helzt ekki miklu meira. Nú sparast um 45 km akstur við að taka ferju hjá Hvaleyri, og sýnist þá óvarlegt að reikna með hærri tolli en sem svarar 50 kr. á bíleiningu. Þetta mundi gefa 6—7.5 millj. kr. tekjur á ári. Reikna má með, að rekstur ferju af áður nefndri stærð mundi kosta 6 millj. kr. á ári, er skiptist þannig, að 2 millj. kr. væru vinnulaun og því um líkt, 2.75 millj. annar rekstrarkostnaður og vextir og afskriftir 1.25 millj. kr., en byggingarverð ferjunnar má áætla um 10 millj. kr. og mætti eflaust fá hagkvæm lán í því sambandi. Niðurstaðan er því sú, að reksturinn mundi standa alveg í járnum að bera sig, sé aðeins reiknað með kostnaðinum af ferjunni sjálfri. Er þá ekki reiknað með hafnargjöldum eða neins konar afskriftum af viðleguplássum beggja vegna fjarðarins, en varla gætu þau kostað minna en 5 millj. kr., þegar með eru taldar læsingar og annar sérstakur útbúnaður fyrir ferjur."

Um hitt má svo aftur deila, hvort nauðsynlegt sé, að slíkur ferjurekstur bæri sig að fullu. Til þess að gera sér grein fyrir því, væri eðlilegt, að gerð yrði áætlun um, hve miklar og hvenær gera ætti endurbætur á Hvalfjarðarveginum, og að því hlýtur að koma, að hann verður að malbikast, ef ferja léttir ekki af meginhluta umferðarinnar. Hugsanlegt væri að nota hluta af vöxtum af því fé, sem færi í vegabæturnar, til að styrkja ferjurekstur, en segja má, að það fé væri ekki fyrir hendi, ef hvort eð er ætti að hefja stórt átak í vegagerðinni á þessum stað, þannig að þegar til framtíðarinnar er horft, mætti vel hugsa sér það, að rekstrarhalli á fyrirtækinu, ef reiknað er með öllum stofnkostnaðinum, mætti réttlætast af því, að krókurinn fyrir Hvalfjörð þyrfti ekki eins mikinn kostnað og mætti spara sér að gera slitlag á þann veg, vegna þess að umferðin á króknum yrði mun léttari fyrir það, að ferjan tæki við miklum hluta af umferðinni.

Vitamálastjóri hefur ekki mjög margt um þetta að segja enn sem komið er, en telur sig reiðubúinn að gera ýtarlegri athugun á því heldur en hann hefur enn haft tækifæri til að gera. Vitamálastjóri segir, með leyfi hæstv. forseta, að lauslegar athuganir hafi verið gerðar, svo og mun vegamálastjóri hafa gert athuganir á umferð og öðru þar að lútandi. Augljóst er, að þeim mun utar á fjörðinn sem ferja yrði sett, þeim mun meiri hagur yrði að ferjusambandi, sérstaklega vegna hinna nálægari staða, svo sem Akraness og Borgarness. Ákvörðun um staðsetningu slíkrar ferjuleiðar yrði að fara eftir vandlega unninni áætlun, þar sem tillit yrði tekið til kostnaðar við hafnarmannvirki og vegasambandið og þann fjárhagslega vinning, sem af styttu vegasambandi yrði. Athuganir á hafnarstæði utan Hvaleyrar og Kataness hafa ekki verið gerðar, en ef ástæða þætti til, mætti gera þær á næsta vori og gera þá um leið nauðsynlegar mælingar, og áætlanir um hafnarmannvirki við það ferjustæði ættu þá að geta legið fyrir haustið 1965. Hins vegar hafa nú verið athugaðir ferjustaðirnir við Katanes og Hvaleyri, þar sem gamlar mælingar voru til, og benda lauslegar áætlanir til þess, að hafnarmannvirki á þeim stöðum mundu kosta um 7½ millj. á hvorum stað. Tala þessi er miðuð við það, að engin ytri mannvirki þurfi að byggja og takast megi að leysa á tiltölulega auðveldan hátt þann vanda að koma bílum um borð í og frá ferju.

Rekstraráætlun hefur ekki verið gerð á vitamálaskrifstofunni og ekki heldur af vegagerðinni, og þess vegna taldi ég ástæðu til að lesa upp þá áætlun, sem Valdimar Kristinsson hefur gert í þessu efni.

Vegamálastjóri hefur gert hér nokkuð ýtarlega grg. út af þessu máli, og þykir rétt að lesa hér upp úr henni, enda þótt hún sé að nokkru leyti samhljóða áætlun Valdimars Kristinssonar. Vegamálastjóri segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Vitamálastjóri hefur tjáð mér, að ekki muni ráðlegt að gera ráð fyrir óvörðum ferjubryggjum utar í Hvalfirði en við Hvaleyri að austan og Katanes að vestan. Ef staðsetja ætti bílferju yfir fjörðinn utar, þyrfti þar að byggja æðidýra skjólgarða til varnar ferjubryggjunum. Vitamálastjóri áætlar, að kostnaður við ferjubryggjur á Hvaleyri og Katanesi verði samtals um 15 millj. kr., og er þá miðað við ferju, sem tæki 24—28 fólksbíla.

Miðað við, að bílferju yrði komið á Hvalfjörð milli Hvaleyrar og Kataness, yrði að gera nokkrar vegabætur að ferjubryggjum á þessum stöðum. Leggja þyrfti um 1.2 km langan veg að ferjubryggju á Hvaleyri af Vesturlandsvegi og endurbæta þyrfti verulega núverandi veg frá Katanesi á Akrafjallsveg á 2 km kafla, og einnig þyrfti að endurbæta um 3 km af Akrafjallsvegi að vegamótum Akranesvegar, en kostnaður við þessar vegabætur er áætlaður um 2 millj. kr. Umferðartalning, sem gerð hefur verið á Vesturlandsvegi í Hvalfirði á yfirstandandi ári, á tímabilinu júní—september, sýnir, að meðalumferð þessa mánuðina er nálægt 500 bílum á dag, eða um 60 þús. bílar þessa fjóra mánuði. Sambærileg umferðartalning hefur enn ekki verið framkvæmd að vetrarlagi, en óvarlegt mun vera að reikna með meiri meðalumferð mánuðina október—maí en um 170 bílum á dag, eða um 40 þús. bílum þessa 8 mánuði. Að sjálfsögðu eru nokkur áraskipti að því, hvað umferðin er mikil um Hvalfjörð að vetrarlagi, þar sem færðin hefur þar veruleg áhrif."

Þá kemur vegamálastjóri inn á rekstraráætlun Valdimars Kristinssonar og vitnar í hana, og er óþarfi að endurtaka það. En vegamálastjóri telur, að það sé mjög vafasamt, að rekstrargrundvöllur sé enn fyrir hendi á bílferju. Hins vegar virðist full ástæða til þess að fylgjast vel með aukningu umferðarinnar og þá sér í lagi, hvernig umferðin dreifist yfir árið og sólarhringinn, til þess að fá sem gleggsta mynd af rekstrargrundvelli fyrir bílferju, þegar að því kemur, að umferðin nær því magni, að bílferja muni borga sig. Og jafnvel þótt bílferja borgaði sig ekki í dag, er ekki um það að efast, að með þeirri þróun, sem verið hefur og verða mun, og fjölgun bifreiða muni rekstrargrundvöllur verða fyrir hendi eftir tiltölulega fá ár. Það er því eðlilegt, að athuganir séu gerðar í þessu sambandi og vel fylgzt með því, hvað tiltækilegt er að gera til þess að stytta leiðina og til þess í reyndinni að spara þjóðinni þann mikla kostnað, sem af umferðinni leiðir. Og það er rétt, sem hér var vitnað í áðan af hv. frsm., að víða erlendis eru bílferjur eins og þessi, sem hér væri fyrirhuguð, mjög mikið notaðar, og þar sem umferðin hefur náð vissu marki, er ekki að efa, að rekstrargrundvöllur er fyrir hendi. Og eins og ástatt er í vegamálum og samgöngum hér á landi og miðað við þær miklu vegalengdir, sem við höfum við að búa, og strjálbýli, er það vitanlega nauðsynlegt, að á hverjum tíma sé vel fylgzt með því og það sé vel athugað, hvaða tiltækileg ráð það eru, sem hægt væri að grípa til, til þess að stytta vegina og lagfæra þá og gera umferðina kostnaðarminni.

Fyrirspyrjandi (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir glögg svör og þær upplýsingar, sem hann hefur veitt. Þær upplýsa málið að verulegu leyti, þó að enn sé ekki komið að endanlegum ákvörðunum, sem varla var við að búast í krafti þessarar till. einnar.

Mér finnst athyglisvert við þessa miklu samgöngubót, að hér er allt í einu farið að tala um, hvort hún geti borið sig eða ekki. Það hafa verið lagðir vegir og gerðar brýr um allt land á undanförnum árum og áratugum, en ég hef aldrei heyrt umr. á þingi um það, hvort viðkomandi samgöngubót mundi bera sig eða ekki. Nú er það að vísu sjálfsagt, að ferjan taki gjald af hverju farartæki, sem hún flytur, og það er sjálfsagt að reyna að hafa það mjög í huga, hvort a. m. k. ferjan sjálf geti ekki borið sig. Mér finnst þó rétt að benda á, að hér ríkja nú þegar um mikilsverða samgöngubót dálítið annarleg sjónarmið, sem ég held, að við megum ekki láta ráða.

Samkvæmt þeim áætlunum, sem hæstv. ráðh. las fyrir okkur, er gert ráð fyrir, að þessi ferja gæti nú þegar flutt 120—150 þús. bíla á ári. Ég held, að umferðaraukning sé svo hröð, að það sé engin goðgá að taka hærri töluna. Segjum svo, að ferjan flytji 150 þús. bíla á fyrsta ári, og segjum svo, að það sé aðeins einn maður í hverjum bíl. Við vitum, að ferjan sparar hverju farartæki rúmlega klukkustund. Ef við ætlum þessu fólki aðeins lægsta kaup Dagsbrúnarmanns, þá er um að ræða vinnustundir, sem kosta 4.8 millj. á einu ári. Þetta gefur ef til vill örlitla hugmynd um, hvaða þýðingu Hvalfjarðarferja muni hafa. Ég vil undirstrika, að hér mundi vera um að ræða bíla af öllu landinu, Suður-, Suðvestur-, Vestur-, Norður- og Austurlandi.

Ég tel, að þær upplýsingar, sem fram hafa komið, gefi tvímælalaust í skyn, eins og hæstv. ráðh. sagði í lok ræðu sinnar, að þetta sé fjárhagslega viðráðanlegt fyrirtæki, þannig að tekjur muni örugglega standa undir einum ferjubát. Ég er þeirrar skoðunar, að aukningin verði svo mikil og ör á umferðinni, að hún muni gera betur, ferjan ætti að geta byrjað að safna fyrir annarri ferju, sem þarf að koma eftir 8—10 ár, eða hjálpað til við hafnarframkvæmdirnar, sem gera þarf.

Það er talað um að malbika veginn fyrir Hvalfjörð. Ég hygg, að hv. alþingismenn hafi nokkra hugmynd um, hvað Keflavíkurvegur hefur kostað, og get ímyndað mér, hvað kosta mundi að malbika veginn fyrir Hvalfjörð. Ef ferjuframkvæmd gæti frestað því verki í einn eða tvo áratugi, þá er um að ræða gífurlegan fjárhagslegan sparnað. Ég vil því beina þeirri eindregnu áskorun til hæstv. ráðh., að hann láti fara fram nánari rannsóknir á málinu, sérstaklega varðandi hafnarmannvirkin, sem virðast hafa verið minna skoðuð, og verði vandlega athugað, hvort hér er ekki framkvæmd, sem við getum ráðizt í fljótlega.

Ég vil einnig benda á, af því að slík bílaferja væri nýmæli hér á landi, og ferja er vegaframkvæmd samkv. nýju vegal., að mér finnst það geta komið til greina, að eitthvert

fyrirtæki, sem t. d. sveitarfélög og ríki væru verulegir aðilar að, tæki að sér kaup og rekstur ferjunnar. Það er ekki víst, að það væri hentugast að setja upp nýja deild hjá vegamálastjórninni til að reka þessa ferju, enda eru ýmsir aðilar, sem hafa aðstöðu og hagsmuni, sem gætu komið til greina. Þessu varpa ég fram til umhugsunar, en vil ítreka, að ég þakka hæstv. ráðh. þær upplýsingar, sem hann hefur veitt.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Hér er vissulega um mjög athyglisvert mál að ræða, og má raunar segja, að furðulegt sé, að ekki hafi orðið úr framkvæmdum, eins langt og er síðan fyrst var farið að tala um það. Ég skal sízt draga úr því, að málið sé kannað til hlítar, en mér heyrðist hv. fyrirspyrjandi gera ráð fyrir einu atriði, sem mér virðist vera óvíst með öllu. Hann sagði, að það mundi a. m. k. spara klukkutíma fyrir hvern bíl að fara þetta á ferju.

Ég hjó ekki í það hjá hæstv. samgmrh., hvort nokkuð var að þessu atriði vikið í upplýsingum vegamálastjóra. Ég tók ekki eftir því. En spurningin er, hvað tekur langan tíma að fara yfir fjörðinn á ferju með nauðsynlegri bið á undan, komast af stað, fara yfir fjörðinn og þeir vafningar, sem eru við það að komast í land aftur, þangað til hægt er að leggja af stað. Ég hygg, að einmitt þetta atriði, að menn efuðust um, hversu tímasparnaðurinn yrði mikill, hafi átt verulegan þátt í því, að á fyrri stigum málsins hafi ekki orðið úr framkvæmdum. Það má vera, að þetta standi öfugt í mínu höfði, en þó er mér nær að ætla, að ég hafi heyrt þá röksemd.

Það er auðvitað ljóst, að sparnaðurinn fer nokkuð eftir því, hvað utarlega ferjan verður látin fara yfir fjörðinn, hvort hægt er að láta hana fara, eins og dr. Benjamín Eiríksson talaði um, rétt fyrir innan Saurbæ á Kjalarnesi og rétt fyrir innan Innri-Hólm eða hvort þarf að fara alla leið inn undir Kalastaðakot eða Katanes og Eyri annars vegar. Þetta eru auðvitað mjög mikilsverð atriði, en það má ekki gera ráð fyrir því, að allur aksturstíminn sparist, eða segja, að aksturstíminn sparist. Það kemur í staðinn töluverður tími, sem fer í að fara yfir fjörðinn, þótt á ferju sé. Þetta liggur auðvitað í augum uppi og er óþarft að taka fram. En það er ekki hægt að gera neinar áætlanir um málið, svo að vit sé í, nema þetta sé haft í huga. Og það er jafnnauðsynlegt að gera sér grein fyrir þessu strax í upphafi, eins og þeim töluleglu upplýsingum, sem þegar lágu fyrir, af því að það er alveg rétt, sem hv. fyrirspyrjandi sagði, að venjulega er ekki verið að spyrja um það, hvort einhver brú borgar sig eða einhver vegaspotti borgar sig, heldur hvaða samgöngubætur verða af málinu. Og það stendur í mínum huga svo, að á fyrri stigum málsins hafi menn talið, að eins og þá stóð á og með þeim tækjum, sem þá var um að ræða til flutnings yfir fjörðinn, þá yrði samgöngubótin tiltölulega lítil, tímasparnaðurinn yrði ekki líkt því eins mikill og hv. fyrirspyrjandi gerði ráð fyrir. Aðrir vita betur um þetta en ég, en ég taldi rétt að vekja athygli á þessu hér.

Fyrirspyrjandi (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Aðeins örfá orð út af ræðu hæstv. forsrh.

Mér hefur sagt sjómaður, sem var viðriðinn tilraunir með ferju skömmu eftir stríðslok, að þá hafi ferjunni, sem nú flytur sement milli Reykjavíkur og Akraness, verið siglt á milli Hvaleyrar og Kataness á 6 mínútum. Hins vegar var þá um að ræða ferjur, sem voru innrásarprammar og hefðu orðið að snúa sér við á leiðinni. Þetta hefði að sjálfsögðu tafið töluvert, auk þess sem útbúnaður þeirra var engan veginn fullkominn til þess að taka bíla um borð og skila þeim aftur í land. Nú er hins vegar hugsað um ferjur, sem snúa sér ekki við, eru opnar í báða enda og nota bryggjur, sem fljóta. Ferjurnar festa sig sjálfkrafa, um leið og þær sigla að, þannig að hraðinn á að geta verið miklu meiri en hann var í þá tíð.

Ég sló fram reikningsdæmi með klukkustundina, sem ef til vill má ekki taka of hátíðlega. Þetta jafnar sig út, þegar stóru bifreiðarnar, þunghlöðnu vörubílarnir og langferðabílarnir með fjölda farþega, eru sennilega meira en klukkutíma, en litlir bílar eru að jafnaði minna, og fer þó allt eftir færð.

Ég geri ráð fyrir því, að fólkið í næstu byggðum mundi telja það mestan kost við ferju, að það losnar við að fara Hvalfjörðinn að vetrarlagi, og það eitt mundi skapa umferð frá Borgarnesi og Akranesi annars vegar og Reykjavík hins vegar, sem væri t. d. sambærileg við umferðina milli Keflavíkur og Reykjavíkur.

Ég vil því ekki, að menn taki það, sem ég sló fram um tímasparnað, of nákvæmlega. Að vísu var þar reiknað aðeins með einum manni í bíl, sem einnig vegur nokkuð á móti, en hitt er rétt hjá hæstv. forsrh., að það er ekki um hreinan klukkustundarsparnað að ræða. En ég geri ráð fyrir því, ef bíll hagar ferðum sínum eftir því, hvenær ferjan fer, þá eigi hann að vera kominn yfir Hvalfjörð innan 15 mín.

12. Aflatryggingasjóður.

Á deildafundum 24. nóv. var útbýtt frá Sþ.: **Fsp. til ríkisstj. um Aflatryggingasjóð** [81. mál, 2] (A. 111).

Á 14. fundi í Sþ., 25. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 31 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Sþ., 2. des., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Árið 1949 voru sett hér á Alþingi lög um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins. Þessi lög giltu síðan með lítils háttar breytingum þar til á árinu 1962, að sett var í þeirra stað löggjöf um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins. Meginbreytingin, sem þá var gerð, var sú, að auk bátaflotans var nú ákveðið, að togararnir skyldu einnig verða aðilar að sjóðnum. Jafnframt var ákveðið að leggja fram úr ríkissjóði 37½ millj. kr. sem stofnfé til togaradeildar. Aflatryggingasjóður hefur síðan skipzt í 4 deildir: síldveiðideild, almenna deild bátaflotans, togaradeild og jöfnunardeild. Árlegar tekjur sjóðsins eru 1¼% af útflutningsverði íslenzkra sjávarafurða, svo og árlegt framlag úr ríkissjóði, sem nema skal helmingi á móti útflutningsgjaldinu. Tekjurnar skiptast þannig milli deilda, að síldveiðideild, almenn deild bátaflotans og togaradeild fá hver um sig hálfar tekjur af útfluttum afurðum viðkomandi greinar, en hinn helmingurinn rennur í jöfnunarsjóð. Úr einstökum deildum og jöfnunarsjóði er síðan heimilt að úthluta eftir sérstökum reglum, sem ég fer ekki út í hér.

Árlegar tekjur aflatryggingasjóðs nema allhárri upphæð. T. d. er framlag ríkissjóðs í fjárlagafrv. fyrir árið 1965 áætlað 20 millj. kr., og er því ráð fyrir því gert, að heildartekjurnar nemi þrefaldri þeirri upphæð, eða 60 millj. Það er því vissulega ástæða til þess, að árlega sé gerð á opinberum vettvangi grein fyrir hag þessa sjóðs og einstakra deilda hans. Ég hef þess vegna leyft mér að leggja fram á þskj. 111 svo hljóðandi fyrirspurn:

„1) Hve mikið fé hefur verið greitt úr aflatryggingasjóði á undanförnum 4 árum: a) í heild, b) úr hverri einstakri deild sjóðsins?

2) Hver er eign aflatryggingasjóðs nú og hverrar einstakrar deildar?

3) Hverjar eru áætlaðar árstekjur hverrar deildar um sig?"

Ég vænti þess, að það valdi ekki misskilningi, þó að ég í fsp. nefni aðeins aflatryggingasjóð, en eins og ég sagði, þá er sjóðurinn með því nafni aðeins 2½ árs gamall, en hét áður hlutatryggingasjóður. Þetta ætti ekki að þurfa að valda misskilningi, vona ég, þar sem í rauninni er um sama sjóðinn að ræða.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Í fyrsta lagi er spurt: „Hve mikið fé hefur verið greitt úr aflatryggingasjóði á undanförnum 4 árum: a) í heild, b) úr hverri einstakri deild sjóðsins?"

Um þetta hef ég fengið upplýsingar frá sjóðnum, sem eru á þessa leið:

Árið 1961 voru greiðslurnar þannig: Úr almennu bátadeildinni 10.2 millj., ég les aðeins heil hundruð þús., ef það er lesið nákvæmlega, þá eru það 10248038 kr., og togaradeildin með 32684987 kr. eða greiðslur samtals 42933025 kr. Árið 1962 urðu greiðslurnar þannig: Almenna deildin 8518275 kr., síldveiðideildin 89830 kr. og togaradeildin 19639167 kr. Árið 1963 urðu greiðslurnar þannig, að úr almennu deildinni voru greiddar 9508551 kr., úr síldveiðideildinni 28637058 kr. og úr togaradeildinni 20947084 kr., eða samtals 59087693 kr. Og árið 1964 hefur þegar verið greitt úr almennu deildinni 4069619 kr. Samtals gerir þetta fyrir öll árin í heild: Úr almennu deildinni 32339483 kr., úr síldveiðideildinni 28726888 kr. og úr togaradeildinni 73271238 kr., eða samtals úr öllum deildum í þessi 4 ár 134337609 kr.

Þá er spurt: „Hver er eign aflatryggingasjóðs nú og hverrar einstakrar deildar hennar?" Þær eru taldar svo, að almenna deildin eigi 42777941.03 kr. Skuldir hennar eru engar. Síldveiðideildin er talin eiga 9457489.90 kr., en skuldir hennar eru aftur á móti 19791868.49 kr. Togaradeildin er talin eiga 488215.71 kr., en skuldir hennar eru taldar 75340858.94 kr. Og jöfnunardeild er talin eiga 54449082.50 kr. Skuldir hennar eru engar. Þannig eru eignir deildanna samanlagt taldar vera 107172729.14 kr., en skuldir samtals 95132727.43 kr.

Þá er spurt: „Hverjar eru áætlaðar árstekjur hverrar deildar um sig?" Árstekjurnar fyrir árið 1963 voru áætlaðar alls um 66.7 millj. og árstekjur árið 1964 voru áætlaðar 70 millj., en munu reynast vera í kringum 5 millj. hærri eða um 75 millj. kr.

Þessari skýrslu aflatryggingasjóðs fylgir svo hljóðandi greinargerð frá sjóðnum:

„Greiðslum er enn ekki að fullu lokið fyrir árið 1963. Mun samt einungis vera um smærri upphæðir að ræða, einkum vegna sumar- og haustvertíðar þorskveiða. Frá allmörgum útvegsmönnum berast skýrslur seint og illa. Reikningar áranna 1961 og 1962 eru tilbúnir og verða birtir innan skamms. Oftast er dregið að loka reikningum til þess að gefa öllum rétthöfum bóta tækifæri til að senda skýrslu. Greiðslur úr síldveiðideild fyrir árið 1963 runnu til minni flokka báta vegna sumarsíldveiðanna, en að mestu var um greiðslu bóta að ræða vegna alvarlegs aflabrests á haustsíldveiðunum 1963. Þess ber og að geta, að auk skulda þeirra, sem taldar eru togaradeild, alls að upphæð 75.3 millj. kr., voru á árinu 1960 gefin út skuldabréf til 6 ára að upphæð 30 millj. kr., sem skuldunautar," — mun eiga að vera skuldheimtumenn, — „togaranna sambykktu að taka sem greiðslu upp í skuldir togaraútgerðarinnar. Á móti kemur svo stofnframlag ríkissjóðs til togaradeildar sjóðsins, að upphæð 37.5 millj., sem greiðist á 15 árum. Ekki er að fullu lokið uppgjöri ríkissjóðs við aflatryggingasjóð fyrir árið 1963. Tekjur það ár námu 66.7 millj. kr., þar af framlag ríkissjóðs rúmlega 22 millj., en skipting tekna milli deilda er að sjálfsögðu ekki lokið, en er áætluð sem hér segir: að jöfnunardeild fái 33.4 millj. kr., síldveiðideild 11.8 millj. kr., almenna bátadeildin 17.6 og togara-

deild 3.9, eða samtals 66.7 millj. kr. Tekjur ársins 1964 voru upphaflega áætlaðar 70 millj. kr., en verða, ef að líkum lætur, nær 75 millj., þar af 25 millj. úr ríkissjóði. Áætluð skipting þeirrar upphæðar á deildir er þessi: Jöfnunardeild 37.5, síldveiðideild 15.5, almenna bátadeildin 19 og togaradeild 3, eða samtals 75 millj. kr."

Ætla ég þá, að svarað sé fsp. hv. þm.

Fyrirspyrjandi (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. skýr og greinargóð svör við fsp. minni. Ég ætla, að það sé rétt, að þingheimur hugleiði þetta mál nokkuð, og vil nú við þetta tækifæri aðeins benda á það, að þarna blasir við vandamál, sem raunar er ekki Alþingi ókunnugt áður, en kemur hér enn fram í mjög skýru ljósi, og það er vandamálið með togaraútgerð Íslendinga í dag. Vissulega þarf að taka á því af fullri festu og reyna að rannsaka það niður í kjölinn, hvað rétt er að gera í því mikla vandamáli.

Það er auðséð, að nú standa sakir þannig með aflatryggingasjóð, að togaradeildin er orðin stórskuldug, þó að hinar og þá sérstklega almenna fiskveiðideildin standi sig mjög sæmilega og allvel. Og þetta gerist jafnframt því, sem Alþingi hefur á annan hátt veitt allverulegan styrk til togaraútgerðar í landinu á undanförnum árum. Ég held, að það, sem lesið verður út úr þessari skýrslu, sé fyrst og fremst þetta, við hversu erfitt vandamál hér er að etja, og það verði að freista þess að leysa það. Það, sem helzt hefur verið til umræðu, að því er mér skilst, núna upp á síðkastið, er það, hvort lausnin væri að einhverju leyti fólgin í því að leyfa togurunum að veiða að einhverju leyti innan 12 mílna fiskveiðilögsögunnar. Ég skal ekkert á móti því mæla, að þetta atriði sé kannað af hinum hæfustu mönnum, en ég efast mjög um, að það sé rétta lausnin eða a. m. k. eina lausnin á vanda togaraútgerðarinnar í dag.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Þær upplýsingar, sem hér hafa nú verið gefnar um aflatryggingasjóð, leiða alveg glögglega í ljós, að það hefur farið þannig, eins og ég og nokkrir fleiri bentu á, þegar lögum um aflatryggingasjóð eða hlutatryggingasjóð var síðast breytt, að með þeirri breytingu var stefnt inn á þá braut að láta bátaútgerðina í landinu standa að mjög verulegu leyti undir rekstrarhalla togaraflotans. Nú er málunum þannig komið, að bátaútgerðin í landinu er stórkostlega skattlögð á hverju ári með útflutningsgjöldum, sem renna í sérstaka svonefnda jöfnunardeild í aflatryggingasjóði, en fé þessarar jöfnunardeildar hlýtur og verður, eins og málum er háttað, að renna svo að segja að öllu leyti til stuðnings togaraútgerðinni. Reynslan er sú, að togararnir, eða sú útgerð, greiðir tiltölulega lítið af heildargreiðslunum í sjóðinn, en fær hins vegar yfirgnæfandi meiri hluta af greiðslunum úr sjóðnum. Ég tel, að með þessu hafi verið farið inn á mjög varhugaverða braut og óeðlilega, að ætla að skattleggja bátaútgerðina í landinu á þennan hátt til þess að leysa vandamál togaraútgerðarinnar.

Það er orðið mjög aðkallandi mál, að það verði sett niður sérstök rannsóknarnefnd til þess að athuga um rekstrarvandamál togaraflotans. Ég flutti um það mál till. fyrir nokkru. Hæstv. ríkisstj. gat þá ekki fallizt á það, en ég held, að reynslan síðan hafi sýnt, að það er orðið aðkallandi mál, að það verði sett nefnd af hálfu Alþingis til að athuga um vandamál togaraflotans.

En þessi leið, sem nú er farin, nær engri átt. Og það sem verra er, það er ekki aðeins viðvíkjandi aflatryggingasjóði, heldur á þetta sama sér stað einnig í sambandi við vátryggingakerfið. Það vátryggingakerfi fiskiskipaflotans, sem nú er í gildi, byggist í rauninni alveg á því sama. Það er verið að skattleggja bátaflotann í landinu alveg stórkostlega til þess að færa yfir fé til togaraútgerðarinnar.

Hér er auðvitað engin aðstaða til þess í þessum fyrirspurnatíma að ræða þetta alvarlega mál, en ég vil vænta þess, að þessar upplýsingar, sem hér hafa verið gefnar, verði til þess, að hæstv. ríkisstj. fallist á, að það er orðin óhjákvæmileg nauðsyn að taka þessi mál fyrir og létta þessum útgjöldum, sem nú hvíla á bátaútgerðinni í landinu, af þeirri útgerð, en takast hins vegar á við vandamál togaraflotans á raunhæfari hátt, því að það er alveg augljóst mál, að áfram getur ekki orðið haldið á þessari braut, sem farin hefur verið.

Viðvíkjandi þeim uppástungum, sem fram hafa komið, að leysa öll vandamál togaraflotans nú með því að hleypa togurunum inn í landhelgina, þá álít ég, að það sé mikill misskilningur. Það þarf allt annað og meira að koma til heldur en það, þó að ekkert sé við því að segja, að það mál sé athugað ofan í kjölinn, hvað hægt er að gera í þeim efnum fyrir okkar útgerð almennt. En það er enginn vafi á því, að við leysum ekki vandamál togaranna á þann hátt. Til þess að leysa þau þurfa að koma önnur ráð.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég skal ekki vera margorður, en það er sjálfsagt ástæða til þess að tala töluvert mikið um aflatryggingasjóðinn og þær reglur, sem úthlutað er eftir. Viðvíkjandi togurunum hélt ég því fram fyrir tveimur árum, að það væri meir en vafasamt að reka mikla togaraútgerð hér á landi við þau skilyrði, sem hún býr við nú. Og ég er sömu skoðunar enn. Ég vil benda á það, að togararnir veita tiltölulega miklu minni vinnu í landi en bátaútvegurinn vegna þess, hve mikið er siglt með af aflanum beint og hann seldur ísaður eða frystur að einhverju leyti. Og annað það, að gjaldeyririnn, sem fæst fyrir slíkar ferðir, er miklu

ódrýgri en sá gjaldeyrir, sem bátarnir afla fyrir, þegar fiskurinn er unninn í landi, vegna þess, hve miklu er eytt af þessum gjaldeyri ytra, bæði í ýmsan kostnað þar og í það, sem skipshafnirnar eyða, sem er sennilega erfitt að færa fullar sönnur á, hve mikið er, og vafalaust eitthvað, sem kemst tollfrjálst inn í landið þannig. En reglurnar, sem úthlutað er eftir úr aflatryggingasjóði, eru algerlega úreltar.

Það er t. d. þessi svæðaskipting, sem veldur því, að þau svæði, sem lítið aflast á, fá svo sáralítið. Þegar miðað er við 5 ára meðaltal, þá gefur það auga leið, að það er útilokað, að þessi svæði fái svo sem nokkuð að gagni. Ég vissi það, að fyrir Norðurlandi s. l. vetur, þegar aflatregða var mikil, þá fengu bátar, sem töpuðu um 100 þús. kr. á mánuði, eftir allt að því 3 mánaða vertíð höfðu tapað allt að 300 þús. kr., þótt ekki sé reiknað með afborgun af skipi eða annað slíkt, þeir fengu þetta 20—40 þús. kr. Sem sagt, þessar reglur eru þannig, að þær ná engan veginn tilgangi sínum. Þetta er algerlega ósanngjarnt og óeðlilegt, því að þessir bátar standa algerlega undir atvinnulífi í þessum þorpum og kauptúnum. Ef þeir væru ekki starfræktir, þá væri fólkið atvinnulaust og yrði að flytja burt, svo framarlega sem ekki væru myndaðar nýjar atvinnugreinar. Það nær því engri átt, hvernig þetta er. Og þá má einnig benda á verðið á fiskinum, að það er línufiskurinn, sem er langbezta varan, sem framleidd er hér á landi, og ég hygg, að það sé gerður allt of lítill verðmunur á honum og t. d. netafiskinum á erlendum markaði. Það ætti að borga þeim húsum bætur, sem framleiða betri vöruna. Það ætti að gera verðmuninn meiri en nú er hjá þeim fyrirtækjum, sem annast um söluna, því að þetta er ekki sambærileg vara, halda því meira sér og borga hærra verð. Þetta er allt önnur vara. Annars skal ég ekki fjölyrða um þetta frekar í þetta skipti.

En það sama er að segja um tryggingakerfið. Það er níðzt á bátum innan við 100 tonn. Þetta er borgað af sameiginlegu gjaldi, sem er tekið í útflutningsgjöldunum. Tryggingarnar eru borgaðar þannig, að bátar innan við 100 tonn eru skyldaðir til að tryggja hjá Samábyrgðinni, og þeir fá engar viðgerðir borgaðar. Ef vélar bila eða einhver tæki í skipunum, þá fá þeir ekkert af þessu borgað, en bátar, sem eru yfir 100 tonn, fá þetta allt borgað. Það skiptir mörg hundruð þús. á bát á ári. Það eru einmitt þessir litlu bátar, sem halda fyrst og fremst uppi atvinnulífinu með dragnótaveiðum og veiði á línu, sem skapar mjög mikla atvinnu í bæjunum.

Nú er það þannig með báta innan við 100 tonn og þó einkum báta milli 40 og 100 tonn, sem geta ekki stundað dragnótaveiðar, að aðstæður þeirra eru lakastar af bátum í bátaflotanum, vegna þess að þeir hafa léleg skilyrði til þess að veiða síld. Þeir eru orðnir of litlir. Beztu skipstjórarnir eru keyptir á stærri bátana. Þeir halda, að þeir hafi þar meira upp. Þeir hafa ekki eins vana og góða skipstjóra, þessir bátar, og þess vegna er mjög erfitt að veiða síld á þá nokkuð að ráði, og þeir geta ekki stundað dragnótaveiðarnar. Bátar, sem stunda dragnótaveiðar t. d. fyrir sunnan land, virðast hafa haft sæmilega afkomu s. l. sumar og viðunandi fyrir norðan. Og það má benda á það, að dragnótaveiðin á Skagafirði og Húnaflóa bjargaði alveg atvinnulífinu í þessum kauptúnum í sumar. En ég álít, að kjör báta innan við 100 tonn séu þannig, að það sé óviðunandi, bæði hvað snertir tryggingar og eins hvað snertir bætur úr aflatryggingasjóði. Hins vegar er mokað í togarana. Ég er ekki að segja, að þeim veiti ekki af því, en fyrir þjóðfélagið held ég, að reksturinn borgi sig ekki.

Viðvíkjandi því að hleypa þeim inn fyrir línuna, þá tel ég það mjög varhugavert, ef ekki eyðileggjandi fyrir línuútgerðina. Annars held ég nú, að eftirlitið fyrir Norðurlandi sé þannig, að þeir skjótist kannske inn fyrir, án þess að það sé tekið mikið eftir því. Bæði eru þessar reglur svo flóknar, sem farið er eftir, að það er ákaflega erfitt að fylgjast með því, jafnvel fyrir fiskibátana, og svo hafa þeir enga aðstöðu til að mæla út eða staðsetja togarana, þó að þeir verði varir við þá, og annað það, að eftirlitið er það lítið að vetrinum, að ég held, að það sé mjög ófullnægjandi. Og ég vildi ekki sverja fyrir, að eitthvað af þeim fiski, sem þeir veiða, sé tekið innan þessarar ákveðnu línu. Annars er þetta mál, sem er ekki hægt fyrir mig að fullyrða um.

Ég álít, að þessir hlutir séu þannig, að það sé óhjákvæmilegt að taka þá til endurskoðunar. Ég hef þegar gert frumdrög að breytingum viðvíkjandi úthlutun úr aflatryggingasjóði eða reglum um hann, og ég býst við að bera það undir Fiskifélagið nú á næstunni og hef rætt um þetta við sjútvmrh. En vitanlega hef ég ekki aðstöðu til að koma málum fram, ef stjórnarliðið beitir sér á móti því, og æskilegast væri auðvitað, að þetta væri leyst á þann hátt, að sjútvmrh. léti endurskoða þessar reglur og breyta þeim í skynsamlegt horf.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það er náttúrlega enginn vegur að ræða þetta mál efnislega, sem hér var spurt um í upphafi, í fyrirspurnatíma. Til þess er ræðutími þm. allt of stuttur, þar sem ræðutími er ekki nema 5 mín. En ég vildi þó aðeins út af þeim athugasemdum, sem hér hafa komið fram, segja nokkur orð.

Því hefur verið haldið fram, að bátaútvegurinn standi aðallega undir togaraflotanum. Þetta er ef til vill rétt að nokkru leyti, en það er ekki rétt að öllu leyti. Í fyrsta lagi má segja það, að togararnir hafi verið hraktir af miðunum, hraktir af sínum gömlu miðum, til þess að bátarnir fengju þar einir að vera.

Þetta hefur orðið til þess, að afli togaranna, a. m. k. hér á heimamiðum, síðan landhelgin var færð út 1958, hefur orðið svo miklu minni en áður, að það er alls ósambærilegt. Fram til þess tíma var afli togaranna sum árin um og yfir 40% af heildarafla landsmanna. Eftir að þessi útfærsla var gerð, hefur aflinn komizt niður í 5—6—7% af heildaraflanum. Það er náttúrlega auðséð, að þetta kallar á aðgerðir, og þær aðgerðir, sem gerðar hafa verið til þess að aðstoða togarana, svo að þeir þyrftu ekki alveg að gefast upp, hafa að nokkru leyti verið þær, sem gerðar voru með frv. um breytingu á hlutatryggingasjóði. Mál togaranna hafa verið rædd hér á Alþingi áður, og mér hefur skilizt á hv. alþm., að flestir þeirra gætu ekki hugsað sér, að togaraveiðar yrðu algerlega lagðar niður af Íslendingum. Það er, ég vil segja eini möguleikinn fyrir okkur til þess að sækja afla á fjarlæg mið t. d., ef möguleikar væru þar, en ekki eða minni á heimamiðum.

En eigi að síður, þessi athöfn, sem gerð var með útfærslu landhelginnar, hún er góð og þörf, — ég er ekki að mæla á móti henni, síður en svo, — en hún hefur haft þessar óhjákvæmilegu afleiðingar, að togaramiðin hafa færzt yfir á bátana. Og út frá því sjónarmiði væri kannske ekki alveg óeðlilegt að hugsa sér, að bátarnir létu eitthvað af höndum rakna til þess að bæta togurunum þetta upp. Þessi hugsun liggur sjálfsagt til grundvallar fyrir setningu aflatryggingasjóðslaganna að einhverju leyti.

En svo vil ég enn benda á það, að til aflatryggingasjóðsins nú er lagt miklu meira fé úr ríkissjóði en áður var gert til hlutatryggingasjóðs, þannig að segja má, að kannske mestur hlutinn af því fé, sem gengur til togaranna, sé úr ríkissjóði kominn, en ekki frá bátunum. Hins vegar hefði vitaskuld, ef togarastyrkurinn þyrfti ekki að vera þetta mikill, meira fé getað runnið af ríkissjóðsframlaginu til báta, sem hefðu verið þurfandi fyrir það. En þetta er svo mikið vandamál, að það er ekki hægt að segja: Þetta má gera og hitt ekki gera, — því að hagsmunirnir hjá báðum þessum hópum, bátahópnum og togarahópnum, eru svo samtvinnaðir á einn veg og annan, að það er ekki unnt að veita öðrum, án þess að það að einhverju leyti geti snert hinn. Og það er það, sem raunar hefur verið gert.

Það hefur verið til hagsbóta fyrir bátana, að togararnir hafa verið útilokaðir frá miðunum. Þess hafa togararnir orðið að gjalda, en bátarnir notið. En hins vegar hefur aflatryggingasjóðsgjaldið runnið meira til togaranna en til bátanna, og þess hafa togararnir notið í vandræðum sínum.

Hvað gera skuli við togarana, er líka vandamál, sem verður sjálfsagt ekki leyst hér. Það hafa verið settar nefndir til að athuga málið, og það er ekki af því, að það skorti nefndir til þess að athuga hag togaranna, að farið hefur eins og gert hefur, heldur vegna hins, að það hefur ekki verið hægt að finna nein svæði handa togurunum til þess að fiska á, þar sem þeir hafa getað fengið nægilegan afla til þess að standa undir sínum rekstri. Og meðan við viljum hafa togaraútgerðina gangandi, þá verðum við að gera okkur þetta ljóst, að það verður að hjálpa þeim til þess að fá það, sem á skortir, að aflinn nægi fyrir rekstrinum.

Það eru líka aðrar athuganir, sem hafa verið í gangi, sem ég skal ekki koma inn á. Kannske gefa þær einhverja raun, en athuganir og það jafnvel stöðugar athuganir hafa farið fram á þessum málum, hvað hægt væri að gera fyrir togarana. Þó að það hafi verið nefnt að taka þá inn fyrir 12 mílna mörkin, þá er það mál líka svo flókið, að það hefur ekki fengizt enn þá krufið nægilega til mergjar, til þess að hægt hafi verið að gera ráðstafanir í því sambandi, sem sjálfsagt verða gerðar, hvort sem þær verða á þann veg, að togararnir verða lokaðir úti, eða þeim verður hleypt eitthvað inn fyrir. Þetta verður eilíft árekstramál, og má sjálfsagt gera það að meira eða minna árekstramáli, en það verður ekki leyst nema með skilningi og samkomulagsvilja frá beggja hálfu.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð. — Það, sem mér finnst í rauninni varhugaverðast í sambandi við þessi mál, þ. e. a. s. varðandi það, hvernig á að taka á vandamálum togaranna, er sú skoðun, sem kemur fram hjá ýmsum, sem um þessi mál ræða, og mér fannst að kæmi hér allmikið fram hjá hæstv. sjútvmrh., að binda sig við það, að vandamál togaraflotans íslenzka stafi eingöngu af útfærslu landhelginnar út í 12 mílur. Ég fyrir mitt leyti er alveg sannfærður um, að þetta er rangt. Ég efast ekkert um það, að breytingin á veiðisvæðunum við landið hefur haft sín áhrif fyrir togarana. Það er enginn vafi á því, að rekstrargrundvöllur togaranna þrengist nokkuð við þessa útfærslu, en ég álít, að þar sé um miklu minna atriði að ræða en ýmislegt annað, sem þarna kemur inn í þetta vandamál. Ég held því, að það megi ekki á neinn hátt hugsa sér málið þannig, að annars vegar hafi bátafloti landsmanna fengið þessi veiðisvæði, sem hafi verið tekin af togurunum, tap togaranna stafi af þessu og af því verði að skattleggja bátaflota landsmanna, til þess að færa til baka aftur.

Þessi hugsun, sem að nokkru leyti kom fram í frv. til breytinga á hlutatryggingasjóðslögunum, var röng, hún var mjög hættuleg. Hún braut það prinsip, sem í gildi hafði verið áður, þegar menn höfðu slegið því föstu að skattleggja ekki í sambandi við aflatryggingasjóð einstakar og sérskildar greinar sjávarútvegsins fyrir aðrar. Þá var því slegið föstu, að það mætti ekki skattleggja síldveiðiflotann í landinu til þess að standa undir þorskveiðiútgerð, og það mætti ekki heldur skattleggja þorskveiðiútgerð bátanna til þess

að standa undir síldveiðiútgerð. En með þessari breytingu var farið inn á hina leiðina, að skattleggja raunverulega bátaútgerðina í landinu til þess að standa undir töpum togaranna.

Ég held, að það sé rétt, að það vanti nefnd frá hálfu Alþingis til þess að kanna alvarlega vandamál togaraflotans og leita þar samkomulags á milli þingflokkanna um úrræði í þeim efnum. Og mér er nær að halda, að þá mundu finnast ýmis úrræði, sem yrðu haldbetri en þau, sem nú hafa verið framkvæmd, ef yrði stofnað til slíkrar rannsóknar af hálfu þingflokkanna út af þessu vandamáli. Það er auðvitað enginn vafi á því, að þó að framlög ríkissjóðs hafi hækkað nokkuð til aflatryggingasjóðs, þá fer því auðvitað víðs fjarri, að það hafi verið hækkun frá ríkissjóði, sem standi undir þessum stórauknu greiðslum til togaranna. Það sést auðvitað bezt á því, að þegar bátaflotinn verður að borga mikinn meiri hl. af öllum tekjum sjóðsins, þá hefur hann eigi að síður ekki fengið nema tiltölulega litlar upphæðir, eins og upplýsingarnar hér áðan báru vott um, sum árin jafnvel aðeins 8.5 millj. kr. allur bátaflotinn í landinu og önnur á milli 20 og 30 millj. kr., en bátaflotinn borgar auðvitað í þetta kerfi miklum mun meira.

Ég vil sem sagt endurtaka það sem áskorun alveg sérstaklega til sjútvmrh., að hann íhugi það, hvort hann getur ekki fallizt á, að sett verði þingnefnd til þess að athuga þetta vandamál togaraflotans, svo að hægt verði sem allra fyrst að hverfa út af þessu kerfi, sem nú er í gildi, þar sem er um raunverulega fjárhagslega millifærslu að ræða á milli bátaflotans og togaraflotans.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil vegna þeirra umræðna, sem nú hafa farið fram, leyfa mér að minna á það, að snemma á þessu þingi, sem nú situr, fluttum við 6 þm. úr Framsóknarfl. á þskj. 38 till. til þál. um endurskoðun l. um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins. Þessi till. hefur nú nýlega verið til umr. á þingfundi. Till. er þess efnis, að Alþingi kjósi 7 manna milliþinganefnd til þess að endurskoða lögin um aflatryggingasjóð og gera breytingar á þeim, eftir því sem henni þykir ástæða til. Það er gert ráð fyrir, að n. hafi í starfi sínu samráð við Fiskifélag Íslands, Alþýðusamband Íslands, Sjómannasamband Íslands, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Landssamband ísl. útvegsmanna og Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda, enn fremur, að hún geri sér sérstaklega far um að kynna sér skoðanir útvegsmanna og sjómanna í einstökum landshlutum varðandi málið og reynslu þeirra af starfsemi hlutatryggingasjóðs og aflatryggingasjóðs.

Ég ætla, að þær umræður, sem nú hafa farið fram, og þær upplýsingar, sem gefnar hafa verið, renni stoðum undir þá skoðun okkar flutningsmannanna, að þörf sé á að samþ. till. á þskj. 38, að endurskoðunar á þessum lögum sé þörf, og raunar ekki aðeins vegna togaramálsins, sem sérstaklega hefur verið minnzt á hér, heldur einnig af öðrum ástæðum. Ég ætla ekki að fara nánar út í það mál, hverjar þær aðrar ástæður eru eða hver þau önnur atriði l. eru, sem okkur þykir ástæða til að láta endurskoða, enda þetta mál ekki til umr. nú. Ég vildi aðeins vegna þessara umr. leyfa mér að minna á þessa till., að hún liggur fyrir þinginu og að ástæður til þess að samþ. hana eru nú stöðugt að verða skýrari.

13. Landleið til Vestur- og Norðurlands.

Á deildafundum 24. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til samgmrh. um rannsókn á möguleikum til að stytta landleiðina til Vestur- og Norðurlands [81. mál, 3] (A. 111).

Á 14. fundi í Sþ., 25. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 31 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Sþ., 2. des., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Þann 30. maí 1958 var samþ. hér á hv. Alþingi svo hljóðandi þáltill.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um, að vegagerð ríkisins láti fram fara rannsókn á því, á hvern hátt unnt sé að stytta landleiðina frá Reykjavík til Borgarfjarðarhéraðs og Vestur- og Norðurlands. Skal í því sambandi m. a. athuga möguleika á framkvæmd og kostnaði við endurbót á veginum um framanverðan Svínadal og Geldingadraga, brúargerð yfir Borgarfjörð milli Seleyrar og Borgarness og að komið yrði á ferju yfir Hvalfjörð milli Hvaleyrar og Kataness."

Síðan þessi þál. var afgreidd hér á hv. Alþingi hinn 30. maí 1958, eins og ég tók fram áðan, hefur verið nokkuð hljótt um þetta mál, a. m. k. að meginmáli. Ástæðan fyrir því, að svo hefur verið, er m. a. sú, að ég, sem var upphaflega flm. að till. um athugun á brúargerð yfir Borgarfjörð, er fór til fjvn., og fjvn. stóð öll að þessari ályktun, taldi, að mönnum sýndist þetta mál vera nokkuð veigamikið og þeir yrðu að hafa nokkurn tíma til þess að átta sig á því. Ýmsir þættir málsins hafa þó verið teknir hér upp á hv. Alþingi, sbr. fsp., sem gerð var hér áðan út af þál., sem gerð var hér á hv. Alþingi fyrir tveimur árum, og var einn þáttur þessarar þál. þar sérstaklega tekinn fyrir. Ég þykist líka muna það rétt, að hér á hv. Alþingi hafi komið

fram einnig þál. um athugun á brúargerð frá Þyrilsnesi yfir Hvalfjörð. Þess vegna hef ég talið, að nokkur tími þyrfti að líða, þangað til menn áttuðu sig almennt á því, hversu mikið nauðsynjamál þetta raunverulega var og er.

Enn fremur hefur á þessu svæði, á Vesturlandi, verið unnið að stórvirkri vegagerð, svo sem í Búlandshöfða og Ólafsvíkurenni, sem talið var rétt að gengi fyrir. Og svo hefur verið unnið að því að tengja þá bæi, sem enn áttu eftir að fá vegasamband, í vegasamband, og að því er unnið enn.

Nú hafa hins vegar komið fram ný viðhorf í sambandi við þetta mál, og þykir nú rétt að vekja athygli á þeim. Í fyrsta lagi vil ég benda á það, að á s. l. og þessu ári varð sú breyting á í sambandi við mjólkurflutninga frá Borgarnesi til Reykjavíkur, að þeir fara nú allir fram landleiðina, en fóru áður sjóleiðina. Þetta gerir það að verkum, að meiri þörf er á að stytta þessa leið heldur en verið hefur, þar sem hér er um að ræða neyzlumjólk, sem allir landsmenn þurfa að neyta, og mjólkurflutningar eru þeir flutningar, sem í okkar vegakerfi ganga venjulega fyrir. Ég vil enn fremur benda á það, að með þeirri hafnargerð, sem nú er verið að gera á Snæfellsnesi, bæði í Ólafsvík og Rifi, hlýtur að stórfjölga fólki á norðanverðu Snæfellsnesi, í útgerðarhöfnunum öllum fjórum, og það gerir það að verkum, að þungavöruflutningar breytast þangað verulega. Enn fremur hefur það sýnt sig, að ár frá ári aukast þungavöruflutningarnir, og sá þáttur, sem skipin áður höfðu í flutningakerfi landsmanna, hefur færzt meira og minna inn á landleiðirnar og fjölgað ár frá ári stóru vörubílunum, sem flytja vörur landsmanna. Nú er svo komið, að jafnvel allt til Austfjarða eru fluttar vörur héðan úr Reykjavík eftir þessari leið, sem hér um ræðir.

Í sambandi við þessa breytingu hlýtur það og að verða verkefni næstu ára að gera það upp við sig, hvort heldur á að taka ýmsa þætti, sem hér er bent á, til þess að stytta landleiðina til Borgarfjarðarhéraðs og Vestur- og Norðurlands, eins og ferju yfir Hvalfjörð eða brú á Hvalfjörð, ef það væri talið tiltækilegt, eða þá stórfelldar vegaumbætur í Hvalfirði. Enn fremur verður að gera það upp við sig, hvort heldur á að endurnýja alveg vegakerfið inn Borgarfjörð, sem verður að gera með nýrri brú á Hvítá, nýrri brú á Ferjukotssíki og stórbættum vegum, eða taka brúargerð yfir Borgarfjörð.

Ég er ekki í nokkrum vafa um, að þegar þetta mál verður nú athugað í fullri alvöru með tilliti til þeirrar umferðar, sem þegar er orðin, og þeirrar umferðar, sem vænta má að verði, verður að gera upp þessi dæmi í heild og taka það, sem skynsamlegast er.

Þessi fsp. á þskj. 111 er ekki flutt til þess að deila á vegagerðina eða aðra aðila, þó að framkvæmd hafi ekki farið fram á þessari athugun nema að litlu leyti, heldur til þess að spyrja um það, hvað gert hafi verið, og svo hitt, að vekja athygli á því, að nú er fullkomin þörf á því að rannsaka þetta mál allt í heild hleypidómalaust og reyna að gera sér grein fyrir því, hvað skynsamlegast er. Og þá verður að gera sér grein fyrir því, að höfuðtakmarkið í okkar samgöngum á aðalleiðum verður að stytta landleiðirnar eins og mögulegt er og gera þær góðar. — Ég treysti því, að hæstv. ráðh. gefi mér upplýsingar í þessu efni.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er spurt um það, hvað gert hafi verið til þess að athuga möguleika á að stytta landleiðina frá Reykjavík um Borgarfjarðarhérað til Vestur- og Norðurlands. Einn þáttur þessa máls var ræddur hér áðan, þ. e. bílferja yfir Hvalfjörð, og ef krókurinn yfir Hvalfjörð væri af tekinn, væri það vitanlega stærsti þátturinn í að stytta nefnda leið. Ég ætla ekki að fara út í það að ræða frekar um bílferju á Hvalfjörð en áður var gert og vil því halda mig við þann þátt fsp. hv. 3. þm. Vesturl., sem snertir aðra þætti í þessu máli varðandi styttingu á leiðinni.

Vegamálastjóri hefur falið einum af verkfræðingum sínum að athuga möguleikana á því að stytta landleiðina til Vestur- og Norðurlandsins, Steingrími Arasyni, og hefur hann samið allýtarlega skýrslu um þetta mál, og tel ég rétt að lesa þá skýrslu hér, með leyfi hæstv. forseta, því að hún gefur nokkrar athyglisverðar upplýsingar í málinu. Í skýrslu Steingríms Arasonar segir m. a.:

„Langferðaumferðinni frá Reykjavík til Vestur- og Norðurlands má skipta í: 1) umferð til Snæfellsness; 2) til Dalasýslu og Vestfjarða; 3) til Norður- og Austurlands. Þessi umferð fer öll beina leið frá Reykjavík að Ferstiklu, en þar greinast leiðir um Dragaveg og fyrir Hafnarfjall, og sameinast þær leiðir aftur við brú á Hvítá hjá Ferjukoti, en leiðir skiptast aftur við vegamót hjá Gufuárbrú. Umferð til Snæfellsness fer niður Borgarnesbraut að vegamótum hjá Borg og þaðan vestur Mýrar. Með tilkomu Heydalsvegar mundi umferð til Vestfjarða og Dalasýslu einnig fara þessa leið á vetrum. Til að stytta þessa leið eru tveir möguleikar, annar þeirra að leggja 15 km langan nýjan veg frá Gufuárvegamótum að Álftá og endurbyggja veg um Dragháls, og styttir það leiðina um 26 km. Ekki verður þó hægt að leggja núverandi veg frá Borgarnesi vestur Mýrar niður vegna mjólkurflutninga til samlagsins í Borgarnesi. Hinn möguleikinn er að leggja veg yfir Borgarfjörð frá Seleyri undir Hafnarfjalli að Borgarnesi. Styttir það leiðina um 24 km. Umferð til Vestfjarða og Dalasýslu fer frá Gufuárvegamótum um Norðurárdal og upp Bröttubrekku hjá Dalsmynni. Þessi leið styttist um 16 km við endurbyggingu Dragavegar og 6 km við byggingu vegar yfir Borgarfjörð. Um-

ferð til Norður- og Austurlands fer af vegamótum hjá Dalsmynni um Norðurárdal, fram hjá Fornahvammi og yfir Holtavörðuheiði. Til að stytta þessa leið má hugsa sér að endurbyggja Dragaveg, lagfæra Borgarfjarðarbraut og Þverárhlíðarveg og byggja nýjan veg yfir Grjóthála úr Þverárhlíð að Króki í Norðurárdal. Þetta styttir leiðina um 31 km. Nýr vegur yfir Borgarfjörð styttir þessa leið um 6 km.

Gerð hefur verið grein fyrir því áður, að mjólkurflutningar vestan af Mýrum mundu fara um núverandi Stykkishólmsveg til Borgarness, þótt nýr vegur yrði lagður frá Gufuárvegamótum. Umferð úr upphéruðum Borgarfjarðar norðan Hvítár fer nú um brú á Norðurá hjá Haugum og niður Borgarnesbraut og mundi gera það áfram. Umferð úr upphéruðum sunnan Hvítár fer nú um brú á Hvítá hjá Ferjukoti á Borgarnesbraut, en svipuð vegalengd yrði að fara niður Andakíl og um nýjan veg yfir Borgarfjörð frá Seleyri. Til Akraness fer öll umferð um veginn undir Hafnarfjalli, og styttist leiðin Borgarnes—Akranes um 27 km við nýjan veg yfir Borgarfjörð. Sama er að segja um umferðina til Reykjavíkur, nema léttari umferð úr upphéruðum sunnan Hvítár, sem nú fer um Dragaveg og mun gera það áfram.

Af ofanskráðum vegalengdarsamanburði sést, að vegur um Dragháls styttir leiðir allmikið, rúma 10 km, á leiðinni Ferstikla—Gufuárvegamót, að fara hann borið saman við að fara nýjan veg yfir Borgarfjörð. Hins vegar eru brekkur á Draghálsleið meiri en á hinni, svo að munar allt að 200 m í hæð, því að farið er yfir 3 hálsa, Ferstikluháls, Dragháls og Hesthála. Er líklegt, að allir þungaflutningabílar mundu kjósa lengri leiðina af þeim sökum. Vegurinn um Dragháls og Grjóthála styttir Norður- og Austurlandsleiðina um 25 km borið saman við að fara nýjan veg yfir Borgarfjörð, en þar munar ca. 500 m á brekkum, og vegurinn á Grjóthálsi fer upp í ca. 260 m hæð.

Talning umferðar á framangreindum leiðum: Umferðartalning, sem gerð var síðast í júní 1964, sýndi eftirfarandi umferð á framangreindum leiðum: Meðaltal yfir vikuna: Akranesvegur 414 bílar á dag. Akranes—Hvalfjörður 516 bílar. Akranes—Borgarfjörður 522. Gufuárvegamót—Hvítárbrú 604. Gufuárvegamót—Borgarnes 400. Gufuárvegamót—Hreðavatn 510. Við Borg á Mýrum 586. Um Bröttubrekku 86. Á Norðurlandsvegi við Dýrastaði 257. Á Dragavegi 50.

Þessar umferðartölur sýna, að umferðin um Vesturlandsveg frá Reykjavík að Hreðavatni, svo og Akranesveg og Borgarfjarðarbraut, er nú þegar orðin það mikil, að stefna verður að því að byggja þessa vegi sem hraðbrautir B samkv. 12. gr. vegalaga, þar sem áætlað er, að umferðin um þá muni meira en tvöfaldast á næstu 10 árum.

Mesta umferðin á framangreindum leiðum er um brúna á Hvítá hjá Ferjukoti að vegamótum Gufuár, um 600 bílar á dag um sumarmánuðina. Endurbygging brúarinnar á Hvítá og brúnna á Ferjukotssíkjum mun því fljótlega verða aðkallandi vegna tafa, sem þessar mjóu brýr valda nú þegar og aukast munu með vaxandi umferð. Kostnað við slíka endurbyggingu, sem yrði mjög dýr á sama stað, þarf að bera saman við kostnað af byggingu brúar yfir Borgarfjörð hjá Seleyri, því að hafa verður þá í huga, hverjar af þeim leiðum, sem nefndar hafa verið hér að framan, verða byggðar sem hraðbrautir. Leiðin frá Draghálsi er stytzt, en kemur ekki að gagni fyrir umferð til Akraness. Hraðbraut þá leið yrði mjög dýr og án efa mun dýrari en hraðbraut fyrir Hafnarfjall, þó að sú leið sé lengri. Líklegt má því telja, að leiðin fyrir Hafnarfjall yrði valin og þá ekki hvað sízt vegna umferðarinnar til Akraness og hugsanlegrar ferju á Hvalfjörð. Við ákvörðun um það, hvort hraðbraut yrði þá lögð áfram núverandi leið um Hvítárbrú til Borgarness eða um nýja brú yfir Borgarfjörð og að vegamótum Gufuár, verður að bera saman við kostnað við byggingu nýrra brúa á báðum þessum stöðum. Þá kemur og til álita, að með brú yfir Borgarfjörð mætti vafalaust fresta um langt árabil lagningu hraðbrautar frá Seleyri um Andakíl að Gufuárvegamótum, en það mundi spara lagningu hraðbrautar á 18 km leið."

Af þessari skýrslu er séð, að það er um ýmsa möguleika að ræða til þess að stytta leiðirnar til Vesturlandsins og til Norðurlandsins. En slíkt hefur vitanlega mikinn kostnað í för með sér að leggja nýja vegi langar leiðir, og það hlýtur alltaf að taka sinn tíma. Hins vegar er það nauðsynlegt á þessari leið, eins og öðrum leiðum í landinu, að gera sér fulla grein fyrir þeim möguleikum, sem fyrir hendi eru, að gera samanburðaráætlanir um hinar ýmsu leiðir og gera sér fulla grein fyrir því, hvað heppilegt er að gera, þegar fært þykir að ráðast í þann kostnað, sem leiðir af nýjum vegum.

Það er vitað mál, að brú yfir Borgarfjörð kostar mikið fé. Ég ætla engu um það að spá, hvort sú brú verður byggð í náinni framtíð eða ekki. En hitt liggur í hlutarins eðli, að þegar það liggur fyrir að endurbyggja brýrnar á Hvítá og Ferjukotssíki, þá á að gera samanburð á því, hvað endurnýjun þessara gömlu brúa kostar, hvað ný brú á Borgarfjörð kostar og hvað vinnst með því að spara sér 18 km hraðbrautarleið með því að fá nýju brúna. Þetta er reikningsdæmi, sem þarf að liggja fyrir, áður en gengið er að því að endurnýja hinar gömlu brýr. Og það er enginn vafi á því, að í náinni framtíð má spara mikla fjármuni og vinna mikið í haginn einmitt með því að gera áætlanir fram í tímann, samanburðaráætlanir, og reikna út, hvað heppilegast er á hverjum tíma.

Vegagerðin hefur á undanförnum árum haft

of lítinn mannafla til þess að vinna mörg af þessum verkum. En úr þessu hefur nú rætzt. Vegagerðin hefur fengið aukinn mannafla, verkfræðinga og tæknifræðinga, sem eiga að geta leyst þessi verk af hendi í stórauknum mæli, borið saman við það, sem áður hefur verið. Og það er enginn vafi á því, að verkefnin í okkar vegamálum kalla alls staðar að. Umferðin eykst, bifreiðum fjölgar, og fólkinu fjölgar. Og þó að við segjum sem svo og hugsum sem svo: Við byggjum brýr og leggjum vegi án tillits til þess, hvort það borgar sig peningalega séð eða ekki, — þá er það nú svo, að hvort sem við viljum eða ekki, verður alltaf að taka nokkurt tillit til þess, hvað við fáum í aðra hönd með því að ráðast í stóraukinn kostnað. En með hinni stórauknu umferð á vegunum og með aukinni fjárhagsgetu og fólksfjölgun þjóðarinnar kemur þetta smátt og smátt, möguleikinn og tækifærin til þess að bæta úr þeim ágöllum, sem við höfum orðið að búa við fram að þessu.

Fyrirspyrjandi (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. ráðh. fyrir hans svar, sem ég hef engar aths. við að gera, því að mér er það ljóst, að þetta mál var ekki lengra á veg komið en hann skýrði frá, og tel þó, að nokkuð sé að gert og það sé á réttri leið.

Út af því, sem hæstv. ráðh. sagði hér í sambandi við kostnaðinn og fram kom hér fyrr í umr. um vegagerðina, er það mín skoðun og tel ég mig hafa fyrir því athugun, sem ég hef gert á fjárl. íslenzka ríkisins og tekjum þeim, sem íslenzka ríkið hefur haft af því, að hér á landi hafa verið lagðir vegir, þá er svo komið, að meiri tekjur hefur íslenzka ríkið haft af bifreiðum og bifreiðavarahlutum og öðru í sambandi við umferðina heldur en það hefur lagt til frá upphafi vega, svo að þótt það væri reiknað þannig beint, þá hefur verið hagnaður fyrir íslenzka ríkið að hafa lagt vegina.

En það vil ég taka undir með hæstv. ráðh., að það, sem máli skiptir í sambandi við vegagerðir, er ekki sízt, þegar á að fara að endurbæta gamla vegakerfið, þ. e. að gera samanburð á þeim leiðum, er til greina koma. Það er orðið tímabært að fara að gera samanburð á þeim leiðum, sem fara á í sambandi við að stytta landleiðina til Borgarfjarðarhéraðs og Vestur- og Norðurlands, og ég er sannfærður um, eða vonast a. m. k. til þess, að þær leiðir verði valdar, sem skynsamlegastar eru. Og þá ber einnig að taka tillit til þess, að fyrir hina þungu vöruflutningabíla skiptir það miklu máli, að landið, sem farið er um, sé nokkuð lárétt, því að brekkurnar reynast þeim erfiðar.

Ég treysti því, að áfram verði unnið að því að leysa úr þeim málum, sem þáltill. frá 30. maí 1958 fór fram á, og þakka svo svörin.

14. Innheimta á stóreignaskatti.

Á deildafundum 24. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til fjmrh. um innheimtu á stóreignaskatti [81. mál, 1] (A. 111).

Á 14. fundi í Sþ., 25. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 31 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Sþ., 2. des., var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 17. fundi í Sþ., 9. des., var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Eitt af þeim málum, sem hafa verið mjög á dagskrá hjá þjóðinni á yfirstandandi ári, eru skattamálin, álagning þeirra, innheimta og hvernig hefur verið að þjóðinni búið í þeim málum. Um einn skatt hefur þó verið hljótt á þessu ári, þ. e. stóreignaskatt, sem á var lagður samkv. l. frá 3. júní 1957. Ég hef því leyft mér að flytja á þskj. 111 fsp. til hæstv. fjmrh., sem er svo hljóðandi:

„Hve mikið hefur verið innheimt á árinu 1964 af stóreignaskatti, sem á var lagður samkv. l. nr. 44 3. júní 1957? Hve mikið er óinnheimt af skattinum? Hvenær er gert ráð fyrir að innheimtu hans ljúki?"

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Á síðasta Alþingi gaf ég yfirlit að gefnu tilefni vegna fsp. um álagningu og innheimtu stóreignaskatts. Það, sem spurt er um nú, er í fyrsta lagi: „Hve mikið hefur verið innheimt á árinu 1964 af stóreignaskatti?" Það eru 415689 kr. Í öðru lagi er spurt: „Hve mikið er eftir óinnheimt af skattinum?" Það lætur nærri, að það séu 25 millj. 480 þús. Það er ekki enn lokið útreikningi á álögðum stóreignaskatti, og stafar það af því, að enn er ekki lokið málum fyrir dómstólum um vafaatriði varðandi skattálagninguna. Í þriðja lagi er spurt: „Hvenær er gert ráð fyrir, að innheimtu hans ljúki?" Um það er ekki hægt að fullyrða, en ég geri ráð fyrir því, að það verði á næsta ári.

Fyrirspyrjandi (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. ráðh. þau svör, sem hann gaf hér við fsp., en verð að láta í ljós þá skoðun, að mér sýnist, að mildari innheimtuaðferð hafi verið notuð við þennan skatt en innheimtu og skattálagningu í landinu yfirleitt, og tel, að ef svo hefði verið farið með þá skatta, sem á voru lagðir á þessu ári, mundi megnið af þeim vera óinnheimt nú og fólk ekki stynja eins undan byrðinni og það hefur orðið að gera á þessu ári. Þetta vil ég að komi fram og

tel, að þær upplýsingar, sem hæstv. ráðh. gaf hér, staðfesti þessa skoðun mína.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þar sem ég hafði á Alþingi hinn 6. maí s. l. gefið yfirlit um stóreignaskattinn, var ég sannast sagna undrandi yfir því, að þessi fsp. skyldi koma fram nú svo skömmu síðar. En í síðustu orðum hv. fyrirspyrjanda skýrðist það, hvers vegna fsp. er komin fram. Það er til þess að koma því að hér á Alþingi, að ríkisstj. hafi beitt mildari innheimtuaðferðum við stóreignaskattinn heldur en við innheimtu skatta hjá öllum almenningi.

Ég gerði í maímánuði ýtarlega grein fyrir þessu máli öllu og m. a. hvers vegna svo mörg ár hefði tekið að innheimta stóreignaskattinn og að allstór hluti hans væri óinnheimtur enn. Þetta er hv. þm. allt saman mætavel kunnugt og gersamlega ástæðulaust fyrir hann að bera fram þær sakir, sem í seinustu orðum hans felast, að mildari aðferðum hafi verið beitt um stóreignaskattinn.

Ég skal aðeins rifja það upp, hvernig þetta mál er til komið. Þrátt fyrir aðvaranir, þegar lögin voru til meðferðar á Alþingi, um, að þessi lög mundu ekki geta staðizt gagnvart stjórnarskránni, voru þessi lög keyrð í gegn engu að síður. Í fyrstu var talið, að skatturinn mundi nema 135 millj. kr. Raunar reyndist hann við fyrstu álagningu vera 136.6 millj. kr. En það voru þegar sendar margar kærur út af þessum skatti, og var hann við meðferð þeirra lækkaður niður í 125.9 millj. Málið var síðan borið undir dómstóla af ýmsum aðilum, og hefur hver hæstaréttardómurinn gengið eftir annan, þar sem því hefur verið slegið föstu, að ýmis ákvæði stóreignaskattsl., sem sett voru í tíð vinstri stjórnarinnar, gætu ekki staðizt samkv. stjórnarskrá landsins. Þannig hefur þessi upphaflega álagning, 136.6 millj. kr., hrapað niður í 65.8 millj. kr., eftir því sem næst verður komizt nú, og er þó ekki öllum málum lokið.

Meðan dómstólar og skattanefndir og matsnefndir hafa verið önnum kafnar við það undanfarin ár að hrinda ýmsum ákvæðum þessara laga sem stjórnarskrárbroti, er eðlilegt, að innheimta slíks skatts hafi gengið treglegar en venjulegra álagna. Að beita hinum hörðustu innheimtuaðgerðum án þess að vita, hvort slíkt stæðist fyrir lögum, og þurfa kannske að endurgreiða stórkostlegar fúlgur, hefði náttúrlega verið fásinna.

Ég veit ekki, hvort hv. fyrirspyrjandi hefur ætlazt til þess, að þessar 136 millj. hefðu verið innheimtar með harðri hendi og síðan hefði orðið að greiða mismuninn á þeirri upphæð og þeim 65—66 millj., sem skatturinn virðist vera í dag. Ég held, að engum hefði verið gerður greiði með slíku. Ef á að telja, að þessi skattur hafi innheimzt of slælega, þá er það sök þeirra manna, sem settu þessi lög, sem eru einsdæmi í íslenzkri löggjafarsögu, og það er því þeirra sök og þeirra einna, ef dráttur hefur orðið um of.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vil taka undir það, sem kom hér fram hjá hv. 3. þm. Vesturl. Það er allt annar háttur hafður á um innheimtu á þessum stóreignaskatti en þeim sköttum, sem lagðir eru á almenning af hendi hæstv. ríkisstj. Það er alveg augljóst af þeim upplýsingum, sem hæstv. ráðh. gaf. Það er alveg rétt hjá honum, að það hafa verið mikil málaferli út af þessum skatti, og var stofnað félag stóreignamanna í landinu til þess að reyna að rífa niður löggjöfina, ef þess væri kostur. Hefur það verið sótt af ofurkappi, og sérstaklega fóru þeir í málaferli út af því, hvernig metnar voru eignir einstaklinga í hlutafélögum. En þær voru metnar þannig, að hver einstaklingur átti að greiða af öllum sínum eignum, og voru eignir í hlutafélögum þá metnar eftir því, hvað var innra verðmæti, sem kallað er, hlutabréfanna, þ. e. a. s. hve miklar eignir stóðu að baki hlutabréfunum í hlutafélögunum, sem þýðir, að eignir hlutafélaganna voru metnar á sama hátt og eignir einstaklinga. Þessu fengu þeir hnekkt fyrir dómi og fengu þá dómsniðurstöðu, að það ætti að meta hlutabréfin með tilliti til gangverðs, en mætti ekki meta eignir í hlutafélögum á þennan hátt, eins og eignir annars staðar. Þessi niðurstaða kom að vísu mjög á óvart, og hún var mjög mikið atriði í þessu sambandi. En þessi dómur, sem ég hér ræði um og er aðalatriðið, er fyrir löngu fallinn. Það var ekkert óeðlilegt að bíða eftir þeim dómi um þetta mikilsverða mál, þótt það væri sérstakt að bíða, því að venjan er sú, að innheimtur fara fram, en síðan er endurgreitt, ef dómar ganga skattgreiðendum í vil út af skattamálum.

En það var skynsamlegt að bíða eftir niðurstöðunni af þessum dómi og láta svo hlutabréfamatið fara fram. En því er lokið fyrir löngu, og þó að einhver önnur mál kunni að vera enn í gangi fyrir dómstólunum út af stóreignaskatti, sem er nú raunar undarlegt, jafnlangur tími og liðinn er, þá er engin ástæða fyrir hæstv. ráðh. til að láta skattinnheimtuna bíða eftir því, ekki hin minnsta ástæða og hlýtur að vera gert af annarlegum ástæðum. Við, sem erum kunnugir þessum málum, vitum, að það er ævinlega í gangi eitthvað af málaferlum og það um prinsipatriði í skattamálum, og það dettur engum í hug að láta alla skattheimtu í landinu bíða eftir niðurstöðum í slíkum málum. Það væri algerlega óhugsandi að framkvæma skattheimtu með beinum sköttum, ef þannig væri farið að, að ævinlega væri látin bíða skattheimtan eftir dómum um prinsip-mál í skattalegum efnum. Það eru ætíð á ferðinni mörg mál, sem snerta prinsip-atriði í skattamálum.

Ég tel því, að hér hafi átt sér stað vítaverð vanræksla í innheimtunni á þessum skatti, ekki sízt á þessu ári, sem núna er að líða,

samkv. því, sem hæstv. ráðh. hefur upplýst, og er í þessu tilliti sýnilega allt önnur regla látin gilda um þetta en skattgreiðslur almennings.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það vill stundum verða svo og sannast hér enn, að þeir, sem sekastir eru, kasta fyrsta steininum og deila á aðra, þó að þeir eigi fyrst og fremst sök á stórum afglöpum. Að líkja þessum stóreignaskatti og innheimtu hans saman við almenna skattheimtu er auðvitað fjarstæða einber. Vitanlega gengur öll skattheimta sinn eðlilega gang, þótt einn og einn maður kæri sitt útsvar eða tekjuskatt, ýmist fyrir skattanefndum eða gangi með það til dómstóla. Það, sem þar er um að ræða, er yfirleitt aldrei nema örlítið brot af skattheimtunni. Hér er um það að ræða, að vefengdur hefur verið sjálfur grundvöllur þessara laga, og ekki aðeins, að hann hafi verið vefengdur, heldur er staðfest með hverjum hæstaréttardómnum eftir annan, að þessi lög fengju ekki staðizt að verulegu leyti, heldur væru stjórnarskrárbrot.

Eins og ég gat um, var skatturinn upphaflega 137 millj. tæpar, en í dag eru aðeins eftir af honum 65.8 millj. kr. Krafan um það, að skatturinn hefði verið allur innheimtur, eða gerðar slíkar ráðstafanir, eins og hann var lagður á í upphafi, hefði þýtt það, að það hefði þurft að endurgreiða yfir 70 millj. kr. Ég veit ekki, hvort slíkt hefði verið ríkissjóði í hag. Ég veit ekki heldur, hvort það væri húsnæðismálastjórn eða veðdeild Búnaðarbankans í hag, sem á verulegan hluta af þessum skatti, að hafa fengið þetta fé, lánað það út og þurft svo að endurgreiða milljónir eða milljónatugi. Hverjum var þetta í hag? spyr ég.

Ástæðan til þess, að ekki hefur verið innheimt frekar en orðið er, er eingöngu þessi, að málaferlum er ekki lokið. Hins vegar hafa að sjálfsögðu verið gerðar allar ráðstafanir til að tryggja greiðslu þessa skatts til ríkissjóðs, þegar þar að kemur. Þannig hafa verið gerð lögtök og settar þær tryggingar, sem nauðsynlegar eru, til þess að allt það fé greiðist inn, sem að lokum á að greiðast eftir dómum og úrskurðum. Þessi ádeila hv. 1. þm. Austf. er því gersamlega út í hött og ástæðulaus, og fremur ætti hann að standa hér upp og biðjast afsökunar á því að hafa verið aðalfrumkvöðull og aðalhöfundur þessara laga, sem eru einsdæmi í íslenzkri stjórnmálasögu og hafa verið ómerkt þannig með hverjum hæstaréttardómnum eftir annan.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Hæstv. ráðh. segist enn bíða eftir dómsúrslitum í þessum málum og segir, að ekki sé neitt sambærilegt að innheimta stóreignaskatt og almennan skatt.

Það er auðséð, að hæstv. ráðh. hefur haft allt aðra reglu, hefur búið allt öðruvísi að skattgreiðendum þessum en almennum skattgreiðendum, eins og hér hefur verið lögð áherzla á. En ég vil aðeins enn segja þetta út af því, sem hæstv. ráðh. sagði síðast: Það er langt síðan dómar gengu um þau atriði, sem verulegu máli gátu skipt í sambandi við þessa skattheimtu. Það var skynsamlegt að bíða eftir dómnum um hlutabréfamatið. Það var líka gert. En það er engin afsökun fyrir hæstv. ráðh. og hefur engin afsökun verið á þessu ári fyrir því að bíða með innheimtuna, því að þau mál, sem nú eru í gangi, eru alls ekki þannig vaxin, að það sé hægt að verja það að bíða með skattheimtuna eftir úrslitum þeirra. Enda sjáum við, að það er eitthvað verið að bauka við að innheimta skattinn, þótt lítið sé, svo að það eru þó ekki allir, sem verða þeirrar hjálpar aðnjótandi að fá að bíða.

Ég tel, að þessi innheimtuaðferð hæstv. ráðh. sé í algeru ósamræmi við það, sem á að vera, og það, sem almenningur býr við.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Þegar hæstv. fjmrh. svaraði á síðasta þingi fsp. varðandi þetta mál, gerði hann nokkra grein fyrir því, hvernig dómur hæstaréttar hefði verið varðandi það, hvort þessi skattur fengi staðizt samkv. stjórnarskránni eða ekki. Og ég minnist þess, að það kom mjög skýrt fram í því, sem hæstv. fjmrh. flutti þá, að hæstiréttur vefengdi ekki á neinn hátt megingrundvöll þessarar skattlagningar, svo að mér þykir það, sem hæstv. fjmrh. segir nú um þetta efni, stangast algerlega á við það, sem hann hafði upplýst áður. Það er hins vegar rétt, að dómur hefur fallið um það, að tiltekin atriði viðvíkjandi mati á eignum manna til skattsins í vissum tilfellum, þau atriði laganna hafa ekki átt lagalegan grunn. Það er vitanlega allt annað en að halda því fram, að grundvallaratriði að þessari skattlagningu hafi ekki fengið staðizt. En eftir einmitt að hæstiréttur hafði kveðið upp dóm í þessum efnum, álít ég, að úr því hafi ríkisstj. átt að vinna að því að innheimta þennan skatt, eins og aðra skatta, sem á höfðu verið lagðir. En með því að haga innheimtunni á þann hátt, sem nú er gert, er á óbeinan hátt verið að stórlækka hinn álagða skatt hjá þeim, sem ná í þennan mikla frest, því að það er vitanlega ekki sama verðgildi peninganna nú og var, þegar þessi skattur var á lagður.

Nei, mér sýnist, að hér sé ekki um það að villast, að hæstv. núv. ríkisstj. geri mun á því, hvort hún er að innheimta álagða skatta á stóreignamenn í landinu eða á almenna launþega. Eins og hér hefur nokkrum sinnum verið bent á, hefur venjan alltaf verið sú, að álagðir skattar eru innheimtir eftir þar til settum reglum. Takist mönnum að hnekkja því, að viðkomandi skattur hafi átt rétt á sér samkv. stjórnarskránni, þá vitanlega fá þeir sína fjárhæð endurgreidda. En í þessu tilfelli eru sem sagt viðhöfð önnur vinnubrögð.

Við erum ekki einir um það hér að leggja á stóreignaskatt. Stóreignaskattur hefur verið lagður á í löndunum kringum okkur. Og ég álít því, að sá grundvöllur, sem þarna var miðað við, hafi verið réttlátur og eðlilegur og skatturinn sízt of hár. Hitt má svo auðvitað deila um, hvort einstök atriði viðvíkjandi því, hvernig stóreignirnar voru metnar í hverju einstöku tilfelli, hvort þær matsreglur hafa að öllu leyti verið réttlátar eða ekki. Sem sagt, ég tel, að það, sem hér hefur komið fram í þessum umr. um það, að dómar hafi fallið um það, að í grundvallaratriðum fái þessi skattur ekki staðizt, standist ekki fyrri upplýsingar, sem hér hafa verið lesnar upp úr dómum um þetta efni.

15. Kjarnorkufloti Atlantshafsbandalagsins.

Á deildafundum 10. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til utanrrh. um kjarnorkuflota Atlantshafsbandalagsins [62. mál, 1] (A. 69).

Á 10. fundi í Sþ., 11. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 36 shlj. atkv.

Á 12., 14., 16. og 17. fundi í Sþ., 18. og 25. nóv., 2. og 9. des., var fsp. tekin til umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 24. fundi í Sþ., 3. febr., var fsp. enn tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það er alkunna, að undanfarin tvö ár hefur ríkisstj. Bandaríkjanna stefnt að því að búa Atlantshafsbandalagið kjarnorkuvopnum. Hin opinberu áform hafa lengstum miðað að því, að NATO-löndin eignist í sameiningu kjarnorkuflota 25 skipa, er sigli um heimsins höf í gervi kaupskipa og sé hvert þeirra búið átta flugskeytum með kjarnahleðslu. Það er megintilgangur þessara áforma, að NATO-löndin fái íhlutunarrétt um notkun kjarnorkuvopna, enda er ráð fyrir því gert, að þessi 25 skip verði mönnuð sjóliðum frá mörgum löndum og kjarnorkuflotinn verði undir sameiginlegri yfirstjórn. Sérstaklega er þessari hugmynd ætlað að fullnægja óskum Vestur-Þjóðverja.

Vesturþýzk stjórnarvöld hafa lengi verið gráðug í kjarnorkuvopn, og með þessum hætti yrði Þjóðverjum leyft að bregða fingri á kjarnorkugikkinn. Það er að vísu gert ráð fyrir, að Bandaríkin hafi neitunarvald, þegar ákveða skal, hvort hleypa skuli af, en vesturþýzkir stjórnmálamenn líta svo á, eins og reyndar mjög margir aðrir, að með þessu sé aðeins stigið fyrsta skrefið að því marki, að Þjóðverjar fái full yfirráð yfir kjarnorkuvopnum.

Kjarnorkufloti NATO hefur verið mjög á dagskrá í Evrópu og Ameríku seinustu mánuðina. Þessi áform hafa fyrir löngu komið til umræðu á þjóðþingum allra NATO-landanna, að Alþingi Íslendinga einu undanskildu. Og viðkomandi ríkisstj. hafa talið sér skylt að gera opinberlega grein fyrir viðhorfi sínu til málsins, án þess að sérstaklega væri eftir því spurt.

Sú fsp., sem ég vil hér gera grein fyrir, var lögð fram í þinginu fyrir tæpum 3 mánuðum eða 10. nóv. s. l. Þá var að flestra dómi útlit fyrir, að endanleg ákvörðun um málið yrði tekin á ráðherrafundi Atlantshafsbandalagsins, sem halda átti og haldinn var í desember. Nokkrum vikum síðar breyttust viðhorfin, er afráðið var að fresta um sinn öllum endanlegum ákvörðunum um málið.

Enginn mun þó halda því fram, að hugmyndin um kjarnorkuflota NATO hafi verið lögð á hilluna. Þvert á móti mun óhætt að fullyrða, að undirbúningur málsins er í fullum gangi og unnið er að því af kappi að samræma sjónarmið valdhafanna í London, New York og Bonn. Meira að segja bendir flest til þess, að á næsta ráðherrafundi NATO verði málið komið á úrslitastig. Íslenzka ríkisstj. hlýtur að hafa fyrir löngu gert sér grein fyrir afstöðu sinni til þessara áforma eða annarra hugmynda, er fela í sér, að valdi yfir kjarnorkuvopnum sé dreift meðal NATO-þjóða, er ekki hafa kjarnorkuvopn í dag. Það er því fyllilega tímabært að spyrja, hver sé skoðun ríkisstj. á þessum áformum og hver verði afstaða hennar í verki, þegar á reynir.

Þegar rætt er um afstöðu NATO-ríkjanna til kjarnorkuflotans, eru það fyrst og fremst þrjár spurningar, sem hljóta að vakna:

Í fyrsta lagi: Hvaða álit hefur viðkomandi ríkisstj. á þessum áformum eða öðrum svipuðum? Er það líklegt til að auka friðarhorfur í heiminum að veita Vestur-Þjóðverjum íhlutunarrétt um beitingu kjarnorkuvopna? Hefur stofnun þessa flota jákvætt eða neikvætt gildi fyrir friðinn í heiminum. Og fyrsta spurningin, sem ég hef lagt hér fram, er því svo hljóðandi: Hver er afstaða ríkisstj. til fyrirhugaðs kjarnorkuflota Atlantshafsbandalagsins?

Í öðru lagi er það ljóst, að ríkisstjórnir NATO-þjóðanna geta ekki látið sér nægja að hafa skoðun á þessu máli. Þær verða einnig að taka afstöðu í verki. Þær hafa allar atkvæðisrétt í stofnunum Atlantshafsbandalagsins og hljóta að beita atkv. sínum í samræmi við skoðanir sínar. Þó væri hugsanlegt að vísu, að sumar ríkisstj. væru svo ósjálfstæðar á alþjóðavettvangi, að þær kysu að greiða ekki atkv. Með hliðsjón af þessum möguleika hefur mér fundizt óhjákvæmilegt að spyrja: Hvernig hyggst ríkisstj. beita atkv. Íslands á ráðherrafundi NATO, ef áformin um kjarn-

orkuflota Atlanthafsbandalagsins verða borin þar undir atkv.?

Í þriðja lagi verða flestar ríkisstj. að svara þeirri spurningu, hvort þær hyggjast taka þátt í stofnun kjarnorkuflotans til að öðlast þau réttindi og það vald yfir kjarnorkuvopnum, sem því fylgir. Að sjálfsögðu hef ég ekki lagt fram fsp. um þetta atriði, þar sem Íslendingar hafa þá sérstöðu að vera vopnlaus þjóð. Hinu er ekki að leyna, að í þessu sambandi hlýtur þriðja spurningin að vakna, ekki síst eftir þá atburði, sem gerzt hafa hér á landi, eftir að fsp. mín var lögð skriflega fram.

Með hinum ólögmætu samningum ríkisstj. við Bandaríkin um nýjar hernaðarframkvæmdir í Hvalfirði er ekki aðeins verið að gera olíuskipum kleift að athafna sig í firðinum, heldur fyrst og fremst herskipum. Af því leiðir ekki, að Hvalfjörður sé þegar orðinn herskipahöfn, enda hefur enginn haldið því fram. En skilyrðin eru þar með sköpuð til þess, að unnt sé að breyta Hvalfirði í herskipalægi á einni nóttu. Af þessum sökum er ekki óeðlilegt að spyrja, hvort hugsanlegt sé, að kjarnorkuflotanum yrði veitt aðstaða við strendur landsins. Eða vill hæstv. ríkisstj. gefa um það yfirlýsingu, að staðsetning og meðferð kjarnorkuvopna verði ekki aðeins bönnuð um alla framtíð á íslenzku landi, heldur og í landhelgi Íslands?

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Spurt er, hver sé afstaða ríkisstj. til fyrirhugaðs kjarnorkuflota Atlantshafsbandalagsins. Á fundi í NATO-ráðinu í árslok 1960 skýrðu Bandaríkjamenn frá hugmyndum sínum um fyrirhugaðan kjarnorkuflota Atlantshafsbandalagsríkja. Á fundinum urðu mjög litlar umr. um málið, og engar framhaldsumr. fóru fram um hugmyndirnar sjálfar innan NATO. Nokkur aðildarríki ræddu hins vegar þessar hugmyndir sín á milli, en önnur tóku engan þátt í þeim viðræðum. Atlantshafsbandalagið var látið vita um þessar viðræður, en það hafði engin afskipti af þeim.

Við Íslendingar höfum ávallt verið vopnlaus þjóð og við höfum engin áform um eigin vopnabúnað, og var það því afstaða okkar til málsins að taka ekki þátt í viðræðum þessara einstöku ríkja um hugmyndir Bandaríkjastjórnar. Á ráðherrafundi NATO í s. l. desembermánuði skýrðu fulltrúar þeirra ríkja, sem tekið höfðu þátt í viðræðum um málið, frá gangi þeirra. Viðræðurnar hafa ekki leitt til neins samkomulags, og er ekki vitað til þess, að nokkur drög að samkomulagi séu fyrir hendi.

Þá er spurt, hvernig ríkisstj. hyggist beita atkv. Íslands á ráðherrafundi NATO, ef áform um kjarnorkuflota Atlantshafsbandalagsins verður borið þar undir atkv. Ekkert liggur fyrir í NATO um þetta mál, sem greiða þarf atkvæði um, og líkur fyrir, að svo verði á næstunni, eru vægast sagt mjög litlar. Komi hins vegar til einhvers samkomulags milli einstakra aðildarríkja NATO, er með öllu óvitað, í fyrsta lagi, hvernig slíkt samkomulag verður, í öðru lagi, hvort aðilar samkomulagsins óska að tengja það NATO, og í þriðja lagi, með hverjum hætti þeir óska að tengja það Atlantshafsbandalaginu. Hér ber því allt að sama brunni, engin till. liggur fyrir, ekki líkur á henni að svo stöddu og ef hún kemur, alger óvissa um, hvernig hún verður. Ekkert verður því um það sagt, hvernig Ísland mundi greiða atkv., ef til þess kæmi, á meðan málið liggur ekki skýrar fyrir en þetta.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin. Hv. þm. virðast ekki þurfa að óttast, að hæstv. ráðh. þreyti þá með málæði. Svar hans var eins stutt og unnt var að hugsa sér, enda má með sanni segja, að fæst orð hafi minnsta ábyrgð.

Ég held, að fullyrða megi, að till. Bandaríkjamanna hafi legið nokkuð ljóslega fyrir. Þetta hefur haft það í för með sér, að þegar umr. urðu um utanríkismál bæði í Noregi og Danmörku, á þjóðþingum þar í landi, hafa orðið umr. um þetta mál, ég hef fulla vitneskju um, að umræður ráðandi manna í þeim löndum voru töluvert ákveðnari en kom fram hjá hæstv. ráðh. Það er skemmst frá að segja, að í norska þinginu lýstu bæði forsrh. og utanrrh. yfir andstöðu sinni við þessi áform, og afstaða þeirra byggðist fyrst og fremst á þeirri skoðun, að hér væri um að ræða dreifingu kjarnorkuvopna. Ég vil ekki eyða tíma mínum til að rekja umr. í danska þinginu, en þar kom einnig fram, sérstaklega frá formanni Róttæka flokksins, mjög eindregin andstaða við kjarnorkuflotann. Danski utanrrh. lýsti því yfir, að afstaða Dana til kjarnorkuflotans væri ótvírætt neikvæð. Ég spurði hér, hvaða álit íslenzka ríkisstj. hefði á þessu máli, hvort hún teldi, að þessi áform mundu auka friðarhorfur í heiminum. Svör fengust ekki við þessari spurningu, og má kannske til sanns vegar færa, að þeir, sem sjaldan eða aldrei hafa sjálfstæðar skoðanir á utanríkismálum, hafi þær ekki fremur í dag. Enda mun sannast mála, að það er vissara fyrir hæstv. ríkisstj. að móðga ekki þá, sem hafa tekið að sér að hugsa fyrir Íslendinga og hafa skoðanir á alþjóðamálum fyrir Íslendinga.

Í öðru lagi spurði ég, hver væri afstaðan í verki. Ég skil það ósköp vel, að sú afstaða komi mjög ógreinilega fram, þar sem engin skoðun er á málinu. Hitt ætti að vera ljóst, að hér er um stórmál að ræða. Þátttaka okkar í NATO er hugsuð til að vernda okkur sjálfa, að því er manni skilst, og til að vernda friðinn í heiminum. Ef ríkisstj. telur, að þessi kjarnorkufloti sé vel til þess fallinn að vernda friðinn, mundi hún væntanlega segja já. En ef hún teldi, eins og margir aðrir, að líkur

væru á, að þessi floti yki á stríðshættuna, hlyti hún að svara nei. En sá, sem er afstöðulaus, sá, sem ekki þorir að taka neina afstöðu af ótta við að móðga, segir auðvitað ekki eitt eða neitt.

Mér þykir leitt, að ég skyldi ekki fá nein svör við hinni þriðju og seinustu spurningu, en ég skal að vísu viðurkenna, að hún var ekki lögð fram skriflega. Hún fjallaði um langmikilvægasta atriðið hvað okkur Íslendinga sjálfa snertir, sem sagt um það, hvort ekki sé hugsanlegt, að náin tengsl séu milli tveggja mála, annars vegar hinna nýju framkvæmda Bandaríkjamanna í Hvalfirði og hins vegar hins fyrirhugaða kjarnorkuflota. Meðan ríkisstj. og hæstv. utanrrh. vill ekki lýsa því yfir, að staðsetning kjarnorkuflota verði bönnuð um alla framtíð á landi og í landhelgi Íslendinga, er ekki óeðlilegt, að sá grunur leynist með þjóðinni, að um ótvíræð tengsl sé að ræða.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Án þess að ég sjái ástæðu til þess að rekja hér á nokkurn hátt það, sem fram hefur komið um þetta mál á þjóðþingum Dana og Norðmanna, vil ég aðeins taka það fram, að þau orð, sem hv. þm. viðhafði um umr. um málið á þessum þingum, gefa alls ekki rétta mynd af því, sem þar fór fram. Ég vil aðeins mótmæla þessu almennt.

Á hinu vil ég vekja athygli, að við Íslendingar einir NATO-þjóða höfum þá sérstöðu, að við höfum engan her. Við erum vopnlaus þjóð, og við höfum engin áform um að stofna okkar eigin her. Þess vegna tökum við ekki þátt í viðræðum um myndun hvorki kjarnorkuherja né annarra herja. Við höfum þess vegna verið algerlega utan þessara umr. og engin afskipti haft af þeim og höfum ekki nein áform um að taka þátt í samningaviðræðum um þetta mál.

Um afstöðu til till., sem fram kynni að koma innan Atlantshafsbandalagsins, verður ekkert sagt, meðan ekki er vitað, hvort sú till. kemur, og þaðan af síður, hvernig hún verður. Og enn síður get ég gefið hér nokkra yfirlýsingu um, hvaða afstöðu Íslendingar muni um alla framtíð hafa til kjarnorkuvopna, því að ef ég færi að lýsa hér einhverju yfir um, að Íslendingar mundu banna eitt eða annað í þessu sambandi, þá væri sú yfirlýsing næsta lítils virði, vegna þess að hún væri ekki bindandi fyrir ríkisstj., sem kynnu að koma hér á eftir, auk þess sem aðstaða kynni að breytast þannig í framtíðinni, að það, sem er góð og gild vara í dag, það er ekki víst, að það verði það eftir nokkurn tíma. Af þessum ástæðum vil ég engar yfirlýsingar gefa í sambandi við framtíðarafstöðu til þessa máls.

16. Tunnuverksmiðjur ríkisins.

Á deildafundum 8. des. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til sjútvmrh. um Tunnuverksmiðjur ríkisins [93. mál] (A. 139).

Á 17. fundi í Sþ., 9. des., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 33 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Sþ., 3. febr., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér, ásamt 5. landsk. þm. (RA), fyrirspurn til hæstv. sjútvmrh. varðandi rekstur Tunnuverksmiðja ríkisins. Fyrirspurnin er svofelld: „Hvað er fyrirhugað um tunnusmíði í Tunnuverksmiðjum ríkisins nú í vetur: a) í Akureyrarverksmiðjunni, b) í Siglufjarðarverksmiðjunni?“ Og í öðru lagi: „Hvað líður undirbúningi að byggingu tunnugeymslu við Akureyrarverksmiðjuna?“

Áður en ástæður fyrir þessari fsp. eru frekar skýrðar, er rétt að minna á, að það eru nú meir en 2 mánuðir liðnir frá því, að hún var lögð hér fram á hv. Alþingi, og gangur mála síðan hefur að nokkru svarað fsp., þ. e. a. s. fyrri lið hennar, en þó aðeins að nokkru leyti. Það er nú orðið ljóst, að á þeim vetri, sem nú er að líða, verður ekki um það að ræða, að starfsemi Tunnuverksmiðja ríkisins á Akureyri eða Siglufirði verði lögð niður með öllu, en þegar fsp. var lögð fram, var uppi um það orðasveimur og ótti, sérstaklega meðal Akureyringa, sem m. a. studdist við það, að að áliðnum desembermánuði var enn ekkert efni komið til tunnusmíðinnar, og ekki reyndist þá heldur fram að þeim tíma unnt að fá neinar upplýsingar um það, hvað fyrirhugað væri um rekstur verksmiðjunnar. Óvissan um þetta annars vegar og hins vegar sú staðreynd, að atvinna fyrir verkamenn hefur verið ófullnægjandi á Akureyri það sem af er þessum vetri, gerði menn þar í bæ harla órólega, eins og marka mátti af sambykktum bæjarstjórnar Akureyrar og áskorunum til forráðamanna Tunnuverksmiðja ríkisins og einnig sams konar áskorunum frá verkalýðsfélögunum á staðnum um það að tryggja þessu eina atvinnufyrirtæki, sem rekið er af ríkinu á staðnum, rekstur á þessum vetri. Eins og ég sagði, er ótti manna um það, að þessi rekstur verði algerlega stöðvaður, að þessu sinni úr sögunni, en engu að síður þykir fyrirspyrjendum rétt, að það komi fram, þó að seint sé, hvað fyrirhugað er um mikinn rekstur og mikla framleiðslu á tunnum í þessum verksmiðjum.

Annar liður fsp. okkar er um það, hvað fyrirhugað sé um byggingu tunnugeymslu á Akureyri. Spurt er um þetta vegna þess, að

hér er um að ræða mál, sem í rauninni varðar allan framtíðarrekstur þessa fyrirtækis vegna þess, hve það er sérstaklega óhagstætt að reka slíka verksmiðju án þess að geta geymt bæði efnisbirgðir og framleiðslu á forsvaranlegan hátt og í beinum tengslum við vinnslustöðina. Þetta mikla óhagræði, sem verið hefur um mörg ár við rekstur verksmiðjunnar á Akureyri, hefur síðan verið notað sem röksemd gegn því að starfrækja verksmiðjuna á Akureyri og jafnvel sem röksemd gegn innlendri tunnusmíði yfirleitt. En ég tel hins vegar, og þeir munu fleiri, sem telja, að innlend tunnusmíði sé ekki einasta mikil nauðsyn fyrir síldariðnaðinn, heldur einnig mjög veigamikið atvinnumál fyrir þá staði, þar sem þessar umbúðir um okkar framleiðslu eru unnar.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Spurningarnar, sem hér er óskað svars við, eru á þessa leið: „Hvað er fyrirhugað um tunnusmíði í Tunnuverksmiðjum ríkisins nú í vetur: a) í Akureyrarverksmiðjunni, b) í Siglufjarðarverksmiðjunni?“ Og í öðru lagi: „Hvað líður undirbúningi að byggingu tunnugeymslu fyrir Akureyrarverksmiðjuna?“ Þessar spurningar voru á sínum tíma sendar stjórn tunnuverksmiðjanna og óskað eftir, að hún léti uppi álit sitt á þeim og svaraði þeim, en eins og kunnugt er, þá er stjórn tunnuverksmiðjanna í höndum síldarútvegsnefndar. Frá þessari stjórn tunnuverksmiðjanna fékk ég svo ýtarlega greinargerð um málið 12. des. 1964, en hún var ekki flutt hér í þinginu, vegna þess að málið var ekki tekið á dagskrá vegna anna við fjárlagaafgreiðslu og ýmislegt annað, en hún lá þá fyrir og hefði getað verið flutt, ef hún hefði verið tekin á dagskrána. En síðan hef ég fengið viðbótarupplýsingar frá síldarútvegsnefnd eða stjórn tunnuverksmiðjanna, sem dagsett er 29. s. l. mánaðar, og ég held, af því að málið hefur lítið verið á dagskrá hér í hv. Alþingi, að það sé rétt, að ég lesi upp meginhlutann í báðum þessum greinargerðum stjórnar tunnuverksmiðjanna, og það skal ég leyfa mér að gera, með leyfi hæstv. forseta. Fyrri grg., frá 12. des., er í meginatriðum á þessa leið:

„Rétt þykir að hafa nokkurn formála, áður en fsp. er svarað. Tunnuefnið, stafurinn, þarf að vera úr sérstöku timbri. Trén, sem notuð eru í tunnuefnið, mega ekki vaxa of fljótt, heldur má ekki fleyta efninu, heldur verður að aka því til vinnslu og til þurrkunar. Aðallega er um tvenns konar efni að ræða: furu frá Noregi og greni frá Finnlandi og Svíþjóð. Grenið er yfirleitt dýrara, og hefur því meginhluti stafsins hin síðari ár verið keyptur frá Noregi, og á það að vera sams konar efni og Norðmenn nota til tunnuframleiðslu sinnar, en eins og kunnugt er, hafa tunnur til síldarsöltunar verið svo til eingöngu fluttar inn frá Noregi. Reynt hefur verið að fá tunnuefni frá Tékkóslóvakíu og Sovétríkjunum, en þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hefur það ekki heppnazt. Efni til tunnustafs þarf að höggva á þeim tíma vetrarins, sem trén liggja í dái, sem kallað er, en af þessu leiðir, að efnið verður alltaf að kaupa ári fyrr en úr því á að framleiða. T. d. var efni, sem framleitt var úr nú í vetur, keypt í fyrrahaust og um áramótin, áður en tunnuverksmiðjan á Siglufirði brann.“

Um Akureyrarverksmiðjuna tekur stjórnin þetta fram:

„Stjórn Tunnuverksmiðja ríkisins hefur á nokkrum fundum rætt um tunnusmíði á Akureyri, en enn þá hefur engin ákvörðun verið tekin. Til þess liggja tvenns konar ástæður. Sú fyrri er bruni tunnuverksmiðjunnar á Siglufirði þann 9. jan. s. l. (1963), og sú síðari er síldarleysi fyrir Norðurlandi s. l. sumar og þar af leiðandi óvenjumiklar tunnubirgðir á Akureyri. Þegar tunnuverksmiðjan brann, var töluvert mikið efni ókomið til landsins, og var það flutt til Akureyrar. Horfið var að því ráði að flytja verkamenn tunnuverksmiðjunnar á Siglufirði til Akureyrar, til þess að bæta þeim að nokkru það vinnutjón, sem þeir ella hefðu orðið fyrir vegna bruna verksmiðjunnar á Siglufirði, og enn fremur til þess að vinna úr því efni, sem var á leiðinni eða komið til Akureyrar, en annars hefði orðið að geyma til næsta árs, og vafasamt, að góður geymslustaður væri fáanlegur. Framleiðslan á Akureyri var þess vegna mun meiri en til hafði verið ætlazt, og vegna síldarleysisins á Norðurlandi, sem alkunna er, liggja þar nú um 77 þús. tunnur, sem ekki komust í notkun. Rætt hafði verið um að flytja einhvern hluta þessara tunna til Suðurlands, en einnig þar hefur nú brugðizt síldarvertíð, hversu sem úr kann að rætast.

Tunnuframleiðslunni norðanlands hefur yfirleitt verið skipt þannig milli Akureyrar og Siglufjarðar, að unnið hefur verið úr allt að ⅓ efnisins á Akureyri og ⅔ á Siglufirði. Tunnuframleiðslan hefur yfirleitt verið frá 100—140 þús. tunnur árlega samtals. Þetta hefur verið gert með tilliti til þess, að ekki þyrfti að flytja tunnurnar langar leiðir og að tunnuframleiðslan á Akureyri væri notuð til síldarsöltunar við Eyjafjarðarhafnir, þ. e. a. s. á Ólafsfirði, Dalvík, Hrísey, Hjalteyri, Krossanesi og Húsavík. Tiltölulega lítill flutningskostnaður er til þessara staða, en flutningskostnaður frá Akureyri eða Siglufirði til Austurlandsins er oftast mikill og oft meiri en flutningur á tunnum frá Noregi til Austurlands.

Tunnur frá Noregi eða útlöndum hafa yfirleitt ekki verið fluttar til þessara hafna á Norðurlandi, að undanteknum tunnum undir þá síld, sem Svíar kaupa, en þeir hafa jafnan lagt til tunnur, salt, sykur o. s. frv. í þá síld, sem þeir kaupa héðan.

Framleiðslukostnaður tunna á Akureyri hefur allajafna verið nokkru hærri en á Siglufirði, og hafa endurskoðendur ríkisreikninga,

sem einnig endurskoða reikninga Tunnuverksmiðja ríkisins, oftlega fundið að þessu og jafnvel lagt til, að hætt yrði að framleiða tunnur á Akureyri. Vegna þessa aukakostnaðar, sem varð við vinnslu á Akureyri s. l. ár, hafa tunnur framleiddar þar sjálfsagt orðið nokkru dýrari en ella, en samkv. áætlun, sem gerð var s. l. vor af framkvæmdastjóra og verksmiðjustjóra tunnuverksmiðjanna, var verð tunnanna áætlað 214.25 kr. á lagerplássum á Akureyri. En á sama tíma er talið, að verð innfluttra tunna frá Noregi muni vera um 165 kr. cif. með tolli. Ef flytja þarf tunnurnar frá Akureyri, bætist að sjálfsögðu ofan á hið fyrrgreinda framleiðsluverð, 214.25 kr., flutningsgjald, sem talið er að muni nema a. m. k. 20—25 kr. á tunnu.

Það er því eðlilegt, að nokkuð verði um það hugsað, hvort rétt sé vegna þeirra framleiðenda, sem tunnurnar eiga að nota, að framleiða tunnur umfram það, sem nú er fyrirliggjandi. Við þetta bætist, að húsrými til geymslu er ekki fyrir hendi á Akureyri nema að takmörkuðu leyti. Rétt er að geta þess, að tunnur framleiddar hér á landi hafa yfirleitt, að undanteknum 2 árum, verið dýrari en innfluttar tunnur. Þessu hefur verið verðjafnað, þannig að allar tunnur hafa farið til saltenda á sama verði.

Eins og fyrr getur, hafði verið keypt tunnuefni til væntanlegrar framleiðslu á þessum vetri, áður en tunnuverksmiðjan á Siglufirði brann. Keyptir voru samtals 980 standarðar af timbri, 900 frá Noregi og 80 frá Finnlandi. Gerðar hafa verið ráðstafanir til, að hluti af þessu efni yrði fluttur heim um og eftir áramótin, og er gert ráð fyrir, að um 80 standarðar af tunnuefni frá Finnlandi komi um áramótin og 300—350 standarðar af tunnuefni frá Noregi um miðjan janúarmánuð. Enn þá hefur ekki verið ákveðið um frekari heimflutning á efni, en það hefur verið greitt eða tryggð greiðsla á því.

Síldarútvegsnefnd, sem einnig fer með stjórn Tunnuverksmiðja ríkisins, mun nú á næstunni taka ákvörðun um, hvernig tunnuframleiðslu verði hagað norðanlands í vetur, eftir því sem efni standa til."

Um Siglufjarðarverksmiðjuna segir stjórn tunnuverksmiðjanna þetta:

„Eins og kunnugt er, brann tunnuverksmiðjan á Siglufirði til kaldra kola 9. jan. s. l. (1964). Í Siglufirði var tunnuverksmiðjan starfrækt í stóru járngrindahúsi, og í því húsi var einnig allstór geymsla, nægjanleg fyrir tunnuefni og nokkuð af tunnum. Hins vegar vantaði þar verulegar geymslur fyrir smíðaðar tunnur, sem eru mjög rúmfrekar, en fyrir góðvild og aðstoð síldarverksmiðja ríkisins hafði tunnuverksmiðjan aðgang að hinu stóra geymsluhúsi verksmiðjanna, sem liggur handan við götuna, og var það nægjanlegt til geymslu á þeim tunnum, sem framleiddar voru í verksmiðjunni og pláss þurfti fyrir umfram það, sem verksmiðjan sjálf hafði yfir að ráða. Nú hafa síldarverksmiðjur ríkisins þurft að nota þetta pláss meira síðustu árin, m. a. var komið þar fyrir vinnslustöð til að vinna mjöl úr soðkjarna, og það er því augljóst, að þær mundu ekki geta látið í té það nauðsynlega pláss, sem þyrfti til geymslu tunna í Siglufirði. Þess vegna hafði verið í athugun um nokkurn tíma að byggja geymsluhús, og var þá horfið að því ráði að byggja nýtt tunnuverksmiðjuhús úr steinsteypu, nokkru vandaðra en það, sem fyrir var, og með betri vinnuskilyrðum, en jafnframt, að síldarútvegsnefnd keypti gamla verksmiðjuhúsið til nota fyrir tunnugeymslu, bæði undir framleiðslu tunnuverksmiðjanna og þeirra tunna, sem kynnu að verða fluttar inn. Þess vegna hafði verið undirbúin teikning og áætlun um byggingu tunnuverksmiðju á lóð, sem var til staðar. Kom það í góðar þarfir, er þessi mikli bruni varð, að áætlunin hafði verið gerð. Um fyrirhugaðan rekstur Siglufjarðarverksmiðjunnar vísast til greinargerðar verkfræðings þess, sem hefur yfirumsjón með byggingunni, og er svo hljóðandi:

„Samkv. beiðni yðar hef ég tekið saman eftirfarandi yfirlit yfir byggingu tunnuverksmiðju á Siglufirði:

Byrjað var á grunni verksmiðjunnar í aprílmánuði s. l., og var grunnurinn tilbúinn um miðjan ágúst. Verk þetta var unnið á tímavinnugrundvelli, og annaðist Gísli Þorsteinsson byggingameistari yfirstjórn verksins. Í byrjun ágúst var samið við byggingameistarana Þórarin Vilbergsson, Bjarka Árnason og Guðmund Þorláksson um áframhald byggingarinnar, og skyldu þeir hafa lokið sínum hluta verksins fyrir 1. des. 1964, og stóðu þeir fyllilega við þau tímamörk. Um miðjan október var hafizt handa um að múrhúða bygginguna að innan, og var því lokið 1. des. 1964. Þegar múrhúðun hússins lauk, var byrjað að setja niður vélar og leggja nauðsynlegar lagnir fyrir rafmagn, hita, vatn og skolp, og stendur það verk yfir nú. Ekki er hægt að segja fyrir með vissu, hvenær það verk verður það langt komið, að hægt verði að hefja starfrækslu verksmiðjunnar, en stefnt er að því, að það verði um miðjan janúarmánuð. Að vísu verður ekki hægt að reka verksmiðjuna fyllilega, eins og áformað er að gera í framtíðinni, t. d. verður brennsluofn fyrir spæni ekki tilbúinn og nota verður leiguhúsnæði til geymslu á efni og tunnum. Um miðjan október var byrjað á undirstöðum geymsluhússins, og tókst að ljúka við undirstöðurnar að mestu leyti, en enn þá hefur ekki tekizt að fylla í grunninn, en fyllingarefni verður að sækja út í Siglufjörð. Áfallinn kostnaður við verksmiðjuhúsið er nú 4.9 millj. kr. og áætlaður kostnaður við það, sem ólokið er, 1650 þús. kr., eða samtals 6 millj. 550 þús.

Um geymsluhúsið er það að segja, að eins og áður er getið, eru undirstöður geymsluhússins að mestu fullbúnar, en eftir er að fylla í hluta af grunninum og steypa gólf-

plötur. Vegna slæmrar veðráttu hefur ekki verið hægt að vinna við þetta verk síðan um miðjan nóvember. Gengið hefur verið frá pöntun á öllu stáli og bárujárni í geymsluhúsið. Kemur það efni væntanlega til landsins í janúarmánuði. Lausleg kostnaðaráætlun fyrir geymsluhúsið er upp á 5 millj. kr."

Eins og fyrr getur um tunnuframleiðslu á Norðurlandi almennt, hefur reynslan sýnt það, að innlenda framleiðslan hefur allajafna orðið nokkru dýrari en innfluttar tunnur. Undantekning eru 2 ár, af þeim orsökum, að tunnuefni var þá keypt inn að hausti til, eins og venja er, en gengisfelling eða innflutningsálag kom á innfluttar tunnur, sem keyptar voru sumarið eftir. Þetta gildir fyrir sumurin 1958 og 1961. En það eru einu árin, sem innanlandssmíðaðar tunnur hafa verið ódýrari heldur en þær innfluttu, af þessum annarlegu ástæðum. Innlenda tunnuframleiðslan hefur verið byggð á því, að ekki þyrfti að flytja tunnurnar á milli staða eða a. m. k. að mjög litlu leyti. Það skapast því að sjálfsögðu ný viðhorf við tunnuframleiðsluna á Norðurlandi, ef svo fer fram með söltun á þessum stöðum sem var s. l. sumar og að nokkru leyti sumarið 1963."

Um tunnugeymslu á Akureyri segir svo að lokum:

„Árið 1946 keyptu Tunnuverksmiðjur ríkisins tunnuverksmiðjuna á Akureyri af bæjarsjóði Akureyrar, og er tekið fram í afsali, að kaupandi fær á bráðabirgðaleigu, þar til Hafnarstræti verður breikkað til austurs, þó ekki skemur en til 10 ára, góða lóðarræmu meðfram því að austan móts við lóð sína. Bæjarsjóður lét á sínum tíma verksmiðjustjórn í té ágæta lóð úti á Oddeyri, og er ýtarleg áætlun um byggingu verksmiðju og geymsluhúss þar gerð af Almenna byggingarfélaginu. Sótt var um byggingar- og fjárfestingarleyfi, og fékkst fjárfestingarleyfi með vissum skilyrðum til að hefja bygginguna, en þeim skilyrðum var ekki hægt að fullnægja. Þá kom einnig til greina að flytja verksmiðjuna til Dagverðareyrar, og fékk stjórn tunnuverksmiðjunnar tilboð frá Landsbanka Íslands um þá eign. Það mál var ýtarlega rannsakað og rætt við bæjarráð Akureyrar 18. ágúst 1960, en bæjarráð var því andvígt, að verksmiðjan yrði flutt þangað. Einnig var rætt við Verkamannafélag Akureyrar, sem einnig lagðist á móti því, að verksmiðjan yrði flutt. Eftir nokkrar frekari rannsóknir var fallið frá þessari hugmynd. Þá voru einnig gerðar ýtarlegar rannsóknir um byggingu geymsluhúss við núverandi verksmiðjuhús á Akureyri af Almenna byggingafélaginu, en niðurstöður þess voru þær, að lóðin væri ekki nægilega sterk, þ. e. a. s. uppfyllingin á bryggjunni, til þess að byggja þar hús, sem fyrirhugað var. Síðan var fsp. send til bæjarstjórnar Akureyrar 1961 um það, hvaða fyrirgreiðslu mætti vænta til byggingar geymsluhúss við verksmiðjuna, eins og hún er nú. Í svarinu er bent á, að Tunnuverksmiðjur ríkisins hafi fengið til ráðstöfunar rúmgóða lóð á bezta stað á Oddeyri og sú lóð standi enn til boða, en jafnframt er þess getið, að hafnarnefnd og bæjarstjórn muni þó athuga um að veita þá aðstöðu, sem unnt sé, til byggingar geymsluhúss við verksmiðjuna, þar sem hún nú stendur.

Eins og fyrr var getið, var talið, að bryggjan, þar sem helzt kom til mála að byggja geymsluhúsið, væri ekki nógu örugg, eins og húsið þá var fyrirhugað. Nú er í athugun að byggja þarna geymsluhús af léttari gerð, fyrir minna magn af tunnum en upphaflega var gert ráð fyrir. Formlega hefur ekki verið tilkynnt, hvaða fyrirgreiðslu bæjarstjórn Akureyrar muni láta í té, en talið er, að til mála komi að fylla upp núverandi bátakví, sem er fyrir framan verksmiðjuna, og mundu þá sennilega skapast skilyrði til að byggja tunnugeymslu af léttari gerð fyrir 30—40 þús. tunnur, sem ætti að verða til mikilla úrbóta."

Þetta var sú skýrsla, sem ég fékk frá stjórn tunnuverksmiðjanna í vetur, en síðan hefur, eins og ég sagði, komið viðbótarskýrsla, sem ég skal einnig leyfa mér að lesa kafla úr. Hún er dagsett 29. f. m. Þar segir svo:

„Í framhaldi af svari voru, dags. 12. des. 1964, við fsp. sjútvmrh. um tunnuverksmiðjur ríkisins á Akureyri og Siglufirði, viljum við taka fram eftirfarandi:

Á fundi stjórnar Tunnuverksmiðja ríkisins 7. jan. s. l. var samþykkt að hefja rekstur tunnuverksmiðjunnar á Akureyri þann 1. febr. n. k., og verða framleiddar þar um 20 þús. tunnur, þar sem ekki virðist mögulegt að fá geymslupláss fyrir meira magn. Á sama fundi var samþykkt að hefja rekstur tunnuverksmiðjunnar á Siglufirði svo fljótt sem unnt væri, og er nú ráðgert, að framleiðsla hefjist þar í byrjun febrúarmánaðar."

Út af tunnugeymslu á Akureyri tel ég rétt að lesa bréf, sem samið er og sent af Einari Ásgrímssyni verksmiðjustjóra tunnuverksmiðjanna til formanns stjórnarinnar, en bréf hans barst, eftir að fyrri skýrslan hafði verið gefin. Bréf verksmiðjustjórans, sem nú er tæknilegur framkvæmdastjóri, er dags. 11. des. og hljóðar svo:

„Um tunnugeymslu á Akureyri: Á árunum 1958 og 1959 og 1960 athugaði Almenna byggingafélagið h/f möguleika til að leysa þörf tunnuverksmiðjunnar á Akureyri fyrir timbur- og tunnugeymslu. Voru þær athuganir miðaðar við 70 þús. tunna geymslu, þ. e. a. s. 25×72 m á stærð eða 1800 m² að grunnfleti. Niðurstöður þeirra athugana eru í stórum dráttum eftirfarandi: 1) Undirstöður yrðu mjög dýrar undir svo stóra byggingu á bryggjunni sunnan við núverandi verksmiðjuhús. Skipulagsstjóri ríkisins og skipulagsnefnd Akureyrar voru talin vera mótfallin byggingu geymslunnar á þeim stað. 2) Kostur fékkst hjá bæjarstjórn Akureyrar fyrir hentugri lóð undir nýja tunnuverksmiðju á Oddeyri norð-

an við Útgerðarfélag Akureyringa, og eiga Tunnuverksmiðjur ríkisins enn kost á þeirri lóð. Teiknaði Almenna byggingafélagið h/f tunnuverksmiðjubyggingar fyrir þá lóð, 660 m² verksmiðjubyggingu og 1800 m² geymslu. Tunnuverksmiðjur ríkisins hafa ekki bolmagn til að ráðast í nýbyggingu þessa. 3) Athugaðir voru möguleikar á að nýta húsakostinn á Dagverðareyri, sem þá var falur. Var ljóst, að stofnkostnaður tunnuverksmiðjunnar yrði tiltölulega hagstæður á Dagverðareyri, en rekstrarkostnaður mun meiri en á Akureyri um fyrirsjáanlega framtíð. Var af síðast nefndri ástæðu horfið frá þeim hugmyndum að flytja tunnuverksmiðjuna að Dagverðareyri.

Að áliti undirritaðs eru nú 3 kostir fyrir hendi: Í fyrsta lagi að byggja nýja verksmiðju á Oddeyri. Verksmiðjubyggingarnar, eins og þær eru teiknaðar, eru fullgild húsakynni fyrir ýmsan annan atvinnurekstur og mundu því standa í fullu verði, þótt tunnusmíði yrði lögð niður á Akureyri. Eða í öðru lagi að byggja 30—35 þús. tunna geymslu sunnan við núverandi verksmiðju. Áætlaður kostnaður er um 2½—3 millj. kr. Þótt skipulagsyfirvöldum yrði sú bygging þvert um geð, má telja öruggt, að bæjarstjórn Akureyrar mundi veita heimild fyrir byggingunni. Eða í þriðja lagi að leggja tunnuverksmiðjuna á Akureyri niður, og er sá kosturinn skynsamlegastur að áliti undirritaðs, vegna þess að flest atvinnufyrirtæki á Akureyri skortir starfsmenn að staðaldri allt árið og vegna þess að enginn markaður er á Akureyri fyrir síldartunnur.

Um geymslurými á Akureyri í vetur er þetta að segja: Með því að flytja 2800 tunnur úr húsi Tómasar Björnssonar h/f og 2800 kúta úr tunnuverksmiðjunni, hvort tveggja út að Dagverðareyri, er hægt að skipa á land timbri á Akureyri. Á þá tunnuverksmiðjan völ á geymslurými umfram þær 77 þús. tunnur, sem liggja frá síðasta vetri, fyrir 20 þús. tunnur, og ef til vill fyrir 20 þús. tunnur í viðbót, ef sláturhúsið og Krossanes sjá sér fært að leigja húsnæði."

Þetta eru þær skýrslur, sem ég hef fengið frá stjórn tunnuverksmiðjanna, og ég taldi rétt að lesa þær upp báðar í meginatriðum, því að eins og ég sagði í upphafi, hefur þetta mál sjaldan borið á góma hér á hv. Alþingi, en ég tel ýmsa þætti málsins vera þess eðlis, að þeir eru íhugunarefni og ekki alveg auðveldir til lausnar. Fyrir liggur þó nú ákveðið, að hafizt er handa um smíði tunna á Akureyri, 20 þús. í viðbót við þær 77 þús. tunnur, sem liggja á staðnum, og hafin verður smíði á Siglufirði, undireins og aðstæður þar leyfa. Um framtíðarskipulag á verksmiðjunni á Akureyri og tunnugeymslu í því sambandi hefur ekki verið tekin ákvörðun.

Fyrirspyrjandi (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. sjútvmrh. fyrir þá greinargóðu skýrslu, sem hann hefur aflað sér og flutt hér varðandi þetta mál, þó að ég hins vegar hljóti að benda á það strax, að í raun og veru er ekki fullsvarað nema a-liðnum í fyrri fsp., þ. e. a. s. um það, hve mikið sé fyrirhugað að smíða nú í vetur í tunnuverksmiðjunni á Akureyri. Það eru 20 þús. tunnur eða sem næst 40 daga vinnsla eftir venjulegum afköstum, og verð ég að segja, að minna gat það tæplega verið. Hins vegar hefur því ekki verið svarað, hve mikið sé fyrirhugað að framleiða í Siglufjarðarverksmiðjunni, og engin svör eru gefin um það, hvort fyrirhugað sé að byggja tunnugeymslu við Akureyrarverksmiðjuna.

Ég held, að það hafi verið 1957, sem lög um tunnuverksmiðjur ríkisins voru endurskoðuð og samþykkt hér á hv. Alþingi í þeirri mynd, sem þau nú eru, og það var í lögum ákveðin heimild fyrir stjórn tunnuverksmiðjanna til að taka lán til endurbóta á Akureyrarverksmiðjunni og til byggingar tunnugeymslu. Og það hefur sem sagt staðið í forráðamönnum þessa fyrirtækis í síldarútvegsnefnd allt frá 1957, eða í 6—7 ár, að athuga, á hvern hátt þetta væri hægt að framkvæma, og er þó ekki um stærri framkvæmd að ræða en það, samkv. því, sem kom fram hjá hæstv. ráðh., að hún kostar 2½—3 millj. kr. Ég held, að það væri vissulega athugunarefni, hve mörgum sinnum væri búið að eyða þessari upphæð í sambandi við það óhagræði, sem er að því að hafa enga tunnugeymslu við Akureyrarverksmiðjuna, bæði með flutningum, ég vil segja hlægilegum flutningum á efnisbirgðum, fyrst frá skipshlið á Akureyri til Dagverðareyrar eða jafnvel enn lengra í burtu úr bænum, síðan daglegum flutningi á efninu til verksmiðjunnar og loks flutningi á tunnunum á hverjum degi úr bænum, út á Dagverðareyri og jafnvel út í nærliggjandi sveitir, þar sem tunnunum hefur verið komið fyrir í tæmdum hlöðum að vetrinum til og hent svo út á tún að sumrinu. Ég er sannfærður um það, vegna þessa beina tjóns, auk þess tjóns, sem verður af því, að tunnurnar eyðileggjast í þúsundatali yfir sumartímann, þegar þær eru geymdar úti í hitum, þannig að stafir eru stöðugt að brotna og kostar óhemjuvinnu á síldarplönum að gera við tunnurnar, áður en í þær verður nokkur vara látin, — ég er sem sagt sannfærður um það, að ef tunnugeymsla hefði verið byggð á Akureyri fyrir t. d. 6—7 árum, væri hún búin að borga sig mörgum sinnum.

Það kom fram í skýrslu hæstv. ráðh., að tunnur á Akureyri hefðu alltaf verið ofur lítið dýrari en á Siglufirði undanfarin ár og jafnvel ríkisendurskoðendur hefðu af þeim ástæðum lagt til, að tunnuverksmiðjan á Akureyri yrði lögð niður. Ég verð að segja, að af mörgum skringilegum aths., sem ríkisendurskoðendur hafa látið frá sér fara, hefur mér þótt þessi einna spaugilegust, þar sem tvær verksmiðjur eru til í landinu, verðinu

er jafnað, og það hlýtur náttúrlega alltaf að fara svo, að á öðrum hvorum staðnum verður framleiðslan eitthvað dýrari, og það verður þá kannske til skiptis hægt að nota þessa röksemd, þangað til engin viðmiðun væri lengur til. En aftur á móti er það mjög skiljanlegt og skýranlegt, að framleiðslan á Akureyri hafi verið dýrari en á Siglufirði og dýrari en innfluttar tunnur, vegna þess að engin mynd hefur verið á rekstri þessa fyrirtækis, aldrei, eins og ég hef drepið hérna á. Og ég held, að það væri þess vegna skynsamlegra að leita orsakanna fyrir þessum verðmismun, heldur en nota hann sem röksemd fyrir því, að fyrirtækið eigi ekki rétt á sér.

Ég verð að segja það, að mér þykir trúlegt, að einhvers staðar séu maðkar í mysunni, ef það er ekki mögulegt fyrir okkur að framleiða tunnur á samkeppnisfæru verði við það, sem gerist hér á Norðurlöndum. Við höfum þjálfað fólk í þessu, a. m. k. á Siglufirði og á Akureyri. Við ættum að geta haft verksmiðjukost, sem alveg samsvaraði verksmiðjukosti annars staðar. Flutningur á tunnunum, umbúðunum, til landsins ætti að kosta minna, ef efnið er flutt, heldur en ef tunnurnar eru fluttar fullgerðar, svo að miklu munar, og ekki er kaupgjaldið hærra hér. Ég held, að þarna geti ekki verið um það að ræða, að ástæðan sé önnur en sú, að þessi fyrirtæki okkar eru illa rekin á einhvern hátt og kannske á fleiri en einn veg.

Það kom fram hjá hæstv. ráðh., að framleiðsla á síldartunnum hefur verið á ári frá 100—140 þús. tunnur. Og þegar við aðgætum það, að okkar möguleikar til framleiðslu á saltsíld eru a. m. k. 400—500 þús. tunnur á ári, verð ég að segja það, að þetta er óeðlilega lítil framleiðsla og þyrfti að stórauka hana, bæði með tryggari rekstri á þessum verksmiðjum, sem til eru í landinu, og með því að stofnsetja nýjar verksmiðjur á heppilegum stöðum. Það er nægilegt verkefni þarna fyrir hendi. Og ég vil minna á það í því sambandi, að það hefur komið fyrir í góðum aflaárum, að við höfum orðið að stöðva síldarsöltun, vegna þess að tunnur hafa ekki verið fyrir hendi. Og ég held, að það hljóti að vera ákaflega óheppilegt fyrir okkur að vera svo til að öllu leyti eða miklu leyti upp á aðrar þjóðir komnir um umbúðir fyrir þessa þýðingarmiklu framleiðslu okkar. Við eigum að mjög verulegu leyti a. m. k. og helzt að mestu leyti að framleiða sjálfir, og það eigum við að geta með sæmilega hagkvæmum hætti, ef rétt er staðið að málum.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. e. sagði, og ég skal viðurkenna með nokkrum rétti, að svörin hefðu ekki verið fullnægjandi. En til þess liggja ýmsar ástæður. Þær eru í fyrsta lagi, að það er ekki svo auðvelt að gera sér grein fyrir, hve heppilegt verður að framleiða mikið eða hvort hægt verður að framleiða eins og venjulega, þar sem 77 þús. tunnur liggja nú fyrir í landinu eða um helmingi meira en venjan hefur verið að framleiða á Akureyri. Í öðru lagi, að þar sem síldarsöltunin á þessu svæði hefur orðið miklu minni en á árinu áður, hefur ekkert úrræði verið til að losna við tunnurnar annað en að flytja þær langan veg í burtu. Og í þriðja lagi, að verðlagið, eftir því sem upplýst er í skýrslu tunnuverksmiðjustjórnarinnar, er þannig, að munar rétt um 50 kr. á hverri tunnu, sem íslenzka tunnan er dýrari en sú útlenda, þ. e. a. s. sú innlenda kostar kr. 214.50, en sú erlenda 165 kr. Allt þetta gerir framleiðsluna og framkvæmdir í sambandi við framleiðslu, eins og verksmiðjubyggingar og geymslur o. þ. h., miklu óvissara en vera mundi, ef síldarsöltunin á þessu svæði lægi í föstum skorðum.

Hv. þm. sagði, að það væri tiltölulega lítið að framleiða ekki hér á landi nema 140 þús. tunnur, þar sem söltunin hafi stundum farið upp í kringum 400 þús. tn. eða eitthvað þess háttar, undanfarin mörg ár. Þar við er að athuga, að sænsku síldarkaupendurnir leggja til tunnur, erlendar, undir þá síld, sem þeir kaupa, og hlýtur sá tunnufjöldi þess vegna að bætast við, áður en erlent tunnumagn er fengið.

Allt í allt finnst mér, að þessi starfsemi og framleiðsla eigi á ýmsan hátt í vök að verjast, eins og stendur, og það verði að taka ýmsa hluti til greina, sem kannske hefur ekki að sama skapi þurft að gera áður, þess vegna sé ekki eðlilegt að fara þess á leit við stjórn verksmiðjanna, að hún geti á þessu augnabliki sagt endanlega til um það, hve mikið verði framleitt á hvorum stað. Á Akureyri hafa verið teknar til 20 þús. tunnur, sem takmarkast, að mér skilst, að einhverju eða öllu leyti af því geymsluplássi, sem fyrir hendi er, svo að svar liggur fyrir. En um Siglufjörð er ekki annað að segja en það, að þar verður byrjað á framleiðslu, strax og verksmiðjan er tilbúin, þó að ekki komi til nein ákvörðun um það, hvað mikið verði þar unnið í heild.

Ég held, að það sé ekki fleira, sem ég þarf að taka fram í þessu sambandi, en vil aðeins minna á, að það eru ýmis vandamál í sambandi við þessa framleiðslu, sem verður að taka til greina, þegar ákvörðun er tekin um hina einstöku þætti framleiðslunnar, sem hafa ekki verið fyrir hendi áður og gera þessa ákvörðun miklu erfiðari.

Jónas G. Rafnar: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Við þessar umr. hafa komið fram ýmsar merkar upplýsingar varðandi tunnusmíði hér á landi. Og ég er alveg sammála hæstv. ráðh. um, að það má að sjálfsögðu nokkuð deila um það, hversu langt eigi að ganga í því að smíða okkar tunnur innanlands. Hins vegar held ég, að allavega sé það nauðsynlegt, að hér sé allveruleg tunnusmíði, vegna þess að með því móti höfum við þó

allajafna kost á að halda niðri verði á hinum erlendu tunnum. En þetta er sem sé álitamál, og þarna kunna að rekast á hagsmunir þeirra, sem bera tunnusmíðina fyrir brjósti, og svo aftur síldarsaltendanna.

En um það er ekkert áhorfsmál, að það hefur verið algert glapræði hjá hv. síldarútvegsnefnd að hafa ekki fyrir löngu verið búin að koma upp tunnugeymslu á Akureyri. Ég held, að síldarútvegsnefnd hafi ekki komið til hugar, að tunnuverksmiðjan á Akureyri yrði lögð niður. Og það lá ljóst fyrir, að tunnusmíði á Akureyri var ekki hægt að halda uppi með hagstæðu móti, án þess að þar væri fyrir hendi geymsluaðstaða. Og við skulum líta á það, að nú, þegar verið er að endurbyggja tunnuverksmiðjuna á Siglufirði, er jafnframt unnið að því að koma þar upp tunnugeymslu.

Það er alveg rétt hjá hv. fyrirspyrjanda, að tunnugeymsla á Akureyri, þótt hún væri ekki fyrir meira en 30—40 þús. tunnur, ef þær upplýsingar eru réttar, sem ég efast ekkert um, hjá hæstv. ráðh., að slík tunnugeymsla mundi kosta um 2½—3 millj., það fé væri fyrir löngu komið aftur til baka. Tunnur hafa verið geymdar hingað og þangað og þetta haft að sjálfsögðu í för með sér mjög mikinn kostnað.

Ég vil því eindregið vona, að hv. síldarútvegsnefnd sjái nú að sér og hefjist handa með stuðningi ráðuneytisins um það, að sem allra fyrst verði ráðizt í það að koma upp geymslu fyrir tunnur á Akureyri.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það er ekki að ófyrirsynju, þó að spurt sé um starfsemi Tunnuverksmiðja ríkisins og þær fyrirspurnir komi frá þm., sem gæta hagsmuna Akureyringa og Siglfirðinga, og hafa nú verið gefnar rækilegar upplýsingar um þessi mál. En þar sem ég á sæti í síldarútvegsnefnd og þar með í stjórn tunnuverksmiðjanna, því að ákvæðin eru þannig, að síldarútvegsnefnd skal jafnframt fara með stjórn tunnuverksmiðjanna, þá vil ég segja um þetta mál örfá orð.

Það hefur vafalaust vakið einna mesta athygli í þessum upplýsingum hæstv. ráðh., sem byggðar eru á skýrslu stjórnar tunnuverksmiðjanna, að íslenzkar tunnur eru dýrari en norskar eða erlendar tunnur yfirleitt. Þá kemur upp í hugann: Á þá íslenzk tunnuframleiðsla rétt á sér, eða er hægt að bæta úr þessu, er hægt að framleiða tunnur ódýrar hjá okkur? Ég held, að það sé tvímælalaust rétta svarið, að við getum þarna á margan hátt úr bætt, þannig að okkar tunnuframleiðsla innanlands verði ódýrari. Í fyrsta lagi er það skoðun mín, að það er rangt skipulag og tryggir ekki örugglega fullnægjandi góðan rekstur tunnuverksmiðjanna, að það sé hjáverk síldarútvegsnefndar að stjórna verksmiðjunum. Ég held, að það sé ekki rétt. Í annan stað hefur það verið svo, að framkvæmdastjórn tunnuverksmiðjanna hefur verið einnig hjáverk framkvæmdastjóra síldarútvegsnefndar á Siglufirði. Vafalaust hefur hann rækt þetta starf eins vel og honum hefur verið unnt að gera það sem aukastarf, en honum hefur sjálfum fundizt þetta ófullnægjandi, því að hann sagði á s. l. ári þessu starfi upp sem framkvæmdastjóri tunnuverksmiðjanna. Þá var auglýst eftir verkfræðimenntuðum manni til þess að veita tunnuverksmiðjunum forstöðu, þ. e. a. s. taka að sér framkvæmdastjórn, en allar slíkar auglýsingar urðu árangurslausar, enginn verkfræðingur fékkst til þess að taka búsetu á Siglufirði til þess að vera þó vissulega vel launaður framkvæmdastjóri. En ég álít, að það, að stjórn og framkvæmdastjórn Tunnuverksmiðja ríkisins sé aukaverk, hjáverk, það tryggi ekki nægilega, að þessum málum sé sinnt og reksturinn að öllu leyti verði hinn hagkvæmasti. Þarna held ég, að þurfi úr að bæta.

Í annan stað er það svo orðið ljóst, að verksmiðjan á Akureyri er ekki nema hálfgerð. Þar eru verksmiðjuhús og vélar, en engin geymsla. Þessi geymsluhúsaskortur á Akureyri veldur því í rekstri þessa fyrirtækis, að gífurleg útgjöld verða við flutning á efni og tunnum fram og aftur, eins og hv. fyrirspyrjandi lýsti átakanlega, því að það er svo, að tunnurnar eru fluttar frá Dagverðareyri til Akureyrar eða frá Akureyri til Dagverðareyrar og aftur til hafnar og efnið fram og aftur og tunnurnar til geymslu út um hvippinn og hvappinn, í hlöður og fjós hingað og þangað, og að svo miklu leyti sem þær eru látnar vera úti á víðavangi, verða mikil vanhöld á tunnunum, stafir sífellt að springa og þarf viðgerð á tunnunum aftur. Þetta er vitanlega ófullnægjandi. Það má segja, að það hafi verið verkefni fyrir mörgum árum að byggja geymslu við verksmiðjuna á Akureyri, en það hefur nú dregizt úr hömlu, en nú s. l. ár t. d., þegar þetta mál hefur verið á dagskrá, hefur nokkuð dregið úr mönnum með það sökum aflaleysis síldar fyrir Norðurlandi, og e. t. v. hefur hvarflað að mönnum, að í stað þess að byggja geymsluhús fyrir nokkrar milljónir við verksmiðjuna á Akureyri, væri réttara að flytja hana, það er ekki fyrir að synja, að þeirri hugsun hefur skotið upp, flytja hana t. d. til Austfjarða.

En hvað stendur í vegi fyrir því þá að flytja þessa hálfu tunnuverksmiðju frá Akureyri til Austfjarða og byggja þar við hana geymsluhús náttúrlega líka? T. d. það, að það mun vera leitun á plássi á Austfjörðum, sem hafi 40—50 starfandi karlmenn verklausa að vetrinum, þannig að hægt sé örugglega að tryggja slíkri verksmiðju þar vinnuafl. Verksmiðjan er því á Akureyri, en geymslulaus, og annað tveggja verður að gera: að flytja hana á stað, þar sem minni flutningskostnaður leggst a. m. k. næstu árin á tunnurnar, þ. e. a. s. flytja hana meira í námunda við veiði-

svæðin og ganga þar frá byggingu hennar, eða þá láta verða af því að byggja geymslur fyrir verksmiðjuna, því að svona er þetta óviðunandi og gerir tunnurnar miklu dýrari og verri vöru.

Í þriðja lagi mundi ég svo vilja segja það, að með því að reka verksmiðju eins og við gerum, bara að vetrinum, láta það liggja niðri að sumrinu, en atvinnulífi hefur lengstum verið háttað þannig, bæði á Siglufirði og Akureyri, að ekki hafa verið menn á lausum kjala að sumrinu til þess að vinna í þessum verksmiðjum, þá leggst verksmiðjuvinna niður og þessar verksmiðjur þannig reknar aðeins að vetrinum, — þetta gerir það að verkum, að framleiðslan verður áreiðanlega dýrari.

Enn kemur það til, að þessi verksmiðjukostur og það fjármagn, sem í honum er bundið í húsum og vélum, er ekki hagnýtt nema með vinnu á einni vakt, og það er enginn verksmiðjurekstur heldur. Og þetta er enn ein skýringin á því, að tunnur hjá okkur hljóta að verða dýrari en í Noregi. En gildi það, sem okkar verksmiðjur og tilvist þeirra hefur þó, er, að Norðmenn vita það, að ef þeir halda ekki niðri verðinu eins og þeim er mögulegt, getum við gripið til þess að framleiða okkar tunnur sjálfir, og ég er fullviss, að tilvist tunnuverksmiðjanna á Siglufirði og Akureyri hefur haft þýðingu að því leyti, að við höfum fengið hagkvæmari samninga við erlenda tunnuframleiðendur.

Ég játa því fyllilega sem meðlimur í síldarútvegsnefnd, að mjög miklir gallar eru á þessum rekstri og þurfa úrbóta, bæði um stjórn og rekstur fyrirtækjanna, og enn fremur, að mikill dráttur hefur orðið á umbótum, og veldur þar vafalaust fyrst og fremst féleysi, og þarf þarna úr að bæta. En samkeppnisfærir verðum við tæpast í tunnuframleiðslu, nema við höldum uppi þessum verksmiðjurekstri árið um kring og vinnum í verksmiðjunum á tveimur vöktum, en með einni vakt verður þessi framleiðsla alltaf dýrari en í fullkomnum verksmiðjurekstri erlendis, og er þá horfzt í augu við það, að hér eru vinnulaun mun lægri en t. d. í Noregi.

17. Hlustunarskilyrði útvarps á Norður- og Austurlandi.

Á deildafundum 2. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til menntmrh. um ráðstafanir til að bæta hlustunarskilyrði útvarps á Norður- og Austurlandi [114. mál] (A. 234).

Á 24. fundi í Sþ., 3. febr., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 35 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Sþ., 10. febr., var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Jónas G. Rafnar): Herra forseti. Á þskj. 234 höfum við hv. 3. þm. Austf. leyft okkur að bera fram eftirfarandi fsp. til hæstv. menntmrh.:

„1) Hvaða ráðstafanir hefur ríkisútvarpið gert til þess að bæta hlustunarskilyrði á Norður- og Austurlandi?

2) Verður ekki tryggt, að allir hlustendur hafi full not af útvarpinu, áður en framkvæmdir hefjast við að koma upp sjónvarpi?"

Það er alkunnugt, að á undanförnum árum hafa ríkisútvarpinu hvað eftir annað borizt kvartanir frá hlustendum á Norður- og Austurlandi um, að illa heyrðist til þess og þá sérstaklega í skammdeginu. Til þess að bæta hlustunarskilyrði í þessum landshlutum hefur verið komið upp endurvarpsstöðvum í Skjaldarvík við Eyjafjörð og að Eiðum fyrir Austurland. Þrátt fyrir þessar ráðstafanir heyrist enn mjög illa til útvarpsins, og munu því valda sterkar erlendar stöðvar, sem trufla útsendingar þess.

Ég vil leyfa mér að nefna örfá dæmi. Nú í vetur hefur heyrzt mjög illa í útvarpinu í Flatey á Skjálfanda og í Húsavík. Sömu sögurnar er að segja frá Raufarhöfn. Um hátíðarnar var óvenju mikið ólag á símanum þangað, en útvarpið notar hann til flutnings. Morgunblaðið hefur nýlega skýrt frá því, að útvarpsfréttir og annað efni ríkisútvarpsins hafi heyrzt mjög illa í Breiðdal í vetur.

Það er ekki nema eðlilegt, að fólk sé óánægt með þetta ástand og krefjist sem fyrst úrbóta. Útvarpið er fyrir marga ein helzta dægradvölin og þá ekki sízt til sveita að vetrinum.

Með fyrri lið fsp. er þess farið á leit, að hæstv. menntmrh., sem ríkisútvarpið heyrir undir með rekstur sinn, gefi upplýsingar um, hvaða ráðstafanir hafi verið gerðar til að bæta hlustunarskilyrði á Norður- og Austurlandi, en þaðan hafa kvartanirnar fyrst og fremst borizt.

Að undanförnu hefur mikið verið rætt og ritað um nauðsyn þess að koma upp sjónvarpi, sem yrði á vegum ríkisútvarpsins og þá að sjálfsögðu undir stjórn þess. Þótt allur kostnaður við slíka stofnun leiki enn mjög í lausu lofti, þá er þó vitað, að hann muni verða mjög mikill. Til þess að tryggja góða þjónustu útvarpsins um land allt, þarf án efa verulegt fé. Því er spurt, hvort ekki muni vera tryggt, að allir hlustendur hafi full not af útvarpinu, áður en lagt verður í kostnað við að koma upp sjónvarpi.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Síðan árið 1950 hefur á vetrarkvöldum gætt truflana frá erlendum útvarpsstöðvum, sem nota sömu tíðni og íslenzku stöðvarnar nota, og hafa þessar truflanir farið vaxandi síðari árin. Á núverandi miðbylgjutíðnum end-

urvarpsstöðvanna á Eiðum og í Skjaldarvík hefur orka truflananna fimmtugfaldazt og sextánhundruðfaldazt á tíðni stöðvarinnar á Höfn í Hornafirði. Stafar þetta sumpart af því, að sendiafl erlendra stöðva hefur verið stóraukið og margar nýjar, aflmiklar stöðvar verið teknar í notkun, t. d. í Austur-Þýzkalandi, en sumpart af því, að útvarpsstöðin hér hefur á langbylgjum undanfarna mánuði aðeins útvarpað með 15 kw. afli, á meðan verið hefur verið að setja hér upp hinn nýja 100 kw. sendi. Loks má geta þess, að skilyrðin í háloftunum eru nú sérstaklega óhagstæð varðandi truflanir, vegna þess að sólblettir, sem breytast á 11 ára fresti, eru nú í lágmarki, og truflanir berast þá með allt að fjórfaldri orku miðað við hámarksár sólbletta. Af þessum sökum hefur langdrægni íslenzku stöðvanna stórminnkað undanfarna vetrarmánuði, og hefur því ekki verið hægt að gera ráð fyrir truflunarlausu langdrægi á 5 kw. miðbylgjustöð, eins og er á Eiðum, nema innan 20—25 km fjarlægðar frá stöðinni. En jafnvel þótt stöðin á Eiðum hefði verið aukin upp í 100 kw., hefði truflanalaust langdrægi líklega ekki orðið nema 40—50 km. Endurvarpsstöðvarnar hafa því átt í miklum örðugleikum með að taka á móti beinni útsendingu frá Reykjavíkurstöðinni til endurvarps vegna truflana.

Þetta eru meginástæður þess, að miklar kvartanir hafa borizt undanfarið yfir hlustunarskilyrðum, aðallega á Austfjörðum og Norðausturlandi. Þótt truflanir frá erlendum stöðvum séu einnig miklar á langbylgjum, er langdrægi langbylgjustöðva miklu meira en þeirra, sem nota miðbylgju. Er nú svo komið, að nærri ómögulegt er að nota hér miðbylgjur nema fyrir mjög takmarkað svæði, svo sem einstaka kaupstaði og nágrenni þeirra. Langbylgjur eru hentugri vegna mun meira langdrægis, en einasta nothæfa leiðin til þess að fá viðtökuna alveg ótruflaða af erlendum stöðvum er að nota svo nefndar últrastuttbylgjur. Á því eru þó miklir annmarkar til skjótrar úrlausnar. Langbylgjur eru mjög fáar, og af þeim hefur Íslandi verið ætluð aðeins ein, ásamt öðrum stöðvum, og hinum hefur verið úthlutað til annarra ríkja. Til þess að Ísland geti notað fleiri langbylgjur, þyrfti samþykki hlutaðeigandi ríkja. Þeir annmarkar eru hins vegar á því að nota últrastuttbylgjur eða svo kallaðar FM-bylgjur, að sennilega hefur varla þriðjungur hlustenda viðtæki, sem geta tekið við sendingum á FM-bylgjum.

Að undanförnu hefur verið reynt að bæta hlustunarskilyrðin í fjarlægum landshlutum í bili, sumpart með því að setja upp 15 litlar endurvarpsstöðvar á miðbylgjum og sumpart með því að leiða dagskárefnið frá Reykjavíkurstöðinni um fjölsímakerfi landsins. Þessar litlu endurvarpsstöðvar eru að Brekku í Lóni, Starmýri í Álftafirði, Djúpavogi, Breiðdalsvík, Stöðvarfirði, Fáskrúðsfirði, Reyðarfirði, Eskifirði, Neskaupstað, Þórshöfn, Raufarhöfn, Kópaskeri, Skúlagarði í Kelduhverfi, Húsavík og Siglufirði. Þessar litlu endurvarpsstöðvar hafa bætt hlustunarskilyrðin mjög mikið á mörgum stöðum, en langdrægi þeirra er því miður mjög takmarkað, aðeins fáir km.

Eins og kunnugt er, hefur undanfarið verið unnið að gagngerðri breytingu og endurbót á útvarpsstöðinni á Vatnsendahæð. Meðan á þessari vinnu hefur staðið, hefur ekki verið unnt að útvarpa nema á miklu minni orku en áður var, og gætir þessa auðvitað hjá hlustendum. En nú einmitt næstu daga mun nýi sendirinn á Vatnsendahæð verða tekinn í notkun. Mun orka útvarpsstöðvarinnar aukast við það úr 15 kw. í 100 kw., og mun það hafa mikla breytingu í för með sér, miðað við það, sem verið hefur undanfarið, á Suðurlandi, Vesturlandi og Norðurlandi, en verulegar bætur af þessum sökum verða því miður ekki á Norður- og Austurlandi nema á daginn. Verður því að halda áfram að leita viðbótarráða til þess að bæta hlustunarskilyrðin enn á Norður- og Austurlandi. Hefur það mál verið til vandlegrar athugunar hjá ríkisútvarpinu og landssímanum, sem samkv. samningum hefur tekið að sér rekstur endurvarpsstöðvanna og annast alla tæknilega hlið þeirra mála.

Það, sem er sérstaklega til athugunar hjá landssímanum í þessu sambandi, er eftirfarandi:

Í fyrsta lagi, að 20 kw. langbylgjustöð verði reist á Eiðum á sömu bylgju og Reykjavíkurstöðin starfar á og dagskráin leidd þangað norður um radíófjölsímann. Með því móti ætti að fást góð viðtaka á svæðinu frá Langanesi að Djúpavogi og þolanleg talsvert lengra. Við þá breytingu má t. d. gera ráð fyrir, að viðtakan batnaði samsvarandi því, ef afl Eiðastöðvarinnar á miðbylgju yrði hundraðfaldað eða aukið úr 5 kw. í 500 kw. Í þessu sambandi má benda á, að um leið fengist veruleg endurbót fyrir fiskiflotann út af Austfjörðum.

Í öðru lagi að fá samþykkt til þess að nota aðra langbylgju fyrir 5 kw. stöðvar, aðra í grennd við Húsavík, en hina við Kirkjubæjarklaustur, og setja þær upp, til þess að ná til millibilsins, sem verður að vera milli tveggja langbylgjustöðva, Eiða og Reykjavíkur, sem nota sameiginlega bylgju. Annars yrði að nota margar mun skammdrægari stöðvar á miðbylgjum í staðinn.

Í þriðja lagi að halda endurvarpsstöðvunum í Skjaldarvík og í Hornafirði á miðbylgjum, og auka afl hinnar síðarnefndu úr 1 kw. í 5 kw. með því að flytja núverandi Eiðasendi þangað, ásamt tíðni hans.

Í fjórða lagi má reisa í Skagafirði 5 kw. endurvarpsstöð til þess að bæta hlustunarskilyrði þar.

Og í fimmta og síðasta lagi að koma smám saman upp FM últrastuttbylgjustöðvakerfi um allt landið. Víðast hvar yrði hagkvæmast að staðsetja FM-stöðvarnar á sömu stöðum og

fyrirhugaðar sjónvarpsstöðvar og láta þær í mörgum tilfellum fylgjast að og spara með því mikið fé. Með því móti mætti ekki aðeins losna alveg við truflanir frá erlendum stöðvum, heldur fá einnig möguleika á tvöfaldri útvarpsdagskrá um land allt.

Þetta eru þau atriði, sem eru til sérstakrar athugunar hjá landssímanum til þess að endurbæta hlustunarskilyrði á Norður- og Austurlandi.

Á þessu ári, árinu 1965, mun verða efnt til ýmissa framkvæmda á þeim sviðum, sem ég var að nefna, þar eð ljóst er, að brýna nauðsyn ber til þess að ráða bót á hlustunarskilyrðunum á Norður- og Austurlandi. En hér er um mikið vandamál að ræða, eins og ég vona að ljóst hafi orðið af því, sem ég hef um málið sagt. Þess vegna treysti ég mér ekki til þess að segja til um það á þessari stundu, hverjar þessar ráðstafanir verði í einstökum atriðum, enda um mjög flókið tæknilegt viðfangsefni að ræða, að velja og hafna einstökum leiðum eða úrræðum. En málið hefur verið, — það endurtek ég, — og er til rækilegrar athugunar hjá ríkisútvarpi og landssíma, og verður það gert í málinu, sem skynsamlegast þykir.

Varðandi síðari fsp., um það, hvort ekki væri tryggt, að allir hlustendur hafi full not af útvarpinu, áður en framkvæmdir hefjast við að koma upp sjónvarpi, er það að segja, að ríkisútvarpið og landssíminn munu að sjálfsögðu leggja sérstaka áherzlu á að ráða bót á hlustunarerfiðleikum alls staðar, þar sem þeirra gætir, og vænta þess, að í þann mund, sem sjónvarpið tekur til starfa, þ. e. a. s. á árinu 1966, verði að fullu búið að ráða bót á hlustunarerfiðleikunum.

Fyrirspyrjandi (Jónas G. Rafnar): Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hæstv. ráðh. fyrir hans mjög svo greinargóðu svör og gagnlegu upplýsingar, sem hann gaf hér í d. Og það er sýnt af þeim upplýsingum, að ríkisútvarpið og landssíminn hafa nú á prjónunum margvíslegar ráðstafanir til þess að ráða bót á þeim vanda, sem við er að glíma í sambandi við hlustunarskilyrðin fyrir norðan og austan. Ég er að sjálfsögðu enginn sérfræðingur í þessum málum, hef satt bezt að segja litla þekkingu á þeim, en þó virðist mér, að líklegasta leiðin til þess að ráða þarna verulega bót á væri sú, ef reistar væru allöflugar langbylgjustöðvar á Norðurlandi og Austurlandi. Með því móti yrði á varanlegastan hátt unnt að koma hér verulegum úrbótum á. Sem betur fer mun fjárhagur ríkisútvarpsins vera allgóður, og því má vænta þess, að það verði ekki dregið úr hömlu fram að hefjast nú handa um að bæta hlustunarskilyrðin úti á landi.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Mér þykir rétt, að það komi fram í sambandi við þær upplýsingar, sem hér hafa verið gefnar, að við þm. af Austurlandi áttum fyrir stuttu allýtarlegan fund með útvarpsráði og sérfræðingum útvarpsins í tæknimálum einmitt út af þessum vandamálum, en þannig mun nú hafa verið um útsendingar útvarpsins, að um langa hríð hafa þær verið langlélegastar á Austurlandi. Á þessum fundi fengum við flestar þessar upplýsingar, sem hæstv. ráðh. gaf hér, en ég verð að segja, að þó að okkur sé sagt frá því, að ríkisútvarpið og sérfræðingar þess hafi ýmislegt til athugunar í þessum málum, sem vissulega geti gefið vissar vonir, þá fer því alls fjarri, að við séum ánægðir með það að heyra, að þessi mál liggi nú enn til athugunar og að enn sé ekki hægt að segja neitt til um það, hvað í rauninni verði til bragðs tekið, eins og hæstv. ráðh. sagði hér.

Ég vil, að hæstv. ráðh., sem stjórnar þessum málum, átti sig vel á því, að málið er þannig, að nú, eftir að ríkisútvarpið íslenzka hefur starfað í 34 ár, er ekki hægt að hlusta á íslenzka ríkisútvarpið langtímum saman í heilum landsfjórðungum. Það er búið að finna að þessu ár eftir ár, og það er búið að fá loforð eftir loforð um það að reyna að kippa málinu í lag. Okkur er skýrt frá því, að það séu uppi nýjar athuganir, nýjar till. í málinu. Stundum hefur verið kvartað undan því, að fjármagn vantaði, en Alþingi hefur jafnan brugðizt vel við, þegar leitað hefur verið til þess um að fá fé til nauðsynlegra ráðstafana, en allt hefur komið fyrir ekki. Ástandið t. d. á þessu hausti á Austurlandi hefur verið þannig, að segja má, að á nær öllu Austurlandi hafi menn ekki getað heyrt kvölddagskrá útvarpsins, nema við mjög illan leik mestallan tímann.

Ég var staddur á Austurlandi nú um nokkurn tíma rétt upp úr áramótunum og heyrði þá, hvernig ástatt var í þessum efnum. Það var þann tíma, sem ég var þá staddur í Neskaupstað, með öllu útilokað öll þau kvöld, sem ég var þar, að hlusta á kvölddagskrána.

Það átti að bæta úr þessu á fjörðunum fyrir austan með því að koma þar upp litlum stuttbylgjustöðvum, og það urðu nokkrar úrbætur þar á tímabili, á meðan sendingar landssímans virtust vera í lagi austur. En það bar þó allmikið á því, að sendingar landssímans austur á dagskránni féllu niður vegna bilana á landssímanum. Var þó nokkur bót að þessu. En reksturinn á þessum litlu stöðvum hefur verið í mesta lamasessi. Stöðvarnar hafa bilað hvað eftir annað, og það hefur dregizt um langan tíma oft og tíðum að gera við stöðvarnar. T. d. í mínu byggðarlagi, í Neskaupstað, hefur þetta verið þannig, að þar er um svo litla stöð að ræða til sendingar á útvarpsefninu yfir Norðfjörð, að hún hefur ekki dregið jafnt yfir kaupstaðinn sem yfir sveitabyggðina innar. Það er ómögulegt að una við þetta. Ég hef þá trú, að útvarpsráð vilji vel í þessu máli og hafi gert ýmsar till. til þess að fá úr þessu bætt. En það virðist, að málið hafi strandað á þeim, sem hafa með

tækniframkvæmd málsins að gera, og vil ég því undirstrika það hér, að hæstv. ráðh. beiti nú öllu sínu afli til þess, að það líði a. m. k. ekki önnur 34 ár, þangað til við förum að heyra dagskrána allan tímann.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka þeim hv. þm., sem standa að fsp. á þskj. 234, fyrir að hafa átt þátt í því, að þetta mál er nú komið hér á dagskrá og að skýrsla hefur verið um það gefin af hæstv. ráðh.

Ég vil segja það í byrjun, að það er ekki einungis, eins og hæstv. ráðh. komst að orði hér áðan, að það sé á dimmum vetrarkvöldum, sem menn hafa ekki not af útvarpstækjum sínum á Norður- og Norðausturlandi, heldur er það um lengri árstíma. Það var þegar í ágústmánuði á s. l. sumri, sem ég fór að verða þess var í mínu viðtæki, þar sem ég á heima, ekki fjarri Þórshöfn á Langanesi, að útlendar stöðvar trufluðu svo mjög, að ekki urðu not af viðtækinu. Nú hefur hæstv. ráðh. gefið upplýsingar um ýmsar aðferðir, — og hefur reyndar heyrzt áður um sumar þeirra, sem til þess séu að bæta úr þessu. Og mér skilst á honum, eins og mér hefur raunar áður skilizt á útvarpsmönnum, að ein helzta aðferðin og kannske sú eina, sem dugir í þessu sambandi, sé að koma upp svokölluðum últrastuttbylgjustöðvum eða FM-stöðvum sem víðast í dreifbýlinu. En eins og hæstv. ráðh. tók fram, eru á þessu þeir meinbugir, að það þarf sérstök tæki til þess að hafa not af þessum stöðvum. En ef þetta er eina ráðið, sem óbrigðult er, þá er ekki um annað að ræða en taka því, og mér sýnist, að þann aukakostnað, sem notendur á þessum svæðum þyrftu að hafa við að afla sér nýrra viðtækja, yrði þá að einhverju leyti að taka með í kostnaði við að bæta hlustunarskilyrði, sem um er rætt. Og það er auðvitað svo um þessa umbót eins og aðrar, að þær verða ekki framkvæmdar nema með einhverjum fjármunum.

Nú er á fjárl. heimilað að verja allt að einni millj. kr. af tekjum útvarpsins í þessu skyni. Ef einhverjar verulegar umbætur á að gera, er hér sjálfsagt um allt of litla fjárhæð að ræða. Ég vil leyfa mér að minna á það hér, að fyrr í vetur, við umr. um fjárl., fluttum við hv. 2. þm. Austf. brtt. þess efnis, að hér yrði veitt meira fé til. Í fyrsta lagi yrði heimilað að verja meira en 1 millj. kr. af útvarpstekjunum til umbóta á þessu sviði og í öðru lagi yrði veitt sérstök fjárupphæð úr ríkissjóði í sama skyni. Þessi brtt. okkar var þá felld á hinu háa Alþingi. Og í tilefni af því og því, sem hér hefur verið sagt, vildi ég nú spyrjast fyrir um það hjá hæstv. ráðh., hvort í ráði sé að gera einhverjar ráðstafanir til þess, að fé sé fyrir hendi, til þess að hægt sé að framkvæma þær umbætur, sem nauðsynlegar eru til að ráða hér bót á, því að þrátt fyrir það, þó að menn finni ráð og gerðar séu áætlanir um framkvæmdir, verður ekki úr framkvæmdunum, nema einhverjir fjármunir séu fyrir hendi.

Ég vil taka undir það, sem mér virtist felast í fsp. hv. þm., að áður en ráðizt er í að koma hér upp dýru sjónvarpi fyrir suðvesturhluta landsins, eigi og sé skylt að ráða bót á hlustunarörðugleikunum í dreifbýlinu á Norðaustur- og Austurlandi.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Í tilefni af því, að hv. síðasti ræðumaður sagði, að leggja yrði höfuðáherzlu á að tryggja góð hlustunarskilyrði fyrir útvarp um land allt, áður en ráðizt yrði í dýrt sjónvarp fyrir suðvesturhluta landsins, vil ég segja þetta:

Ég held, að engum okkar, sem vorum í sjónvarpsnefndinni sælu, hafi komið það til hugar, að stefna bæri að því fyrst og fremst að gera sjónvarp fyrir suðvesturhluta landsins einan. Þvert á móti er öll áætlunin um sjónvarpsframkvæmdir í till. n. og þeirra sérfræðinga, sem að málinu hafa unnið, byggð á því, að sjónvarpið nái til allra landsmanna á tiltölulega skömmum tíma. Það er um tvær framkvæmdaáætlanir að ræða, ef ég man rétt, 5 ára áætlun og 7 ára áætlun. Samkv. álitsgerð og till. sjónvarpsn. er gert ráð fyrir, að allt landið hafi á öðru hvoru þessara tímabila fengið afnot af sjónvarpi. Og ég vil segja það sem mína skoðun, að ég tel það ekki koma til greina, að staðnæmzt verði við sjónvarpsframkvæmdir, eftir að tiltölulega takmarkaður hluti landsins hefur fengið afnot sjónvarps. Ég segi þetta vegna þess, að í fyrsta lagi mundi það vekja mikinn óróa og óánægju meðal annarra landsmanna, og í öðru lagi vegna hins, að alls staðar þar, sem til sjónvarps hefur verið efnt, hefur það orðið vinsælast í strjálbýlinu og fólkið þar talið að því mestan feng. Í því sambandi get ég skýrt frá því, að á s. l. sumri átti ég þess kost að skoða finnska sjónvarpið, en Finnum hefur á tiltölulega mjög skömmum tíma, frá því árið 1958, þegar sjónvarp var fyrst tekið í notkun þar, tekizt að koma sjónvarpsefni til svo að segja allrar þjóðarinnar, rúmlega 90% landsmanna. Sjónvarpsmönnum þar í landi ber saman um, að það fólkið, sem mest hefur fagnað þessum nútímaþægindum og þessu merka menningartæki, sem sjónvarpið óneitanlega er, sé sveitafólkið og fólkið í smáþorpum vítt og breitt um landið.

Ég tel þess vegna, að við Íslendingar hljótum í þessu efni að hafa sama hátt á og grannþjóðir okkar. Allar Norðurlandaþjóðirnar hafa lagt á það megináherzlu að koma sjónvarpinu sem fyrst út um sveitir og þorp. Þetta hefur að sjálfsögðu verið miklu auðveldara hjá þjóð eins og Dönum en Norðmönnum, sem búa að mörgu leyti við svipaðar aðstæður og við.

Um sjónvarpið skal ég svo ekki segja meira. En ég vil segja það, í tilefni af því, sem hv. 5. þm. Austf. sagði, að í útvarpsráði hafa verið stöðugar umr., svo að segja öll þau ár,

sem ég hef átt sæti í útvarpsráði, um nauðsyn þess að bæta hlustunarskilyrði á Austfjörðum. Það hafa verið sendir menn austur hvað eftir annað og yfirleitt verið vakandi áhugi á því í útvarpsráði og hjá útvarpsstjóra, að úr þessu yrði bætt. Það hefur að sjálfsögðu mikið verið gert til þess að bæta hlustunarskilyrðin á Austfjörðum. Því miður hefur það ekki tekizt að öllu leyti. Vonandi rætist úr þessu vandamáli, þegar hinn nýi 100 kw. sendir verður tekinn í notkun.

Undanfarið hafa einnig borizt miklar kvartanir um tíðar útvarpstruflanir á Vestfjörðum, og hefur verið talið, að óranstöðin á Snæfellsnesi ylli því fyrst og fremst. Þetta vandamál Vestfirðinga, sem er tiltölulega nýtt, hefur einnig verið mjög rætt í útvarpsráði, og við Þorvaldur Garðar Kristjánsson, sem eigum þar báðir sæti, höfum lagt á það mikla áherzlu, að allt verði gert, sem unnt er, til þess að bæta úr þessu. Með stækkun stöðvarinnar upp í 100 kw., sem verður nú alveg á næstunni, á að ráðast fram úr þessu vandamáli á Vestfjörðum. Og það er aðeins tímaspursmál, hvenær sú stöð verður til, þannig að ég vona, að Vestfirðingar þurfi ekki að bera kvíðboga fyrir slæmum hlustunarskilyrðum innan tiltölulega skamms tíma.

Jónas Pétursson: Herra forseti. Þar sem ég er annar af fyrirspyrjendunum, vil ég aðeins leggja orð í belg og fyrst og fremst þakka menntmrh. fyrir greinargóð svör. En ég vil enn fremur leggja svolítið frekari áherzlu á þær kvartanir, sem nú ber mikið á á Austurlandi um erfiðleika á að njóta útvarpsins. Það hefur í mörg ár verið, svo sem kunnugt er, endurvarpsstöð á Eiðum, og t. d. um Fljótsdalshérað hefur yfirleitt heyrzt allvel til útvarps. En núna um jólin brá svo við, að það var miklum erfiðleikum bundið og raunar ómögulegt, sum kvöldin, að njóta dagskrár útvarpsins. Og þetta var nú eiginlega alveg nýtt fyrir mér. En hins vegar eru skilyrðin þó miklu verri víða annars staðar, sérstaklega á fjörðunum. Ég var einnig staddur nokkra daga í Neskaupstað í janúarmánuði, og þá var það einmitt þetta mál, sem var efst í huga manna þar; það voru einmitt þessi ómögulegu skilyrði til að njóta útvarpsins. Það var að vísu upplýst, að útvarpsefni hefði verið flutt til Austurlandsins með landssímanum og það hefðu verið sérstakir örðugleikar á því einmitt núna um jólaleytið eða frá því um miðjan desember og eitthvað lengur, en á því mundi nú verða einhver bót, og ég býst við, að það sé rétt, að það sé nú orðið eitthvað betra hvað þetta snertir. En þetta hefur nú gengið víða á Austurlandi í svo mörg ár, að það er eðlilegt, að farið sé að gæta mjög óþolinmæði. Og það, sem hefur gert, að það hefur borið hvað mest á þessu núna, er annars vegar þetta, að segja mætti að keyrði um þverbak núna um jólaleytið, og svo áætlanir þær, sem fyrir hendi eru um að koma upp sjónvarpi, því að það finnst mörgum, að fyrst verði að sjá fyrir því, að allir landsmenn geti notið útvarpsins á viðunandi hátt.

Það voru í alvöru uppi raddir um það austur frá, að kominn væri tími til að fara að leita til norskra sérfræðinga til þess að vita, hvort ekki væri hægt að ráða bót á þessum vanda, að koma viðhlítandi útvarpi til manna á Austfjörðum. Ég vil vekja athygli á því, að það kann að vera talsverðum örðugleikum bundið að koma útvarpi héðan og alveg sérstaklega vegna þess, að Austurlandið liggur svo mjög opið fyrir útvarpsstöðvum frá Evrópu. Af þeim ástæðum er eðlilegt, að það séu miklu meiri truflanir af erlendum útvarpsstöðvum þar heldur en t. d. á Vestfjörðum, því að þeir þurfa ekki að óttast Grænlendingana, sem eru í þeirra næsta nágrenni.

Ég vil nú vænta þess, að þessar umr. og aðrar kvartanir, sem hafa verið mjög háværar nú að undanförnu, verði til þess, að þetta mál verði tekið fastari tökum af þeim, sem um flutning útvarpsefnis eiga að sjá, heldur en enn hefur verið gert og við megum vænta þess, að það líði ekki mjög langur tími, þangað til hægt verður að njóta útvarps á Austurlandi, eigi lakar en á öðrum stöðum hér. Ég vil aðeins skjóta því hérna að einnig, að ég heyrði líka nefnda þá hugmynd að reisa endurvarpsstöð í Færeyjum fyrir íslenzka útvarpið, því að þaðan mundi vera auðveldara að senda inn á hvern fjörð eystra.

En þessar ábendingar taka nú sérfræðingarnir eins og þeim sýnist. Ég segi frá því, af því að það hefur mikið verið bollalagt um það meðal fólks eystra, hvernig á þessu væri hægt að ráða bót. En að lokum, um leið og ég þakka ráðh. fyrir svörin, óska ég eftir, að úrbætur fáist sem allra fyrst.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Mér þykir rétt að taka það fram, sem raunar hefur þegar verið nefnt hér, að um langt árabil hefur það verið stefna og ákvörðun forráðamanna ríkisútvarpsins, að undirbúningur sjónvarps megi ekki á nokkurn hátt ganga út yfir hljóðvarpið, eins og það sennilega verður kallað í framtíðinni, og svo hefur raunar ekki verið hingað til og verður væntanlega ekki í framtíðinni. Gleggsta dæmið um þetta er, að fyrir fáum árum tók ríkisútvarpið ákvörðun um það að kaupa 12—14 millj. kr. nýja langbylgjusendistöð frá Sviss, en ef þar hefði ríkt stefna, sem rétt var tæpt á hér, hefði útvarpið eins getað látið gömlu stöðina duga eitthvað áfram og notað þessa peninga til þess að koma upp sjónvarpsstöð fyrir Suðvesturland, ef það hefði verið vilji manna. En það hvarflaði ekki að nokkrum manni, og því var ráðizt í þessa miklu undirstöðuframkvæmd undir viðhald og endurbætur á útvarpskerfinu.

Ég vil einnig taka það fram, að að svo miklu leyti sem mér er kunnugt um, hefur

aldrei staðið á peningum til þess að gera ráðstafanir, sem gætu verulega bætt hlustunarskilyrði útvarps í landinu. Þetta er tekniskt vandamál, og sú tekníska lausn liggur ekki fyrir. Og ég hygg, að ráðh. geti ekki sagt ákveðið, að þetta verði gert í ár, af því að tæknimennirnir hafa ekki enn fylgt eftir þeim hugmyndum, sem hann nefndi í bréfi sínu, með ákveðnum áætlunum um það, hvað þær kosti og hvernig sé hægt að gera þær.

Vandamálið, sem við höfum alltaf átt við að stríða og eigum enn við að stríða, er ekki að eignast svo og svo margar sendistöðvar. Vandamálið er að koma dagskránni frá einni sendistöð til annarrar. Það gæti vel verið ágæt lausn að útvarpa til Austfjarða frá Færeyjum, en vandinn er ekki að koma upp stöð í Færeyjum, ef það væri leyft. Vandinn er að koma íslenzku dagskránni til Færeyja til að endurvarpa henni þaðan. Það er vitað mál, að þótt langbylgjustöðvar séu sterkar og langbylgjan flæði yfir landið eins og vatn út í krók og kima, sem stuttbylgjur gera aftur á móti ekki, þær fara eins og ljósgeisli og skilja eftir skugga, þá er ekki hægt að ná til alls Íslands með einni langbylgjustöð, og þess vegna þurfa þær að verða tvær. En af hverju eru þær ekki orðnar tvær? Vegna þess að það hefur ekki verið hægt að koma dagskránni á viðunandi hátt til þeirra staða á Austurlandi, þar sem hin langbylgjustöðin mundi vera.

Fyrir nokkrum árum réðst síminn í að koma upp þráðlausu sambandi kringum landið. Og jafnskjótt og landssíminn var kominn yfir Vestmannaeyjar og Hjörleifshöfða til Hornafjarðar, var útvarpið komið í gang með spurninguna: Getum við ekki í sambandi við þessar nýju, þráðlausu símalínur komið upp stöðvum á Hornafirði og síðan á Vestfjörðum? Og það er sú tilraun til að leysa þetta mál, sem hefur staðið yfir. Hún byrjaði með Hornafjarðarstöðinni á eftir Eiða- og Akureyrarstöðinni og síðan með öllum litlu stöðvunum, sem eru í símasambandi á fjörðunum fyrir austan. En við, sem tölum í síma langar leiðir, vitum, að það er ekki nógu gott samband til þess að flytja dagskrána, og rannsóknir á því, sem hefur misfarizt, hafa oftar sýnt, að það voru símalínurnar, sem biluðu, en ekki stöðvarnar sjálfar, þó að það hafi einnig orðið bilanir í þeim. Nú er þráðlausi síminn kominn í hina áttina til Akureyrar, og landssíminn mun, að ég hygg, innan árs halda áfram með þráðlausa símann frá Akureyri og til Austfjarða og um leið og þessi nýja leið til að flytja dagskrána opnast, kemur til þess að reyna stóra langbylgjustöð á Austfjörðum, svo að það er sýnilegt, að það verður næsta skrefið. Það virðist a. m. k. leikmanni eftir upplýsingum tæknimanna. En útvarpið getur bara ekki stokkið langt á undan þráðlausa símanum eða þá kapli fyrir útvarpsdagskrána, sem er mjög dýr.

Við höfum spurt símann, af hverju þeir vilji ekki leggja jarðkapla á milli stöðvanna á Vestfjörðum. Þeir segja: Íslendingar eru að buslast með jarðýtur um allt og rífa alla kapla upp, þannig að það er óvíst, að það sé nokkru betra en sá sími, sem nú er. — Mér virðist því, þó að tæknimenn verði að segja endanlega fyrir um það, og ég vona, að þeir leggi fram nákvæmari áætlanir á næstu vikum, að langbylgjustöð á Austfjörðum og síðan fleiri umbætur á langbylgju- og miðbylgjusviðinu verði næsta skrefið. En framtíðin í þessu verða örbylgjur, FM, sem eru truflunarlitlar. Og ég vil taka það fram, að sjónvarpið byggist allt á því að flytja sjónvarpsdagskrána á þennan hátt um landið, þannig að það er tekniskt óhugsandi að fara neitt með sjónvarp, án þess að það skapist undireins aðstaða til þess að flytja útvarpsdagskrá og útvarpa henni með örbylgjustöð um leið. En helmingurinn af sjónvarpinu er útvarp, og tónninn í sjónvarpinu er einmitt fluttur á örbylgjum, en ekki langbylgjum eða miðbylgjum. Ég hygg því, að næsta skref hljóti að verða á langbylgjusviðinu, en framtíðarlausnin verður truflunarlaust FM eða örbylgjuútvarp, og það er náskylt sjónvarpinu, og ég held, að það sé engin hætta á því, að sjónvarpið geti þar hlaupið fram fyrir á kostnað útvarpsins, frekar en það hefur gert hingað til.

Helgi Bergs: Herra forseti. Það var aðeins örstutt athugasemd. Þessi fsp., sem hér er verið að ræða, gæti bent til þess, að það vandamál, sem hér er við að etja, næði ekki lengra en bara til Norður- og Austurlands. En því miður er það orðið þannig í seinni tíð, að það nær alllangt vestur eftir Suðurlandi, þetta ástand, að útvarpsdagskráin er sítrufluð af erlendum stöðvum. Nú liggur það fyrir eftir stuttan tíma, að nýr sendir komi upp hér í Reykjavík. Ég held, að flestir tæknimenn, sem hafa kynnt sér það mál, muni vera sammála um, að það muni ekki ráða bót á þessum vanda, og hæstv. menntmrh. hefur nú greint frá ýmsum leiðum, sem væru í athugun hjá útvarpinu í þessu sambandi.

Það er varla vafi á því, að þær ráðstafanir, sem gert er ráð fyrir á langbylgjum, muni hafa mikla úrbót í för með sér. En eins og hv. síðasti ræðumaður, 5. þm. Vesturl., sagði hér áðan, er framtíðin á þessu sviði væntanlega á hinum svokölluðu FM-bylgjum, sem eru hátíðni- eða mjög stuttar bylgjur.

Það, sem gaf mér tilefni til þess að kveðja mér hljóðs, er, að ég vildi vekja athygli á nauðsyn þess, að það yrðu skjótlega teknar ákvarðanir í þessum efnum, vegna þess að það streyma inn í landið útvarpstæki, sem ekki hafa þá bylgjusvið, sem þarna er um að ræða og formaður útvarpsráðs, hv. 5. þm. Vesturl., taldi vera framtíðina. Það er nauðsynlegt, að fólk fái einhverja hugmynd um, í hve náinni framtíð megi vænta þess, að slíkt verði orðið almennt hér á landi, þannig að

það geti miðað þær ráðstafanir, sem það gerir í sambandi við sín tækjakaup, við það, því að ella er um verðmætasóun að ræða, sem sjálfsagt er að reyna að koma í veg fyrir.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég vil í lok þessara umr. víkja örfáum orðum að þrem atriðum, sem ræðumenn hafa nefnt.

Í fyrsta lagi tel ég rétt að endurtaka og undirstrika sérstaklega, að mér og öllum forráðamönnum ríkisútvarpsins er algerlega ljóst, að það er að sjálfsögðu óviðunandi ástand til frambúðar, að íslenzka ríkisútvarpið skuli ekki ná til allra landshluta og veita þjónustu öllum þeim heimilum, sem óska að njóta þjónustu þess. Og það mun allt verða gert, sem fært og skynsamlegt þykir, til þess að ráða bót á þessu ástandi. Hins vegar er það misskilningur, sem kom fram hjá einum hv. þm., að hér sé um 34 ára gamalt vandamál að ræða. Hér er um vandamál að ræða, sem hefur að verulegu leyti skapazt á undanförnum rúmum áratug í kjölfar breytinga, sem orðið hafa erlendis fyrst og fremst á styrkleika útvarpsstöðva. Og það, sem hefur gert málið torleyst tæknilega séð, er það, hversu örar breytingar hafa orðið á útvarpstækni á allra síðustu árum, þannig að erfiðara og erfiðara hefur orðið með hverju árinu sem líður að kveða á um það fyrir tæknifróða menn, fyrir verkfræðinga og tæknifræðinga, hvaða lausn á þessu vandamáli, sem hér er um að ræða, sé tæknilega séð framkvæmanlegust og efnahagslega séð hagkvæmust. Ég vil undirstrika það, sem raunar kom fram hjá hv. 5. þm. Vesturl., formanni útvarpsráðs, að hlustunarerfiðleikarnir á Norðurlandi og Austurlandi hafa ekki verið og eru ekki fyrst og fremst fjárhagslegt vandamál, heldur fyrst og fremst, að ég ekki segi eingöngu tæknilegt vandamál. Það skortir sem sagt ekki vilja þeirra manna, sem fyrir þessum málum ráða, til þess að leysa vandann. Það skortir skynsamleg úrræði af hálfu tækninnar, til þess að hægt sé að kveða á um það, hvaða lausn sé sú, sem helzt ætti að velja.

Annað atriði, sem ég vildi nefna, var það, sem fram kom, að kvartanir hefðu borizt undanfarið um hlustunarerfiðleika á Vestfjörðum. Það er rétt, að bæði ráðuneytinu og ríkisútvarpinu hafa borizt kvartanir um þetta efni. Um það hef ég rætt alveg sérstaklega við forráðamenn útvarpsins og verkfræðinga landssímans, og þeir hafa fullvissað mig um, að þeir erfiðleikar séu algerlega tímabundnir og standi í sambandi við hina lágu, litlu orku, sem notuð hefur verið undanfarið til sendingar á dagskrá útvarpsins vegna hinna miklu framkvæmda, sem staðið hafa yfir við hinn nýja aðalsendi útvarpsins á Vatnsendahæð. Eins og ég gat um áður, verður hinn nýi sendir tekinn í notkun einhvern allra næstu daga og standa þá vonir til þess, að full bót verði ráðin á hlustunarörðugleikum Vestfirðinga.

Hið þriðja, sem ég vildi nefna í tilefni af því, sem fram hefur komið, er, að mér vitanlega hefur enginn nokkru sinni látið sér til hugar koma, að fyrirhugaðar framkvæmdir við sjónvarp ættu á einn eða neinn hátt að verða til þess að draga úr eða skerða fjárhagsmöguleika hljóðvarpsins eða útvarpsins, eins og við nú köllum það. Sjónvarpinu hefur af Alþingi verið séð fyrir ákveðnum tekjustofnum. Þeir og eingöngu þeir munu ganga til sjónvarpsframkvæmdanna. Þeir tekjustofnar, sem ríkisútvarpið hefur nú til hljóðvarpsins, munu að sjálfsögðu standa algerlega óskertir, svo að allur ótti um það, að fyrirhugaðar framkvæmdir við sjónvarp muni að einhverju leyti rýra aðstöðu hljóðvarpsins og þannig tefja fyrir nauðsynlegum, sjálfsögðum framkvæmdum í því að bæta hlustunarskilyrði á Austurlandi, sá ótti er algerlega ástæðulaus. En hitt bið ég hv. alþm. að muna, að ríkisútvarpið hefur einmitt undanfarin ár staðið í mjög fjárfrekum framkvæmdum að endurbótum á hljóðvarpssendingarskilyrðum, og á ég þar auðvitað við hinn mikla og dýra höfuðsendi útvarpsins á Vatnsendahæð, sem nú bráðlega verður tekinn í notkun. Þegar þeirri framkvæmd er lokið, rýmkast auðvitað hagur ríkisútvarpsins mjög verulega, svo að ég held, að ástæðulaust sé að óttast, að ekki verði næg fjárráð fyrir hendi til þess að framkvæma þær ráðstafanir til nauðsynlegra endurbóta á hlustunarskilyrðum á Norðurlandi og Austurlandi, sem tæknifróðir menn koma sér saman um að séu skynsamlegar og réttmætar.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Ummæli hæstv. ráðh. um það, að erfiðleikar á að bæta hlustunarskilyrðin séu ekki fjárhagslegs eðlis, vil ég leyfa mér að skilja á þá leið, að séð muni verða fyrir þeim fjármunum, sem til þess þurfi að koma á þeim framkvæmdum, sem hér er um að ræða. En á þessum umr., sem hér hafa farið fram, skilst mér, að ráðið sé fundið, það sé aðeins um að ræða að koma því í framkvæmd, og framkvæmd kostar fjármagn.

Eins og sakir standa, er útvarpinu ekki heimilt að verja tekjuafgangi sínum í þessu skyni nema allt að 1 millj. kr. samkv. 22. gr. fjárl. Og till. sú, sem við hv. 2. þm. Austf. fluttum í vetur, var um að auka þessa heimild. En nú eftir það, sem ráðherra hefur sagt, geri ég ráð fyrir, að fundin muni vera einhver ráð og lagðar fram till. um nýja fjáröflun í þessu skyni.

Hv. 2. þm. Vestf. taldi mig, að mér skildist, ekki hafa komizt rétt að orði áðan, þegar ég talaði um sjónvarp á Suðvesturlandi eða sjónvarp fyrir Suðvesturland. Ég hef haft undir höndum áætlun þá, sem gerð hefur verið um sjónvarp hér á landi, og af henni verður ekki annað skilið, enda ekki um annað að ræða

en framkvæmdir hefjist á því að koma upp sjónvarpi fyrir Suðvesturland. Og þegar það hefur verið gert, verður sjónvarp á Suðvesturlandi. Hins vegar sagði hv. þm., að gerð hefði verið 5 ára áætlun og 7 ára áætlun um sjónvarp um allt land, og það er einmitt það, sem um er að ræða. Það er gert ráð fyrir, að sjónvarpið komi fyrst upp á Suðvesturlandi og síðan komi það smátt og smátt annars staðar á landinu, þannig að jafnvel þótt þessi tilraun heppnist, þ. e. a. s. tilraun sú til að koma sjónvarpinu um allt landið, jafnvel þó að hún heppnist, mun líða alllangur tími þannig, að hér verður sjónvarp fyrir Suðvesturland, en í sumum öðrum landshlutum ekki sjónvarp. Það er vitanlega þetta, sem ég átti við í ræðu minni áðan.

Fyrirspyrjandi (Jónas G. Rafnar): Herra forseti. Það er aðeins örstutt aths. við ræðu hv. 3. þm. Norðurl. e. Hann hélt því fram, að á fjárl. væri ekki heimild til þess að verja meira en rúmri 1 millj. til útvarpsstöðva. Því miður hef ég fjárl. ekki við höndina, en í fjárlagafrv. 1964 er einn liður til útvarpsstöðva, 8 millj. Ég sé það einnig á ríkisreikningi fyrir 1963, að þar eru áætlaðar til útvarpsstöðva rúmar 4 millj. kr., voru að vísu ekki notaðar í það sinnið nema rúmar 3 millj., en af þessu er ljóst, að ríkisútvarpið hefur til umráða í því skyni að koma upp útvarps- og endurvarpsstöðvum og bæta hlustunarskilyrði hærri upphæð en getið var hér um áðan.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég ætlaði ekki að blanda mér í þessar umr., en það var út af því, sem hv. 2. þm. Norðurl. e. var að segja hér rétt áðan í sambandi við það fjármagn, sem varið er á fjárl, til þess að bæta hlustunarskilyrði á Austfjörðum og Norðausturlandi. Ég geri ráð fyrir, að hv. 3. þm. Norðurl. e. hafi ætlað að svara honum þessu, en hann hefur notað sinn ræðutíma.

Samkv. 22. gr. fjárlaga segir í IX. lið: „Ríkisstj. er heimilt að heimila ríkisútvarpinu að verja allt að 1.1 millj. kr. af tekjuafgangi sínum til að bæta hlustunarskilyrði á Austfjörðum og Norðausturlandi."

Ég veit ekki til, að annað sé um þetta sagt.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það er aðeins ein setning í framhaldi af þessu. 22. gr. tekur til tekjuafgangs ríkisútvarpsins. Hins vegar er það algerlega rétt, sem hv. þm. Jónas G. Rafnar, hv. 2. þm. Norðurl. e., benti á, að í gildandi fjárl. eru veittar 8 millj. kr. til útvarpsstöðva, og hluta af því fé er að sjálfsögðu hægt að nota til þess að reisa endurvarpsstöðvar eða til þeirra framkvæmda, sem tæknilega þykja skynsamlegar til þess að bæta hlustunarskilyrði á Austurlandi og Norðurlandi, ef ákvörðun er tekin um slíkar framkvæmdir, og það mun verða gert, ef nægilega sterk tæknileg rök hníga að því, að slíkar ráðstafanir séu skynsamlegar, eins og ég hef tekið áður fram í því, sem ég hef sagt.

18. Skólamál.

Á deildafundum 23. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til menntmrh. um skólamál [128. mál] (A. 259).

Á 27. fundi í Sþ., 24. febr., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 32 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Sþ., 3. marz, var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Magnús Jónsson): Herra forseti. Við hv. 2. þm. Norðurl. e. höfum leyft okkur að flytja til menntmrh. tvær fsp. varðandi skólamál. Þegar rætt hefur verið um ráðstafanir til þess að tryggja hið svokallaða jafnvægi í byggð landsins, hafa þær umr. fyrst og fremst snúizt um efnahags- og atvinnumál. Það er hins vegar ljóst, að það eru ekki síður félagsleg vandamál og þá ekki sízt skólamálin, sem skipta höfuðmáli í þessu sambandi og eigi minna máli heldur en atvinnuleg og efnahagsleg afkoma fólksins. Það verður æ ljósara, eftir því sem árin líða, hversu rík áherzla er á það lögð, að aðstaða hljóti að geta verið sem jöfnust fyrir unglinga til náms, hvar sem er á landinu, og við þekkjum vafalaust öll mörg dæmi þess, að fólk hefur talið sig knúið til vegna aðstöðu unglinga til náms að flytja brott frá þeim stöðum, þar sem það hefur búið, og til þéttbýlisins, þar sem aðstaða til náms hefur verið betri. Þetta veldur því, að vaxandi áhugi er á því að reyna að tryggja sem bezt skilyrði unglinga, hvar sem er á landinu, til þess að njóta eðlilegs undirbúningsnáms fyrir framhaldsnám, og það hlýtur að verða að leggja á það höfuðáherzlu í náinni framtíð, að unnt sé að ná þessu marki.

Fsp. sú, sem hér liggur fyrir, er í tveimur liðum: annars vegar um það, hvað ríkisstj. hafi gert til að tryggja það, að börn geti lokið skyldunámi samkv. fræðslulögum í sínu heimahéraði, og í öðru lagi, hvaða ráðstafanir séu í undirbúningi til þess að tryggja það sama varðandi skyldunám.

Eins og öllum hv. þm. er kunnugt, má segja, að hið almenna nám skiptist í tvennt: Fyrst og fremst barnaskólanámið, skyldunámið, sem nær til 14—15 ára aldurs eftir atvikum. Síðan er undirbúningur undir framhaldsnám, hið svokallaða miðskólastig. Hvor tveggja þessi námsstig eru þess eðlis, að það ber hina brýnustu nauðsyn til að tryggja það, að í hverju

héraði geti unglingar notið nægilegrar aðstöðu í þessu sambandi.

Á seinni árum hafa komið fram vaxandi kröfur um það að fjölga héraðsskólum og á þann hátt bæta aðstöðu unglinga í strjálbýlinu. Nú ber þess að gæta, að svokallaðir héraðsskólar eru í rauninni ekki frábrugðnir öðrum miðskólum nema að nafni til, því að þeir veita miðskólaundirbúning, þannig að það skiptir ekki öllu máli, hvort skólarnir eru nefndir héraðsskólar, miðskólar eða héraðsgagnfræðaskólar. Það, sem meginmáli skiptir, er, að skólarnir veiti þá aðstöðu, að nemendurnir geti í viðkomandi héruðum lokið sínu námi. Fyrir nokkrum árum var gerð breyting á héraðsskólalöggjöfinni, þannig að nokkrir skólar voru að fullu yfirfærðir á ríkið og ríkið skyldi greiða kostnað við þá. Þetta hefur af eðlilegum ástæðum, þó að ég skuli ekki mæla gegn þeirri fyrirgreiðslu, sem þar er veitt, að sjálfsögðu haft þau áhrif, að vaxandi kröfur hafa komið úr öðrum áttum, öðrum héruðum, að sams konar fyrirgreiðsla eða svipuð yrði veitt. Allt þetta mál og þær fjölþættu umr., sem um það hafa farið fram, gera það bráðnauðsynlegt, að mörkuð verði ákveðin stefna í þeim, og okkur fyrirspyrjendum hefur þótt þess vegna eðlilegt að fara þess á leit við hæstv. menntmrh., að hann gefi hér á hinu háa Alþingi grg. um það, hver sé stefna og markmið ríkisstj. í þessum efnum og hvað sé í undirbúningi eða hafi verið gert til þess að greiða fyrir, að því nauðsynlega takmarki verði sem skjótast náð, að allir unglingar geti notið nauðsynlegs náms varðandi þetta grundvallar-undirbúningsnám, fyrst og fremst barnaskólastigið og í öðru lagi miðskólastigið.

Um hin æðri stig eða sérnámsstig er ekki fjallað í þessum fsp. Það er nokkuð annars eðlis. Þó að með því sé ekki átt við, að það sé neitt minna verk en þessi tvö stig, er þetta þó það, sem er brennipunkturinn og áhuginn fyrst og fremst beinist að því að fá fullnægjandi lausn á. Vil ég leyfa mér að vænta, að hæstv. menntmrh. sjái sér fært að skýra frá viðhorfi ríkisstj. í þessum efnum.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í fyrsta lagi er um það spurt, hvaða ráðstafanir ríkisstj. hafi gert til þess að tryggja það, að í öllum skólahéruðum landsins geti börn lokið skyldunámi samkv. fræðslulögum. Með l. nr. 22 1946, um skólakerfi og fræðsluskyldu, var fræðsluskylda hér á landi lengd um eitt ár og hefur síðan verið frá 7—15 ára aldurs. Þó getur fræðsluráð ákveðið með samþykki fræðslumálastjórnar, að fræðsluskylda í einu eða fleiri skólahverfum innan fræðsluhéraðsins skuli aðeins ná til 14 ára aldurs, eins og áður var, ef hlutaðeigandi skólanefnd óskar þess. Þegar fræðslulögin frá 1946 tóku gildi, var víða í kaupstöðum og kauptúnum skortur á aðstöðu til þess að framkvæma fræðsluskyldu til 15 ára aldurs þegar í stað. Það var því lagt á vald aðila í heimahéraði að kveða á um, hvort eða hvenær fræðsluskyldan skyldi lengd um eitt ár og ná til 15 ára aldurs. Lenging fræðsluskyldu hefur talsverðan kostnað í för með sér, og var þá og er enn litið svo á, að ekki sé rétt að leggja slíkar fjárhagsskuldbindingar á sveitarsjóði nema með fullu samþykki þeirra. Alls staðar þar, sem fræðsluskylda er enn aðeins til 14 ára aldurs, er það samkv. ákvörðun heimaaðila. En víðast hvar í sveitum og í örfáum kauptúnum er fræðsluskyldan nú aðeins til 14 ára aldurs. Tala þeirra skólahverfa, sem þetta á við um, er 138. Menntmrn. hefur hins vegar aldrei synjað ósk eða tilmælum um lengingu fræðsluskyldu úr 14 árum í 15 ár, né heldur staðið á ríkissjóði að inna af höndum hlutdeild sína í þeim kostnaðarauka, sem af slíku leiddi. Í nokkrum þeirra skólahverfa, sem hafa enn fræðsluskyldu til 14 ára aldurs, hafa verið starfræktir unglingaskólar, og hafa þeir fengið ríkisstyrk af sérstakri fjárveitingu á fjárl., sem ætluð er til unglingafræðslu samkv. till. fræðslumálastjóra.

Ein helzta forsenda þess, að fræðsluskylda til 15 ára aldurs komist á um land allt, er sú, að lítil skólahverfi séu sameinuð í stærri heildir, enda er það einmitt í fámennustu skólahverfunum, sem fræðsluskyldan nær ekki nema til 14 ára aldurs. Á undanförnum árum hafa þess vegna, fyrir atbeina fræðslumálastjórnarinnar, námsstjórar og í sumum tilfellum fræðsluráð unnið ötullega að því að sameina skólahverfi um heimavistarbarnaskóla og orðið verulega ágengt, eins og sjá má af því, að 72 hreppar í 14 sýslum hafa sameinazt um skóla á 16 stöðum. En auk þess eru góðar horfur á sameiningu á fleiri stöðum, t. d. í Austur-Barðastrandarsýslu, Skagafirði, Eyjafirði, Suður-Þingeyjarsýslu, Norður-Þingeyjarsýslu og Norður-Múlasýslu, enda stöðugt unnið að því. Víða hafa þó einstakir hreppar staðið gegn sameiningu margra hreppa í eitt skólahverfi. Þannig hafa þeir torveldað mjög lengingu fræðsluskyldunnar, þar sem allir þeir, sem kunnugir eru þessum málum, munu verða sammála um, að ekki sé unnt að reka unglingaskóla með sómasamlegu móti með 3—6 nemendum í aldursárgangi, og er sameining skólahverfa því í mörgum tilfellum beinlínis forsenda fyrir lengingu fræðsluskyldunnar.

Sem sennilegar skýringar á því, að fræðsluskylda til 15 ára aldurs skuli ekki alls staðar komin á, þar sem skólahverfi hafa verið sameinuð, má einkum tilfæra tvær ástæður. Önnur er sú, að sennilega þykir hlutaðeigandi heimaaðilum nægilegur áfangi að ráðast fyrst í stað í byggingu yfir nemendur til 14 ára aldurs, þ. e. það, sem fræðsluskyldan náði til í framkvæmd, þegar sameiningin átti sér stað, og síðan að bæta við heimavistum og e. t. v. skólastofum fyrir einn aldursárgang til viðbótar. En þar sem fyrsta áfanga þessara skóla er ýmist ólokið, nýlokið eða jafnvel ekki hafin, er tæpast við því að búast, að heimaaðilar hafi beitt sér fyrir framkvæmd framlengingar

til þessa, en hins vegar má vænta hennar mjög víða á næstunni. Hin ástæðan er sú, að í sumum héruðum hafa nemendur átt aðgang að héraðsskólum, og telja þá forráðamenn heima fyrir ekki ástæðu til lengingar fræðsluskyldunnar. Þess verður þó að geta, til þess að ekkert falli undan, að í ýmsum tilfellum er takmarkaður áhugi heima fyrir og jafnvel tregða á því að framlengja fræðsluskylduna til 15 ára aldurs.

Ég hef beðið sérfróða menn um að áætla, hversu margir unglingar á aldrinum 14—15 ára hafi á s. l. ári verið í þeim 138 skólahverfum, þar sem fræðsluskylda er nú aðeins til 14 ára aldurs. Tala nemenda 14—15 ára var á s. l. ári talin vera 3950 á landinu öllu. Tala nemenda í þeim 138 skólahverfum, þar sem fræðsluskylda er til 14 ára aldurs, var talin vera um 680 á þessu aldursskeiði. Af þessum nemendafjölda munu tæplega 300 vera í unglingaskólum utan heimahéraðsins, en tæplega 400 nemendur á þessum aldri, eða 14—15 ára, munu ekki vera í skóla eða um 10% heildarnemendafjöldans á aldrinum 14—15 ára. Erfitt er að segja um, hversu margir af þessum tæplega 400 unglingum hefðu óskað þess að komast í unglingaskóla, eða m. ö. o.: erfitt er að segja til um, hvort skortur á skólum hefur valdið því, að þeir eru ekki við skólanám. Einmitt til þess að fá upplýsingar um þetta óskaði ég þess fyrir skömmu, að það væri kannað í tilteknum landshluta, hver væru við nám af börnum þeirra skólahverfa, þar sem fræðsluskyldu lýkur við 14 ára aldur. Var þessi athugun látin taka til Norðurlands, þ. e. a. s. Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu og Þingeyjarsýslna. Tala þeirra barna, sem luku fullnaðarprófi vorið 1964 í skólahverfum, þar sem fræðsluskylda er aðeins til 14 ára aldurs, var 207 í þessum sýslum öllum. Af þessum börnum voru 60 við nám í heimasýslu, en 27 í annarri sýslu. 90 af börnunum sóttu ekki um neins konar skólavist, en 13 höfðu sótt um skólavist, en ekki komizt að sökum þrengsla. Um 17 nemendur tókst ekki að afla upplýsinga. Um þá 13 nemendur, sem ekki komust að í þeim skólum, þar sem þeir sóttu um skólavist, gildir það væntanlega, að þeir munu síðar verða taldir hafa forgang, þannig að þetta jafngildir að sjálfsögðu ekki því, að skólagönguskilyrðum þeirra sé lokið. Einmitt í morgun frétti ég um niðurstöður hliðstæðra athugana í Rangárvallasýslu. Þar höfðu allir þeir unglingar, sem óskuðu vistar í unglingaskóla að loknu skyldunámi, fengið hana.

Þessar bráðabirgðaathuganir virðast ótvírætt benda til þess, að það sé mjög orðum aukið, sem nokkuð hefur verið haldið á lofti undanfarið, að mjög alvarlega skorti á það, að nemendur eigi kost á því að njóta fræðslu. Í því sambandi er þess fyrst og fremst að geta, að þar sem fræðsluskyldan nær ekki til 15 ára aldurs, heldur aðeins til 14 ára aldurs, þá er það vegna ákvörðunar heimaaðila, en ekki fræðsluyfirvalda ríkisins. Og jafnvel þar sem fræðsluskylda er ekki nema til 14 ára aldurs, sækir verulegur hluti unglinganna á 15. ári unglingaskóla, ýmist í heimasýslu eða öðrum sýslum, og eru þess tiltölulega mjög fá dæmi, að unglingum á þessum aldri sé synjað um skólavist sökum skorts á skólum.

Hitt er svo auðvitað annað mál, að engum einasta manni ætti að þurfa að synja um þá skólavist, sem hann óskar eftir, einkum innan þess marks, sem almenn löggjöf setur um fræðsluskyldu, þ. e. fram til 15 ára aldurs. Þetta hafa fræðsluyfirvöld gert sér ljóst. Einmitt nú nýlega hefur menntmrn. þess vegna beitt sér fyrir því, að gert verði samræmt átak til að koma á fræðsluskyldu til 15 ára aldurs um allt land.

Hinn 10. febr. s. l. fól menntmrn. námsstjórum að vinna að lausn þessa máls og skrifaði þeim í því sambandi að undangengnum ýtarlegum viðræðum svo hljóðandi bréf, sem ég leyfi mér að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Menntmrn. hefur ákveðið að láta nú þegar fara fram athugun á því, á hvern hátt og með hvaða ráðstöfunum unnt sé að taka sem fyrst að framkvæma gildandi lagaákvæði um fræðsluskyldu til 15 ára aldurs, þar sem fræðsluskyldan nær nú ekki nema til 14 ára aldurs. Er þá gert ráð fyrir því, að þessi viðbót við framkvæmd fræðsluskyldunnar sé háð sömu takmörkunum og nú gilda um framkvæmd fræðsluskyldunnar til 14 ára aldurs á hinum ýmsu stöðum, t. d. að því er varðar fjölda nemenda í aldursflokkum, lengd árlegs námstíma í hlutfalli við það, skilyrði til að fá hæfa kennara o. s. frv.

Ríkisvaldið er reiðubúið til þess að greiða sinn hluta af þeim kostnaðarauka, sem af þessari lengingu fræðsluskyldunnar leiðir, þar með talin kennaralaun, húsaleiga eða lagfæringar á skólahúsnæði. Þátttaka ríkissjóðs í kostnaðinum fer eftir ákvæðum laga nr. 41 1955: a) Vegna nemenda til 13 ára aldurs eftir ákvæðum um hlutdeild í kostnaði barnafræðslu. b) Vegna nemenda 13—15 ára eftir ákvæðum um hlutdeild í kostnaði vegna gagnfræðanáms. Kostnaðinum skal skipt hlutfallslega á hvort skólastig, barnafræðslu og unglingastig, eftir tölu skólanemenda. Ríkisvaldið er reiðubúið til aðildar sinnar, strax og hlutaðeigandi skólanefnd eða fræðsluráð, að fengnu samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórnar, æskir þess, að fræðsluskylda til 15 ára aldurs komi til framkvæmda, og aðstæður til skólahaldsins eru fyrir hendi. Ef skortur er á fullnægjandi skólahúsnæði, telur ráðuneytið eðlilegt, að útvegað verði leiguhúsnæði til skólahaldsins, hið hæfasta, er völ er á á hverjum stað, svo sem nú er gert vegna fræðsluskyldunnar til 14 ára aldurs.

Ráðuneytið telur eðlilegt, að kennsla á fræðsluskyldualdri fari yfirleitt fram í einum og sama skóla, skólahúsum barnafræðslunnar, þar sem þau eru nú til, og leiguhúsnæði, þar til byggðir hafa verið skólar fyrir allt skyldu-

námið samkv. áætlunum um sameiningu smærri skólahverfa um skóla.

Á vegum ráðuneytisins er nú verið að vinna að heildaráætlunum um skólabyggingar í landinu, og er gert ráð fyrir því, að röð framkvæmda fari eftir því, hvar þörfin verður brýnust hverju sinni, miðað við það fé, sem til skólabygginga er veitt af Alþingi og sveitarstjórnum.

Menntmrn. æskir þess, að námsstjórar framkvæmi athugun þá, sem hér er um rætt, og hafi við framkvæmd hennar samráð við ráðuneytisstjóra menntmrn., fræðslumálastjóra og fjármálaeftirlitsmann skóla. Er þess óskað, að námsstjórarnir skili álitsgerð um niðurstöður athugana sinna og till. sínum til menntmrn. svo snemma, að þær breytingar, sem þeir leggja til að gerðar verði, geti komið til framkvæmda á næsta hausti.“ — Og hér lýkur bréfinu.

Í þessu bréfi kemur fram sú eindregna stefna ríkisstj. að vinna að því, að fræðsluskylda til 15 ára aldurs komi sem allra fyrst til framkvæmda um land allt. Námsstjórarnir hafa umboð til þess að tjá hlutaðeigandi skólanefndum eða fræðsluráðum, að ríkisvaldið sé reiðubúið þegar í stað til þess að greiða sinn hluta af kostnaðarauka, sem af slíkri lengingu fræðsluskyldunnar leiðir, og stuðla með öllum ráðum að því, að húsnæðismálin leysist á sem hagkvæmastan hátt, miðað við aðstæður á hverjum stað. Er það eindregin von mín, að þetta átak leiði til þess, að þess verði ekki langt að bíða, að fræðsluskylda til fimmtán ára aldurs verði komin til framkvæmda um allt land.

Í öðru lagi er um það spurt, hvaða ráðstafanir ríkisstj. hyggist gera til þess að bæta aðstöðu unglinga í strjálbýlinu til þess að ljúka miðskólanámi í heimahéraði. Ég tel nauðsynlegt að bæta aðstöðu unglinga til þess að ljúka miðskólanámi í heimahéraði frá því, sem nú er. Nauðsynlegt er þó að gera sér grein fyrir því, að meiri erfiðleikar eru á því að halda uppi unglingafræðslu í strjálbýlinu en barnafræðslu. Ég gat þess áðan, að í þeim 138 skólahverfum, þar sem fræðsluskylda er nú aðeins til 14 ára aldurs, sé nemendafjöldi í hverjum árgangi um 680 eða aðeins tæplega 5 að meðaltali í hverju skólahverfi. Það er til, að enginn nemandi sé í skólahverfi á 15. aldursári, og tala þeirra getur farið upp í 20, en til þess að unglingar hljóti viðhlítandi kennslu, er æskilegt, að hver árgangur sé sérstök kennslueining. Tölurnar, sem ég var að nefna, benda þó eindregið til þess, að auðvitað sé ógerningur að halda uppi unglingakennslu í hverju barnaskólastigshverfi fyrir sig. Þess vegna verður að leggja á það megináherzlu að sameina skólahverfi á unglinga- og gagnfræðastiginu, og er eðlilegast, að ráðstafanir séu gerðar til þess í beinu sambandi við þær ráðstafanir, sem nú er verið að gera til þess, að fræðsluskylda verði framkvæmd til 15 ára aldurs um land allt. Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að talsvert mun létta á héraðsskólunum, ef skyldunámi unglinga lyki að mestu eða öllu leyti í öðrum skólum, eins og stefnt er að varðandi framkvæmd skólaskyldunnar fram til 15 ára aldurs. Með því móti gætu héraðsskólarnir tekið við fleiri nemendum til miðskólaprófs. Þá er og athugandi að reisa heimavistir við einhverja þá miðskóla, sem þegar eru starfandi, svo sem gert hefur verið í Stykkishólmi. Komið hefur til tals, að reist verði heimavist við miðskólann á Sauðárkróki, og er þá fyrirhugað, að nemendur úr Skagafirði geti lokið miðskólaprófi á Sauðárkróki. Það hefur og komið til greina, að sami háttur verði hafður á í Dalvík. Enn fremur má geta þess, að þegar hafa borizt óskir um, að starfræktar verði miðskóladeildir við unglingaskólana í Ólafsvík, á Egilsstöðum, Seyðisfirði og Höfn í Hornafirði næsta skólaár, en á þessum stöðum hafa að undanförnu verið 2 ára unglingaskólar. Á fleiri stöðum mun vera stefnt að þessu, eftir því sem aðstæður leyfa. Ríkisvaldið mun gera allt, sem í þess valdi stendur, til þess að hraða því, að miðskóladeildum verði sem víðast komið á og sem fyrst. Nauðsynlegt er þó, að fylgt sé vandlega saminni og fyrirfram gerðri áætlun um þessi efni. Þess vegna lýk ég þessu svari mínu með því að láta þess getið, að um nokkurt skeið undanfarið hefur Efnahagsstofnunin samkv. beiðni menntmrn. unnið að mjög ýtarlegri framkvæmdaáætlun um skólabyggingar á næstu árum, og er hún gerð á grundvelli athugunar á þörfinni fyrir skólahúsnæði og athugun á því, hvernig hagkvæmast muni vera að haga byggingarframkvæmdum til þess að fullnægja þeirri þörf. Er þessari framkvæmdaáætlun einmitt að verða lokið núna þessa dagana, og hef ég vonað, að unnt mundi verða að byrja að vinna samkv. henni við skólabyggingafram-kvæmdir samkv. fjárlögum á þessu ári, en hún ætti síðan að verða fjárveitingavaldinu til mikillar og góðrar leiðbeiningar um fjárveitingar í fjárl. á næstu árum, auk þess sem fé, sem ríki og sveitarfélög veita til þessara mála, ætti að geta nýtzt miklu betur, ef fylgt er slíkri samræmdri áætlun. Eitt brýnasta verkefni á sviði skólabygginga er, að byggingartími einstakra skólamannvirkja sé styttur mjög frá því, sem átt hefur sér stað undanfarið, auk þess sem vanda þarf betur röð framkvæmdanna en átt hefur sér stað. Þá er og mjög nauðsynlegt að gera alla skiptingu byggingarkostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga og yfirleitt öll reikningsskil þessara aðila í sambandi við byggingu skólahúsa og greiðslu rekstrarkostnaðar skólanna miklu einfaldari en nú á sér stað. Þess vegna hef ég efnt til þess, að lög um greiðslu skólakostnaðar, sem eru frá árinu 1955, verði endurskoðuð, og hefur menntmrn. skipað nefnd embættismanna til að vinna það verk. Vona ég, að sú nefnd geti lokið störfum í sumar, þannig að hægt verði að leggja frv. um nýja skólakostnaðarlöggjöf fyrir næsta Alþingi.

Fyrirspyrjandi (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir þær fróðlegu upplýsingar, sem hann hefur gefið og vissulega draga upp ljósa mynd af því viðfangsefni, sem hér er við að fást, að því marki, sem þær ná, en eins og hann sagði, vantar enn þá töluvert inn í þessa mynd. Ég tel, að það sé mjög þakkarvert að hafa safnað þeim upplýsingum varðandi skyldunámið og aðstöðu unglinga til að ljúka því í heimahéraði, sem gert hefur verið, og að þeirri athugun eigi að ljúka.

Mér þykir ánægjuefni að fá yfirlýsingu ríkisstj. um það, að nú þegar sé ríkisstj. reiðubúin til þess að greiða fyrir því að því marki, sem henni er skylt lögum samkvæmt, að allir unglingar geti notið þeirrar aðstöðu að ljúka skyldunámi í sínu heimahéraði, og ríkisstj. sé reiðubúin til þess að greiða þann kostnað, sem af því leiðir, að þeim hluta, sem henni er skylt lögum samkvæmt. Og ég er hæstv. ráðh. alveg sammála um það, að að því beri að stefna annars vegar, að skyldunám verði alls staðar að 15 ára aldri, og hins vegar, að hægt sé að ljúka skyldunámi til 15 ára aldurs í þeim sama skóla og barnaskólanámið er stundað, og því sé það eðlileg stefna og sjálfsögð að vinna að því með öllu móti, sem við vitum að sums staðar hefur mætt nokkurri andstöðu í bili a. m. k., að reistir verði myndarlegir skólar, heimavistarskólar, fyrir stærri einingar eða fleiri hreppa saman og þannig tryggð aðstaða til þess, að hægt sé að ljúka þar skyldunáminu. Og það má gera ráð fyrir, að jafnvel í sumum tilfellum kynnu slíkar skólabyggingar að geta lagt grundvöll að því, að þar væri einnig hægt að reka miðskólanám.

Mér sýnist því eftir þessum upplýsingum að dæma, að þess megi vænta, að varðandi skyldunámið verði unnið að því með öllum ráðum og á það lögð áherzla af ríkisstj. hálfu, að námsstjórar vinni að því hver á sínum stað, að framkvæmdir komist í það horf, að skyldunámi verði lokið í heimahéraði, svo sem lög gera ráð fyrir. En það er að sjálfsögðu frumatriði, að hægt sé að uppfylla kröfur fræðslulaga að þessu leyti.

Varðandi miðskólana er það vitanlega rétt hjá hæstv. ráðh., að þar er um töluvert meira vandamál að ræða. Í mörgum héruðum eru miðskólar, annars vegar héraðsskólar svo kallaðir og aðrir miðskólar eða gagnfræðaskólar, og það er auðvitað rétt, að það er ekki hægt að ætlast til, að þessir skólar séu jafnvíða og jafnmargir og skyldunámsskólarnir. En ég held, að það hljóti að vera okkur öllum ljóst, að að því beri að stefna, að a. m. k. sé hægt innan hverrar sýslu að ljúka miðskólanámi fyrir alla þá unglinga, sem þess óska í því héraði, og að því beri að stefna.

Það er auðvitað rétt, að að þessu verður að vinna eftir áætlun, og því er fsp. okkar orðuð varðandi þennan seinni lið þannig að spyrjast fyrir um, hvað ríkisstj. hyggist gera í þessu efni, því að það er öllum áreiðanlega ljóst, að þetta verður ekki gert í einu átaki, heldur verður að þessu að vinna. En það ber brýna nauðsyn til þess, að að þessu verði unnið sem skjótast og með sem markvissustum hætti, þannig að komið verði í veg fyrir þau vandræði, sem af því hlýtur að leiða fyrir þau héruð, þar sem aðstaða er ekki fyrir hendi til þess að ljúka miðskólanáminu.

Í þessu sambandi er mjög mikilvægt, að fengin verði ákveðin niðurstaða varðandi kostnaðarskiptingu, því að ég tel það fullkomlega eðlilegt, að höfð sé þar hliðsjón af aðstöðu héraðanna og mismunandi kröfur gerðar í þessu efni, hvort um er að ræða hin þéttbýlli héruð eða stærri bæjarfélög eða strjálbýlli héruð, sem efnahagslega eiga erfiðara um vik.

Ég vék áðan að héraðsskólunum, sem voru nokkrir teknir alveg yfir á herðar ríkisins. Að vísu höfðu héruðin lagt fram sinn hlut til að byggja þessa skóla á sínum tíma, en með þessu sýnist hafa verið mörkuð sú stefna, að eðlilegt sé, að skólar í strjálbýlinu njóti betri kjara en þéttbýlisskólarnir að þessu leyti, og vil ég mega vænta þess, að einmitt þetta sjónarmið verði haft í huga við þá endurskoðun á skólabyggingarkostnaði og skiptingu hans, sem ráðh. minntist hér á.

Við höfum heyrt nýlega, að það sé gert ráð fyrir því, að nú séu um 30% þjóðarinnar, sem séu á skólabekk, og við sjáum af þessu, hvílíkt geysilegt vandamál er hér við að glíma. Skólabyggingamálin og kennslumálin í heild eru geysiþungur baggi á okkar litlu þjóð. En ég held, að það muni vera öllum ljóst, að hér er um svo stórkostlegt atriði að ræða miðað við þá menningar- og tæknitíma, sem við lifum á, að það verði með öllum ráðum að beita þeirri orku, sem þjóðfélagið hefur yfir að ráða, til þess að við drögumst ekki aftur úr öðrum þjóðum að þessu leyti. Það hefur verið okkar stolt og einn grundvöllurinn að okkar tilveru, að við getum byggt hér upp menningarþjóðfélag, sem sé þess umkomið að veita æsku sinni þá menntun, sem tímarnir gera kröfu til.

Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir upplýsingar hans og jafnframt vænta þess, að áfram verði haldið af fullum krafti á grundvelli þeirra athugana, sem hann hefur lýst yfir, að séu þegar hafnar.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Það er náttúrlega engum efa bundið, að mikil verkefni bíða okkar í skólamálum dreifbýlisins. Það hefur því miður allt of lengi dregizt að gera ráðstafanir til þess að framfylgja fræðsluskyldunni í sveitunum, þannig að munur á skólagöngu sveitabarna og kaupstaðarbarna er óhæfilega mikill. Að vísu eru ýmis vandkvæði á því að koma að öllu leyti sama skólafyrirkomulagi á í sveitum og kaupstöðum, m. a. verður því varla við komið að hafa heimangönguskóla alls staðar á landinu, þó að slíkt væri æskilegt, og því verður að leggja mikla áherzlu á að hraða byggingu heimavistar-

barnaskóla og gera sameiningu skólahverfa að veruleika. Barnafræðslumál fjölmargra sveita verða ekki leyst með öðru móti betur. En því miður hefur orðið mjög mikill dráttur á framkvæmdum á þessu sviði, og ég verð að líta á það sem forgangsverkefni í skólamálum, að úr þessu verði bætt með örari barnaskólabyggingum í sveitum og þar með meira fjármagni til þessara mála en verið hefur undanfarin ár. Það verður að gera allt, sem unnt er, til þess að sveitabörn geti notið sambærilegrar skólagöngu og gerist í kaupstöðunum. Það er nefnilega af sú tíð, sem áður var, að hægt sé að halda uppi viðunandi heimafræðslu á sveitaheimilunum. Til þess er fámennið á heimilum of mikið, vinnutíminn of langur og fræðslukröfur bæði meiri og víðtækari en áður var. Þess vegna er það, að sem fullkomnust skólaganga er jafnnauðsynleg í sveitum sem bæjum.

Ég geri mér vonir um, að skilningur sé hvarvetna vaxandi á þessu, og ég hef m. a. orðið var mikils áhuga hjá fræðsluyfirvöldum um úrbætur á þessu sviði og vænti þess, ekki síst eftir að hafa heyrt hæstv. ráðh. tala hér áðan, að sá áhugi leiði til raunhæfra framkvæmda. En þá má ekki heldur slaka á um nauðsynleg fjárframlög, á meðan verið er að kippa þessum málum í lag.

Ég vil einnig víkja að aðstöðu sveitaæskunnar til framhaldsnáms. Ég held, að misréttið í skólamálum sé sýnu meira áberandi, að því er tekur til aðstöðunnar til framhaldsnáms, til miðskóla- og gagnfræðanáms. Þar er um mjög alvarlegt misrétti að ræða, sem bitnar á unglingum dreifbýlisins. Því verður varla haggað, að svo sé, þrátt fyrir þær tölur, sem hæstv. ráðh. var að lesa hér upp áðan. Ástæðan er fyrst og fremst skortur á héraðsskólum. Þeim verður að fjölga á næstu árum, ef hægt á að vera að jafna þennan mun á aðstöðu unglinga í sveitum og sjávarþorpum annars vegar og unglinga í kaupstöðum og stærri kauptúnum hins vegar. Það er hreinn misskilningur og raunar ekkert nema kák, ef menn halda, að það sé hægt að bæta aðstöðu sveitaæskunnar á einhvern annan hátt en þann að fjölga héraðsskólunum. Aðsóknin að héraðsskólunum sýnir og sannar, að þeim verður að fjölga, það verður að gera stórt átak til þess að fjölga héraðsskólunum, og að mínu áliti þarf að byggja a. m. k. sjö nýja héraðsskóla á næstu árum, hæfilega stóra og viðráðanlega skóla fyrir þessi héruð og þá landshluta, sem nú hafa engan vísi að slíkum skólum eða engan aðgang að gagnfræðaskólum, sem það nafn sé gefandi. Það leysir ekki þennan vanda, þótt reistir verði sameinaðir barna- og unglingaskólar. Það er spor í rétta átt og sjálfsagt mál að vinna að því, að börn og unglingar geti lokið skyldunámi í sameinuðum barna- og unglingaskóla, en slíkir skólar verða aldrei gagnfræðaskólar. Það verður að reisa marga fleiri gagnfræðaskóla í þágu sveitaæskunnar, þ. e. a. s. héraðsskóla með heimavist. Það þarf enginn að óttast, að slíkir skólar verði ekki sóttir. Þeir verða áreiðanlega alltaf fullsetnir, enda má geta þess, sem raunar er alkunna, að það er ekki einungis sveitafólk, sem óskar að koma börnum sínum í héraðsskóla, heldur fjöldi foreldra í kaupstöðum, sem gjarnan vildu láta börn sín ganga í héraðsskóla í sveit. Enginn héraðsskóli hefur verið byggður í landinu s. l. 16 ár eða síðan Skógaskóli tók til starfa. Þess vegna þarf stórt átak til að jafna þennan mikla halla, sem orðinn er, og verkefnið verður þeim mun erfiðara sem lengra líður.

Ég hef því talið rétt, að nú þegar verði farið að vinna að undirbúningi áætlunar um fjölgun héraðsskóla á næstu árum, og flyt ásamt fleiri þm. frv. til l. um sjö nýja héraðsskóla, en það má teljast lágmarksþörf, eins og nú standa sakir, að mínum dómi. En hvort þörf sé einhverra bráðabirgðaráðstafana í þessum málum, á meðan verið er að framkvæma frambúðaráætlun í héraðsskólamálum, skal ég láta ósagt, en skoðun mín er sú, að fjölga þurfi héraðsskólum í landinu um allt að því helming.

19. Útflutningur á dilkakjöti.

Á 16. fundi í Sþ., 2. des., var útbýtt:
Fsp. til landbrh. um útflutning á dilkakjöti [88. mál] (A. 126).

Á sama fundi var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 43 shlj. atkv.

Á 17., 24., 26., 27. og 28. fundi í Sþ., 9. des., 3., 10. og 24. febr., 3. marz, var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 31. fundi í Sþ., 10. marz, var fsp. enn tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Jónas Pétursson): Herra forseti. Hinn 16. apríl 1962 var samþ. á Alþ. með shlj. atkv. svo hljóðandi þál.:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir, að tilraunir verði gerðar með útflutning á dilkakjöti, þar sem reyndar verði nýjar aðferðir með pökkun og verkun á kjötinu. Verði kannaðir til þrautar hugsanlegir markaðsmöguleikar fyrir dilkakjötið í hverju því formi sem gefur hagstæðast verð."

Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. landbrh., þá sem hér er á dagskrá, hvað hafi verið gert til framkvæmda á þessari þál. Mér er að vísu kunnugt, að nokkuð hefur verið gert í málinu, en ég tel eðlilegt og raunar nauðsynlegt, að fram komi hér á hv. Alþ. upplýsingar um, hvernig þessi mál standa. Útflutningsmál okkar Íslendinga eru stórmál, og

það veltur á miklu, hvernig tekst með sölu á dilkakjöti okkar erlendis og að beitt sé öllum tiltækum ráðum til þess að fá sem hagstæðast verð fyrir það.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi vitnaði í þál., sem samþ. var á Alþ. 1962 og miðar að því að vinna að bættri sölu og markaðsleit fyrir útflutt dilkakjöt. Í tilefni af þessari till. var skipuð n. fjögurra manna til þess að gera sér grein fyrir þessum málum og hvað unnt væri að gera til þess að fá betra verð fyrir dilkakjötið en við höfum enn fengið. Í þessa n. voru skipaðir Þorvaldur Guðmundsson kaupmaður, og var hann formaður n., Agnar Tryggvason frkvstj., Jón H. Bergs frkvstj. og Sveinn Tryggvason frkvstj. N. skilaði áliti á árinu 1963, og vil ég fara nokkrum orðum um það, sem í þeirri skýrslu stendur, því að n. gerði grein fyrir ýmsu, sem gert hefur verið til þess að fá betra verð fyrir útflutt dilkakjöt.

Það kemur fram, sem aðrar skýrslur vitna um, að útflutningur á lambakjöti hefur átt sér stað allt frá síðustu aldamótum, og útflutningsmagnið hefur oftast verið frá 2—3 þús. tonn á ári. Eftir niðurskurðinn féll útflutningurinn auðvitað niður, en árið 1955 byrjar útflutningurinn aftur verulega og hefur verið á milli 2 og 3 þús. tonn síðan. Það hefur alltaf vantað mikið á, að hægt væri að ná fullu verði, eins og það er skráð innanlands. Það vantaði minnst á þetta 1960 eftir gengisbreytinguna, en það má segja, að hallinn hafi hækkað nokkuð síðan vegna hækkunar á innanlandsverði.

Hitt væri svo rangt að segja, að lítið eða ekkert hefði verið gert í þessum markaðsmálum. Það hefur ýmislegt verið gert, þótt deila megi um árangurinn. Það kemur fram í skýrslu n., að markaðs hafi verið leitað í 12 löndum, en árangurinn hefur ekki verið eftir erfiðinu. Mestur hlutinn af kjötinu fer til Bretlands, og verðið er yfirleitt lágt þar, eins og kunnugt er, en það er eini markaðurinn, sem hægt er að reiða sig nokkuð á. Þangað hafa farið 1500—2000 tonn á ári. Nokkuð hefur farið til Svíþjóðar, lítið til Danmerkur, og til Noregs hefur verið selt árlega nokkurt magn af saltkjöti, og hefur það aukizt hin síðari ár, og er gert ráð fyrir, að það verði af framleiðslu ársins 1964 um 500 tonn. Verð á saltkjöti í Noregi er mun betra en á frystu kjöti og meðgjöf með því þess vegna mun minni.

Markaðsmöguleikar hafa verið kannaðir og ýmsar tilraunir gerðar með hagnýtingu á kjötinu. Það hefur verið reynt að selja það í neytendaumbúðum. En það er talsverður kostnaður við það að brytja það niður, og þegar það er sett í neytendaumbúðir, eru vissir hlutar af skrokknum, sem ganga af, og það veldur mestum erfiðleikum að fá fullt verð fyrir það. Það er þess vegna mikið verk óunnið þar, ef ætti að koma kjötinu í verð í því formi, því að þar eru ýmsar hindranir á leiðinni. Þá var sérstök verkun reynd hjá SÍS á tæpum 1100 skrokkum að tilhlutan framleiðsluráðs, þannig að kjötið var brytjað niður eftir sérstökum aðferðum og einstakir hlutar af skrokknum seldir sér fyrir allmiklu hærra verð, en þá var eftir að sjá fyrir afgöngunum og koma þeim í verð, og það reyndist ekki mögulegt þá nema með miklu lægra verði, og fékkst því ekki kostnaðurinn af þessu upp borinn í það sinn, þótt sjálfsagt þyki að halda þessum tilraunum áfram.

Verzlunin Síld og fiskur hefur selt lítið magn beint í veitingahús á vesturströnd Bandaríkjanna, en það var aðallega hryggurinn úr lambinu. En fyrir þessi stykki úr lambinu fékkst nettó fullt verð, eins og það var selt hér innanlands. Þá var eftir að selja hina partana af skrokknum, og er vitanlega enginn vandi að losna við lærin eða það bezta. En Þorvaldur Guðmundsson gerði aðra tilraun með að hagnýta allan skrokkinn með því að léttsalta og léttreykja kjötið og hakka það og koma því í gervilanga. Þannig hagnýtti hann allan skrokkinn, og þetta kjöt hefur verið sett á markað hér í Reykjavík, sem flesir munu þekkja undir nafninu London lamb. Sýnishorn hefur verið farið með til London, Kaupmannahafnar og Svíþjóðar, og þetta hefur alls staðar líkað vel, og við þetta eru tengdar nokkrar vonir. En framleiðsluráð, Sambandið o. fl., sem hafa með þessi mál að gera, hugsa sér að halda margs konar tilraunum áfram í þessu skyni, bæði með að leita markaða í hinum ýmsu löndum og svo að verka kjötið á ýmsan hátt.

Það er enginn vafi á því, að það er mikið verkefni óunnið á þessu sviði. En það er vitanlega við harða keppinauta að etja. Þar sem aðalmarkaðurinn er, í Bretlandi, er Ástralíukjötið, og verðið á því er hið svokallaða heimsmarkaðsverð, sem við eigum við að keppa. Og þó að við höldum því fram, að okkar kjöt sé betra en Ástralíukjötið, er ekki víst, að allir séu tilbúnir að samþykkja það, a. m. k. verða menn að fá tækifæri til þess að reyna það, áður en það rennur út fram yfir Ástralíukjötið, en okkar kjöt hefur verið selt á markaðinum á svipuðu verði. En aðalinnflutningur á lambakjöti Bretlands er frá Ástralíu. Þetta magn, sem frá okkur kemur, er ekki nema 1—2%, sennilega ekki nema 1% af því, sem kemur frá Ástralíu. En sumir hafa látið sér detta í hug, að það sé ekki víst, að það verði alltaf, sem Ástralía sendi sitt kjöt til Bretlands, að Ástralíumenn muni e. t. v. innan skamms finna aðra kaupendur. Hefur þá verið vitnað til þess, að það séu ýmsar þjóðir nær Ástralíu en Bretland, sem vantar mat. Það eru hundruð millj. í Asíulöndum, sem hafa ekki mat oft og tíðum, og ef þeir uppgötvuðu það, að í Ástralíu væri þetta mikla matforðabúr, gæti verið, að eitthvað af kjötinu, sem ætti að fara til Englands, yrði eftir á leiðinni og stöðvaðist t. d. á Indlandi, á Malakkaskaga eða þar austur frá. Þetta gæti svona farið, vegna þess að það er vitað, að stór hluti af jarðarbúum sveltur, og þegar hugsað er út í þetta, er síður ástæða til að

harma það, þótt við framleiðum örlítið meira af matvælum en við þurfum að nota sjálfir.

En það er vitanlega atriði, sem við verðum að athuga, hvernig má komast hjá því að greiða stórar uppbætur úr ríkissjóði með kjötinu og öðrum útfluttum afurðum. Með því að vinna að auknum mörkuðum, vinna að því að fá hækkað verð fyrir vöruna, er verið að vinna að því, að þessar uppbætur geti lækkað. Og það er ekki nóg að fá aðeins hærra verð fyrir kjötið, heldur ber einnig að vinna að því að gera gærurnar og ullina verðmætari en verið hefur. Er nú verið að gera tilraunir með ullina, eins og kunnugt er, að gera hana verðmætari en verið hefur. Það er verið að vinna að því, að við vinnum gærurnar í landinu meira en við höfum áður gert og fáum þannig meira verðmæti fyrir þær, og það er vaknaður áhugi fyrir því að nýta innmatinn og beinin betur en við höfum gert. Megi það takast að gera verðmæti úr öllu öðru, sem af kindinni kemur, heldur en kjötinu, má hugsa sér, að verðið á kjötinu þurfi ekki að vera eins hátt og annars þyrfti að vera, því að bændurnir spyrja að því, hvað þeir fái fyrir kindina, eins og hún er, hina ýmsu hluta hennar, en ekki aðeins það, hvað þeir fá fyrir kjötið. Það er þess vegna mikið verkefni fram undan, en verkefni, sem ástæða er til að ætla að verði leyst farsællega. Það þarf ekki að búast við neinum stökkbreytingum, en aðalatriðið er að stefna í rétta átt, og ég hygg, að það megi segja, að nú sé stefnt í rétta átt. Það er unnið að þessum málum, og árangurinn kemur.

N. sú, sem ég áðan nefndi, benti á nokkur atriði, sem hún taldi sjálfsagt að vinna sérstaklega að, gerði sem sagt um það till. Það eru till. í þrem liðum frá þessari n.:

1) Beitt verði öllum tiltækum ráðum til þess að fá aukinn innflutning á söltuðu dilkakjöti til Noregs. Þetta hefur tekizt. Að vísu gengur það allt saman hægt, vegna þess að Norðmenn telja, að þeir hafi nægilegt kjöt í landinu. En þeir hafa fengið íslenzkt saltkjöt í áratugi, og íslenzka saltkjötið líkar vel í Noregi. Fólkið í Noregi vill fá það, en bændasamtökin í Noregi vilja ekki, að það verði flutt inn, og það hefur þess vegna verið deila á milli bændasamtakanna og ríkisstj. um þetta. En nú höfum við leyfi fyrir útflutningi á 500 tonnum af saltkjöti af framleiðslu s. l. árs, en 1958 var útflutningurinn aðeins 128 tonn og fyrir 2 árum ekki nema 300 tonn, þannig að þetta miðar í áttina. En hvort tekst að fá meiri innflutning á saltkjöti en orðið er, skal ég ekkert fullyrða um, en að sjálfsögðu verður að því unnið og að því er hagur, vegna þess að það er á tiltölulega betra verði en frosna kjötið.

2. till. n. er sú, að haldið verði áfram tilraunum til verkunar á kjöti í neytendaumbúðir og magn þess aukið svo, að unnt sé að hafa einhverjar birgðir af því ytra árið um kring, bæði í Bretlandi og Bandaríkjunum og e. t. v. víðar, því að nauðsynlegt virðist, að um jafna sölu geti verið að ræða á kjötinu til smásala, hótela og veitingastaða árið um kring. Þetta er það, sem ég minntist á áðan, að væri verið að gera tilraunir með, og er það þá í samræmi við till. nefndarinnar.

Og þriðja till. er það, að samtímis því, að tilraunir með sölu á hökkuðu kjöti fara að bera einhvern árangur, er nauðsynlegt að hefja auglýsingaherferð til kynningar á gæðum dilkakjötsins erlendis. Telur n., að sú hugmynd komi fyllilega til greina, að opnaður verði veitingastaður á góðum stað í Lundúnum, þar sem hafður er á boðstólum íslenzkur matur sérstaklega, svo sem dilkakjöt, reyktur lax, skyr, fiskur og síld, humar og rækjur. Í sambandi við slíkt matsöluhús verði jafnframt aðstaða til þess að hafa íslenzkar afurðir frystar í neytendaumbúðum. Þar væri einnig rétt að hefja allumfangsmikla auglýsingastarfsemi. Slík stofnun sem hér um ræðir kostar allmikið fé og ætti að vera byggð og rekin af sölufélögum landbúnaðar og sjávarútvegs í sameiningu.

Þetta eru till. n., og nú á föstudaginn var var stofnað hlutafélag til að fullnægja þessari þriðju till. n., að stofna veitingasölu í London til þess að kynna íslenzkar afurðir, ekki aðeins dilkakjötið, heldur og aðrar íslenzkar afurðir, og til þess þaðan og þar að hefja auglýsingastarfsemi, sem n. leggur til að gert verði. Menn geta haft misjafnlega góða trú á þessu fyrirtæki. Reynslan sker vitanlega úr því, hvaða árangur það ber. En við erum margir, sem gerum okkur vonir um, að góður árangur muni af þessu fást. Að þessu fyrirtæki standa ríkið með 50%, Sambandið með 20%, framleiðsluráð landbúnaðarins 20% og Loftleiðir h/f 10%. Hlutafé er 5 millj. kr., og það er gert ráð fyrir, að það kosti 5 millj. kr. að opna þennan stað og koma starfseminni í gang. Hvort reksturinn getur svo staðið undir kostnaðinum að öðru leyti, því verður reynslan að skera úr. En það ber að líta á þetta að nokkru leyti sem auglýsingastarfsemi, og verði halli á rekstrinum, ber að skoða það sem auglýsingakostnað, sem gefur hagnað, þótt síðar verði. Þetta er vitanlega ekkert nýmæli, að þjóðir setji á stofn sölumiðstöð í erlendri stórborg. Þetta hafa nágrannar okkar gert, Danir, í mörgum stórborgum, Norðmenn einnig í nokkuð mörgum, Vestur-Þjóðverjar allvíða, og Svíar eru nýbúnir að stofna slíkan stað í London, núna eftir áramótin, en Norðmenn opnuðu sína sölumiðstöð í London í nóvember. Danir hafa haft sína sölustaði þar lengi áður.

Við höfum trú á því ýmsir, að framleiðsla okkar, bæði landbúnaðarframleiðslan og sjávarframleiðslan, sé þannig, að með því að kynna hana og skapa aðstöðu til þess, að hún sé til á öllum tímum, megi fá betra og hagstæðara verð heldur en verið hefur. Það hefði verið eðlilegra, að það væri breiðari grundvöllur undir þessu fyrirtæki, að samtök sjávarútvegsins hefðu verið þarna með líka, að t. d. Flugfélag Íslands hefði verið þarna með, en það reyndist ekki fært að mynda þetta félag

með öðrum hætti. En ég tel, að þetta fyrirtæki hafi tvíþættu verkefni að gegna, ekki aðeins að kynna okkar framleiðsluvörur í landbúnaði og sjávarútvegi og iðnaðarvörur, eftir því sem hægt er, heldur einnig að kynna landið og stuðla að því, að erlendir ferðamenn komi hingað og skilji hér eftir erlendan gjaldeyri. Hjá nágrönnum okkar, Norðmönnum, og flestum öðrum, Dönum, Svíum og þá ekki síður suður í Evrópu, er ferðamannaþjónusta einn aðalatvinnuvegur og gefur jafnvel mestar gjaldeyristekjur, og Norðmenn hafa sem sagt jafnframt sínum sjávarútvegi, landbúnaði og iðnaði lifað á því að fá hundruð millj. í erlendum gjaldeyri með ferðamönnum. Við höfum vitanlega ekki efni á því að gera ekkert til þess að fá tekjur af ferðamönnum, eins og aðrar þjóðir telja sig þurfa að gera, og sölustöðin í London á að vera einn þátturinn í því að kynna landið og gera það mögulegt, að erlendir ferðamenn komi hingað í auknum mæli.

Ég veit ekki, hvort hv. fyrirspyrjanda finnst þessi svör vera nægileg. Ég tók ekki það ráð að lesa skýrslu n. frá orði til orðs, en ég tók úr henni öll aðalatriðin, sem ég tel að máli skipti, og ég ætla, að hv. alþm. viti nú, að það hefur verið talsvert gert til þess að kynna lambakjötið, til þess að fá hærra verð fyrir það, og vonir standa til, að árangur komi af því starfi, og þetta síðasta, með sölumiðstöðina í London, þar sem kjötið er helzt seljanlegt, gefur okkur auknar vonir um það, að eftirleiðis fáist hærra verð fyrir okkar ágæta dilkakjöt, með því að nú eru möguleikar til þess að kynna það betur en áður, og verða gerðar ráðstafanir til þess, að það fáist árið um kring.

Fyrirspyrjandi (Jónas Pétursson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. landbrh. fyrir þá ýtarlegu skýrslu, sem hann hefur gefið hér, og greinargóðu svör við minni fsp. Mér þótti athyglisvert ýmislegt, sem kom fram í ræðu hans, og ég vil sérstaklega láta í ljós ánægju mína yfir því, sem nú nýlega hefur verið komið í framkvæmd, en það er opnun þessarar sölustöðvar í London, sem er fyrst og fremst árangur af starfi þeirrar n., sem hefur haft þessi mál með höndum, allt frá því að þessi þáltill. var samþ. hér eða litlu síðar. Og það er sérstök ástæða að fagna því, að enda þótt þessi till. fjallaði fyrst og fremst um sölu á dilkakjötinu, þá er gert ráð fyrir því með stofnun þessarar sölustöðvar, að þar verði einnig margar aðrar íslenzkar afurðir til sýnis og sölu, þannig að það má ætla, að af þessu geti orðið miklu víðtækara gagn heldur en að því er snertir kjötið eitt.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta. Ég vil leggja áherzlu á það, að þessu máli verði fylgt vel eftir hér eftir sem hingað til, því að það er tvímælalaust eitt af okkar stóru hagsmunamálum að afla viðhlítandi markaðar erlendis fyrir okkar sauðfjárafurðir. Það má að vísu segja, að hingað til hafi það ekki verið neitt vandamál með sölu á gærum og ull, en liggur þó í augum uppi, að því betra verð sem fæst fyrir þær afurðir, þeim mun betur stöndum við að vígi með framleiðslu á dilkakjötinu, því að það er verðið, sem fæst fyrir þessar afurðir sameiginlega, sem segir til um, hvernig afkoma sauðfjárræktarinnar er.

Ég vil sem sagt þakka ráðh. fyrir upplýsingar hans og leggja áherzlu á það, að þessu máli verði hér eftir sem hingað til fylgt eftir af festu og dugnaði. Og ég ber fullt traust til þeirra manna, sem valizt hafa til forustu í hinni nýju sölustofnun.

20. Aðstoð til vatnsveitna.

Á deildafundum 2. marz var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til félmrh. um aðstoð til vatnsveitna [135. mál, 3] (A. 285).

Á 28. fundi í Sþ., 3. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 36 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Sþ., 10. marz, var fsp. tekin til umræðu.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Á síðasta Alþ. flutti hv. 4. þm. Sunnl. ásamt þrem þm. öðrum frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 frá 5. júní 1947, um aðstoð við vatnsveitur. Á seinustu dögum þingsins var mál þetta afgr. frá hv. Alþ. og þá vísað til hæstv. ríkisstj. í trausti þess, að hún láti fram fara athugun á málinu fyrir næsta reglulegt Alþ., eins og segir í ályktun Alþ. Á þskj. 285 höfum við hv. 4. þm. Sunnl. leyft okkur að flytja fsp. út af þessu máli, en vegna fjarveru hans hef ég hér orð fyrir okkur. Fsp. okkar er á þessa leið:

„Hvað líður athugun á frv. því til breyt. á l. nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, sem vísað var til ríkisstj. á síðasta Alþ.?“

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Spurt er. eins og hv. fyrirspyrjandi lýsti hér áðan, hvað líði athugun á frv. því til breyt. á l. nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, sem vísað var til ríkisstj. á síðasta þingi.

Þetta frv. var fljótlega eftir þinglokin sent til umsagnar vegamálastjóra, en hann er, eins og kannske flestir hv. alþm. vita, tæknilegur ráðunautur ríkisstj. um framkvæmd l. um aðstoð til vatnsveitna. Svar hefur borizt frá honum, og tel ég það skýra málið bezt, að ég lesi upp umsögn vegamálastjóra, sem hann hefur skilað rn., en hún er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Í 1. gr. téðs frv. er lagt til, að í 1. mgr. 4. gr. l. nr. 93 1947 verði bætt orðinu „aðal-

dreifiæðar", sem yrðu þá styrkhæfar á sama hátt og stofnæðar, vatnsgeymar, dælur og jarðboranir eru nú. Í grg. með frv. benda flm. á, að stofnæðar séu skilgreindar sem aðalleiðsla frá vatnsbóli að fyrsta dreifipunkti af þeim, sem úthluta styrk til vatnsveitna. Hins vegar sé nauðsynlegt, að styrkur nái einnig til aðaldreifiæða, ef að fullu gagni eigi að koma, og eigi þetta bæði við í kauptúnum og þorpum og ekki hvað síst í sveitum, þar sem strjálbýlt er og dreifingarkerfið því mjög víðáttumikið. Ég lít svo á," segir vegamálastjóri, „að það geti orðið nokkuð umfangsmikið að veita styrk til aðaldreifiæða í öllum tilvikum. Í flestum þorpum og kauptúnum yrði þá aðaldreifiæðin vatnsleiðslan að frystihúsi eða sláturhúsi staðarins eða öðrum álíka vatnsfrekum iðnaði, sem tæplega getur talizt rétt að styrkja af opinberu fé á þennan hátt. Hins vegar hefur það færzt mjög í vöxt hin síðari ár, að vatnsveitufélög hafi verið stofnuð í sveitum, og ná þau þá oftast til 5—10 býla. Hjá þessum félögum hefur víðast hvar verið um óverulegan kostnað að ræða við virkjun vatnsbóls, enginn vatnsgeymir byggður og stofnæð og aðaldreifiæð sama leiðslan, sem allir neytendur hafa verið tengdir beint við. Stofnkostnaður þessara veitna er oft mjög verulegur miðað við notendafjöldann og sökum mikillar vegalengdar milli býlanna. Styrkhæfur hluti stofnkostnaðar hefur því víða aðeins orðið 10—20% af heildarkostnaði, og þar sem ríkisstyrkurinn er bundinn við 50% hámark, hefur heildarstyrkur til þessara félaga í sumum tilvikum aðeins orðið 5—10% af stofnkostnaði og því komið að mjög takmörkuðu gagni. Ég lít því svo á, að full þörf sé á því að styrkja þessi dreifbýlisfélög sérstaklega. Mætti þá e. t. v. bæta við 1. mgr. 4. gr. ákvæði, sem væri á þá leið, að heimilt væri að láta styrk ná til aðaldreifiæðar, þegar sjálfstæðir notendur vatnsveitufélags væru 10 eða færri."

Þetta er umsögn vegamálastjóra um málið. En í framhaldi af þessari umsögn hans varðandi aðstoð við vatnsveitufélög í sveitum telur rn., að ná megi því marki, sem hann telur æskilegt, með rýmri skýringu á orðinu „stofnæð", og það atriði er nú til athugunar í rn., og eru enda fordæmi fyrir því, að það hafi verið skýrt rýmra en stofnæð væri frá vatnsbóli að fyrsta dreifipunkti. Og ef það reynist svo, að hægt sé að gera þetta án lagabreytingar, er hún að sjálfsögðu óþörf þess vegna.

En að öðru leyti er ástæða til að vekja athygli á því, að svo takmörkuð sem aðstoð til vatnsveitna er samkv. núgildandi l., hefur þó ekki verið unnt að láta þessa aðstoð í té nema á lengri tíma, vegna þess að þær fjárveitingar, sem Alþingi hefur veitt til vatnsveitna, hafa hrokkið mikið til of skammt. Á síðari árum hefur fjárveiting þessi þó verið mjög hækkuð, eða úr 600 þús. kr., eins og hún var á árinu 1958, í 2 millj. á þessu ári. Rn. hefur lagt til, að fjárveiting þessi væri hækkuð í 3 millj., en það hefur ekki náð fram að ganga.

Þegar lokið var úthlutun styrkja fyrir árið 1964, námu ógreiddir styrkir samkv. till. vegamálastjóra 2 millj. 805 þús. kr. Síðan hafa bætzt við margar styrkheimildir og sumar mjög háar. Af þessu má vera ljóst, að þó að aðstoð til vatnsveitna verði aukin samkv. l., stoðar það ekki, nema fjárveiting úr ríkissjóði í þessu skyni fáist hækkuð, svo að verulegu nemur.

Svo vænti ég, að með þessu sé fsp. hv. þm. svarað.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. ráðh. svör hans. Um þau vil ég segja þetta: Í fyrsta lagi hefur sú skýring, sem vegamálastjóri gaf um aðaldreifiæð í kauptúnum eða kaupstöðum, að það mundi ná til frystihúsa eða sláturhúsa, ekki við nein sérstök rök að styðjast, heldur mundi verða skilgreining á því, hver yrði aðaldreifiæð, eins og það hefur verið í l. um stofnæð. Það mundi að sjálfsögðu vera aðalleiðslan í gegnum kaupstaðinn eða kauptúnið, sem yrði kölluð aðaldreifiæð, en ekki bundið sérstaklega við þessar stofnanir. Hitt þykir mér miklu skipta, að það atriði, sem hann vék að síðar, hæstv. ráðh., um vatnsveiturnar í sveitunum, hefur reynzt mjög erfitt þeim sveitarfélögum eða bæjarsamtökum, sem hafa staðið fyrir vatnsveitum, vegna þess að skilgreiningin á stofnæð hefur verið bundin við það, að þegar fyrsta dreifiæðin væri tekin, væri stofnæðinni lokið. Það skiptir mestu máli, að þessum ákvæðum verði þannig breytt, að þeir njóti, sem eiga að njóta, og hef ég ekkert við það að athuga, þó að það verði gert með rýmri skilgreiningu á l. en verið hefur til þessa, að það verði rýmkað á þessu, því að hér, eins og kemur fram í áliti vegamálastjóra, getur verið um svo óverulegan hluta af kostnaði að ræða, að l. ná í raun og veru ekki til þessara vatnsveitna, en þeim fer mjög fjölgandi, eins og kunnugt er, á síðari árum.

Ég tek svo undir það með hæstv. ráðh., að fjárveitingar til vatnsveitnanna hafa verið allt of litlar og eru enn, og ég minnist þess, og ég held, að ég fari rétt með það, að ég hafi á öllum þingum reynt að fá þessu þokað nokkru hærra en verið hefur, og t. d. við síðustu afgreiðslu fjárlaga vildi ég taka undir till. rn. um að hækka fjárveitinguna í 3 millj. kr. Hér er um mjög kostnaðarsamar framkvæmdir að ræða, og nauðsyn þeirra þarf ekki að skilgreina. Ég treysti hæstv. ráðh. og hans rn. til þess að beita sér fyrir lagfæringu á þessum atriðum, bæði viðvíkjandi l. og auknum fjárveitingum til framkvæmdanna.

21. Ríkisábyrgðir.

Á deildafundum 2. marz var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til fjmrh. um ríkisábyrgðir [135. mál, 4] (A. 285).

Á 28. fundi í Sþ., 3. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 36 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Sþ., 10. marz, var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 32. fundi í Sþ., 17. marz, var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 185 höfum við 6. þm. Sunnl. leyft okkur að flytja fsp. til hæstv. fjmrh. um ríkisábyrgðir. Áður en l. um ríkisábyrgðasjóð voru sett, var sú regla gildandi, að með ríkisreikningi hverju sinni voru prentaðar skrár yfir ríkisábyrgðir útlagðar á liðnu ári. En eftir að ríkisábyrgðasjóðurinn tók til starfa, hefur þessu verið breytt þannig, að skrá þessi fylgir ekki ríkisreikningnum, og þess vegna hefur verið tekin upp sú regla að spyrja hæstv. ráðh. um þessar ríkisábyrgðir, og hefur hæstv. ráðh. svarað þeim. Ég tel, að eðlilegast væri, að sú regla væri upp tekin, að skýrslu eins og þeirri, sem hæstv. ráðh. hefur látið útbýta, yrði útbýtt á hverju þingi, eigi síðar en í marzmánuði, svo að um þetta fengju hv. alþm. upplýsingar, án þess að til fsp. þyrfti að koma. En þar sem sú regla hefur ekki verið gildandi, höfum við leyft okkur að flytja þá fsp., sem hljóðar á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Hve mikið hefur ríkisábyrgðasjóður greitt vegna ríkisábyrgða árið 1964, fyrir hverja og hve mikið fyrir hvern aðila.

2. Hvaða einstaklingar og fyrirtæki skulda ríkisábyrgðasjóði í árslok 1964, og hver er skuld hvers um sig."

Eins og ég gat um áðan, hefur hæstv. fjmrh. látið útbýta skýrslu um greiðslur vegna ríkisábyrgða árið 1964 og skuldir í árslok, eins og farið er fram á í fsp. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. ráðh. fyrir fram fyrir þetta svar. Ég hef að sjálfsögðu ekki haft tíma til þess að fara yfir það og gera samanburð á eldri árum í þessu tilfelli, en þykist þó sjá það af skýrslunni, þar sem ríkisábyrgðagreiðslur og skuldir vegna annarra ábyrgða eru 100 millj. s. l. ár, þá hefur þetta færzt verulega í aukana hin síðustu ár og ekki verið náð þeim tilgangi ríkisábyrgðasjóðsl. að koma í veg fyrir, að ábyrgðir féllu á ríkissjóð, eins og mikið var rætt um, þegar þau lög voru sett. Ég sé líka, að hér er um verulegar fjárhæðir að ræða hjá sumum fyrirtækjum, þar sem það er á annan tug millj. og jafnvel meira en það. Enginn vafi er á því, að það verður að fylgja fast eftir, að ríkisábyrgðir séu ekki greiddar, nema þar sem fullkomin þörf er til þess að leysa úr vandræðum fyrirtækja og alvarleg atvinnustöðvun gæti átt sér stað, en óeðlilegt virðist það vera, að stórar fjárhæðir séu lagðar út fyrir fyrirtæki, sem í augum almennings virðast hafa góða afkomu. Um þetta ætla ég ekki að fjölyrða að sinni, en endurtek, að eðlilegast væri, að þessi skýrsla kæmi árlega, og þakka hæstv. ráðh. fyrir hana.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það mátti skilja svo orð hv. fyrirspyrjanda, að skýrslur um ábyrgðir ríkisins væru gefnar hv. þm. og almenningi síðar nú en áður fyrr. Þetta ætla ég, að sé á misskilningi byggt. Í ríkisreikningi fyrir árið 1962 er birt skýrsla um ábyrgðir ríkissjóðs í árslok 1962 á bls. 219—258. Í ríkisreikningi fyrir 1963 er birt skýrsla um ábyrgðir ríkissjóðs í árslok 1963 á bls. 224—262. Varðandi greiðslur vegna ríkisábyrgða er í ríkisreikningi 1963 birt skýrsla á bls. 160—166 um greiðslur vegna ríkisábyrgða fyrir árin 1962 og 1963, og ástæðan til þess, að í þessum ríkisreikningi er skýrsla um árið 1962 einnig, er sú, að þegar gengið var frá ríkisreikningi 1962, var ríkisábyrgðasjóður samkv. l. frá árinu 1962 nýlega tekinn til starfa og hafði ekki lokið endanlegu uppgjöri fyrir það ár. Þegar þetta er haft í huga og um leið, að nú síðustu árin hefur það nýmæli verið upp tekið, að ríkisreikningur hefur verið lagður fyrir Alþingi fullprentaður og endurskoðaður næsta haust eftir reikningsárið, er ljóst, að hv. alþm. hafa fengið skýrslur um greiðslur vegna ríkisábyrgða og skrá um allar ríkisábyrgðir miklu fyrr en áður var, þegar ríkisreikningur með þessum upplýsingum var ekki lagður fyrir Alþ. fyrr en 2—3—4 árum eftir reikningsárið.

Áður en ég vík efnislega að þeirri fsp., sem hér liggur fyrir, tel ég rétt að gera aths. um formhlið hennar, því að það hefur valdið nokkrum vafa, í hvaða formi ætti að gefa þær upplýsingar, sem um er beðið. Í 31. gr. þingskapa er heimilað að bera fram fsp., og í þeirri gr. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fsp. skulu vera skýrar, um afmörkuð atriði og mál, og sé við það miðað, að hægt sé að svara þeim í stuttu máli."

Svo er ákveðið í þingsköpum, og þetta er í samræmi við tilgang fsp. Það var á Alþ. 1946, sem flutt var frv. til breytinga á l. um þingsköp, um að taka upp þetta nýmæli, og eftir því sem flm. málsins skýrði þá frá í umr., var tilgangurinn fyrst og fremst sá að lögleiða hér að fyrirmynd brezka þingsins fyrirspurnatíma, þar sem menn gætu borið fram fsp., sem svarað yrði, eins og hann tók fram, í mjög stuttu máli af ráðh. Og hann nefndi sem dæmi, að eitt sinn, er hann hafði komið í brezka þingið og hlýtt þar á fsp., hefðu um 60 fsp. verið bornar fram og svarað á einni klukkustund. Í samræmi við þetta hafði flm. sett þetta ákvæði í sitt frv., og það varð að l. árið 1947 sem breyting á þingsköpum, að fsp. skuli við það miðaðar, að hægt sé að svara

þeim í stuttu máli. Nú er með þessum fsp. tveim, sem hér liggja fyrir, spurt um það, hve mikið ríkisábyrgðasjóður hafi greitt vegna ríkisábyrgða á árinu 1964, og er auðvitað auðvelt að svara því með heildartölu í stuttu máli. Það er einnig spurt: fyrir hverja og hve mikið fyrir hvern aðila. Hér er um að ræða, að ég ætla, a. m. k. um 200 aðila og þá álíka margar greiðslur, en náttúrlega miklu fleiri tölur, ef talið er bæði það, sem greitt hefur verið upphaflega úr ríkisábyrgðasjóði, og það, sem greitt hefur verið inn af sama aðila, og hver nettótalan er svo í árslok.

Í 2. lið er spurt um, hvaða einstaklingar og fyrirtæki skuldi ríkisábyrgðasjóði í árslok 1964 og hver skuld hvers um sig sé. Það er eins um þetta, að ég ætla, að það séu a. m. k. 200 aðilar, sem þarna er um að ræða, og það er ljóst, að það er ekki hægt að svara þessum fsp. í stuttu máli, eins og þingsköp ætlast til, heldur geri ég ráð fyrir, að lestur þessara upplýsinga mundi taka mikinn hluta fundartímans í dag.

Nú má ekki skilja orð mín svo, að ég hafi nokkuð á móti því að veita þær upplýsingar, sem hér er um beðið. Því fer svo fjarri, því að allt liggur þetta fyrir sem opinbert mál. Allar þessar upplýsingar eru á sínum tíma birtar í ríkisreikningi. En þar sem óskað er eftir að fá þær upplýsingar fyrr, hef ég látið útbúa lista, sem fjölritaður hefur verið og útbýtt meðal þm., með öllum þessum upplýsingum. Ég vil í fyrsta lagi vekja athygli á þessu atriði þingskapa m. a. vegna fsp. framvegis, því að það hefur í rauninni ekki komið fyrir, að ég ætla, síðan ákvæði voru sett í þingsköp um fsp., að ekki hafi verið unnt að svara í tiltölulega stuttu máli fsp., sem fram voru bornar, fyrr en á síðasta þingi, þegar svipaðar fsp. voru bornar fram eins og þær, sem hér ræðir um. Ég hef rætt við hæstv. forseta Sþ. og skrifstofustjóra Alþ. um, hvern hátt væri eðlilegast að hafa á þessu, og varð niðurstaðan sú í fullu samráði við þá, að ég mun hér eftir gefa í stuttu máli og stórum dráttum yfirlit um málið, að hinni sundurliðuðu, fjölrituðu skýrslu hefur verið útbýtt til allra hv. þm., en hún verður ekki lesin upp hér vegna þess, hve það yrði langt mál, og loks að svörin eða skýrslan yrði birt í umræðuparti þingtíðinda. [Sjá viðbæti, 698.—702. bls.]. Skrifstofustjóri taldi hins vegar ekki rétt að gefa skýrsluna út sem sérstakt þskj. nú, enda er sérstaklega tekið fram í 31. gr. þingskapa um fsp., að engar grg. skuli skráðar eða prentaðar með fsp., og þá kannske ekki heldur eðlilegt, að farið sé að prenta sem þskj. svörin við þeim. En þessu til viðbótar koma allar þessar tölur að sjálfsögðu í ríkisreikningi, sem væntanlega verður tilbúinn með sama hætti og síðustu ár í haust og lagður fyrir Alþ., þegar það kemur saman.

Þessar aths. um þingskapaákvæði og eðli fsp. og svara taldi ég rétt að láta koma hér fram að gefnu þessu tilefni. Hv. alþm. hafa þá í höndum væntanlega eða fyrir framan sig hið fjölritaða yfirlit, sem er í tveimur meginköflum. Það eru annars vegar vanskil á ábyrgðarlánum 1964, sem nær yfir fyrstu 7 síðurnar í þessu yfirliti, en á tveim síðustu síðunum eru vanskil á endurlánum ríkissjóðs 1964, þ. e. a. s. þeim lánum, sem ríkissjóður er sjálfur lántakandi að, en hefur svo endurlánað ýmsum aðilum. Upplýsingarnar eru gefnar í allmörgum dálkum, og er fyrst heiti aðilans, síðan kemur í 2. dálki, hver skuldin var í árslok 1963, í 3. dálki, hvað ríkisábyrgðasjóður hefur greitt vegna viðkomandi aðila á árinu 1964, í 4. dálki, hvað sá aðili hefur svo endurgreitt á árinu, og í 5. dálki er síðari talan dregin frá hinni fyrri, þ. e. a. s. nettógreiðsla ríkisábyrgðasjóðs á árinu vegna viðkomandi aðila. Í 6. dálki er svo getið um útgáfu skuldabréfa, því að eitt af verkefnum ríkisábyrgðasjóðs er það að semja um áfallin vanskil, sumpart með greiðslum í reiðufé og sumpart með því, að aðili semur um skuldirnar og gefur út skuldabréf. Þá er í 7. dálki getið, hver skuldin var í árslok 1964, og í 8. dálki, hvað afskrifað hefur verið eða eftirgefið.

Í því sambandi er rétt að geta þess, að samkv. ríkisábyrgðal. má engin vanskil gefa eftir nema með einróma samþykki fjvn. Að vísu liggur það í hlutarins eðli, að ef fyrirtæki, sem lent hefur í vanskilum, verður t. d. gjaldþrota og það er sannreynt með gjaldþrotaskiptum, að ekki sé hægt að fá skuldirnar greiddar, leiðir það af l. og eðli máls, að slík skuld afskrifast þá af sjálfu sér.

Ef við lítum svo nánar á þessa lista, er 1. kaflinn um hafnarlán, lán vegna hafnargerða, 2. kaflinn er um vatnsveitulán, 3. um rafveitulán og skuldir raforkusjóðs, 4. kaflinn um fiskiðnað, þ. á m. síldarverksmiðjur, 5. kaflinn um togaralán, 6. kaflinn um iðnað, 7. um samgöngur, 8. kaflinn um annað. Seinni hluti skýrslunnar, vanskil á endurlánum ríkisins, er svo sumpart vegna vörukaupalána, sem ríkið hefur tekið og endurlánað, bæði til hafnargerða o. fl., enn fremur enska framkvæmdalánið frá því í desember 1962, sem ríkissjóður tók og endurlánaði til ýmissa framkvæmda. Þar eru einnig Hambroslánin vegna kaupa á 10 togurum á sínum tíma, á árunum 1948—1958, að ég ætla. Þannig er þetta flokkað niður í stórum dráttum, og tel ég ekki ástæðu til að fara lengra út í það mál, þar sem þessar upplýsingar liggja nú allar fyrir.

Eins og hv. þm. er kunnugt, voru á árunum 1961 og 1962 gerðar ýmsar ráðstafanir til að koma ríkisábyrgðum í betra horf en áður. Tilgangurinn var sá, að betur yrðu skoðaðir málavextir, áður en ríkisábyrgðir yrðu veittar, að haft yrði sem bezt eftirlit með skilvísri greiðslu aðila á þeim lánum, sem ríkissjóður væri í ábyrgð fyrir, og að því leyti sem ríkissjóður eða síðar ríkisábyrgðasjóður þyrfti að greiða sjálfur vegna vanskila aðila, eru gerðar tilraunir til þess að fá slíkar greiðslur endurgreiddar, ýmist í reiðufé eða með samningum, eða í einstökum tilfellum að veita eftir-

gjöf að einhverju leyti, en til þess, eins og ég gat um áðan, þarf samkv. l. samþykki fjvn.

Ég skal ekki rekja þetta í löngu máli, það hefur verið gert svo oft áður, en um margra ára skeið fóru greiðslur ríkissjóðs og kostnaður vegna áfallinna ríkisábyrgða sívaxandi ár frá ári. Þessar greiðslur náðu hámarki á árinu 1962, urðu þá mjög háar, eða 129.4 millj. kr. Á árinu 1961 höfðu verið sett lög um ríkisábyrgðir, sem höfðu það markmið að koma fastari skipan á þessi mál. Meðal annarra nýmæla í þeim l. var það, að almenna reglan skyldi vera sú, að þegar ríkissjóður veitti ábyrgðir, skyldi það vera einföld ábyrgð, en ekki sjálfskuldarábyrgð, sem merkir það, að ef lántakandi stendur ekki í skilum, verði lánveitandi fyrst að reyna til þrautar að fá greiðslu frá honum, áður en hann snýr sér til ríkissjóðs, í staðinn fyrir að áður hafði meginreglan undantekningarlitið verið sú, að ábyrgð ríkissjóðs var sjálfskuldarábyrgð, þannig að þegar ekki var staðið í skilum, gat lánveitandi, jafnvel án þess að gera tilraun til innheimtu hjá skuldaranum, farið beint í ríkissjóð og sótt greiðsluna þangað. Því var spáð þá af þeim, sem að þessu stjórnarfrv. stóðu, að þetta mundi með tíð og tíma verða þýðingarmikil breyting, og reynslan hefur þegar skorið úr um það. Það eru nú komin 3½ ár, frá því að þessi lög tóku gildi á miðju ári 1961 og til síðustu áramóta, og á þessu 3½ ári, þó að greiðslur ríkissjóðs eða kostnaður vegna áfallinna ábyrgða hafi verið yfir 100 millj. bæði árin 1962, 1963 og 1964, hafa svo að segja engar einfaldar ábyrgðir fallið á ríkissjóð eða ríkisábyrgðasjóð. Það eru samtals 1 millj. 700 þús. kr., sem orðið hefur að greiða vegna einfaldra ábyrgða á þessu 3½ ári, og þegar miðað er við heildargreiðslurnar, má sjá, hversu þetta er hverfandi lítill hluti. Og þó er rétt að hafa í huga, að af þessari 1 millj. 700 þús. eru um 744 þús. vegna rafvæðingarinnar eða vegna raforkusjóðs og 925 þús. vegna fiskvinnslustöðvar, sem varð gjaldþrota, þannig að reynslan hefur þegar skorið úr um, að þetta var rétt leið. Ég nefni þetta eina dæmi af mörgum nýmælum ríkisábyrgðarlaganna, vegna þess að hér hefur tíminn skorið svo glöggt úr.

Árið eftir, 1962, voru svo sett lög um ríkisábyrgðasjóð, að losa þessi mál úr tengslum við sjálfan ríkissjóðinn, og stjórn Seðlabankans var falin yfirstjórn og umsjá ríkisábyrgðasjóðs, og hefur verið unnið af mikilli samvizkusemi og fyrirhyggju að þeim málum, og afleiðingarnar af þessu eru þegar komnar í ljós.

Ég sagði, að árið 1962, þ. e. a. s. árið eftir að fyrri l. um ríkisábyrgðir voru sett, náðu vanskilin vegna ríkisábyrgða hámarki, urðu 129.4 millj. Árið eftir, 1963, varð upphæðin lægri, 107.7 millj., og á s. l. ári, 1964, lækkaði hún enn, varð 101.3 millj. Vissulega eru þetta geysilega háar upphæðir og allt of háar, en það sýnir þó, að þessi starfsemi miðar í rétta átt og í stað þess, að fram að árinu 1963 fóru þessar ábyrgðir sífækkandi ár frá ári, hefur þessi tvenns konar löggjöf og sú starfsemi, sem höfð hefur verið með höndum í framhaldi af henni, þegar borið nokkurn ávöxt, og við væntum þess, að þessar tölur hinna þriggja síðustu ára sýni vissa þróun. Við skulum vona í lengstu lög, að hún haldi áfram, þannig að kostnaður ríkissjóðs vegna vanskila fyrir ríkisábyrgðir eða endurlán fari minnkandi.

Fyrirspyrjandi (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég endurtek þakklæti mitt til hæstv. ráðh. fyrir þau svör, sem hann hefur gefið við þessari fsp., og tel, að sú skýrsla, sem hann hefur látið útbýta, sé bezta svarið og komi að fullum notum. En út af því, sem hann sagði um form á fsp., vil ég geta þess, að mér og fleiri hv. þm. finnst, að hæstv. ráðh. mættu stundum eyða skemmri tíma í að svara fsp. og þær gefi ekki tilefni til þess að lesa langar skýrslur upp, eins og þeir gera, hæstv. ráðh., lesa upp langar skýrslur í sambandi við fsp. En ég hygg, að þessi hæstv. ráðh. sé hinum fremri um það að svara þessu á stuttum tíma, og það form, sem hæstv. ráðh. hafa tekið upp í svörum sínum, er allt annað en gildir um fsp. í brezka þinginu, svo að þessi fsp. er ekkert sérstæð um þá hluti.

Út af því, sem hann sagði um árangurinn af l. um ríkisábyrgðasjóð, er það gleðilegt, ef hann er einhver, en sýnilegur er hann ekki mikill enn í dag. Ég hef ekki tækifæri til þess að segja um það, hvort ríkisábyrgðir með einföldum ábyrgðum hafi reynzt öruggari en hinar, en þessi tala, sem ríkisábyrgðasjóður greiðir árlega vegna ríkisábyrgðanna, er uggvænlega há, og betur má, ef duga skal, til þess að leiðrétta þessi mál.

22. Bótagreiðslur aflatryggingasjóðs.

Á deildafundum 2. marz var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til sjútvmrh. um bótagreiðslur Aflatryggingasjóðs [135. mál, 2] (A. 285).

Á 28. fundi í Sþ., 3. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 36 shlj. atkv.

Á 31., 32. og 33. fundi í Sþ., 10., 17. og 24. marz, var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 36. fundi í Sþ., 31. marz, var fsp. enn tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti: Ég hef leyft mér að leggja fram fsp. á þskj. 285 um bótagreiðslur úr aflatryggingasjóði, og beini ég fsp. til hæstv. sjútvmrh. Spurt er um það, hve miklar bætur hafi verið greiddar úr aflatryggingasjóði s. l. 5 ár, hvert árið um sig og í heild: a) á Vest-

fjarðasvæðið, b) á Norðurlandssvæðið, c) á Austfjarðasvæðið, d) til Vestmannaeyja, e) á Faxaflóasvæðið og f) til útgerðarstaðanna á Snæfellsnesi.

Fsp. ber samkv. þingsköpum að svara að viku liðinni, og nú er a. m. k. mánuður liðinn síðan þessi fsp. var borin fram, og vekur það mér nokkra furðu, að svo langan tíma skuli hafa þurft til þess að fá svör við jafnsjálfsögðum spurningum sem bótagreiðslum úr aflatryggingasjóði s. l. 5 ár til báta á þar tilgreindum svæðum. Svör við slíkum spurningum ættu að vera fljótfengin úr góðu og greinilegu bókhaldi opinbers sjóðs.

Lög um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins voru sett fyrir 16 árum, þ. e. a. s. 1949. Hlutverk sjóðsins skyldi frá öndverðu vera að bæta aflahluti útgerðar, þegar almennan aflabrest bæri að höndum. Sjóðurinn skiptist í byrjun í tvær deildir, síldveiðideild og almenna fiskideild. Réttinda úr síldveiðideild skyldu njóta öll síldveiðiskip bátaflotans og réttinda úr almennu fiskideildinni skip, sem stunduðu þorskveiðar, ef skipshöfnin væri ráðin upp á hlut eða hundraðshluta af aflaverðmæti. Bótatímabil skyldi miðast við vertíðaskipti. Landinu skyldi skipt í bótasvæði, þannig að í sama flokki yrðu þau veiðisvæði, sem líkust hafa skilyrði fyrir sama aflamagni á hverri vertíð. Það skyldi samkv. l. teljast almennur aflabrestur, ef meðalafli skipa í einhverjum bótaflokki yrði minni en 75% af meðalveiðimagni, og skyldi þá koma til aðstoðar sjóðsins. Fiskifélagi Íslands var strax falið að annast afgreiðslu sjóðsins. Tekjur sjóðsins áttu að vera 1½% af útflutningsgjaldi sjávarafurða. Um bótagreiðslur úr sjóðnum voru settar þær meginreglur, að skip, sem aflaði 45% af meðalveiðimagninu á bótasvæði sínu, skyldi fá 40% bætur af því, sem á vantaði meðaltalið, en síðan lækkandi hundraðshluta í bótum, eftir því sem aflinn nálgaðist meir 75% af meðalveiðimagni svæðisins.

Nánar vinnst ekki tími til að gera grein fyrir meginefni l. um aflatryggingasjóð bátaútvegsins frá 1949, en hlutverk sjóðsins var það að hlaupa undir bagga og afstýra áföllum og stöðvun útgerðar, þegar almennan aflabrest bæri að höndum í einhverri verstöð, veiðisvæði eða landshluta. Síðan þessi lög voru sett, hefur þeim verið breytt á ýmsan hátt, og er næsta vafasamt frá mínu sjónarmiði, að þær breytingar hafi allar orðið til bóta. Sumar hafa vafalaust verið það. Togaradeild hefur verið bætt við. Bótasvæðum og bótareglum hefur verið breytt og nafninu breytt úr hlutatryggingasjóði í aflatryggingasjóð, hvernig sem sjóður á nú að geta tryggt afla. En hvað sem þessu líður, er það staðreynd, að óánægja fer vaxandi yfir bótagreiðslum úr sjóðnum. Þær þykja orðið mjög tilviljanakenndar og jafnvel ranglátar. Bætur geta t. d. orðið mjög litlar á svæði, þar sem aflamagnið hefur verið lítið árum saman og breytingar á aflamagninu hafa verið litlar frá ári til árs. Bætur geta hins vegar orðið miklar á svæði, þar sem mikið aflamagn hefur verið s. l. 4—5 ár og það aflamagn myndar þannig hátt meðalaflamagn, sem svo er miðað við, þegar þetta aflamagn fer lækkandi. Þannig getur svo farið, að bátur af slíku veiðisvæði, sem ég núna seinast vitnaði til, fái hundrað þús. kr. í bætur, þó að bátur með miklu minna aflamagn, t. d. norður á Hólmavík eða Drangsnesi, þar sem aflaleysið hefur herjað árum saman, fái litlar eða engar bætur úr sjóðnum. Þetta er auðvitað lítt viðunandi og þarf leiðréttingar við. Fsp. er einkum til þess fram borin, að fá áreiðanlegar tölur um, hvert bótagreiðslur sjóðsins hafa runnið á undanförnum árum. Hafa þær farið nær einvörðungu til aðstoðar útgerð á aflaleysissvæðunum? Ef svo reynist, er allt í lagi og óánægjuraddirnar á misskilningi byggðar. Eða er það á hinn veginn: Hafa bótagreiðslur einnig runnið til verstöðva og veiðisvæða, þar sem aflabrögð hafa verið í betra lagi og ekki þannig beint þurft aðstoðar við? Ef svo skyldi reynast, hefur aðstoðargetu sjóðsins verið drepið á dreif og notin orðið miklu minni en skyldi af starfsemi hans. Sýni upplýsingar hæstv. ráðh., að svo hafi reynzt, ber að hraða endurskoðun l. um aflatryggingasjóð og breyta þeim þannig, að hann veiti hjálp sína, þar sem hjálpar er mest þörf hverju sinni, eins og honum var í upphafi ætlað. — Ég vænti svo að fá að heyra svör hæstv. ráðh. um þetta mál.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. fyrirspyrjanda, að það hefur dregizt kannske um of að svara þessum fsp., en til þess liggja þær eðlilegu orsakir, að það hefur ekki verið unnt að ná saman þeim upplýsingum, sem farið hefur verið fram á, á skemmri tíma. Fsp. voru sendar stjórn aflatryggingasjóðs, þegar eftir að þær höfðu verið bornar fram, en mér var þá þegar sagt, að það væri svo mikið verk að ná saman þeim upplýsingum, sem þyrfti, til þess að hægt væri að svara fsp., að það væri mjög líklegt, að það gæti dregizt þrjár vikur eða mánuð að afla þeirra, enda hefur farið svo, að það hefur gert það. En mér er kunnugt um, að það hefur verið hafður á allur sá hraði hjá aflatryggingasjóði, sem frekast var hægt, til þess að ná saman upplýsingunum. En ástæðan til þess mun aðallega vera sú, að bótasvæðin eru allt önnur en þau, sem um er spurt í fsp., og hefur það orðið til þess, að það hefur orðið að taka hvert einasta skip og raða þeim niður á ný eftir þeim svæðum, sem fsp. byggist á.

Það er sjálfsagt smávegis ónákvæmni, en það er spurt um, hve miklar bætur hafi verið greiddar úr aflatryggingasjóði s. l. 5 ár. Ég vek aðeins athygli á því, að aflatryggingasjóður með því nafni hefur ekki verið til nema 3 s. l. ár. En vegna þess að ég taldi, að það mundi ekki skipta máli, hvert nafnið væri, hefur hlutatryggingasjóðurinn verið tekinn fyrir tvö fyrstu árin. Þetta eru nokkuð margar tölur, en ég skal leyfa mér að lesa þær upp, eins og spurzt er fyrir um.

Það er þá fyrst skýrsla um almennu bátadeildina og yfirlit yfir bótagreiðslur úr henni, fyrst fyrir árið 1960. Á Vestfjörðum fengu það ár tveir bátar 35 þús. kr. — ég les aðeins heil þús. Á Norðurlandi fengu 25 bátar 526 þús. Á Austfjörðum fengu 10 bátar 118 þús. Í Vestmannaeyjum fengu 27 bátar 825 þús. Í Faxaflóa fengu 14 bátar 314 þús. Og á Snæfellsnesi tveir bátar 23 þús. Eða samtals 80 bátar 1 millj. 843 þús.

Fyrir árið 1961 líta tölurnar þannig út. Þá fengu 3 bátar á Vestfjörðum 52 þús., 7 bátar á Norðurlandi 569 þús., á Austfjörðum 17 bátar 937 þús., í Vestmannaeyjum 85 bátar 7 millj. 813 þús., í Faxaflóa 29 bátar 686 þús., en á Snæfellsnesi var engum styrk úthlutað eða bótum.

Árið 1962 eru tölurnar þannig: Þá fær 21 bátur á Vestfjörðum 367 þús., 51 bátur á Norðurlandi 603 þús., 17 bátar á Austurlandi 359 þús., 55 bátar í Vestmannaeyjum 4 millj. 770 þús., 42 bátar í Faxaflóa 1 millj. 520 þús. og á Snæfellsnesi 5 bátar 499 þús., eða samtals árið 1962 191 bátur 8 millj. 120 þús.

1963 eru tölurnar þannig: 25 bátar á Vestfjörðum fá 737 þús., 172 bátar á Norðurlandi fá 2 millj. 570 þús., 53 bátar á Austfjörðum 1 millj. 105 þús., 12 bátar í Vestmannaeyjum 963 þús., 75 bátar í Faxaflóa 3 millj. 782 þús. og 10 bátar á Snæfellsnesi 636 þús., eða samtals 1963 345 bátar 9 millj. 796 þús.

Fyrir árið 1964 eru tölurnar þannig: Á Vestfjörðum fær 51 bátur 2 millj. 242 þús., 57 bátar á Norðurlandi 2 millj. 847 þús., 22 bátar á Austfjörðum 793 þús., 20 bátar í Vestmannaeyjum 1 millj. 33 þús., 71 bátur við Faxaflóa 3 millj. 256 þús. og 2 bátar á Snæfellsnesi 125 þús.

Þetta voru bótagreiðslur úr almennu bátadeildinni, fyrir tvö fyrstu árin úr hlutatryggingasjóði, en hin þrjú síðari úr aflatryggingasjóði.

Þá er hér önnur skýrsla yfir bótagreiðslur úr síldveiðideild, og fyrst 1960. Þá eru veittar á Vestfjörðum bætur 16 bátum 1 millj. 389 þús., 22 bátum á Norðurlandi 1 millj. 337 þús., 15 bátum á Austfjörðum 762 þús., 31 báti frá Vestmannaeyjum 2 millj. 151 þús., 189 bátum í Faxaflóa 8 millj. 425 þús. og 18 bátum á Snæfellsnesi 1 millj. 187 þús.

1961 eru engar bætur greiddar úr síldveiðideild, og 1962 eru aðeins greiddar bætur tveimur bátum í Faxaflóa, 89 þús. kr. En 1963 eru 17 bátum á Vestfjörðum greiddar 3 millj. 66 þús., 22 bátum á Norðurlandi 4 millj. 373 þús., 7 bátum á Austfjörðum 1 millj. 127 þús., 8 bátum frá Vestmannaeyjum 1 millj. 549 þús., 83 bátum úr Faxaflóa 14 millj. 942 þús. og 18 bátum af Snæfellsnesi 3 millj. 296 þús. Þetta voru bætur úr síldveiðideild.

Þá er togaradeildin. Hún byrjar miðað við veiðarnar 1961. Þó að ákvæðin um hana hafi verið sett í lög 1962, var fyrsta úthlutun miðuð við veiðarnar á árinu 1961. Það ár var einum togara á Vestfjörðum úthlutað 1 millj. 682 þús., 7 togurum á Norðurlandi 4 millj. 463 þús. og 28 togurum við Faxaflóa 26 millj. 522 þús. — 1962 einum togara á Vestfjörðum 616 þús., 7 togurum á Norðurlandi 4 millj. 934 þús. og 25 togurum við Faxaflóa 14 millj. 88 þús. — 1963 var úthlutað einum togara á Vestfjörðum 372 þús., 6 á Norðurlandi 3 millj. 10 þús. og 29 togurum við Faxaflóa 17 millj. 559 þús.

Til þess að gera þessa mynd enn þá fullkomnari, hefur verið tekið saman yfirlit yfir bátafjöldann á landinu á þessu tímabili. Og þar er getið allra báta, sem þá hafa verið gerðir út, bæði opnir vélbátar og þilfarsbátar, en þeir hafa verið eftirfarandi: 1960: Á Vestfjörðum 260, á Norðurlandi 392, á Austfjörðum 190, í Vestmannaeyjum 116, við Faxaflóa 376 og á Snæfellsnesi 82. — Árið 1961 á Vestfjörðum 249, á Norðurlandi 433, á Austfjörðum 219, í Vestmannaeyjum 117, við Faxaflóa 408 og á Snæfellsnesi 84. — 1962 var bátafjöldinn sem hér segir: Á Vestfjörðum 225, á Norðurlandi 416, á Austurlandi 195, í Vestmannaeyjum 112, við Faxaflóa 350 og á Snæfellsnesi 84. — Árið 1963 á Vestfjörðum 244, Norðurlandi 432, Austfjörðum 159, Vestmannaeyjum 105, við Faxaflóa 319 og á Snæfellsnesi 86. — 1964 eru tölurnar þessar: Á Vestfjörðum 216, á Norðurlandi 369, á Austfjörðum 136, í Vestmannaeyjum 101, við Faxaflóa 342 og á Snæfellsnesi 95. Þetta eru í heild 1960 samtals 1416 bátar, 1961 1510, 1962 1382, 1963 1325 og 1964 1259.

Það skal tekið fram, að hér eru ekki taldir í skýrslunni um bótagreiðslur almennu deildarinnar bátar frá Stokkseyri og Grindavík, enda ekki um þær upplýsingar beðið í fyrirspurn. Hins vegar má segja, að ávallt hefur verið um sáralitlar bætur að ræða til báta í þeim verstöðvum, og munu þær leggja deildinni hlutfallslega hæstar nettótekjur allra verstöðva.

Í töflu 2, sem ég las um síldveiðideildina, eru hins vegar taldir allir bátar, sem lönduðu síld suðvestanlands og bætur hlutu. Það er líka að athuga, að bótagreiðslur úr almennu deild sjóðsins miðast við löndunarhafnir hverju sinni. Allmargir bátar frá Austfjörðum, sem gerðir hafa verið út frá Vestmannaeyjum eða Faxaflóahöfnum og hlotið hafa bætur vegna aflabrests þar, eru taldir til þeirra svæða, en ekki til heimahafna. Bótagreiðslur úr síldveiði- og togaradeildum fara hins vegar fram eftir stórum svæðum, og hefur af þeim sökum verið reynt að miða við útgerðarhafnir skipanna. Einnig í þessu tilfelli eru mörg skip utan af landi, sem gerð hafa verið út á haustsíldveiðar suðvestanlands, talin til Faxaflóahafna.

Ég vona, að hv. fyrirspyrjandi hafi fengið þær upplýsingar, sem hann hafði vonazt eftir, a. m. k. hefur verið lögð í það öll sú vinna, sem möguleg var, til þess að fá þessa skýrslu gerða eins ýtarlega og hægt var, þó að það hafi dregizt nokkuð að ljúka því.

Fyrirspyrjandi (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. sjútvmrh. fyrir mjög góð og ýtarleg svör, og bætir það

nokkuð upp þann drátt, sem orðið hefur á því, að svörin kæmu. Ég er því nokkurn veginn sáttur við hæstv. ráðherra að lokum.

Þetta var mikill talnalestur, eins og vænta mátti, og þó að ég hefði mig allan við að rita tölurnar niður, þá henti ég ekki reiður á þeim, svo að ég geti í einstökum atriðum fótað mig á þeim tölulegu upplýsingum. Þó virtist mér vera algerlega ljóst, að fjárhagsgetu sjóðsins hefur verið drepið mjög á dreif og hjálp hans við útgerðina að langminnstu leyti komið þar niður, sem þörfin var mest. Og þetta var það, sem ég óttaðist.

Það virðist benda til þess, að óánægjuraddirnar um þá aðstoð, sem sjóðurinn hefur veitt í þrengingum útgerðarinnar, þegar aflabrest hefur borið að höndum, séu á rökum reistar, og það styður auðvitað fast að því, að úthlutunarreglum sjóðsins þurfi að breyta, lögin verði að endurskoða, enda liggur nú fyrir till. um, að svo verði gert. Og þá ríður auðvitað á, að byggt verði á þeirri 15 ára reynslu hlutatryggingasjóðs og síðan aflatryggingasjóðs, á þann veg, að kröftum sjóðsins í framtíðinni, þ. e. a. s. því fjármagni, sem honum er fengið til umráða til aðstoðar við útgerðina, þegar aflabrest ber að höndum, verði í framtíðinni varið þannig, að þeim sé hjálpað, sem hjálpar eru þurfi, en ekki bætt ofan á kúf þeirra, sem bezta aðstöðu hafa, eins og mér virðist í mörgum tilfellum hafa gerzt að undanförnu. Það eru upphæðir upp á tugi millj. til Vestmannaeyja og Faxaflóasvæðisins, sem hafa haft langbezt aflaárferði að undanförnu, og virðist því, að þær upphæðir hefðu getað komið að meira gagni til þess að hjálpa aðþrengdri útgerð, ef reglur sjóðsins hefðu heimilað að veita þeim á annan veg en gert hefur verið.

Hins vegar er ég alveg sannfærður um það, að hér er ekki um að sakast við stjórn aflatryggingasjóðs og áður hlutatryggingasjóðs, að hún hafi gert rangt, að hún hafi brotið ákvæði laganna eða reglugerð, sem sett var á grundvelli þeirra. Ég hygg, að það sé rétt, sem mér hefur verið tjáð, að sjóðsstjórnin hafi, — þótt hún hafi auðvitað orðið að halda sér við lagabókstaf og reglugerð, — þó verið mjög samtaka í því að reyna að túlka lagaákvæði og reglugerð þannig, að sjóðurinn veitti þar hjálp, sem mest væri þörfin, svo að ég hef ekki neina átyllu til þess að ætla, að hægt sé að saka sjóðsstjórnina um það, að hún hafi gert rangt, þó að tölurnar komi þannig út.

Ég held, að meginbreytingin á grundvelli laganna verði að vera þessi, að því fjármagni, sem sjóðurinn hefur til umráða á hverjum tíma, verði fyrst og fremst beint að þeim útgerðarstöðum og útgerðarsvæðum, sem orðið hafa fyrir barðinu á tilfinnanlegum aflabresti. Það er markmið sjóðsins. Hitt er ekki ætlunarverk hans, að veita hlutaruppbót og auka fjárveitingar til þeirra aflasvæða, sem bezta útgerðaraðstöðu hafa hverju sinni, og til þess á ekki að þurfa að reka hjálparstarfsemi á vegum ríkissjóðs og skattleggja útgerðina í landinu til þess. Það hefur engan tilgang í sjálfu sér.

Ég skal ekki fjölyrða frekar um þetta. Ég hef rætt endurskoðunarþörfina á lögunum rækilega við fulltrúa Alþýðusambands Íslands í sjóðsstjórninni og þegar aflað mér grundvallaðra till. hans um þær breytingar, sem hann telur mest aðkallandi og fara mjög í þá átt, sem ég hef hér gert grein fyrir, sem sé þá, að l. og reglugerð verði breytt þannig, að hjálp sjóðsins verði beint til þeirra verstöðva og þeirra veiðisvæða, sem verða harðast úti sökum almenns aflabrests.

23. Sölunefnd setuliðseigna.

Á deildafundum 2. marz var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til ríkisstj. um verzlunarstarfsemi Sölunefndar setuliðseigna [135. mál, 1] (A. 285).

Á 28. fundi í Sþ., 3. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 36 shlj. atkv.

Á 31., 32. og 33. fundi í Sþ., 10., 17. og 24. marz, var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 36. fundi í Sþ., 31. marz, var fsp. enn tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. í allmörgum liðum á þskj. 285 um verzlunarstarfsemi sölunefndar setuliðseigna. Fsp. er beint til ríkisstj. sökum þess, að mér var ekki kunnugt um, undir hvaða ráðuneyti sölustarfsemi þessi kynni að heyra. Margar eru fsp. hins vegar sökum þess, hve nauðalítið almennt er vitað um sölunefnd setuliðseigna og um hið stórbrotna verzlunarfyrirtæki, sem hún rekur. Allt hennar starf hefur farið mjög leynt, hefur nánast verið óttalegur leyndardómur fyrir þjóðinni. Alls konar sögusagnir og fullyrðingar hafa verið á sveimi um þessa nefnd. M. a. var því margoft haldið fram í mín eyru, að allir stjórnmálaflokkar ættu menn í þessari n., og þó vissi ég það fyrir víst, að þetta var a. m. k. rangt að því er Alþb. snerti. Það hefur aldrei átt neinn mann í þessari n. og eftir að umr. hófust um þetta mál, lýsti Sósfl. einnig yfir því, að hann ætti ekki mann í þessari n. og hefði ekki átt það s. l. 15 ár. Þegar þetta er vitað, lítur fyllilega út fyrir, að lýðræðisflokkarnir einir sitji að sæmdinni óskiptri.

Síðan erlent setulið hreiðraði um sig hér á landi í síðara sinnið, mun nefnd manna hafa stjórnað sölu á hvers konar vörum og varningi, sem setuliðið hefur ekki hirt að flytja úr landi aftur. Sumt af þessu er vafalaust verðmætur varningur, svo sem bifreiðar, sjónvarpstæki, nýir varahlutir í hvers konar vélar,

bifreiðar og flugvélar og ýmislegt fleira, en mikið mun þarna líka vera um sölu á úrgangsvarningi, rusli og skrani, hliðstæðu því dóti, sem ýmsir menn höfðu hér áður fyrr að atvinnu að hirða á öskuhaugunum í Reykjavík. Engin lög, held ég, að séu til um þessa starfsemi. Ekki er mér kunnugt um, með hvaða hætti menn eru valdir í n. þessa, sem nefnd hefur verið sölunefnd setuliðseigna. Ekki er mér kunnugt um, hve umfangsmikil starfsemi eða fjölþætt þetta er, sem hér er um að ræða. Ekki er kunnugt um, hve miklar tekjur hafa fengizt af starfsemi n. eða hve dropsöm mjólkurkýr n. hefur reynzt sjálfum ríkissjóði. Ekki vita menn gjörla um, hvort nm. teljast launaðir embættismenn eða þeir inna störf sín af hendi sem fórnfúst þegnskyldustarf fyrir fósturjörðina, en annað hvort er auðvitað tilfellið. Þá er mér enn fremur ókunnugt um, hversu fjölmennt starfslið starfar á vegum þessarar n. við alla þætti skransölunnar, sem hún hefur með höndum. Enn minna veit ég um, hvernig verðlagningu og bókhaldi þessarar verzlunarstarfsemi er háttað né hvar starfsemin er rekin, þ. e. a. s. hvar n. hefur aðalbækistöðvar sínar. Ætla má, að bókhald vegna þessara viðskipta heyri undir ríkisendurskoðunina, en þó er fullyrt, að stundum, þ. e. a. s. á vissum tímum, hafi svo ekki verið, heldur hafi endurskoðunin farið fram einhvers staðar úti í bæ á annarra vegum en ríkisendurskoðunarinnar. Ekki veit ég með vissu, hvort n. hefur staðið fyrir byggingarstarfsemi, en nú er mér þó tjáð, að hún sé að byggja eitt mesta stórhýsi á landinu. Hins vegar er mér ekki kunnugt um fjárlagaheimildir til slíkrar starfsemi, og mundi þó engin ríkisstofnun, sem mér er kunnugt um, fá að byggja stórhýsi án sérstakrar, ákveðinnar fjárlagaheimildar til þess. En að þessu leyti er starfsramminn eitthvað rýmri að því er snertir þessa nefnd.

Ég skal nú ekki telja fleira, sem mér er ókunnugt um, um þessa n. Það hefur sem sé hvílt hula og leynd nokkur um þessa starfsemi, sem ýmsir telja þó, að sé ein umfangsmesta verzlunarstarfsemi, sem rekin sé hér á landi, og muni velta tugum, ef ekki hundruðum millj. Eins og alltaf, þegar leynd og pukur er á ferðinni, hafa risið fjallháar furðusögur um þessa sölustarfsemi, og teldi ég því nauðsynlegt, að réttar upplýsingar yrðu kallaðar fram, úr því að þær hafa ekki fengizt með öðrum hætti.

Að lokum skal ég taka það fram, að mér finnst allsendis óviðurkvæmilegt, að ríkissjóður Íslands hafi tekjur af skransölu eins og þessari. Einnig tel ég óviðurkvæmilegt með öllu, að sumir af æðstu mönnum þjóðarinnar séu settir til slíkrar starfsemi, til að selja úrgangsvarning erlends setuliðs. Ég trúi því naumast, að virðingarverðar þjóðir, eins og t. d. Danir eða Þjóðverjar, settu fyrrv. forsrh. eða menntmrh. sína til slíkra starfa.

Ég hef ekki rakið spurningarnar, sem ég ber fram á þskj. 285, orðréttar, en vænti skýrra svara við spurningunum, því að nákvæma vitneskju um þjónustustarfsemi þessa, einkum viðskipta- og fjárhagshlið hennar, tel ég nauðsynlegt að fá, og hefði það verið tímabært, jafnvel þótt fyrr hefði verið.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi kvartaði undan því, að hula og leynd hefði hvílt yfir störfum sölunefndar varnarliðseigna og hefði það skapað hinar og þessar kynjasögur. Þm. sagði, að hann hefði ekki vitað, undir hvaða ráðuneyti sölunefndin heyrði, og þess vegna vissi hann ekki, hvert hann hefði átt að beina spurningunum og því beint þeim til ríkisstj. í heild. Ég vil vekja athygli á því, að um það bil 20 ára skeið hefur ríkisstj. gefið út handbók fyrir utanrrn. Í þessari handbók er þess getið, að utanrrn. skipi sérstaka sölunefnd varnarliðseigna, og þess getið, hverjir í n. séu. Handbókin var einnig gefin út, meðan hv. fyrirspyrjandi átti sæti í ríkisstj., og var hann því einn útgefandi bókarinnar, þó að hann kvarti nú undan því, að hann hafi ekki hugmynd um, hvað í þessu riti hans stóð, svo að hann viti ekki, hvern á að spyrja um efni þess. Þá kvartaði hv. þm. undan því, að hula væri um það, hverjar tekjur sölunefndarinnar væru og hvað um tekjurnar yrði. Ég býst við, að allir nema sennilega þessi hv. þm. einn viti það, að á hverju ári, þegar fjárl. eru afgreidd, er liður í fjárl., þar sem ríkissjóði eru áætlaðar til tekna tekjur af sölunefndinni. Þennan lið samþykkja allir þm. með sínu atkvæði, líka hv. fyrirspyrjandi, þó að hann virðist hingað til ekki hafa orðið þess var. Sömuleiðis eru í ríkisreikningunum á hverju ári tilfærðar þær tekjur, sem ríkinu eru innborgaðar af sölunefndinni, og þennan ríkisreikning samþykkja þm. líka með atkv. sínu hér á hv. Alþ. á hverju ári. Svo kemur einn af hv. þm. og segir: Það er hula og leynd yfir því, hverjar tekjur sölunefndarinnar eru og hvað um þær verður.

Ég ætla ekki að hafa þennan formála lengri, en skal þá snúa mér að spurningunum sjálfum.

Það er í fyrsta lagi spurt, hverjir séu nú aðal- og varamenn í sölunefnd svonefndra setuliðseigna og hverjir hafi átt sæti í n., þ. e. a. s. sölunefnd setuliðseigna, s. l. 10 ár. Sölunefnd setuliðseigna var skipuð samkv. brbl. frá 26. apríl 1944, en brbl. þessi voru síðan staðfest með l. nr. 54 frá 1945, um heimild fyrir ríkissjóð til þess að kaupa eignir setuliðsins á Íslandi. N. skyldi annast ráðstöfun og sölu eigna þeirra, sem ríkissjóður keypti af setuliðinu á Íslandi. Í sölunefnd setuliðseigna áttu sæti eftirtaldir menn: Skúli Thorarensen, formaður, tilnefndur af ríkisstj., Daníel Ágústínusson, tilnefndur af Framsfl., Björn Bjarnason, tilnefndur af Sósfl., Helgi Eyjólfsson, tilnefndur af Sjálfstfl., og Sigurjón Á. Ólafsson, tilnefndur af Alþfl. Þessi n. lauk störfum á árinu 1948. Þá var Helga Eyjólfssyni húsasmíðameistara

falið að taka við störfum n. til bráðabirgða, en 7. maí 1949 voru skipaðir meðstjórnendur Gunnlaugur E. Briem skrifstofustjóri og Gunnlaugur Pétursson deildarstjóri. En 2. júní 1955 leggur þáv. utanrrh., dr. Kristinn Guðmundsson, sölunefnd setuliðseigna niður, og síðan hefur sú n. ekki verið endurvakin.

Þó að hv. fyrirspyrjandi tali um sölunefnd setuliðseigna, býst ég varla við, að hann hafi átt við þessa n., heldur aðra, sem síðar var til komin, en með öðru nafni, því að þann 2. júní 1955 skipar dr. Kristinn Guðmundsson sérstaka nefnd til að annast yfirtöku og sölu þeirra verðmæta, sem varnarliðið og varnarliðsmenn þurfa ekki að nota lengur og óska að selja. Nefndina nefnir ráðh. sölunefnd varnarliðseigna, og hann skipar í n. Hermann Jónasson, Gunnlaug Briem og Hannes Guðmundsson. 6. febr. 1956 er Hannes Guðmundsson leystur frá störfum, en Haukur Snorrason ritstjóri kemur í n. í hans stað. Eftir lát hans er Tómas Vigfússon byggingameistari skipaður í n. 22. maí 1958. Síðan hafa engar breytingar verið gerðar á skipun n. Varamenn eru engir.

Þá er í öðru lagi spurt: Hvernig er vali manna í sölunefnd setuliðseigna háttað og hvaða stjórnarvöld ákveða menn í n.? Sölunefnd setuliðseigna var skipuð í samræmi við ákvæði l. nr. 54 frá 1945, en sölunefnd varnarliðseigna er skipuð af utanrrh. án tilnefningar, og eins og ég sagði áðan, hafa nöfn þeirra manna, sem verið hafa í sölunefnd varnarliðseigna, frá byrjun ætíð verið birt í handbók utanrrn.

Í þriðja lagi er spurt, hvort sölunefnd setuliðseigna starfi samkv. l. og undir hvaða ráðuneyti starf hennar heyri. Ég vitna enn sem fyrr um sölunefnd setuliðseigna til l. frá 1945, en sölunefnd varnarliðseigna, sem skipuð var af utanrrh. á sínum tíma, er skipuð til framkvæmda á l. nr. 110 frá 1951.

Í fjórða lagi er spurt, hvaða tekjur hafi orðið af starfi sölunefndarinnar ár hvert, síðan hún hóf sölustarfsemi sína. Bókfærðar tekjur sölunefndanna, og tek ég hér bæði sölunefnd setuliðseigna og varnarliðseigna, hafa numið frá 1947 til ársloka 1963 alls 148250407.11 kr. Tekjurnar frá ári til árs sundurliðast þannig: Tekjur til 20. 5. 1948: 4515455.43 kr. Tekjur frá 20. 5. til 31. 12. 1948 1350044.90 kr. Tekjur 1949 1547340.46 kr. Tekjur 1950 1964953.50 kr. Tekjur 1951 1027652.45 kr. Tekjur 1952 440480.74 kr. Tekjur 1953 1154266.64 kr. Tekjur 1954 2310320.42 kr. Tekjur 1955 5231427.76 kr. Tekjur 1956 6963815.07 kr. Tekjur 1957 8157768.82 kr. Tekjur 1958 14074909.27 kr. Tekjur 1959 24390050.85 kr. Tekjur 1960 30021902.23 kr. Tekjur 1961 20011335.84 kr. Tekjur 1962 14443074.40 kr. Og tekjur 1963 10645608.34 kr. Samanlagt nema þessar bókfærðu tekjur því 148250407.11 kr. Ég skal geta þess, að af þessari upphæð hafa um 113 millj. verið borgaðar í ríkissjóðinn, rúmar 30 millj. eru inneignir í vörzlum sölunefndarinnar, það eru útistandandi skuldir og fasteignir. Lager er þar ekki meðtalinn, en afskriftir eru eitthvað 4—5 millj., sem þarna liggja á milli.

Í fimmta lagi er spurt um laun sölunefndarmanna. Árslaun nm. s. l. ár voru: Formaður 46377.06 kr., aðrir nm. 34951.82 kr.

Spurt er um fjölda starfsmanna n. Við skrifstofustörf vinna tveir auk framkvstj. Við afgreiðslu, flutning og dreifingu vinna að jafnaði 10—12 manns.

Spurt er, hvernig sé háttað verðlagningu og bókhaldi vegna söluvörunnar við afhendingu í hendur n. og við endursölu til landsmanna. Kaupverð á vörum ákvarðast með samningi milli n. og fulltrúa varnarliðsins í hverju tilfelli og fer að sjálfsögðu eftir ástandi vörunnar. Vörurnar eru færðar samkv. innkaupareikningi. Við endursölu eru vörurnar metnar í samræmi við hliðstætt vöruverð í landinu og seldar því verði. Þó eru fólksbifreiðar og margs konar smærri tæki seld hæstbjóðanda eftir uppboði.

Í áttunda lagi er spurt: Hverjir annast endurskoðun á bókhaldinu? Endurskoðun annast endurskoðunarskrifstofa Björns Steffensens og Ara Ó. Thorlacius.

Þá er spurt, hvort sölunefndin hafi komið sér upp eigin vöruskemmu og verzlunarhúsnæði eða hafi leiguhúsnæði til afnota og þá um leiguupphæð. N. hefur byggt vöruskemmu á Grensásvegi 9 í Reykjavík, verzlunar- og vörugeymsluhús, sem er nýtekið í notkun. Húsið er byggt með hliðsjón af því, að ef starfsemi sölunefndarinnar leggst niður, sé húsið hentugt fyrir aðra starfsemi ríkisins. Gólfrými þess er alls 4300 fermetrar. N. leigði áður húsnæði á Suðurlandsbraut 2, ca. 2000 fermetra, fyrir sem svaraði 20 kr. á fermetra á mánuði, og að Skúlatúni 4 ca. 1000 fermetra fyrir mjög svipað gjald.

Loks varðandi fsp. um sjónvarpsviðskipti sölunefndarinnar frá Keflavíkurflugvelli skal tekið fram, að alls hafa verið keypt þaðan 35—40 sjónvarpstæki, frá því að sjónvarpsstöðin var fyrst sett upp á vellinum.

Hygg ég, að ég hafi þá svarað öllum þeim spurningum, sem fyrir mig hafa verið lagðar, enda þótt svörin við flestum þeirra megi teljast lítt þörf, þar eð hér er um ekkert annað að ræða en upplýsingar, sem áður hafa komið fram og margsinnis opinberlega og allir eiga aðgang að.

Fyrirspyrjandi (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég þakka að sjálfsögðu fyrir þær upplýsingar, sem ég og þingheimur hefur fengið með svörum hæstv. ráðh. Fyrir skætinginn í upphafi orða hans þakka ég hins vegar ekki — tel hann ekki þakkarverðan, enda var hann ástæðulaus með öllu. Hér var aðeins spurt um efnisatriði, sem ég og aðrir þm. áttum fullan rétt á að fá, og þurftu fyrirspurnirnar því alls ekki að fylla hæstv. ráðh. neinni ólund eða fýlu.

Hann reyndi að gera það hlægilegt, að ég skyldi ekki vita um handbók utanrrn., sem gæfi upplýsingar um, hverjir væru í sölunefnd

setuliðseignanna. Í fyrsta lagi er nú það, að ég spurði alls ekki eingöngu mín vegna. Ég spurði til þess að fá almenna vitneskju, og ég veit, að þessi nefnda handbók er ekki í höndum almennings. Þess vegna átti hæstv. ráðh. með ljúfu geði að veita þessar upplýsingar, þó að svo kunni að vera, að þessa fræðslu sé að finna í þessari handbók, sem ekki er í margra manna höndum. Auk þess tek ég fram, að meðan ég var ráðh., minnist ég þess ekki, að ég hafi nokkurn tíma séð hana. Hins vegar hef ég séð þessa handbók síðar, og er mér það ljóst, að hún er ekki nákvæmt heimildarrit, því að í henni eru oft og tíðum tilgreindir sem nefndarmenn steindauðir menn — dauðir fyrir mörgum árum. Ég vildi því alls ekki byggja á henni sem öruggu heimildarriti, og taldi því vissara að leita til ráðh. um öruggar upplýsingar. Ég ætla þess vegna heldur að taka góðar og gildar upplýsingar núverandi hæstv. utanrrh. heldur en fræðslu handbókarinnar.

Ríkissjóður fær tekjur af nefndinni, það sést á ríkisreikningnum, segir hæstv. ráðh. Gott er það, en það, sem ég furðaði mig alveg sérstaklega á, var, að aldrei skuli koma til álita að áætla í sambandi við fjárhagsáætlun tekjur af þessari starfsemi. En ég minnist þess ekki að sjá nokkurn tíma um það fjallað — eða þegar embættismenn ríkisins eru kallaðir til fjvn. til þess að gera grein fyrir fjárhag sinna fyrirtækja, sem þeir stjórna, þá minnist ég þess alls ekki, að sölunefnd setuliðseigna hafi nokkurn tíma verið til kvödd eða það sé tekinn inn liður á fjárhagsáætlun íslenzka ríkisins frá þessari mjólkurkú.

Þá held ég, að það sé alveg rangt hjá hæstv. ráðh., að ekki hafi ríkt hula eða leynd yfir starfsemi þessarar nefndar. Það er á allra vitorði, að það hefur farið ákaflega leynt um starfsemi þessarar nefndar og fjárhagsleg umsvif hennar. Og það er fyrst nú við þessar fsp., sem hér hafa verið til umr. í dag, sem menn hafa fengið tölulegar upplýsingar um þetta, og var tími til kominn.

Hæstv. ráðh. eyddi alllöngu máli í að tala um þá sölunefnd setuliðseigna, sem ekki er lengur til og er löngu hætt störfum, til þess að nefna þá menn og gefa upplýsingar um hana. Um það spurði ég ekki. Það var þess vegna formáli, sem var aukaerfiði, sem hæstv. ráðh. lagði á sig. Ég þakka hins vegar fyrir upplýsingarnar varðandi þessa n., og nú veit ég það, að n. er skipuð af utanrrh. án tilnefningar frá öðrum. Þetta er þjónustulið hæstv. ráðh. sjálfs, ekki flokkanna, að því er virðist. Hún er skipuð til framkvæmda á l. En ætli það sé hægt fyrir hana að starfa á hinum gömlu l. um hina fyrri setuliðseignanefnd? Ég held, að það sé áreiðanlega mjög erfitt að starfa á grundvelli þeirra laga, sem löngu fyrr voru sett með tilliti til allt annarrar starfsemi.

Bókfærðar tekjur, sem runnið hafa í ríkissjóð, eru 150 millj. kr., það vitum við nú, um það bil, — 148250407.11 kr., og þar af hafa komið í ríkissjóðinn 113 millj., hitt er í vörzlu nefndarinnar.

Þá vitum við einnig, að þetta er ekki sjálfboðavinna eða þegnskylduvinna fyrir fósturjörðina, heldur eru mennirnir á kaupi frá 46 þús. kr. formaðurinn og hinir nefndarmennirnir 34951 kr. Þetta eru ekki há laun, þetta eru ekki einu sinni vinnukonulaun, og undrast ég ekki sízt þessar launagreiðslur til manna með önnur eins verzlunarumsvif og þeir hafa. Mér finnst vera sparlega á haldið, að því er snertir launagreiðslur til nefndarmanna.

Nú veit ég það einnig, að endurskoðunin fer ekki fram á vegum endurskoðunarskrifstofu ríkisins, heldur er það endurskoðunarskrifstofa Björns Steffensens, sem annast þessa endurskoðun. Ég hefði talið að öllu leyti eðlilegra, að það hefði heyrt undir endurskoðun ríkisins beint. Vörugeymsla hefur verið byggð, 4300 m² að flatarmáli, ef ég hef tekið rétt eftir, og þykir mér það firnastórt hús, án þess að það hafi verið leitað til þess fjárlagaheimilda. Ég held, að engin ríkisstofnun hefði fengið að byggja slíka höll án þess að afla áður til þess heimilda fjárveitingavaldsins. Þau eru ekki ýkjamörg, sjónvarpstækin, sem hafa verið seld — (**Forseti**: Ég vil minna hv. þm. á takmörkun ræðutíma í fyrirspurnatíma, ræðutíminn er búinn.) — á vegum nefndarinnar. Hvaða óskapa hringingar eru þetta? Ég er að ljúka síðustu setningunni, herra forseti, ætlaði ekkert að syndga upp á náðina. Ja, þetta er meiri ofsinn. Hæstv. forseti og hæstv. utanrrh. missa bara stjórn á skapi sínu. Málið virðist mjög viðkvæmt. — Ég þakka þó fyrir, að ég fékk að tala í 5 mínútur.

24. Starfsfræðsla.

Á deildafundum 30. marz var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til ríkisstj. um starfsfræðslu [170. mál] (A. 384).

Á 36. fundi í Sþ., 31. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 37 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Sþ., 7. apríl, var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 42. fundi í Sþ., 21. apríl, var fsp. aftur tekin **til umræðu.**

Fyrirspyrjandi (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Við þrír þm., sem höfum leyft okkur að leggja fram á þskj. 384 fsp. til hæstv. ríkisstj. viðkomandi fyrirætlunum hins opinbera til tryggingar starfsfræðslu í landinu, spyrjum af því, að við teljum starfsfræðslu nauðsynlega og því nauðsynlegri sem fjölbreyttara verður atvinnulífið og meiri verka-

skipting. Með þeirri þróun vex alltaf þörfin til þess, að ungmennum sé hjálpað í tæka tíð með upplýsingastarfsemi og áhugavakningu til að velja sér störf við hæfi, finna köllun sína, komast á rétta hillu, eins og kallað er. Jafnframt er þá þjóðfélaginu hjálpað um leið til að fá rétta menn til þeirra verka, er það þarf að láta vinna. Góður starfsfræðsluleiðtogi hefur þetta hvort tveggja í huga: starfsvalið vegna einstaklingsins og starfsvalið vegna þarfa þjóðarinnar.

Það segir sig sjálft, að rétt starfsval er þýðingarmikið í hamingjuleit einstaklinga og þjóða. Starfsfræðslan hefur líka um alllangt skeið að undanförnu verið þáttur í fræðslukerfi ýmissa menningarþjóða. Hér á landi hefur starfsfræðslunni enn sem komið er ekki verið ætlað það rúm sem skyldi í skólum landsins, og á því þarf að ráða bót. Hins vegar hefur þó talsvert miðað í rétta átt að undanförnu. Höfuðborgin hefur í þessum efnum verið í fararbroddi, eins og henni líka ber að vera í þeim efnum, sem margmennið veitir aðstöðu til. Hún hélt í vetur hinn 10. almenna starfsfræðsludag sinn með hátíðlegri setningu, þar sem forseti Íslands flutti ávarp, en starfsfræðsludagar eru námskeið í starfsfræðslu.

Það var mikil aðsókn ungmenna að þessum starfsfræðsludegi og geysileg sjálfboðavinna lögð fram af forstöðuliði atvinnuvega og stofnana til þess að leiðbeina og fræða. Þetta minnti mig að ýmsu leyti á hugsjónastarf ungmennafélaganna í æsku minni. Þarna var að verki driffjöður áhuga og sóknarvilja hjá margmenni. Hver hafði þrýst á fjöðrina og vakið viljann? Mér skildist ótvírætt, að það væri Ólafur Gunnarsson sálfræðingur, starfsmaður Reykjavíkurborgar.

Úti um land hafa á síðustu árum verið haldnir starfsfræðsludagar á allmörgum stöðum og verið vinsælir. Þeir voru t. d. 7 á s. l. ári á ýmsum stöðum. Núv. hæstv. landbrh. hefur sýnt málinu velvilja og fyrirgreiðsluhug. Alþ. hefur á fjárl. veitt ofur litlar fjárhæðir til starfsfræðslu, utan Reykjavíkur einkum. Þær hafa farið aðeins hækkandi, en of lítið hækkandi þó. Ólafur Gunnarsson hefur einnig stjórnað starfsfræðslunni sama sem á öllum starfsfræðsludögum utan Reykjavíkur. Þeir hefðu varla komizt á, þessir starfsfræðsludagar utan Reykjavíkur, án hans tilverknaðar. Til þess að hann gerði það, þurfti að fá leyfi borgarstjórans í Reykjavík, því að hann hefur verið starfsmaður Reykjavíkurborgar. Eitt sinn, þegar ég var að útvega slíkt leyfi hjá borgarstjóranum vegna starfsfræðsludags á Akureyri, sagði borgarstjórinn mér, að til stæði, að þessi borgarstarfsmaður yrði með samningi milli ríkisins og borgarinnar starfsmaður að ⅔ hjá ríkinu vegna starfsþjónustuforstöðunnar utan Reykjavíkur. Það þótti mér vel ráðið. Þess vegna er fram borin fyrri fsp. á þskj. 384, en hún er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

Hafa ekki tekizt samningar, sem fyrirhugaðir voru milli Reykjavíkurborgar og ríkisins um samvinnu við starfsfræðslu, og þá hvers vegna?"

Þessir samningar virtust horfa beint við eftir þróun málanna og af því að um þann mann var að ræða, sem hafði verið aflvaki starfsfræðslustarfseminnar í landinu öllu. Nú sé ég í Morgunblaðinu í dag frétt um, að Ólafur Gunnarsson sé í þann veginn að ráða sig til starfa erlendis og flytjast af landi brott. Þykir mér þá allmjög óvænkast miðað við starfsemina að undanförnu.

Í öðru lagi og beinu framhaldi af fyrri fsp. er svo spurt:

„Hvað hefur atvmrn. gert til þess að tryggja nauðsynlegt framhald og aukningu starfsfræðslu utan Reykjavíkur?"

Í þessum efnum má alls ekki reka á reiðanum og fara sem verkast vill. Til þess að minna á það eru spurningarnar fram bornar, auk þess sem upplýsingar um þessi efni eru almennt mikilsverðar. Ég leyfi mér fyrir hönd okkar fyrirspyrjenda að vænta greiðra og góðra svara frá hæstv. ríkisstjórn.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég mun svara fyrri hluta fsp., hæstv. atvmrh. mun svara síðari hlutanum.

Með bréfi, dags. 4. júní 1962, stíluðu til ríkisstj., sendi borgarstjórinn í Reykjavík greinargerð fræðslustjórans í Reykjavík um starfsfræðslu og óskaði í framhaldi af viðræðum við ráðh. í ríkisstj. og með tilvísun til þáltill., er samþ. var 1960, að teknar yrðu upp viðræður við borgaryfirvöld um framtíðarskipan þessara mála á þeim grundvelli, sem grg. fræðslustjórans fæli í sér. En í grg. sinni telur fræðslustjóri nauðsynlegt, að ríkisstj. og Reykjavíkurborg hafi samvinnu um starfsfræðslu í landinu. Væri ekki óeðlilegt, segir hann, að hugsa sér, að farin yrði svipuð leið og Finnar hafi farið, en þar hafði verið skipað sérstakt starfsfræðsluráð, skipað skólamönnum að hálfu og mönnum frá atvinnuvegunum að hálfu. Þáttur skólamannanna yrði að sjá um, að starfsfræðslan félli eðlilega inn í starfsskrá skólanna, en fulltrúar atvinnuveganna mundu gæta þess, að starfsfræðslan gæfi æskufólkinu réttar og hagnýtar upplýsingar um atvinnulíf þjóðarinnar. Starfsfræðsluráð mundi síðar gera till. um skipun starfsfræðslustjóra, sem hafa mundi með höndum framkvæmd starfsfræðslunnar í skólum landsins. Þá segir fræðslustjórinn enn fremur, að þar eð Reykjavíkurborg hafi haldið uppi starfsfræðslu á annan áratug, telji hann eðlilegt, að borgarsjóður taki þátt í kostnaði við starfsfræðsluráð og starfsfræðslustjóra og skrifstofu hans, t. d. að ⅖ hlutum, enda tilnefni borgarstjórn Reykjavíkur menn í starfsfræðsluráð í sama hlutfalli.

Ég hélt fund um þetta mál í menntmrn. 5. febr. 1963. Voru þangað kvaddir Helgi Elíasson fræðslumálastjóri, dr. Broddi Jóhannesson skólastjóri kennaraskólans, Jónas B. Jónsson fræðslustjóri Reykjavíkurborgar og Óskar Hallgrímsson formaður iðnfræðsluráðs. Enn

fremur sat fundinn ráðuneytisstjóri menntmrn., Birgir Thorlacius. Var rætt um starfsfræðsluna og óskað álits fundarmanna á því, hvort ástæða væri til að efna til sérstaks embættis eða sérsakrar stofnunar, sem hefði þessi verkefni með höndum, þ. e. leiðbeiningar um stöðuval og fræðslu um, hvers eðlis hin ýmsu störf í þjóðfélaginu væru. Að loknum umr. um málið á fundinum varð það niðurstaða fundarmanna, að eðlilegt væri, að starfsfræðsla, þ. e. fræðsla um, hvers eðlis hin ýmsu störf í þjóðfélaginu eru og hvað þau fela í sér, færi fram í sambandi við félagsfræði- eða uppeldisfræðikennslu í Kennaraskóla Íslands fyrir kennara, og einnig, að efnt yrði til námskeiða, eins og fyrirhugað var haustið 1963, fyrir kennara um starfsfræðslu. Hins vegar var ekki talin ástæða til að koma á fót sérstakri stofnun eða sérstöku embætti til að annast þessi verkefni.

Hinn 1. júní 1960 samþykkti Alþingi svofellda ályktun um starfsfræðslu, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta athuga möguleika á því, að starfsfræðsla verði tekin upp í skólum landsins."

Fól menntmrn. fræðslumálastjóra þessa athugun með bréfi 8. sept. sama ár. Var ákveðið að efna til námskeiða fyrir kennara um starfsfræðslu, og var námskeið þetta haldið í kennaraskólanum dagana 11.—21. sept. 1963. Undirbúning námskeiðsins önnuðust þeir Helgi Elíasson fræðslumálastjóri og dr. Broddi Jóhannesson skólastjóri í nánu samstarfi við Iðnaðarmálastofnun Íslands og Magnús Gíslason námsstjóra gagnfræðastigsins í Reykjavík. Stefán Ólafur Jónsson kennari sá um daglega framkvæmd námskeiðsins og stjórnaði flestum umræðufundunum, en hann hafði kynnt sér starfsfræðslu í Svíþjóð árið 1961. Á námskeiðinu var m. a. fjallað um hlutverk og gildi starfsfræðslu, sálfræðilegar forsendur hennar og meginsjónarmið, starfshætti og kennslutæki og skipulag starfsfræðslu. Aðalleiðbeinendur námskeiðsins voru Danirnir A. Søgård Jørgensen starfsfræðsluráðunautur og Kaj Sørensen kennari í starfsfræðslu við kennaraháskólann í Kaupmannahöfn. Auk þess fluttu íslenzkir sérfræðingar erindi á námskeiðinu. Námskeið þetta sóttu 43 kennarar og skólastjórar frá 35 framhaldsskólum víðs vegar að af landinu. Auk þess hlýddu margir aðrir á fyrirlestrana.

Þá má geta þess, að í maímánuði 1962 fór dr. Broddi Jóhannesson skólastjóri kennaraskolans á vegum menntmrn. til Lundúna og sat þar alþjóðaráðstefnu um starfsfræðslu, sem haldin var að tilhlutan Evrópuráðsins, og haustið 1963 var Stefáni Ólafi Jónssyni gagnfræðaskólakennara í Reykjavík veitt ársorlof, til þess að hann gæti kynnt sér starfsfræðslu erlendis, skipulag hennar og framkvæmd. Hefur hann aflað sér ýtarlegra upplýsinga um skipulag starfsfræðslu í ýmsum Evrópulöndum og Norður-Ameríku og kynnt sér framkvæmd starfsfræðslu, aðallega í Noregi og Danmörku.

Síðan haustið 1964 hefur Stefán Ólafur Jónsson unnið að því í samráði við fræðslumálastjóra og skólastjóra kennaraskólans að skipuleggja starfsfræðslu í skólum landsins. Hefur hann um þetta haft samband við alla skólastjóra gagnfræðastigsskóla, en markmið starfsfræðslunnar er fyrst og fremst að veita fræðslu um atvinnulíf þjóðarinnar og hjálpa æskufólki til að glöggva sig á eigin hæfileikum, áhuga og getu, svo að það eigi auðveldara með að ákveða um nám sitt og starfsundirbúning og framtíðarstörf. Veturinn 1963—1964 veittu 14 skólar nemendum sínum starfsfræðslu, ýmist sem fasta námsgrein á stundatöflu skólanna í sambandi við félagsfræði eða með sérstökum námskeiðum og fyrirlestrum. Þessa fræðslu veittu 14 kennarar. Á yfirstandandi skólaári munu álíka margir skólar láta í té starfsfræðslu. Sumir skólar hafa ekki enn getað hafið starfsfræðslu vegna skorts á sérhæfðum kennurum til kennslunnar og enn fremur vegna skorts á hjálpartækjum.

Á s. l. hausti samdi Stefán Ólafur Jónsson námsáætlanir fyrir starfsfræðslu yfirstandandi skólaár, sem hann og fleiri starfsfræðslukennarar kenna eftir nú í vetur. Þá hefur hann unnið að því að þýða á íslenzku og staðfæra verkefni í þessari kennslugrein og hefur notið við það aðstoðar Kristins Björnssonar sálfræðings. Eru þessi verkefni notuð við fræðslu 400—500 nemenda nú í vetur.

Þess má geta, að í desembermánuði stofnuðu 22 kennarar félag með sér til að vinna að framgangi starfsfræðslu í landinu. Eru þetta allt kennarar, sem sótt hafa starfsfræðslunámskeið og búið sig undir að veita starfsfræðslu í skólum.

Þeir Stefán Ólafur Jónsson, Helgi Elíasson fræðslumálastjóri og dr. Broddi Jóhannesson skólastjóri hafa unnið að gerð tillagna um skipan starfsfræðslu og hafa um það samstarf við Magnús Gíslason námsstjóra, Jónas Pálsson sálfræðing og frú Sigríði Þ. Valgeirsdóttur kennaraskólakennara. Þá hefur verið leitað álits starfsfræðsluráðunautar danska menntmrn., A. Søgård Jørgensens, um ýmis atriði í þessu sambandi, en hann hefur mikla reynslu í skipulagningu og framkvæmd starfsfræðslu.

Í ráði er að efna til námskeiðs fyrir kennara um starfsfræðslu dagana 13.—25. sept. n. k., og verður það námskeið í Kennaraskóla Íslands. Er ætlunin, að þetta námskeið verði einn þátturinn í því að þjálfa hér góða starfsfræðsluleiðbeinendur. Aðalleiðbeinandi á þessu námskeiði verður norskur ráðunautur um starfsfræðslu, Thorstein Ness að nafni. En auk hans munu margir íslenzkir sérfræðingar á sviði atvinnu-, uppeldis-, fræðslu- og félagsmála starfa við þetta fyrirhugaða námskeið. Fyrri hluti þess er ætlaður byrjendum í starfsfræðslu, en síðari hlutinn er framhaldsnámskeið fyrir þá kennara, sem lokið hafa undirbúningsnámskeiði.

Vona ég, að með þessu megi teljast fullsvarað fyrri lið fyrirspurnarinnar.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Annar liður þessarar fyrirspurnar hljóðar svo:

„Hvað hefur atvmrn. gert til þess að tryggja nauðsynlegt framhald og aukningu starfsfræðslu utan Reykjavíkur?"

Eins og kunnugt er, var það fyrst 1963, sem veittar voru 30 þús. kr. til starfsfræðslu utan Reykjavíkur, og þess vegna ekki nema stuttur tími síðan farið var að huga að þessari starfsemi. Ólafur Gunnarsson sálfræðingur hefur með góðu samþykki borgarstjórans í Reykjavík skipulagt og stjórnað starfsfræðsludögum utan Reykjavíkur og hefur unnið með því gott starf, sem skylt er að þakka.

Því fé, sem hefur verið veitt á fjárl., hefur verið varið eins og nú skal greina: Af þessum 30 þús. 1963 voru veittar 5 þús. kr. til leiðbeininga um starfsfræðslu á Austurlandi. Veittar voru 5 þús. kr. til leiðbeininga um starfsfræðslu á Suður- og Suðausturlandi, og annaðist Ólafur Gunnarsson þær leiðbeiningar eins og annars staðar. Veittar voru 5 þús. kr. til leiðbeininga um starfsfræðslu og starfsfræðsludags á Sauðárkróki, er haldinn var 31. marz 1963, en hann sóttu 224 unglingar. Veittar voru 15 þús. kr. til leiðbeininga um starfsfræðslu á Húsavík og starfsfræðsludags þar, en hluti af þessu fé gekk til leiðbeininga um starfsfræðslu á Siglufirði. Um 153 unglingar sóttu þennan starfsfræðsludag, þar af 56 frá Laugum.

Á árinu 1964 voru veittar 83 þús. kr. til starfsfræðslu utan Reykjavíkur, og skiptist það fé þannig: 7 þús. kr. voru veittar til starfsfræðsludags Siglufjarðar, er haldinn var í febr. 1964. Sóttu þann dag 140 unglingar. Veittar voru 6 þús. kr. vegna starfsfræðsludags á Akranesi, er haldinn var 8. marz 1964, og komu 263 unglingar til þess að sjá það, sem þar fór fram. Veittar voru 25 þús. kr. til starfsfræðsludags Vestfjarða, er haldinn var 22. marz 1964 á Ísafirði, en hann sóttu milli 5 og 6 hundruð unglingar. Veittar voru 10 þús. kr. til starfsfræðsludags Akureyrar, er haldinn var 12. apríl 1964, og sóttu hann um 470 unglingar. Veittar voru 35 þús. kr. til starfsfræðsludags Austfjarða, er haldinn var 11. okt. 1964, og sóttu hann um 360 unglingar.

Auk þessa voru haldnir starfsfræðsludagar í Reykjavík 15. marz s. l., í Vestmannaeyjum 26. apríl s. l., og sóttu þangað unglingar af Suðvesturlandi, en starfsfræðsludagar þessir voru eingöngu kostaðir af bæjarfélögunum. Auk þessa hafa einstakir starfsfræðsludagar verið haldnir um langt árabil, kostaðir af viðkomandi bæjarfélögum.

Á 16. gr. E. VII fjárl. fyrir árið 1965 eru veittar 100 þús. kr. til starfsfræðslu utan Reykjavíkur. Af þessu fé hafa verið veittar 15 þús. kr. til starfsfræðsludags á Selfossi, sem haldinn var s. l. haust, og 3 þús. kr. hafa verið veittar til að flytja nemendur gagnfræðaskólans á Akranesi á starfsfræðsludag í Reykjavík, og einnig ganga 54 þús. kr. til starfsfræðsludags á Sauðárkróki. Sótt hefur verið um 25 þús. kr. styrk til starfsfræðsludags á Patreksfirði.

Eins og sjá má, hafa á þessum þremur árum, sem fjárveitingar hafa verið veittar til starfsfræðslu utan Reykjavíkur, fjárveitingar farið hækkandi, byrjað með 30 þús. kr. og 100 þús. kr. eru á fjárl. í ár. Ég tel eðlilegt, að það verði haldið áfram að veita fé í þessu skyni, og það væri eðlilegt, að þessar fjárveitingar færu hækkandi, því að þótt starfsfræðsla verði tekin upp í skólum, eins og hæstv. menntmrh. hefur nú lýst, tel ég eðlilegt, að sérstakir starfsfræðsludagar verði haldnir víða um land þrátt fyrir það, og gæti það áreiðanlega farið vel saman og hjálpað hvort öðru. Ég tel því eðlilegt, að það verði haldið áfram að veita fé á fjárl. í þessu skyni, auk þess sem starfsfræðsla í skólum mun hafa sína þýðingu.

Fyrirspyrjandi (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. báðum fyrir svör þeirra. Ekki er ég samt alls kostar ánægður með þær framtíðaráætlanir, sem komu fram í þessum svörum, og ég er ekki viss um, að það hafi verið rétt ályktað hjá fundi þeim, sem hæstv. menntmrh. fékk sér til ráðuneytis 1962, að hafna samvinnu við Reykjavíkurborg um fastan forgöngumann um starfsfræðslu og hafna þar með brautryðjandanum, sem verið hefur í starfsfræðslumálum hjá okkur. Finnst mér sannast þar, að laun heimsins eru löngum vanþakklæti eða a. m. k. lítið þakklæti.

Ég veit, að það er rétt, að á Norðurlöndum yfirleitt hafa ráðuneytin, sérstaklega vinnumálaráðuneytin, yfirstjórn starfsfræðslunnar. Þau hafa fjölmennu starfsliði á að skipa, sem samhæfir starfsfræðsluna og útbýr fræðsluefni handa þeim, sem vinna að þessum málum í hinum ýmsu landshlutum og skólum landsins. Samvinna er höfð við atvinnurekendur og verkalýðssamtök og stéttasamtökin yfirleitt um þessi mál. En þetta kostar mikið fé, a. m. k. á okkar mælikvarða. Þessar þjóðir hafa kostað miklu fé til þessara efna á okkar mælikvarða. En hér hefur tekizt, enn sem komið er, að koma upp starfsfræðsludögum með ótrúlega ódýrum hætti, eins og fram kom í skýrslu hæstv. landbrh., og það hefur tekizt af því, að forustumanni þeirra mála hefur tekizt að setja af stað áhugahreyfingu fyrir þessum málum. Hann hefur haft þann mikilsverða forgöngumannshæfileika að geta vakið áhuga bæði til námsþátttöku og til ókeypis leiðbeiningastarfs úrvalsmanna. Hann hefur kunnað að láta hjólin snúast án mikilla peninga. Þetta geta sumir, en þetta geta ekki allir. Og það er ekki ætíð ljóst, hvernig á mannamuninum í þessum efnum stendur, en staðreyndirnar eru vottar.

Í fyrradag var haldinn starfsfræðsludagur á Sauðárkróki. Þangað komu, þó að færð væri slæm, ungmenni bæði frá Ólafsfirði og Blönduósi, auk annarra, sem áttu skemmra að sækja, svo að dagurinn var fjölmennur. Kunnáttumenn og fræðendur komu til þessa móts bæði

frá Akureyri og Reykjavík án þess að selja tíma sinn og vinnu. Og þannig hefur verið að þessum dögum unnið í landi okkar enn sem komið er. Þetta sýnir m. a., að málefnið á hug manna. Menn hafa unnið að því sem vormenn, litið á það sem voryrkju. Ég fyrir mitt leyti leyfi mér að skora á þá, sem með stjórn landsins fara, að styðja þessa voryrkju vel og virkja starfsfræðsluáhugann. Og ég teldi ástæðu til, að hæstv. ríkisstj. athugaði, hvort ekki væri hægt að fá Ólaf Gunnarsson til þess að breyta ákvörðun sinni um að fara úr landi.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Það er alkunna, að Ólafur Gunnarsson sálfræðingur er frumkvöðull starfsfræðslu hér á landi. Það er einnig kunnugt öllum, að Ólafur Gunnarsson hefur unnið að starfsfræðslu og haft forustu um hana frá fyrstu tíð til þessa dags. En um önnur atriði í sambandi við þetta mál er máske ekki jafnkunnugt, og það er, hvernig yfirvöldum í landinu hefur farnazt gagnvart þessum brautryðjanda.

Ólafur Gunnarsson er búinn að vinna í þjónustu Reykjavíkurborgar á annan áratug, og mér er kunnugt um, að borgaryfirvöldin hafa ekki til þessa dags fengizt til þess að fastráða hann, þrátt fyrir hans viðurkennda framlag í þessum efnum. Síðustu 3 árin eða svo hefur þetta verið afsakað með því, að nú væri ríkisstjórnin um það bil að taka þennan ágæta mann í sína þjónustu, hann ætti eftirleiðis að vinna í þjónustu alls ríkisins að starfsfræðslumálum. En ár líður eftir ár, og ekki er Ólafur Gunnarsson heldur ráðinn í þjónustu ríkisins, og nú er svo komið, að sagt er, að þessi ágæti maður sé að hrökklast úr landi vegna skilningsskorts yfirvaldanna sennilega á þeim málum, sem hann hefur unnið að. Nú hins vegar hef ég ekki heyrt annað, hvorki frá yfirvöldum Reykjavíkur né ríkisvaldinu, en að starfsfræðsla sé viðurkennd og talið sjálfsagt að halda því starfi áfram. M. ö. o.: ég hef ekki orðið var við annað en þetta verk meistarans sé lofað, en meistarinn sjálfur er lítilsvirtur. Hvernig stendur á þessu? Ég skal ekki svara því, en ég vil aðeins benda á, að hér getur ekki verið um annað að ræða en lágkúruleg sjónarmið yfirvaldanna, persónuleg eða önnur lágkúruleg sjónarmið, og ég stend upp og geri þetta að umtalsefni nú í því skyni að skora á hæstv. ríkisstj. og þá fyrst og fremst á hæstv. menntmrh. að hlutast til um það, að Ólafur Gunnarsson þurfi ekki að hrökklast úr landi af þessum ástæðum, og bjóða honum sæmileg eða góð kjör til þessara starfa í landinu.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég tel mig ekki komast hjá að segja nokkur orð í tilefni af ummælum hv. síðasta ræðumanns og raunar líka þeim ummælum hv. fyrsta fyrirspyrjanda, að hann væri ósammála niðurstöðu fundarins, sem haldinn var á sínum tíma í menntmrn., um það, að ekki væri ástæða til þess að efna til sérstakrar stofnunar eða ráða fastan ríkisembættismann til þess að hafa með starfsfræðslu í landinu að gera, jafnvel þótt um samráð eða samstarf við Reykjavíkurborg væri að ræða. Taldi hv. fyrirspyrjandi, að þessari niðurstöðu mundi að einhverju leyti hafa verið beint gegn Ólafi Gunnarssyni sálfræðingi, og lík skoðun kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni.

Ég vil taka það skýrt fram, að í menntmrn. og hjá ríkisstj. í heild er fullur skilningur á mikilli gagnsemi og nauðsyn starfsfræðslu í landinu. En það er skoðun mín, og hún er studd af öllum þeim embættismönnum, sem um kennslumál og fræðslumál í landinu fjalla, að starfsfræðsla sé bezt komin í Kennaraskóla Íslands, þar sé eðlilegast að veita kennaraefnum fræðslu um starfsfræðslu, þ. e. um kennsluaðferðir til starfsfræðslu, og síðan berist starfsfræðslan inn í skólana, fyrst og fremst gagnfræðaskólana og jafnvel einnig barnaskóla, frá kennurum, sem hlotið hafa sérmenntun í starfsfræðslu í kennaraskóla landsins. Þetta er einnig sú skipan, sem unnið hefur verið að að koma á undanfarin ár og er þegar vel á veg komin. Mér er einnig kunnugt um, að hjá Reykjavíkurborg er ríkjandi áhugi á því, að slíkri starfsfræðslu verði haldið uppi, og sú stefna, sem menntmrn. hefur markað í starfsfræðslumálum, þ. e. að halda uppi starfsfræðslu fyrir kennaraefni í kennaraskólanum og ætla síðan starfsfræðslu rúm í sjálfri námsskrá skólanna, hefur fullan stuðning fræðsluyfirvalda Reykjavíkurborgar.

En sérstaklega vegna ummæla hv. síðasta ræðumanns tel ég mig ekki komast hjá að segja eftirfarandi: Veturna 1955—57 heimsótti Ólafur Gunnarsson sálfræðingur nokkra skóla til starfsfræðslu á vegum menntmrn. Stjórnendur sumra þessara skóla óskuðu síðar eftir því, að hann kæmi ekki framar í skólana þessara erinda. Enginn þeirra aðila, sem gera mætti ráð fyrir að hefðu áhuga á starfsfræðslu í skólum landsins, þ. e. fræðslumálastjóri, skólastjóri kennaraskólans, kennarasamtök, sálfræðingafélag eða iðnfræðsluráð, svo að nokkrir aðilar séu nefndir, hefur nokkru sinni óskað eftir því við menntmrn., að Ólafi Gunnarssyni sálfræðingi yrði falin starfsfræðsla í skólum.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í tilefni þess, sem hæstv. menntmrh. sagði nú síðast. Ég fæ ekki betur skilið en hæstv. ráðh. væri með einhverjar óljósar dylgjur í garð Ólafs Gunnarssonar sálfræðings með því, sem hann las hér upp. Ég skal ekk fara frekari orðum um það, en aðeins spyrja hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstj. í heild: Hvers vegna hefur ríkisstj. getað notað starfskrafta Ólafs Gunnarssonar sálfræðings fram á þennan dag, ef hann var ekki að einhverju leyti hæfur til þess? Þá er um sök að ræða hjá hæstv. ríkisstj., ef hún hefur í höndum einhver gögn fyrir því, að hann sé ekki hæfur til þessara starfa, en þrátt fyrir það hafa hans starfs-

kraftar verið notaðir fram til þessa dags og verkið, sem hann hefur unnið, af öllum viðurkennt gott verk.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég ber ábyrgð á þeirri kennslu og fræðslu, sem fram fer í skólum landsins, og ég vil aðeins endurtaka það, sem ég sagði áðan, þannig að ekkert fari milli mála um það, að mér hefur aldrei borizt nein till. um það frá neinum aðila, sem eðlilegt væri að gerði þar um slíka till., — þá aðila nefndi ég áðan: fræðslumálastjóra, skólastjóra Kennaraskóla Íslands, sálfræðingafélag, kennarasamtök, — mér hefur aldrei borizt nein till. um að fela Ólafi Gunnarssyni starfsfræðslu í skólum landsins, svo að ég hef aldrei gengið gegn neinni slíkri till. Í mínum embættisverkum hefur því aldrei að þessu leyti falizt neitt vanmat á störfum eða starfsgetu Ólafs Gunnarssonar. Tillaga um slíkt hefur aldrei verið fyrir hendi, þannig að ég hef aldrei haft neitt tilefni til að hafna henni.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég ætlaði mér ekki að taka þátt í þessum umr. En það, sem hæstv. menntmrh. sagði hér næstsíðast um Ólaf Gunnarsson, sem hefur unnið að allra dómi, sem til þekkja, ágætt starf með því að hafa forustu um starfsfræðslu í landinu, gerði það að verkum, að ég kvaddi mér hljóðs, því að það er ómögulegt að skilja það, sem hæstv. ráðh. sagði um Ólaf Gunnarsson í þessu sambandi, öðruvísi en þannig, að hann vilji koma því inn hjá mönnum, að það sé álit skólamanna, að Ólafur Gunnarsson sé illa hæfur til þess að standa fyrir þessum málum.

Eða hvað eiga slíkar dylgjur að þýða eins og komu fram hjá hæstv. ráðh., ef þær eiga ekki að þýða þetta? T. d. þær, að forráðamenn skóla hafi ekki óskað eftir því, að Ólafur Gunnarsson hefði með höndum stjórn á starfsfræðslu í skólum? Hvað eiga svona dylgjur að þýða, ef þær eiga ekki að þýða eitthvað í þá átt að gefa í skyn, að það sé álit þessara manna, að Ólafur Gunnarsson, sem hefur haft forgöngu um þessi mál, utan skólanna, sé ekki hæfur til að starfa að þeim?

En ég vil spyrja hæstv. menntmrh. um eitt af þessu tilefni, af því að mér finnst óviðkunnanlegt af ráðh. að viðhafa þessi ummæli: Er það venja, að forráðamenn stofnana eins og skóla óski eftir því, að einhver sérstakur maður taki að sér tiltekið starf, áður en embættið er stofnað? Ber að skilja þetta svo, að það sé venja, að forráðamenn skóla t. d. óski eftir því, að einhver tiltekinn maður taki að sér eitthvert tiltekið starf, áður en til slíks starfs hefur verið stofnað? Er það ekki venja, að fyrst sé ákveðið að stofna til embættis eða opinbers starfs og síðan komi það til álita, hver eigi að taka þetta starf að sér?

Við vitum, að það er venjan, að þannig sé haldið á málum, og þess vegna kann ég alls ekki við þennan blæ á frásögn hæstv. ráðh. og treysti mér ekki til að sitja þegjandi undir þessu, því að mér sýnist, að Ólafur Gunnarsson eigi allt annað skilið af hendi íslenzku ríkisstj. og þeirra, sem eiga að hafa áhuga fyrir þessum málum, en að slíkur málflutningur sé viðhafður í hans garð.

Ég held, að það sé réttast fyrir hæstv. ráðh. að viðurkenna, að Ólafur Gunnarsson hefur unnið stórkostlega merkilegt starf, brautryðjendastarf með talsvert óvenjulegum hætti í starfsfræðslu utan skólakerfisins, og hér er fyrst og fremst verið að ræða um starfsfræðslu utan skólakerfisins. Og ég hygg, að þeir séu ekki fáir, sem hafa kynnzt störfum Ólafs Gunnarssonar, sem hefðu sannast sagna búizt við því, að hæstv. ríkisstj. mundi semja við Reykjavíkurborg um að fá notið starfskrafta hans á svipaðan hátt og gert hefur verið. Og hefði hæstv. ráðh. allt að einu getað haft þá starfsfræðslu í skólunum, sem honum fannst eðlileg. Ef hæstv. ráðh. vildi ekki, að Ólafur Gunnarsson tæki að sér að stjórna starfsfræðslunni í skólunum, þá var hægt að skipta þessu starfi mætavel, og hann hefði getað haft með höndum stjórn á starfsfræðslunni utan skólanna svipað og hann hefur gert, en gert þó meira að, hliðstætt því sem hann hefur gert í Reykjavík. Þar hefur starfsfræðslan verið sérstök námskeið opin öllum.

Ég vildi láta þetta koma fram. Mér finnst það óviðkunnanlegt, að þessar séu þakkirnar, sem Ólafur Gunnarsson fær frá hæstv. ríkisstj. fyrir það mikla starf, sem hann hefur innt af höndum og ég hygg, að hafi verið réttilega lýst hér, að hafi verið með talsvert óvenjulegum hætti. Það hefur verið sköpuð áhugaalda um þetta, og slíka áhugaöldu getur enginn annar vakið en sá, sem sjálfur hefur einlægan áhuga og dugnað og myndarskap til að standa fyrir þess háttar starfi. Það að vera svo að læða því inn eins og á milli sviga, eins og hæstv. ráðh. gerði, að einhverjir skólamenn hefðu beðið um, að Ólafur Gunnarsson kæmi ekki aftur í þeirra stofnun, eftir að hann hafi komið einu sinni, það nálgast róg.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ummæli síðasta ræðumanns byggjast á miklum misskilningi og vanþekkingu á öllu efni málsins. Það er starfsfræðsla í skólum, sem heyrir undir menntmrn. Starfsfræðsla utan skóla heyrir ekki undir menntmrn. Það fellur því eingöngu í minn hlut að taka ákvarðanir um, með hvaða hætti starfsfræðsla í skólum fer fram og hverjir hana annast. Það er atvmrn., sem hefur fjallað um starfsfræðslu utan skóla, enda fjárveiting til starfsfræðslu á fjárl. á grein um atvinnumál, en ekki menntamál. Ég hef því engin afskipti haft af því, með hverjum hætti sú starfsfræðsla hefur farið fram, enda ekki í mínum verkahring.

Hv. þm. spurði með nokkrum þjósti, hvort það væri venja að leita til þeirra aðila, sem ég nefndi, um það, hvort tilteknir menn ættu að annast tiltekin störf við skólana. Um þetta er það að segja, og það hélt ég að hefði komið fullskýrt fram í mínu svari upphaflega, að

menntmrn. hefur þegar fyrir alllöngu falið ákveðnum kennara, Stefáni Ólafi Jónssyni, að hafa eins konar yfirumsjón með starfsfræðslu í skólum og undirbúa þau námskeið fyrir kennaraefni, sem haldin hafa verið árlega og verða framvegis haldin árlega. Ég valdi til þess Stefán Ólaf Jónsson samkv. mjög eindreginni till. fræðslumálastjóra. Það kom till. um Stefán Ólaf Jónsson einan. Þetta mál hafði lengi verið í undirbúningi, og t. d. kennarasamtökum og ýmsum öðrum aðilum var fullkunnugt um, hvað í undirbúningi var, að til stóð að fela sérstökum manni að hafa yfirumsjón með starfsfræðslunni í skólunum, og till. kom til mín sem ráðh. um að fela þetta starf þessum ákveðna kennara, sem kynnt hafði sér starfsfræðslu erlendis í ársorlofi m. a., og ég fór að till. rétts embættismanns um þetta efni. Ef ég hefði verið talinn gera rangt með þessari stjórnarráðstöfun, hefði verið innan handar fyrir alla aðila, sem láta sig það mál skipta, að vel og skynsamlega sé á málum haldið, að gera við það athugasemd. Menntmrn. hefur engin athugasemd borizt, hvorki bréflega né heldur hefur verið að því fundið opinberlega, þó að þetta hafi verið kunnugt öllum skólamönnum hátt á annað ár, að ég skyldi hafa gert þessa ráðstöfun. Það hefur engri gagnrýni sætt, heldur þvert á móti hefur það notið stuðnings ýmissa aðila og hefur verið talið vel og skynsamlega ráðið.

Þetta vil ég einungis láta koma alveg skýrt og greinilega fram til þess að taka af öll tvímæli um, að því fer víðs fjarri, að ég hafi í einu eða neinu níðzt nokkuð á Ólafi Gunnarssyni sálfræðingi, eins og hv. síðasti ræðumaður virtist vilja láta liggja orð að.

25. Fiskiðnskóli.

Á deildafundum 6. apríl var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til sjútvmrh. um fiskiðnskóla [174. mál] (A. 425).

Á 40. fundi í Sþ., 7. apríl, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 34 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Sþ., 21. apríl, var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram á þskj. 425 fsp. til hæstv. sjútvmrh. varðandi stofnun fiskiðnskóla. Fsp. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hvað líður framkvæmd þál. frá 30. apríl 1964 varðandi stofnun fiskiðnskóla?"

Þál. sú, sem þarna er vitnað til, er niðurstaða allshn. í sambandi við þáltill., sem Ingvar Gíslason, hv. 5. þm. Norðurl. e., bar fram á síðasta Alþ., og er niðurstaða n. svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að skipa n. í samráði við fiskmat ríkisins, fiskmatsráð og helztu samtök fiskiðnaðar til þess að gera fyrir næsta reglulegt Alþ. till. um stofnun og starfstilhögun almenns fiskiðnskóla í landinu. Skal nefndin m. a. kynna sér eftir föngum skipan fræðslumála fiskiðnaðarins í öðrum löndum."

Ég vil í sambandi við þetta mál leyfa mér að benda á, að annar aðalatvinnuvegur þjóðarinnar, landbúnaðurinn, hefur um langt árabil gegnum sína skóla haft aðstæður til þess að veita þeim aðilum, sem þá atvinnu ætla að leggja fyrir sig, aðstöðu til bæði bóklegrar og hagnýtrar fræðslu í sambandi við þeirra störf. Sama má segja um iðnaðinn í landinu. Iðnskóli hefur verið starfandi hér í Reykjavík um langt árabil, og iðnskólar eru starfandi mjög víða um landið, og veita þeir bæði bóklega og hagnýta fræðslu í sambandi við flestar, ef ekki allar iðngreinar nema fiskiðnaðinn. Þegar þess er gætt, að fiskiðnaður er stærsti iðnaðurinn í landinu, sem þjóðin byggir afkomu sína mjög mikið á, verður að teljast mjög eðlilegt, að einnig þeir aðilar, sem þar koma til með að starfa, fái ekki síður en þeir, sem við landbúnað vinna, og þeir, sem við iðnað vinna, aðstöðu til þess að fá þekkingu og fræðslu í sambandi við störf þeirra.

Ég tel, að beri að hraða eins og hægt er undirbúningi að stofnun fiskiðnskóla hér á landi, og byggi það á því, sem ég hef sagt, að ég tel þetta mjög mikið nauðsynjamál, og vil láta það koma fram hér, að mér er um það kunnugt, að mjög verður sótt fast á um það, að þegar til fiskiðnskóla verður stofnað, verði hann staðsettur í Vestmannaeyjum. Ég ætla ekki að rökstyðja það eða ræða það nánar hér, það kemur vonandi til þess síðar, að til þess gefist tækifæri, en leyfi mér að vænta svars hæstv. sjútvmrh. í sambandi við fsp. mína um það, á hvaða stigi þetta mál sé.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þáltill., sem þessi fsp., sem hér liggur fyrir, fjallar um, er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta, — ég vildi mega lesa hana aftur, þótt hún hafi verið lesin hér áðan:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að skipa n. í samráði við fiskmat ríkisins, fiskmatsráð og helztu samtök fiskiðnaðarins til þess að gera fyrir næsta reglulegt Alþ. till. um stofnun og starfstilhögun almenns fiskiðnskóla. Skal nefndin m. a. kynna sér eftir föngum skipan fræðslumála fiskiðnaðarins í öðrum löndum."

Ég held, að það liggi nokkuð ljóst fyrir, að það hafi ekki verið miklar líkur til þess, að það væri hægt að skila áliti um þetta mál á þessu þingi. Till. er samþ. í þinglokin í fyrra, um mánaðamótin apríl og maí, sumarfrí fór þá í hönd. N. var ætlað að safna upplýsingum frá nálægum og raunar fjarlægum löndum

einnig um þetta mál og átti þar að auki eftir að gera sínar till. Ég gat fyrir mitt leyti tæplega vænzt þess, að það væri unnt að búast við áliti frá n. á þessu þingi. En í n. voru skipaðir Bergsteinn Á. Bergsteinsson fiskmatsstjóri frá fiskmati ríkisins, Jón Árnason alþm. frá Samlagi skreiðarframleiðenda, Jón Skaftason alþm. frá síldarútvegsnefnd, Margeir Jónsson útgerðarmaður frá Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda, dr. Sigurður Pétursson frá fiskmatsráði, Tryggvi Jónsson framkvstj. frá Félagi niðursuðuverksmiðja, dr. Þórður Þorbjarnarson frá Fiskifélagi Íslands og Hjalti Einarsson fiskiðnfræðingur frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, og var hann jafnframt skipaður formaður n. Enn fremur var skipaður í n. síðar Leó Jónsson síldarmatsstjóri samkv. ósk frá viðkomandi aðilum.

N. hefur haldið nokkra fundi, og þar sem verkefni hennar er tvíþætt, annars vegar gagnasöfnun um fræðslumál fiskiðnaðarins í öðrum löndum og hins vegar væntanlegt nál. um stofnun og starfstilhögun fiskiðnskóla á Íslandi, hefur hún hafið starf sitt með því að byrja á gagnasöfnuninni frá útlöndum. Hún hefur leitað aðstoðar utanrrn. til þess að afla þessara upplýsinga. Svör hafa þegar borizt frá sendiráðinu í Osló, frá sendiráðinu í Moskvu, frá sendiráðinu í Washington og frá sendiráðinu í Vestur-Þýzkalandi. Jafnframt hefur verið haft samband við þekkta skóla í fiskiðnfræðum og matvælafræðum, en gagnasöfnun þessari mun að sjálfsögðu verða haldið áfram út starfstíma n. Á fundum sínum hefur svo n. rætt um hugsanlegan fiskiðnskóla og frumdrög að áliti í því efni einnig komið fram. Hins vegar telur n. ótímabært á þessu stigi að segja nokkuð fyrir um það, hverjar niðurstöður hennar muni verða. N. er kunnugt um sérstaka fiskiðnskóla í Noregi, Rússlandi, Japan, Bandaríkjunum og Kanada. En aðstæður hér á landi eru að ýmsu leyti frábrugðnar þeim, sem finnast í ofannefndum löndum, a. m. k. mörgum. Einna líkastur fiskiðnaði okkar mun fiskiðnaðurinn í Noregi vera, og er talið trúlegt, að fyrirmyndin verði að einhverju leyti sótt þangað. Þar eru tveir skólar, annars vegar niðursuðuskólinn í Stafangri og hins vegar fiskiðnskólinn í Vardö í Norður-Noregi. En um þessa norsku skóla er það að segja, að ég hef séð það í nýlegum norskum blöðum, sem fjalla um fisk og fiskiðnað, að þeir eru ekki komnir á hreint með sína skóla og uppi eru raddir um, að endurskoða verði þar það skipulag, sem í gildi er, og hefur verið sett n. í því efni til að rannsaka það sérstaklega.

Ég vil leggja áherzlu á, að ef þetta mál á að hafa þá þýðingu, sem ætlazt er til í upphafi, verður að gera þá frumkröfu í málinu, að n., sem um það fjallar, fái hæfilegan og nægilegan tíma til starfa, en áliti hennar verði ekki hespað af, án þess að allt málið verði gjörkannað ofan í kjölinn.

Ég vænti, að hv. þm. telji fsp. fullsvarað með þessu.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Þegar tekið er tillit til þess, að þetta fiskiðnskólamál lá hér fyrir hv. Alþ. á fjórum þingum a. m. k., get ég sem tillögumaður fallizt á með hæstv. ráðh., að óþarfi sé að flaustra af undirbúningi málsins nú, og styð það sem sé, að n., sem nú er tekin til starfa samkv. þáltill., starfi, þangað til hún hefur kannað þetta mál til botns.

Hér er ekki staður né stund, enda óþarfi, að ræða almennt um gildi fiskiðnskólans. Ég hygg, að við séum allir sammála um, að gildi hans sé mikið og það sé mesta nauðsyn, að þessi skóli komist á fót, og ég hygg, að málið sé nú á þeirri leið, að ekki verði aftur snúið, og hann muni koma hér, áður en langir tímar líða, og að sjálfsögðu er það ósk mín og hlýtur að verða ósk okkar allra, sem að þessum málum höfum staðið, til hæstv. ráðh., að hann ýti á n. í störfum hennar, því að vissulega er þörf á því, að hún ljúki störfum sem fyrst. En hitt vil ég taka undir með honum, að rétt er, að n. fái nægan tíma til þess að undirbúa málið og kanna það sem allra bezt.

Um staðsetningu skólans ætla ég ekki að ræða neitt að þessu sinni. Sú hugmynd, sem hv. fyrirspyrjandi hreyfði hér, að hann yrði staðsettur í Vestmannaeyjum, er allra góðra gjalda verð og fullkomlega umhugsunarverð, því að það á einmitt að verða okkar stefna nú að dreifa skólum sem mest um landið, og það er áreiðanlega ekki óeðlileg staðsetning á fiskiðnskóla, að hann sé í Vestmannaeyjum. Þó kunna aðrir staðir þar til greina að koma, og verður auðvitað að hafa það í huga, þegar það mál kemur til umr.

Fyrirspyrjandi (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. sjútvmrh. fyrir svar hans og þær upplýsingar, sem hann hefur veitt í sambandi við þetta mál. Ég geri mér það að sjálfsögðu alveg ljóst, að til þessa máls verður að vanda, allan undirbúning í sambandi við það verður að vanda, eins og eðlilegt og nauðsynlegt getur talizt, og ég tel það ekki aðalatriðið, hvort n. skili áliti á þessu þingi eða næsta þingi. Ég vildi aðeins láta það koma fram á þessu þingi, sem nú er komið þetta áleiðis, að fylgzt væri með þessu máli og ætlazt til þess, að n. starfaði og skilaði áliti eins fljótt og tök væru á.

26. Dánar- og örorkubætur sjómanna.

Á deildafundum 13. apríl var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til félmrh. um dánar- og örorkubætur sjómanna [183. mál, 1] (A. 471).

Á 42. fundi í Sþ., 21. apríl, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 33 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Sþ., 28. apríl, var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Á þingi 1960 flutti ég ásamt hv. núv. 5. þm. Vestf. frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, þess efnis, að öllum íslenzkum sjómönnum yrðu tryggðar sérstakar örorku- og dánarbætur, a. m. k. 200 þús. kr., miðað við fulla örorku eða dauða. Þá höfðu nokkur sjómannafélög tryggt félagsmönnum sínum þessi réttindi með kjarasamningum, en önnur ekki, og engir sjómenn á bátum undir 12 tonnum nutu tryggingarinnar, þar sem ekki er lögskráð á þá báta. Þeirrar tryggingar njóta þeir ekki enn í dag. Frv. okkar fékkst ekki samþ., hvorki á því þingi né síðar, þegar það var endurflutt. Þannig reyndist ekki unnt að tryggja með lögum jafnan rétt allra íslenzkra sjómanna til dánar- og örorkubóta. Gerðum við flm. þá tilraun til þess að fá samþykkta þáltill. þess efnis, að ríkisstj. léti undirbúa og leggja fyrir Alþ. frv. til l., sem tryggði öllum íslenzkum sjómönnum þann sama rétt í tryggingarmálum, sem sumir þeirra nutu þá fyrir fulltingi stéttarsamtaka sinna.

Á meðan frv. okkar og síðar þáltill., sem flutt var á tveimur þingum, var í meðferð hv. Alþ. og fékkst ekki afgreidd, héldu þeir atburðir enn áfram að gerast, að íslenzkir sjómenn féllu í valinn við störf sín á hafinu við þær aðstæður, að vandamenn sumra þeirra nutu 200 þús. kr. sérbóta, en vandamenn annarra alls engra sérbóta. Loks síðari hluta síðasta þings, fyrir rúmu ári, var þáltill. okkar samþ. með nokkurri breytingu og var svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta athuga, á hvern hátt megi tryggja, að allir íslenzkir sjómenn njóti sérstakrar slysatryggingar, eigi lægri en 200 þús. kr. miðað við fulla örorku eða dauða. Athugun skal lokið fyrir þinglok 1965."

Samkv. ósk minni var sett það tímamark, sem greinir í síðustu setningu till., en í upphaflegu till. okkar flm. var einnig tímamark, þar sem gert var ráð fyrir, að lagafrv. um sértryggingar sjómanna yrði lagt fyrir það þing, sem þá sat, en þáltill. okkar var flutt þegar í upphafi þings. Ég býst við, að flestir hv. alþm. hafi lagt þann skilning í það tímamark, sem sett var, að ástæða væri til að vænta þess, að niðurstöður þeirrar athugunar, sem þáltill. gerði ráð fyrir, yrðu lagðar fyrir hv. Alþ. fyrir þinglok 1965. Enn hefur ekkert heyrzt um, hvað máli þessu líður, eða um nokkrar niðurstöður athugananna.

Nú líður senn að þinglokum, og enn nýlega hafa þeir atburðir gerzt, að íslenzkir sjómenn hafa drukknað við störf sín án þess að vera tryggðir þeim sömu sérbótum og allflestir stéttarbræður þeirra njóta. Slíkt misrétti má ekki láta viðgangast lengur. Með samþykkt þáltill. okkar hv. 5. þm. Vestf. liggur fyrir viljayfirlýsing hv. Alþ., að úr þessu verði bætt. Ég hef því lagt fram svo hljóðandi fyrirspurnir til hæstv. félmrh. vegna þessa brýna hagsmunamáls sjómanna:

„1. Hversu miðar þeirri athugun, sem gert er ráð fyrir í till. til þál. um sérstakar dánar- og örorkubætur sjómanna, sem samþ. var á Alþingi hinn 4. marz 1964?

2. Eru líkur á, að niðurstöður þeirrar athugunar verði lagðar fyrir Alþingi það, er nú situr?"

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þál. Alþ. frá 4. marz 1964 fjallar um athugun á því, hvernig megi tryggja, að allir íslenzkir sjómenn njóti sérstakrar slysatryggingar, eigi lægri en 200 þús. kr., ef um fulla örorku eða dauða er að ræða. Hinn 13. maí 1964 samþ. Alþ. aðra ályktun um sjómannatryggingar. Sú ályktun fjallaði um skipun n., sem athuga skyldi, hvort unnt væri að breyta núverandi sjómannatryggingum í eina heildartryggingu. N. samkv. þessu var skipuð 30. júlí 1964, og var Jón Erlingur Þorláksson tryggingafræðingur skipaður formaður n. Þessari n. hefur einnig verið falið að framkvæma þá athugun, sem ályktunin frá 4. marz gerði ráð fyrir. Þetta er svar við fyrri lið fsp. — En um síðari liðinn er þetta að segja, að þar eð n. hefur ekki lokið athugunum þeim, sem um ræðir í þessum ályktunum Alþ. frá 13. maí og 4. marz 1964, eru ekki líkur til þess, að niðurstöður þessara athugana geti verið lagðar fyrir Alþ. það, sem nú situr. Það hefur verið rætt við n. um afgreiðslu málsins, en að setja henni þrengri tímamörk en hún sjálf telur eðlilegt og nauðsynlegt, tel ég ekki rétt, og þess vegna er ekki annað um málið að segja heldur en það, að það er enn í athugun hjá nefndinni.

Fyrirspyrjandi (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. svör hans. Mér þykir miður, að við störf n., sem um sértryggingar sjómanna hefur fjallað, skuli ekki ákveðið miðað við það, að niðurstöður fengjust það snemma, að þær væri hægt að leggja fyrir það þing, er nú situr. Þáltill. var samþ. 4. marz, eins og ég áður greindi, svo að allnokkur tími hefur gefizt til þess að vinna að lausn þessa máls. Og miðað við þann hraða, sem verið hefur á afgreiðslu ýmissa stórmála hér á hv. Alþ. og koma mun á daginn nú á næstunni, ef að líkum lætur, fæ ég ekki séð, að ekki hafi gefizt nægur tími til að fá

fram lausn í þessu máli og afgreiða það endanlega nú fyrir þinglok.

Hæstv. ráðh. nefndi, að þessi n. hafi verið skipuð hinn 30. júlí á s. l. ári, svo að það virðist hafa liðið alllangur tími, frá því að till. var samþ. og þangað til n. var skipuð. Hins vegar hefur ekki verið upplýst, hvenær þessi n. hóf störf, en vera má, að það hafi líka dregizt. En ég vænti þess, að hæstv. ráðh. geri sitt til þess, að þessu máli verði hraðað svo, að bundinn verði endir á það hróplega misrétti, sem nú á sér stað í þessum málum. Það er kominn tími til þess.

27. Félagsheimilasjóður.

Á deildafundum 13. apríl, var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til ríkisstj. um félagsheimilasjóð [183. mál, 2] (A. 471).

Á 42. fundi í Sþ., 21. apríl, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 31 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Sþ., 28. apríl, var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 47. fundi í Sþ., 5. maí, var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Á síðasta þingi, nánar tiltekið 13. maí 1964, var samþ. þál. um endurskoðun l. um félagsheimili og eflingu félagsheimilasjóðs. Ályktun þessi hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að láta fram fara endurskoðun á gildandi l. um félagsheimili með það fyrir augum, að félagsheimilasjóður verði efldur og eðlileg skilyrði heilbrigðs félags- og menningarlífs verði sköpuð í sem flestum byggðarlögum landsins. Jafnframt verði athugaðir möguleikar til að ráða fram úr þeim vandræðum, sem fjárskortur félagsheimilasjóðs hefur valdið einstökum héruðum. Stefnt verði að því í hinni fyrirhuguðu löggjöf um félagsheimili, að forráðamönnum þeirra verði framvegis gert kleift að efla menningarlega fræðslu- og skemmtistarfsemi í ríkara mæli en unnt hefur verið fram að þessu. Endurskoðuninni skal lokið fyrir samkomudag næsta reglulegs Alþ."

Þannig hljóðaði þessi ályktun. Ekki fréttist neitt um þær mundir, sem Alþ. kom saman á næstliðnu hausti, að þessari endurskoðun væri lokið, eins og þó var ákveðið að verða skyldi í ályktuninni frá 13. maí í fyrra, og nú er liðið að lokum þessa þings, og enn hefur ekkert af þessu máli heyrzt. Mér þótti því rétt að leggja fram fsp. til hæstv. ríkisstj. um þetta mál, og þær liggja fyrir á þskj. 471. Fsp. mínar eru þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Hvað hefur ríkisstj. gert til framkvæmda á þál. um endurskoðun l. um félagsheimili og um eflingu félagsheimilasjóðs, sem samþ. var á Alþ. 13. maí 1964? Hvað hefur ríkisstj. gert eða hefur í hyggju að gera til fjáröflunar fyrir félagsheimilasjóðinn, til þess að hann geti greitt vangoldin framlög til félagsheimila, sem reist hafa verið eða eru í byggingu?"

Vænti ég svars frá hæstv. ríkisstj. við þessum fsp.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Rétt áður en síðasta þingi lauk, var samþ. þáltill. með áskorun á ríkisstj. um að láta endurskoða gildandi löggjöf um félagsheimilasjóð, eins og hv. fyrirspyrjandi tók fram í ræðu sinni áðan. Í menntmrn. var þegar hafizt handa um athugun á þessu máli, en fljótlega kom í ljós, að hér er um miklu stærra og miklu vandasamara mál að ræða en svo, að nokkur von gæti verið til þess, að unnt væri að ljúka tillögugerð um það, hvernig fram úr vandanum skyldi ráða, fyrir samkomudag þessa þings á s. l. hausti, og hefur ríkisstj. raunar ekki enn gert sér fullnægjandi grein fyrir því, hvernig hún vildi leggja til, að fram úr vandkvæðum félagsheimilasjóðs yrði ráðið. Skýringin á því er einfaldlega sú, að málið er miklu stærra og miklu torleystara en ég geri ráð fyrir að alþm. yfirleitt sé kunnugt, og þykir mér því einungis vænt um að fá tækifæri til þess að gera hinu háa Alþ. grein fyrir því, hver vandi er hér á ferðum.

Samkv. gildandi löggjöf um félagsheimilasjóð, sem er frá árinu 1948, er sjóðnum fenginn til umráða helmingur skemmtanaskatts, og sjóðnum er heimilað að styrkja byggingu félagsheimila með þeim hætti að greiða allt að 40% byggingarkostnaðar félagsheimilanna. Ég vek sérstaka athygli á því, að ákvæði l. um það efni eru algerlega ótvíræð, að hér er um heimildarákvæði að ræða til þess að styrkja byggingu félagsheimila um allt að 40% byggingarkostnaðar, en engin skylda í l. til að styrkja byggingu félagsheimila og ekki heldur skylda í l. til að greiða 40% byggingarkostnaðar að fullu. Það er eftir mati félagsstjórnarinnar hverju sinni, hvort hún styrkir byggingu ákveðins félagsheimilis og þá hversu mikilli fjárhæð eða mikilli hlutfallstölu við byggingarkostnað styrkurinn nemur.

Á s. l. sumri var gerð allsherjarathugun á því, hver væri stofnkostnaður þeirra félagsheimila, sem í byggingu eru, og jafnframt mjög víðtæk byggingafræðileg athugun á því, hversu mikið mundi kosta að ljúka byggingu þeirra félagsheimila, sem bygging er þegar hafin á. Þessi rannsókn var mjög tímafrek og mjög ýtarleg, en um hana liggja fyrir alveg fullgerðar skýrslur. Niðurstaða þessarar athugunar er sú, að tala þeirra félagsheimila, sem félagsheimilasjóður ýmist hefur styrkt eða kemur til greina og hefur heimild til að

styrkja, er 71. Af þessum 71 félagsheimili eru 19 þegar fullgerð, en félagsheimilasjóður hefur hins vegar ekki greitt 40% stofnkostnaðarins. Hins vegar eru 52 félagsheimili enn í smíðum. Miðað við 20. sept. s. l. nam þegar greiddur stofnkostnaður þeirra félagsheimila, sem þá voru í smíðum, 127 206 154.08 kr., eða rúmum 127.2 millj. kr. Ef gert er ráð fyrir því, að félagsheimilasjóður styrki byggingu allra þessara félagsheimila með 40% byggingarkostnaðar, þyrfti ógreiddur styrkur félagsheimilasjóðs að nema 28 786 061.80 kr., eða 28.8 millj. kr. En styrkur sá, sem félagsheimilasjóður hefur þegar greitt þessum sömu félagsheimilum, nemur 21 666 902.21 kr., eða 21.7 millj. kr. Hér er því um geysimiklar fjárhæðir að ræða. Síðan sjóðurinn var stofnaður 1948, hefur hann greitt 21.7 millj. kr. til styrktar byggingu félagsheimila, en ef félagsheimilasjóður á að greiða 40% stofnkostnaðar við þessi félagsheimili, sem er hámark lagaheimildarinnar, þarf hann enn til viðbótar að greiða 28.8 millj. kr. Þó er sagan ekki nema hálfsögð með þessu, því að eins og ég gat um áðan, lét menntmrn. fara fram rækilega byggingafræðilega athugun á því, hvað það mundi kosta að ljúka byggingu þessara 52 félagsheimila, sem eru í smíðum. Áætlun byggingafræðinga um það efni var, að það mundi kosta 126 630 677.00 kr. að ljúka byggingu þessara 52 félagsheimila, eða 126.6 millj. kr. Hámarksstyrkur samkv. félagsheimilalöggjöfinni til þess að ljúka þessum 52 félagsheimilum yrði því 50 652 300.00 kr., eða 50.7 millj. kr. Hér er því um miklar fjárupphæðir að ræða og mikinn fjárhagsvanda, sem ég vona að öllum hv. þm. sé algerlega ljóst að er svo vandasamt um að fjalla, að ekki er við því að búast, að tekizt hafi enn að komast til botns í þessu vandamáli.

Ég gat þess áðan, að tekjustofn félagsheimilasjóðs væri helmingur skemmtanaskatts. Hluti félagsheimilasjóðs af skemmtanaskatti ársins 1963, sem er síðasta heila árið, sem reikningsskil eru til fyrir, nam 5.3 millj. kr. Þess er þó að geta, að á því ári kom til framkvæmda breyting á skemmtanaskattsl., sem eykur tekjur af skemmtanaskatti talsvert. Það var tekið að innheimta skemmtanaskatt af vínveitingahúsum, sem áður var ekki gert. Sú breyting kom ekki til framkvæmda fyrr en 1. maí 1963, en telja má, að eftir að sú breyting kom til framkvæmda, mætti gera ráð fyrir, að tekjur félagsheimilasjóðs af skemmtanaskatti séu einhvers staðar á milli 6 og 7 millj. kr. Þær tekjur, sem l. sjá félagsheimilasjóði fyrir, eru því einhvers staðar á milli 6 og 7 millj. kr. árlega. Ef ætti að greiða öllum félagsheimilum, sem í byggingu eru, 40% byggingarstyrk, nemur sú upphæð af því, sem þegar er lokið, eins og ég gat um áðan, 28.8 millj. kr., en ef ætti að ljúka þessum byggingarframkvæmdum öllum með 40% styrk úr félagsheimilasjóði, þyrfti 50.6 millj. kr. eða 9—10 ára ráðstöfun á þeim tekjustofni, sem Alþ. hefur séð félagsheimilasjóði fyrir með gildandi löggjöf um sjóðinn.

Ríkisstj. er ljóst, að hér er um mikið vandamál að ræða, sem þarf að finna einhverja gagngera og róttæka lausn á. Að því hefur verið unnið allar götur síðan þáltill. var samþ. í lok síðasta þings, þótt tillögugerð um þetta efni sé ekki tilbúin enn þá, og að því mun verða haldið áfram að vinna, því að auðséð er, að hér þarf að gera gagngerar breytingar á, bæði löggjöfinni sjálfri og framkvæmdinni allri, ef komast á frá þeim vanda, sem hér er augljóslega á ferðinni.

Fyrirspyrjandi (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Það urðu mér vonbrigði, að það kom fram í ræðu hæstv. menntmrh., að ríkisstj. hefði ekki enn gert sér grein fyrir, hvernig ætti að leysa þetta mál, en henni var þó í fyrra, fyrir um það bil ári, falið af Alþ. að hafa lokið endurskoðun l. fyrir upphaf þess þings, sem nú situr að störfum. Hæstv. ráðh. segir, að þetta sé stórt og vandasamt mál og að það sé mikill fjárhagsvandi, sem hér sé við að stríða. Ég get ekki fallizt á, að þetta sé neitt stórmál eða torleysanlegt miðað við ástæður í okkar þjóðfélagi og þá miklu peningaumferð, sem hér er, bæði hjá því opinbera og öðrum. Ég fæ alls ekki á það fallizt.

Hæstv. ráðh. gaf upp, hve mikið væri ógreitt frá ríkinu eða frá félagsheimilasjóði til félagsheimilanna, taldi, að það væru 28.8 millj. til þess að ljúka greiðslu til þeirra heimila, sem nú væri lokið að smíða, og eitthvað um 50 millj. væntanlega til þeirra, sem eru í byggingu. Það skiptir að vísu ekki miklu máli, en hann hefur þá ekki dregið frá upphæðinni tekjur sjóðsins fyrir árið sem leið, árið 1964, væntanlega 6—7 millj., eins og hann gat um.

En það var nú samt ljós punktur í ræðulokin hjá hæstv. ráðh., því að hann sagði, að það þyrfti að finna gagngera og róttæka lausn á málinu og yrði að halda áfram að vinna að því, og ég þakka honum fyrir þessa yfirlýsingu. Og ég vænti þess, að hann vinni röggsamlega að þessu. Þetta er ekkert vandamál, þannig að það sé neitt torleysanlegt.

Það verður ekki þess að vænta, að það verði neitt frv. lagt fyrir þetta þing til úrbóta í þessu efni, það er ljóst. En ég vil alvarlega skora á hæstv. ráðh. að láta vinna svo rösklega að þessu, að frv. um eflingu sjóðsins, eins og segir í ályktuninni, verði lagt fyrir næsta Alþ. þegar í upphafi þess.

28. Vinnuvélar.

Á deildafundum 13. apríl var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til ríkisstj. um ótollaðar vinnuvélar [183. mál, 3] (A. 471).

Á 42. fundi í Sþ., 21. apríl, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 33 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Sþ., 28. apríl, var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 47. fundi í Sþ., 5. maí, var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram svo hljóðandi fsp. til hæstv. ríkisstj.:

„Hefur fyrirtækinu Íslenzkum aðalverktökum verið heimilað að nota utan Keflavíkurflugvallar og við framkvæmdir í þágu íslenzkra aðila bifreiðar, vélar og verkfæri, sem flutt hafa verið inn tollfrjáls samkv. ákvæðum í herstöðvasamningnum frá 1951? Heimila lagaákvæði slíka notkun ótollaðra vinnuvéla utan herstöðvanna?"

Tilefni þessarar fsp. er það, að félagið Íslenzkir aðalverktakar, sem um alllangt skeið hefur unnið að ýmsum framkvæmdum í þágu bandarísku setuliðsins hér á landi, er nú á síðustu tímum farið að taka að sér ýmis verk utan herstöðvanna og fyrir íslenzka aðila. Félag þetta mun m. a. hafa tekið að sér byggingarframkvæmdir fyrir Reykjavíkurborg, og það hefur unnið og vinnur að vegagerð í stórum stíl, vinnur nú m. a. að hinu mikla mannvirki, gerð Keflavíkurvegar eða Reykjanesbrautar. Nú mun það vera svo, að félag þetta á eða hefur undir höndum allmikinn fjölda bifreiða, allmikið af vinnuvélum ýmiss konar og öðrum verkfærum, og mun það eiga við um þessi tæki flest eða kannske öll, eftir því sem mér er tjáð, að þau hafi verið flutt inn, án þess að af þeim hafi verið greiddir tollar eða önnur aðflutningsgjöld. Þetta tollfrelsi mun byggjast á ákvæði í herstöðvasamningnum frá 1951, þar sem slíkt er heimilað að því er varðar herliðið og Keflavíkurflugvöll. Hins vegar er mér ókunnugt um, að nein lagaákvæði heimili notkun slíkra ótollaðra bifreiða og vinnuvéla utan herstöðvanna. Það er og sýnt, að með þess konar heimild, ef til væri eða gefin yrði, væri gerður svo mikill aðstöðumunur þessa fyrirtækis og þeirra fyrirtækja, sem slíks nytu, og allra annarra í landinu, að engum þýddi við þessa aðila að keppa.

Það hefur þegar komið í ljós, að til að mynda vörubifreiðastjórar líta þetta mál alvarlegum augum. Í fyrra urðu átök milli þessa félags, Íslenzkra aðalverktaka, og bifreiðastjóra í Hafnarfirði í sambandi við vegagerð þar. Nú er mér kunnugt um, að vörubílstjórar í Vogum og á Vatnsleysuströnd, sem hafa með sér félagsskap, eru mjög óánægðir yfir því að hafa ekki fengið vinnu við Keflavíkurveginn eða Reykjanesbrautina og telja í rauninni brotinn á sér skýlausan rétt, að því er varðar forgang um akstur á félagssvæði sínu. Það er hætt við, að slíkir árekstrar geti orðið fleiri, ef ekki fást dregnar um það alveg hreinar línur, að allir sitji við sama borð um aðflutningsgjöld af vinnuvélum, sem notaðar eru í þágu íslenzkra aðila. Ég hef talið rétt að æskja upplýsinga um það, hvernig þetta mál er vaxið, og því er fsp. flutt.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Spurt er um það í fyrsta lagi, hvort fyrirtækinu Íslenzkum aðalverktökum hafi verið heimilað að nota utan Keflavíkurflugvallar og við framkvæmdir í þágu íslenzkra aðila bifreiðar, vélar og verkfæri, sem flutt hafa verið inn tollfrjáls samkv. ákvæðum í herstöðvasamningnum frá 1951. Það er mjög sjaldgæft, að leyfi sé veitt til þess að nota þau tæki, sem um er rætt í fsp., utan varnarsvæðanna sjálfra. Þó hefur það komið fyrir, að slíkt leyfi sé veitt, en þá er um það farið eftir ákveðnum, mjög ströngum reglum. Það er frumskilyrði til þess að veita slíkt leyfi, að sá, sem um það biður, vinni að framkvæmd verks í þágu þess opinbera, ríkissjóðs, ríkisfyrirtækis eða sveitarfyrirtækis. Það er annað ófrávíkjanlegt skilyrði, að ekki sé til tæki í landinu fáanlegt, sem hægt sé að leysa verkið með. Ef þessum skilyrðum er ekki fullnægt, er yfirleitt ekki veitt leyfi til þess að nota tækin af Keflavíkurflugvelli í þágu annarra en varnarliðsins. Þó hefur það komið fyrir nokkrum sinnum, að leyfi hefur verið gefið til þess að nota þessi tæki í þágu einstaklinga, en þá hefur það því aðeins verið gert, að þannig hefur á staðið, að það hefur verið óhjákvæmilegt til þess að bjarga verðmætum og önnur tæki ekki fáanleg. Hef ég sérstaklega í huga, að það hefur komið fyrir oftar en einu sinni, að orðið hefur að leyfa að nota tæki af vellinum í skipasmíðastöðvum í nágrenni flugvallarins til að bjarga og rétta við báta, sem ekki hefur verið hægt að rétta við á annan hátt. En innan þessara þröngu marka hefur leyfunum verið haldið, og reglunum um það hefur verið fylgt mjög stranglega eftir.

Hv. fyrirspyrjandi minntist hér aðeins á í ræðu sinni byggingarframkvæmdir Íslenzkra aðalverktaka í Reykjavík, og talaði um hús, sem þeir hefðu byggt hér í bænum í þágu Reykjavíkurborgar. Ég skal, vegna þess að hv. fyrirspyrjandi nefndi þessar byggingarframkvæmdir, taka það fram, að öll þau tæki, sem Íslenzkir aðalverktakar notuðu við þessar byggingarframkvæmdir, voru tollafgreidd með venjulegum hætti, en tollfrjáls tæki af flugvellinum voru ekki lánuð til þeirra framkvæmda.

Þm. minntist líka á vegaframkvæmdir í þessu sambandi. Það er rétt, Íslenzkir aðalverktakar hafa fengið að nota stórvirkar vinnuvélar og stórar bifreiðar í sambandi við lagningu

Reykjanesbrautar og í sambandi við vegagerð í Hafnarfirði. Þessar vegaframkvæmdir eru sumpart á vegum ríkisins og sumpart á vegum Hafnarfjarðarbæjar. En það var sett að skilyrði, áður en leyft var að nota þessi tæki, í fyrsta lagi, að ekki væru til önnur jafngóð tæki á staðnum, og í öðru lagi, að þeir, sem báðu um að fá að nota tækin, sæju um það sjálfir að hafa fullt samkomulag og samstarf um afnotin við þau verkalýðsfélög, sem fyrir eru á staðnum. Og aðilarnir hafa báðir verið látnir vita, að afnot tækjanna eru háð þeirri takmörkun, að þessum skilyrðum verði fullnægt.

Þá er um það spurt í öðru lagi, hvort lagaákvæði heimili þá notkun ótollaðra tækja, sem hér er um að ræða. Í þessu sambandi vil ég taka fram, að tollfrjáls tæki, sem lánuð eru til framkvæmda utan Keflavíkurflugvallar, eru ætíð skrásett, áður en þau eru flutt burt af vellinum, og eftirlit haft með því, að þeim sé skilað aftur inn á flugvöllinn, þegar notkun þeirra er lokið. Hér er því ekki um innflutning að ræða, sem gefi tilefni til tollafgreiðslu, enda venjulega um stutt, tímabundin afnot að ræða. Það hefur viðgengizt, allt frá því að herlið kom fyrst til landsins á stríðsárunum og farið var að flytja inn tæki til þeirra framkvæmda, sem hér fóru fram á vegum varnarliðanna, tollfrjáls, að þessi tæki væru lánuð íslenzkum aðilum, þegar sérstaklega stæði á. Það hefur verið litið svo á, að slík notkun væri ekki í ósamræmi við íslenzka löggjöf, og er þessi framkvæmd nú orðin meira en 20 ára gömul.

Ég hef því, að svo miklu leyti sem ég hef haft með þessi mál að gera, eingöngu fylgt þeirri venju, sem löngu var mynduð í landinu, en ég hef reynt, eins og tök hafa verið frekast á, að þrengja reglurnar og hafa með því nákvæmt og gott eftirlit, að tækjunum væri skilað aftur inn á völlinn og að þau væru á engan hátt notuð til þess að skapa einum eða öðrum betri samkeppnisaðstöðu við íslenzka aðila eða eigendur íslenzkra tækja. Þegar þannig hefur staðið á, að ástæða hefur þótt til að ætla, að hægt væri að nota tækin í slíkri samkeppni, hefur ekki verið leyft að lána tækin.

Fyrirspyrjandi (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir þá skýrslu, sem hann hefur gefið, og þau svör, sem hann hefur veitt við fsp. minni. Ég skal ekki gera margar aths. við þau svör, enda ekki vettvangur til þess hér í fyrirspurnatíma.

Hæstv. ráðh. lagði á það ríka áherzlu í upphafi svars síns, að það væri mjög sjaldgæft, að veitt væru þau leyfi, sem um væri talað, til þess að nota ótollaðar vinnuvélar og verkfæri utan herstöðvasvæðisins. En síðar kom þó fram, var algerlega staðfest í svari hans, að þetta hefur átt sér stað alloft og á sér stað í mjög vaxandi mæli, að því er virðist, nú í seinni tíð.

Hæstv. ráðh. segir, að um þetta gildi mjög strangar reglur, þegar slík leyfi eru veitt, og nefndi nokkur skilyrði, sem þyrftu að vera fyrir hendi, til þess að leyfi væru veitt. Eitt þeirra skilyrða og eitt hið helzta væri það, að ekki væru til sams konar tæki í landinu eins og þau, sem leyfi væri veitt fyrir ótolluðum út af Keflavíkurvelli. En í því sambandi vil ég benda á, að leyfi hefur verið veitt fyrir notkun vörubifreiða í allstórum stíl og að því er mér er tjáð jafnvel þótt fyrir væru bifreiðar á viðkomandi svæði, sem bifreiðastjórar hefðu gjarnan viljað koma í vinnu við þau verk, sem átti að framkvæma, og um vörubifreiðar getur þetta ekki átt, að þær séu ekki til í landinu hliðstæðar við þær, sem gefin hafa verið leyfi fyrir.

Þá nefndi hæstv. ráðh. það sem eitt skilyrðið, að fullt samkomulag skyldi vera og samráð við verkalýðsfélög á viðkomandi stöðum. Ég vil draga í efa, að þessu skilyrði hafi ævinlega verið fullnægt, og spyr, hvort svo sé nú í sambandi við Reykjanesbrautina, að því er varðar til að mynda bifreiðastjórafélag þeirra Voga- og Vatnsleysustrandarmanna.

Svar hæstv. ráðh. við því, hvaða lagaákvæði það væru, sem heimiluðu slíka notkun ótollaðra vinnuvéla utan herstöðvanna, var nánast það, að þetta væri orðin hefð, þetta hefði verið framkvæmt svona í 20 ár meira og minna og hann hefði ekki gert annað en það, sem fyrirrennarar hans hefðu leyft, en ég sé ekki, að hann bendi á einn einasta lagastaf, sem hefur leyft þetta eða leyfir þetta.

29. Frestun á verklegum framkvæmdum.

Á deildafundum 9. marz var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til ríkisstj. um frestun á verklegum framkvæmdum [148. mál] (A. 314).

Á 31. fundi í Sþ., 10. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 33 shlj. atkv.

Fsp. var tekin aftur 16. marz.

30. Hrafnseyri við Arnarfjörð.

Á 2. fundi í Sþ., 14. okt., var útbýtt:
Fsp. til kirkjumrh. varðandi Hrafnseyri við Arnarfjörð [15. mál, 2] (A. 15).

Á 3. fundi í Sþ., 15. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 32 shlj. atkv.

Á 4., 7., 8. og 12. fundi í Sþ., 21. og 28. okt., 4. og 18. nóv., var fsp. tekin til umræðu.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

31. Atvinnuleysistryggingar.

Á deildafundum 11. maí var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til félmrh. um endurskoðun laga um atvinnuleysistryggingar [205. mál] (A. 765).

Fsp. var aldrei tekin á dagskrá.